

2013

Í þessu skjali er að finna samantekt úrskurða 2013. Allir úrskurðir eru í einu skjali, til að auðvelda leit í þeim að einstaka efnisorðum en hægt er að fá þá staka senda í tölvupósti.

Ár 2013, fimmtudaginn 4. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2013**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 8. janúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 7. janúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. janúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 1. febrúar 2013. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. febrúar 2013, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðilum.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 4. apríl 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 1. nóvember 2007 sendi starfsmaður FF tölvupóst á annan starfsmann bankans. Þar kom eftirfarandi fram: „*Við viljum sjá hvað hann ræður við hátt lán. Viljum helst taka hærra lán þannig við getum greitt niður heimildina á honum. Við erum þó amk að ræða um 2,6 milljónir. Vextir 11,4% verðtryggt. Lánstími 10 ár.*“ Sami starfsmaður sendi eftirfarandi tölvupóst samdægurs: „*Konan hans er ekki að vinna, var að klára skóla og nýbúin að eignast barn þannig hún fer ekki að hafa tekjur næsta árið eða svo. Það sem hann vantar er 2,6 til að klára að greiða af húsinu. Þá er ekki reiknað með að greiða upp yfirdrátt. Þannig ef við reiknum með að greiða yfirdráttinn [sic] upp þá þarf lánið að vera amk. $2,6+2,2=4,8$ milljónir. Getum alveg lengt tímann í 15 ár ef það þarf.*“

Þann 5. desember 2007 var veðskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum gefið út af A til FF. Viðurkenndi útgefandi að skulda FF JPY 7.301.935 að jafnvirði 4.000.000 í íslenskum krónum þann 30. nóvember 2007. Til tryggingar láninu var fasteign sóknaraðila að B sett að veði á 3. veðrétti. Veðskuldabréf þetta var mótttekið til þinglýsingar 10. desember 2007 og innfært í þinglýsingabók daginn eftir.

Þann 11. desember 2007 var skjalið „Lánsúmsókn“ dagsett. Óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 4.000.000 í JPY 7.301.935. Til tryggingar yrði sett fasteign sóknaraðila að B á 3. veðrétti.

Fyrir liggur skjalið „Forsendur greiðslumats“ sem gildir til 1. febrúar 2008 en er að öðru leyti ódagsett. Aðili í greiðslumati var A. Nýtt lán var að fjárhæð kr. 4.800.000 til 180 mánaða með ársvexti 11,4%. Greiðslubyrði á mánuði var áætluð kr. 72.267. Engar eignir voru tilgreindar á skjalinu. Skuldir sem greiðast áttu upp var yfirdráttur að fjárhæð kr. 2.220.000. Skuldir sem ekki áttu að greiðast upp voru að fjárhæð kr. 10.886.933. Skuldir samtals eftir lántöku voru kr. 24.686.933. Allar tekjur voru kr. 416.639. Heildarframfærsla á mánuði var kr. 215.588. Áætluð greiðslubyrði á mánuði var kr. 413.346 og tekjuafgangur á mánuði var kr. 3.293. Enginn skrifaði undir umrætt greiðslumat enda ekki gert ráð fyrir því.

Þann 31. október 2008 var gerð skilmálabreyting á framangreindu skuldabréfi sem sóknaraðilar skrifuðu m.a. undir. Aftur var gerð skilmálabreyting á skuldabréfinu sem sóknaraðilar skrifuðu undir þann 3. mars 2009. Þann 16. september 2010 var gert samkomulag um tímabundnar fastar greiðslur af framangreindu skuldabréfi sem sóknaraðilar skrifuðu m.a. undir. Skilmálabreyting var gerð á veðskuldabréfinu þann 17. september 2010 sem sóknaraðilar skrifuðu m.a. undir.

Þann 7. október 2011 sótti A um endurútreikning erlendra íbúðalána samkvæmt ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Sótt var um endurútreikning vegna láns nr. X.

Þann 7. október 2011 var veðskuldabréf nr. Y, að fjárhæð kr. 4.911.969 gefið út af A til varnaraðila. Fasteign sóknaraðila að B var sett að veði á 2. veðrétti til tryggingar láninu. Ritað hefur verið á skuldabréfið að skjalið sé útgefið til uppgreiðslu veðskuldabréfs á sömu eign útgefnu þann 5. desember 2007, upphaflega að fjárhæð kr. 4.000.000, að eftirstöðvum þann 20. september 2011 kr. 11.572.641, þ.a. vanskil kr. 0.

Þann 17. október 2011 var veðleyfi vegna skuldabréfs nr. X veitt. Samkvæmt beiðni samþykkti varnaraðili að A setti fasteign sóknaraðila að B til tryggingar láni sem hann hygðist taka hjá varnaraðila að fjárhæð allt að kr. 4.911.969, þannig að sá veðréttur gengi framur veðrétti varnaraðila skv. framangreindu bréfi.

Fyrir liggur skjalið „Uppgjör - endurútreikningur“, dags. 27. október 2011. Fram kom að uppgreiðsluverðmæti láns nr. X væri kr. 11.572.641. Nýtt lán var að fjárhæð kr. 4.911.969 og niðurfærsla vegna endurútreiknings því kr. 6.660.672.

Í september 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst þar sem óskað var eftir afstöðu til gildis veðsetningar fasteignar sóknaraðila. Varnaraðili kvað veðsetninguna gilda þann 12. september 2012.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 7. janúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að veðböndum vegna skuldabréfa X og Y til A verði aflétt af B og að ábyrgð sem sóknaraðilar gengust í vegna lánveitinganna verði gerðar ógildar.

Sóknaraðilar kveða varnaraðila ekki hafa farið eftir samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga við útgáfu skuldabréfs nr. X þar sem þeim hafi hvorki verið kynnt niðurstaða greiðslumats né réttur þeirra eða afhentur upplýsingabæklingur um sjálfskuldarábyrgðir og veðsetningar. Sóknaraðilar kveða greiðslumat það sem

gert hafi verið á A ekki hafa verið fullklárað. Ekki sé dagsetning á skjalinu. Það sé titlað sem „Forsendur greiðslumats“ og ómögulegt að segja til um hvenær það hafi verið gert og lántaki hafi aldrei undirritað þessar forsendur greiðslumatsins né neinn starfsmaður FF. Þegar þessar forsendur greiðslumatsins séu skoðaðar megi einnig sjá að það eigi ekki við um umrætt lán heldur sé allt önnur upphæð og vextir en í umræddu láni. Ábyrgðarmenn hafi aldrei fengið að sjá þessar forsendur.

Sóknaraðilar kvarta yfir öfugri tímaröð aðgerða FF varðandi lántöku nr. X gagnvart ábyrgðarmönnum. Þegar lántaki hafi undirritað lánsútsókn og greiðsluáætlun, 11. desember 2007, hafi þegar verið búið að þinglýsa veðskuldabréfi og færa það inn í þinglýsingarbók.

Sóknaraðilar vísa ennfremur til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Við útgáfu skuldabréfs nr. Y hafi ekki verið gerður ábyrgðarsamningur eins og kveðið sé á um í II. kafla laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Eftir uppgreiðslu á gamla láninu hafi veðböndin verið afmáð úr þinglýsingarbókum. Að mati sóknaraðila hafi upphafleg veðbönd ekki staðist lög en þau hafi verið afmáð úr þinglýsingarbókum. Með nýrri lánveitingu hafi verið búið til önnur veðbönd á nýju láni í íslenskum krónum og það án undirritunar ábyrgðarsamnings. Vísa sóknaraðilar máli sínu til stuðnings til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili bendir á að upphaflega hafi staðið til að veita A lán að fjárhæð kr. 4.800.000 með 11,4% vexti á 10 ára verðtryggðu lánsformi. Seinna hafi verið ákveðið að hagkvæmara væri fyrir skuldarann að gefa út veðskuldabréf í erlendum myntum sökum vaxtahagræðis þess sem myndi hljóttast af því frekar en það sem upphaflega hafi verið miðað við. Þá hafi verið búið að framkvæma greiðslumat fyrir láni sem hafi verið með hærri höfuðstól og hærri vexti og þar af leiðandi hærri afborgunarfjárhæð. Áfram hafi þó verið stuðst við niðurstöðu upphaflegs greiðslumats enda hafi niðurstaða þess verið jákvæð þó afborganir af því láni hefðu verið nokkuð hærri. Því hafi verið ljóst að greiðslumat vegna loka lánsformsins hafi einnig verið jákvætt, og í reynd hafi skuldari haft enn meiri greiðslugetu en áður enda greiðslubyrðin lægri af hinu nýja láni.

Varnaraðili bendir á að greiðslumat hafi verið framkvæmt þegar lán nr. X hafi verið veitt og niðurstaða þess mats hafi verið jákvæð. Á þeim tíma er lánið hafi verið veitt hafi verið í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sem hafi gert þá kröfu að lánveitendur greiðslumætu aðalskuldara við ákveðnar aðstæður. Þær aðstæður hafi verið fyrir hendi enda hafi greiðslumatið verið framkvæmt. Sé samkomulagið skoðað sé ljóst að fjármálafyrirtækjum hafi borið að upplýsa veðsalann um þær skyldur sem fylgja því að veita veð í fasteign sinni fyrir skuldum þriðja aðila og að auki skuli lánveitandinn tryggja það að veðsalinn geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann veiti veð í fasteign sinni, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Skilmálar þeir sem fram komi á upprunalega veðskuldabréfinu útskýri með öllu hvaða reglur hafi gilt um eignir þær sem veðsali leggi fram til að tryggja endurgreiðslu vegna veðskuldabréfs nr. X. Þar að auki komi hvergi fram í samkomulaginu hvaða heiti greiðslumat skuli bera eða hvernig það skuli framkvæmt. Það hafi verið með vilja gert sem ákvæðið sé eins matskennt og raun beri vitni og hafi enginn ráðherra tekið það að sér að setja fram nákvæmar reglur um það hvernig framkvæmd á

greiðslumati skuli háttað. Ljóst sé af greiðslumatsskjalinu sjálfu og tölvupóstsamskiptum starfsmanna bankans að bankinn tryggði að veðsalar gætu kynnt sér greiðslugetu aðalskuldarans líkt og samkomulagið kveði á um.

Vísar varnaraðili til þess að greiðslumatið hafi legið fyrir þegar skrifað hafi verið undir veðskuldabréfið af veðsölum. Upplýsingar um þær skyldur sem veðsalar hafi verið að undirgangast hafi komið fram á veðskuldabréfinu sjálfu þannig að ljóst sé að veðsalar hafi verið að fullu upplýstir líkt og reglur samkomulagsins kveði á um. Einnig beri að benda á það að niðurstaða greiðslumatsins hafi verið jákvæð þannig að ekki verði séð að niðurstaða þess hefði breytt ákvarðanatöku veðsalanna, í það minnsta hafi þeir ekki sýnt fram á að niðurstaða greiðslumatsins hafi haft einhver áhrif á ákvarðanatöku þeirra, en svipaðar aðstæður hafi verið uppi í máli Hæstaréttar nr. 343/2012.

Hvað varði kvörtun sóknaraðila um misvísandi dagsetningar á skuldabréfinu sjálfu og lánsúmsókninni þá verði ekki séð hvernig það valdi því að um ógilda veðsetningu sé að ræða, allar upplýsingar sem veðsali hafi þurft á að halda hafi verið tiltækar þegar veitt hafi verið veð í fasteigninni; hvort greiðslugeta hafi verið jákvæð eða neikvæð, hvaða kvarði felist í því að veðsetja fasteign, hvar megi leysa úr ágreiningi út af veðsetningunni o.fl. Þannig sé ljóst að veðsali hafi verið að fullu upplýstur um þau atriði sem samkomulagið kveði á um.

Varnaraðili vísar til þess að þótt ekki sé unnt að framvísa greiðslumati sem sýni að veðsalinn hafi staðfest að hann hafi kynnt sér það, með því að skrifa undir skjalið þá breyti það því ekki að greiðslumatið hafi verið framkvæmt og hafi niðurstaða þess verið jákvæð og aðgengileg fyrir veðsalann áður en til veðsetningarinnar hafi komið. Samkvæmt 4. gr. samkomulagsins þá beri lánveitanda að upplýsa ábyrgðarmann um skyldur sínar og tryggja að sá sem veiti trygginguna geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gangist í ábyrgðina. Tryggt hafi verið að greiðslumatið væri tilbúið áður en skrifað hafi verið undir veðskuldabréfið og hafi allar þær upplýsingar sem ákvæði samkomulagsins kveði á um að lánveitandi skuli útvega, komið fram á veðskuldabréfinu.

Varnaraðili bendir á að þann 7. október 2011 hafi A fengið veðskuldabréf nr. Z 546-74-965152 endurútreiknað í samræmi við lög nr. 151/2010. Ekki hafi verið um nýtt skuldabréf að ræða heldur skilmálabreytingu á skuldabréfinu sem framkvæmd hafi verið þannig að upprunalega skuldabréfið hafi verið fært í nýjan búning á grundvelli lagaboðs. Skilmálabreytingin hafi verið þannig að nýtt veðskuldabréf hafi verið gefið út, nr. Y til að greiða upp eldra bréfið. Veðskuldabréfið hafi verið tryggt með B en upprunalega bréfinu aflétt af B og hinu framangreinda skilmálabreytta veðskuldabréfi hafi verið þinglýst í stað hins fyrra. Um formbreytingu hafi verið að ræða líkt og sú sem fjallað hafi verið um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 16/2007.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að B með veðskuldabréfi nr. Y, upprunalega nr. X, útgefnu af A til varnaraðila. Í upphafi verður fjallað um skuldabréf nr. X.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. FF var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar leitað

var eftir veði í eign þriðja manns til tryggingar skuld við bankann, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Forsendur greiðslumats“ sem gildir til 1. febrúar 2008. Í greiðslumatinu kemur fram að tekjuafgangur á mánuði sé kr. 3.293. Af fram lögðum tölvupóstsamskiptum starfsmanna FF frá 1. nóvember 2007 og gildistíma skjalsins verður að telja líklegast að umrætt skjal hafi verið útbúið þann 1. nóvember 2007 eða fyrr og verið haft til hliðsjónar við útgáfu skuldabréfs nr. X, þrátt fyrir að það miði við að fjárhæð láns yrði kr. 4.800.000 og vextir yrðu 11,4%, sem var sú fjárhæð og vaxtaþrósenta sem starfsmenn FF miðuðu við í tölvupóstsamskiptum sínum. Lækkun lánsfjárhæðar úr kr. 4.800.000 í 4.000.000 og vaxtaþrósentu úr 11,4 í 4,99625, hefur jákvæð áhrif á greiðslumatið að öðrum skilyrðum óbreyttum. Samkvæmt framansögðu hefur varnaraðili uppfyllt skilyrði 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, að þessu leyti, sbr. úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 180/2012.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar er stofnað. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar og með undirritun lánsúmsóknar eða annarra gagna sem fyllt eru út í tengslum við afgreiðsluna skal ábyrgðarmaður staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklinga um ábyrgðir.

Í 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklinga og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í máli þessu liggur ekki fyrir að sóknaraðilum hafi verið kynntur upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir og veðsetningar. Verður varnaraðili að bera hallann af því að það liggur ekki fyrir. Liggur því fyrir að sóknaraðilum var hvorki kynnt niðurstaða greiðslumats né upplýsingabæklingur um ábyrgðir, sbr. 4. gr. samkomulagsins um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þá var sóknaraðilum ekki bent á þann möguleika að kynna sér greiðslumatið eða gögn því til grundvallar. Var þó ærin ástæða til að benda sóknaraðilum á að kynna sér málið í ljósi þess að forsendur greiðslumatsins bentu til að skuldarinn yrði á mörkum þess að ráða við að greiða af láninu og að ekkert tillit hafði verið tekið til þess hvaða áhrif sveiflur á gengi JPY gagnvart krónu myndu hafa að þessu leyti. Þá var verulegum hluta lánsins varið til að greiða upp eldri skuldir lántaka.

Ljóst er að með því að afhenda sóknaraðilum ekki upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar var ekki tryggt að sóknaraðilar væru að fullu upplýst um það hvað í því felst að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, með þeim hætti sem fjármálafyrirtæki á þessum hætti höfðu skuldbundið sig til að gera, sbr. úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 62/2012 og 180/2012. Texti skuldabréfsins, þar sem skuldbindingin kemur fram, breytir þessu ekki.

Þegar atvik málsins eru metin heildstætt verður að líta til þess hvernig forveri varnaraðila hunsaði þær skyldur sem hann hafði tekið á sig með umræddu samkomulagi. Lánveitanda bar að kynna ábyrgðarmanni upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og niðurstöðu greiðslumats. Ástæða þess að lánastofnanir undirgengust þessar skyldur er augljóslega sú að þannig var leitast við að tryggja eftir föngum að ábyrgðarmenn væru meðvitaðir um þýðingu skuldbindinga sinna, en með umræddu samkomulagi voru settar meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum. Í gögnum málsins er hins vegar ekki að sjá viðleitni í þá átt að upplýsa sóknaraðila um þýðingu skuldbindinga sinna eða stöðu lántaka. Verður því talið að forsendur hefðu verið til að víkja veðsetningu fasteignar sóknaraðila að B, með skuldabréfi nr. X til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 61/2012, 97/2012 og 180/2012.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að dómur Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu, enda réðist niðurstaða umrædds máls einkum af því að í skýrslu stefnanda málsins fyrir dóminum kom fram að það hefði engu breytt þótt henni hefði verið kynnt efni umrædds greiðslumats áður en hún skrifaði undir skuldabréfið. Í máli því sem nú er um rætt liggur ekki fyrir hvort sóknaraðilar hefðu eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir lántaka eftir að hafa kynnt sér mat á greiðslugetu hans að fengnum leiðbeiningum um að það stæði til boða.

Í ljósi alls framangreinds er fallist á með sóknaraðilum að forsendur hefðu verið til að ógilda veðsetningu fasteignar þeirra að B með skuldabréfi nr. X, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Það er óumdeilt í þessu máli að hin síðari veðsetning, þ.e. með skuldabréfi nr. Y fór eingöngu fram í því skyni að leysa af hólmi hina eldri veðskuld. Atvik voru að öðru leyti þau að með útgáfu nýs skuldabréfs tók bankinn á sig miklar afskriftir kröfunnar, eins og hún stóð áður í bókum hans vegna þess að um var að ræða ólögmaet lánskjör. Verður sú ráðstöfun sóknaraðila að fallast á þessa breytingu á láninu við þessar aðstæður ekki metin svo að þar með hafi þau firrt sig öllum rétti til að bera fyrir sig ógildi hinnar fyrri veðsetningar. Taldi varnaraðili heldur ekki tilefni til að kynna sóknaraðilum þau álitamál sem uppi kynnu að vera um gildi veðsetningarinnar við þetta tækifæri. Þá var ekki gert nýtt greiðslumat eða ákvæðum laga nr. 32/2009 fylgt eins og um væri að ræða nýja veðsetningu. Verður af þessum sökum að líta svo á að sóknaraðilar geti borið fyrir sig atvik að baki upphaflegu veðsetningunni þegar þau krefjast nú ógildingar á veðsetningu samkvæmt skuldabréfi nr. Y

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning fasteignar sóknaraðila, M og N, með skuldabréfi nr. Y, útgefnu af A, til varnaraðila, F, er ógild.

Reykjavík, 4. apríl 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, fimmtudaginn 18. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 2/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 21. desember 2012. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. janúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 1. febrúar 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. febrúar 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 12. febrúar 2013. Athugasemdir sóknaraðila voru sendar varnaraðila með tölvupósti nefndarinnar, dags. 25. mars 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust frá varnaraðila með bréfi, dagsettu 9. apríl 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 18. apríl 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 6. desember 2006 var tryggingarbréf nr. X, gefið út af A, maka sóknaraðila. Gerði hann kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem hann, nú eða síðar, á hvaða tíma sem væri kynni að skulda eða ábyrgjast FF að samtaldri fjárhæð allt að CHF 89.544 og JPY 20.089.582 setti hann fasteignina B að veði á 4. veðrétti en óumdeilt er að hún er að fullu í eigu sóknaraðila. Sóknaraðili skrifaði undir sem maki skuldara og sem maki þinglýsts eiganda en A samþykkti veðsetninguna sem þinglýstur eigandi. Samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila stendur tryggingarbréfið til tryggingar lánasamningi, dags. 11. desember 2006.

Þann 11. desember 2006 var lánasamningur Y gerður milli A sem lántaka og FF sem lánveitanda. Gerðu aðilar með sér samning um lán í erlendum myntum að jafnvirði ISK 15.000.000 í CHF 30% og JPY 70%. Afhenti A FF tryggingarbréf nr. X til tryggingar skuldinni.

Þann 12. desember 2006 voru kr. 15.196.000 teknar út af reikningi sóknaraðila, Z og lagðar inn á reikning L. Greiðandi var tilgreindur A.

Þann 14. desember 2006 keypti A stofnfjárbréf L fyrir samtals kr. 734.854, 4.820.181, 205.024, 7.763.984 og 1.476.153. Samtals keypti hann því stofnfjárbréf L fyrir kr. 15.000.196.

Þann 15. desember 2006 var framangreint lán skv. lánasamningi, dags. 11. desember 2006, lagt inn á reikning sóknaraðila nr. Z, samtals fjárhæð kr. 14.690.000.

Þann 6. september 2012 gerði varnaraðili endurútreikning á láni nr. Y. Staða fyrir endurútreikning var kr. 62.020.289 og staða láns eftir endurútreikning var kr. 27.754.111.

Þann 27. september 2007 var veðskuldabréf í erlendum myntum með endurskoðunarheimild á vöxtum á 1 árs fresti, að fjárhæð kr. 2.000.000 í 50% CHF og 50% JPY, gefið út af A til FF. Fasteign sóknaraðila að B var sett að veði á 5. veðrétti til tryggingar láninu. Sóknaraðili skrifaði undir sem þinglýstur eigandi, ásamt A. Staðfestu þau að hafa kynnt sér efni skuldabréfsins og að þau gerðu sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra sem veðleyfisgjafa væri fólgin og teldu hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt hefðu þau kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni samkomulags um notkun ábyrgða einstaklinga frá 1. nóvember 2001.

Þann 27. september 2007 undirritaði A yfirlýsingu, fylgiskjal með láni í erlendri mynt. Lýsti hann því yfir að hann gerði sér grein fyrir því að lántaka með þessum hætti væri áhættusamari en lántaka í íslenskum krónum, eins og FF hefði kynnt honum sérstaklega. Um væri að ræða gengisáhættu sem lýsti sér m.a. í því að samkvæmt tölfræðilegu mati sem byggði á sögulegum sveiflum á áhættu lána með ofangreindum hætti, gæti höfuðstóll láns sem tekið væri í framangreindri mynt hækkað umtalsvert á lánstímanum. Jafnframt væri um að ræða vaxtaáhættu sem fælist m.a. í því að lánið væri með breytilegum vaxtagrunni, LIBOR/EURIBOR vöxtum. Vextir væru aðeins ákveðnir fyrir hvert vaxtatímabil í senn og gætu því breyst með vaxtaákvörðunum í heimaríki viðkomandi myntar auk þess sem sveiflur á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum gætu haft áhrif til hækkunar.

Þann 4. október 2007 var lán A greitt út, samtals kr. 19.590.011. Sama dag lagði A lagði inn á reikning hjá K kr. 19.458.384 og reikning sóknaraðila kr. 131.627.

Þann 11. september 2012 sendi varnaraðili A tilkynningu um skilmálabreytingu, endurútreikningur erlends íbúðaláns samkvæmt ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, með síðari breytingum. Nýtt lánsnúmer var Þ. Með tilkynningunni staðfestist að lán A hefði verið endurútreiknað í samræmi við ákvæði laga nr. 151/2010 um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Tekið var fram að lánið skyldi endurgreiðast með einni greiðslu þann 15. nóvember 2012.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa hafnað kröfu sinni 3. desember 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 21. desember 2012.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ógilt verði veðsetning skv. 2. veðrétti á húseign hennar að B skv. tryggingarbréfi, dags. 6. desember 2006. Jafnframt er þess krafist að ógilt verði veðsetning skv. 3. veðrétti á sömu húseign skv. veðskuldabréfi, útgefnu 27. september 2007. Krafist er aflýsingar á framangreindum tryggingarskjölum. Til vara er þess krafist að sóknaraðili verði óskuldbundinn af framangreindum skuldbindingum að því er varðar hlutdeild hjúskapareignar hennar í húsinu, þ.e. að hvort veðbréf um sig verði að hámarki talið ná til jafngildis hjúskapareignar A í

fasteigninni, þannig að veðsetningin takmarkist við 50% eignarhluta fasteignarinnar að teknu tilliti til áhvílandi veðskuldar á 1. veðrétti.

Sóknaraðili vísar til þeirrar óumdeildu staðreyndar að FF hafi ekki framkvæmt mat á greiðslugetu skuldans, hvorki við móttöku tryggingarbréfsins né veðskuldabréfsins. Varnaraðili hafi því eðlilega ekki kynnt sóknaraðila slíkt mat áður en leitað hafi verið samþykkis hennar sem þinglýsts eiganda fyrir útgáfu veðskuldabréfs fyrir allt að 20 milljónum króna.

Sóknaraðili bendir á að lánasamningurinn og skuldabréfið hafi hvoru tveggja reynst fela í sér ólögmæta tengingu við gengi erlendra mynta og hafi varnaraðili endurreiknað lánin. Gengistengingin hafi aukið mjög á óvissu um greiðsluhæfi skuldara að lánunum og hert á mikilvægi þess að fram færi greiðslumat, skv. 3. gr. samkomulagsins. Telur sóknaraðili að líta beri til þessa við mat á skuldbindingargildi téðra samninga.

Að því er varðar tryggingarbréfið vísar sóknaraðili til þess að hún hafi ekki áritað það sem veðsali heldur einungis sem maki þinglýsts eiganda. Valdi það eitt út af fyrir sig ógildi meintrar skuldbindingar skv. grunnreglum kröfuréttarins um stofnun löggernings. Þótt tryggingarbréfinu hafi verið þinglýst án athugasemda felist ekki í því staðfesting á gildi veðsetningarinnar, slík að bindi þinglýstan eiganda. Mistök við þinglýsingu hafi enda engin áhrif á gildi eða ógildi veðsetningar.

Sóknaraðili mótmælir eindregið þeim fullyrðingum að hún hafi farið línuvillt þegar hún hafi undirritað tryggingarbréfið. Þessi fullyrðing sé allt í senn röng, óstaðfest og móðgandi þar sem þar sé gefið til kynna að sóknaraðili hafi ekki lesið textann sem hún hafi undirritað. Sóknaraðili hafi staðið í þeirri meiningu að hún væri að sínu leyti að samþykka að kærði [sic] veðsetti eignarhluta hans í íbúðarhúsi fjölskyldunnar. Hún hafi ekki verið kvödd í bankann til að ganga frá undirrituninni og hvorki veðbókarvottorð né mat á greiðslugetu eiginmanns hennar hafi verið til staðar. Hafi bankinn þar brugðist öllum meginskyldum sínum í samskiptum við ætlaðan veðsala. Hafi bankinn ætlað að tryggja sér veð í húsinu öllu hafi hann hlotið að ganga eftir því að rétt væri þar um hnútana búið og að þinglýstur eigandi undirgengist þar umrædda skuldbindingu með skýrum og afdráttarlausum hætti.

Sóknaraðili andmælir ályktunum varnaraðila út frá tilvitnuðum ákvæðum hjúskaparlaga sem þýðingarlausum, þar sem hún hafi aldrei undirgengist veðsetninguna af sinni hálfu heldur einasta fallist á að maki hennar veðsetti eignarhlut sinn. Hún hafi ekki við það tækifæri gengið úr skugga um hvort maki væri þinglýstur eigandi að helmingshlut í húsinu heldur gengið út frá því að bankinn hafi gengið frá skjölum vegna lántöku eiginmannsins með réttum hætti. Hafi bankinn gert mistök í því efni fái hann ekki velt ábyrgð á þeim yfir á sóknaraðila.

Sóknaraðili hafnar því að lán skv. lánasamningi, dags. 11. desember 2006 hafi verið greitt inn á reikning sóknaraðila og þannig nýst henni. Bendir sóknaraðili á að fyrir liggi afrit af kaupakvittun FF á þeim erlendu myntum sem lánið skv. lánasamningnum hafi verið skráð í. Samkvæmt því sé það A sem sé seljandi myntanna sem hann hafi tekið að láni. Hvort hann hafi síðar látið þá fjármuni renna um reikning konu sinnar á leið þeirra til L sé málinu óviðkomandi og fái ekki upphafið þá staðreynd að tryggingarbréfið sé óútgefið af þinglýstum eiganda. Hljóti varnaraðili að bera hallann af því, enda skýrt að bankinn beri sérfræðiábyrgð á því að tryggja sér heimildir sem hann sækist eftir. Um ábyrgð banka í þessu efni vísist til fordæmis Hæstaréttar í máli nr. 442/2009. Þessi ágalli sé þeim mun meira afgerandi um gildisleysi tryggingarbréfsins að bankinn hafi einnig brugðist skyldu sinni til að gera greiðslumat á lántaka og að kynna sóknaraðila réttindi sín í því efni.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi engin gögn lagt fram því til stuðnings að sóknaraðili hafi sjálf komið að nefndum færslum, sem sóknaraðili kannist raunar ekki við. Það skipti þó sem fyrr segi engum sköpum um ógildi veðskuldabréfsins, því lánið hafi verið tekið af A. Af færslukvittun, dags. 12. desember 2008, sjáist að greitt hafi verið út af reikningi sóknaraðila í FF kr. 15.196.000 til L. Af kvittunum fyrir kaupum A á hlut í L þann 14. desember 2008 sjáist að hann hafi þann dag verið skráður fyrir kaupum á hlutum í L fyrir samtals kr. 16.000.196 og sýnist sú upphæð hafa verið gjaldfærð af safnreikningi L, þeim sama og tekið hafi verið millifærslu af reikningi sóknaraðila tveimur dögum fyrr. Af þessu sjáist að lántaka í FF, sala á gjaldeyri skv. lánasamningi og kaup í L séu öll í nafni A. Ferð fjármunanna um reikning sóknaraðila sé því óútskýrð en breyti sem fyrr segi engu um ógildi umdeildrar veðsetningar. Hinu sé vert að vekja athygli á, að með fyrrgreindri útgreiðslu af reikningi sóknaraðila 12. desember 2008 sem framkvæmd hafi verið af starfsmanni FF hljóti reikningur sóknaraðila að hafa verið settur í stórfellda neikvæða stöðu án þess að hún hafi nokkru sinni leitað eftir slíkri þjónustu. Telur sóknaraðili augljóst að þar sem eiginmaður hennar hafi ekki haft reikning í bankanum hafi bankanum þótt þægilegt að nýta reikning hennar til að bera neikvæða stöðu svo greiða mætti út umrædda fjármuni til L og það þótt lán A hafi þá ekki verið afgreitt og hafi raunar ekki verið greitt út fyrr en þremur dögum síðar, hinn 15. desember. Allt þetta hafi gerst án aðkomu sóknaraðila og geri hana fráleitt að eiginlegum lántakanda eða njótanda lánsins.

Sóknaraðili bendir á að það að eiginmaður hennar hafi keypt hluti fyrir nokkru hærri fjárhæð en hafi svarað láninu skýrist trúlega af því að það sem hafi verið umfram hafi hann fjármagnað með öðrum hætti. Sóknaraðili hefði vænst þess að öðru jöfnu að þessi líkindi þyrfti ekki að skýra út fyrir bankanum.

Sóknaraðili mótmælir enn fremur fullyrðingum varnaraðila þess efnis að dómur Hæstaréttar í máli nr. 169/2012 hafi falið í sér fordæmi um það að þar sem eiginmaður hennar hafi fengið lán þá hafi falist í því fjárhagslegur ávinningur fyrir hana sem taka beri tillit til, til lækkunar á kröfu um niðurfellingu veðréttinda. Þessi rökleiðsla sé haldlaus með öllu, þegar af þeirri ástæðu að fyrrnefndur dómur hafi fallist á að fella bæri niður veðkröfu sem stofnað hafi verið til í blóra við kröfur um gerð greiðslumats skv. samkomulagi banka og sparisjóða frá 2001. Hins vegar hafi verið leitt í ljós að hluti af láninu hafi verið nýttur til að greiða upp skuld sem tryggð hafi verið með veði í sömu húseign veðsalans. Því hafi þótt eðlilegt að kærandi bæri áfram að óbreyttu ígildi þeirrar veðkröfu og hafi því veðkrafan sem stofnuð hafi verið í andstöðu við reglur um greiðslumat verið lækkuð sem svaraði til þess að eldri veðkrafan, sem greidd hafi verið upp, stæði óhöggud eftir. Sé því engin samsvörun með málsatvikum í þessu máli og því sem sóknaraðili færi hér fram.

Sóknaraðili byggir á því að stofnháttur veðskuldabindinga sé formbundinn gerningur og ekki verði vikið frá formkröfum eða þær sveigðar svo að við undirritun á tiltekinni skuldbindingu verði gefið annað og víðtækara efni að hentugleikum veðhafa. Sóknaraðili mótmælir öllum hugleiðingum bankans um að nóg sé að nafn hennar hafi verið ritað einhvers staðar á tryggingarbréfið til þess að hún teljist hafa veðsett eign sína. Sóknaraðili minnir á að bankinn, FF, sem varnaraðili leiði meintan rétt sinn frá hafi haft yfirburðarstöðu við frágang umræddra láns- og veðskjala. Varnaraðili hafi annast alla skjalagerð í málinu. Hann hafi kosið að vanefna leiðbeiningarskyldur sínar við sóknaraðila og að tryggja ekki að sameiginlegur skilningur væri með honum og þinglýstum eiganda á því hvaða skuldbindingu sóknaraðili væri að undirgangast. Hann hljóti einn að axla ábyrgð á óvönduðum

vinnubrögðum sínum við téða lánveitingu og á því að gildi veðsamningsins hafi reynst annað og rýrara en hann hafi ætlað. Um ábyrgð lánastofnunar á óskýrleika í veðskjöllum sem frá honum stafi vísist til dóms Hæstaréttar í máli nr. 269/1996.

Sóknaraðili byggir kröfu sína um ógildi veðsetningar húseignar hennar skv. veðskuldabréfi frá 27. september 2007 á því að henni hafi á engu stigi verið kynnt niðurstaða greiðslumats á greiðsluhæfi A svo sem skylt hafi verið skv. ákvæðum 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, en FF hafi átt aðild að því samkomulagi. Sóknaraðili hafi aldrei verið kölluð í bankann, hvorki til undirritunar né til að gera henni grein fyrir þeirri áhættu sem hún væri að baka sér með áritun á umrædd veðskjöl. Hafi sóknaraðili enda staðið í þeirri trú að samþykki hennar við lántökum eiginmanns hennar vegna kaupa á hlutum í L og FF lyti einungis að ráðstöfun á hans hluta sameiginlegra eigna þeirra hjóna. Eigi þetta við um hvoru tveggja verðbréfanna á 2. og 3. veðrétti fasteignarinnar.

Sóknaraðili kveður bankann hafa brugðist meginskyldu sinni til að veita sér sem ábyrgðargjafa ráðgjöf um áhættu samfara veðsetningunni og það í ljósi upplýsinga sem greiðslumatið hefði leitt fram um takmarkaða greiðslugetu A af eigin aflafé. Bankanum hafi verið kunnugt um að lán skv. skuldabréfinu hygðist A nýta til kaupa á hlutum í FF sem bæði þá og síðar hafi hlotið að skoðast sem áhættusöm fjárfesting, einkanlega fyrir þann sem lítið hafi þekkt til starfsemi slíkra stofnana. Hafi það gert skyldu bankans til að tryggja að sóknaraðili hafi haft allar nauðsynlegar upplýsingar tiltækar til að meta forsendur þess að samþykkja ábyrgð með veði í íbúðarhúsi þeirra hjóna sem sóknaraðili hafi ein verið skráð eigandi að. Þetta ráðslag bankans hafi falið í sér brýnt brot á þeim reglum sem bankinn hafi undirgengist til að takmarka áhættu ábyrgðarmanna af veitingu ógrundaðrar ábyrgðar. Beri því að víkja samningum til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 þar sem það sé í senn ósanngjarnt og í andstöðu við góða viðskiptavenju að halda sóknaraðila bundnum við samninginn eins og tilurð hans hafi verið háttáð. Telur sóknaraðili enda að sú staðreynd, að láninu skyldi ráðstafað til kaupa á hlutum í bankanum sjálfum hafi í senn átt að fella á bankann auknar varúðarskyldur í samskiptum sínum við ábyrgðarmann og hins vegar verið hvati að því að láta lánveitinguna ganga fram til að stuðla að enn frekari viðskiptum með hluti FF og hækkun þeirra á markaði. Liggi enda fyrir að stjórnendur félagsins hafi lagt haustið 2007 mjög upp með að auka eftirspurn eftir hlutum í bankanum til þess að hækka verðgildi þeirra á markaði, sbr. fjölda dómsmála sem þar að lúti, sbr. dómar Hæstaréttar í málum nr. 117/2011 og 119/2011.

Sóknaraðili vísar til þess að hún hafni því að dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 hafi fordæmisgildi í málinu. Í hinum staðlaða texta í máli þessu sé engin sambærileg yfirlýsing og í máli nr. E-760/2012, þar sem ábyrgðargjafinn leysi bankann undan því að meta greiðslugetu greiðanda. Sé það þó skýrlega tilskilið í 1. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Engri skriflegri ósk um að ábyrgðarmaður óski ekki eftir greiðslumati sé til að dreifa í máli þessu. Séu málsatvik því gerólik dómi héraðsdóms.

Sóknaraðili áréttar að hún hafi á engu stigi hitt fulltrúa FF og kannast ekki við að leiðbeiningabæklingur sá sem vísað sé til í hinum staðlaða texta hafi fylgt veðskuldabréfinu sem hún hafi áritað. Telur sóknaraðili að ef henni hefði verið kynnt hvaða áhætta væri samfara lántöku til kaupa á hlutabréfum í FF haustið 2008 [sic] og að væntingar um að arður af hlutunum gæti staðið undir greiðslum af láninu væru miklum vafa undirorpnar, þá hefði hún ekki fallist á að veðsetja íbúðarhús fjölskyldunnar fyrir þeim kaupum. Sóknaraðili telur raunar að FF hafi staðið að

Þessari lánveitingu með afar ámælisverðum hætti, þar sem bankinn muni ekki hafa kynnt lántaka að hann hafi ítrekað lánað fyrir kaupum á hlutum í bankanum án annarra veða en þeirra sem falist hafi í hlutunum sjálfum. Hafi bankinn hér brugðist leiðbeiningarskyldum þeim sem á honum hafi hvílt og hagnýtt sér yfirburðarstöðu í samskiptum við sóknaraðila og eiginmann hennar. Sé því ósanngjarnt og í andstöðu við góða viðskiptahætti að hann fái borið fyrir sig veðsamning þann sem þannig hafi verið komið á.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara er þess krafist að veðsetningarnar sem um ræðir í málinu verði ekki felldar niður umfram eignarhluta maka skuldara í eigninni eða 50% að teknu tilliti til áhvílandi veðskuldar á 1. veðrétti.

Varðandi tryggingarbréfið vísar varnaraðili til þess að hvergi komi fram í lánsamningnum að markmiðið með láninu sé að fjárfesta í stofnfjárbréfum, í raun sé hvergi fjallað um það hver sé ástæðan fyrir lántökunni og hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að bankinn hafi vitað að markmiðið með lántökunni hafi verið að fjárfesta í stofnfjárbréfum. Þar að auki þurfi einnig að leggja áherslu á þá staðreynd að sóknaraðili og maki hennar séu með sameiginlegan fjárhag.

Varnaraðili vísar til þess að í gildi hafi verið samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Líkt og fram hafi komið í kvörtun sóknaraðila þá hafi sóknaraðili og lántaki verið gift og með sameiginlegan fjárhag er tryggingin hafi verið veitt og teljist því lántaki og sóknaraðili makar í skilningi samkomulagsins. Sóknaraðili hafi byggt á því að tryggingarbréfið hafi aldrei verið gefið út þar sem veðsali hafi farið línuvillt er hún hafi ritað undir tryggingarbréfið og þar sem hún hafi ritað undir sem maki þinglýsts eiganda sé tryggingarbréfið óútgefið. Varnaraðili mótmælir þeirri fullyrðingu sóknaraðila enda sé sú nálgun fráleit. Þar sem framangreindum rökum sé teft fram af sóknaraðila sé þó réttast að reifa stuttlega ástæður fyrir því að framangreind veðsetning sé ekki ógild.

Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til 61. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 og telur varnaraðili miðað við lýsingu sóknaraðila að útgáfa tryggingarbréfsins falli undir það ákvæði. Með útgáfu tryggingarbréfsins hafi verið gerður samningur milli veðhafans og veðsalans þess efnis að veðhafi hefði heimild til að ganga að fasteigninni að B sökum skulda lántaka. Af framangreindu sé því eðlilegt að vísa í 65. gr. hjúskaparlaga. Samkvæmt lýsingu sóknaraðila hafi samþykki veðsala aldrei legið fyrir við útgáfu tryggingarbréfsins. Þeirri fullyrðingu mótmælir varnaraðili sem rangri enda riti veðsalinn undir bréfið í tvígang, einu sinni sem maki skuldara og síðan undir liðnum veðheimild en þar hafi einhverra hluta vegna undirrituninum verið snúið við, þar sem lántaki skrifi í dálkinn þar sem gert hafi verið ráð fyrir veðsalanum og veðsalinn skrifi undir sem maki þinglýsts veðsala. Ljóst sé að lántaki og sóknaraðili hafi farið línuvillt en það eitt og sér valdi því ekki að um ógildan löggerning sé að ræða, enda um augljós mistök að ræða. Þeir aðilar sem skrifa eigi undir skjalið skrifi undir það og sé því fullyrðingu sóknaraðila þess efnis að um skort á undirskrift veðsala sé að ræða, mótmælt harðlega. Auk þess vísar varnaraðili til þess að skv. stimplum á tryggingarbréfinu þá hafi bréfinu verið þinglýst 13. desember 2006 og sé því sá frestur sem veittur sé til að reyna að fá slíkan samning

felldan úr gildi liðinn skv. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 31/1993. Afstaða varnaraðila sé þó ítrekuð þ.e. að það sé enginn skortur á undirskrift veðsala.

Varnaraðili bendir á að í meginmáli tryggingarbréfsins komi skýrt fram að verið sé að setja að veði heildareignina að B. Samkvæmt efni tryggingarbréfsins hafi veðréttindum verið ætlað að ná til allrar eignarinnar en ekki til eignarhluta maka sóknaraðila eins og haldið sé fram, enda sé sóknaraðili ein þinglýstur eigandi eignarinnar og ekki um neinn eignarhluta maka hennar að ræða. Jafnframt verði andmæli sóknaraðila ekki skilin með öðrum hætti en að sóknaraðili lýsi því sérstaklega yfir að hafa lesið texta tryggingarbréfsins, sbr. orðalagið: „*Þessi fullyrðing er allt í senn röng, óstaðfest og móðgandi þar sem gefið er til kynna að kærandi hafi ekki lesið textann sem hún undirritaði*“. Verði því að telja að sóknaraðili hafi verið ljóst, eða mátt vera ljóst, að með undirritun sinni hafi hún verið að samþykka veðsetningu eignarinnar í heild sinni, þó svo hún hafi ritað undir í reitinn samþykki maka þinglýsts eiganda en ekki sem þinglýstur eigandi. Telur varnaraðili því ljóst að sóknaraðili hafi gefið gilt loforð um veðsetninguna og því beri ekki að fallast á að veðsetningin teljist ógild á þessum forsendum. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 162/2009.

Varnaraðili bendir á að þann 12. desember 2006 hafi sóknaraðili verið veittur yfirdráttur á reikningi nr. Z og hafi hún nýtt þá heimild til að leggja upphæðina inn á reikning nr. Æ sem hafi verið safnreikningur í eigu L. Þann 12. desember hafi verið greiddar kr. 15.196.000 af reikningi nr. Z sem hafi verið í eigu sóknaraðila inn á reikning nr. Æ. Lásupphæðin hafi verið greidd út þann 15. desember 2006 af reikningi nr. Ö sem hafi verið í eigu FF og lagt inn á reikning nr. Z.

Kveður varnaraðili að ekki verði litið fram hjá því í máli þessu að sóknaraðili og lántaki séu gift og með sameiginlegan fjárhag. Þar að auki greiði lántakinn maka sínum, sóknaraðila, lánsféð sem síðan greiði þá upphæð til L. Sóknaraðili fullyrðir að sá peningur sem hún hafi lagt inn á safnreikning L hafi síðan verið nýttur til kaupa á hlutabréfum í nafni maka síns. Varnaraðili fær ekki séð að sóknaraðili hafi lagt fram haldbærar sannanir fyrir framangreindu, enda hafi sóknaraðili lagt inn kr. 15.196.000 en maki hennar hafi keypt fyrir kr. 16.000.196. Horfa þurfi til þess að upphæðirnar séu misháar og féð sem lagt hafi verið inn á reikning nr. Æ hafi farið inn á söfnunarreikning L og hafi ekki sérstaklega verið eyrnamerkur sóknaraðila eða lántaka. Þar að auki hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að varnaraðili hafi átt frumkvæði að ráðstöfun lánsins, það sé með öllu ósannað að varnaraðili hafi með öllu séð um ráðstöfun lánsins vegna hentugleika fyrir bankann, enda sé heldur sérstakt að nú fyrst séu lagðar fram fullyrðingar þess efnis að sóknaraðili hafi í raun ekki komið nálægt þessari ráðstöfun lánsins. Mótmælir varnaraðili þessum fullyrðingum sem röngum og ógrundvölluðum.

Varnaraðila þykir ljóst að sóknaraðili hafi hagnast á lántökunni. Hvað hún hafi kosið að gera við féð sem lagt hafi verið inn á reikning hennar komi málinu ekki við. Hún hafi fengið fénu ráðstafað og hún hafi síðan ráðstafað því inn á söfnunarreikning L. Telji úrskurðarnefndin þrátt fyrir að fjárhæðinni hafi verið ráðstafað inn á reikning sóknaraðila að maki hennar hafi í raun átt peninginn þá verði ekki litið fram hjá því að sóknaraðili og maki hennar séu með sameiginlegan fjárhag og sé það mat varnaraðila að ofangreint sanni það auk þess sem sóknaraðili viðurkenni það sjálf í kvörtun sinni. Af þessum sökum verði að telja að sóknaraðili hafi óneitanlega hagnast á lánveitingunni. Af framangreindu rituðu sé vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012, þar sem talið hafi verið sýnt fram á að veðsalar hefðu hagnast á lánveitingu

til þriðja aðila og tekið hafi verið tillit til þess þegar dómur hafi fallið um gildi veðsetningarinnar.

Varnaraðili bendir á með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 169/2012 og dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1562/2012 að þrátt fyrir skort eða annmarka á greiðslumati í samræmi við samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 2001, verði við sanngirnismat á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 að taka tillit til þess hluta lánsins sem ráðstafað hafi verið til veðsala. Í þessu tilviki sé þar um að ræða alla lánsfjárhæðina. Varnaraðili telur þar engu máli skipta þó það lán sóknaraðila sem greitt hafi verið upp með lánsamningnum hafi verið tekið til þess að greiða fyrir hluta af kaupum maka hennar á tilteknum veðbréfum, enda sé það eingöngu til frekari stuðnings á því að sóknaraðili og maki hennar hafi sameiginlegan fjárhag og sóknaraðila hafi því átt að vera greiðslugeta maka hennar ljós. Telur varnaraðili að því beri að hafna kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili kveður að af gögnum bankans verði ekki ráðið að greiðslumat hafi verið framkvæmt fyrir útgáfu tryggingarbréfsins. Eins og fram hafi komið í málinu hafi tryggingarbréfið verið gefið út áður en lánveiting skv. lánsamningnum hafi átt sér stað. Eðli máls samkvæmt sé ómögulegt að framkvæma greiðslumat eingöngu vegna útgáfu tryggingarbréfs, þar sem slík bréf feli ekki í sér skuldbindingu um greiðslu og sé því engin greiðslubyrði af slíkum veðbréfum sem hægt sé að meta. Verði því ekki séð að ákvæði 3. gr. samkomulagsins um viðmið vegna greiðslumats geti því átt við í slíku tilviki. Sé þar eingöngu fjallað um það hvernig meta skuli getu aðalskuldara til greiðslu á þeirri skuldbindingu sem ábyrgðarmaður ábyrgist eða lánsveð tryggi. Telur varnaraðili því ekki unnt að fallast á að sú staðreynd að FF hafi ekki framkvæmt mat á greiðslugetu skuldans við móttöku tryggingarbréfsins leiði til ógildingar þess líkt og haldið sé fram í andmælum sóknaraðila.

Varðandi veðskuldabréfið vísar varnaraðili til þess að það að veðsali staðfesti að hún hafi kynnt sér efnislegt innihald samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, ásamt því að hafa kynnt sér efni bæklinga sparisjóðsins um sjálfskuldarábyrgðir geri það að verkum að hún staðfesti að hún sé upplýst um réttindi sín og skyldur vegna veðsetningarinnar. Verandi upplýst um réttindi sín skv. samkomulaginu hefði henni átt að vera ljóst að hún gæti krafist bankann um greiðslumat. Það hafi hún ekki gert og hafi verið ljóst af veðskuldabréfinu og fylgigögnum þess að ekkert slíkt mat hafi farið fram. Sóknaraðili hafi samþykkt þann háttinn með undirritun sinni líkt og ábyrgðarmaður hafi gert í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012. Varnaraðili er ósammála sóknaraðila hvað varðar það að sá dómur eigi ekki við um þetta tiltekna mál. Í dóminum sé ljóst vegna þess að ábyrgðarmaðurinn hafi verið upplýstur um þá hluti sem að hún hafi átt rétt á (krefjast greiðslumats eða ekki) þá hafi það eitt og sér verið talið fullnægja upplýsingaskyldu lánveitandans skv. samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Það komi skýrt fram bæði í samkomulaginu og bæklingi sparisjóðsins um sjálfskuldarábyrgðir hvaða réttindi ábyrgðarmaður og veðsali hafi í tengslum við tryggingarveitingu fyrir skuldbindingum annarra, þannig að staðan sé sú sama, hvort sem að hún lesi upplýsingarnar á skjalinu sjálfu eða fylgiskjali í formi bæklinga þá breyti það ekki því að hún staðfesti að hún væri vel upplýst um réttindi sín og skyldur vegna veðsetningarinnar. Það geti ekki talist vera á ábyrgð lánveitanda ef að veðsalinn staðfesti að hún hafi kynnt sér framangreindar upplýsingar þegar hún hafi í raun og veru ekki gert það, þá hefði ekkert verið því til fyrirstöðu að kalla eftir þeim upplýsingum sem sóknaraðili haldi fram núna að hún hafi í raun ekki kynnt sér þrátt fyrir að hún hafi staðfest að hún hafi kynnt sér þær þegar lánveitingin hafi átt sér stað.

Varnaraðili mótmælir þeirri kröfu sem fram komi í kvörtun sóknaraðila að varnaraðili hafi átt að kynna veðsala og lántaka sérstaklega þá áhættu sem hafi fylgt því að kaupa stofnfjárbréf í FF. Það sé ljóst að öllum hlutabréfakaupum fylgi einhver áhætta. Á þeim tíma er stofnfjárbréfaútboðin hafi verið í gangi hafi ekki verið gefið að þau myndu öll hrynja í verði og að kaupendur myndu tapa á kaupunum. Þær aðdróttanir sem hafðar séu frammi af sóknaraðila séu með öllu órökstuddar og ósannaðar, þrátt fyrir að sóknaraðili vísi í einhverja dóma sem snúi að saknæmri háttsemi einstakra aðila innan sparisjóðsins á þeim tíma þá sé ekki eðlilegt að heimfæra gjörðir þeirra aðila yfir alla starfsmenn bankans og mála upp þá mynd sem sóknaraðili máli af stofnfjárbréfasölnunni. Á þeim tíma er það söluferli hafi farið fram hafi aðstæður ekki gefið til kynna að gengi bréfanna myndi þróast eins og þau hafi síðan gert.

Hvað varðar tilvísun sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 442/2009 mótmælir varnaraðili því að aðstæður séu eins og í því máli. Í dóminum hafi verið um að ræða flókinn gjaldmiðla- og viðskiptasamning. Í þessu máli sé hins vegar um að ræða einfalt veðskuldabréf og tryggingarbréf með skýrum og auðlesnum texta. Þar að auki sé ferlið ekki flókið að baki lánveitingu sem þessari. Lán sé veitt gegn því að lántaki reiði fram tryggingu, flóknara sé það ekki. Ljóst sé af umfjöllun að framan að tryggingarbréfið hafi sannarlega verið gefið út þann 6. desember 2006 þannig að FF hafi haft sannanlega tryggingu fyrir láni nr. Y enda hafi sóknaraðili aldrei fengið heimild að rúmlega kr. 15.000.000 nema hún hefði lagt fram tryggingu fyrir slíkri upphæð sem hún hafi gert með því að veðsetja fasteign sína þann 6. desember 2006.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að B, skv. tryggingarbréfi nr. X og veðskuldabréfi, dags. 27. september 2007.

Í upphafi verður fjallað um veðsetningu fasteignar sóknaraðila skv. tryggingarbréfi nr. X, útgefnu af A.

Sóknaraðili vísar máli sínu til stuðnings til þess að hún hafi ekki skrifað undir sem veðsali heldur einungis sem maki þinglýsts eiganda. Sóknaraðili átti fasteignina að B, 100% eignarhlut. Í meginmáli tryggingarbréfsins er feittrað að veðsett sé eignin B. Verður þessi löggerningur ekki skilinn öðruvísi en að veðréttinum hafi verið ætlað að ná til allrar eignarinnar. Talið verður að þetta hafi sóknaraðila mátt vera ljóst, enda var hún eini eigandi fasteignarinnar og hefur hún engum mótmælum hreyft við veðsetningunni í rúm sex ár. Verður litið svo á að með undirskrift sinni undir tryggingarbréfið hafi sóknaraðili samþykkt veðsetninguna fyrir sitt leyti. Með undirskrift sinni gaf sóknaraðili gilt loforð um veðsetninguna, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 162/2009 og úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 76/2012.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá þeim sparisjóði. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar leitað var eftir veði í eign þriðja manns til tryggingar skuld við sparisjóðinn, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta

greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Tryggingarbréf nr. X var gefið út á svipuðum tíma og lánasamningur, dags. 11. desember 2006, og stendur tryggingarbréfið nú eingöngu til tryggingar umræddum lánasamningi. Óumdeilt er að varnaraðili mat ekki greiðslugetu A, útgefanda tryggingarbréfs nr. X, við útgáfu lánasamningsins. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera allan halla af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki er unnt að fallast á það með varnaraðila að þar sem um tryggingabréf hafi verið að ræða, hafi verið ómögulegt að greiðslumeta lántaka við útgáfu þess. FF var sem fyrr segir bundinn við þær skuldbindingar sem hann hafði gefið í títtnefndu samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Getur varnaraðili ekki borið það fyrir sig að FF hafi hagað lánveitingum sínum þannig að honum hafi verið ókleift að standa við þessar skuldbindingar.

Telja verður að framkvæma hafi þurft greiðslumat þrátt fyrir að um hjón hafi verið að ræða. Undantekningarákvæði 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins er varðar hjón og fólk í óvígðri sambúð verður að túlka samkvæmt efni sínu á þá leið að viljayfirlýsing ábyrgðarmanns, sem giftur er eða í óvígðri sambúð með lántaka, sé forsenda fyrir því að reglunni verði beitt, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 33/2012. Slík viljayfirlýsing liggur ekki fyrir í þessu tilviki.

Við mat á því hvort víkja beri veðsetningu fasteignar sóknaraðila til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, verður að líta til þess að varnaraðili heldur því fram að veðsetningin hafi verið í þágu sóknaraðila, enda hafi lánið verið lagt inn á hennar reikning og hún hafi ráðstafað því inn á reikning L.

Af viðskiptakvittun frá FF, dags. 12. desember 2006, verður ráðið að sóknaraðili lagði kr. 15.196.000 inn á reikning L en greiðandi var tiltekinn A. Tveimur dögum síðar, 14. desember 2006, keypti A stofnfjárbréf í L fyrir kr. 15.000.196, sbr. kvittanir þess efnis frá L. Lán skv. lánasamningi, dags. 11. desember 2006, að fjárhæð kr. 14.690.000, var greitt inn á reikning sóknaraðila þann 15. desember 2006.

Af framangreindu er ljóst að lán skv. lánasamningi, dags. 11. desember 2006, var lagt inn á reikning sóknaraðila eftir að A, lántaki hafði ráðstafað því til kaupa á stofnfjárbréfum í L, enda var A tilgreindur greiðandi á viðskiptakvittun FF. Fjármálastofnanir geta almennt ekki gert ráð fyrir því án tillits til aðstæðna, að lán sé í þágu þess sem á þann reikning sem lán er lagt inn á. Varnaraðili hefur í ljósi framangreinds ekki sannað að lánið hafi verið í þágu sóknaraðila.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að telja að rétt sé að ógilda veðsetningu fasteignar sóknaraðila að B með tryggingarbréfi nr. X.

Verður því næst vikið að veðsetningu fasteignar sóknaraðila skv. veðskuldabréfi, dags. 27. september 2007.

Óumdeilt er að varnaraðili mat ekki greiðslugetu A, útgefanda veðskuldabréfs, dags. 27. september 2007. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera allan halla af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið.

Telja verður að framkvæma hafi þurft greiðslumat þrátt fyrir að um hjón hafi verið að ræða. Undantekningarákvæði 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins er varðar hjón og fólk í óvígðri sambúð verður að túlka samkvæmt efni sínu á þá leið að viljayfirlýsing ábyrgðarmanns, sem giftur er eða í óvígðri sambúð með lántaka, sé forsenda fyrir því að reglunni verði beitt, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 33/2012. Slík viljayfirlýsing liggur ekki fyrir í þessu tilviki.

Ekki verður fallist á að dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu. Í því máli undirritaði sjálfskuldarábyrgðaraðili sjálfskuldarábyrgð þar sem yfirlýsing var rituð á sjálfskuldarábyrgð sem túlka mátti á þann veg að greiðslumat hefði ekki farið fram, en þar voru lántakandi og sjálfskuldarábyrgðaraðili í sambúð. Engin slík yfirlýsing liggur fyrir í máli þessu og verður staðlaður texti á skuldabréfinu um að sóknaraðili hafi kynnt sér efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir ekki túlkaður svo að sóknaraðili hafi fallið frá greiðslumati í umrætt sinn.

Í ljósi framangreinds verður að telja að rétt sé að ógilda veðsetningu fasteignar sóknaraðila að B, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning fasteignar sóknaraðila, M, að B, með tryggingarbréfi nr. X, útgefnu af A er ógild.

Veðsetning fasteignar sóknaraðila að B með veðskuldabréfi, dags. 27. september 2007, útgefnu af A til FF, er ógild.

Reykjavík, 18. apríl 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 16. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 17. janúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 10. janúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. janúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 5. mars 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. mars 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, móttæknu 27. mars 2013. Óskað var frekari gagna frá varnaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. apríl 2013. Frekari gögn bárust, með bréfi varnaraðila, dagsettu 3. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. maí 2013 var óskað frekari gagna frá varnaraðila. Umbeðin gögn bárust, með bréfi varnaraðila, dagsettu 12. júní 2013. Þann 2. júlí 2013 var sóknaraðila gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust, með bréfi, dagsettu 16. júlí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 25. júní 2006 var skjalið „Yfirlýsing“ undirritað af sóknaraðila og A. Eftirfarandi kom fram í yfirlýsingunni: „Í tengslum við sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð kr. 6.000.000,- staðfesta neðangreindir ábyrgðarmenn að F hefur farið yfir áhættu er tengist því að gangast í sjálfskuldarábyrgðir. B hefur verið í flugnámi síðustu misseri og hefur því ekki haft neinar tekjur á því tímabili. Ekki er því hægt að framkvæma greiðslumat sem sýnir greiðslugetu hans. B er sonur okkar. Við staðfestum því að heimilt sé að sleppa því að gera greiðslumat og göngumst í sjálfskuldarábyrgð að fjárhæð allt að kr. sex milljónir vegna yfirdráttarláns B, sem tilkomið er vegna flugnáms hans og verður greitt út á næstu mánuðum.“ Stimplað hefur verið „ógilt“ á skjalið.

Þann 27. júní 2006 var sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar einstaklings nr. X gefin út. Reikningseigandi reiknings nr. Y, var B. Sóknaraðili og A

tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum. Hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðar var kr. 6.000.000. Á sjálfskuldarábyrgðina hefur verið stimplað ógilt.

Þann 19. mars 2007 var lánsúmsókn B um lán að fjárhæð kr. 10.000.000 samþykkt. Tiltekið var í lánsúmsókninni að B væri að ljúka flugnámi og væri í atvinnuviðtölum m.a. hjá C. Þar sem fyrir lá að talan lækkaði ekki á næstu mánuðum/ári þá var óskað eftir því að færa skuldina yfir í erlent lán, tekjurnar yrðu að öllum líkindum erlendis.

Þann 20. mars 2007 veitti B sóknaraðila fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita lánasamning milli F og B að fjárhæð kr. 10.000.000. Jafnframt gildi umboðið til þess að undirrita sem útgefandi tryggingarbréf fyrir hönd B með veði í D. Umboðið gildi þar til undirritaður hefði tilkynnt F um afturköllun þess. Yrði framangreindur lánasamningur framlengdur og/eða honum skuldbreytt gildi umboðið um þá framlengingu og/eða skuldbreytingu nema annað yrði sérstaklega tilkynnt bankanum.

Þann 23. mars 2007 var tryggingarbréf nr. Z gefið út. B gerði kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum hans við F, nú eða síðar, allt að fjárhæð kr. 12.000.000 væri varnaraðila veðsett fasteignin að D. Með undirritun sinni á tryggingarbréfið staðfesti veðsali að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings F um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en F var aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Sóknaraðili skrifaði undir eftir umboði útgefanda. Þá skrifaði A undir sem samþykkt veðsetningunni sem þinglýstur eigandi og sóknaraðili samþykkti veðsetninguna sem maki þinglýsts eiganda. Fasteignin að D var í eigu maka sóknaraðila. Samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila var tryggingarbréfið gefið út til tryggingar lánsamningi nr. Þ, sem kom í staðinn fyrir sjálfskuldarábyrgð nr. X.

Þann 23. mars 2007 var gerður lánsamningur milli F sem banka og B sem lántaka, um fjölmyntalán að jafnvirði kr. 10.000.000 í CHF 50% og JPY 50%. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra lánshluta hafði lántaki sett bankanum að veði fasteignina D með útgáfu tryggingarbréfs nr. Z, að fjárhæð kr. 12.000.000.

Þann 15. febrúar 2008 var sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar einstaklings á myntveltureikningi nr. Æ, gefin út. Reikningseigandi reiknings nr. Ö var B og sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á yfirdráttarheimildinni. Hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðarinnar var JPY 2.000.000. Setti sóknaraðili upphafsstafi sína við eftirfarandi valmöguleika: „*Staðfesting ábyrgðaraðila á því að hann óskar ekki eftir mati á greiðslugetu reikningseiganda, enda er heildarábyrgðarfjárhæð ábyrgðaraðila vegna reikningseiganda gagnvart F lægri en IKR 1.000.000 eða ábyrgðaraðili maki eða í sambúð með reikningseiganda.*“ Með sjálfskuldarábyrgðinni skuldbatt sóknaraðili sig til að tryggja varnaraðila efnidir á skuldbindingum reikningseiganda. Sóknaraðili ábyrgðist alla skuldina sem sína eigin. Sóknaraðili staðfesti að hafa kynnt sér upplýsingabækling F um persónuábyrgðir og reglur um gerð greiðslumats hjá reikningseiganda. Sóknaraðili lýsti því yfir að eignir hans stæðu vel fyrir þeim skuldbindingum sem á hann kynnu að falla vegna ábyrgðarinnar. Tiltekið var að gildistími ábyrgðarinnar væri fjögur ár frá útgáfudegi yfirlýsingarinnar. Ábyrgðin náði þá til þeirrar skuldar sem fyrir hendi var við lok gildistímans, hvort sem skuldin var þá gjaldfallin eða ekki. Innheimta mátti þá skuld hjá sjálfskuldarábyrgðaraðila í fjögur ár frá lokadegi gildistíma ábyrgðarinnar. Fram kom að ábyrgðin stæði óhöggud þótt reikningseiganda yrði úthlutað nýju reikningsnúmeri ef reikningurinn kæmi að öllu leyti í stað fyrri reiknings, hvort sem reikningurinn væri í sama útibúi eða öðru útibúi bankans.

Þann 15. febrúar 2008 var gefin út sambærileg sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar einstaklings á myntveltureikningi, nr. R. Reikningseigandi reiknings nr. S var B og hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðarinnar var CHF 50.000.

Þann 15. febrúar 2008 var skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ undirritað, en tiltekið var á því að því hefði verið lokið þann 26. febrúar 2008 og að það gildi til 26. maí 2008. Lántaki láns að fjárhæð kr. 3.973.000 var B. Handskrifað hefur verið við orðið lánslýsing: „*V/áb. á erl. myntveltu CHF og JPY*“. Samkvæmt greiðslumatinu voru útborguð meðallaun lántaka kr. 270.000, ráðstöfunartekjur samtals voru kr. 270.000. Áætlaður framfærslukostnaður var kr. 71.910, áætlaður rekstarkostnaður bifreiðar og fasteigna var kr. 0. Áætluð greiðslugeta án tillits til skulda var kr. 198.090 og áetluð greiðslubyrði lána (ekki uppgreidd) var kr. 43.102. Áetluð greiðslubyrði væntanlegs láns var kr. 0. Þá var áetluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda kr. 111.988. Í liðnum eignir og skuldir var fasteign kr. 0, innlán kr. 2.500 og verðbréf kr. 0. Eignir samtals voru kr. 2.500. Skuldir (ekki uppgreiddar) voru kr. 11.246.898. Væntanleg lán voru kr. 3.973.000. Skuldir samtals voru kr. 15.219.898. Strikað hefur verið yfir eignastaða. Handskrifað hefur verið á greiðslumatið að tekjur og skuldir séu í erlendri mynt. Tiltekið var að greiðandi og ábyrgðarmenn hefðu fengið afhent, kynnt sér og skilið þetta mat á greiðslugetu greiðanda og samþykkt það sem fullnægjandi fyrir sig. Þeir hefðu einnig kynnt sér efni upplýsingabæklings F um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Þann 26. mars 2009 gaf B sóknaraðila fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita og taka ákvarðanir um öll hans fjármál hjá F hf. Þar með talið var undirritun lánskjala, upplýsingaöflun og úttektir á öllum hans reikningum. Allt sem umboðshafi gerði samkvæmt umboðinu var jafngilt því að hann hefði gert það sjálfur.

Þann 1. janúar 2012 fékk sóknaraðili skjalið „Yfirlit ábyrgða“ sent. Yfirlitið sýndi ábyrgðir sóknaraðila á skuldum annarra við varnaraðila þann 1. janúar 2012. Sóknaraðili var m.a. í ábyrgðum vegna Æ, ábyrgðarfjárhæð JPY 2.000.000, gildistími til 15. febrúar 2012, vanskil voru kr. 2.868.182 og R, ábyrgðarfjárhæð CHF 50.000, gildistími til 15. febrúar 2012, vanskil voru kr. 2.868.182.

Þann 1. febrúar 2012 afskrifaði varnaraðili JPY 1.153.480,38 vegna reiknings nr. Ö og eyðilagði reikninginn í kjölfarið. Samdægurs afskrifaði varnaraðili CHF 25.011,97 vegna reiknings nr. S og eyðilagði reikninginn í kjölfarið. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. apríl 2013 var óskað eftir upplýsingum um það hvort skuld hefði verið á reikningum nr. Ö og S þegar reikningarnir voru eyðilagðir og hvernig hafi verið farið með hana í kjölfarið. Varnaraðili kvað enga skuld hafa verið eftir en síðari reikningsnúmer hafi komið í staðinn fyrir þau fyrri. Ekki var tilgreint hvaða reikningsnúmer það voru.

Fyrir liggja tvö skjöl sem bera yfirskriftina „Yfirlýsing með stofnun innlánsreiknings“. Stofndagur reikninga B nr. T og U var tilgreindur 1. febrúar 2012. Samkvæmt skjölunum voru umræddir reikningar stofnaðir að beiðni varnaraðila vegna endurútreiknings á myntveltu. Tiltekið var að reikningarnir væru læstir fyrir innborgunum. Þeir yrðu eyðilagðir eftir að samið hefði verið um skuld á þeim nema viðskiptavinur óskaði þess sérstaklega að halda þeim og myndi þá á sama tíma fylla út umsókn um þá og framvísa fullgildum persónuskilríkjum, hefði það ekki verið gert nú þegar.

Þann 1. febrúar 2012 voru B send tvö bréf en heimilisfang var tilgreint „Lúxemborg“. Í bréfunum kom fram að Alþingi hefði samþykkt í desember 2010 breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sem kvæðu á um endurútreikning lána með ólögumætri gengistryggingu. Það væri mat varnaraðila að

myntveltureikningar nr. Ö og S kvæðu á um slíka gengistryggingu. Í samræmi við ákvæði laganna hefðu myntveltureikningarnir verið endurútreiknaðir miðað við lægstu óverðtryggðu vexti sem Seðlabanki Íslands birti sbr. 10. gr. sömu laga. Tiltekið var að staða reiknings nr. Ö fyrir endurútreikning hefði verið kr. -2.949.229 og staða eftir endurútreikning miðað við 31. janúar 2012 væri kr. 1.080.026. Þá var staða reiknings nr. S fyrir endurútreikning kr. -6.286.909 en eftir endurútreikning miðað við 31. janúar 2012 kr. -2.925.428. Af framansögðu væri ljóst að ekki hefði verið um erlenda myntveltureikninga að ræða og því hefði reikningunum verið breytt í íslenska tékkareikninga og hefðu þeir fengið númerin T og U. Óskað var eftir því að B hefði samband við varnaraðila til að ganga frá greiðslu eða semja um greiðslutilhögun innan 20 daga frá dagsetningu bréfsins. Eftir þann tíma yrðu kröfurnar sendar í innheimtu.

Sumarið 2012 sendi sóknaraðili varnaraðila fyrirspurn varðandi gildi ábyrgða á tryggingarbréfi nr. Z, sjálfskuldarábyrgða nr. Æ og R. Varnaraðili kvað allar ábyrgðirnar gildar.

Þann 5. janúar 2013 barst sóknaraðila yfirlit ábyrgða hjá varnaraðila. Yfirlitið sýndi ábyrgðir hans á skuldum annarra við varnaraðila. Ein sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila var tilgreind, þ.e. V, greiðandi E ehf. Fyrirvari var gerður um villur í tölvuútskriftinni. Ef misræmi væri á milli skráningarupplýsinga á yfirlitinu og ábyrgðarskjali, gildi ábyrgðarskjalið.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 10. janúar 2013.

Þann 5. júlí 2013 sendi varnaraðili B bréf vegna endurútreiknings láns nr. Þ. Staða fyrir leiðréttingu miðað við 4. júlí 2013 var tilgreind kr. 17.841.816 og staða eftir lánveitingu kr. 12.496.007.

Þann 8. júlí 2013 barst B tölvupóstur frá starfsmanni varnaraðila. Þar kom fram að til útibús varnaraðila hefði borist endurútreikningur á erlendu láni nr.Þ.

Þann 8. júlí 2013 barst sóknaraðila innheimtubríf vegna skuldabréfs nr. T. Samtals var krafan kr. 1.199.349.

Þann 8. júlí 2013 barst sóknaraðila innheimtubríf vegna skuldabréfs nr. U. Samtals nam krafan kr. 3.153.173.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili viðurkenni að allar tryggingar sem snúa að lánnum B séu ekki gildar.

Sóknaraðili vísar til þess að sjálfskuldarábyrgðir nr. R og Z [sic] vegna reikninga nr. Ö og S hafi runnið úr gildi þann 15. febrúar 2012. B hafi ekki stofnað né gengist í ábyrgð fyrir neina nýja reikninga. Það kveðst sóknaraðili heldur ekki hafa gert. Þá hafi staða framangreindra reikninga verið færð niður í kr. 0 með afskrift og viðkomandi reikningar eyðilagðir. Í ljósi alls þessa krefst sóknaraðili þess að varnaraðili viðurkenni þá staðreynd að hvorki sóknaraðili né B séu í neinni ábyrgð né skuldbindingu vegna ofanritaðra ábyrgða né reikninga þar sem þeir hafi verið afskrifaðir og eyðilagðir.

Sóknaraðili kveður það rangt að hann haldi því fram að ábyrgðir vegna reikninga nr. Ö og S séu úr gildi fallnar vegna þess að þær hafi útrunnið 15. febrúar 2012. Sóknaraðili kveðst halda því fram að viðkomandi ábyrgðir séu úr gildi fallnar þar sem umræddir reikningar hafi verið afskrifaðir og staða þeirra sé kr. 0. Þá megi benda á að í sjálfskuldarábyrgðunum komi eftirfarandi fram: „Ábyrgðin nær til

þeirrar skuldar sem fyrir hendi er við lok gildistímans, hvort sem skuldin er gjaldfallin eða ekki.“

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili bendi á að greiðslumat vegna umræddra reikninga hafi verið undirritað á sama degi og lánin. Sóknaraðili telur það hljóma undarlega þar sem samkvæmt sama skjali hafi gerð greiðslumatsins lokið þann 26. febrúar 2008, eða ellefu dögum eftir að láni hafi verið undirritað. Sóknaraðila hafi þá væntanlega verið kynnt umrætt greiðslumat ellefu dögum áður en það hafi orðið til í tölvukerfi bankans.

Sóknaraðili bendir á að bréf varðandi endurútreikning á reikningum nr. Ö og S hafi varnaraðili sent á B Lúxemborg. Fróðlegt væri að sjá hvert í Lúxemborg bankinn hafi sent skjalið. Kveður sóknaraðili B ekki hafa fengið umrædd bréf. Þá hafi B ekki fengið neinar innheimtur né kröfur vegna lánsins, hann hafi aldrei fengið nein bréf frá bankanum eða innheimtuaðilum frá upphafi, sem sé frekar merkilegt.

Bendir sóknaraðili á að áður en reikningar nr. Ö og S hafi verið felldir niður hafi hann getað séð þá á heimabanka sínum og skuldastöðu þeirra. Eftir að reikningarnir hafi verið felldir niður þá sé skuldastaða hans á heimabanka vegna þessara reikninga kr. 0. Ekki sé að sjá aðra reikninga í hans eigu. Þá séu engar undirskriftir á skjölum vegna stofnunar nýrra reikninga og í bréfi til B sem bendi til þess að honum hafi aldrei verið send umrædd gögn.

Vísar sóknaraðili til þess að sé yfirlit yfir ábyrgðir hans hjá bankanum, dags. 5. janúar 2013, skoðað þá sé hann ekki í ábyrgð fyrir nýstofnuðu reikningana. Ábyrgðir hans hafi gilt um reikninga nr. Ö og S og stöðu þeirra á þeim degi sem ábyrgðirnar hafi runnið út. Samkvæmt öllum yfirlitum hafi staða þeirra verið kr. 0 og þeir afskrifaðir þann 1. febrúar 2012.

Þá bendir sóknaraðili á að hann hafi nýlega fengið innheimtubríf vegna reikninga nr. T og U. Í innheimtukröfunni sé engir endurútreikningar.

Sóknaraðili bendir á varðandi tryggingarbréf nr. Z að í bréfi frá bankanum hafi komið fram að B hafi óskað eftir að viðkomandi yfirdráttarreikningi yrði breytt í erlent lán. Sóknaraðili kveður það alrangt. Um tvö lán hafi verið að ræða, yfirdrátt og erlent lán. Það að hið erlenda lán hafi verið gefið út hafi alfarið verið að ósk bankans, ekki B. Á lánsúmsókn sé ekki ósk um erlent lán heldur einhver tillaga um 10.000 kr. Hafi það því á engan hátt verið umbeðið af B né neinum á hans vegum, skjalið sé undirritað af varnaraðila.

Sóknaraðili bendir á að vegna útgáfu tryggingarbréfs nr. Z hafi ekki verið gert greiðslumat, eins og beri að gera. Þá sé í bréfi frá bankanum ýjað að því að draga megí þá ályktun að þar sem M og A hafi undirritað sjálfskuldarábyrgð vegna sex milljóna tíu mánuðum fyrr, þá muni hún gilda fyrir viðkomandi lán. Það sé algerlega fjarstæðukennt og í hæsta máta óviðeigandi, enda sjálfskuldarábyrgðin ekki fyrir þessu erlenda láni.

Sóknaraðili mótmælir því að hafa óskað eftir því að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarskuldar B. Það sé alrangt en varnaraðili hafi óskað eftir því að sjálfskuldarábyrgð yrði lögð fram vegna yfirdráttar B. Á þeim tíma hafi sóknaraðila þótt það eðlilegt þar sem B hafi verið í námi. Sú sjálfskuldarábyrgð hafi eingöngu verið veitt vegna umrædds yfirdráttar að fjárhæð kr. 6.000.000 og umrædd yfirlýsing hafi eingöngu verið veitt vegna umrædds yfirdráttar og ekki sé heimild til neins annars.

Sóknaraðili bendir á að skjöl vegna sjálfskuldarábyrgðar X hafi verið stimpluð og undirrituð af lánasýslu F sem ógild. Í ljósi þessa sé ábyrgðin ógild. Það sé því krafa sóknaraðila að varnaraðili viðurkenni þá staðreynd að sjálfskuldarábyrgð X og

yfirlýsing X séu ógildar eins og gögn lánasýslu varnaraðila segi til um. Auk þess hafi bankinn viðurkennt þá staðreynd sem fram komi í bréfi bankans að ekkert greiðslumat hafi verið framkvæmt vegna lánasamnings upp á tíu milljónir. Tryggingarbréf nr. Z sé þar með ógilt og krafa sé gerð um að tryggingarbréfinu verði aflétt af eign eiginkonu sóknaraðila, að G.

Sóknaraðili kveður það rangt að hann hafi fullt umboð til að fara með fjármál sonar síns. Í umboðinu felist að undirrita gögn varðandi lánasamning að fjárhæð kr. 10.000.000 og tryggingarbréf, með veði í D. Bendir sóknaraðili á að allsherjarumboð hafi verið veitt þann 26. mars 2009 eða um tveimur árum eftir að lánið hafi verið veitt og þar af leiðandi komi það þeim málum sem sóknaraðili hafi kvartað yfir ekkert við. Það sé undirritað af B sjálfum að kröfu varnaraðila þar sem F hafi orðið gjaldþrota nokkrum mánuðum áður. Sóknaraðili telur vert að geta þess að frá því varnaraðili hafi tekið við þá hafi sóknaraðili neitað að skrifa undir nein skjöl eða pappíra vegna B nema til kæmi bættur hagur lántakandans.

Sóknaraðili kveður það alrangt að hann hafi komið að öllum fjármálum B. B hafi flutt að heiman 18 ára gamall og hafi frá þeim degi séð alfarið um öll sín fjármál.

Vísar sóknaraðili máli sínu til stuðnings til dóma Hæstaréttar í málum nr. 169/2012 og 4/2013.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Vísar varnaraðili til þess að þegar sóknaraðili hafi undirritað sjálfskuldarábyrgðina hafi falist í því loforð sem skuldbindi sóknaraðila og eiginkonu hans. Sönnunarbyrði um að skuldbinding þeirra sé fallin úr gildi eða ógild hvíli á sóknaraðila og hafi hann ekki sýnt fram á það. Samkomulag og notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi ekki gildi laga og frávik frá orðalagi þess leiði ekki til ógildingar skuldbindinga heldur verði að meta allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Til stuðnings þess bendir varnaraðili á dóm Hæstaréttar í máli nr. 116/2010.

Varnaraðili hafnar því að ógilda beri sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila og eiginkonu hans á grundvelli þess að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat. Það hafi legið fyrir að sóknaraðili og eiginkona hans hafi vitað að sonur þeirra myndi ekki standast greiðslumat og fyrir liggi yfirlýsing þeirra þess efnis. Þar komi fram að þau hafi gert sér grein fyrir fjárhagsstöðu sonar síns og að hann hafi ekki haft tekjur til að byggja greiðslumat á sökum þess að hann hafi verið í námi. Sé það í samræmi við 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Bendir varnaraðili á að hefði bankinn samt sem áður framkvæmt greiðslumat og niðurstaðan verið neikvæð, sbr. yfirlýsingu sóknaraðila og eiginkonu hans, verði að telja ótrúverðugt að þau hefðu fallið frá ákvörðun sinni um að gangast í ábyrgð enda væri niðurstaðan í samræmi við yfirlýsinguna. Varnaraðili telur að það hafi ekki verið ákvörðunarástæða hjá sóknaraðila og eiginkonu hans að gangast í ábyrgðina að fá að sjá niðurstöðu greiðslumats vegna lántökunnar, enda beri yfirlýsingin með sér að þau hafi vitað að hann hefði ekki staðist slíkt mat og hafi engu að síður viljað ábyrgjast skuldina. Ástæða þess að greiðslumeta skuli lántakendur sé svo að væntanlegir ábyrgðarmenn geti tekið upplýsta ákvörðun áður en þeir gangist í ábyrgð. Í þessu tilviki hafi sóknaraðili verið upplýstur og sé því ekki ósanngjarnt af hálfu varnaraðila að bera fyrir sig sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila og eiginkonu hans, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Bendir varnaraðili á niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 153/2005 [sic]. Dómurinn færir enn frekari stuðning við afstöðu varnaraðila um að leggja verði aðaláherslu á að ábyrgðarmaður sé upplýstur um fjárhagsstöðu greiðanda lánsins þegar hann gengist í ábyrgðina en ekki að ákvæðum samkomulagsins sé fylgt til hins ítrasta eftir orðanna hljóðan. Varnaraðili bendir einnig á úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 131/2012. Varnaraðili telur að sömu sjónarmið eigi við í máli þessu og í framangreindum úrskurði. Telur varnaraðili að við mat á 36. gr. laga nr. 7/1936 og sanngirnissjónarmiðum verði að taka til greina að skuldarinn sem þau hafi gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir sé sonur þeirra og af yfirlýsingu þeirra að dæma vilji þau styrkja hann til náms og hafi því getað vitað að hann myndi ekki eiga auðvelt með að standa við greiðslur á næstunni þar sem námi hans hafi ekki verið lokið.

Varnaraðili hafnar því að bankanum hafi verið skylt að framkvæma greiðslumat þegar sóknaraðili og eiginkona hans hafi undirritað tryggingarbréf vegna lánsammans nr. Þ þann 23. mars 2007. Sonur sóknaraðila hafi veitt sóknaraðila fullt umboð til þess að fara með fjármál sín gagnvart varnaraðila og hafi óskað eftir því að skuldin yrði færð úr íslenskum krónum yfir í erlenda gjaldmiðla. Sóknaraðili undirriti eftir umboði sonar síns öll skjöl þessu tengdu, bæði lánssamninginn sjálfan, beiðni um útborgun, þar sem fram komi að andvirðið renni til greiðslu yfirdráttarskuldarinnar, þ.e. reikning nr. Y. Varnaraðili vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 16/2007. Ekki hafi verið um að ræða nýja skuldbindingu þegar skuldinni hafi verið breytt og þar með ábyrgð sóknaraðila og eiginkonu hans. Því hafi bankanum ekki verið skylt að framkvæma mat á greiðslugetu sonar sóknaraðila.

Varnaraðili vísar sérstaklega til þess að á þessum tíma hafi verið ljóst að sonur sóknaraðila hafi verið að ljúka flugnámi og væri í atvinnuviðtölum erlendis. Sóknaraðili hafi því verið að fullu upplýstur um að sonur hans hafi ekki verið með tekjur til að meta eins og fram komi í yfirlýsingu sóknaraðila og eiginkonu hans þegar þau hafi upphaflega gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir hann árinu áður. Sóknaraðili undirriti öll skjöl eftir umboði sonar síns og sé að fullu upplýstur.

Varnaraðili telur ótrúverðugt að á þessum tíma hafi það verið ákvörðunarástæða fyrir sóknaraðila að fram færi mat á greiðslugetu sonar hans, sérstaklega í ljósi þess að hann hafi farið með fjármál sonar síns á þessum tíma gagnvart bankanum.

Varnaraðili mótmælir tilvísun sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012, enda hafi atvik máls þess verið ólík máli þessu. Þar hafi verið um að ræða einstakling sem gengist hafi í ábyrgð án þess að hafa nokkra vitneskju um fjárhag skuldarans. Hafi hann undirritað ábyrgð án upplýsinga um áhættu sína og ekki hafi verið óskað sérstaks samþykkis um að veita veð í fasteign hans. Í þessu máli hafi sóknaraðili verið með aðgang að öllum fjárhagsupplýsingum sonar síns hjá varnaraðila og hafi haft umsýslu þeirra í sínum höndum. Jafnframt hafi þess verið gætt að afla sérstaks samþykkis sóknaraðila og eiginkonu hans til að veita veðið. Sé því dómurinn ekki fordæmi fyrir niðurstöðu í þessu máli.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili vísi til þess að lánasýsla varnaraðila hafi áritað upprunalegu sjálfskuldarábyrgðina nr. X ógilda, sem rökstuðning fyrir kröfu sinni. Ljóst sé af framansögðu að þegar sóknaraðili og eiginkona hans hafi undirritað tryggingarbréf nr. Z vegna lánsammans nr. Þ hafi það komið í stað upprunalega skuldabréfsins og hafi því orðið skuldbreyting. Hafi slík síðari áritun á eldri skuldaskjölin enga þýðingu varðandi skuldbindingu sóknaraðila eða eiginkonu hans.

Varnaraðili hafnar einnig sérstaklega kröfu sóknaraðila um að tryggingarbréfi nr. Z verði aflétt af eign eiginkonu hans. Í fyrsta lagi vegna þess að veðsetningin á grundvelli tryggingarbréfsins sé lögmæt með vísan til fyrri umfjöllunar en í öðru lagi vegna þess að hún sé ekki aðili að máli þessu. Hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að hann hafi lögmæta hagsmuni af kröfunni og geti sóknaraðili ekki með réttu haft uppi kröfur fyrir hönd hennar.

Varðandi sjálfskuldarábyrgðir nr. Æ og R þá hafnar varnaraðili fullyrðingum sóknaraðila um að þær séu ekki skuldbindandi fyrir sóknaraðila. Þær hafi verið gefnar út þann 15. febrúar 2008 til tryggingar skuld vegna yfirdráttar á myntveltureikningum nr. Ö og S. Sama dag hafi sóknaraðili undirritað niðurstöðu greiðslumats vegna þeirra. Í 5. gr. sjálfskuldarábyrgðanna komi fram að: „Ábyrgðin stendur óhöggud þótt reikningseiganda verði úthlutað nýju reikningsnúmeri ef reikningurinn kemur að öllu leyti í stað fyrri reiknings, hvort sem reikningurinn er í sama útibúi eða í öðru útibúi bankans.“ Sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila hafi því ekki fallið niður þó svo að númer reiknings eða reikninga hafi breyst og hafnar kærði því að sóknaraðili sé ekki skuldbundinn vegna þeirra, jafnvel þó að upphaflegir reikningar séu ekki lengur í notkun. Jafnframt komi fram í 3. gr. sjálfskuldarábyrgðarinnar að: „Gildistími ábyrgðarinnar er fjögur ár frá útgáfudegi yfirlýsingar þessarar. Ábyrgðin nær til þeirrar skuldar sem fyrir hendi er við lok gildistímans, hvort sem skuldin er þá gjaldfallin eða ekki. Innheimta má þá skuld hjá sjálfskuldarábyrgðaraðila í fjögur ár frá lokadegi gildistíma ábyrgðarinnar.“ Skuldbindingar sóknaraðila hafi því ekki fallið niður þann 15. febrúar 2012 eins og hann haldi fram heldur nái þær til þeirrar skuldar sem fyrir hendi hafi verið við lok gildistímans í fjögur ár frá þeim tíma. Þessi skilningur sóknaraðila endurspeglar í rökstuðningi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4206/2011.

Að lokum telur varnaraðili rétt að benda á að sóknaraðili hafi haft bein og sannanleg afskipti af fjármálum sonar síns, B, frá því að B hafi verið 19 ára gamall árið 2006. Þá hafi hann gengist í ábyrgð fyrir hann til þess að aðstoða hann við að fjármagna flugnám sitt. Ári síðar hafi hann farið með fjármál hans gagnvart bankanum eftir umboði B og hafi sóknaraðili haft aðgang að öllum upplýsingum um fjármál hans og stýrt þeim gagnvart varnaraðila. Sá ráðahagur sé staðfestur og ítrekaður þann 26. mars 2009 þegar hann hljóti allsherjarumboð til þess að taka ákvarðanir um öll fjármál B gagnvart varnaraðila. Sýni þetta fyrirkomulag aðstoðu og yfirsýn sóknaraðila gagnvart fjármálum B, til hliðsjónar, við heildarmat á máli þessu, sérstaklega þegar litið sé til mats á skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að það sé ósanngjarnt af hálfu varnaraðila að bera fyrir sig framangreindar skuldbindingar, hvað þá að önnur skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að ábyrgðum sóknaraðila á yfirdráttarheimild nr. X, tryggingarbréfi nr. Z, yfirdráttarheimildum á myntveltureikningum nr. Æ og R.

Í upphafi verður vikið að ábyrgðum á yfirdráttarheimild nr. X og tryggingarbréfi nr. Z.

Fasteign eiginkonu sóknaraðila að D, síðar G, var sett að veði til tryggingar tryggingarbréfi nr. Z. Ekki verður séð að sóknaraðili geti ráðstafað þeim hagsmunum sem varða veðsetningu fasteignar eiginkonu sinnar, A og hann hefur ekki lagt fram

umboð hennar til málarekstursins, en krafa af þessu tagi verður að stafa frá veðsalanum sjálfum til að komast að. Í ljósi þessa verður ekki hjá því komist að vísa þeim hluta kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 146/2012.

Tryggingarbréf nr. Z kom samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila og lánsúmsókn, dags. 19. mars 2007, í stað sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á yfirdráttarheimild nr. X og var sjálfskuldarábyrgðin því ógilt, með stimpli lánasýslu varnaraðila. Þegar af þeirri ástæðu er sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila nr. X fallin niður.

Verður því næst fjallað um ábyrgðir sóknaraðila nr. Æ og R.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. F var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. F bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Fyrir liggur að sóknaraðila var kynnt jákvætt greiðslumat á B. Í ljósi þess hefur varnaraðili uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 3. gr. samkomulagsins að því leyti. Undirskrift sóknaraðila er dagsett 15. febrúar 2008, en prentað hefur verið á skjalið „Lokið 26.2.2008“. Það var á ábyrgð sóknaraðila sjálfs að dagsetja undirskrift sína, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 144/2012. Í ljósi skýrrar dagsetningar undirritunar sóknaraðila og þess að sóknaraðili hefur ekki í ljósi jákvæðrar niðurstöðu greiðslumatsins sýnt fram á að orsakatengsl séu milli dagsetningarinnar 26. febrúar 2008 og ábyrgðarinnar sem hann gekkst í, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 133/2012, verður ekki hjá því komist að hafna kröfu um ógildingu á grundvelli þess að dagsetningin 26. febrúar 2008 sé prentuð á skjalið.

Ábyrgðir sóknaraðila nr. Æ og R stóðu til tryggingar reikningum B nr. Ö og S. Umræddir reikningar voru eyðilagðir 1. febrúar 2012 og skuld á þeim afskrifuð. Stofnaðir voru nýir reikningar, nr. T og U. Af gögnum málsins virðist það sem leiðrétt var við endurútreikning, sbr. bréf. varnaraðila, dags. 1. apríl 2012, hafa verið flutt á nýju reikningana, en ekki það sem afskrifað var af gömlu reikningunum. Varð því staða gömlu reikninganna lægri sem því nemur.

Samkvæmt 5. gr. ábyrgðanna standa ábyrgðirnar óhaggaðar þótt reikningseiganda verði úthlutað nýju reikningsnúmeri ef reikningurinn kemur að öllu leyti í stað fyrri reiknings, hvort sem reikningurinn er í sama útibúi eða öðru útibúi bankans. Í ljósi framlagðra gagna málsins liggur fyrir að varnaraðili hefur búið til nýja reikninga í íslenskum krónum sem komu í stað “erlendu” reikninganna og tóku við stöðunni á þeim, jafnvel þótt gögnin beri með sér að mistök kunni að hafa verið gerð þar, sem þó eru viðskiptamanninum í hag.

Í ljósi framangreinds verður að líta svo á að nýju reikningar B, nr. T og U, hafi komið að öllu leyti í stað fyrri reikninga nr. Ö og S, þrátt fyrir að varnaraðili hafi lækkað skuld B meira en sem nam endurútreikningunum.

Samkvæmt 3. gr. ábyrgðanna er gildistími þeirra í fjögur ár frá útgáfudegi þeirra. Náðu ábyrgðirnar þá til þeirrar skuldar sem fyrir hendi var við lok gildistímans, hvort sem skuldin var þá gjaldfallin eða ekki. Innheimta mátti þá skuld hjá sjálfskuldarábyrgðaraðila í fjögur ár frá lokadegi gildistíma ábyrgðanna.

Af framangreindu verður ráðið að gildistími ábyrgðanna var til 15. febrúar 2012. Náði ábyrgðin þá til þeirrar skuldar sem fyrir hendi var við lok gildistímans en hana má varnaraðili innheimta til 15. febrúar 2016. Varnaraðila er því heimilt að innheimta hjá sóknaraðila þá skuld sem var fyrir hendi á reikningum nr. T og U til 15. febrúar 2016. Verður því að hafna kröfum sóknaraðila er varða ógildingu ábyrgða hans á reikningum nr. T og U.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, er lýtur að gildi veðsetningar fasteignar A, að E, með tryggingarbréfi nr. Z er vísað frá.

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila nr. X er fallin niður.

Kröfu sóknaraðila er varðar ógildingu sjálfskuldarábyrgða nr. Æ og R er hafnað.

Reykjavík, 16. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2013, fimmtudaginn 4. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 23. janúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 23. janúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. janúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 1. febrúar 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. febrúar, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 4. apríl 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 20. júlí 2009 var skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ undirritað. Aðilar í greiðslumati voru A og B. Ráðstöfunartekjur samtals voru kr. 278.101, áætluð greiðslugeta án tillits til lána var kr. 137.701 og til ráðstöfunar eftir framfærslu og greiðslu lána á mánuði var kr. 35.544. Eignir samtals voru kr. -2.186.000 og skuldir samtals voru kr. 16.388.514. Ráðstöfunarfé (eignir og væntanleg lán) var kr. 414.000.

Þann 21. júlí 2009 var skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. X“ undirritað. Umsækjandi um lán að fjárhæð kr. 2.600.000 var B, og sóknaraðili var ábyrgðarmaður. Ráðstafa átti láninu til að greiða upp heimildir á reikningi nr. Y um kr. 600.000, YY um kr. 800.000 og YYY um kr. 800.000. Gert var ráð fyrir greiðslumati sem fyllt hefur verið út með kr. 0. Eftirfarandi kom fram á skjalinu: „*Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 32 [sic] um ábyrgðarmenn að meta*

greiðslugetu greiðanda. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um [sic] ábyrgðir. Undirrituðum hefur verið kynnt, að F býður ekki upp á ábyrgðartryggingu fyrir ábyrgðarmenn í stað ábyrgðar.“ Þá kom fram að greiðslumat hefði verið framkvæmt og sóknaraðila kynnt niðurstaða þess í samræmi við það sem að neðan greindi. Hakað var við að greiðslumat benti til þess að umsækjandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður samþykkti að gangast í ábyrgðina engu að síður.

Þann 21. júlí 2009 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.600.000 gefið út af B til varnaraðila. Sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu. Á skuldabréfinu kom eftirfarandi fram: „*Með sjálfskuldarábyrgð skuldbindur ábyrgðaraðili sig til að tryggja kröfuhafa efnidir á skuldbindingum skuldara. Ábyrgðaraðili ábyrgist greiðslu skuldara eins og um hans eigin skuld væri að ræða. Ábyrgðaraðila er skylt að greiða skuldina við vanskil, ef kröfuhafi krefst þess, þótt kröfuhafi hafi engar tilraunir gert til að fá hana greidda hjá skuldara. Ábyrgðaraðili ábyrgist alla skuldina og ef ábyrgðaraðilar eru fleiri en einn, ábyrgist hver um sig fulla greiðslu gagnvart kröfuhafa (óskipt ábyrgð/in solidum). Við vanefnd skuldara er kröfuhafa í sjálfsvald sett, hvern hann krefur fyrst, skuldara eða sjálfskuldarábyrgðaraðila. Röð ábyrgðaraðila á skuldaskjali/ábyrgðaryfirlýsingu skiptir ekki máli (ef um einfalda ábyrgð væri að ræða, verður ábyrgðaraðili ekki krafinn um greiðslu fyrr en sýnt hefði verið fram á greiðsluþrot skuldara, t.d. með árangurslausu fjárnámi) Ef ábyrgðaraðili greiðir ábyrgðarskuld, öðlast hann sama rétt á hendur skuldara og kröfuhafi átti og með sömu takmörkunum. Honum er einnig heimilt að krefja meðábyrgðaraðila sína um greiðslu hluta skuldarinnar (skipt ábyrgð/pro rata). Sjálfskuldarábyrgðin gildir jafnt þótt greiðslufrestur verði veittur á láninu einu sinni eða oft.“*

Sóknaraðili skrifaði undir lánsúmsókn, skuldabréfið og greiðsluáætlun samkvæmt umboði frá B, dags. 2. júlí 2009.

Þann 27. júlí 2011 var gerð skilmálabreyting á skuldabréfi nr. X, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Þann 25. febrúar 2010 var skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. Z“ undirritað. Umsækjandi um lán að fjárhæð kr. 2.000.000 var B. Fasteignaveð var fasteign sóknaraðila að C. Láninu skyldi ráðstafað til greiðslu á skuldabréfi nr. Þ, kr. 1.036.048, uppgreiðslu á Mastercard kr. 304.146 og til greiðslu annarra skulda. Greiðslumat var á skjalinu þar sem fram kom að ráðstöfunartekjur eftir framfærslu og greiðslu lána var kr. 848 mánaðarlega og kr. 10.176 árlega. Þá var hrein eign kr. -5.857.830. Eftirfarandi kom fram á skjalinu: „*Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegi skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 32 [sic] um ábyrgðarmenn að meta greiðslugetu greiðanda. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um [sic] ábyrgðir. Undirrituðum hefur verið kynnt, að F býður ekki upp á ábyrgðartryggingu fyrir ábyrgðarmenn í stað ábyrgðar.“ Þá kom fram að greiðslumat hefði verið framkvæmt og sóknaraðila kynnt niðurstaða þess í samræmi við það sem að neðan greindi. Greiðslumat benti til þess að umsækjandi gæti efnt skuldbindingar sínar.*

Þann 25. febrúar 2010 var veðskuldabréf nr. Z, að fjárhæð kr. 2.000.000 gefið út af B til varnaraðila. Fasteign sóknaraðila og D að C, var sett að veði á 4. veðrétti til tryggingar skuldinni.

Þann 25. febrúar 2010 var skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ undirritað. Aðili í greiðslumati var B. Ráðstöfunartekjur samtals voru kr. 199.520, áætluð greiðslugeta án tillits til lána var kr. 109.533 og til ráðstöfunar eftir framfærslu og greiðslu lána var kr. 848. Eignir samtals voru kr. -1.340.000 og skuldir samtals voru kr. 7.969.983. Ráðstöfunarfé (eignir og væntanleg lán) voru kr. 659.806.

Þann 12. apríl 2012 var gerð veðbandslausn á veðskuldabréfi nr. Z. Meðal annars kom fram að veðskuldabréfið væri einnig tryggt með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila. Samkvæmt beiðni samþykkti varnaraðili að leysa C úr veðböndum.

Þann 6. nóvember 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila þar sem óskað var eftir því að ábyrgðir nr. X og Æ yrðu skoðaðar og rökstudd afstaða tekin til gildis þeirra. Varnaraðili kvað ábyrgð nr. X gilda þann 11. desember 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 23. janúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðir á lánnum nr. X og Z verði felldar úr gildi.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa farið eftir lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn við stofnun umræddrar ábyrgðarskuldbindingar. Sóknaraðili bendir á að hvergi sé að finna ábyrgðarsamning við stofnun lánanna en 6. gr. laga nr. 32/2009 vísi í að hann eigi að vera til staðar. Eigi ábyrgðarsamningur að innihalda allar upplýsingar sem séu tilgreindar í 5. gr. laga nr. 32/2009. Þá eigi ábyrgðarmaður rétt á að fá afrit af ábyrgðarsamningi áður en hann gangist í ábyrgð. Umrædd lög nr. 32/2009 kveði á um að heimilt sé að víkja ábyrgð til hliðar í heild eða að hluta á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerna.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varðandi skuldabréf nr. X mótmælir varnaraðili þeim rökum sóknaraðila að ekki hafi verið gerður sérstakur ábyrgðarsamningur þegar ábyrgðin hafi verið veitt, og því hafi lánveitandi ekki fylgt ákvæðum laga nr. 32/2009. Bendir varnaraðili á að ljóst sé að gerður hafi verið ábyrgðarsamningur, þær upplýsingar sem lög nr. 32/2009 kveði á um að liggja skuli fyrir þegar lán sé veitt hafi verið til staðar og tryggt hafi verið að sóknaraðili gæti kynnt sér þær áður en hann hafi skrifað undir sem ábyrgðarmaður. Ekki sé kveðið á um það að hinn svokallaði ábyrgðarsamningur skuli vera í ákveðnu formi heldur sé fjallað um þau atriði sem þurfi að vera ábyrgðarmanni ljós er ábyrgðin sé veitt og að ábyrgðarsamningurinn skuli afhendast ábyrgðarmanni ásamt skuldabréfi áður en ábyrgðarmaður gangist við ábyrgðarskuldbindingunni. Greiðslumat hafi verið framkvæmt, niðurstaða þess mats hafi verið jákvæð, ráðstöfun lánsins hafi legið fyrir og hafi ábyrgðarmaður staðfest að hann hafi kynnt sér efnislegt innihald allra þeirra skjala er varðað hafi lánveitinguna. Þar að auki hafi ábyrgðarmaður verið með umboð frá lántaka þannig að hann hafi komið fram fyrir hönd lántaka og skrifað undir öll lánsskjölin í nafni lántaka. Sé efnislegt innihald skjalanna skoðað sé ljóst að allar þær upplýsingar sem liggja hafi átt fyrir skv. 4. og 5.

gr. laga nr. 32/2009 hafi legið fyrir, þannig að ekki verði séð að lánveitanda beri að fella ábyrgðina niður enda um gilda ábyrgð að ræða.

Vísar varnaraðili til þess að jafnvel þó að úrskurðarnefndin komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið fylgt ákvæðum laga nr. 32/2009 þá vísar varnaraðili í niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 213/2012 en þar hafi komið fram að heimfæra þurfi hin ætluðu brot undir 36. gr. laga nr. 7/1936. Ekki hafi verið sýnt fram á að atvik við ábyrgðarveitingu þessa hafi fallið undir 36. gr. laga nr. 7/1936 enda sé augljóst að öllum ákvæðum laga nr. 32/2009 hafi verið fylgt og því ekkert sem gefi það til kynna að eitthvað óeðlilegt hafi átt sér stað við ábyrgðarveitinguna.

Varðandi skuldabréf nr. Z mótmælir varnaraðili að fella skuli úr gildi ábyrgð sóknaraðila enda sé ljóst af fylgigögnum að greiðslumat hafi verið framkvæmt og allar þær upplýsingar sem liggja hafi átt fyrir hafi verið til staðar og aflað var gagngert til að tryggja að ákvæðum laga nr. 32/2009 hafi verið fylgt. Bendir varnaraðili á að allar upplýsingarnar liggi fyrir á skuldabréfinu sjálfu, lánsúmsókninni og greiðslumatinu. Því hafi verið uppfyllt sú upplýsingaskylda sem lög nr. 32/2009 leggi á lánveitanda. Framangreind skjöl hafi sóknaraðili kynnt sér og staðfest að hann hafi gert það með undirritun sinni á þau öll.

Varnaraðili vísar til þess að greiðslugeta aðalskuldara hafi verið metin í báðum tilvikum og hafi niðurstaða greiðslumatanna verið jákvæð og hafi þáverandi aðstæður aðalskuldara ekki gefið til efni til að mæla gegn ábyrgðarveitingunni. Lánveitandi hafi því ekki þurft að ráða ábyrgðarmanni með skriflegum hætti frá því að gangast í ábyrgðina.

Bendir varnaraðili á varðandi 5. gr. laganna að ljóst sé að allar þær upplýsingar sem liggja þurfi fyrir skv. 1. og 2. mgr. séu birtar á sér blaði, lánsúmsókninni og greiðslumatsblaðinu sjálfu. Hvað varði ábyrgðarsamninginn sjálfan þá sé hann samansettur af greiðslumatsskjalinu og lánsúmsókninni en á henni samþykki ábyrgðarmaðurinn að gerast ábyrgðarmaður enda sé ljóst að honum hafi verið kynntar allar þær upplýsingar sem honum hafi átt að vera kynntar skv. II. kafla laga nr. 32/2009. Ekki sé fjallað sérstaklega um það í hvaða formi ábyrgðarsamningurinn skuli vera heldur að hann skuli afhendast ábyrgðarmanni samhliða afriti af lánsamningnum sjálfum. Ábyrgðarsamningurinn samanstandi af lánsúmsókninni og greiðslumatsskjalinu sjálfu, skjöl sem í báðum tilfellum hafi verið fyllt út og undirrituð af ábyrgðarmanninum.

Varnaraðili fær ekki annað séð en að ákvæðum laga nr. 32/2009 hafi verið fylgt til hlítar, ábyrgðarmaður hafi verið upplýstur um það hver greiðslugeta aðalskuldara væri, hvernig ábyrgðir og veðsetningar virka, hvar megi leysa úr ágreiningsefnum varðandi ábyrgðina (enda hafi ábyrgðarmaðurinn sent þessa kvörtun á úrskurðarnefndina) og verði því ekki séð að lánveitandi hafi brugðist skyldum sínum þegar að komið hafi að ábyrgðarveitingunni/veðsetningunni og sé því um gildar ábyrgðir að ræða í báðum tilfellum. Komi til þess að úrskurðarnefndin telji eitthvað annað við ábyrgðarferlið ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 32/2009 þá vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 213/2012.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á skuldabréfum nr. X og Z.

Lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn tóku gildi þann 4. apríl 2009. Atvik máls þessa gerðust eftir gildistöku laganna. Lögin gilda um lánveitingar stofnana og

fyrirtækja þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efdum lántaka, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna en samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er með ábyrgðarmanni m.a. átt við einstakling sem gengst persónulega í ábyrgð eða veðsetur tilgreinda eign sína til tryggingar efdum lántaka enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans.

Annar kafli þessara laga hefur yfirskriftina: *Stofnun, efni og form ábyrgðarsamninga*. Er þar í fjórðu til sjöttu grein fjallað um þessi efni. Ekki er þar gerð sú krafa að gerður skuli sérstakur samningur í sérstöku skjali um veitingu ábyrgðarinnar, með nafninu ábyrgðarsamningur. Þar eru á hinn bóginn gerðar ákveðnar kröfur til samninga á þessu sviði.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 32/2009 skal lánveitandi meta hæfi lántaka til að standa í skilum með lán þar sem ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efdum lántaka. Greiðslumat skal byggt á viðurkenndum viðmiðum. Þá skal lánveitandi með skriflegum hætti ráða ábyrgðarmanni frá því að gangast í ábyrgð ef greiðslumat bendir til þess að lántaki geti ekki efnt skuldbindingar sínar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.

Varnaraðili framkvæmdi mat á greiðslugetu útgefenda skuldabréfa nr. X og Z og kynnti sóknaraðila forsendur og niðurstöður greiðslumatanna við útgáfu skuldabréfanna og uppfyllti með þeim hætti skilyrði 4. gr. laga nr. 32/2009, enda var niðurstaða greiðslumatanna jákvæð. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við forsendur greiðslumatanna.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 32/2009 skal lánveitandi fyrir gerð ábyrgðarsamnings upplýsa ábyrgðarmann skriflega um þá áhættu sem ábyrgð er samfara. Þá eru í staflíðum a-i 5. gr. talin upp atriði sem áhrif geta haft á áhættumat ábyrgðarmanns, en upptalningin er ekki tæmandi, sbr. athugasemdir með 5. gr. frumvarps til laga nr. 32/2009. Ekki verður séð að varnaraðili hafi vanrækt skyldur sínar að upplýsa sóknaraðila um þá áhættu sem ábyrgð er samfara, sbr. lánsumsóknirnar, skuldabréfin, og niðurstöður greiðslumats, vegna beggja lánanna.

Sóknaraðili byggir ennfremur á 6. gr. laga nr. 32/2009. Samkvæmt ákvæðinu er það gildisskilyrði að ábyrgðarsamningur sé skriflegur og þar komi fram upplýsingar sem um er getið í 5. gr. Umræddir ábyrgðarsamningar voru skriflegir og þar komu fram upplýsingar sem um er getið í 5. gr., sbr. það sem að framan er rakið. Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 4. apríl 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 26. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 28. janúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. janúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 12. mars 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. mars 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 26. apríl 2013.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili er í ábyrgð fyrir láni X, útgefnu af A til varnaraðila.

Sóknaraðili var í tölvupóstsamskiptum við varnaraðila frá júlí 2012 fram í desember 2012 vegna láns nr. X. Óskaði sóknaraðili eftir upplýsingum um sundurliðun á eftirstöðvum lánsins í tengslum við tilkynningu á vanskilum, dags. 4. júlí 2012. Námu vanskilin skv. tilkynningunni kr. 11.965.829. Sóknaraðili hafði fengið upplýsingar frá skiptastjóra þrotabús A um greiðslu að fjárhæð kr. 62.292.839 frá þrotabúinu til varnaraðila og einnig uppgjör í tengslum við niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar annars ábyrgðarmanns lánsins, B.

Með tölvupósti, dags. 25. september, frá starfsmanni bankans var sóknaraðili upplýstur um að það væri réttur skilningur hjá honum að B hafi samið við bankann um uppgjör vegna persónulegra ábyrgða sinna og veðtrygginga sem hann hafði veitt í eignum sínum fyrir skuldum A. Í póstinum kemur hins vegar ekki fram hvort greiðslur samkvæmt þessu uppgjóri komu að einhverju leyti til lækkunar láns nr. X og þá hve mikið. Með sama hætti er staðfest að varnaraðili hafi fengið greiðslu vegna sölu þeirra tækja, birgða o.fl. sem hann hafði veðtryggingu í og voru seldar

(væntanlega við skiptin) en þess er ekki getið hvaða áhrif þessi greiðsla hafði á stöðu láns X. Í skeytinu koma annars fram upplýsingar um reiknaða stöðu lánsins án innheimtukostnaðar og sú afstaða bankans að þar sem sóknaraðili vilji ekki gangast undir mat á greiðslugetu, geti bankinn ekki gengið til samninga við hann um uppgjörið. Megi því vænta þess að gripið verði til frekari innheimtuaðgerða af hálfu varnaraðila.

Þann 7. janúar 2013 fékk sóknaraðili senda ítrekun á tilkynningu á vanskilum á umræddu láni. Samtals námu vanskil kr. 11.690.930.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 25. janúar 2013.

Þann 7. mars 2013, eftir að meðferð máls þessa hófst, sendi varnaraðili sóknaraðila upplýsingar um endurútreikning láns nr. X ásamt sýnidæmi sem útskýrði endurútreikning lánsins og afrit af tilkynningu til A um endurútreikning lánsins, dags. 15. ágúst 2011. Bauðst sóknaraðila að hafa samband við Endurútreikning hjá varnaraðila og óska eftir fundi með fulltrúa þar.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst upplýsinga. Kveðst hann ítrekað hafa boðið varnaraðila um útreikninga að baki kröfu sem varnaraðili teldi sig eiga á hendur honum og sendi ítrekað upplýsingar um. Miðað við gögn þau sem sóknaraðili hafi undir höndum þá finnst honum sú fjárhæð sem komi þar fram engan veginn passa við þær upplýsingar sem hann hafi fengið frá skiptastjóra. Til að fara yfir það þurfi hann gögn yfir það hvernig upphæðin sé fundin út af hálfu bankans.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir ekki kröfur í máli þessu. Bendir varnaraðili á að bankinn hafi sent sóknaraðila þann 7. mars 2013 upplýsingar um endurútreikning á láni nr. X, ásamt sýnidæmi sem útskýri endurútreikning lánsins og afrit af tilkynningu til A um endurútreikning lánsins, dags. 15. ágúst 2011. Varnaraðili kveðst hafa boðið sóknaraðila að hafa samband við Endurútreikning hjá F með ósk um fund með fulltrúa Endurútreiknings, teldi sóknaraðili bankann ekki hafa svarað fyrirspurn sóknaraðila. Fulltrúi Endurútreiknings hjá varnaraðila hafi verið upplýstur um málið.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili að bankinn hafi komið til móts við kröfur sóknaraðila um upplýsingar um endurútreikning lánsins.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst upplýsinga um útreikninga að baki kröfu varnaraðila á hann skv. láni nr. X. Varnaraðili gerir ekki kröfur í málinu.

Fyrir liggur að sóknaraðili gekkst í ábyrgð á láni nr. X, útgefnu af A, og varnaraðili hefur hafið innheimtuaðgerðir á grundvelli þess láns á sóknaraðila. Er krafa sóknaraðila í máli þessu um upplýsingar um útreikninga að baki kröfu

varnaraðila skv. láni nr. X, svo nátengd þeirri fjárkröfu varnaraðila að b-liður 6. gr. samþykkt nefndarinnar stendur því ekki í vegi að fjallað sé um kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili sendi sóknaraðila, með bréfi dags. 7. mars 2013, upplýsingar um endurútreikning á umræddu láni ásamt sýnidæmi sem útskýrði endurútreikning lánsins og afrit af tilkynningu til A um endurútreikning lánsins, dags. 15. ágúst 2011.

Samkvæmt endurútreikningi þeim sem varnaraðili sendi sóknaraðila 7. mars 2013 voru eftirstöðvar lánsins kr. 68.258.459. Samkvæmt ítrekun á tilkynningu um vanskil, dags. 7. janúar 2013, voru eftirstöðvar fyrir greiðslu kr. 11.376.410 og vanskil samtals kr. 11.690.930. Sóknaraðili fékk þær upplýsingar frá skiptastjóra A að greiddar hefðu verið kr. 62.292.839 til varnaraðila. Þá hefði verið felld niður sjálfskuldarábyrgð B á umræddu láni og framkvæmt uppgjör vegna þess.

Upplýsingar þær sem varnaraðili sendi sóknaraðila eru í ljósi framangreinds einungis hluti þeirra upplýsinga sem sóknaraðili krafðist í máli þessu. Óskaði hann einnig upplýsinga um greiðslu frá þrotabúi A inn á umrætt lán og uppgjör í tengslum við niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar B á láni nr. X. Enda þótt sóknaraðili eigi ekki rétt á upplýsingum um þessi tilteknu uppgjör, á hann rétt á að fá upplýsingar um hvort eitthvað greiddist inn á lánið vegna þeirra.

Í ljósi þessa og einnig með vísan til þess að varnaraðili gerir ekki kröfu í máli þessu verður krafa sóknaraðila tekin til greina og varnaraðila gert að afhenda sóknaraðila upplýsingar um greiðslur inn á lán nr. X.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, F, skal afhenda sóknaraðila, M, upplýsingar um greiðslur inn á lán nr. X.

Reykjavík, 26. apríl 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2013, föstudaginn 31. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 1. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 30. janúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 7. apríl 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. apríl 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 13. apríl 2013. Þann 26. apríl 2013 óskaði nefndin eftir frekari gögnum frá varnaraðila. Svar barst frá varnaraðila með tölvupósti, dagsettum 13. maí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 31. maí 2013.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili kveðst hafa hringt til varnaraðila föstudaginn 14. desember 2012 til að staðfesta að færsla gengi í gegn vegna flugmiða sem hann hafi ætlað að kaupa fyrir annan einstakling. Kveður sóknaraðili starfsmanninn hafa staðfest að greiðslan myndi ganga í gegn.

Sóknaraðili reyndi að kaupa flugmiða að fjárhæð 838,51 pund, þann 15. desember 2012, vegna brottfarar 17. desember 2012, en færslan fór ekki í gegn. Kveðst sóknaraðili þá hafa haft samband við varnaraðila sem hafi sagt að öryggismörk hafi hindrað færsluna. Seinna hafi ferðaþjónustuaðilinn sem hann hafi ætlað að kaupa flugmiðann hjá rukkað hann um GBP 100 í „Cancellation fee“ vegna þess að færslan hafi ekki gengið í gegn.

Varnaraðili kveðst hafa upplýst sóknaraðila þann 16. desember 2012 um að áhættustýringu yrði að taka af þar sem fjárhæðin væri yfir þeim mörkum en einnig þyrfti sóknaraðili að leggja inn á kortið til að færslan gæti farið í gegn. Sóknaraðili

hafi verið hvattur til að gera það og reyna að kaupa miðann aftur. Samkvæmt upplýsingum úr kerfum varnaraðila hafi sóknaraðili ekki gert það.

Sóknaraðili keypti flugmiða fyrir framangreindan einstakling vegna brottfarar 26. desember 2012.

Sóknaraðili var í samskiptum við varnaraðila vegna framangreindra viðskipta frá desember 2012 til janúar 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 30. janúar 2013.

Þann 26. apríl 2013 óskaði nefndin eftir upptöku/afriti af símtölum sóknaraðila og starfsmanna varnaraðila, dags. 14. og 16. desember 2012. Með tölvupósti, dagsettum 13. maí 2013, kvaðst varnaraðili ekki hljóðrita símtöl en stefndi að því að taka það upp innan tíðar. Engin frekari gögn væru til um samskipti sóknaraðila og starfsmanna varnaraðila.

III.

Umkvörtunarefni.

Í liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Það er ljóst að miskinn er verulegur. Viðkomandi aðili sem ég var að kaupa flug fyrir missti af jólum með fjölskyldu sinni og sat fastur hérlandis í nær 10 daga! Í stað þess að ferðast 17. desember beið hann fram yfir háannatíma jólanna og við fundum loks flug 26. desember. Þetta er afleiðing rangra upplýsinga og misstaka [sic] starfsmanna F. Þeir bera ábyrgð á starfsfólki sínu og ekki er hægt að horfa fram hjá alvarlegum afleiðingum fyrir okkur vegna þessara mistaka. Fyrir þau verulegu óþægindi sem við urðum fyrir krefjumst við 400.000 kr. í miskabætur. Allt uppihald í tæpa 10 daga féll á mig og var af því verulegur kostnaður. Ég fer fram á að viðmiðunartala um uppihald ferðamanna verði fundin, eða notast verði við lágmarks uppihald 15.000 kr. sem daglegan kostnað í 10 daga, eða 150.000 kr. Ég eyddi hið minnsta 10 klukkutímum í að reyna að lagfæra misstök [sic] F þegar þau komust upp, hringdi ítrekað erlendis, var í tölvupóstsamskiptum og reyndi hvað ég gat. Samskipti við fjármálafyrirtækið hafa verið með ólíkindum og þeir á engan hátt sinnt því að skoða þetta mál og gefa mér upplýsingar heldur látið ganga á eftir sér og reynt að humma málið frá sér. Eg hef þurft að leita til lögfræðinga og sett mig ítrekað í samband við F. Allt tel ég þetta til kostnaðar og óþæginda, vegna misstakanna [sic] og tilraunar til að lagfæra þau eftir að mér verður ljóst að ég hef fengið rangar upplýsingar og F gerir misstök [sic] að opna ekki fyrir viðskiptin líkt og ég bað um. Það var mjög erfitt að finna nýtt flug yfir háannatíma jóla, og lengi vel leit út fyrir að viðkomandi kæmist ekki heim til sín fyrr en eftir áramót. Ég eyddi miklum tíma í að reyna að finna nýtt flug. Fyrir vinnu sem fellur til vegna þessara [sic] mistaka ásamt kostnaði við aðkeypta aðstoð, fer ég fram á að fyrirtækið F greiði samtals 150.000 kr. Ég hef haldið eftir upphæð v. greiðslukortareiknings hjá F til að tryggja hagsmuni mína. Ég geri kröfu um að allir vextir og annar kostnaður sem fyrirtækið leggur ofan á þá upphæð frá gjalddaga og fram að úrskurði falli niður, enda geri ég enga kröfu um vexti og innheimtukostnað ofan á þær kröfur sem ég tel mig eiga á hendur fyrirtækinu.“*

Sóknaraðili telur sig hafa fengið rangar upplýsingar frá starfsmanni og að starfsmanninum hafi orðið á mistök í starfi. Sóknaraðili hafi hringt föstudaginn 14. desember 2012 inn í símaver F til að staðfesta að greiðslan gengi í gegn, enda mjög mikilvægt þar sem 3 dagar hafi verið í brottför og helgi framundan. Því hafi

sóknaraðili viljað tryggja að færslan myndi ganga í gegn. Sóknaraðili hafi fengið upplýsingar að svo yrði. Síðan hafi hann komist að mistökunum sólarhring síðar. Þá hafi hann haft samband við starfsmenn sem viðurkenni mistök samstarfsfélaga síns, að öryggismörk hafi hindrað færsluna og að viðkomandi starfsmaður hafi gleymt að taka hana af þegar sóknaraðili hafi hringt. Þessi mistök hafi yfirmaður í þjónustuveri viðurkennt síðar. Sóknaraðili kveðst ekki hafa þekkt inn á öryggismörk kortsins og efast um að margir viðskiptavinir séu meðvitaðir um þá öryggisreglu varnaraðila.

Sóknaraðili kveður varnaraðila reyna að snúa út úr með því að segja að sóknaraðili hafi átt að kaupa nýtt flug og loks þegar sóknaraðili hafi sagt að það hafi ekki hvarflað að honum hafi þeir sagt að það hefði hvort eð er ekki verið heimild.

Sóknaraðili telur athugasemdir bankans illa ígrundaðar. Til að mynda komi þar fram að korthafi vilji meina að varnaraðili eigi sök á því að hann hafi ekki átt næga úttektarheimild. Þetta sé vitaskuld útúrsmúningur. Sóknaraðili kveðst ásaka varnaraðila um ranga upplýsingagjöf og mistök í þjónustu við hann, og að hann hefði hæglega getað lagt inn á kortið hefði varnaraðili ekki gert þau mistök að fullvissa hann um að það væri heimild á kortinu.

Sóknaraðili kveðst hafa verið fullur falskrar öryggiskenndar eftir að hafa fullvissað sig um að færslan myndi ganga í gegn í samtali við starfsmann varnaraðila. Þegar hann tali aftur við varnaraðila fái hann staðfest að öryggismörk sem starfsmaður varnaraðila hafi gleymt að taka af hafi stöðvað færsluna. Viðurkenni starfsmaðurinn að það hafi ollið því að færslan hafi ekki gengið í gegn. Ekki hafi reynt á heimildina, sem sóknaraðili hafi þó upphaflega hringt inn til að staðfesta að væri næg. Þarna hafi munað einhverjum þúsund krónum, eða einhverju álíka að heimild væri til staðar. Þó hafi sóknaraðili hringt til að athuga að næg heimild væri til staðar. Það hafi verið staðfest. Fyrirtæki eins og varnaraðili verði að bera ábyrgð á mistökum starfsmanna sinna samkvæmt lögum.

Sóknaraðili vísar til þess að ef starfsmaður varnaraðila hefði gefið honum réttar upplýsingar hefði hann lagt inn á kortið og síðan framkvæmt færsluna. Þannig sé beint orsakasamband milli mistaka starfsmannsins og þess sem hafi fylgt á eftir.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili telji að varnaraðili eigi sök á því að hann hafi ekki átt næga úttektarheimild á korti sínu sem sé forsenda þess að farmiðakaup að fjárhæð GBP 838,51 hafi ekki getað átt sér stað. Vísar varnaraðili til þess að í ákvæði 4(vii) 1. málslíð í skilmálum útgefanda segi: „*Hvert kort hefur hámarksúttektarfjárhæð óháða úttektartímabili. Heimildin er ákveðin af útgefanda og korthafi skuldbindur sig til að nota kortið ekki umfram tilgreinda hámarksfjárhæð.*“

Vísar varnaraðili til þess að afnám áhættustýringar til að unnt væri að framkvæma færslu að þessari fjárhæð breyti ekki því að úttektarheimild á kortinu verði að vera fyrir hendi. Ábyrgð á því hvort úttektarheimild sé fyrir hendi eða ekki liggja alfarið hjá korthafa og hann geti ekki varpað þeirri ábyrgð á hendur varnaraðila eða öðrum þriðja aðila. Hvort söluaðili hafi skilmála í þá veru að innheimta „cancellation fee“ eigi einungis við í viðskiptasambandi söluaðila og korthafa. Korthafa beri að kynna sér söluskilmálana sem eigi að vera liður í því hvort viðkomandi söluaðili verði fyrir valinu eður ei. Skilmálar söluaðila þess er hér um ræði sé varnaraðila alls óviðkomandi.

Varnaraðili bendir á að í málavaxtalýsingu sóknaraðila komi fram að hann sé ósáttur við að þurfa að greiða GBP 100 í „cancellation fee“ og krefji varnaraðila m.a. um þá fjárhæð. Á fyrri stigum hafi varnaraðili beðið um sönnun fyrir þessum kostnaði og hvernig hann væri til kominn en slíkt hafi ekki verið sent. Fyrir úrskurðarnefndinni hafi sóknaraðili lagt fram útprentun frá þeirri ferðamiðlara síðu sem hann hafi notast við, þ.e. www.fly.co.uk. Samkvæmt skilmálum þess aðila beri þeim aðila sem festi ferðatilboð „reservation“ að greiða fyrir slíkt, „non-binding reservation is not possible“. Auk þess segi eftirfarandi í skilmálum ferðamiðlarans: „*III. Confirmation of booking request, correction of data. The contract between the user and the respective service provider shall only be concluded through the legally binding confirmation by the service provider. The message sent to the user by Unister GmbH following the booking request shall only represent a summary and acknowledgement of receipt of the binding booking request. Please check within the indicated time limits if the data stated in this summary are correct and complete. Should there be any discrepancies in the booking request, the user is not obligated to inform GmbH about any errors within the prescribed time limit. If Unister GmbH does not receive any change requests within the time limits prescribed, any later change requests cannot be considered. IV. Fees/Charges collection of the travel price. 1. Xx. 2. Xx. 3. Should you revoke or not complete a payment (debit return, credit card payment return etc.) without being entitled to do so, Unister GmbH will charge a fee of up to £50.00 for each instance. However, it shall be at liberty of the user to prove that considerably smaller or no damage has been caused.*“

Varnaraðili leiðir líkum að því að með því að korthafi hafi fest það ferðatilboð sem hann hafi haft hug á, þ.e. GBP 838,51 hafi hann þegar verið búinn að skuldbinda sig til að greiða GBP 100, sem myndu falla á hann væri ekki næg úttektarheimild á kortinu sem hafi orðið raunin. Varnaraðili hafnar því ábyrgð á þeirri fjárhæð og vísar til grein 4(viii) í skilmálum útgefanda: „*Hvorki útgefandi né greiðslukortafyrirtæki bera ábyrgð á því ef móttöku korts er hafnað sem greiðslu hjá söluaðila eða í sjálfsafgreiðslutæki, né því tjóni sem leitt getur þar af.*“

Varnaraðili bendir á að þegar sóknaraðili hafi uppgötvað að greiðsla vegna ferðarinnar hafi ekki farið í gegn hafi hann haft samband við varnaraðila, þ.e. 16. desember 2012. Þar hafi hann verið upplýstur um að áhættustýringu verði að taka af þar sem fjárhæðin sé yfir þeim mörkum en einnig þurfi korthafi að leggja inn á kortið til að færslan geti farið í gegn. Sóknaraðili hafi verið hvattur til að gera það og reyna að kaupa miðann aftur. Samkvæmt upplýsingum úr kerfum varnaraðila hafi sóknaraðili ekki reynt á nýjan leik.

Með vísan til framangreinds hafnar varnaraðili alfarið kröfum sóknaraðila um miskabætur og skaðabætur þar sem ekki hafi verið fyrir hendi úttektarheimild á korti korthafa. Orsakatengsl og sennileg afleiðing sem séu skilyrði skaðabótaskyldu séu ekki fyrir hendi í þessu tilviki.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að greiðslu með kreditkorti sóknaraðila sem var synjað, þegar hann reyndi að kaupa flugmiða þann 15. desember 2012. Kröfur sóknaraðila eru nokkuð óskýrar, en þó ekki svo að til frávísunar leiði, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Lesa má út úr kröfum sóknaraðila að hann krefjist miskabóta að fjárhæð kr. 400.000, bóta að

fjárhæð kr. 150.000 vegna upphalds og kr. 150.000 vegna vinnu sóknaraðila vegna meintra mistaka varnaraðila. Þá krefst sóknaraðili niðurfellingar vaxta og kostnaðar vegna fjárhæðar sem hann hélt eftir af greiðslukortareikningi hjá varnaraðila.

Lög nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu gilda um greiðsluþjónustu sem veitt er hér á landi, sbr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 51. gr. skal notandi greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, nota greiðslumiðilinn í samræmi við skilmála um útgáfu og notkun hans. Í 60. gr. laganna er fjallað um synjun um framkvæmd greiðslufyrirmæla. Í 1. mgr. kemur fram að ef öll skilyrði rammisamnings greiðanda við greiðsluþjónustuveitanda eru uppfyllt, er greiðsluþjónustuveitanda greiðanda óheimilt að neita að framkvæma heimiluð greiðslufyrirmæli, hvort sem greiðandi á frumkvæði að þeim eða viðtakandi greiðslu gefur eða hefur milligöngu um þau.

Samkvæmt ákvæði 4(vii) í kortaskilmálum útgefanda hefur hvert kort hámarksúttektarheimild óháða úttektartímabili. Heimildin er ákveðin af útgefanda og korthafi skuldbindur sig til að nota kortið ekki umfram tilgreinda hámarksheimild. Samkvæmt ákvæði 8(viii) skilmálanna bera hvorki útgefandi né greiðslukortafyrirtækin ábyrgð á því ef móttöku korts er hafnað sem greiðslu hjá söluaðila eða í sjálfsafgreiðslutæki, né því tjóni sem leitt getur þar af.

Ljóst er að ekki var heimild á korti sóknaraðila þegar hann reyndi að framkvæma kaup á flugmiðum með korti sínu þann 15. desember 2012. Var því heimilt að synja um framkvæmd greiðslufyrirmælanna, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 120/2011 og 51. gr. sömu laga, sbr. og ákvæði 4(vii) í kortaskilmálum útgefanda. Þá bera hvorki útgefandi né greiðslukortafyrirtæki ábyrgð á því ef móttöku korts er hafnað sem greiðslu hjá söluaðila, né því tjóni sem leitt getur þar af, sbr. ákvæði 8(viii) í skilmálum útgefanda. Vegna þess hve ábyrgðin að þessu leyti liggur alfarið hjá sóknaraðila, verður skaðabótaábyrgð ekki lögð á varnaraðila nema sýnt sé fram á saknæma háttsemi hans með afdráttarlausum hætti. Virðist með öllu ófært að snúa sönnunarbyrðinni við og leggja það á varnaraðila að sanna að hann hafi ekki valdið sóknaraðila tjóni með röngum upplýsingum.

Verður ábyrgð þess að heimild var ekki til staðar á korti sóknaraðila ekki lögð á varnaraðila þrátt fyrir að sóknaraðili hafi hringt inn til að kanna hvaða heimild væri á kortinu, en sóknaraðila hefur ekki tekist sönnun um efnisatriði símtals þessa sem hann kveður hafa átt sér stað 14. desember 2012. Þá hefur sóknaraðila ekki tekist sönnun um tjón það sem hann kveður leitt hafa af því að framkvæmd greiðslufyrirmæla var synjað þann 15. desember 2012, eða hvernig fjárhæð kröfu hans er fengin út.

Verður í ljósi framangreinds að hafna kröfu sóknaraðila um miskabætur að fjárhæð kr. 400.000, bætur að fjárhæð kr. 150.000 vegna upphalds og kr. 150.000 vegna vinnu sóknaraðila vegna meintra mistaka varnaraðila.

Verður því næst vikið að kröfu sóknaraðila um niðurfellingu vaxta og kostnaðar vegna fjárhæðar sem sóknaraðili hélt eftir á greiðslukortareikningi hjá varnaraðila. Engin heimild er lögum nr. 120/2011 eða í kortaskilmálum útgefanda til að halda eftir greiðslu á þeim úttektum sem berast á kort korthafa, en korthafi er ábyrgur fyrir greiðslu á þeim úttektum sem berast á kort hans. Er það því að fullu á ábyrgð sóknaraðila að hann hafi haldið eftir greiðslu á úttektum sem bærust á kort hans og ber sú fjárhæð vexti í samræmi við kortaskilmálana og lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Kröfu sóknaraðila um niðurfellingu vaxta og kostnaðar vegna fjárhæðar sem sóknaraðili hélt eftir vegna úttekta á kort hans, er því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 31. maí 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, fimmtudaginn 18. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 9/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 14. janúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 20. mars 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. mars 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 5. apríl 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 18. apríl 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 3. desember 2007 var dagsett „*Tilkynning um vanskil skuldabréfs*“. Tilkynntist sóknaraðila, sem ábyrgðarmanni, að skuldabréf nr. X væri í vanskilum.

Þann 3. desember 2007 samþykkti FF lánveitingu til A, sonar sóknaraðila að fjárhæð kr. 26.200.000. Tilefni lánveitingarinnar var uppgjör á skuldum vegna B og kaup á C. C var boðinn fram sem trygging. Þá var sjálfskuldarábyrgðaraðili tilgreindur sóknaraðili, og hefur nafn hennar verið prentað á lánsúmsóknina, ásamt því að prentaður hefur verið kross um að hún óski ekki eftir mati á greiðslugetu greiðanda. Í liðnum skilyrði/skýringar á lánsúmsókninni í þeim hluta sem fyllt var út af bankanum kom eftirfarandi fram: „*Án greiðslumats. A hefur verið með B í sölu í ca. 18 mán. hefur endurbætt þá eign verulega. Eignaskipti á C sem hann ætlar að selja aftur fljótlega. Húsaleigusamningar koma í innheimtu hjá bankanum og mun leigan ganga upp í afborgunarbyrði áhvílandi lána. Sjálfskuldarábyrgð M takmarkast við 10.000.000.*“ A skrifaði undir lánsúmsóknina þann 5. desember 2007 en sóknaraðili skrifaði ekki undir.

Þann 4. desember 2007 var veðskuldabréf nr. Y, að fjárhæð kr. 26.200.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteignin að C, var sett að veði á 4. veðrétti til tryggingar skuldinni. Þá tókst sóknaraðili á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu. Á skuldabréfinu hefur verið hakað við valmöguleikann: „Óskar eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda“ og hefur sóknaraðili sett upphafsstafi sína við það val. Fram kom að ábyrgðarmaður gæti óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda enda væri heildarábyrgðarfjárhæð ábyrgðaraðila vegna greiðanda (útgefanda) gagnvart FF lægri en kr. 1.000.000 eða ábyrgðaraðili maki eða í sambúð með greiðanda. Tiltekið var að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila takmarkaðist við kr. 10.000.000 auk vaxta og kostnaðar af vanskilum og innheimtuaðgerðum til fullnustu skuldarinnar.

Fyrir liggur að sóknaraðili hefur ítrekað gengist í ábyrgð fyrir son sinn, A. Þann 13. júní 2006 yfirtók A skuldabréf nr. Z, að fjárhæð kr. 278.477, og skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 687.853. Sóknaraðili gekkst í ábyrgð fyrir þeim skuldabréfum. Óskaði sóknaraðili ekki eftir greiðslumati vegna þeirra skuldabréfa. Sóknaraðili gekkst einnig í sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttar á reikningi A nr. ZZ, þ.e. sjálfskuldarábyrgðir nr. ZZZ og ZZZZ. Sóknaraðili hefur skrifað undir breytingar á greiðsluskilmálum nokkrum sinnum vegna framangreindra lána.

Sóknaraðili óskaði eftir því að sjálfskuldarábyrgðir hennar á skuldum A yrðu felldar niður. Með bréfi, dags. 10. desember 2012, hafnaði varnaraðili því að fella niður ábyrgðir á lánnum nr. Z, X og Y. Varnaraðili féllst hins vegar á að fella niður sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila nr. ZZZ og ZZZZ, þar sem staða á reikningi væri kr. 753 og reikningurinn væri læstur fyrir útborgun.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 14. janúar 2013.

Þann 22. janúar 2013 gerði varnaraðili sóknaraðila skriflegt tilboð um uppgjör á ábyrgðarskuldbindingum. Tilboðið var eftirfarandi: „*Dú ert í sjálfskuldarábyrgð fyrir lánnum nr. Y, Z og X skuldari A. Staða umræddra sjálfskuldarábyrgða m.v. 15.01.2013 eru kr. 18.518.191. F, er tilbúinn að bjóða þér að gera upp ofangreindar sjálfskuldarábyrgðir með því að þú gefir út 10.000.000 kr. verðtryggt veðskuldabréf til 30 ára á K0 vöxtum til bankans með veði í eign þinni að D. Gegn greiðslu, kr. 10.000.000, teljast ábyrgðir þínar á ofangreindum lánnum uppgerðar við bankann. Tilboð þetta er háð því að þú fallir frá því máli sem þú hefur vísað til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki vegna ábyrgðanna og öllum frekari málaferlum vegna ofangreindra ábyrgða.*“ Sóknaraðili hefur ekki samþykkt tilboðið.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hennar á láni nr. Y, að upphæð kr. 10.000.000, verði felld niður.

Sóknaraðili bendir á að við útgáfu umrædds skuldabréfs hafi þess verið krafist af lántakanda að hann útvegaði sjálfskuldarábyrgð vegna töku lánsins en bankinn hafi sett það sem skilyrði að ekki yrði framkvæmt greiðslumat á lántaka, enda hafi verið um að ræða lokahnykk á löngu ferli. Þótt sóknaraðili hafi sett upphafsstafi sína við reit sem búið hafi verið að haka við að óskað væri eftir undanþágu frá greiðslumati hafi ekki verið um að ræða ósk af hennar hálfu heldur ólögmæta ráðstöfun af hálfu varnaraðila að framkvæma ekki greiðslumat og kynna það umsækjanda, sbr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Sóknaraðili hafi því ekki haft möguleika á að kynna sér niðurstöður greiðslumats sem aldrei hafi farið fram.

Sóknaraðili hafnar röksemdum varnaraðila þess efnis að henni hafi verið kunnugt um fjárhagsstöðu lántaka. Varnaraðili haldi því fram að sóknaraðili hafi „fengið tilkynningu um vanskil á öðru láni sem hún hafði gengist í ábyrgð fyrir daginn fyrir undirritun sjálfskuldarábyrgðarinnar“ án þess að sýna fram á að sóknaraðili hafi í raun fengið slíka tilkynningu í hendur fyrir hina umþrættu undirritun. Tilkynningardagur sé þar tilgreindur 3. desember 2007. Ábyrgðarskuldbindingin sé undirrituð þann 4. desember 2007. Engin trygging sé fyrir því að tilkynningar séu póstagðar sama dag og þær séu dagsettar auk þess sem engin vissa sé fyrir tímalengd hvað pósthjónustu varði í jólamánuði. Þá sé fullkomlega útilokað að tilkynningin, þótt hún hafi verið póstlögð sama dag og hún sé dagsett, hafi getað borist sóknaraðila fyrr en eftir að undirritun hafi farið fram daginn eftir, enda hafi sóknaraðili verið við vinnu frá morgni til kvölds þann dag og undirritað umrædda ábyrgð áður en vinnudegi lauk. Sóknaraðili telur því að framlagning umræddrar tilkynningar hafi enga þýðingu í málinu.

Sóknaraðili telur að tengsl hennar við son hennar séu ekki þess eðlis að 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga eigi við, enda hvorki um að ræða sambúðaraðila né hjón.

Vísar sóknaraðili til þess að aðstöðumunur aðila sé umtalsverður þar sem lánveitingin og öll skjalavinnsla í tengslum við hana sé útbúin af bankanum sjálfum sem að auki sé vinnuveitandi sóknaraðila.

Sóknaraðili bendir á að starf hennar hjá varnaraðila felist í uppgjöri erlendra viðskipta. Hún hafi ekki aðgang að upplýsingum sem bundnar séu trúnaði vegna bankaleyndar og hafi ekki sérfræðimenntun á sviði fjármála. Þá ítrekar sóknaraðili að um vinnuveitanda hennar hafi verið að ræða.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili leggi talsvert upp úr því að hún hafi á árunum fyrir lánveitinguna sem um ræði gengist í ábyrgðir fyrir skuldum sonar síns og vottað skilmálabreytingar. Hafi um verið að ræða smáskuldir, þ.e. vegna lána þar sem eftirstöðvar hafi verið á bilinu kr. 300-700 þúsund, þegar ábyrgðir hafi verið gefnar og/eða skilmálabreytingar farið fram. Rétt sé að taka fram að umrædd smálán hafi skv. munnlegu samkomulagi sonar sóknaraðila við útibússtjóra varnaraðila á Akranesi, átt að verða andlag endanlegs uppgjors sem til hafi staðið að færi fram, en hafi svo á endanum verið svikið. Það mál sé hins vegar ekki til umfjöllunar hér. Sóknaraðili sem hafi undirritað umþrætta ábyrgðarskuldbindingu að kröfu varnaraðila í desember 2006 hafi á þeim tíma engar upplýsingar haft um fjárhagslega stöðu sonar síns. Til þess að afla þeirra hafi annað tveggja þurft að koma til; ólögmæt

upplýsingaöflun úr kerfum bankans eða greiðslumat bankans. Hvorugt hafi verið framkvæmt.

Sóknaraðili telur dóm Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 ekki hafa fordæmisgildi í máli þessu. Bendir sóknaraðili á að í þeim dómi hafi áhrif haft að ábyrgðaraðili hafi verið sérfróður í lagalegum skilningi, löggiltur fasteignasali og viðskiptafræðingur. Sóknaraðili hafi enga slíka menntun og þótt hún hafi starfað hjá varnaraðila um langt skeið geti hún ekki talist sérfróð á sviði útlána, greiðslumats eða verðmats á húsnæði þar sem starf hennar fyrir bankann sl. 12 ár hafi verið á allt öðru og óskyldu sviði en hér um ræði. Þá hafi sóknaraðili ekki aðgang að upplýsingum sem varði fjárhagsstöðu viðskiptavina bankans og því ekki bær til þess að leggja mat á stöðuna án þess að greiðslumat færi fram.

Sóknaraðili telur að atvik séu ekki sambærileg og í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012. Þar hafi verið um að ræða konu sem gengist hafi í ábyrgð fyrir sambýlismann sinn en ekki sé um slíkt að ræða hér. Sóknaraðili sé móðir lántaka og hafi engar upplýsingar haft um fjárhagsstöðu hans. Aukinheldur hafi varnaraðila verið fullkunnugt um stöðu lántakanda sem hafi verið lengi í viðskiptum við bankann og tilurð bréfanna hafi einnig verið að undirlagi bankans vegna uppgjörs á framkvæmdalánunum.

Sóknaraðili hafnar því að dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4871/2011 hafi fordæmisgildi í máli þessu, en þar sé niðurstaða dómsins að ábyrgðaraðili hafi veitt veð í fasteign sinni án þess að kynna sér greiðslumat sem framkvæmt hafi verið. Um slíkt sé ekki að ræða hér, heldur hafi varnaraðili gert kröfu um að greiðslumat yrði ekki framkvæmt. Þá hafi sonur sóknaraðila leitað lausna á fjárhagsvanda sínum frá árinu 2009. Fyrst hafi sonur hennar átt samtal við varnaraðila án árangurs, hann hafi síðan farið í skuldaaðlögun hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna en mál hans hafi síðar endað inn á borði hjá umboðsmanni skuldara. Að beiðni varnaraðila hafi málið verið tekið úr farvegi þar um áramótin 2011-2012 til að hægt væri að vinna það á grundvelli sértækrar skuldaaðlögunar innan bankans sjálfs. Öllum gögnum hafi verið skilað strax eða mjög fljótlega. Ekkert hafi verið unnið í málinu fyrr en u.þ.b. heilu ári síðar og eftir að skuldari hafi þurft að afla nýrra gagna þar sem þau sem lögð hafi verið fram í upphafi hafi verið talin of gömul til að á þeim mætti byggja. Hafi niðurstaða þessa alls hins vegar orðið sú að varnaraðili myndi ekki ganga að samningi við son sóknaraðila heldur sækja ábyrgðir þær sem hér um ræði. Sóknaraðili hafi því ekki haft tækifæri til að gera athugasemdir við lán sem hafi verið í greiðsluskjóli og vinnslu hjá þremur mismunandi aðilum um fjögurra ára skeið.

Sóknaraðili bendir á að í svari varnaraðila, dags. 20. mars 2013, komi fram að bankinn hafi ekki haft hagsmuni af því að framkvæma ekki greiðslumat hjá lántaka. Sóknaraðili telur að það þurfi ekki fjörukt ímyndunarafli til að sjá að það hafi að sjálfsögðu verið hagur bankans að fá tryggingu þriðja aðila fyrir skuld lántakans vegna slæmrar fjárhagsstöðu hans enda um að ræða útgáfu skuldabréfs fyrir skuld sem þegar hafi verið stofnað til. Þá þurfi heldur ekki að velta því lengi fyrir sér að hefði greiðslumat verið framkvæmt, eins og eðlilegt hafi verið vegna stöðunnar, hafi verið hætta á því að sóknaraðili myndi hafna því að veita ábyrgðina. Sóknaraðili telur því að varnaraðili hafi haft sína eigin hagsmuni að leiðarljósi við lánveitinguna og kröfuna um undirritun sjálfskuldarábyrgðar án greiðslumats.

Sóknaraðili bendir á að skilmálar í tölulið nr. 5 á skuldabréfinu hafi ekki verið uppfylltir enda hafi heildarábyrgð verið yfir kr. 1.000.000 og ábyrgðaraðili hvorki maki né í sambúð með greiðanda. Hafi bankanum því verið óheimilt að verða við

meintrí ósk sóknaraðila um að falla frá greiðslumati. Sóknaraðili ítrekar að um hafi verið að ræða kröfu af hálfu lánveitanda.

Sóknaraðili telur það málinu óviðkomandi að hún hafi búið undir sama þaki og lántaki á árinu 1999. Lántaki sem jafnframt sé sonur sóknaraðila, hafi á þeim tíma verið rúmlega tvítugur og hafi enn búið í foreldrahúsum. Sé vandséð hvaða upplýsingagildi það hafi um mat á gildi sjálfskuldarábyrgðar átta árum síðar.

Bendir sóknaraðili á að varnaraðili tiltaki nokkur lán sem hann segi hafa hvílt á eign þeirri sem hafi verið andlag viðskiptanna sem lántakan eigi rætur að rekja til, C. Sé þar farið með rangt mál hvað varði lán á fyrsta veðrétti. Eins og áður hafi komið fram hafi verið um makaskipti að ræða í umræddum fasteignaviðskiptum. Seljandi eignarinnar að C og kaupandi eignarinnar sem sonur sóknaraðila seldi, hafi verið skuldari að láni því sem hvílt hafi á fyrsta veðrétti. Hafi það lán verið flutt á hina eignina, B, í viðskiptunum og því beinlínis rangt að halda því fram að eign sem metin hafi verið á kr. 34.000.000 hafi verið veðsett fyrir kr. 48.400.000 þegar lánið sem hér um ræði hafi verið veitt. Hið rétta sé að lánið sem hvílt hafi á fyrsta veðrétti, að upphæð kr. 17.600.000, hafi ekki hvílt þar nema í mjög skamman tíma eða meðan gengið hafi verið frá pappírnum í tengslum við kaupin þar sem það hafi verið flutt á hina eignina skömmu síðar.

Sóknaraðili bendir á að í bréfi sínu tiltaki varnaraðili að hún hafi hafnað tilboði sem bankinn hafi sent henni eftir að hún hafi sent úrskurðarnefndinni kvörtun sína. Umrætt tilboð hafi falið í sér undirritun veðskuldabréfs að upphæð kr. 10.000.000 með veði í eign sóknaraðila og eiginmanns hennar en boðið hafi verið að kostnaður félli niður. Kostnaðurinn nemi nú ca. 8.000.000 kr. eftir að málið hafi velst í kerfinu síðan 2009, þ.a. í tæplega hálfu ári innan bankans sjálfs. Í fyrsta lagi telur sóknaraðili bankann með tilboðinu vera að gera tilraun til að útvega sér öruggari tryggingu en þá sjálfskuldarábyrgð sem nú sé til umfjöllunar hjá úrskurðarnefndinni. Í annan stað eigi sóknaraðili ekki umrædda húseign ein, en eiginmaður hennar heimili ekki veðsetningu hússins af sinni hálfu. Af þeim sökum sé henni ómögulegt að ganga að tilboðinu og hafi það margítrekað komið fram í samskiptum hennar við bankann, þ.m.t. umboðsmann viðskiptavina. Þá sé einnig sérkennilegt að varnaraðili skuli svo mikið í mun að draga málið úr meðförum úrskurðarnefndarinnar þar sem bankinn hafi sjálfur leiðbeint sóknaraðila um að hún gæti leitað til nefndarinnar um úrlausn mála eftir að hafa sent henni höfnun á niðurfellingu ábyrgðarinnar.

Að lokum gerir sóknaraðili athugasemdir við tilvísun varnaraðila til láns sonar sóknaraðila sem hann hafi tekið hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Telur sóknaraðili að þau viðskipti séu bankanum óviðkomandi enda hafi honum verið afhentar upplýsingar um þau skv. kröfu þar um við vinnslu sértækrar skuldaaðlögunar sonar sóknaraðila innan bankans en komi ágreiningi um gildi sjálfskuldarábyrgðar þessarar ekki við.

Með vísan til alls framangreinds telur sóknaraðili að varnaraðila hafi ekki tekist að sýna fram á grandsemi um fjárhagslega stöðu sonar sóknaraðila við undirritun hinnar umþrættu sjálfskuldarábyrgðar, auk þess sem sóknaraðili telji sýnt fram á að það hafi verið að kröfu bankans sjálfs sem greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt enda hafi slíkt mat auðveldlega getað komið í veg fyrir undirritun ábyrgðarinnar. Þá telur sóknaraðili að bankanum hafi ekki undir neinum kringumstæðum verið heimilt að framkvæma ekki greiðslumat, hvorki að eigin kröfu eða kröfu sóknaraðila, þar sem skilyrði til þess voru ekki uppfyllt enda sóknaraðili hvorki í hjúskap eða í sambúð með greiðanda og lánið umfram kr. 1.000.000. Af þeim sökum telur sóknaraðili að sjálfskuldarábyrgð sú sem hér sé til umfjöllunar sé ógild.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili telur í upphafi rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísað sé til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 því til stuðnings.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi fyrst gengist í ábyrgð fyrir son sinn 11. febrúar 1999, vegna skuldabréfs nr. ZZZZZ að fjárhæð kr. 730.000. Á þeim tíma hafi lánþegi og sóknaraðili haft sama lögheimili. Sóknaraðili hafi undirritað þrjár breytingar á skilmálum skuldabréfsins á árunum 2000 til 2003. Þann 24. maí 2006 hafi sonur sóknaraðila yfirtekið skuldabréf nr. ZZZZZZ af E og hafi sóknaraðili tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna lánsins. Eftirstöðvar lánsins hafi verið kr. 348.963. Þá hafi sóknaraðili undirritað skilmálabreytingar á láninu þann 13. júní 2006. Sóknaraðili hafi einnig gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldabréfum sonar síns nr. Z og X. Þá hafi sóknaraðili vottað skjal um breytingu á greiðsluskilmálum sem viðauka við skuldabréf nr. ZZZZZZZ þann 28. nóvember 2006. Sama dag hafi sóknaraðili samþykkt skilmálabreytingu á láni nr. Z. Þá hafi eftirstöðvar lánsins verið komnar í kr. 317.885. Þann 8. júní 2007 hafi sóknaraðili samþykkt skilmálabreytingu vegna láns nr. ZZZZZZZZ. Þá hafi eftirstöðvar lánsins hækkað og verið kr. 407.911. Sama dag hafi sóknaraðili samþykkt skilmálabreytingar vegna láns nr. Z. Eftirstöðvar lánsins hafi einnig hækkað og voru kr. 331.441. Þá hafi sóknaraðili samþykkt skilmálabreytingar vegna láns nr. X, eftirstöðvar kr. 792.624. Þann 4. desember 2007 hafi sóknaraðili tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð þá sem kvörtun sóknaraðila lúti að. Sóknaraðili hafi fengið tilkynningu um vanskil á öðru láni sem hún hafi gengist í ábyrgð fyrir daginn fyrir undirritun sjálfskuldarábyrgðarinnar 4. desember 2007. Beri að nefna að sóknaraðili hafi samþykkt síðast skilmálabreytingu vegna láns nr. Y þann 29. nóvember 2008. Þá hafi sóknaraðili einnig veitt syni sínum lánsveð vegna láns við lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þrátt fyrir hækkanir lána og stöðugar skilmálabreytingar hafi sóknaraðili endurtekið veitt syni sínum ábyrgðir vegna skuldbindinga hans.

Varnaraðili kveður fyrir liggja að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á A þegar sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð fyrir láni nr. Y. Af öllu framangreindu sé það mat varnaraðila óumdeilanlegt að sóknaraðili hafi haft miklar upplýsingar um fjárhag sonar síns vegna allra þeirra ábyrgða sem sóknaraðili hafi tekist á hendur fyrir son sinn og hafi þ.a.l. verið vel upplýst um fjárhagslega stöðu hans á þeim tíma sem sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð fyrir hann vegna láns nr. Y. Aðkoma sóknaraðila að fjárhagslegum málefnum A sé slík að óeðlilegt sé að halda öðru fram en að sóknaraðili hafi haft vitneskju um skuldsetningu hans og að A stæðist að öllum líkindum ekki greiðslumat. Framkvæmd greiðslumats hefði ekki varpað nýju ljósi á fjárhagslega stöðu A og megi leiða að því líkur að sóknaraðili hafi eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A þrátt fyrir að niðurstaða greiðslumats hefði verið neikvæð. Vitneskja sóknaraðila um fjárhagsstöðu lánþega hafi þau áhrif að markmiðum 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, um vitneskju

ábyrgðarmanns um fjárhagslega stöðu lántaka, sé fullnægt. Rökstuðningur í dómi Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 um vitneskju ábyrgðarmanns um fjárhagslega stöðu lántaka styðji við framangreinda afstöðu varnaraðila.

Varnaraðili mótmælir því sem röngu að hann hafi sett það að skilyrði fyrir veitingu lánsins að greiðslumat færi ekki fram. Í lánsúmsókn A sé tekið fram í dálki sem beri yfirheitið „Skilyrði/skýringar“ sem útfyllist af banka að sóknaraðili hafi fallið frá greiðslumati og staðfesti sóknaraðili það með krossi í viðeigandi dálk og með upphafsstöfum sínum. Einnig staðfesti sóknaraðili með undirskrift sinni á skuldabréfið að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir. Nauðsynlegt hafi verið að taka fram í skýringardálki að lánveitingin væri veitt án greiðslumats til samræmis við óskir ábyrgðarmanns. Eðli máls samkvæmt hafi það ekki verið sett að skilyrði fyrir lánveitingunni að greiðslumat yrði ekki framkvæmt. Þegar lánið hafi verið tekið hafi fjárhagsstaða lántaka verið orðin mjög slæm og hafi sóknaraðili gengist fimm sinnum í ábyrgð fyrir son sinn á sl. tveimur árum, sé sjálfskuldarábyrgð vegna láns nr. Y talin með. Þar að auki hafi sóknaraðili fengið tilkynningu daginn fyrir undirritun sjálfskuldarábyrgðarinnar þann 3. desember 2007 að lán nr. Z og ZZZZZZZZ [sic] hafi farið í vanskil 1. nóvember 2007, rúmum mánuði áður en sóknaraðili hafi gengist enn einu sinni í ábyrgð fyrir son sinn. Varnaraðili hafi enga hagsmuni haft af því að framkvæma ekki greiðslumat á lántaka.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi verið upplýst um að veðandlag lánþega, C, hafi verið yfirveðsett á þeim tíma er sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð vegna láns nr. Y. Áætlað markaðsverð fasteignarinnar hafi á þessum tíma verið kr. 34.000.000, þegar lán nr. ZZZZZZZZZZ hafi verið tekið 18. desember 2007. Á veðskuldabréfi því sem sóknaraðili hafi undirritað sem sjálfskuldarábyrgðaraðili hafi komið fram að á fyrsta veðrétti fasteignarinnar hafi hvílt lán að fjárhæð kr. 17.600.000, á öðrum veðrétti erlent lán að fjárhæð kr. 27.200.000 og á þriðja veðrétti lán að fjárhæð kr. 3.600.000. Lán nr. Y hafi komið til með að hvíla á fjórða veðrétti. Eign sonar sóknaraðila hafi því verið veðsett að upphæð kr. 48.400.000 þegar sonur sóknaraðila hafi tekið lán nr. Y. Eftir lántökuna hafi fasteignin verið veðsett fyrir kr. 74.600.000 og því yfirveðsett sem numið hafi kr. 40.600.000. Samt sem áður hafi sóknaraðili óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili sé starfsmaður bankans. Sóknaraðili hafi unnið hjá varnaraðila sl. 33 ár og hafi því mikla og víðtæka þekkingu af rekstri bankans. Sóknaraðili hafi hafið störf hjá varnaraðila á Selfossi árið 1983. Þar hafi hún starfað með stuttu hléi til 1999. Sóknaraðili hafi upphaflega komið að útgáfu skuldabréfa en einnig leyst af þjónustufulltrúa, þekkt til greiðsludreifingar o.fl. Sóknaraðili hafi flust til Reykjavíkur í mars 1999 og þá hafið störf hjá viðskiptastofu bankans. Starfslýsing hennar frá 1999 á viðskiptastofu hafi m.a. tekið til rafrænnar skráningar verðbréfa, uppfærslu í Vog, að útbúa kaup- og sölunótur í Vog, færslu verðbréfa í innheimtu, millifærslna, eftirfylgni með gjalddögum víxla í innheimtu, stofnun veltureikninga, eftirfylgni með útdrætti húsbréfa o.fl. Sóknaraðili starfi í dag í viðskiptaumsjón við frágang viðskipta. Samkvæmt starfslýsingu sóknaraðila feli starf hennar m.a. í sér daglega afgreiðslu og uppgjör viðskipta bankans í Kauphöll Íslands, eftirlit með að öll kauphallarviðskipti séu tilkynnt, daglega afgreiðslu og uppgjör viðskipta í Vog, uppgjör verðbréfa og fjárfestingasjóða varnaraðila í dagslok, skráningu daglegs gengis verðbréfa- og fjárfestingasjóða varnaraðila og flutning yfir í Static, uppgjör þingviðskipta - órafræn bréf, uppgjör viðskipta erlendra aðila, umsjón erlendra tékka, afgreiðslu viðskipta úr einkabanka og eftirlit með að sami starfsmaður slái ekki inn viðskipti og afgreiði þau, millifærslur fyrir einkabankaþjónustu,

afgreiðslu fyrirspurna frá útibúum og miðlurum, aðstoð starfsmanna í vörslu og viðskiptaumsjón eftir þörfum og önnur verkefni sem eðlilegt teljist að tilheyri starfinu og/eða samkomulag sé um. Ljóst sé að sóknaraðili sé vel kunnug starfsemi bankans og hafi komið að hinum ýmsu þáttum hans. Sú staðreynd að sóknaraðili hafi svo langa og víðtæka reynslu af störfum innan bankans leiði til þess að bankinn beri ekki sömu skyldur til að upplýsa sóknaraðila. Sóknaraðili hafi hlotið að gera sér grein fyrir því að veðskuldabréf það sem hún ábyrgðist stæði í veðröð á eftir hárrí skuld eins og fram hafi komið á skuldabréfinu sem sóknaraðili hafi undirritað. Hafi því ekki verið ólíklegt að á persónulega ábyrgð A og sóknaraðila reyndi. Óhætt sé að fullyrða að sóknaraðili sé meðvituð um hvaða tilgangi framkvæmd greiðslumats þjóni fyrir þann aðila sem gangist í sjálfskuldarábyrgð fyrir lántaka. Því hafi sóknaraðila verið í lófa lagið að óska eftir greiðslumati væri hún í vafa um hver fjárhagsleg staða sonar hennar væri og ef niðurstaða greiðslumats hefði skipt máli fyrir ákvörðun hennar um veitingu sjálfskuldarábyrgðar. Sóknaraðili hafi því þekkingu á starfsemi og þjónustu banka umfram aðra sem starfsmaður varnaraðila og í krafti 33 ára starfsreynslu hjá bankanum. Þar af leiðandi sé ekki um slíkan aðstöðumun að ræða að áhrif ætti að hafa í máli þessu.

Varnaraðili bendir á að hann hafi boðið sóknaraðila að gera samkomulag við bankann um uppgjör á ábyrgðarskuldbindingum. Þar sem sóknaraðili hafi ekki fallið frá kvörtun sinni til úrskurðarnefndarinnar hafi ekki orðið af uppgjörinu. Varnaraðili hafi eins og gögn málsins beri með sér gengið lengra en honum hafi verið skylt við að koma til móts við óskir sonar sóknaraðila og hana sjálfa, bæði með fyrrnefndum skilmálabreytingum og tilraunum til að ná samkomulagi um endurskipulagningu skulda sonar hennar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur varnaraðili að hann hafi í öllum meginatriðum farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og að meintir annmarkar sem nefndir séu í kvörtuninni eigi ekki að leiða til ógildingar framangreindrar sjálfskuldarábyrgðar. Vísar varnaraðili máli sínu til stuðnings til niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila fallna niður vegna tómlætis. Sóknaraðili hafi ritað undir ábyrgðarskuldbindinguna 4. desember 2007 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina í október 2012 eða tæpum fimm árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Vísað sé til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4871/2011 þessu til stuðnings.

Vísar varnaraðili til þess að sönnunarbyrði um að skuldbinding sóknaraðila sé fallin úr gildi eða ógild hvíli á sóknaraðila. Hún hafi ekki sýnt fram á að ósanngjarnt sé af hálfu varnaraðila að bera fyrir sig ábyrgð hans samkvæmt skuldabréfinu, né að önnur skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt. Þegar sóknaraðili hafi undirritað umrætt skuldabréf hafi falist í því loforð sem skuldbindi hana að lögum til að tryggja efndir samkvæmt skuldabréfinu. Að því virtu og þegar framangreind atriði séu metin heildstætt verði ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hennar á grundvelli 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili að sjálfskuldarábyrgð sú sem sóknaraðili hafi gengist í til tryggingar áður greindu skuldabréfi sé gild og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á veðskuldabréfi nr. Y, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaga. Verður varnaraðili talinn bundinn við efni þess, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði engu að síður veitt, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, við útgáfu skuldabréfs nr. Y. Af gögnum málsins verður ráðið að lánsúmsókn sem varnaraðili fyllti út 3. desember 2007, þar sem hakað var við að sóknaraðili óskaði ekki eftir mati á greiðslugetu, var fyllt út án atbeina sóknaraðila, enda skrifaði hún ekki undir það skjal. Við undirritun skuldabréfs nr. Y hafði því áður verið óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda fyrir sóknaraðila, án hennar atbeina, og það mátti varnaraðila vera ljóst.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðili skylt að meta greiðslugetu A. Var framkvæmd ábyrgðarveitingarinnar í ljósi framangreinds í brýnni andstöðu við 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Verður varnaraðili að bera hallann af því að greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A, eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki hefur það áhrif á skyldu varnaraðila til að meta greiðslugetu lántaka, sbr. 3. gr. samkomulagsins, að fasteign A að C, sem veðsett var til tryggingar skuldabréfi nr. Y hafi verið yfirveðsett.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að fjölskyldutengsl sóknaraðila og A, útgefanda skuldabréfsins, geri það að verkum að sóknaraðili þekki til fjárhagsstöðu A eða að þau hafi slík áhrif að skyldur varnaraðila skv. samkomulaginu til að framkvæma greiðslumat eða á sanngirnismat á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggæringa að það ráði úrslitum.

Ekki verður fallist á vísan varnaraðila til þess að sóknaraðili hafi haft miklar upplýsingar um stöðu fjárhags skuldara þar sem hún hafi ítrekað gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldum A, vottað skuldabréf hans og verið send tilkynning um vanskil sem dagsett var 3. desember 2007. Ekki liggur fyrir að greiðslumat hafi verið framkvæmt í nokkurt þeirra skipta sem sóknaraðili gekkst í ábyrgð fyrir A. Hafði sóknaraðili því ekki á þeim grundvelli vitneskju um fjárhagslega stöðu A. Varnaraðila hefur ekki tekist að sanna gegn mótmælum sóknaraðila að tilkynning um vanskil, dags. 3. desember 2007, hafi verið komin til vitundar sóknaraðila fyrir undirritun skuldabréfs nr. Y, enda dagsett einum degi fyrir undirritun skuldabréfsins.

Varnaraðili hefur því ekki sýnt fram á að sóknaraðili hafi þekkt fjármál A til hlítar þannig að hún gæti metið með raunhæfum hætti möguleika hans til að standa í skilum með það lán sem varnaraðili var að veita honum. Verður því ekki á því byggt.

Verður með sömu rökum og að framan greinir að hafna því að áhrif geti haft á mat samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 í máli þessu að sóknaraðili hafi verið starfsmaður varnaraðila síðastliðin 33 ár. Við það er því að bæta að eins og fyrr greinir hafði varnaraðili skuldbundið sig til að lána ekki út peninga til einstaklinga gegn veðsetningum og ábyrgðum 3. manns nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessum meginreglum var ætlað að tryggja að ekki væri farið offari gegn neytendum í því að velta ábyrgðum af lánveitingum af fjármálafyrirtækjum á ábyrgðarmenn. FF kaus að virða þessar skuldbindingar sínar að vettugi, við útgáfu umrædds skuldabréfs. Við matið á því hvort telja megi sanngjarnt að byggja á sjálfskuldarábyrgðinni við þessar aðstæður, virðist einsýnt að vanhöld lánveitandans á því að standa við þessar skuldbindingar vegi þyngra en það að sóknaraðili sé bankastarfsmaður, enda liggur ekkert fyrir um hvort lántaki hefði yfir höfuð staðist greiðslumat, hefði FF hirt um að framkvæma það. Bakgrunnur sóknaraðila breytti engu um að þannig skerti FF mjög möguleika hennar á að gera sér grein fyrir áhættunni sem hún var að takast á hendur með því að gangast í ábyrgð fyrir A, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 182/2012.

Ekki verður séð að málsatvik séu hér sambærileg máli Hæstaréttar nr. 116/2010 þar sem sérstök yfirlýsing ábyrgðarmanns lá fyrir um að hann hefði gengist í ábyrgðina þótt skuldari hefði ekki staðist greiðslumat. Hið sama gildir um málsatvik í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 4871/2011 þar sem greiðslumat hafði verið framkvæmt. Þá vísar varnaraðili til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-760/2012, en í því máli réðist niðurstaðan m.a. af sérstakri heimild hjóna og sambúðarfólks, samkvæmt umræddu samkomulagi um ábyrgðir, til að frábiðja sér greiðslumat vegna ábyrgða hvort fyrir annað. Er því ekki um sambærileg málsatvik að ræða og í máli þessu.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna henni greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti áður en hún tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. Y og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hennar. Þá virðast lýsingar sóknaraðila á þeim farvegi sem málið hefur verið í undanfarin ár ýta undir það sjónarmið að henni verði ekki metið til tjóns að hafa ekki látið reyna á gildi ábyrgðarinnar fyrr en nú. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að ábyrgðaryfirlýsing hennar verði látin standa.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. Y, útgefnu af A til FF, er ógild.

Reykjavík, 18. apríl 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2013, þriðjudaginn 7. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 10/2013**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 6. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 13. mars 2013. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. mars 2013, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðilum.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 7. maí 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 6. júlí 2006 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 370.000, gefið út af A til FF. Sóknaraðili N tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu. Óskaði sóknaraðili N eftir því að mat á greiðslugetu skuldara færi ekki fram og setti upphafsstafi sína við það val. Staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér fræðslurit bankans um ábyrgðir.

Þann 10. nóvember 2006 var skuldabréf nr. Y, að fjárhæð kr. 310.000, gefið út af A til FF. Sóknaraðili N tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu. Óskaði sóknaraðili N eftir því að mat á greiðslugetu skuldara færi ekki fram og setti upphafsstafi sína við það val. Staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér fræðslurit bankans um ábyrgðir.

Þann 8. janúar 2008 var skuldabréf nr. Z, að fjárhæð kr. 930.000, gefið út af A til FF. Sóknaraðilar tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu. Staðfestu sóknaraðilar að hafa kynnt sér fræðslurit bankans um ábyrgðir.

Þann 17. janúar 2008 var skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ undirritað. Þar kom fram að ráðstöfunartekjur væru kr. 123.078, áætlaður framfærslukostnaður kr.

107.233, áætlaður rekstrarkostnaður húsnæðis kr. 0, áætlaður rekstrarkostnaður bifreiðar kr. 37.500 og önnur gjöld kr. 0. Áætluð greiðslugeta án skulda var neikvæð um kr. 21.655. Áætluð greiðslubyrði núverandi fasteignalána var kr. 0, áætluð greiðslubyrði annarra núverandi lána var kr. 14.382 og áætluð greiðslubyrði væntanlegra lána var kr. 29.746. Áætluð greiðslugeta með skuldum var neikvæð um kr. 65.782. Samkvæmt greiðslumatinu átti sóknaraðili engar eignir. Fasteignalán voru kr. 0, önnur lán voru kr. 627.915, væntanleg lán voru kr. 930.000 og samtals skuldir voru kr. 1.557.915, þar af voru vanskil kr. 119.149. Nettó eignastaða var neikvæð um kr. 1.557.915. Tiltekið var að neikvæð niðurstaða áætlaðrar greiðslugetu með skuldum merkti að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar. Þá var ábyrgðarmönnum sérstaklega bent á að kynna sér stöðu vanskila ef einhver væru. Einnig kom fram að neikvæð niðurstaða merkti að greiðandi skuldaði meira en eignum hans næmi. Staðfestu sóknaraðilar að hafa fengið afhent, kynnt sér og skilið mat á greiðslugetu greiðanda og samþykkt það sem fullnægjandi fyrir sig. Þeir hefðu einnig kynnt sér fræðslurit FF fyrir ábyrgðarmenn.

Fyrir liggur ódagsett skjal, „Yfirlýsing ábyrgðarmanna/veðsala“. Varðaði yfirlýsingin sjálfskuldarábyrgð vegna lántöku A, skuldabréf nr. Z, að fjárhæð kr. 930.000. Sjálfskuldarábyrgðaraðilar voru sóknaraðilar. Tiltekið var að öllu láninu skyldi varið til greiðslu eldri skuldbindinga. Þá var eftirfarandi setning á skjalinu: „Yfirlýsing sjálfskuldarábyrgðarmanns/veðsala ef eign þriðja aðila“ og kassi var fyrir framan sem ekki hefur verið hakað við. Fyrir neðan kom eftirfarandi fram: „*Mér undirritaðri/uðum er ljóst að ofangreindur útgefandi/skuldari stenst ekki greiðslumat bankans fyrir ofangreindri upphæð og samkvæmt niðurstöðu matsins getur lántaki ekki greitt af ofangreindu láni. Það staðfestist hér með að ég hef kynnt mér niðurstöður greiðslumatsins.*“

Fyrir liggur að lán nr. Z var nýtt til greiðslu á skuldabréfum nr. X, Y og Þ.

Í október 2012 sendi umboðsmaður skuldara tölvupóst til varnaraðila fyrir hönd sóknaraðila þar sem óskað var eftir því að framangreind ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 17. október 2012.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 6. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að ógilt verði sjálfskuldarábyrgð þeirra á skuldabréfi nr. Z. Sóknaraðilar kveðast ekki hafa verið upplýst um neikvæða greiðslugetu greiðanda skuldabréfsins fyrr en eftir að þau hafi gengist í ábyrgðina. Á þeim tíma hafi þeim ekki verið boðið að hætta við sjálfskuldarábyrgðina.

Vísa sóknaraðilar til 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, þar sem fram komi að varnaraðila hafi verið skylt að greiðslumeta greiðanda. Samkvæmt 4. gr. samkomulagsins hafi varnaraðila borið að kynna sóknaraðilum niðurstöðu greiðslumatsins áður en gengist hafi verið í ábyrgðina og þar sem um neikvætt greiðslumat hafi verið að ræða að fá skriflega staðfestingu frá sóknaraðilum um að þau gengjust í ábyrgðina þrátt fyrir þá niðurstöðu. Þessi niðurstaða hafi ekki verið kynnt fyrir sóknaraðilum fyrr en eftir að þau hafi undirritað skuldabréfið. Þeim hafi ekki verið boðið að falla frá sjálfskuldarábyrgðinni við undirritun greiðslumatsins.

Sóknaraðilar telja að ógilda beri ábyrgð þeirra á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, enda þjóni það engum tilgangi að kynna ábyrgðarmönnum greiðslumat eftir að gengist sé í ábyrgð nema þeim sé sannarlega boðið að falla frá ábyrgðinni samhliða.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara er þess krafist að sjálfskuldarábyrgð N á skuldabréfi nr. Z verði eingöngu ógilt að því leyti sem hún er umfram kr. 680.000.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á þeim grundvelli að bankinn hafi ekki vanrækt skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, með þeim hætti að valdi því að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila verði ógild.

Varnaraðili bendir á að líkt og gögn málsins beri með sér þá sé óumdeilt að varnaraðili hafi uppfyllt skyldu 3. gr. samkomulagsins þegar hann hafi framkvæmt mat á greiðslugetu lántaka. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins hafi lánveitanda borið að kynna ábyrgðarmönnum niðurstöðu greiðslumats áður en gengist væri í ábyrgðina. Líkt og sóknaraðilar bendi á þá sé greiðslumatið dagsett 17. janúar 2008, en skuldabréfið hafi verið gefið út 8. janúar 2008. Þrátt fyrir að dagsetningum skjalanna beri ekki saman fullyrðir varnaraðili að sóknaraðilum hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumats áður en þau hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu. Bendir varnaraðili í því samhengi á yfirlýsingu ábyrgðarmanna/veðsala en þar segi: „*Mér undirritaðri/uðum er ljóst að ofangreindur útgefandi/lántaki stenst ekki greiðslumat bankans fyrir ofangreindri upphæð og samkvæmt niðurstöðu matsins getur lántaki ekki greitt af ofangreindu láni. Það staðfestist hér að ég hef kynnt mér niðurstöðu greiðslumatsins.*“ Sóknaraðilar hafi undirritað yfirlýsingu þessa og staðfest þar með að hafa kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins.

Vísar varnaraðili til þess að framangreind yfirlýsing sé ódagsett en varnaraðili staðhæfi að sóknaraðilar hafi undirritað yfirlýsinguna áður en þau hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgðina. Bendir varnaraðili á að fyrir ofan undirskriftarlínu sjálfskuldarábyrgðaraðila sé gert ráð fyrir að dagsetning skjalsins og staðfesting sé útfyllt. Varnaraðili telur að þegar metið sé hvort skilyrði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins teljist uppfyllt verði að telja að sóknaraðilum sem undirritað hafi yfirlýsinguna hafi borið að fylla inn mánaðardag undirritunar sinnar, enda hafi verið um að ræða yfirlýsingu sem sóknaraðilar hafi gefið út til varnaraðila. Þar sem sóknaraðilar hafi ekki fært inn dagsetningu undirritunar sinnar telur varnaraðili að þeir hafi ekki fært fram nein rök til stuðnings því að skrifað hafi verið undir skjalið eftir að þau hafi gengist í ábyrgðina. Til stuðnings máli sínu vísar varnaraðili einnig til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í máli nr. 36/2012.

Í ofangreindu samhengi telur varnaraðili engu breyta þótt greiðslumatið sé dagsett 17. janúar 2008, enda hafi sóknaraðilar staðfest það með undirritun á yfirlýsinguna áður en skuldabréfið hafi verið gefið út að þau hafi kynnt sér niðurstöður greiðslumatsins. Þá hafi sóknaraðilum verið kunnugt um að niðurstöður greiðslumatsins gæfu til kynna að lántaki gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína einnig á því að undirritun sóknaraðila á sjálft greiðslumatið hefði engu breytt um ákvörðun sóknaraðila um að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. Z. Í því samhengi vísist til ofangreindrar

umfjöllunar um undirritun yfirlýsingarinnar. Varnaraðili telur að við undirritun yfirlýsingarinnar hafi sóknaraðilar staðfest að bankinn hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína samkvæmt ákvæðum samkomulagsins. Á þeim tímapunkti hafi það verið undir þeim sjálfum komið að óska eftir að kynna sér undirliggjandi gögn greiðslumatsins, ef þess hafi verið óskað sérstaklega.

Varnaraðili telur óumdeilt að upplýsingagjöf til sóknaraðila áður en þau hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgðina hafi verið fullnægjandi þrátt fyrir að sóknaraðilar hafi komið níu dögum eftir útgáfu skuldabréfsins og óskað eftir að sjá afrit greiðslumatsins og staðfest það með undirritun sinni.

Varnaraðili vísar einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 máli sínu til stuðnings.

Bendir varnaraðili á að í greinargerð sinni vísi sóknaraðilar til þess að varnaraðili hafi ekki uppfyllt skyldur sínar skv. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins og að það eigi að valda ógildi ábyrgðarinnar sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varnaraðili bendir á að það hafi verið staðfest í fjölmörgum úrskurðum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dómum héraðsdómstólanna sem og Hæstaréttar að vanræksla á að fylgja ákvæðum samkomulagsins leiði ekki sjálfkrafa til ógildingar sjálfskuldarábyrgða eða veðtrygginga, heldur verði að meta heildaraðstæður í hverju máli og meta þannig hvort sé ósanngjarnt að halda ábyrgð upp á viðkomandi ábyrgðarmann, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Fallist nefndin ekki á ofangreindar málsástæður varnaraðila bendir bankinn á að það sé óumdeilt að sóknaraðilum beri að færa fram sönnun um að niðurstöður greiðslumatsins, hefðu þær verið undirritaðar sama dag og skuldabréfið, hefðu haft áhrif á ákvörðun þeirra að takast á hendur sjálfskuldarábyrgðina. Sóknaraðilar hafi ekki sett fram neinar slíkar málsástæður og því verði að telja að það hefði engu breytt um ákvörðun þeirra að takast á hendur umþrætta sjálfskuldarábyrgð. Því telur varnaraðili að það sé ekki ósanngjarnt að halda sjálfskuldarábyrgðinni upp á sóknaraðila og því beri að hafna kröfum þeirra.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að lánsfjárhæðin skv. skuldabréfi nr. Z hafi m.a. verið ráðstafað til að greiða upp eldri lánveitingar lántaka, þ.m.t. skuldabréf nr. X og Y. Sóknaraðili N hafi einnig tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á þeim lánnum

Bendir varnaraðili á að skuldabréf nr. X hafi verið að höfuðstólsfjárhæð kr. 370.000 og sóknaraðili N hafi hakað sérstaklega við að hún óskaði ekki eftir að greiðslugeta lántaka yrði metin, líkt og henni hafi verið heimilt sbr. 1. og 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Hið sama hafi gilt um lán nr. Y. Varnaraðili hafi uppfyllt allar viðeigandi skuldbindingar sínar skv. samkomulaginu þegar N hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á lánnum nr. X og Y. Samanlögð höfuðstólsfjárhæð þeirra skuldabréfa hafi verið kr. 680.000.

Varnaraðili vísar til þess að við útgáfu skuldabréfs nr. Z hafi sóknaraðili N verið í gildri sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfum nr. X og Y, sem hafi verið uppgreidd með andvirði skuldabréfs nr. Z. Í ljósi ofangreinds telur varnaraðili að það sé ekki óheiðarlegt eða ósanngjarnt, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila N sé gild að því leyti sem hún sé ekki umfram kr. 680.000. Í því samhengi bendir varnaraðili á dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012. Sambærilegra sjónarmiða gæti einnig í úrskurði úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 129/2012.

Varnaraðili bendir á að tilgangur og markmið áðurnefnds samkomulags hafi ekki verið að búa til leið fyrir skuldara til að losna undan ábyrgð sem stofnað hafi

verið til fyrir löngu og þá með réttum hætti. Því telji varnaraðili að ef fallist verði á kröfu sóknaraðila um ógildingu ábyrgðarinnar, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936, að hún gangi ekki lengra en svo að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila N verði eingöngu ógilt að því leyti sem hún sé umfram kr. 680.000.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á skuldabréfi nr. Z, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. Verður varnaraðili talinn bundinn við efni þess, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði engu að síður veitt, skal hann staðfesta það skriflega.

Í málinu liggur fyrir skjal sem ber heitið „Niðurstöður greiðslumats“. Á skjalinu kemur fram að áætlun greiðslugeta með skuldum sé neikvæð um kr. 65.782. Skjalið er dagsett 17. janúar 2008 en útgáfudagur umrædds skuldabréfs var 8. janúar 2008. Í 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kemur fram að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina. Sóknaraðili skrifaði undir skuldabréf nr. Z þann 8. janúar 2008 og gekkst þar með í ábyrgðina þann dag. Varnaraðila hefur ekki tekist að sanna eða gera sennilegt að skjalið „Yfirlýsing ábyrgðarmanna/veðsala“ hafi verið undirritað áður en greiðslumatið var undirritað 17. janúar 2008, enda liggur ekki annað fyrir en að greiðslumatið hafi verið gert þann dag, í samræmi við áprentaða dagsetningu skjalsins. Af gögnum málsins verður því fremur ráðið að varnaraðili hafi kynnt sóknaraðilum niðurstöðu greiðslumats og sóknaraðilar undirritað skjalið „Yfirlýsing ábyrgðarmanna/veðsala“ eftir að gengist var í ábyrgðina, þann 8. janúar 2008. Ekki liggja fyrir gögn sem staðfesta að sóknaraðilum hafi verið gefinn kostur á að hætta við að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna umrædds skuldabréfs áður en þau skrifuðu undir skjalið „Niðurstöður greiðslumats“, sbr. úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 41/2012 og 128/2012.

Hefur varnaraðili samkvæmt framansögðu ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að dómur Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu, enda var í því máli um að ræða jákvætt greiðslumat, sem gert hafði verið fyrir undirritun skuldabréfsins.

Við mat á því hvort víkja eigi ábyrgð sóknaraðila til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að líta til þess

að láninu var að hluta til ráðstafað til greiðslu skuldabréfa nr. X og Y, sem tryggt var með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila N.

Þegar sóknaraðili N gekkst í ábyrgð á skuldabréfum nr. X og Y óskaði hún eftir að ekki færi fram mat á greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfanna. Heildarfjárhæð umræddra skuldabréfa var innan við kr. 1.000.000. Var umrædd ábyrgð hennar á bréfum þessum því gild. Í ljósi framangreinds verður ekki fallist á að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila N að því leyti sem skuldabréfinu nr. Z var varið til uppgreiðslu skuldabréfa nr. X og Y, upphaflega að samanlagðri höfuðstólsfjárhæð kr. 680.000, miðað við 8. janúar 2008, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila N á skuldabréfi nr. Z, að því leyti sem hún er umfram stöðu skuldabréfa nr. X og Y, miðað við 8. janúar 2008.

Telja verður að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila M á skuldabréfi nr. Z, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. Z, útgefnu af A til FF er ógild.

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, N, á skuldabréfi nr. Z, er vikið til hliðar að því leyti sem ábyrgðin er umfram stöðu skuldabréfa nr. X og Y, miðað við 8. janúar 2008.

Reykjavík, 7. maí 2013

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, þriðjudaginn 7. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 11/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 6. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 6. mars 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. mars 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 7. maí 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 7. nóvember 2008 var skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ undirritað af sóknaraðila. Óskaði hann eftir að gangast í ábyrgð fyrir A á skuldabréfi að fjárhæð kr. 525.000. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kom fram að ekki yrði meira en helmingi lánsupphæðar varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum. Einnig var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Staðfesti sóknaraðili með undirritun sinni að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 7. nóvember 2008 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 525.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B, tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu. Með undirritun sinni staðfesti sóknaraðili að gera sér grein fyrir í hverju ábyrgð hans væri fólgin og teldi hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt hefði hann kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Í október 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila og óskaði eftir því að umrædd ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Þann 16. október 2012 kvað varnaraðili ábyrgðina gilda.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 6. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ógilt verði sjálfskuldarábyrgð hans á skuldabréfi nr. X. Sóknaraðili kveður greiðslumat ekki hafa verið framkvæmt þótt hann hafi ekki undanskilið bankann frá skyldu sinni til að framkvæma greiðslumat. Þá kveðst sóknaraðili ekki hafa fengið upplýsingabækling um ábyrgðir.

Vísar sóknaraðili máli sínu til stuðnings til 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Bankinn hafi brugðist upplýsingaskyldu sinni gagnvart sóknaraðila. Bendir sóknaraðili á að markmið samkomulagsins skv. 1. gr. sé að miða lánveitingar við greiðslugetu greiðanda.

Sóknaraðili telur að ef greiðslumat hefði verið framkvæmt þá hefði komið í ljós að skuldari hafi ekki haft greiðslugetu til að greiða af láninu. Sóknaraðili kveðst ekki hafa gengist í ábyrgðina hefði honum verið kynnt slík niðurstaða. Sóknaraðili telur því að ábyrgðarsamningur hans við varnaraðila sé ósanngjarn og andstæður góðri viðskiptavenju. Telur sóknaraðili með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga beri að ógilda sjálfskuldarábyrgð hans.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Bendir varnaraðili á að framkvæmt hafi verið mat á greiðslugetu A, útgefanda umþrætt skuldabréfs, í samræmi við 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og hafi niðurstöður þess verið kynntar sóknaraðila 7. nóvember 2008 í samræmi við 4. gr. samkomulagsins. Niðurstaða greiðslumatsins hafi verið sú að lántaki gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við fjárhagsstöðu. Engu að síður hafi sóknaraðili óskað eftir því að á að vera ábyrgðarmaður vegna lánsins og hafi staðfest það með undirritun sinni á niðurstöðublað greiðslumatsins í samræmi við niðurlag 4. gr. samkomulagsins. Sé fullyrðingu sóknaraðila um að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt því vísað á bug.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi undirritað sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X þann 7. nóvember 2008 og staðfest að hann gerði sér grein fyrir í hverju ábyrgðin væri fólgin og að hann teldi hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt að hann hefði kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Á niðurstöðublaði greiðslumatsins komi einnig fram og sé staðfest af sóknaraðila með undirritun hans að hann staðfesti að hafa kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð. Fullyrðingu sóknaraðila um að honum hafi ekki verið kynntur upplýsingabæklingur um sjálfskuldarábyrgðir sé því vísað á bug.

Vísar varnaraðili til þess að sönnunarbyrði um að skuldbinding sé fallin úr gildi eða ógild hvíli á sóknaraðila og hafi hann ekki sýnt fram á það. Í engu hafi

varnaraðili vikið frá skyldu sinni samkvæmt samkomulaginu og séu engin atriði í málinu sem gefi til kynna að ógilda skuli sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, eins og hann haldi fram. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá þeim sparisjóði. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 er byggt á því sjónarmiði að í framangreindu samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats eða að geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar. Virðist þar m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna sér slík gögn.

Með skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ var sóknaraðila kynnt neikvæð niðurstaða greiðslumats, en sama orðalag og sama aðferð virðist hafa verið viðhöfð við að benda ábyrgðarmanni á þann möguleika að kynna sér gögn til grundvallar niðurstöðunni og í umræddu Hæstaréttarmáli. Hafði sóknaraðili enn brýnna tilefni til að kynna sér gögn að baki greiðslumati en stefndi í Hæstaréttarmáli nr. 141/2012, sem hafði verið kynnt sú niðurstaða að greiðslumat benti til að skuldari gæti staðið við skuldbindingar sínar, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 196/2012.

Ekki er fallist á með sóknaraðila að honum hafi ekki verið afhentur upplýsingabæklingur um sjálfskuldarábyrgðir og veðsetningar, en með undirritun skuldabréfsins og skjalsins „Niðurstaða greiðslumats“ staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér upplýsingabækling sparisjóðsins um ábyrgðir. Fæst ekki séð að varnaraðili hefði með öðrum hætti betur getað tryggt sér sönnun um að réttilega hafi verið staðið að málum, en með því að fara fram á skriflega staðfestingu sóknaraðila sjálfs á þeim tíma þegar hann gekkst í ábyrgðina, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 184/2012.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki talið að forsendur séu til að víkja sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 152/2012 og 153/2012.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 7. maí 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2013, þriðjudaginn 7. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 6. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 1. mars 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. mars 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 7. maí 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 2. júní 2006 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 550.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu.

Þann 7. júní 2006 var skjalið „Lánsumsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. X“ undirritað. Umsækjandi um lán að fjárhæð kr. 550.000 var A. Láninu skyldi ráðstafað til greiðslu á debet-reikningi, skuldabréfi sem væri í innheimtu hjá lögfræðingi og Visa-skuld. Sóknaraðili var tilgreind ábyrgðarmaður. Gert var ráð fyrir greiðslumati á skjalinu en það hefur verið fyllt út með 0. Eftirfarandi var tekið fram: „*Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt “Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga” (dags. 1. nóv. 2001) að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski skriflega eftir því að það verði ekki gert. Samkvæmt samkomulaginu er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu*

til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir.“ Neðan við umræddan texta var gert ráð fyrir að hakað væri við það hvort ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán greiðanda hjá bankanum og að ábyrgðarmanni hefðu verið kynntar þær ráðagerðir. Þá voru reitir um að ekki væri óskað eftir greiðslumati eða að greiðslumat hefði verið framkvæmt og hvort að niðurstöður þess bentu til að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar eða ekki. Hakaði sóknaraðili við að ekki væri óskað eftir greiðslumati.

Þann 7. júní 2006 keypti FF skuldabréf nr. X.

Fyrir liggur ódagsett skjal, „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. Y “. Umsækjandi um lán að fjárhæð kr. 685.000 var A og sóknaraðili og B voru tilgreind ábyrgðarmenn. Ráðstafa skyldi láninu til að greiða upp lán nr. X og heimild nr. Z [sic] og setja hana svo á 0. Gert var ráð fyrir greiðslumati en það var fyllt út með 0. Eftirfarandi var tekið fram: „*Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt “Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga” (dags. 1. nóv. 2001) að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski skriflega eftir því að það verði ekki gert. Samkvæmt samkomulaginu er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir.*“ Neðan við umræddan texta var gert ráð fyrir að hakað væri við það hvort ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán greiðanda hjá bankanum og að ábyrgðarmanni hefðu verið kynntar þær ráðagerðir. Þá voru reitir um að ekki væri óskað eftir greiðslumati eða að greiðslumat hefði verið framkvæmt og hvort að niðurstöður þess bentu til að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar eða ekki. Hakaði sóknaraðili við að ekki væri óskað eftir greiðslumati.

Þann 24. apríl 2007 var skuldabréf nr. Y, að fjárhæð kr. 685.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Þann 26. apríl 2007 var skuldabréf nr. X greitt upp eftir útgáfu skuldabréfs nr. Y.

Þann 10. október 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst og óskaði eftir því að ábyrgðaryfirlýsing nr. Y yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 11. október 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 6. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst ógildingar á sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X. Sóknaraðili telur varnaraðila hafa brotið gegn upplýsingaskyldu sinni, þar sem hún hafi ritað undir lánsúmsókn þar sem ekki hafi verið óskað eftir greiðslumati fimm dögum eftir að hún hafi skrifað undir skuldabréfið.

Vísar sóknaraðili máli sínu til stuðnings til 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Telur sóknaraðili að bankinn hafi brotið gegn öllum helstu skyldum sínum samkvæmt samkomulaginu og því verði að ógilda ábyrgð hennar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til þrautavara er þess krafist að ábyrgð sóknaraðila vegna skuldabréfs nr. Y verði eingöngu ógilt að hluta.

Varnaraðili bendir á að ljóst sé að það álitamál sem liggja fyrir í máli þessu bjóði upp á að annaðhvort verði horft á orðalag samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga eða til markmiðs þess. Varnaraðili telur réttast að horfa til meðferðar dómstóla. Hjá dómstólum hafi þeirri nálgun verið beitt að styðjast frekar við markmið samkomulagsins en orðalag þess þegar tekin sé afstaða til þess hvort að ábyrgð teljist gild eður ei.

Varnaraðili bendir á að lánveitandi geti sleppt því að greiðslumeta aðalskuldara svo lengi sem skrifleg yfirlýsing frá ábyrgðarmanni liggja fyrir. Það sé túlkun byggð á orðalagi samkomulagsins. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 sé hins vegar eingöngu stuðst við það að undirskrift ábyrgðarmanns undir staðlaðan texta á lánskjöllum hafi verið fullnægjandi. Í dóminum hafi vissulega verið farið út fyrir það sem bókstafleg túlkun á samkomulaginu geri ráð fyrir. Engin skrifleg yfirlýsing þess efnis að ábyrgðarmaður hafi undanskilið lánveitandann þeirri skyldu að greiðslumeta aðalskuldarann hafi legið fyrir og sé það á skjön við 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Horft hafi verið til þess að ábyrgðarmaðurinn hafi verið upplýstur um réttindi sín og skyldur og hafi skrifað undir og þannig verið talinn hafa afþakkað greiðslumat. Markmið samkomulagsins sé látið ráða frekar en bókstafleg túlkun á orðalagi þess.

Bendir varnaraðili einnig á dóm Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Telur varnaraðili ljóst samkvæmt bókstaflegri túlkun samkomulagsins hafi ábyrgðin talist ógild. Samkvæmt ákvæðum samkomulagsins eigi lántaki alltaf að greiðslumeta aðalskuldara sé lánsupphæðin hærri en kr. 1.000.000 og ábyrgðarmaður ekki maki aðalskuldara. Í umræddum dómi sé hins vegar horft til þess að ábyrgðarmaður, sem viðskiptafræðingur og fasteignasali, hafi átt að þekka réttindi sín og skyldur (svo hafi verið vísað í yfirlýsinguna og hún talin fela í sér að hann hafi gengist í ábyrgðina þrátt fyrir neikvæða greiðslugetu en það breyti því ekki að ekkert greiðslumat hafi verið framkvæmt) og þar af leiðandi hafi verið talið eðlilegt að ábyrgðin væri gild. Hér hafi því ekki verið stuðst við bókstaflega túlkun samkomulagsins, heldur horft á það hvort ábyrgðarmaðurinn hafi verið meðvitaður um réttindi sín. Ábyrgðin hafi verið talin gild þrátt fyrir að ábyrgðarveitingin væri á skjön við bókstaflega túlkun samkomulagsins. Hafi því frekar verið horft á markmið samkomulagsins, að tryggja að ábyrgðarmaður þekki réttindi sín og taki ákvörðun um að gerast ábyrgðarmaður á þeim grunni.

Vísar varnaraðili til þess að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 hafi reynt á 4. gr. samkomulagsins. Bendir varnaraðili á að ekki hafi verið sannað að veðsali hafi kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir eða niðurstöðu greiðslumatsins en skv. bókstaflegri túlkun samkomulagsins sé um ógilda ábyrgð að ræða.

Varnaraðili telur að meðferð dómstóla landsins á svokölluðum ábyrgðarmálum gefi þá mynd að horft sé til markmiðs samkomulagsins, sem sett sé skýrt fram í skýrslu nefndar um ábyrgðarveitingar frá desember 1995. Markmið upphaflega samkomulagsins sem leitt hafi til setningar laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi verið það að tryggja að ábyrgðarmenn tækju upplýsta ákvörðun áður en þeir gerðust ábyrgðarmenn eða veðsalar. Gildi ábyrgðar velti þannig ekki eingöngu á bókstaflegri túlkun samkomulagsins heldur því hvort að framkvæmdin að baki henni fullnægi markmiði þess.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að kröfugerð sóknaraðila byggji á því að fella skuli niður ábyrgð á skuldabréfi sem greidd hafi verið upp. Sóknaraðili sé því ekki lengur ábyrgðarmaður á því bréfi. Sóknaraðili sé í raun eingöngu í ábyrgð vegna skuldabréfs nr. Y sem m.a. hafi verið ráðstafað til greiðslu á skuldabréfi nr. X. Ljóst sé að sóknaraðili krefjist þess ekki að ábyrgð vegna skuldabréfs nr. Y verði felld niður. Sökum framangreinds beri að vísa málinu frá.

Komi til þess að úrskurðarnefndin hafni frávísunarkröfu varnaraðila og kjósi að túlka kvörtun sóknaraðila þannig að þrátt fyrir þá ágalla sem séu á kvörtuninni megi túlka hana á þann veg að vilji sóknaraðila sé að ábyrgð vegna skuldabréfs nr. Y verði felld niður þar sem sóknaraðili telji ábyrgð vegna skuldabréfs nr. X ógildanlega. Til að stytta meðferð þessa máls leggur varnaraðili fram rök á móti framangreindri hugsanlegri túlkun á kvörtun sóknaraðila.

Varðandi lán nr. X vísar varnaraðili til þess að lánið hafi ekki verið greitt út fyrr en ábyrgðarmaður hafi kynnt sér réttindi sín sem fram hafi komið í bæklingi lánveitanda um sjálfskuldarábyrgðir. Lánsfjárhæðin hefði ekki verið greidd út fyrr en að tryggt hafi verið að ábyrgðarmaðurinn væri upplýstur um réttindi sín og skyldur. Af framangreindu sé því ljóst að upplýsingaskylda lánveitanda hafi verið uppfyllt. Af þeim sökum telur varnaraðili að um gilda ábyrgð sé að ræða.

Varnaraðili mótmælir þeim rökum að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y eigi rót sína að rekja til skuldabréfs nr. X (sem hafi verið gild). Sóknaraðili hafi á engan hátt sýnt fram á það enda hafi aðstæður í kringum útgáfu skuldabréfs nr. Y [sic] verið allt aðrar en í kringum útgáfu skuldabréfs nr. Y [sic]. Þótt skuldabréfin séu að svipaðri upphæð verði ekki litið fram hjá því að tveir ábyrgðarmenn tryggi endurgreiðslu skuldabréfsins á meðan eingöngu sóknaraðili ábyrgist fulla endurgreiðslu á skuldabréfi nr. X. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að hún hafi ákveðið að gerast ábyrgðarmaður vegna fyrri skuldbindinga sinna og verði ekki séð af fyrirliggjandi gögnum að svo hafi verið. Byggist sú nálgun á því að um sé að ræða svipaða lánsfjárhæð en tvo ábyrgðarmenn. Ekki verður séð að nauðsynlegt hafi verið að hafa tvo ábyrgðarmenn á skuldabréfi nr. Y þar sem árið áður hafi einn talist fullnægjandi trygging.

Varnaraðili vísar til þess að ekki reyni á gildi ábyrgðar vegna skuldabréfs nr. Y en ljóst sé að ákvæðum samkomulagsins hafi verið fylgt til hlítar. Miðað við viðbrögð umboðsmanns skuldara þá hafi varnaraðili og sóknaraðili verið sammála um að svo hafi verið.

Af framangreindu telur varnaraðili ljóst að um gildar ábyrgðir sé að ræða bæði hvað varði skuldabréf nr. X og Y. Sóknaraðili hafi verið að fullu upplýst um réttindi sín og skyldur skv. samkomulaginu. Hún hafi í báðum tilfellum kosið að undanþiggja lánveitanda þeirri skyldu að greiðslumeta aðalskuldarann og hafi lánið í hvorugu tilfellinu verið veitt fyrir en slík staðfesting hafi legið fyrir frá ábyrgðarmanninum. Þar

að auki þurfi að horfa til þess að við útgáfu skuldabréfs nr. Y hafi sóknaraðili valið að afþakka greiðslumat, vitandi að hún hafi haft rétt á að vita hvernig fjárhag greiðanda hafi verið háttað, en kosið samt sem áður, eftir að hafa kynnt sér réttindi sín í tvígang að afþakka greiðslumat. Gefi það til kynna að greiðslumat hefði ekki breytt afstöðu ábyrgðarmanns.

Til stuðnings þrautavarakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að líkt og fram komi í fylgigögnum vegna skuldabréfs nr. Y þá hafi því verið ráðstafað á þann hátt að andvirði þess skuldabréfs, kr. 669.870 hafi verið ráðstafað inn á reikning útgefanda bréfsins og síðar hafi eftirstöðvar skuldabréfs nr. X kr. 609.910 verið greiddar þann 26. apríl 2007 og skuldabréfið því greitt að fullu. Eftirstöðvum skuldabréfs nr. Y hafi síðan verið ráðstafað í aðrar skuldir. Gerð sé sú krafa, telji nefndin að sóknaraðili hafi sýnt fram á tengsl milli ábyrgðarveitingar hennar á skuldabréfi nr. Y og ábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X og telji úrskurðarnefndin ábyrgð vegna skuldabréfs nr. X ógilda, að sá hluti skuldabréfs nr. Y sem ekki hafi verið nýttur til uppgreiðslu á skuldabréfi nr. X verði talin gild ábyrgðar m.t.t. verðtryggingar og vaxtaákvæða skuldabréfsins.

Varnaraðili telur að ljóst sé að hann hafi í máli þessu fylgt öllum þeim reglum er gilt hafi er ábyrgðir sóknaraðila hafi verið veittar og séu ábyrgðirnar því gildar í báðum tilfellum.

Varnaraðili bendir á önnur atriði sem horfa verði til við mat á gildi ábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X. Bendir varnaraðili á að láninu hafi verið haldið í skilum frá 3. júlí 2006 til 26. apríl 2007 og sé ljóst að aðalskuldari hafi greitt af skuldabréfinu staðfastlega uns það hafi verið greitt að fullu þann 26. apríl 2007. Þannig sé ljóst að engin vanskil hafi verið á bréfinu og gefi það til kynna að markmiði samkomulagsins hafi verið náð. Þar að auki sjáist af framangreindu að lánveitingin hafi verið í samræmi við greiðslugetu greiðanda líkt og kveðið sé á um í samkomulaginu.

Vísar varnaraðili til þess að í viðskiptasamböndum líkt og því sem um ræði í máli þessu séu réttindi aðila sammingsins skilyrt, þ.e. skuldari fái ekki lánið greitt nema hann riti undir tilskilin skjöl og útvegi ábyrgðarmann, en við það eignist lántakinn kröfu á hendur lánveitanda um lánsfjárhæð í samræmi við efni skuldabréfsins. Lánveitandinn eignist kröfu á hendur lántaka og ábyrgðarmanni þegar hann hafi uppfyllt sinn hluta samkomulagsins, þ.e. afhent fjárhæðina eða keypt skuldabréfið. Þangað til sú greiðsla hafi átt sér stað eigi lánveitandinn ekki kröfu á hendur lántakanum og ábyrgðarmanninum. Varnaraðili telur það heldur sérstakt að miða við að kröfuhafi eignist endurgreiðslukröfu á hendur lántaka án þess að veita honum lánið, þannig að hvorki endurgreiðsluskylda né ábyrgð ábyrgðarmanns hafi verið orðnar virkar. Gagnkvæm samningssambönd líkt og það sem liggja að baki lánveitingu vegna skuldabréfs nr. X krefjist þess að báðir aðilar uppfylli skyldur sínar til að eiga kröfu á hendur hinum. Framangreint hafi komið fram í dómi héraðsdóms Norðurlands eystra nr. Y-1/2013.

Varnaraðili byggir einnig á því að ábyrgðarmaður hafi sýnt af sér tómlæti með því að gera ekki athugasemd við ábyrgðarveitingu vegna skuldabréfs nr. X. Kvörtunin hafi verið lögð fram 6 árum eftir útgáfu skuldabréfsins og fimm árum eftir að það hafi verið greitt að fullu. Vísar varnaraðili til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4871/2011.

Af öllu framangreindu telur varnaraðili að hafna eigi kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst ógildingar á sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X. Óumdeilt er að skuldabréf nr. X var greitt upp þann 26. apríl 2007 með útgáfu skuldabréfs nr. Y. Eðli máls samkvæmt verður sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X því ekki felld niður.

Krafa sóknaraðila er þannig alveg afdráttarlaus. Ekki er unnt að líta svo á að í kröfugerð sóknaraðila fyrir nefndinni felist krafa um ógildingu annarra krafna eða sjálfskuldarábyrgða. Samkvæmt þessu verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila, enda verður ábyrgðin ekki ógilt eftir uppgreiðslu skuldabréfsins, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 122/2012.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 7. maí 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, fimmtudaginn 16. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 8. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 5. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 8. mars 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. mars 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 7. og 16. maí 2013.

II.

Málsatvik.

Fyrir liggur ódagsett skjal „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. X“, sem sóknaraðili undirritaði. Umsækjandi um lán að fjárhæð kr. 900.000 var A. Sóknaraðili og B voru tilgreindir ábyrgðarmenn. Gert var ráð fyrir greiðslumati en reitir þess efnis hafa verið fylltir út með 0. Eftirfarandi var tekið fram: „*Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt „Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga“ (dags. 1. nóv. 2001) að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski skriflega eftir því að það verði ekki gert. Samkvæmt samkomulaginu er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir.*“ Neðan við umræddan texta var gert ráð fyrir að hakað væri við það hvort ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán greiðanda hjá bankanum og að ábyrgðarmanni

hefðu verið kynntar þær ráðagerðir. Þá var með sama hætti gert ráð fyrir að hakað væri í reiti til að lýsa því að ekki væri óskað eftir greiðslumati eða að greiðslumat hefði verið framkvæmt og hvort niðurstöður þess bentu til að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar eða ekki. Ekki hefur verið hakað við neinn þessara valmöguleika.

Skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 900.000, var gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu. Skrifuðu þeir undir skuldabréfið en undirskriftirnar eru ódagsettar.

Þann 25. júní 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila bréf og óskaði eftir að framangreind ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 5. júlí 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 5. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Í liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Ábyrgðarskuldbinding á kröfu X skuldabréf.*“ Sóknaraðili vísar til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og dóms héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-760/2012. Þá bendir sóknaraðili á að skuldabréfið sé ódagsett og greiðslugeta skuldara ekki metin.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili telur vert að fjalla um skort á dagsetningu hjá þeim er gefi skuldabréfið út. Sé skuldabréf nr. X skoðað ásamt fylgigögnum sé ljóst að á því eyðublaði sem útgefandinn styðjist við er hann gefi skuldabréfið út sé gert ráð fyrir að útgefandi bréfsins skrifi undir og fylli út þá reiti sem gert sé ráð fyrir að fylltir séu út. Framangreindir reitir séu neðarlega á skuldabréfinu og fylgigögnum þess, enda sé A útgefandi bréfsins og velti útgáfa bréfsins á honum og engum öðrum. Sem útgefandi beri honum að dagsetja skuldabréfið sem hann sé að gefa út ásamt fylgigögnum þess enda sé það hann sem gefi skuldabréfið út. Þrátt fyrir óskýra kvörtun sóknaraðila þá virðist hann setja út á það að skortur sé á dagsetningu á skuldabréfinu og lánsúmsókninni en það breyti ekki skuldbindingargildi þess. Þar að auki verði ekki séð að skortur á dagsetningu á skuldabréfinu eða lánsúmsókninni hafi skipt ábyrgðarmennina einhverju máli þegar komið hafi að því að taka ákvörðun um að gerast ábyrgðarmenn. Ábyrgðarmennirnir hafi ekki viljað að greiðslugeta greiðanda yrði metin, þannig að ekki hafi verið til staðar greiðslumatsniðurstaða sem áhrif hafi haft á ákvörðunartöku sóknaraðila. Framangreindu til stuðnings megi vísa í dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012. Vísar varnaraðili einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 343/2012.

Varnaraðili vísar til þess að útgefanda skuldabréfsins hafi borið að dagsetja þau skjöl sem hann hafi gefið út. Það sé ekki eitthvað sem kaupandi að skuldabréfinu eigi að gera, enda komi skuldabréfið frá útgefandanum og fari dagsetningin eftir því hvenær hann gefi það út. Framangreindur skortur á dagsetningu geti þar af leiðandi ekki haft áhrif á skuldbindingargildi skjalsins enda stafi þau mistök frá útgefandanum

en ekki kaupanda skuldabréfsins og því óeðlilegt að kaupandi bréfsins hljóti tjón af þeim sökum.

Varnaraðili telur ljóst að undirritun ábyrgðarmanns á láns skjölin hafi gríðarlega þýðingu, sbr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Vísar varnaraðili til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012, máli sínu til stuðnings. Bendir varnaraðili á að í samkomulaginu sé maka heimilt að afþakka greiðslumat sama hver upphæðin sé. Hins vegar heimili samkomulagið aðilum sem ábyrgist aðra aðila sem ekki séu makar þeirra að afþakka greiðslumat sé upphæðin ekki hærri en kr. 1.000.000. Ljóst sé að í framangreindu máli sé um tvö skjöl að ræða, eitt skjal sem aðalskuldari fylli út til að stofna reikning hjá bankanum en hitt skjalið fylli ábyrgðarmaðurinn út með reikningseigandanum til að veita lánveitandanum tryggingu í formi ábyrgðar. Í máli þessu sé einnig um að ræða tvö bréf, eitt sem sé skuldabréfið sem A hafi gefið út og síðan lánsúmsóknin. Þannig sé ljóst að skjalagerðin að baki ábyrgðinni sem um ræði í máli þessu sé byggð á svipuðum grunni og um ræði í máli nr. E-760/2012. Þar að auki hljóti sömu reglur að gilda um ábyrgðina í þessu máli og í máli nr. E-760/2012 en hér séu ábyrgðarmennirnir tveir ótengdir aðilar sem gangist við ábyrgð vegna skuldabréfs nr. X og þeim hafi verið heimilt að afþakka greiðslumat þar sem lánsupphæðin hafi verið lægri en kr. 1.000.000.

Varnaraðili telur að keimlíkar aðstæður séu uppi í máli þessu og framangreindum dómi héraðsdóms Reykjavíkur og því teljist ábyrgðin gild. Undirritun sóknaraðila á lánsúmsóknina þjóni sama tilgangi og ábyrgðarskjalið í dómi héraðsdóms, þar sem sams konar fyrirkomulag á undirritun og hökum hafi verið til staðar og ábyrgðin hafi verið talin gild. Lánsúmsóknin sé fylgiskjal með skuldabréfinu og komi fram í samkomulaginu að með undirritun lánsúmsóknar eða annarra gagna sem fyllt séu út í tengslum við afgreiðsluna staðfesti ábyrgðarmaður að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir. Hvergi komi hins vegar fram að greiðslumatið þurfi að vera ritað á skuldabréfið sjálft, hvað þá staðfesting á því að ekki sé beðið um greiðslumat. Samkomulagið geri ráð fyrir því að skuldabréf hafi fylgigögn, sbr. 4. gr. þess.

Varnaraðili byggir einnig á því að ábyrgðarmaður hafi sýnt af sér tómlæti með því að gera ekki athugasemd við ábyrgðarveitingu vegna skuldabréfs nr. X. Hafi það skuldabréf verið gefið út tæplega sex árum áður en kvörtunin hafi verið lögð fram. Vísar varnaraðili til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4871/2011 máli sínu til stuðnings.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Kröfugerð sóknaraðila er ekki skýrlega fram sett. Þrátt fyrir þetta er ljóst að gerð er krafa um að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X verði ógilt. Málalítilbúnaður varnaraðila tekur mið af þessu. Verður málinu því ekki vísað frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaganna sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaganna og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá

því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. X. Samkvæmt 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema sjálfskuldarábyrgðaraðili óskaði eftir því að greiðslumat yrði ekki framkvæmt, enda var fjárhæð skuldabréfsins kr. 900.000. Sóknaraðili óskaði ekki eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin, sbr. 3. gr. samkomulagsins. Verður varnaraðili að bera hallann af því að greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki verður fallist á að dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu. Í því máli undirritaði sjálfskuldarábyrgðaraðili sjálfskuldarábyrgð þar sem sambærileg yfirlýsing og fram kemur á lánsúmsókn í máli þessu, var á ábyrgðaryfirlýsingunni sjálfri. Var ábyrgðaraðila því ljóst við undirritunina að greiðslumat yrði ekki framkvæmt vegna lánveitingarinnar, enda hafði greiðslumat ekki farið fram við undirritun ábyrgðaryfirlýsingarinnar með framangreindri yfirlýsingu. Í máli þessu undirritaði sóknaraðili lánsúmsókn þar sem þvert á móti mátti ráða af yfirlýsingunni á lánsúmsókninni að greiðslumat yrði framkvæmt, sbr. „[...] fjármálafyrirtæki [ber] samkvæmt *“Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga” (dags. 1. nóv. 2001) að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski skriflega eftir því að það verði ekki gert. [...]“*. Sóknaraðili óskaði ekki skriflega eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin. Mátti hann því búast við því að greiðslumat yrði framkvæmt, enda var framangreind yfirlýsing ekki á skuldabréfinu sjálfu og ekki liggur fyrir að ritað hafi verið undir lánsúmsóknina og skuldabréfið á sama tíma, sbr. dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012. Af öllu framanrituðu er því ljóst að dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 er ekki sambærilegur máli þessu, þar sem yfirlýsingin er ekki rituð á skjal það sem sóknaraðili skuldbindur sig til að gangast í ábyrgð á skuldbindingu aðalskuldara.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að dómur Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu, enda réðist niðurstaða umrædds máls einkum af því að í skýrslu stefnanda málsins fyrir dóminum kom fram að það hefði engu breytt þótt henni hefði verið kynnt efni umrædds greiðslumats áður en hún skrifaði undir skuldabréfið. Í máli því sem nú er um rætt liggur ekki fyrir sambærileg yfirlýsing ábyrgðarmanns.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna honum greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti og að þetta kynni að

hafa áhrif á greiðslugetu hans. Auk þess hefur ekki verið sýnt fram á hvenær ábyrgðarmaður hafði fyrst ástæðu til að efast um greiðslufærni aðalskuldarans eða hvenær innheimtuaðgerðum var fyrst beint að honum. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að sjálfskuldarábyrgð hennar verði látin standa.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF, er ógild.

Reykjavík, 16. maí 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, fimmtudaginn 16. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 14/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 11. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 7. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 11. mars 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. mars 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 7. og 16. maí 2013.

II.

Málsatvik.

Fyrir liggur tryggingarvígill að fjárhæð kr. 800.000. Samþykkjandi og greiðandi víxilsins var A og sóknaraðili var útgefandi. Þann 22. janúar 2004 var viðfest víxileyðublað afhent FF til tryggingar á úttektum samþykkjanda skv. yfirdráttarheimild á tékkareikningi hennar nr. X/kreditkorti við sparisjóðinn. Vígillinn tryggði greiðslu á skuld korthafa sem stofnað var til með notkun greiðslukortsins. Tiltekið var að útgefandi/ábekingur gætu sagt upp ábyrgð sinni samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og ef til uppsagnar kæmi þá bæri hann ábyrgð á þeirri skuldastöðu sem myndast hefði fram til þess dags sem uppsögnin tæki gildi. Samþykkjandi var A, sóknaraðili var útgefandi og B ábekingur.

Þann 15. ágúst 2006 óskaði A eftir að taka lán hjá FF, að fjárhæð kr. 1.500.000. Sóknaraðili var tilgreindur sjálfskuldarábyrgðaraðili og veðstaður var C.

Andvirði lánsins átti að verja til greiðslu á Atlaskorti, kr. 155.000, láni nr. Y og yfirdrætti á tékkareikningi nr. X.

Þann 15. ágúst 2006 var skuldabréf nr. Þ, að fjárhæð kr. 1.500.000 gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteign sóknaraðila og B var sett að veði á 6. veðrétti til tryggingar skuldinni.

Þann 15. ágúst 2006 var skjalið „Yfirlýsing vegna láns með sjálfskuldarábyrgð og/eða lánsveði“ undirritað. Sóknaraðili og B óskuðu eftir að veita veð í fasteign sinni fyrir skuld A, að fjárhæð kr. 1.500.000. Óskuðu sóknaraðili og B eftir að falla frá greiðslumati en tiltekið var í forprentuðu formi skjalsins að væri heildarábyrgð ábyrgðarmanna á skuldum lántaka við sparisjóðinn kr. 1.000.000 eða meira væri ekki hægt að falla frá greiðslumati. Þá var tiltekið að meira en helmingi lásupphæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántaka eða annarra hjá sparisjóðnum. Einnig var útdráttur úr 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga á skjalinu. Staðfesti sóknaraðili með undirritun sinni að hann hefði fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 15. ágúst 2006 var skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ undirritað. Sóknaraðili og B óskuðu eftir að veita veð í fasteign sinni fyrir A á láni að fjárhæð kr. 1.500.000. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Staðfesti sóknaraðili að hann hefði fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 16. ágúst 2006 var skjalið „Yfirlýsing um ráðstöfun andvirðis skuldabréfaláns“ undirritað. Tiltekið var að andvirði láns nr. Þ yrði varið til greiðslu á láni nr. Y að fjárhæð kr. 60.813, yfirdrætti á reikningi X að fjárhæð kr. 714.990 og kreditkorti nr. Z að fjárhæð kr. 154.430. Áætluð upphæð samtals var kr. 930.233. Mismunurinn var lagður inn á reikning A nr. X.

Þann 11. janúar 2013 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila og óskaði eftir að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila nr. Þ yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 14. janúar 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 8. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að fá afhent öll gögn og upplýsingar um skuldir sem voru niðurgreiddar með lánveitingu nr. Þ eða að ábyrgðarskuldbinding hans sé ógild vegna gagnaskorts og að hann fái endurgreiddar fjárhæðir (ásamt vöxtum) sem hann „hafi lagt fyrir að halda láninu í skilum“.

Sóknaraðili bendir á að í gögnum sem fylgi lánveitingu komi skýrt fram að meira en helmingur lánsfjár hafi verið notaður til að greiða aðrar skuldir lántakanda hjá FF. Sóknaraðila hafi aldrei verið gerð grein fyrir skuldum þeim sem greiddar hafi verið né hvaða áhrif þetta hefði á greiðslugetu aðalskuldara. Ekki sé til staðar staðfesting aðalskuldara á niðurstöðu greiðslumats og/eða varnaraðili hafni því að kynna sóknaraðila niðurstöðu þess sem ábyrgðarmanni. Sóknaraðili telur að FF hafi ekki uppfyllt upplýsingaskyldu sína gagnvart honum sem ábyrgðarmanni.

Sóknaraðili telur að varnaraðila beri að veita honum allar upplýsingar um fjárhagslega stöðu aðalskuldara til þess að hann geti metið áhættu sem falist hafi í því að gerast ábyrgðarmaður vegna umræddrar lánveitingar og tekið upplýsta ákvörðun um það. Máli sínu til stuðnings vísar sóknaraðili til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 11/2011, 33/2010, 56/2011 og 64/2011. Einnig bendi sóknaraðili á dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Sóknaraðili vísar til þess að með framkomu sinni hafi varnaraðili ekki farið eftir ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og hafi því brotið gegn neytendarétti hans sem varinn sé í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði aðallega vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til b-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Bendir varnaraðili á að sóknaraðili krefjist afhendingar á gögnum og upplýsingum og að slík krafa verði ekki metin til fjár. Í ljósi þess beri að vísa kröfunni frá, sbr. t.d. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 12/2012.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að á skjalinu „Yfirlýsing um ráðstöfun skuldabréfaláns“ séu útlistaðar þær skuldbindingar sem hið nýja skuldabréf hafi greitt upp. Annars vegar hafi skuldabréf nr. Y verið greitt upp, en sjálfskuldarábyrgðaraðilar hafi verið sóknaraðili og kona hans. Hins vegar hafi verið greiddar upp skuldbindingar skv. yfirdráttarheimild og kreditkorti en þær skuldbindingar hafi verið tryggðar með tryggingarvixli sem hafi verið útgefinn af sóknaraðila auk þess sem eiginkona hans hafi verið ábekingur. Hafi tryggingarfjárhæð vixilsins numið kr. 800.000.

Varnaraðili telur sér ekki skylt að afhenda frekari gögn vegna uppgreiddra skuldbindinga og vísast því til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012. Í því máli hafi verið staðfest að á varnaraðila hvíldi ekki skylda til að geyma undirgögn til stuðnings greiðslumati í 5 ár frá lánveitingu. Af þeirri niðurstöðu megi álykta svo að á varnaraðila hvíli ekki skylda til þess að geyma gögn sem útbúin séu eingöngu vegna áskilnaðar í samkomulaginu í meira en 6 ár frá uppgreiðslu þeirra.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst þess að fá afhent gögn og upplýsingar um skuldir sem voru niðurgreiddar með lánveitingu nr. Þ eða að ábyrgðarskuldbinding sé ógild vegna gagnaskorts og að hann fái endurgreiddar fjárhæðir (ásamt vöxtum) við að halda láninu í skilum.

Með svari sóknaraðila til nefndarinnar, dags. 11. mars 2013, bárust gögn og upplýsingar um skuldir sem greiddar voru niður með láni nr. Þ. Er því ekki um að ræða ágreining með aðilum um þann hluta málsins er varðar upplýsingar um tryggingarvixil að fjárhæð kr. 800.000 sem tryggði yfirdrátt á reikningi nr. X og kreditkorti nr. Z. Verður sá þáttur málsins sem að þessum gögnum lýtur því felldur niður.

Fyrir liggur að lán nr. Þ var einnig nýtt til greiðslu á skuldabréfi nr. Y. Í 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau

mál sem nefndin fjallar ekki um. Í b-lið 6. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin fjalli ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verði metin til fjár. Sakarefni málsins eins og að framan er lýst lýtur að afhendingu gagna í tengslum við útgáfu skuldabréfs nr. Y. Enda þótt sóknaraðili hafi að þessu leyti enga beina fjárkröfu uppi í málinu á hendur varnaraðila verður að líta svo á að þessi krafa hans um afhendingu gagna standi í svo nánu sambandi við hugsanlega fjárkröfu að fjalla megi um hana þrátt fyrir ákvæði b-liðar 6. gr. samþykktanna fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 var því hafnað að á lánveitanda hvíldi sú skylda að geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg varnaraðila rúmum fimm árum síðar. Þá er til þess að líta að samkvæmt gögnum málsins var sóknaraðili upplýstur um að umræddu láni væri ætlað að ganga til efnda eldri skuldbindinga lántaka að mestu leyti. Ekki fæst séð að á lánveitanda hafi hvílt skylda til að kynna ábyrgðarmanni umræddar skuldbindingar áður en hann gekkst í ábyrgðina og vísast til framangreinds dóms til frekari staðfestingar á því. Hefur sóknaraðila ekki tekist að sýna fram á það að hann eigi lögvarða hagsmuni eða kröfu á að fá umrædd gögn afhent og verður henni því hafnað.

Sóknaraðili gerir einnig kröfu um að ábyrgðarskuldbinding hans verði ógilt á grundvelli gagnaskorts og að hann fái endurgreiddar fjárhæðir við að halda láninu í skilum. Byggir sóknaraðili kröfuna á því að skortur á áður nefndum upplýsingum leiði til ógildingar ábyrgðarinnar. Samkvæmt 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er ekki gerð krafa um sundurliðun þeirra lána sem greidd eru upp hjá fjármálafyrirtæki, heldur skal ábyrgðarmaður staðfesta að honum hafi verið kynnt um þær ráðagerðir að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálafyrirtæki. Sóknaraðila var kynnt um þær ráðagerðir að verja skyldi meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálafyrirtæki. Þá var honum kynnt um neikvæða niðurstöðu greiðslumats A, útgefanda skuldabréfs nr. Þ, og jafnframt staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð. Af öllu framansögðu verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila um að ábyrgðarskuldbinding hans verði ógilt.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila um afhendingu gagna er varðar lánveitingu nr. Þ er hafnað.
Kröfu sóknaraðila um að ábyrgðarskuldbinding hans verði ógilt er hafnað.

Reykjavík, 16. maí 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, fimmtudaginn 13. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 13. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 8. mars 2013. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. mars 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 13. júní 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 10. maí 2006 var skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“ undirritað. Umsækjandi um lán að fjárhæð kr. 850.000 var A. Sóknaraðili og B voru tilgreind ábyrgðarmenn. Ráðstafa átti láninu til að greiða upp heimild á reikningi Y kr. 545.000, kreditkort u.þ.b. kr. 123.000, vanskil á lánum í L u.þ.b. 77.000, greiðslu af bílaláni u.þ.b. 70.000. Gert var ráð fyrir greiðslumati en reitir þess efnis hafa verið fylltir út með 0. Eftirfarandi var tekið fram: „Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt “Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga” (dags. 1. nóv. 2001) að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski skriflega eftir því að það verði ekki gert. Samkvæmt samkomulaginu er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir.“ Neðan við umræddan texta var gert ráð fyrir að hakað væri við

Það hvort ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán greiðanda hjá bankanum og að ábyrgðarmanni hefðu verið kynntar þær ráðagerðir. Þá voru reitir um að ekki væri óskað eftir greiðslumati eða að greiðslumat hefði verið framkvæmt og hvort niðurstöður þess bentu til að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar eða ekki. Ekki hefur verið hakað við neinn þessara valmöguleika.

Þann 10. maí 2006 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 850.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Þann 19. júlí 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila og óskaði eftir því að framangreind ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 13. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðarskuldbinding hans vegna skuldabréfs nr. X sé ógild.

Vísar varnaraðili til þess að ekki hafi verið gert greiðslumat á lántakanda og ábyrgðarmönnum hafi ekki verið kynntar þær kvaðir sem kynnu að falla á þá ef skuldari greiddi ekki skuld sína. Lánveitandi láni skuldara þótt fjölskyldutekjur hafi verið skráðar 0 á umsókn og einnig sé skráð að vanskil séu á öðru láni. Hafi bankanum því mátt vera ljóst að lántaki gæti varla staðið í skilum á nýju láni.

Sóknaraðili bendir á að með því að fara ekki eftir samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga í samræmi við framangreint, hafi varnaraðili brotið á neytendarétti sóknaraðila sem varinn sé í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerna.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili telur réttast til að byrja með að skoða það sem fram komi í 2. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, þ.e. að með undirritun lánsúmsóknar eða annarra gagna sem fyllt séu út í tengslum við afgreiðsluna staðfesti ábyrgðarmaður að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir. Í þessu máli liggja fyrri að sóknaraðili hafi staðfest framangreint er hann hafi ritað undir skjalið „Lánsúmsókn“. Sé þá sérstaklega vísað í undirritun sóknaraðila rétt fyrir neðan setninguna „Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir“ og einnig 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Varnaraðili telur ljóst að undirritun ábyrgðarmanns á láns skjölin hafi gríðarlega þýðingu og þar sem sóknaraðili hafi ritað undir skjalið lánsúmsókn staðfesti hann að hann hafi kynnt sér upplýsingabækling lánveitanda um sjálfskuldarábyrgðir. Sé því ljóst að sá hluti kvörtunarinnar er snúi að grandleysi hans um „Þær kvaðir sem kynnu að falla á þá ef skuldari greiddi ekki sína skuld“, sé því röng.

Varnaraðili telur réttast að skoða dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012, en þar hafi mikilvægi undirritunar í málum sem þessum verið metið mjög víðtækt. Bendir varnaraðili á að í samkomulaginu sé maka heimilt að afþakka greiðslumat sama hver upphæðin sé. Hins vegar heimili samkomulagið aðilum sem ábyrgist aðra aðila sem ekki séu makar þeirra að afþakka greiðslumat sé upphæðin ekki hærrí en kr. 1.000.000. Ljóst sé að í framangreindu máli sé um tvö skjöl að ræða, eitt skjal sem aðalskuldari fylli út til að stofna reikning hjá bankanum en hitt skjalið fylli ábyrgðarmaðurinn út með reikningseigandanum til að veita lánveitandanum tryggingu í formi ábyrgðar. Í máli þessu sé einnig um að ræða tvö bréf, eitt sem sé skuldabréfið sem A hafi gefið út og síðan lánsúmsóknin. Þannig sé ljóst að skjalagerðin að baki ábyrgðinni sem um ræði í máli þessu sé byggð á svipuðum grunni og um ræði í máli nr. E-760/2012. Þar að auki hljóti sömu reglur að gilda um ábyrgðina í þessu máli og í máli nr. E-760/2012 en hér séu ábyrgðarmennirnir tveir ótengdir aðilar sem gangist við ábyrgð vegna skuldabréfs nr. X og þeim hafi verið heimilt að afþakka greiðslumat þar sem lánsupphæðin hafi verið lægri en kr. 1.000.000.

Varnaraðili telur að keimlíkar aðstæður séu uppi í máli þessu og framangreindum dómi héraðsdóms Reykjavíkur og því teljist ábyrgðin gild. Undirritun sóknaraðila á lánsúmsóknina þjóni sama tilgangi og ábyrgðarskjalið í dómi héraðsdóms, þar sem sams konar fyrirkomulag á undirritun og hökum hafi verið til staðar og ábyrgðin hafi verið talin gild. Lánsúmsóknin sé fylgiskjal með skuldabréfinu og komi fram í samkomulaginu að með undirritun lánsúmsóknar eða annarra gagna sem fyllt séu út í tengslum við afgreiðsluna staðfesti ábyrgðarmaður að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir. Hvergi komi hins vegar fram að greiðslumatið þurfi að vera ritað á skuldabréfið sjálft, hvað þá staðfesting á því að ekki sé beðið um greiðslumat. Samkomulagið geri ráð fyrir því að skuldabréf hafi fylgigögn, sbr. 4. gr. þess.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili taki fram í kvörtun sinni að bankanum hafi átt að vera ljóst að lántaki gæti ekki staðið í skilum á nýju láni. Telur varnaraðili rétt að benda á að vextir á yfirdrætti líkt og verið hafi á reikningi nr. Y séu mun óhagstæðari en vextir skuldabréfs og sé einn liður í að létta greiðslubyrði lántaka að breyta skuldbindingarformi úr yfirdrætti í skuldabréf. Þar að auki séu vextir skuldabréfsins einnig hagkvæmari heldur en vextir á kreditkorti. Þannig sé ljóst að með því að umbreyta skuldbindingarpotti sínum í eitt skuldabréf þá hafi verið létt á greiðslubyrði lántakans og honum þannig gert kleift að standa í skilum.

Varnaraðili vísar til markmiðs samkomulagsins, að lánveitingar verði miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin trygginga hans. Í þessu tilfelli hafi útgefandi skuldabréfsins haldið bréfinu í skilum í rúmlega 2 ár eða u.þ.b. helming lánstímans og gefi það til kynna að lánveitingin hafi verið í samræmi við greiðslugetu lántakans á þeim tíma er lánið hafi verið veitt.

Varnaraðili byggir einnig á því að ábyrgðarmaður hafi sýnt af sér tómlæti með því að gera ekki athugasemd við ábyrgðarveitingu vegna skuldabréfs nr. X fyrr en tæplega sex árum eftir að það hafi verið gefið út. Vísar varnaraðili til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4871/2011.

Af framangreindri umfjöllun telur varnaraðili það vera ljóst að ábyrgð sú sem sóknaraðili hafi veitt til tryggingar fullrar endurgreiðslu á skuldabréfi nr. X sé gild. Sóknaraðili hafi verið upplýstur um réttindi sín, kosið að afþakka greiðslumatið, sbr. dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 og ekki talið ástæðu til að gera athugasemd við framkvæmd ábyrgðarveitingarinnar fyrr en tæplega sex árum eftir

ábyrgðarveitinguna. Í máli þessu sé engin niðurstaða til að hafa áhrif á ábyrgðarmenn enda telji þeir það vera óþarfa að framkvæma greiðslumat á aðalskuldara.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. X. Samkvæmt 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema sjálfskuldarábyrgðaraðili óskaði eftir því að greiðslumat yrði ekki framkvæmt, enda var fjárhæð skuldabréfsins kr. 850.000. Sóknaraðili óskaði ekki eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin, sbr. 3. gr. samkomulagsins. Verður varnaraðili að bera hallann af því að greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A, eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki verður fallist á að dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu. Í því máli undirritaði sjálfskuldarábyrgðaraðili sjálfskuldarábyrgð þar sem sambærileg yfirlýsing og fram kemur á lánsúmsókn í máli þessu var á ábyrgðaryfirlýsingunni sjálfri. Mátti ábyrgðaraðila því vera ljóst við undirritunina að greiðslumat yrði ekki framkvæmt, enda hafði greiðslumat ekki farið fram við undirritun ábyrgðaryfirlýsingarinnar með framangreindri yfirlýsingu. Í máli þessu undirritaði sóknaraðili lánsúmsókn með sambærilegri yfirlýsingu, og mátti af stöðluðum texta yfirlýsingarinnar fremur ráða að greiðslumat yrði framkvæmt óskaði ábyrgðaraðili þess ekki að greiðslumat yrði ekki framkvæmt. Sóknaraðili óskaði ekki skriflega eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin. Mátti hann því búast við því að greiðslumat yrði framkvæmt. Af öllu framanrituðu er því ljóst að dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 er ekki sambærilegur máli þessu, þar sem yfirlýsingin er ekki rituð á skjal það sem sóknaraðili skuldbindur sig til að gangast í ábyrgð á skuldbindingu aðalskuldara.

Röksemdir varnaraðila um að með lántökunni hafi verið létt á greiðslubyrði lántakans og honum þannig gert kleift að standa í skilum fá ekki staðist þar sem

greiðslumat var ekki framkvæmt og alls óvíst hvort lántakinn átti raunhæfa möguleika á að standa undir greiðslum lánsins. Þótt afborganir þess hafi verið viðráðanlegri en eldri vanskilaskuldir lántakans breytir það engu fyrir sóknaraðila.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna honum greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðslugetu hans. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að sjálfskuldarábyrgð hans verði látin standa.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til F, er ógild.

Reykjavík, 13. júní 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 31. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 17/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 15. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 12. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 18. mars 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. mars 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 5. apríl 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 31. maí 2013.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili hefur stofnað til skulda við varnaraðila, þ.e. vegna yfirdráttar á veltureikningum nr. X og Y og á Mastercard og Visa-korti. Allar kröfurnar féllu í gjalddaga árið 2009, nema veltureikningur nr. Y en gjalddagi þeirrar kröfu var 31. mars 2010.

Árið 2010 kveðst varnaraðili hafa hafið innheimtuaðgerðir á hendur sóknaraðila í Noregi, þar sem sóknaraðili er með lögheimili.

Þann 5. júlí 2012 færði sóknaraðili lögheimili sitt til Íslands og degi síðar barst héraðsdómi Reykjaness beiðni hennar um að bú hennar yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness 25. júlí 2012 var bú sóknaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Í kjölfarið flutti sóknaraðili lögheimili sitt aftur til Noregs, en hún kveður að atvinnutilboð á Íslandi hafi ekki gengið eftir.

Frá ágúst 2012 hefur innheimtufyrirtækið Visma Collectors, dregið NOK 5.000 af launum sóknaraðila til að innheimta kröfur varnaraðila.

Þann 29. október 2012 var haldinn skiptafundur í þrotabúi sóknaraðila. Skiptastjóri lagði fram yfirlit um ráðstöfun tryggingarfjár og tilkynnti að þar sem engar eignir hefðu fundist í búinu myndi hann ljúka skiptum skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Skiptastjóri myndi birta tilkynningu þar að lútandi í Lögbirtingarblaðinu.

Þann 27. nóvember 2012 fór sóknaraðili þess á leit við varnaraðila að henni yrðu endurgreiddar NOK 20.000. Með bréfi varnaraðila, dags. 14. desember 2012, tilkynntist að varnaraðili myndi ekki afturkalla innheimtu kröfu sinnar á hendur sóknaraðila í Noregi. Einnig hafnaði varnaraðili endurgreiðslu þess sem þegar hafði verið innheimt. Nokkur bréfasamskipti áttu sér stað á milli sóknaraðila og varnaraðila í kjölfarið.

Þann 7. desember fór varnaraðili fram á það við Þjóðskrá Íslands að lögheimilisskráning sóknaraðila á Íslandi í júlí 2012 yrði felld niður. Með bréfi, dags. 3. janúar 2013, hafnaði Þjóðskrá beiðninni.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 12. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili stöðvi innheimtuaðgerðir í garð hennar tafarlaust. Gerð er krafa um að endurgreiddur verði frádráttur launa hennar í Noregi, samtals að fjárhæð NOK 35.000.

Sóknaraðili vísar til þess að bú hennar hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 25. júlí 2012. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991 falli allar kröfur á hendur þrotabúi sjálfkrafa í gjalddaga við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti, án tillits til fyrri samninga eða ákvarðana um gjalddaga eða eftir atvikum réttarreglna sem reynt geti á í þessum efnunum. Með öðrum orðum geti kröfuhafi ekki haldið kröfu sinni upp á skuldara sem tekinn hafi verið til gjaldþrotaskipta, jafnvel þó svo gerður hafi verið samningur um greiðslu eða greiðslufyrirkomulag.

Sóknaraðili mótmælir málalíbúnaði varnaraðila. Sú túlkun varnaraðila að ákvæði 1. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991 eigi ekki við þar sem tilgangur ákvæðisins sé að ákveða hvaða dag skuli miða við gjaldfellingu krafna þegar um þrotabúi sé að ræða sé ótæk með öllu. Tilgangur ákvæðisins sé einnig að girða fyrir ójafnræði meðal kröfuhafa þar sem gjaldfelling kröfu við gjaldþrotáúrskurð verði til þess að allar kröfur á hendur þrotabúi falli sjálfkrafa í gjalddaga við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti, án tillits til fyrri samninga eða ákvarðana um gjalddaga eða eftir atvikum réttarreglna sem reynt gæti á í þessum efnunum.

Sóknaraðili telur það skjóta skökku við að varnaraðili haldi því fram að ákvæði 72. og 73. gr. laga nr. 21/1991 eigi ekki við þar sem um kröfuna fari eftir norskum lögum þar sem heimild sé til að ganga að launagreiðslum þrotamanns, en haldi því einnig fram að ákvæði 2. mgr. 165. gr. laganna eigi við. Svo virðist sem bankinn taki þá afstöðu að velja og hafna ákvæðum íslenskra laga eftir eigin hentisemi.

Sóknaraðili vísar til þess að á engan hátt eigi stofnháttur kröfunnar undir norsk lög. Viðskiptamaður sé íslenskur ríkisborgari sem stofnað hafi til skuldbindinga hér á landi. Stofnháttur kröfunnar eigi rætur að rekja til íslenskra löggæringa, m.a. láns vegna íbúðarkaupa og yfirdráttar á Mastercard korti meðan hún hafi verið búsett hér á

landi. Auk þess hafi bú hennar verið tekið til gjaldþrotaskipta hér á landi þann 25. júlí 2012. Í kjölfar gjaldþrotaskiptanna hafi varnaraðili lýst kröfum sínum á hendur viðskiptamanni eftir íslenskum lögum. Þannig hafi bankinn reynt að ná til sín fjármunum eftir íslenskum lögum. Með vísan til framangreinds sé því sá málatilbúnaður varnaraðila ótækur með öllu að norsk lög gildi um kröfuna og innheimtu hennar, enda gildi íslensk lög um innheimtuaðgerðir á hendur henni.

Bendir sóknaraðili á að í 3. tölul. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 90/1989 um aðför segi að óheimilt sé að gera aðför í framfærslufé gerðarþola. Greinin styðji við þá afstöðu sem löggjafinn hafi slegið fastri með ákvæðum 72. og 73. gr. laga nr. 21/1991. Þó svo krafa sé send til innheimtu erlendis breytist ekki uppruni kröfunnar. Ljóst sé að stofn kröfu bankans megi rekja til úttekta af Mastercard korti frá árinu 2010. Krafan sé íslensk að uppruna þótt hún sé innheimt af erlendum þjónustuaðila. Bæði Visma Collector og sýslumannsembættið í Asker Kommune hafi fallist á að fella kröfuna niður en tekið fram að hendur þeirra væru bundnar af afstöðu kröfueigandans, varnaraðila. Ekki hafi farið fram neins konar framsal á kröfunni og sé hún því að stofninum til íslensk og heyri undir íslensk lög. Innheimtuferli breyti engu þar um. Þess utan sé rétt að nefna að þó svo að fallist yrði á einhvers konar framsal kröfu þá sé um almenna fjárkröfu að ræða og meginmarkmið reglna um framsal krafna sé að tryggja að skyldur skuldara aukist ekki við framsal.

Sóknaraðili telur þá staðhæfingu varnaraðila að 72. gr. laga nr. 21/1991 eigi ekki við þar sem þrotabúið hafi ekki tekið við neinum fjárhagslegum réttindum fjarstæðukennda. Það liggi í hlutarins eðli að ekki hafi verið gengið að framfærslufé sóknaraðila af hálfu skiptastjóra við skiptin enda gangi slíkt í berhögg við lög. Það að varnaraðili bendi á að skiptastjóri hafi farið að lögum við skiptin leysi bankann á engan hátt undan þeirri aðför sem viðgengist hafi á hendur sóknaraðila að skiptum loknum.

Sóknaraðili vísar til þess að í 1. mgr. 138. gr. laga nr. 21/1991 komi fram að fjárnám í eign þrotamanns sem hafi verið gert á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag falli sjálfkrafa niður við uppkvaðningu úrskurðar um töku bús hans til gjaldþrotaskipta. Sé litið til þess að bú sóknaraðila hafi verið tekið til skipta þann 25. júlí 2012 en skiptum hafi lokið þann 29. október sama ár, og að innheimtuaðgerðir á grundvelli fjárnáms í Noregi hafi hafist þann 4. maí 2012, sjáist að fjárnámið sé gert innan þess tímafrests sem áskilinn sé í ákvæðinu og hafi því fjárnámið fallið niður við uppkvaðningu úrskurðar 25. júlí 2012. Allar innheimtuaðgerðir eftir það tímamark séu ótækar og beri að endurgreiða sóknaraðila í samræmi við gerðar kröfur.

Sóknaraðili kveður staðhæfingu varnaraðila þess efnis að hún hafi aldrei flutt búsetu sína til Íslands í júlí 2012, heldur einungis lögheimili ranga. Sóknaraðili hafi flust hingað til lands vegna atvinnu sem henni hafi boðist, sem svo hafi ekki gengið eftir. Hafi hún þá fengið atvinnu í Noregi á nýjan leik og flust út aftur. Átölur varnaraðila byggji ekki á neinu öðru en ósönnuðum dylgjum í garð sóknaraðila.

Verði ekki fallist á framangreint ítrekar sóknaraðili höfnun á staðhæfingu varnaraðila um að aðför bankans í launum hennar fari samkvæmt norskum lögum. Sú staðhæfing sé einfaldlega röng. Sóknaraðili bendir á að í 1. gr. laga nr. 90/1989 séu taldar upp aðfararheimildir í íslenskum lögum. Þá vísar sóknaraðili til 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna. Í athugasemdum þeim er fram komi í frumvarpi því er orðið hafi að lögum nr. 90/1989 segi m.a. um 11. tölul. að tilteknum skilyrðum þurfi að fullnægja til að beita aðför eftir erlendum ákvörðunum. Eitt þeirra skilyrða sé að sú krafa sem aðfarar sé krafist fyrir þurfi að fullnægja þeim áskilnaði að fullnusta hennar verði ekki talin fara í bága við íslenskt réttarskipulag („ordre public“), eða með öðrum

orðum, að hún taki ekki til einhvers þess sem talið yrði ólöglegt eða ósiðlegt eftir íslenskum lögum, réttarvitund eða siðferðisvitund.

Vísar sóknaraðili til 11. og 12. gr. laga nr. 30/1932 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um viðurkenningu dóma og fullnægju þeirra. Þá segi í b-lið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 7/2011, um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum að gjaldþrot, nauðasamningar eða sambærileg málsmeðferð falli utan gildissviðs laganna.

Sóknaraðili telur að af framangreindu megi glöggst sjá að þó svo fallist yrði á að norsk löggiöf ætti við um innheimtu kröfunnar þá væri um ólögsmæta aðför að ræða, sbr. 11. og 12. gr. laga nr. 30/1932, sbr. b-lið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 7/2011.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili bendir á að skiptum á búi sóknaraðila hafi lokið skv. 155. gr. laga nr. 21/1991, þar sem engar eignir hafi verið í búinu. Varnaraðili hafi því ekkert fengið greitt upp í kröfur sínar við skipti á búi sóknaraðila. Þar sem sóknaraðili beri áfram ábyrgð á skuldum sínum sem ekki fáist greiddar við gjaldþrotaskiptin, sbr. 1. másl. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 sé það á valdi kröfuhafa að ákveða hvort þeir telji ástæðu til að halda áfram innheimtu. Þar sem sóknaraðili hafi verið komin „aftur“ með lögheimili í Noregi hafi varnaraðili ákveðið að halda áfram innheimtuaðgerðum þar.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi flutt lögheimili sitt til Íslands þann 5. júlí 2012 og degi síðar hafi hún lagt fram gjaldþrotaskiptabeiðni. Skýringar sóknaraðila á „búferlaflutningunum“ um atvinnu hér á landi verði því að teljast ólíklegar.

Varnaraðili vísar til þess að í bréfi sóknaraðila til varnaraðila, dags. 27. nóvember 2012, komi fram að varnaraðili hafi ekki andmælt úrskurði héraðsdóms Reykjaness 25. júlí 2012. Af því tilefni tekur varnaraðili fram að lög nr. 21/1991 geri ekki ráð fyrir aðkomu kröfuhafa að málsmeðferð gjaldþrotaskiptabeiðnar skuldara fyrir héraðsdómi. Ekki hafi því verið mögulegt fyrir varnaraðila að mótmæla kröfu sóknaraðila fyrir héraðsdómi. Sóknaraðili bendi einnig á að andmæli hefðu getað komið fram á skiptafundi þrotabús sóknaraðila. Varnaraðili kveðst ekki fá séð hvers efnis slík andmæli hafi átt að vera né hvaða þýðingu sóknaraðili telji að slík andmæli varnaraðila hefðu haft. Varnaraðili bendir einnig á að sóknaraðili hafi ekki komið með athugasemdir við skiptastjóra.

Varnaraðili telur sóknaraðila draga víðtækar ályktanir af ákvæði 99. gr. laga nr. 21/1991 og sé skilningi hans hafnað. Ákvæðið taki einungis fram að gjalddagi krafna á hendur þrotabúi sé við uppkvaðningu úrskurðar. Þetta ákvæði eigi því við hafi kröfur ekki þá þegar verið fallnar í gjalddaga, eins og sjá megi t.d. af dómi Hæstaréttar í máli nr. 655/2009. Kröfur varnaraðila á hendur sóknaraðila hafi fallið í gjalddaga 2009 og 2010, líkt og sjá megi af kröfulýsingum sóknaraðila. Sóknaraðili telji hins vegar að með ákvæðinu sé kröfuhafa meinað að halda kröfu sinni upp á skuldara sem tekinn hafi verið til gjaldþrotaskipta. Þeirri túlkun sóknaraðila sé hafnað enda sé hún í beinni andstöðu við 1. másl. 2. mgr. 165. gr. laganna. Þá telji sóknaraðili, án rökstuðnings, að tilgangur ákvæðisins sé að girða fyrir ójafnræði meðal kröfuhafa. Ekki verði þó séð hvernig aðrir kröfuhafar hagnist verði orðið við kröfu sóknaraðila, þar sem sóknaraðili krefjist þess að sér verði dæmdir fjármunirnir

en ekki þrotabúinu. Þá séu þetta fjárhagsleg réttindi sem aldrei hefðu fallið í eigu þrotabúsins, sbr. 72. og 73. gr. laganna.

Varnaraðili kveður gjaldþrotaskipti vissulega sameiginlega fullnustugerð kröfuhafa. Þegar þeirri fullnustugerð ljúki sé hins vegar ekkert réttarsamband á milli kröfuhafa. Þar sem skiptum á búi sóknaraðila hafi lokið skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 hafi það því verið á valdi hvers og eins kröfuhafa að halda áfram innheimtuaðgerðum, sbr. 1. másl. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991. Hvergi sé kveðið á um það í lögnum að kröfuhafa beri að deila þeim fjármunum sem hann innheimti eftir að skiptum á búi ljúki með öðrum kröfuhöfum. Varnaraðili telur þá niðurstöðu fráleita þar sem sá kröfuhafi sem innheimti beri einnig einn kostnaðinn af innheimtuaðgerðinni og því sé ekki lengur um sameiginlega fullnustugerð að ræða.

Varnaraðili ítrekar að sú staða sé ekki uppi að hann hafi fengið meira en aðrir kröfuhafar úthlutað úr þrotabúi sóknaraðila, líkt og misskilningur sóknaraðila virðist lúta að. Skiptum á búinu hafi lokið skv. 155. gr. laga nr. 21/1991, þ.e. enginn af kröfuhöfum sóknaraðila hafi fengið neitt greitt úr þrotabúinu, hvorki varnaraðili né aðrir kröfuhafar.

Varnaraðili vísar til þess að þar sem sóknaraðili hafi flutt lögheimili sitt aftur til Noregs hafi innheimtuaðgerðum verið haldið áfram þar í landi. Þar sem ekki sé verið að krefjast aðfarar á Íslandi gildi lög nr. 90/1989 um aðför ekki um þá innheimtu.

Þá hafnar varnaraðili þeirri staðhæfingu sóknaraðila að Visma Collectors og sýslumannsembættið í Asker Kommune hafi fallist á að fella niður kröfuna.

Varnaraðili fellst ekki á það með sóknaraðila að farið sé gegn ákvæðum 72. og 73. gr. laga nr. 21/1991. Þessar tilvitnuðu greinar taki ekki til varnaraðila heldur kveði þær á um réttarstöðu þrotabús og sviptingu skuldarans á að ráða yfir réttindum sem falli til þrotabúsins eftir að gjaldþrotúrskurður hafi verið kveðinn upp. Í 72. gr. sé kveðið á um þá meginreglu að þrotabú skuldarans taki við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann hafi átt eða notið við uppkvaðningu úrskurðarins. Frá þessari meginreglu séu undantekningar, t.d. megi einstaklingar halda þeim fjárhagslegu réttindum sem fjárnám verði ekki gert í. Þar sem þrotabúið hafi ekki tekið við neinum fjárhagslegum réttindum sem ekki megi gera fjárnám í fáir varnaraðili ekki séð að farið hafi verið gegn þessu ákvæði í máli sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að í 73. gr. sé kveðið á um hvaða fjárhagslegu réttindi renni til þrotabús og hver ekki á meðan á gjaldþrotaskiptum standi. Ekki verði séð að til þrotabúsins hafi runnið fjárhagsleg réttindi sem þrotabúið hafi ekki átt rétt á, á þessum tíma og telur varnaraðili því að ekki hafi verið farið gegn þessu ákvæði í máli sóknaraðila.

Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili virðist halda því fram að ef uppruni kröfunnar sé á Íslandi eigi að fara eftir íslenskum lögum við innheimtu hennar. Varnaraðili kveðst ekki átta sig á þessari röksemd. Þar sem þetta sjónarmið sóknaraðili eigi sér enga stoð sé því hafnað.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að innheimtuaðgerðum varnaraðila á hendur sóknaraðila í Noregi og endurgreiðslu frádráttar launa sóknaraðila í Noregi, samtals

að fjárhæð NOK 35.000. Nánar tiltekið lýtur ágreiningurinn annars vegar að því hvort krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila sé gild, að teknu tilliti til ákvæða laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og hins vegar hvort innheimta varnaraðila á skuldinni í Noregi, með þeim aðferðum sem fyrr er lýst, fái staðist. Á hinn bóginn fæst ekki séð að ágreiningur aðila um lögheimilisskráningu sóknaraðila hafi þýðingu fyrir úrlausn málsins.

Óumdeilt er að sóknaraðili hefur stofnað til skulda við varnaraðila, þ.e. vegna yfirdráttar á veltureikningum nr. X og Y og á Mastercard og Visa-korti. Allar kröfurnar féllu í gjalddaga árið 2009 nema veltureikningur nr. Y, en gjalddagi þeirrar kröfu var 31. mars 2010.

Það er tilgangur gjaldþrotaskipta að taka allar eignir og réttindi sem tilheyra ógjaldfærum skuldara og skipta þeim eftir ákveðnum reglum á milli kröfuhafa hans. Jafnræði á milli kröfuhafa, eða a.m.k. innan einstakra flokka þeirra er eitt af markmiðum laganna. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 99. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. falla allar kröfur á hendur þrotabúi sjálfkrafa í gjalddaga við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta án tillits til þess sem kann áður að hafa verið umsamið eða ákveðið með öðrum hætti. Umrætt ákvæði felur alls ekki í sér að skuldari sé laus undan skuld sinni þegar hún er gjaldfelld við gjaldþrotaskiptin. Þrotamaður ber þvert á móti ábyrgð á skuldum sínum sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiptin, sbr. afdráttarlaust ákvæði 165. gr. laga nr. 21/1991.

Röksemdir sóknaraðila um að varnaraðili raski því jafnræði sem gilda eigi á milli kröfuhafa við töku bús til gjaldþrotaskipta varða innbyrðis réttarstöðu kröfuhafa við skiptin. Verður ekki fallist á að sóknaraðili geti komist undan skýrri greiðsluskyldu sinni með því að vísa til jafnræðis kröfuhafa við gjaldþrotaskipti sem lokið er.

Hið sama á við um tilvísanir sóknaraðila til 72. og 73. gr. laga nr. 21/1991. Þessi ákvæði afmarka hvaða réttindi þrotamanns falla undir gjaldþrotaskipti og undanskilja m.a. undan skiptum vinnulaun sem þrotamaður vinnur sér inn meðan á skiptum stendur og það sem hann aflar sér með andvirði þeirra. Þessi ákvæði haggja í engu skýrri greiðsluskyldu þrotamanns á skuldum sínum að loknum gjaldþrotaskiptum eða útiloka að til frambúðar verði unnt að halda vinnulaunum og því sem aflað er með þeim frá skuldheimtumönnum.

Sóknaraðili er með lögheimili í Noregi og hefur varnaraðili hafið innheimtuaðgerðir á hendur sóknaraðila þar í landi. Var varnaraðila það heimilt. Enda þótt íslensk lög gildi um stofnun kröfunnar og afdrif hennar við gjaldþrotaskipti hér á landi verður hún innheimt í Noregi eftir þarlandum lögum og réttarfarsreglum.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 31. maí 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, fimmtudaginn 13. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 18/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 20. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 8. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 27. febrúar 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. mars 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 22. apríl 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 13. júní 2013.

II.

Málsatvik.

Í máli þessu liggur fyrir fjárhagsyfirlit A sem ber með sér að hafa verið breytt þann 3. janúar 2007. Samkvæmt fjárhagsyfirlitinu voru hreinar tekjur fyrir og eftir lánveitingu kr. 625.000, greiðslubyrði lána var kr. 110.000 fyrir lánveitingu en kr. 156.000 eftir lánveitingu, annar fastur kostnaður var kr. 150.000 fyrir og eftir lánveitingu og framfærslukostnaður var kr. 113.000 fyrir og eftir lánveitingu. Afgangur var kr. 252.000 fyrir lánveitingu en kr. 206.000 eftir lánveitingu. Breyting á mánuði var neikvæð um kr. 46.000 og á ári um kr. 552.000. Heildartekjur heimilisins árið 2005 voru kr. 8.257.427, heildareignir voru kr. 575.000 og heildarskuldir kr. 2.031.701.

Þann 15. febrúar 2007 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 3.200.000, með sjálfskuldarábyrgðum sóknaraðila og B.

Þann 15. febrúar var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 3.200.000, gefið út af A til F. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu og þá var fasteignin að C sett að veði á 4. veðrétti.

Þann 15. febrúar 2007 var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga X“ undirritað. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 3.200.000 var A. Ábyrgðarmenn voru tilgreindir sóknaraðili og B. Tiltekið var að meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá Sparisjóðnum. Þá staðfestu sjálfskuldarábyrgðarmenn að hafa kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Óskuðu ábyrgðarmenn eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin og settu upphafsstafi sína við það val. Þó var tekið fram að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærri en kr. 1.000.000. Þá kom fram að niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar.

Þann 20. nóvember 2009 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfs tryggt með veði og sjálfskuldarábyrgð nr. X, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir. Staðfesti hann að hafa kynnt sér efni bréfsins og að hann gerði sér grein fyrir í hverju ábyrgð hans væri fólgin og taldi hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt hefði hann kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Þann 26. október 2011 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila þar sem óskað var eftir að framangreind lánveiting yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Þann 15. nóvember 2011 kvað F sig ekki vera bundinn af samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 8. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hans á skuldabréfi nr. X verði ógilt og felld niður.

Sóknaraðili vísar til 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga máli sínu til stuðnings og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Samkvæmt fortakslausri reglu 3. mgr. 3. gr. og 4. gr. samkomulagsins hafi varnaraðila borið að greiðslumeta útgefanda skuldabréfsins þar sem ábyrgð sóknaraðila hafi numið hærri fjárhæð en kr. 1.000.000 og tryggja að sóknaraðili gæti kynnt sér niðurstöðu greiðslumatsins áður en hann hafi gengist í ábyrgðina. Slíkt hefði einnig verið í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt gögnum er fylgt hafi lánveitingunni sé ljóst að það hafi ekki verið gert.

Sóknaraðili hafnar því að honum hafi verið kynnt greiðslumat í tengslum við veitingu umræddrar ábyrgðar. Þá bendir sóknaraðili á að það skjáskot, sem beri heitið „Fjárhagsyfirlit“ og varnaraðili kveði greiðslumat, sé dagsett 3. janúar 2007, eða einum og hálfum mánuði áður en lántaki hafi lagt inn umsókn um þá lánveitingu sem sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð fyrir og því ekki ljóst að það hafi verið gert í tengslum við umrædda lánveitingu. Þá telur sóknaraðili ekki ótvírætt að fjárhagsstaða lántaka hafi ekki breyst á þeim tíma sem beri í milli. Sóknaraðili telur að jafnvel þó svo að hið meinta greiðslumat hefði verið byggt á réttum upplýsingum og endurspeglað rétta fjárhagsstöðu á þeim tíma sem skjáskotið sé tekið þá geti það ekki talist fullnægjandi sönnun þess að varnaraðili hafi uppfyllt upplýsingaskyldu sína og aðrar skyldur um framkvæmd greiðslumats samkvæmt samkomulaginu. Hvergi komi fram að hið ætlaða mat hafi verið framkvæmt í tengslum við lánveitingu nr. X. Að því leyti verði skjalið að teljast villandi og ófullnægjandi. Þá sé það hvorki undirritað af

ábyrgðarmönnum né lántaka sjálfum og því ekkert sem bendi til að það hafi verið samþykkt af lántaka né kynnt ábyrgðarmönnum.

Sóknaraðili vill sérstaklega taka fram að skuldari lánsins hafi fengið skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ afhent með sér heim, sem eitt og sér verði að teljast í hæsta máta óeðlilegt og óábyrgt af hálfu varnaraðila og í engu samræmi við þær kröfur sem gera megi til varnaraðila sem fjármálastofnunar. Hafi það verið undirritað af hálfu ábyrgðarmanna á heimili lántaka án nærveru starfsmanns varnaraðila. Skjalið beri með sér að svo hafi verið en á það hafi starfsmaður varnaraðila merkt hvar ábyrgðarmenn skyldu rita, þ.e. í þá reiti þar sem fram komi að þeir afþakki greiðslumat. Sóknaraðili telur það verulega óeðlilegt og í raun benda til þess að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt og kynnt ábyrgðarmönnum. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins hafi sóknaraðili ekki haft heimild til þess að undanskilja varnaraðila þeirri skyldu að framkvæma greiðslumat þar sem fjárhæðin hafi verið hærri en kr. 1.000.000 en sú skylda sér fortakslaus eins og Hæstiréttur hafi staðfest, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013. Um hafi verið að ræða ríflega þrefalda þá fjárhæð sem samkomulagið tiltaki til viðmiðunar við mat á því hvenær fjármálafyrirtæki sé skylt að framkvæma greiðslumat.

Sóknaraðili telur í ljósi atvika við undirritun ábyrgðarskuldbindingarinnar útilokað að starfsmaður varnaraðila hafi getað uppfyllt upplýsingaskyldu sína skv. 4. gr. samkomulagsins. Sóknaraðili telur að framangreind vinnubrögð varnaraðila staðfesti enn fremur að greiðslumat hafi hvorki verið unnið né kynnt ábyrgðarmönnum í samræmi við skyldur 3. og 4. gr. samkomulagsins. Þá bendir sóknaraðili á að skjölin séu einhliða útbúin af varnaraðila og sé aðstöðumunur á aðilum verulegur, sbr. fjölmarga dóma Hæstaréttar þar um. Hafi þessi undirritun ekki þá þýðingu að sóknaraðili sé réttlaus gagnvart fjármálafyrirtæki sem hafi ríku skyldum að gegna og búi yfir sérfræðipækkingu sem sóknaraðili hafi ekki. Varnaraðili sé fjármálafyrirtæki sem starfi á grundvelli opinbers leyfis og því megi gera ríkar kröfur til þess um sérfræðipækkingu og vönduð vinnubrögð. Þær kröfur leiði bæði af óskráðum reglum og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki en sóknaraðili búi ekki yfir sérstakri þekkingu á því sviði sem um ræði.

Sóknaraðili telur jafnframt að varnaraðili hefði mátt gera sér grein fyrir því að lántaki hafi haft ríka hagsmuni af því að ábyrgð yrði veitt en lántaki sé móðir sóknaraðila. Ekki væri því víst að lántaki sinni þeim skyldum til hlítar sem hvílt hafi á varnaraðila og í raun líklegra að ekki yrði staðið faglega að upplýsingagjöf þar sem sóknaraðili hafi verið eins tengdur lántaka og raun beri vitni, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 169/2012. Sóknaraðili bendir jafnframt á að varnaraðili hafi ekki getað lagt hlutlæga upplýsingaskyldu sína á lántaka og með þeim hætti losnað undan þeim skyldum sem samkomulagið kveði á um.

Sóknaraðili bendir á að hið ætlaða greiðslumat virðist jafnframt byggja á tekjum maka lántaka, sem ekki sé skuldari að láninu, án þess þó að það komi sérstaklega fram en í reitnum „Viðskiptamaður“ sé einungis tilgreint nafn lántaka. Lántaki sé leikskólakennari og fráleitt að hún hafi haft þær tekjur sem þar komi fram. Ljóst sé að maki lántaka, sem lántaki hafi hvorki verið í skráðri sambúð með né hjúskap, sé ekki ábyrgur fyrir greiðslu lánsins og telur sóknaraðili því með öllu óeðlilegt að tekið hafi verið tillit til tekna hans við hið ætlaða mat. Hið ætlaða greiðslumat gefi því ekki rétta mynd af fjárhag lántaka. Ef aðeins hefði verið tekið tillit til tekna lántaka liggi ekki fyrir hvort niðurstaða hefði bent til þess að greiðandi hefði getað efnt skuldbindingar sínar. Hefði niðurstaða greiðslumatsins þá bent til þess að svo væri ekki hefði ábyrgðarmaður þurft að óska sérstaklega eftir því að lán

yrði engu að síður veitt og staðfesta það skriflega sbr. 4. gr. samkomulagsins. Hið ætlaða greiðslumat hafi því bæði verið rangt og villandi um mikilvæg atriði. Eins og hið ætlaða mat sé sett fram hefði sóknaraðili ekki getað gert sér grein fyrir því meginmarkmiði samkomulagsins, þ.e. hvaða raunverulega áhætta hafi falist í því að rita undir hina umræddu ábyrgð, hefði honum verið kynnt hið ætlaða mat, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 169/2012. Þá liggi ekki fyrir upplýsingar um við hvaða upplýsingar stuðst hafi verið við í öðrum liðum greiðslumatsins, t.a.m. varðandi framfærslu og „annan fastan kostnað“. Sóknaraðili bendir á dóm Hæstaréttar í máli nr. 127/2013 máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðili vísar jafnframt til þess að upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir hafi hvorki verið afhentur lántaka né sóknaraðila eins og varnaraðila hafi borið skylda til skv. 4. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili telur að varnaraðila hafi borið að fullnægja þeim skyldum sem á honum hafi hvílt skv. fyrrgreindu samkomulagi þegar leitað hafi verið eftir ábyrgð sóknaraðila til tryggingar skuldar við varnaraðila. Sóknaraðili telur ljóst að þess hafi ekki verið gætt. Sóknaraðili hefði ekki getað gert sér grein fyrir þeirri áhættu sem falist hafi í því að rita undir ábyrgðina þar sem upplýsingagjöf af hálfu varnaraðila hafi verið verulega áfátt. Varnaraðili verði að bera hallann af því að ekki hafi verið staðið að veitingu ábyrgðarinnar í samræmi við gildandi reglur.

Sóknaraðili telur að þegar öll fyrrgreind atriði séu metin í samræmi við ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 og heildstætt mat lagt á veitingu ábyrgðarinnar þá beri að ógilda hana. Jafnframt vísar sóknaraðili til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 13/2011 og 70/2012 og fyrri fordæma úrskurðarnefndarinnar þar sem farið sé fram á að greiðslumat sé unnið og geymt. Þá sé einnig vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 4/2013.

Sóknaraðili hafnar því að hafa sýnt af sér tómlæti með því að hafa ekki haft uppi aðfinnslur við framkvæmd lánveitingarinnar fyrr en nú. Eðli löggerninga eins og lánveitinga og ábyrgða sé þannig að oftast reyni ekki á gildi þeirra fyrr en samningar falli í gjalddaga og reyni á ábyrgðir. Sóknaraðili hafi mátt treysta því að varnaraðili hafi viðhaft vinnubrögð sem hafi verið í samræmi við lög og þær reglur sem gilt hafi um veitingu ábyrgða á þeim tíma sem lánið hafi verið veitt.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Vísar varnaraðili til þess að greiðslumat hafi legið fyrir við lánveitinguna. Það greiðslumat hafi bent til þess að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar. Jafnframt fylgi gögnum málsins skjal þar sem sóknaraðili óski ekki eftir því að greiðslugeta greiðanda verði metin þar sem einnig komi fram að niðurstöður greiðslumats bendi til að greiðandi geti efnt skuldbindingar sínar. Það hafi því átt að liggja ljóst fyrir að greiðslumat hafi legið fyrir þegar skjal þetta hafi verið undirritað og að ábyrgðaraðili hefði getað kynnt sér það á þeim tíma sem hann hafi tæplega haft áhuga á að kynna sér greiðslumat, þar sem hann óski eftir því að greiðslugeta greiðanda verði ekki metin. Vísar varnaraðili máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010.

Varnaraðili vísar til þess að ljóst sé hvað varði dagsetningar að í viðskiptum aðila fari bæði fram óformleg og formleg samskipti. Í þessu tilfelli, þar sem lánveiting sé fyrst í formi heimildar, sem síðan hafi verið breytt í skuldabréf hafi lánsþörf verið til staðar áður en formleg lánsbeiðni hafi verið undirrituð enda búið að lána megnið af

lánsfjárhæð áður en henni hafi verið breytt í skuldabréf. Það sé því eðlilegt að bóúð hafi verið að greiðslumeta viðkomandi nokkru áður en formleg beiðni um lánveitingu hafi verið undirrituð þar sem lánsfjárbörf hafi legið fyrir í byrjun janúar en þá hafi verið gengið frá henni í formi yfirdráttarláns án formlegrar lánsúmsóknar. Í greiðslumatinu komi fram að greiðslubyrði lána hækki um kr. 46.000 sem sé ríflega sú fjárhæð sem greiðsluáætlun geri ráð fyrir og gefi því enn frekar til kynna að greiðslugeta hafi verið næg þegar lán hafi verið veitt.

Það er mat varnaraðila að umrætt greiðslumat hafi verið gert vegna viðkomandi lánveitingar og að sjóðurinn hafi uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og að afgangur þessa máls hafi verið í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði.

Varnaraðili vísar til þess að umrætt skuldabréf hafi verið gefið út árið 2007 og hafi verið í vanskilum á einhverjum tímum lánstímans. Hafi því þá verið skilmálabreytt en sóknaraðili hafi skrifað undir skilmálabreytinguna án athugasemda. Með vísan til þess telur varnaraðili að réttur sóknaraðila til athugasemda svo löngu síðar hafi tapast vegna tómlætis, ef hann hafi einhver verið þar sem sjóðurinn telur sig hafa uppfyllt skilyrði samkomulagsins.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til F.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. F var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. Varnaraðila bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í málinu liggur fyrir fjárhagsyfirlit sem ber með sér að hafa verið breytt þann 3. janúar 2007. Þar kom fram að afgangur á mánuði fyrir lánveitingu væri kr. 252.000 fyrir lánveitingu en eftir lánveitingu væri hann kr. 206.000. Enginn skrifar undir umrætt fjárhagsyfirlit.

Sóknaraðili byggir á því að framangreint fjárhagsyfirlit virðist byggja á tekjum maka lántaka til viðbótar við tekjur lántaka. Í 2. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er kveðið á um lágmarksskilyrði sem greiðslumat þarf að fullnægja. Samkvæmt ákvæðinu skal við greiðslumat taka tillit til neyslu og annarra fastra útgjalda áður en ráðstöfunarfé til greiðslu skuldbindinga er reiknað út. Við áætlun á útgjöldum til neyslu skal að lágmarki nota viðmiðun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna eða Íbúðalánasjóðs. Við áætlun á greiðslubyrði vegna yfirdráttalána skal aldrei miða við lægri fjárhæð en sem nemur mánaðarlegum vöxtum og heildarútgjöldum af hámarksfjárhæð yfirdráttarláns. Við áætlun á greiðslubyrði vegna kreditkorta skal taka mið af mánaðarlegum vöxtum af hámarksúttekt.

Í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er ekki kveðið á um að óheimilt sé að byggja á tekjum maka við framkvæmd greiðslumats. Virðist fremur við það miðað að þegar metnir eru möguleikar skuldara á að standa við skuldbindingar sínar, sé horft til heimilisins í heild sinni. Þrátt fyrir að hvort hjóna beri ábyrgð á þeim skuldbindingum sem á því hvíli, sbr. 67. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 ber þeim m.a. skylda til að hjálpast að við að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum og á annan hátt. Verður í ljósi þess og venju sem myndast hefur við gerð greiðslumata, sbr. t.d. að miðað er við framfærslukostnað heimilisins, ekki fallist á með sóknaraðila að varnaraðila hafi ekki verið heimilt að byggja greiðslumat á tekjum maka lántaka til viðbótar við tekjur lántaka. Er þeirri röksemd því hafnað og ekki fallist á að umrætt greiðslumat sé rangt og villandi um mikilvæg atriði. Með sömu rökum er ekki fallist á tilvísun sóknaraðila til dóma Hæstaréttar í málum nr. 169/2012 og 127/2013.

Telja verður að umrætt fjárhagsyfirlit sé unnið í tengslum við umrædda lánveitingu, enda hækkar greiðslubyrði lána um 46.000 sem er u.þ.b. sú greiðslubyrði sem er af umræddu láni samkvæmt greiðsluáætlun. Hefur sóknaraðili ekki gert sennilegt að fjárhagsyfirlitið sé unnið í tengslum við aðra lánveitingu og verður því að miða við að varnaraðili hafi framkvæmt greiðslumat í umrætt sinn og uppfyllt þannig lágmarksskilyrði 3. gr. samkomulagsins að því leyti.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar er stofnað. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar.

Í 2. mgr. 4. gr. ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklingsins og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 er byggt á þeim skilningi að skylda lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni niðurstöðu greiðslumats nái ekki fortakslaust til þess að kynna honum gögn til grundvallar niðurstöðunni og virðist þar m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna sér slík gögn. Í dómnum er jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að sú skylda hvíldi ekki á umræddum banka að geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar.

Með skjalinu „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga X“ var sóknaraðila kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 141/2012. Þá var tilgreint sérstaklega að jákvæð niðurstaða fæli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efndi skyldur sínar, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 171/2012.

Ekki er fallist á með sóknaraðila að honum hafi ekki verið afhentur upplýsingabæklingur um ábyrgðir, en með undirritun skjalsins „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga X“ staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 84/2012 og 153/2012. Fæst ekki séð að varnaraðili hefði með

öðrum hætti betur getað tryggt sér sönnun um að réttilega hafi verið staðið að málum, en með því að fara fram á skriflega staðfestingu sóknaraðila sjálfs á þeim tíma þegar hann gekkst í ábyrgðina, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 184/2012.

Atvikum máls þessa verður ekki jafnað við sakarefni í Hæstaréttarmáli nr. 127/2013. Þar hafði ábyrgðarmanni ekki verið kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats og það greiðslumat sem fyrir lá virtist í mjög áberandi ósamræmi við raunverulegan efnahag skuldarans, án þess að viðkomandi fjármálafyrirtæki gæti neina grein gert fyrir því hvernig á því stæði.

Þegar atvik málsins eru metin heildstætt, þ.á.m. ósk sóknaraðila sjálfs um að greiðslugeta skuldarans yrði ekki metin, verður það ekki talið ósamngjarnt af varnaraðila að byggja á ábyrgðaryfirlýsingunni, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 55/2012.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki talið að forsendur séu til að ógilda ábyrgð sóknaraðila með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 13. júní 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 5. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 19/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 21. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 20. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 26. mars 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. apríl 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 19. apríl 2013. Var bréfið sent varnaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. júní 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust frá varnaraðila, með bréfi, dagsettu 21. júní 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 5. júlí 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 8. júlí 2008 var tryggingarbréf nr. X gefið út. Gerði A kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem hann, nú eða síðar, á hvaða tíma sem væri kynni að skulda eða ábyrgjast FF, eða þeim sem eignaðist bréfið á löglegan hátt, að samtaldri fjárhæð allt að EUR 100.000 væri fasteignin B sett að veði á 4. veðrétti. A skrifaði undir sem útgefandi og sóknaraðili sem maki útgefanda. Enginn skrifaði undir í reiti fyrir samþykki þinglýsts eiganda. Skjalið var innfært í veðmálabækur þann 11. júlí 2008.

Þann 7. febrúar 2012 var gerður kaupsamningur um fasteignina að B. Seljendur voru A og sóknaraðili. Kaupverð eignarinnar var kr. 34.300.000. Við sölu fasteignarinnar var umrætt tryggingarbréf gert upp og því aflýst af eigninni.

Þann 5. mars 2012 greiddi C vegna skuldabréfs sóknaraðila hjá L og kr. 3.299.192 vegna skuldabréfs A hjá L.

Fyrir liggur að á fasteign sóknaraðila og maka hennar var lán útgefið af A, að uppgreiðsluverðmæti kr. 500.852 áhvílandi á 3. veðrétti.

Þann 8. júní 2012 óskaði sóknaraðili eftir því að veð skv. tryggingarbréfi nr. X yrði afmáð af B. Varnaraðili hafnaði kröfunni þann 18. júní 2012.

Þann 5. júlí 2012 sendi sóknaraðili inn kvörtun til nefndarinnar þar sem þess var krafist að veðleyfi sem hún veitti samkvæmt tryggingarbréfi nr. X yrði fellt úr gildi. Úrskurður í máli nr. 122/2012 var kveðinn upp þann 1. febrúar 2013 og kröfu sóknaraðila hafnað, enda yrði veðleyfið ekki fellt úr gildi eftir aflýsingu þess.

Þann 4. september 2012 sundurliðaðist krafa vegna tryggingarbréfs nr. X þannig að heildarskuld nam kr. 18.009.273.

Þann 4. september 2012 greiddi C, kr. 18.009.273, inn á reikning FF. Var tryggingarbréfinu aflýst í kjölfarið.

Þann 4. september 2012 var skjalið „Fyrirvari vegna uppgjörs á tryggingarbréfi nr. X“ gert. Þar kom fram að varnaraðili gerði fyrirvara um lyktir dómsmáls og réttmæti kröfu dráttarvaxta og innheimtuþóknunar umfram höfuðstól tryggingarbréfs.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 20. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Endanlegar kröfur sóknaraðila eru að viðurkennt verði að veðsetning sóknaraðila á fasteign sinni að B, samkvæmt tryggingarbréfi X [sic], útgefið af A þann 8. júlí 2008, hafi verið ólögmæt og að varnaraðili endurgreiði sóknaraðila kr. 9.004.636,- ásamt vöxtum frá 4. september 2012 til 24. maí 2013, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, en upphaflega var krafist tvöfalt hærri fjárhæðar. Fjárhæð kröfunnar byggir á því að hin ólögmæta veðsetning hafi hvílt jafnt á eignarhluta sóknaraðila og eignarhluta eiginmanns hennar. Sé því eðlilegt að krefjast 50% endurgreiðslu af þeirri fjárhæð sem varnaraðili hafi fengið í sinn hlut vegna hinnar ólögmætu veðsetningar.

Varðandi vaxtakröfu frá 4. september 2012 vísar sóknaraðili til 3. og 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Hafi varnaraðili fengið umrætt tryggingarbréf gert upp þann dag. Vegna þeirra röksemda varnaraðila að verðmæti eignarhluta eiginmanns sóknaraðila hafi verið kr. 17.150.000 og hann eigi tryggingu í þeim hluta fjárhæðar telur sóknaraðili nauðsynlegt að leggja fram gögn um uppgreiðslu þeirra lána sem hvílt hafi á fremri veðréttum á fasteigninni. Um hafi verið að ræða lán frá L á fyrsta veðrétti. Hafi lánið verið uppgreitt vegna sölu fasteignarinnar af sóknaraðila og eiginmanni hennar þann 5. mars 2012, og hafi uppgreiðsluverðmæti þess numið kr. 9.914.691. Á öðrum veðrétti hafi verið lán frá L og hafi það verið greitt upp sama dag, en uppgreiðsluverðmæti hafi numið kr. 3.299.192. Þá sé rétt að taka fram að sóknaraðili hafi greitt afborgun af lánunum á 1. og 2. veðrétti þann 2. mars 2012 að upphæð kr. 199.921. Á þriðja veðrétti hafi verið lán frá lífeyrissjóðnum N og hafi uppgreiðsluverðmæti þess numið kr. 500.842.

Sóknaraðili vísar til þess að ástæður fyrir umræddri veðsetningu megi rekja til þess að A hafi keypt stofnfjárbréf í FF. Hafi kaupin verið fjármögnuð með eigin fé auk þess sem hann hafi tekið lán fyrir hluta kaupverðsins. Stofnfjárbréfin hafi tekið að lækka í verði og hafi A fengið símtal frá starfsmanni FF þar sem hann hafi verið krafinn um frekari tryggingar fyrir stofnfjárbréfaláninu, ellegar yrðu bréfin seld (veðkall). Hafi A verið gefinn einn sólarhringur til að bregðast við veðkallinu og koma með frekari tryggingar. Hafi verið fullyrt við A af sérfræðingum FF að bréfin

væru mikils virði og um tímabundið vandamál væri að ræða. Þannig hafi verið sett gríðarleg pressa á A að veðsetja fasteignina að B fyrir 100.000 evrur. Hafi komið krafa frá FF um að 50% eignarhluti sóknaraðila yrði einnig veðsettur. Sé því alröng sú fullyrðing varnaraðila að veðsetning þessi hafi verið sóknaraðila til hagsbóta enda hafi A verið einn skuldari við FF vegna umræddra stofnfjárbréfakaupa og einn eigandi þeirra. Hafi farið svo að bréfin urðu verðlaus.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa staðið við skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, þ.e. að fram fari greiðslumat á skuldara sem sé sannanlega kynnt þeim einstaklingi sem veiti skuldara veð í eign sinni. Ennfremur hafi varnaraðili ekki staðið við upplýsingaskyldu sína samkvæmt ákvæðum samkomulagsins. Bendir sóknaraðili á að greiðslumat hafi ekki verið unnið af hálfu bankans og þar af leiðandi aldrei verið kynnt sóknaraðila. Til frekari rökstuðnings sé vísað til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og eftir því sem við á í lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn.

Bendir sóknaraðili á að fullyrðingar varnaraðila um að ekki sé þörf á greiðslumati þegar um hjón eða sambúðarfólk sé að ræða standist ekki. Sóknaraðili bendir á að samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins megi ráða að hjónum sé heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats. Verði að ætla að slíka undanþágu verði að veita skriflega en sóknaraðili hafi aldrei veitt slíka undanþágu, hvorki skriflega né á annan hátt. Beri að túlka undanþáguna þröngt og á þá leið að sannanleg staðfesting ábyrgðarmanns sem giftur sé eða í óvígðri sambúð með lántaka sé forsenda fyrir því að reglunni verði beitt. Sóknaraðili hafi ekki undanskilið varnaraðila, hvorki munnlega né skriflega frá skyldu sinni til að framkvæma greiðslumat vegna veðsetningarinnar. Því séu engin skilyrði til þess að undanþáguákvæði samkomulagsins eigi við. Beri varnaraðili sönnunarbyrði um að sóknaraðili hafi sérstaklega undanþegið hann frá skyldu til greiðslumats. Vísar sóknaraðili máli sínu til stuðnings til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 14/2011. Vísar sóknaraðili einnig til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 16/2011. Telur hún að færa megi rök fyrir því að atvik máls þessa séu um margt sambærileg og sömu sjónarmiði eigi því við í hennar tilfalli. Hafi varnaraðila borið að framkvæma greiðslumat og kynna það fyrir henni, ella fá formlega staðfestingu á því að veðleyfið væri veitt, þrátt fyrir að greiðslumat væri ekki framkvæmt.

Sóknaraðili bendir á að ákvæði hjúskaparlaga nr. 31/1993 og ákvæði laga nr. 90/2003 um tekjuskatt geti ekki komið í veg fyrir skyldu varnaraðila til að framkvæma mat á greiðslugetu aðila. Þannig komi fram í 4. gr. hjúskaparlaga að hvort hjóna ráði yfir eign sinni og svari til skulda sinna. Hafi úrskurðarnefndin staðfest þessa niðurstöðu í úrskurðum sínum, sbr. úrskurðir nr. 80/2011 og 19/2012. Í þessu samhengi vísist einnig til úrskurðar héraðsdóms Reykjaness í máli nr. Y-12/2012.

Þá telur sóknaraðili að líta verði til þess við mat á því hvort víkja eigi veðsetningunni til hliðar að í samkomulaginu sé að finna skráðar háttarnisreglur sem fjármálafyrirtækjum hafi borið að fara eftir í hvívetna. Öll frávik frá settum reglum verði að túlka fjármálafyrirtækjum í óhag, enda hvíli á þeim sérfræðiábyrgð. Í því felist að sakarmatið sé strangt. Verði því að meta varnaraðila það í óhag að hafa ekki framkvæmt greiðslumat og hvaða afleiðingar það hefði haft á afstöðu sóknaraðila til að skrifa undir hina vafasömu veðsetningu. Sé litið til stöðu aðila þá sé annars vegar um að ræða fjármálafyrirtæki sem starfi í skjóli starfsleyfis frá opinberum aðilum og hins vegar húsfreyju sem hafi enga þekkingu á fjármálaviðskiptum. Þá verði að líta til þess að umrædd veðsetning hafi eingöngu verið varnaraðila til góða og alfarið á

kostnað sóknaraðila. Þá verði að líta til þeirrar tímapressu sem sett hafi verið á sóknaraðila af starfsmanni FF til að skrifa undir veðsetninguna. Þannig eigi sú fullyrðing varnaraðila ekki við í þessu máli að „hjón njóti almennt góðs af skuldbindingum hvors annars á einn eða annan hátt.“ Hafi varnaraðili einn notið góðs af umræddri veðsetningu. Beri varnaraðili sönnunarbyrði fyrir þeim fullyrðingum sínum að umrædd veðsetning hafi komið sóknaraðila til góða. Rétt sé að benda á að um það bil mánuði eftir umrætt veðkall, hafi helstu stjórnendur FF selt stofnfjárbréf sín í FF.

Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi ekki uppfyllt þær skyldur sem samkomulagið kveði á um, né hafi hann starfað í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, en á fjármálafyrirtækjum hvíli skylda til þess á grundvelli 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. núgildandi 1. mgr. 19. gr. laganna.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili vísi í andmælum sínum til dóms Hæstaréttar í máli nr. 163/2005. Í því máli hafi m.a. verið tekið fram að fjármálafyrirtæki beri sönnunarbyrði fyrir þeim fullyrðingum að ábyrgðarmanni hafi verið kunnugt um fjárhagsstöðu skuldara. Verði að telja það sama eiga við í þessu máli, vilji varnaraðili halda því fram að sóknaraðila hafi verið fullkunnugt um fjármál A. Sóknaraðili vísar því á bug að löglíkur séu fyrir því að hjón viti allt um fjárhagsstöðu hvors annars. Dæmin sanni að makar frétti oft síðastir af slæmri fjárhagsstöðu. Beri varnaraðili því sönnunarbyrði fyrir þessari fullyrðingu sinni og mótmælir sóknaraðili henni sem rangri og ósannaðri.

Sóknaraðili hafnar tilvísun varnaraðila til dóms héraðsdóms Norðurlands vestra í máli nr. E-25/2011. Sjái sóknaraðili ekki hvernig dómurinn geti átt við í máli því sem hér sé til umfjöllunar. Sóknaraðili vilji aftur á móti benda á úrskurð héraðsdóms Reykjaness í máli nr. Y-12/2012. Þar hafi málsatvik verið sambærileg að því leyti að um hafi verið að ræða veðsetningu sóknaraðila til tryggingar skuldbindingu maka síns. Hafi varnaraðili m.a. byggt á sömu rökum og varnaraðili í máli því sem hér sé til umfjöllunar.

Af öllu framansögðu telur sóknaraðili að umrædd veðsetning til tryggingar ofangreindu tryggingarbréfi hafi verið ólögmat og þar með ógild frá upphafi með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þannig hafi dómstólar og úrskurðarnefnd ítrekað byggt á ofangreindu samkomulagi, samhliða 36. gr. laga nr. 7/1936 og vikið ábyrgðarskuldbindingum til hliðar á grundvelli þess að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á skuldara.

Bendir sóknaraðili á að þann 4. september 2012 hafi umrætt tryggingarbréf verið gert upp af sóknaraðila og því aflýst af eigninni, þó með fyrirvara um lögmæti þess. Starfsmaður varnaraðila skrifi undir fyrirvarann, en sóknaraðila hafi verið nauðsynlegt að gera upp umrætt tryggingarbréf til að standa við skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi, en veðandlagið hafi verið selt í millitíðinni. Sóknaraðili hafi engu að síður mikla hagsmuni af því að fá viðurkennt að umrædd veðsetning hafi verið ólögmat. Í því sambandi megi benda á úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 17/2006. Færa megi rök fyrir því að atvik mála þessara séu sambærileg, en þar að auki hafi sóknaraðili gert fyrirvara um lögmæti kröfunnar þegar hún hafi greitt upp tryggingarbréfið. Þá hafi varnaraðili verið í yfirburðarstöðu gagnvart sóknaraðila sem starfsleyfisskytt fjármálafyrirtæki, en sóknaraðili hafi enga sérstaka þekkingu í fjármálaviðskiptum. Varnaraðili hafi þannig ekki átt lögvarinn rétt til greiðslu tryggingarbréfsins, enda hafi upphafleg veðsetning á fasteign sóknaraðila

verið ógild. Af þessum sökum hafi varnaraðili ekki starfað í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að krafa sóknaraðila sé með þeim hætti að ómögulegt sé að taka hana til greina. Kröfufjárhæðin sé algjörlega órökstudd. Sóknaraðili hafi verið eigandi 50% eignarhluta í fasteigninni að B. Með vísan til þess að kaupverð fasteignarinnar hafi verið kr. 34.300.000 sé ljóst að verðmæti eignarhluta eiginmanns sóknaraðila hafi verið kr. 17.150.000 og hafi varnaraðili verið með tryggingu í hluta þeirrar fjárhæðar. Sóknaraðili hafi ekki rökstutt af hverju hún telji sig eiga rétt á endurgreiðslu á allri þeirri fjárhæð sem innt hafi verið af hendi í umrætt sinn þrátt fyrir tryggingarréttindi varnaraðila í eignarhluta eiginmanns hennar. Krafa sóknaraðila sé því verulega vanreifuð og beri að vísa henni frá skv. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili gerði upphaflega kröfu um vexti frá 4. september 2012 til 22. febrúar 2013 án þess að vísa til vaxtafótar og sé vaxtakrafan því vanreifuð. Þá gerir sóknaraðili kröfu um dráttarvexti frá 22. febrúar 2013, þ.e. frá þeim degi sem kvörtunin hafi borist frá sóknaraðila. Sé slík dráttarvaxtakrafa í andstöðu við 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Varnaraðili vekur í upphafi athygli á markmiði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sem sé að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga með því að miða lánveitingar við greiðslugetu skuldara og eigin tryggingar hans. Markmið samkomulagsins felist einkum í því að upplýsa ábyrgðarmann um greiðslugetu skuldara, þ.e. hvort hann geti staðið við skuldbindingar sínar miðað við fjárhagsstöðu á þeim tíma, til þess að ábyrgðarmaður geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort honum hugnist að gangast í ábyrgð. Við mat á því hvort skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar sé einkum horft til skattframtals síðasta árs, tekna síðustu þriggja mánaða og síðustu greiðsluseðla allra lána, þ.e. litið sé til eigna- og skuldastöðu, tekna og fastra útgjalda. Að jafnaði hafi ábyrgðarmenn ekki aðgang að þessum upplýsingum og því eðlilegt að kynna ábyrgðarmönnum greiðslugetu skuldara.

Varnaraðili telur öðru máli gegna þegar ábyrgðarmaður og skuldari séu í hjúskap og fjárhagur þeirra að mestu leyti sameiginlegur. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 sé hjónum skylt að veita hvort öðru upplýsingar um efnahag sinn og afkomu, þ.e. tekjur, eignir og skuldir og horfur á næstunni. Þá séu hjón samsköttuð í samræmi við 62. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og því löglíkur á því að hjón þekki tekjur hvors annars sem og eigna- og skuldastöðu. Hjón hafi víðtækar heimildir til þess að afla upplýsinga um fjárhag hvors annars og hafi þau því síður þörf á sérstakri vernd samkomulagsins, ef þá einhverja.

Varnaraðili bendir á að fyrrgreindu markmiði samkomulagsins, verði því að teljast fullnægt þegar aðilar séu í hjúskap. Sé sú sérstaða hjóna staðfest í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins en þar sé heimilt að hverfa frá upplýsingaskyldu gagnvart ábyrgðarmanni um greiðslugetu skuldara í slíkum tilvikum enda sé skuldara skylt samkvæmt lögum að veita maka sínum upplýsingar um greiðslugetu sína. Í samkomulaginu sé ekki beinn áskilnaður um að hjón þurfi að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats með skriflegum hætti. Með hliðsjón af

Því og sérstöðu hjóna samkvæmt framangreindum lagaákvæðum verði 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins ekki túlkuð með svo þröngum hætti að ábyrgðarskuldbindingu verði vikið til hliðar á þeim grundvelli einum að sóknaraðili hafi ekki undirritað sérstaka yfirlýsingu sem undanskilji varnaraðila þeirri skyldu.

Framangreindu ennfremur til stuðnings vísar varnaraðili til þess að þeir aðilar sem gangist í persónulega ábyrgð eða veðsetji eign sína til tryggingar efnudum skuldara og ábyrgðin sé í þágu fjárhagslegs ávinnings þeirra, teljist ekki til ábyrgðarmanna samkvæmt lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna. Ekki þurfi að fjölyrða um það að hjón njóti almennt góðs af skuldbindingum hvors annars á einn eða annan hátt. Af því verði ekki dregin önnur ályktun en sú að upplýsingaskylda lánveitanda um greiðslugetu skuldara eigi ekki við þegar ábyrgðarmaður er í hjúskap með skuldara. Þrátt fyrir að löggin taki ekki til umþrættis veðleyfis vegna reglna um lagaskil þá bendir varnaraðili á að sömu sjónarmið gildi samkvæmt samkomulaginu enda markmið og meginreglur laganna og samkomulagsins þau sömu.

Varnaraðili vísar til þess hvað sem framangreindu líði að samkomulagið sé ekki réttarheimild í íslenskum rétti. Í dómaframkvæmd hafi af þeim sökum, þegar ábyrgðarskuldbindingar séu felldar úr gildi, ekki verið vísað til samkomulagsins eins og sér til stuðnings niðurstöðu heldur hafi málsatvik verið metin heildstætt í ljósi 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Varnaraðili telur rétt að áréttu að ógildingarákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 verði aðeins beitt á grundvelli heildstæðs mats á atvikum málsins, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 163/2005. Ógilding ábyrgðar á grundvelli þess að samkomulaginu hafi ekki verið fylgt fullum fetum án þess að ósanngjarnt sé eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera ábyrgðarskuldbindinguna fyrir sig gangi gegn tilgangi fyrrgreinds ákvæðis. Hafi sá skilningur einnig verið staðfestur í dómi héraðsdóms Norðurlands vestra í máli nr. E-25/2011. Varnaraðili telur nauðsynlegt að hafa þetta í huga við mat á atvikum máls þess sem hér liggja fyrir.

Varnaraðili telur ábyrgðir hjóna á skuldum hvors annars almennt ekki vera ógildanlegar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936, einkum þegar fjárhagur þeirra sé samofinn eða upplýst sé að hjón hafi þekkt til fjárhags hvors annars. Sönnunarbyrði um að ábyrgðarskuldbindingin hafi verið ógildanleg með vísan til fyrrgreinds ákvæðis hvíli á sóknaraðila. Hafi hún ekki gert tilraun til að rökstyðja hvernig ábyrgðarskuldbindingin teljist ósanngjörn eða andstæð góðri viðskiptavenju með vísan til efnis samnings, stöðu aðila, atvika við samningsgerðina og síðari atvika. Þvert á móti láti sóknaraðili nægja að vísa til þess að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt án þess að heimfæra þá vanrækslu undir áskilnað 36. gr. laga nr. 7/1936.

Bendir varnaraðili sérstaklega á að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á eða gert það líklegt að hún hafi ekki þekkt fjárhagsstöðu eiginmanns síns eða getað kynnt sér hana þegar hún hafi veitt veðleyfi í umrætt sinn, enda geti skattframtal vegna ársins 2007 sýnt fram á hið gagnstæða. Þá standi sóknaraðila nær að sýna fram á að fjárhagsstaða eiginmanns hennar hafi verið þannig að hún hefði ekki veitt veðleyfi sitt hefði henni verið kynnt greiðslugeta hans sérstaklega, enda hafi sóknaraðili aðgang að slíkum gögnum en ekki varnaraðili.

Varnaraðili mótmælir því að sóknaraðili geti krafist endurgreiðslu á 50% þeirrar fjárhæðar sem greidd hafi verið 4. september 2012, vegna tryggingarbréfsins sem á eigninni hvíldi. Söluverð eignarinnar hafi numið kr. 34.300.000. Af þeirri fjárhæð hafi kr. 13.714.725 verið ráðstafað til greiðslu sameiginlegra veðskulda sóknaraðila og eiginmanns hennar. Fellst varnaraðili ekki á að greiðsla afborgana af

veðlánnum sem hvílt hafi á 1. og 2. veðrétti, að fjárhæð kr. 199.921, hafi áhrif á þá fjárhæð sem sannanlega hafi verið nýtt til uppgreiðslu á eftirstöðvum umræddra lána.

Bendir varnaraðili á að með hliðsjón af því að kr. 13.714.725 hafi verið nýttar til greiðslu rétt hærra veðskulda hafi varnaraðili átt rétt á að fá í sinn hlut a.m.k. kr. 10.292.638 (34.300.000 kr. - 13.714.725 kr. = 20.585.275 kr. / 2). Geti krafa sóknaraðila því aldrei numið hærri fjárhæð en kr. 7.716.635 kr. (18.009.273 kr. - 10.292.638 kr.). Hvað sem líði framangreindu telur varnaraðili ábyrgðarskuldbindinguna gilda.

Í samræmi við framangreint telur varnaraðili engin efni til þess að víkja veðleyfi sóknaraðila til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að B, með tryggingarbréfi nr. X, útgefnu af A til FF. Þá lýtur ágreiningur aðila að endurgreiðslu uppgjörs vegna tryggingarbréfs nr. X þann 4. september 2012.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Í kröfu sóknaraðila felst að ábyrgð hennar á tryggingarbréfi nr. X hafi verið ógild og að henni verði endurgreidd sú fjárhæð sem hún innti af hendi vegna þess, ásamt vöxtum. Varnaraðili hefur einnig lagt þann skilning í kröfuna. Í ljósi þessa verður ekki fallist á að vísa kröfu sóknaraðila frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar leitað var eftir veði í eign þriðja manns til tryggingar skuld við sparisjóðinn, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili mat ekki greiðslugetu A, útgefanda umrædds tryggingarbréfs. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt mat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A, eftir að hafa kynnt sér matið.

Telja verður að framkvæma hafi þurft greiðslumat þrátt fyrir að um hjón hafi verið að ræða enda segir í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins að fjármálafyrirtæki sé skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemi meira en kr. 1.000.000. Undantekningu er að finna frá þessari meginreglu í lokamálslið 3. mgr. 3. gr. um að hjónum eða fólki í óvígðri sambúð er heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Túlka verður undantekningarregluna samkvæmt efni sínu á þá leið að viljayfirlýsing ábyrgðarmanns, sem giftur er eða í óvígðri sambúð með lántaka, sér forsenda fyrir því að reglunni verði beitt, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 33/2012. Slík viljayfirlýsing liggur ekki fyrir í þessu tilviki. Gögn málsins veita því ekki stuðning að með undirritun veðskjalsins hafi sóknaraðili tekið upplýsta ákvörðun um að falla mætti frá greiðslumati vegna veðsetningarinnar.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að ekki hafi þurft að framkvæma mat á greiðslugetu A vegna 2. mgr. 3. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, enda kemur fram í 4. gr. sömu laga að hvort hjóna ræður yfir eign sinni og svarar til skulda sinna. Þá kemur fram í 2. másl. 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga að hjónum eða fólki í óvígðri sambúð sé heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Sóknaraðili undanskildi varnaraðila ekki frá skyldu til greiðslumats og því var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A, sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins, sbr. og úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 80/2011 og 33/2012.

Skuldbindingu sóknaraðila verður að skoða með hliðsjón af því að hún veðsetti eignarhlut sinn án þess að varnaraðili stæði við að viðhafa þau vönduðu vinnubrögð sem samkomulagið gerði ráð fyrir. Verður varnaraðili að bera hallann af því að það var ekki gert. Að öðrum kosti er vandséð að ná hefði mátt fram því meginmarkmiði samkomulagsins að ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga gerðu sér eftir atvikum ljósa grein fyrir þeirri áhættu sem þeir tækjust á herðar með því að gangast í slíka ábyrgð, sbr. dóm Hæstaréttar í máli 4/2013.

Í ljósi framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga hefðu verið fyrir hendi forsendur til að ógilda veðsetningu fasteignar sóknaraðila með tryggingarbréfi nr. X. Veðsetningin féll niður við uppgjör tryggingarbréfsins 4. september 2012 og verður henni eðli máls samkvæmt ekki vikið til hliðar.

Ógilding hefur almennt þau réttaráhrif að greiðslur verða ekki inntar af hendi. Þegar greitt hefur verið umfram skyldu vegna þess að skuldbinding reynist hafa verið ógild að hluta eða öllu leyti og greiðandi var í villu um skyldu sína, er almennt talið að endurgreiðslukrafa sé til staðar.

Fyrir liggur að fasteign sóknaraðila og maka hennar að B var seld fyrir kr. 34.300.000, en sóknaraðili var eigandi helmings fasteignarinnar, samtals kr. 17.150.000. Sóknaraðili var skuldari láns á 1. veðrétti að uppgreiðsluverðmæti kr. 9.914.694, sem gert var upp við sölu fasteignarinnar. A, maki sóknaraðila, var skuldari lána á 2. og 3. veðrétti að heildaruppgreiðsluverðmæti kr. 3.800.044, sem hann gerði upp við sölu fasteignarinnar, þar sem fjárhæð þeirra skuldbindinga hans rúmaðist innan fjárhæðar eignarhluta hans í fasteigninni. Eftir uppgjör á fyrri veðréttum stóðu því eftir kr. 13.349.956 af eignarhluta A í fasteigninni, en var hann þó einnig skuldari að skuld sem tryggt var með umþrættu tryggingarbréfi sem var að uppgreiðsluverðmæti kr. 18.009.273. Við uppgjör umþrætts tryggingarbréfs greiddi A því kr. 13.349.956 af heildarfjárhæð þess, enda kom ekki til kasta ábyrgðar

sóknaraðila fyrr en A greiddi ekki. Eftir standa því kr. 4.659.317, sem sóknaraðili greiddi umfram skyldu við uppgjör umrædds tryggingarbréfs, þar sem sá hluti tryggingarbréfsins sem hvíldi á hennar eignarhluta í fasteigninni að B var ógildur.

Í ljósi alls framangreinds skal varnaraðili endurgreiða sóknaraðila kr. 4.659.317, með almennum vöxtum, skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. september 2012 til 24. maí 2013 en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Síðastgreindi dagurinn er sá dagur sem sóknaraðili krefst dráttarvaxta frá, en mánuður var liðinn frá því sóknaraðili krafði varnaraðila um greiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001, þann 21. mars 2013.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Fallist er á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu vegna uppgjörs tryggingarbréfs nr. X að fjárhæð kr. 4.659.317, með almennum vöxtum skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 4. september 2012 til 24. maí 2013 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Reykjavík, 5. júlí 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 31. maí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 20/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 22. febrúar 2013, með ódagsettri kvörtun sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. febrúar 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 8. mars 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. mars 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 16. og 31. maí 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 18. ágúst 2008 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 1.200.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Þann 19. ágúst 2008 var skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“ undirritað. Umsækjandi um lán að fjárhæð kr. 1.200.000 var A og sóknaraðili og B voru tilgreindar ábyrgðarmenn. Láninu átti að ráðstafa til að borga upp vanskil á tékkareikningi nr. Y, greiðslureikningi nr. Z, kreditkorti, lán nr. Þ og vanskil á Æ.

Á lánsúmsókninni var greiðslumat. Matsverð eigna alls var tilgreint kr. 0, skuldir alls kr. 516.299 og hrein eign var kr. -516.299. Þá voru ráðstöfunartekjur fjölskyldu mánaðarlega kr. 136.990 og árlega kr. 1.643.880, greiðslubyrði af öðrum lánnum var kr. 17.148 mánaðarlega og kr. 205.776 árlega, greiðslubyrði á nýju láni var kr. 38.136 mánaðarlega og kr. 457.632 árlega. Greiðslubyrði samtals var mánaðarlega kr. 55.284 og 663.408 árlega. Þá var áætlaður framfærslukostnaður og föst útgjöld kr. 89.987 mánaðarlega og árlega kr. 1.079.844. Ráðstöfunartekjur eftir framfærslu og greiðslu lána var neikvæð um kr. 8.281 mánaðarlega en árlega um kr. 99.372.

Eftirfarandi var tekið fram á lánsúmsókninni: „Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt “Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga” (dags. 1. nóv. 2001) að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski skriflega eftir því að það verði ekki gert. Samkvæmt samkomulaginu er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir.“ Neðan við umræddan texta var gert ráð fyrir að hakað væri við það hvort ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán greiðanda hjá bankanum og að ábyrgðarmanni hefðu verið kynntar þær ráðagerðir. Þá voru reitir um að ekki væri óskað eftir greiðslumati eða að greiðslumat hefði verið framkvæmt og hvort niðurstöður þess bentu til að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar eða ekki. Hakað hefur verið við að niðurstaða greiðslumats bendi til þess að umsækjandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmenn samþykki að gangast í ábyrgðina engu að síður. Settu ábyrgðarmenn, þ.m.t. sóknaraðili, einnig upphafsstafi sína við þann valmöguleika.

Þann 19. ágúst 2008 var skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ undirritað af lántaka. Samkvæmt því voru kr. -8.281 til ráðstöfunar eftir framfærslu og greiðslu lána á mánuði. Skuldir samtals voru kr. 1.716.299 og ráðstöfunarfé (eignir og væntanleg lán) kr. -281.750.

Þann 20. ágúst 2008 keypti varnaraðili skuldabréfið af A.

Þann 4. apríl 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila og óskaði eftir því að framangreind ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 20. apríl 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun mótttekinni 22. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðarskuldbinding hans vegna skuldabréfs nr. X verði ógilt.

Sóknaraðili bendir á að henni hafi ekki verið kynnt niðurstaða greiðslumats aðalskuldara fyrr en degi eftir að hún hafi gengist í ábyrgðina. Niðurstaða greiðslumats hafi ekki verið til staðar fyrr en degi eftir að skuldabréfið hafi verið gefið út. Einnig þurfi að hafa í huga að varnaraðili hafi ekki fengið leyfi frá aðalskuldara til að kynna sóknaraðila greiðslumat fyrr en degi eftir að hún hafi gengist í ábyrgðina. Við kynningu á greiðslumati hafi komið í ljós að greiðslugeta aðalskuldara hafi verið neikvæð. Sóknaraðili kveðst hafa talið að hún væri búin að skuldbinda sig sem ábyrgðarmann á skuldabréfinu og hafi ekki vitað að hún hafi getað hætt við að vera ábyrgðarmaður á láninu í ljósi neikvæðrar greiðslugetu, en varnaraðili hafi ekki upplýst hana um þann möguleika. Sóknaraðili segir að hún hefði hætt við að gerast ábyrgðarmaður hefði henni verið bent á að hægt væri að hætta við.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi brotið á neytendarétti hennar sem varinn sé í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Brot bankans felist í því að ekki hafi verið farið eftir ákvæðum samkomulags um notkun

ábyrgða á skuldum einstaklinga, við stofnun umræddrar ábyrgðarskuldbindingar. Vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012, máli sínu til stuðnings.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði vísað frá.

Varnaraðili vísar til þess að ljóst sé að án kröfu sé ábyrgð ekki virk enda sé ábyrgð ætlað að vera trygging fyrir kröfu sem kröfuhafi eigi á hendur skuldara. Í þessu tilfalli hafi varnaraðili ekki eignast kröfu á hendur skuldaranum fyrr en hann hafi keypt skuldabréfið af útgefandanum, 20. ágúst 2008, en greiðslumatið hafi verið dagsett þann 19. ágúst 2008, áður en skuldabréfið hafi verið keypt. Varnaraðili hafi þá eignast kröfu á hendur útgefandanum og samhliða því kröfu á hendur ábyrgðarmanni, að því gefnu að lánið færi í vanskil.

Bendir varnaraðili á að nokkuð ljóst sé að þrátt fyrir neikvæða greiðslugetu samþykki sóknaraðili að gerast ábyrgðarmaður. Sé skjalið „Lánsúmsókn“ skoðað þá ríti ábyrgðarmenn upphafsstafi sína við textann „*Niðurstaða greiðslumats bendir til þess að umsækjandi (greiðandi) geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður/veðsali samþykkir að gangast í ábyrgð/lána veð engu að síður*“. Sé framangreindur texti skoðaður sé ljóst að með því að skrifa undir skjalið og setja upphafsstafi sína við textann hafi ábyrgðarmaðurinn val um það hvort hann gerist ábyrgðarmaður eða ekki, það sé s.s. gert ráð fyrir því að ábyrgðarmaðurinn geti hætt við að gerast ábyrgðarmaður þar sem greiðslugeta útgefandans sé neikvæð. Þrátt fyrir þá staðreynd hafi sóknaraðili samt ákveðið að gerast ábyrgðarmaður. Það sé heldur sérstakt að vilja túlka efnislegt innihald skjalsins „Lánsúmsókn“ þannig að ekki hafi staðið til boða að hætta við að gerast ábyrgðarmaður þegar ljóst sé að gert sé ráð fyrir vali. Varnaraðili bendir á að textinn sé skýr og óskiljanlegt hvernig ábyrgðarmaður fái það út að henni hafi ekki staðið til boða að hætta við ábyrgðina, sérstaklega ef horft sé á það að hún hafi kynnt sér bækling lánveitanda um sjálfskuldarábyrgðir og kvitti sérstaklega við textann sem gefi henni í raun færi á að hætta við að gerast ábyrgðarmaður vegna neikvæðu greiðslugetunnar. Hefði textinn verið orðaður á annan veg, t.d. „*Niðurstaða greiðslumats bendir til þess að umsækjandi (greiðandi) geti ekki efnt skuldbindingar sínar*“, þá væri hugsanlegt að ekki hafi verið ljóst að hún gæti hætt við að gerast ábyrgðarmaður. Textinn sé hins vegar orðaður með það í huga að ábyrgðarmanni sé ljóst að hann hafi val m.t.t. neikvæðrar greiðslugetu aðalskuldara, að gerast ábyrgðarmaður. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til dóms héraðsdóms Norðurlands eystra nr. N-1/2013.

Varnaraðili bendir á að ekki séu færð nein rök fyrir því hvernig fordæmi dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012 eigi að gilda um greiðslumat það sem um ræði í máli þessu. Í máli nr. 169/2012 hafi verið um að ræða greiðslumat sem hafi verið villandi og óskýrt, en bæði hafi komið fram að fjármögnun teldist takast og að greiðandi gæti ekki efnt fjárskuldbindingar sínar. Hvergi hafi komið fram að þrátt fyrir þetta vildi veðsalinn veita veð í fasteign sinni til tryggingar skuldbindingu lántaka. Í þessu máli hafi svo verið. Orðalag þeirrar setningar hafi gefið það skýrt til kynna að það fælist meiri áhætta í því að gerast ábyrgðarmaður í þeim tilfellum er greiðslugeta skuldara væri neikvæð. Ekki verði heldur séð að greiðslumat sem fylgt hafi skuldabréfi nr. X hafi bæði kveðið á um að greiðandi myndi geta fjármagnað lántökuna og að greiðslugeta væri neikvæð. Þvert á móti hafi eingöngu komið fram á lánsúmsókninni

að greiðslugeta væri neikvæð, það hafi ekki getað verið skýrara, enda hafi það verið ítrekað tvisvar á lánsúmsókninni og einu sinni á greiðslumatinu sjálfu. Þar að auki hafi enginn slíkur óskýrleiki verið á framkvæmd greiðslumatsins og hafi verið í máli nr. 169/2012, þar sem einungis voru tilgreindar vaxtagreiðslur en ekki heildargreiðslur eins og í máli þessu. Af framangreindu verði ekki séð hvernig atvik dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012 séu sambærileg málavöxtum í máli þessu. Því sé þeim hluta kvörtunarinnar þar sem reynt sé að heimfæra atvik máls þessa undir fordæmi dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012, mótmælt harðlega.

Varnaraðili byggir einnig á því að ábyrgðarmaður hafi sýnt af sér tómlæti með því að gera ekki athugasemd við ábyrgðarveitingu vegna skuldabréfs nr. X en það skuldabréf hafi verið gefið út tæplega sex árum áður en kvörtunin hafi verið lögð fram. Hafna ætti kröfu sóknaraðila miðað við fordæmi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4871/2011.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi ábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. FF var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í máli þessu liggur fyrir skjal sem ber heitið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“. Á skjalinu kemur fram að ráðstöfunartekjur eftir framfærslu og greiðslu lána hafi verið neikvæðar um kr. 8.281 mánaðarlega og kr. 99.372 árlega. Eina dagsetning skjalsins er 19. ágúst 2008 en útgáfudagur umrædds skuldabréfs var 18. ágúst 2008. Í 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kemur fram að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina. Veðsali skrifaði undir skuldabréf nr. X þann 18. ágúst 2008 og gekkst þar með í ábyrgðina þann dag og skiptir í því samhengi ekki máli þótt krafa varnaraðila á hendur aðalskuldara hafi ekki stofnast fyrr en við útgreiðslu lánsins, 20. ágúst 2008, sbr. úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 102/2012 og 150/2012. Gegn andmælum sóknaraðila er ófært að byggja niðurstöðu málsins á þeirri staðhæfingu varnaraðila að dagsetningar undirritaðra skjala séu rangar.

Það verklag varnaraðila að afla fyrst ábyrgðarinnar, en senda sóknaraðila síðar til undirritunar skjal með forprentaðri yfirlýsingu hennar um að hún óskaði eftir að lánið yrði veitt þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu greiðslumats, var til þess fallið að hún gengist í ábyrgðina. Þetta verklag var í brýnni andstöðu við þær skuldbindingar sem fjármálafyrirtæki, þ.á.m. varnaraðili höfðu gengist undir með fyrrnefndu samkomulagi, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 102/2012.

Ekki liggja fyrir gögn sem staðfesta að sóknaraðila hafi verið gefinn kostur á að hætta við að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna umrædds skuldabréfs áður en hún skrifaði undir skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“, sbr. úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 41/2012 og 48/2012.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna henni greiðslumat á skuldaránnum með tryggilegum hætti, áður en hún samþykkti að gangast í sjálfskuldarábyrgð, og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hennar. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að ábyrgðaryfirlýsing sóknaraðila verði látin standa.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga er fallist á kröfu sóknaraðila um ógildingu sjálfskuldarábyrgðar hennar á skuldabréfi nr. X.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF, er ógild.

Reykjavík, 31. maí 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 5. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 22/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 26. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. mars 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 11. apríl 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. apríl 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 1. maí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 31. maí, 13. og 21. júní og 5. júlí 2013.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili var í Kaupmannahöfn 7. til 11. desember 2012 að heimsækja skyldmenni sín. Af færsluyfirliti af VISA korti sóknaraðila virðast sóknaraðili og önnur skyldmenni hennar hafa gert sér ferð í Tívolí í Kaupmannahöfn þann 10. desember 2012. Í Tívolí fór sóknaraðili í minjagripaverslun og að hennar sögn lenti hún þar í vandræðum með að inna af hendi greiðslu með VISA korti sínu. Kveðst sóknaraðili hafa reynt að slá inn PIN-númer greiðslukortsins í posann en það hafi ekki gengið. Hafi afgreiðslustúlka verslunarinnar þá boðist til að renna kortinu í gegn og það hafi gengið betur og sóknaraðili kveðst þá hafa slegið PIN-númerið inn með afgreiðslustúlkuna sér við hlið. Að því búnu hafi afgreiðslustúlkan afhent skyldmenni sóknaraðila vörurnar sem hún keypti og því kveðst sóknaraðili hafa talið að kortið hafi verið afhent umræddu skyldmenni en skyldmennið kveðst hafa talið að sóknaraðila hafi verið afhent kortið. Sóknaraðili hafði á þessum tímapunkti nýtt kr. 21.358 af 500.000 kr. úttektarheimild.

Sóknaraðili kveðst hafa uppgötvað að kortið væri glatað þegar heim hafi verið komið og spurt skyldmennið hvort hún væri ekki með kortið. Skyldmennið hafi sagt að það væri ekki með kortið. Hafi tengdasonur sóknaraðila þá tilkynnt A að kortið væri tapað og því hafi verið lokað. Sóknaraðili kveður A hafa upplýst tengdasoninn um að búið hafi verið að taka út kr. 190.000 af kortinu en að sóknaraðili þyrfti ekki að hafa áhyggjur þar sem hún myndi ekki bera tjónið. Sóknaraðili kveður barnabarn hennar einnig hafa hringt í A þar sem það hafi fengið þær upplýsingar að sóknaraðili bæri ekki skaðann, hún þyrfti bara að koma á Laugaveg til að skrifa undir plagg sem hún hafi gert þann 12. desember 2012. Að sögn sóknaraðila hafi henni verið bent á að hún þyrfti að fylgjast með því hvort færslurnar kæmu inn og ef svo væri þyrfti að láta kreditfæra þær.

Sóknaraðili kveður skyldmenni sitt hafa farið aftur í minjagripaverslunina þar sem henni hafi verið tjáð að afgreiðslustúlkan sem afgreitt hafi sóknaraðila hafi farið í klukkutíma mat eftir afgreiðsluna. Því næst kveður sóknaraðili skyldmenni sitt hafa farið í Fotex þar sem teknar hafi verið út nokkrar færslur með kortinu. Hafi hún þar fengið þær upplýsingar að til að fá að skoða upptökur úr eftirlitsmyndavél þyrfti að fá staðfest frá A klukkan hvað færslurnar hafi verið gerðar og helst á hvaða kassa.

Eftir áramót kveðst sóknaraðili hafa tekið eftir því að færslurnar hafi komið inn á reikning hennar. Hafi hún þá haft samband við útibú varnaraðila í Búðardal. Þann 13. febrúar 2013 svaraði varnaraðili og kvaðst ekki skyldugur til að endurgreiða sóknaraðila það sem tekið hafði verið út af korti hennar. Sóknaraðili væri hins vegar góður viðskiptavinur og hefði útibú hennar samúð með henni. Í ljósi þess hafi útibússtjórinn samþykkt að koma til móts við hana og deila með henni tjóninu af atburðinum þannig að útibúið myndi endurgreiða helming kostnaðarins.

Þann 31. janúar 2013 lagði varnaraðili kr. 100.906 inn á reikning sóknaraðila.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 25. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að alls kr. 201.813 verði greiddar til baka. Varnaraðili hafi fallist á að greiða aðeins helming kröfunnar til baka.

Sóknaraðili kveðst ekki bera ábyrgð á óheimilum færslum sem hafi verið staðfestar með PIN-númeri hennar, þar sem greiðslukorti hennar hafi verið stolið. Sóknaraðili hafi látið A vita um leið og hún hafi uppgötvað að kortið væri horfið. Sóknaraðili kveðst hafa varðveitt PIN-númer sitt af kostgæfni og enginn annar en hún sjálf hafi vitað hvert það var. Þjófurinn hafi hins vegar komist yfir það með óprúttum hætti, með því að fylgjast með eða taka upp. Þetta atvik geti aldrei flokkast undir ásetning eða stórfellt gáleysi af hálfu sóknaraðila. Sóknaraðili hafnar því alfarið að hafa yfirgefið verslunina án þess að hafa hirt um hvort greiðslukortið væri með í för.

Sóknaraðili bendir á að í athugasemdum varnaraðila komi fram að engar sannanir séu fyrir loforði kreditkortafyrirtækisins um skaðleysi sóknaraðila. Getur sóknaraðili þess að tveir aðilar úr fjölskyldunni hafi haft samband við kreditkortafyrirtækið og báðir fengið sama svarið. Eins eigi að vera til upptökur af samtali hjá kortafyrirtækinu. Þessi viðbrögð kortafyrirtækisins hafi verið mikilvæg hvað varði næstu skref í málinu. Sóknaraðili kveðst hafa leitað til lögreglu hefði hún fengið að vita að hún bæri hugsanlegan fjárhagslegan skaða af.

Sóknaraðili bendir á að við greiðslu í verslunum standi iðulega aðrir viðskiptavinir í röð fyrir aftan og biða eftir að fá að greiða. Því sé útilokað að fara fram á að enginn sé við hlið viðskiptavinar eða fyrir aftan þegar greitt sé fyrir vöru. Sóknaraðili kveðst hafa reynt eftir fremsta megni að slá inn PIN-númer sitt þannig að enginn annar tæki eftir númerinu þegar hún hafi stimplað það inn.

Sóknaraðili telur að ekki sé hægt að ganga út frá því að það sé almenn vitneskja að í vinalegri lítilli minjagripaverslun í Tívolí í Kaupmannahöfn séu óprúttir aðilar sem neyti ýmissa ráða til að komast yfir greiðslukort og PIN-númer þeirra, hvað þá að afgreiðslustúlka verslunarinnar sé óprúttinn þjófur. Sóknaraðili kveðst ekki hafa getað gert sér það í hugarlund.

Sóknaraðili kveður það með öllu óásættanlegt að mál þegar aðili leggi veski sitt á gólf á krá og uppgötví daginn eftir að kortið sé horfið, sé talið sambærilegt máli þessu. Sóknaraðili sé 81 árs og með allt sitt á hreinu. Hún sé heiðarleg og ábyrg manneskja sem hafi orðið fyrir því óláni að lenda í þjófnaði. Þessi tvö mál séu á engan hátt hliðstæði líkt og varnaraðili gefi í skyn.

Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili virðist gefa í skyn að hún ætli sér að auðgast um kr. 100.907. Sóknaraðili kveðst eingöngu vera að fara fram á að fá tjón sitt bætt að fullu eða með öðrum orðum að koma út á núlli eftir þjófnaðinn sem hún hafi orðið fyrir.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara er þess krafist að varnaraðili verði eingöngu úrskurðaður til að greiða sóknaraðila kr. 100.906.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi, annars vegar með því að gæta ekki að PIN-númeri VISA kortsins og hins vegar með því að hirða ekki um að fá kortið afhent til sín með þeim afleiðingum að það hafi komist í hendur óviðkomandi aðila.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi samþykkt kortaskilmála varnaraðila. Framangreindir skilmálar séu þríhliða, þ.e. þeir gildi á milli korthafa, bankans sem útgefanda kortsins og A sem annist kortavinnslu og færsluhirðingu, sbr. i. lið 1. gr. skilmálanna. Með umsókn um VISA kort og notkun VISA korts hafi sóknaraðili samþykkt skilmálana fyrir sitt leyti og sé hún bundin af þeim. Sé hún þ.a.l. í samningssambandi við bankann og A, sbr. ii. liður 1. gr. kreditkortaskilmálanna. Vanræksla korthafa á því að fylgja skilmálunum jafngildi vanefnd á samningsskyldum korthafa en vanefndir í samninga- og kröfurétti geti haft þau réttaráhrif að sá sem vanefni skyldur sínar fyrirgeri rétti sem hann gæti annars átt. Vísar varnaraðili í þessu samhengi til iii. liðar 10. gr. kreditkortaskilmálanna. Samkvæmt því ákvæði beri varnaraðili ekki ábyrgð á tjóni sem korthafi kunni að verða fyrir vanræki hann skyldur sínar skv. v. og vi. liðum 4. gr. skilmálanna enda teljist frávik frá þeirri háttsemi stórfellt eða stórkostlegt gáleysi.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við meðferð og varðveislu PIN-númers síns og að sú háttsemi valdi því að hún eigi að bera ábyrgð á tjóni sínu. Samkvæmt málsatvikalýsingu sóknaraðila hafi hún lent í vandræðum með að framkvæma greiðslu í versluninni. Vandræði hafi virst vera með örgjörvaraufina á posanum þannig að afgreiðslustúlkan hafi brugðið á það ráð að renna segulrönd kortsins í gegnum þar til gerðan lesara á posanum.

Varnaraðili vísar til vi. liðar 4. gr. kreditkortaskilmálanna en þar segi að korthafa sé hvorki heimilt að láta PIN-númer sitt öðrum í té né geyma það með kortinu. Varnaraðili byggir á því að framangreind háttsemi sóknaraðila, þ.e. að slá inn PIN-númer sitt í posann þegar afgreiðslustúlkan hafi staðið við hlið hennar teljist augljóslega fela í sér brot gegn vi. lið 4. gr. skilmálanna og þ.a.l. stórkostlegt gáleysi í skilningi skilmálanna. Í því samhengi telur varnaraðili enga afsökunar- eða réttlætningarástæðu fyrir því að víkja frá framangreindri hátternisreglu, enda beri að túlka ákvæðið þannig að öll frávik teljist stórkostlegt gáleysi. Því skipti engu þótt sá aðili sem staðið hafi við hlið sóknaraðila hafi verið starfsmaður verslunarinnar. Þar sem framangreind háttsemi feli í sér stórkostlegt gáleysi beri að hafna öllum kröfum sóknaraðila, sbr. iii. liður 10. gr. skilmálanna.

Varnaraðili byggir kröfur sínar enn fremur á því að sóknaraðili hafi vanrækt skyldur sínar skv. kreditkortaskilmálanum og sýnt af sér verulegt gáleysi við meðferð og varðveislu VISA kortsins með þeim afleiðingum að það beri að hafna kröfum hennar. Í 4. gr. kreditkortaskilmálanna gefi að finna helstu vísireglur sem korthöfum beri að fylgja við varðveislu og notkun kortsins. Í iii. lið 4. gr. skilmálanna komi fram að sé kort notað í hraðbanka eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum komi PIN-númer í stað undirskriftar korthafa á sölunótu. Þá sé korthafa hvorki heimilt að láta PIN-númer sitt öðrum í té, né geyma það með kortinu. Þá vísar varnaraðili til v. liðar 4. gr. skilmálanna.

Varnaraðili bendir á að háttsemi sóknaraðila feli óumdeilanlega í sér viðurkenningu á því að hún hafi vanefnt eftirlits- og umönnunarskyldu sína með kortinu skv. v. lið 4. gr. þegar hún hafi notað það í versluninni. Þannig komi fram í málsatvikalýsingu sóknaraðila að afgreiðslustúlkan hafi tekið kortið af sóknaraðila og rennt því í gegn á „gamla mátann“ og beðið sóknaraðila að slá PIN-númerið inn. Þá segi í málsatvikalýsingunni: *„Ég hélt að sjálfsögðu að hún væri búin að láta B fá kortið sitt tilbaka [sic]. Þar sem afgreiðslustúlkan rétti mér pokann taldi B að hún hefði líka látið mig hafa kortið til baka. En svo var ekki. Við fórum út úr búðinni, grunlausar um að kortið væri ekki með í för.“*

Varnaraðili bendir á að þessi háttsemi sóknaraðila sé í engu samræmi við skyldur hennar skv. v. lið 4. gr. skilmálanna, þ.e. að varðveita kortið þannig að óviðkomandi aðili geti ekki komist yfir það. Þá sé óumdeilt að hún hafi ekki gætt kortsins á sama hátt og hún hefði geymt peninga eða önnur verðmæti, enda hefði hún væntanlega krafist þess að fá afgang eða skiptimynt afhenta til baka.

Getur varnaraðili þess að það sé viðskiptavenja í Danmörku þegar viðskiptavinir greiði fyrir vöru eða þjónustu með greiðslukorti að því sé stungið inn í þar til gerða rauf á posanum og PIN-númerið slegið inn. Þessi venja hafi rutt sér til rúms á Íslandi á síðustu tveimur árum og hafi m.a. verið mikið auglýst síðustu misserin undir slagorðinu „Pinnið á minnið“. Varnaraðili telur að sóknaraðila og skyldmennum hennar hafi við þessar aðstæður borið að fylgjast sérstaklega með því að kortið yrði fengið sóknaraðila aftur þegar greiðslan hafi gengið í gegn, enda heyri það til algerra undantekninga í nútímaverslun að afhenda verslunarfólki greiðslukort til að renna því í gegnum segulrandarlesarann. Varnaraðili telur ljóst skv. framangreindu að sóknaraðili hafi ekki uppfyllt skyldu sína skv. v. lið 4. gr. kreditkortaskilmálanna í þessu tilviki. Sóknaraðili hafi þannig virt ákvæðið að vettugi, þrátt fyrir að henni hafi mátt vera ljóst að henni bæri að gæta þess á sama örugga hátt og peninga, tékka og annarra verðmæta. Að mati varnaraðila hefur sóknaraðili þannig brotið gegn ákvæðum v. liðar 4. gr. kreditkortaskilmálanna og þ.a.l. beri að hafna kröfum hennar, sbr. iii. liður 10. gr. kreditkortaskilmálanna.

Í samræmi við ofangreinda umfjöllun bendir varnaraðili jafnframt á að sóknaraðili hafi verið ferðamaður í erlendri stórborg og verið stödd á einum fjölsóttasta ferðamannastað í Kaupmannahöfn. Það sé útbreidd vitneskja meðal almennings að í slíkum stórborgum og á fjölmönnum stöðum séu óprúttir aðilar sem neyti ýmissa ráða til að komast yfir greiðslukort og PIN-númer þeirra. Þegar og af þeirri ástæðu telur varnaraðili að sóknaraðila hafi borið við þessar aðstæður að viðhafa sérstakar varúðarráðstafanir við meðhöndlun kortsins og PIN-númersins. Samkvæmt þessu verði talið að ætlast megi til þess af góðum og gegnum korthafa að hann sé meðvitaður um að honum sé slík hætta búin og hafi sérstakan vara á sér við varðveislu greiðslukorts og PIN-númers við slíkar aðstæður. Að mati varnaraðila hafi sóknaraðili ekki viðhaft slíkar ráðstafanir heldur sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við meðferð kortsins og PIN-númersins.

Vísar varnaraðili til þeirra úrskurða sem fallið hafi í hliðstæðum málum, sbr. t.d. úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 120/2011 [sic]. Varnaraðili bendir í þessu samhengi á að sóknaraðili hafi verið með 500.000 kr. úttektarheimild á korti sínu, en hafi einungis nýtt sér kr. 21.358 af heimildinni þegar kortið hafi glatast. Það sé því ljóst að umtalsverð verðmæti hafi verið í húfi og í ljósi þessa telur varnaraðili að sóknaraðila hafi borið að gæta kortsins sérstaklega í umrætt skipti.

Að öllu framangreindu virtu telur varnaraðili að sóknaraðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi við meðferð og varðveislu PIN-númersins og VISA kortsins og þannig virt að vettugi ákvæði v. og vi. liða 4. gr. kreditkortaskilmálanna. Afleiðingar þessarar háttsemi eigi að leiða til þess að öllum kröfum sóknaraðila beri að hafna, sbr. iii. liður 10. gr. kreditkortaskilmálanna.

Verði ekki fallist á aðalkröfu varnaraðila krefst varnaraðili þess að hann verði eingöngu úrskurðaður til að greiða sóknaraðila kr. 100.907. Varnaraðili byggir þá kröfu sína á því að hann hafi þegar greitt kr. 100.906 til sóknaraðila, í þeirri viðleitni að koma til móts við sóknaraðila, sem hafi löngum þótt góður viðskiptavinur. Varnaraðili telur þ.a.l. að ef krafa sóknaraðila verði tekin til greina verði tjón hennar bætt að fullu og að hún muni að sama skapi auðgast um kr. 100.907. Slíkt myndi fara gegn öllum hefðbundnum sjónarmiðum skaðabótaréttar um að tjónþoli eigi að vera eins settur og ef tjónið hefði ekki orðið.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurgreiðslu úttekta á kreditkort sóknaraðila, sem framkvæmdar voru þann 10. desember 2012, samtals að fjárhæð kr. 100.907.

Lög nr. 120/2011 um greiðsluþjónustu gilda um greiðsluþjónustu sem veitt er hér á landi, sbr. 1. gr. laganna. Í 51. gr. laganna er fjallað um skyldur notanda greiðsluþjónustu í tengslum við greiðslumiðil. Notandi greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, skal nota greiðslumiðilinn í samræmi við skilmála um útgáfu og notkun hans, sbr. 1. mgr. Samkvæmt 2. mgr. 51. gr. laganna ber notandanum við viðtöku greiðslumiðils að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja persónubundna öryggisþætti greiðslumiðilsins. Þá skal notandi greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, án óþarfa tafar tilkynna greiðsluþjónustuveitanda, eða öðrum sem hann tilnefnir, um það verði hann var við tap, þjófnað eða misnotkun á greiðslumiðli eða óheimila notkun hans. Fram kemur í 2. mgr. 54. gr. laganna að ef

notandi greiðsluþjónustu neitar að hafa heimilað framkvæmd greiðslu fari það eftir atvikum hvort notkun greiðslumiðils, sem greiðsluþjónustuveitandi skráir, dugi ein og sér til sönnunar því að greiðandi hafi annaðhvort heimilað greiðsluna eða hann hafi með sviksamlegum hætti, að yfirlögðu ráði eða af stórfelldu gáleysi látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum skv. 51. gr.

Samkvæmt v. lið 4. gr. kortaskilmála varnaraðila er korthafi ábyrgur fyrir varðveislu kortsins þannig að óviðkomandi aðili geti ekki komist yfir það, enda beri honum að gæta þess á sama örugga hátt og peninga, tékka eða annarra verðmæta. Þá ber korthafa skv. vi. lið 4. gr. skilmálanna ávallt að gæta að enginn sjái þegar hann slær inn PIN-númer sitt.

Við mat á því hvort fallast eigi á endurgreiðslu úttekta af kreditkorti sóknaraðila að fjárhæð kr. 100.907 verður að líta til þess hvort háttsemi sóknaraðila teljist til ásetnings eða stórfellds gáleysis, sbr. 2. mgr. 56. gr. laga nr. 120/2011 sbr. 55. gr. laganna og iii. lið 10. gr. kreditkortaskilmála sóknaraðila.

Sóknaraðili lýsir málsatvikum þannig að erfiðlega hafi gengið að greiða með greiðslukorti í minjagripaverslun í Tívolí í Kaupmannahöfn. Því hafi afgreiðslustúlka verslunarinnar aðstoðað hana og staðið við hlið hennar þegar hún hafi slegið inn PIN-númer kreditkortsins við framkvæmd færslunnar. Síðan hafi sóknaraðili talið að skyldmenni hennar hafi fengið kreditkortið til baka ásamt vörum þeim sem keyptar voru en skyldmennið hafi talið að sóknaraðili hafi fengið greiðslukortið til baka. Hafi þær uppgötvað að kortið væri glatað þegar heim hafi verið komið og það þá tilkynnt A. Eftir framkvæmd færslunnar hafði sóknaraðili nýtt kr. 21.358 af 500.000 kr. úttektarheimild.

Við mat á því hvað teljast „nauðsynlegar varúðarráðstafanir“ í skilningi laganna og hvað telst „stórfellt gáleysi“ verður m.a. að líta til þeirra venja sem skapast hafa við meðferð greiðslukorta. Er ekki unnt að skýra samningsskilmála með þeim hætti að korthafi beri í raun hlutlæga ábyrgð á því ef óprúttum aðilum tekst t.d. að fylgjast með innslettum PIN númerum. Að framan er rakið ákvæði 2. mgr. 54. gr. laganna þess efnis að ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hafa heimilað framkvæmd greiðslu fari það eftir atvikum hvort notkun greiðslumiðils, sem greiðsluþjónustuveitandi skráir, dugi ein og sér til sönnunar því að greiðandi hafi annaðhvort heimilað greiðsluna eða hann hafi með sviksamlegum hætti, að yfirlögðu ráði eða af stórfelldu gáleysi látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum skv. 51. gr. Við matið á þessu er óhjákvæmilegt að líta til þess hvernig greiðsluþjónustuveitendur gera notendum kleift að tryggja persónubundna öryggisþætti greiðslumiðilsins, sbr. 2. mgr. 51. gr. Þegar dagleg notkun greiðslukorts krefst þess að notandinn slái sífellt inn öryggisnúmer kortsins, við misöruggar aðstæður sem seljendur vöru og þjónustu skapa, verður erfitt að leggja ábyrgð á notendur korta þótt öryggisnúmer komist í hendur óprúttinna aðila.

Allt að einu verður að telja að sóknaraðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að taka ekki við greiðslukorti sínu eftir að greiðsla með því átti sér stað en treysta þess í stað á að skyldmenni hennar hafi tekið við kortinu án þess að inna skyldmennið eftir því, enda er sóknaraðili ábyrgur fyrir varðveislu kortsins þannig að óviðkomandi aðili geti ekki komist yfir það og bar henni að gæta kortsins á sama örugga hátt og peninga, tékka eða annarra verðmæta, sbr. v. lið 4. gr. kortaskilmála varnaraðila. Var það því á ábyrgð sóknaraðila að fá greiðslukortið til baka eftir framkvæmd færslunnar. Hefði sóknaraðili getað komið í veg fyrir tjónið með því að inna skyldmennið þá þegar eftir því hvort það hefði tekið við greiðslukortinu eða óska eftir því til baka frá afgreiðslustúlku minjagripaverslunarinnar.

Að fenginni þeirri niðurstöðu að háttsemi sóknaraðila teljist stórfellt gáleysi en hvorki svíksamleg né hafi hún af ásetningi látið ógert að uppfylla skyldur sínar skv. 51. gr., kemur til skoðunar ákvæði 3. mgr. 56. gr. laganna. Samkvæmt því ákvæði skal hér tekið tillit til eðlis persónubundinna öryggisþátta greiðslumiðils og málsatvika þegar hann týndist, honum var stolið eða hann nýttur með óréttmætum hætti við ákvörðun fjárhæðar þeirrar sem greiðanda verður gert að bera sjálfur. Þegar vegin er saman sú háttsemi sóknaraðila að skilja kort sitt eftir í verslun þar sem starfsmanni hafði gefist kostur á að fylgjast með innslætti PIN númers og sú fjárhæð sem hún er krafín um að teknu tilliti til afsláttar, verður ekki talið að þetta ákvæði leiði til lækkunar á kröfu varnaraðila.

Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila, með vísan til 56. gr. laga nr. 120/2011 og iii liðar 10. gr. kortaskilmála varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 5. júlí 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 13. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 23/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 26. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 21. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. mars 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 18. apríl 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. apríl 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Óskað var viðbótargagna frá varnaraðila 20. júní 2013 og bárust þau 3. júlí.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 13. júní, 30. ágúst og 13. september 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 30. september 2008 keypti einkabankaþjónusta F í umboði sóknaraðila hlutabréf í Hypo Real Estate Holding fyrir EUR 33.388,86. Þann 2. október 2008 óskaði einkabankaþjónustan eftir greiðslu á bréfunum. Þann 3. október 2008 sendi A miðlari í F fulltrúa sóknaraðila tölvupóst og bað hann að „redda pening“ svo hægt væri að skuldfæra. Var það ekki gert.

Þann 7. október 2008 sendi fulltrúi sóknaraðila A tölvupóst og bað hann að selja bréfin en andvirði sölunnar átti að ganga til greiðslu skuldar við F. Bréfin voru ekki seld.

Í janúar 2009 voru gefin fyrirmæli um skuldfærslu umræddra hlutabréfa. Sú skuldfærsla gekk ekki í gegn og voru fyrirmælin ítrekuð í desember 2009. Í tölvupósti B starfsmanns varnaraðila, dags. 31. desember 2009, kemur fram að miðlun bankans hafi klikkað, þar sem beðið hafi verið um sölu bréfanna aftur, en það hafi ekki gengið í gegn.

Á árinu 2009 var félagið Hypo Real Estate Holding yfirtekið og kom þá til greiðslu kr. 1,3 EUR fyrir hvern hlut. Vegna þessa fékk sóknaraðili greiddar EUR 9.750 inn á reikning sinn hjá varnaraðila þann 23. október 2009.

Þann 6. janúar 2010 skuldfærði varnaraðili kr. 5.008.663 af reikningi sóknaraðila til greiðslu á umræddum hlutabréfum í Hypo Real Estate Holding.

Þann 21. janúar 2013 sendi sóknaraðili varnaraðila erindi vegna framangreindra viðskipta. Varnaraðili svaraði þann 18. febrúar 2013 og kvaðst ekki geta fallist á kröfu um að endurgreiða sóknaraðila kr. 5.008.663 sem skuldfært hafi verið af reikningi sóknaraðila þann 6. janúar 2010.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 21. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á kr. 3.516.913 og dráttarvaxta frá skuldfærsludegi til endurgreiðsludags. Sóknaraðili vísar til þess að þann 6. janúar 2010 hafi verið skuldfærðar kr. 5.008.663 af reikningi hennar hjá varnaraðila. Þann 20. október 2009 hafi verið greiddar inn á reikning hennar EUR 9.750. Kröfufjárhæðin sé því fundin út með því að draga EUR 9.750 á genginu 153, sem sé miðgengi EUR þann 20. október 2009, frá kr. 5.008.663 sem skuldfærðar hafi verið þann 6. janúar 2010.

Sóknaraðili vísar til þess að fulltrúi hennar hafi sannarlega óskað eftir sölu á bréfunum í Hypo Real Estate Holding þann 7. október 2008. Hafi bankinn ekki selt þá né síðar og ætti sóknaraðili ekki að bera ábyrgð á þeim mistökum varnaraðila. Vísar sóknaraðili til þess að bankinn ætti að bera ábyrgð á sínum mistökum.

Vísar sóknaraðili til 5. liðar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008, um ráðstöfun eigna og skulda FF til F. Hafi varnaraðili samkvæmt þeim lið ákvörðunarinnar átt að selja umrædd bréf, sem beðið hafi verið um sölu á strax og opnað hafi verið fyrir viðskipti á ný.

Sóknaraðili bendir á að í svari varnaraðila þar sem hafnað hafi verið endurgreiðslu á umkræftri upphæð komi fram að ekki hafi verið hægt að eiga viðskipti um sölu bréfanna þann 7. október 2008, eins og óskað hafi verið eftir vegna sérstakra aðstæðna á markaði. Bendir sóknaraðili á að síðar hefði verið hægt að selja bréfin eins og beðið hafi verið um og varnaraðila hafi borið skylda til að gera samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Það hafi ekki verið gert og sóknaraðili látin bera tjón af.

Þá bendir sóknaraðili á að í svari varnaraðila hafi verið viðurkennt að óeðlilega langur tími hafi liðið frá kaupum á umræddum hlutabréfum þar til skuldfærsla hafi átt sér stað. Telur sóknaraðili það hljóta að teljast ámælisverð vinnubrögð af hálfu fjármálastofnunar sem njóta vilji virðingar að það líði 15 mánuðir frá viðskiptum þar til skuldfærsla eigi sér stað og viðskiptavinur sé látinn bera ábyrgð á mistökum bankans.

Sóknaraðili bendir á að hefði sala bréfanna átt sér stað á tímabilinu 7. október 2008 til 20. október 2008 hefði fengist að lágmarki EUR 5,5 og að hámarki 7 fyrir hlutinn. Andvirði sölunnar hefði því verið frá kr. 6.600.000 til kr. 8.400.000. Sé því ljóst að tjón sóknaraðila sé nokkru meira en sem nemi skuld vegna kaupa bréfanna.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili bendir á að viðskipti þau sem um ræði í máli þessu hafi átt sér stað við afar sérstakar aðstæður. Beiðni fulltrúa sóknaraðila til eignastýringar F um sölu á hlutabréfum sóknaraðila hafi borist bankanum 7. október 2008, daginn eftir hrun íslenska fjármálakerfisins. Fljótlega eftir opnun markaða 6. október 2008 hafi Kauphöllin sett Exista, Landsbankann, Straum Burðarás, Kaupþing, Spron og Glitni á athugunarlista fyrir töku hlutabréfa til viðskipta vegna umtalsverðrar óvissu varðandi verðmyndun vegna hættu á ójafnræði meðal fjárfesta. Í kjölfarið hafi Fjármálaeftirlitið ákveðið að stöðva tímabundið viðskipti með alla fjármálagerninga sem gefnir hafi verið út af félögunum þar sem eftirlitið teldi óvissu koma í veg fyrir eðlilega verðmyndun verðbréfa auk þess sem verðmótandi upplýsingar væru orðnar dreifðar til að unnt væri að tryggja trúnað þeirra og þar með jafnræði fjárfesta. Bendir varnaraðili á að Hæstiréttur fjalli um þessar aðstæður m.a. í niðurstöðu í dómi í máli nr. 152/2011. Seinna sama dag hafi forsætisráðherra Íslands tilkynnt um lokun viðskipta með bankastofnanir í Kauphöll Íslands og frumvarp til neyðarlaga hafi verið kynnt á Alþingi í kjölfarið sem heimilað hafi Fjármálaeftirlitinu að grípa inn í starfsemi fjármálafyrirtækja með víðtækum hætti vegna sérstakra aðstæðna eða atvika. Aðfararnótt þriðjudags 7. október 2008 hafi Fjármálaeftirlitið tekið yfir rekstur FF og sama dag hafi F (nú F) verið stofnaður.

Varnaraðili vísar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 288/2012, 152/2011 og 159/2012 kröfu sinni til stuðnings.

Varnaraðili bendir á að hlutabréf í Hypo Real Estate Holding hafi verið í vörslu á safnreikningi hjá HSBC bank í Bretlandi á nafni F. Í kjölfar þess að Bretar hafi sett F á hryðjuverkalista og fryst eignir bankans hafi ekki verið hægt að eiga viðskipti með bréfin. Hafi frystingin tekið gildi frá 6. október 2008 og varað út maí 2009. Á því tímabili hafi varnaraðila verið ómögulegt að fullnusta kröfu sóknaraðila um sölu hlutabréfanna. Þann 9. júní 2009, þegar F hafi verið fjarlægður af hryðjuverkalistanum, hafi bankinn fært hlutabréfin frá HSBC í Bretlandi til Verdis í vörslu L. Þann 20. október hafi Hypo Real Estate Holding verið yfirtekið og komið hafi til greiðslu 1,3 EUR fyrir hvern hlut. Vegna þessa hafi sóknaraðili fengið greiddar inn á EUR reikning sinn hjá varnaraðila EUR 9.750 þann 23. október 2009 en verðgildi bréfanna hafi sveiflast frá 1,3 EUR til 1,6 EUR á hlut frá 9. júní 2009 til 20. október 2009. Þar sem viðskiptavinir varnaraðila fái jafnan send yfirlit yfir verðbréfaeign sína hafi sóknaraðila mátt vera ljóst að bréfin hafi ekki verið seld í október 2008.

Vísar varnaraðili til þess að fyrirmæli hafi verið gefin um skuldfærslu umræddra bréfa í janúar 2009. Sú skuldfærsla virðist af óskýrðum ástæðum ekki hafa gengið eftir á þeim tíma. Í kjölfar ítrekana í desember 2009 hafi verið gefin ný fyrirmæli um skuldfærslu sem hafi síðan verið framkvæmd 6. janúar 2010. Varnaraðili kveðst sammála sóknaraðila um að óeðlilega langur tími hafi liðið frá því að kaup á umræddum hlutabréfum í Hypo Real Estate Holding hafi átt sér stað til þess tíma er viðskiptin hafi verið skuldfærð á reikning sóknaraðila þann 6. janúar 2010. Samræmist það ekki verklagi verðbréfa viðskipta hjá varnaraðila. Ástæður þess megi hins vegar rekja til þeirra sérstöku aðstæðna sem skapast hafi á mörkuðum í október 2008 og yfirtöku varnaraðila á uppgjörskröfum F í kjölfar falls viðskiptabankanna þann 6. október 2008.

Varnaraðili vísar til þess að óumdeilt sé að sóknaraðili hafi keypt bréf í Hypo Real Estate Holding þann 30. september 2008 í gegnum einkabankaþjónustu F fyrir EUR 33.388,86. Hlutabréfaviðskipti séu áhættusöm viðskipti og séu fjárfestar almennt meðvitaðir um þá áhættu sem þeir taki með fjárfestingu í slíkum bréfum. Sóknaraðili hafi fjárfest í hlutabréfunum rétt fyrir hrun íslenska fjármálamarkaðarins sem hafi leitt til þess að sóknaraðili hafi tapað á hlutabréfaviðskiptunum. Tap sóknaraðila verði ekki rakið til óeðlilegrar eða ólögætrar háttsemi bankans. Sóknaraðili verði sjálfur að bera það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna hlutabréfaviðskipta sinna og eigi sóknaraðili því ekki rétt til endurgreiðslu á hendur varnaraðila.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili að ekki beri að fallast á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu á kr. 3.516.913, auk dráttarvaxta frá 6. janúar 2010.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að skuldfærslu af reikningi sóknaraðila þann 6. janúar 2010 vegna hlutabréfakaupa 30. september 2008

Fyrir liggur að á milli aðila var í gildi samningur um eignastýringu frá febrúar 2004 og samningur um ráðgjöf vegna viðskipta með fjármálagerninga frá október 2004. Í báðum þessum samningum er staðlaður fyrirvari um að ábyrgð bankans nái m.a. ekki til tjóns vegna „verðfalls verðbréfa, eða veitingu bankans á þjónustu sinni samkvæmt samningnum nema að því leyti sem slíkt kann að leiða af vanefndum sem rekja má til stórfellds gáleysis eða ásetnings“. Beri bankinn ekki ábyrgð á tjóni sem stafi af óviðráðanlegum atvikum, s.s. [...] viðskipta- og hafnarbann eða öðrum álíka tilvikum.

Þá liggur fyrir að á þessum tíma voru í gildi almennir skilmálar F um verðbréfaviðskipti. Í 26. gr. þeirra er vísað til laga 108/2007 um verðbréfaviðskipti og laga 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Þá er í skilmálunum áskilnaður um ábyrgðarleysi af tjóni sem hlýst af óviðráðanlegum tilvikum „force majeure“ eða af „lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi F“

Í 19. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti er fjallað um framkvæmd fyrir mæla frá viðskiptavini. Þar kemur fram að fjármálafyrirtæki skal gera ráðstafanir sem miða að sanngjarnri og skjótri framkvæmd fyrir mæla viðskiptavina, með tilliti til fyrir mæla annarra viðskiptavina eða viðskiptahagsmuna fjármálafyrirtækisins.

Í þessum skilmálum er jafnframt tiltekið í 5. gr. að viðskiptafyrirmæli viðskiptavinar til bankans skuli ávallt hafa gildistíma. Ef ekki er kveðið á um gildistíma viðskiptafyrirmæla skuli litið svo á að gildistími þeirra sé allt þar til viðskiptadegi lýkur á þeim degi sem viðskiptafyrirmæli eru send.

Óumdeilt er að sóknaraðili keypti hlutabréf í Hypo Real Estate Holding þann 30. september 2008. Það dróst úr hömlu að reikningur sóknaraðila væri gjaldfærður vegna kaupanna. Ekki fæst þó séð að með því hafi hagsmunir sóknaraðila verið fyrir borð bornir eða að hún eigi sérstakar kröfur á varnaraðila þess vegna.

Þann 7. október 2008 óskaði sóknaraðili eftir sölu á umræddum hlutabréfum en ekki liggur fyrir hvenær dags það var. Kl. 15:04 þann dag gekk tölvupóstur frá starfsmanni F til miðlara innan bankans með fyrir mælum um að selja bréfin. Það var ekki gert. Kl. 10:00 þann 8. október 2008 ákváðu bresk stjórnvöld að frysta eignir F í Bretlandi og ekki var hægt að eiga viðskipti með umrædd hlutabréf eftir það. Varði frystingin út maí 2009. Var varnaraðila eftir það tímamark því ómögulegt að fullnusta kröfu sóknaraðila um sölu hlutabréfanna.

Ekki fæst séð að unnt sé að leggja bótaábyrgð á varnaraðila á þeim grunni að sala bréfanna hafi dregist hjá honum. Bæði vegna þess að ekki liggur fyrir hve langt svigrúm bankinn hafði í raun til að framkvæma sölufyrirmælin þann 7. október og einnig vegna þess að ekki hefur verið í ljós leitt um að á bankanum hafi hvílt afdráttarlaus skylda til að framkvæma sölufyrirmæli innan þess sólarhrings eða svo sem hann hafði að hámarki til sölunnar. Fyrir liggur að morguninn eftir var lokað fyrir möguleika bankans til að framkvæma söluna, auk þess sem fyrirmælin um hana voru þá ekki gild samkvæmt þeim skilmálum sem giltu á milli aðila.

Verður í þessu ljósi ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu á kr. 3.516.913. Í því sambandi skiptir ekki máli þótt varnaraðili hafi viðurkennt að langur tími hafi liðið frá kaupum á umræddum hlutabréfum þar til skuldfærsla átti sér stað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 13. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2013, föstudaginn 5. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 24/2013**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 28. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 26. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. mars 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 26. apríl 2013. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. apríl 2013, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 30. apríl 2013. Frekari upplýsingar frá varnaraðila bárust með tölvupósti 2. júlí 2013

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 31. maí og 5. júlí 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 20. apríl 2012 sendu sóknaraðilar umsókn til umboðsmanns skuldara um aðstoð við skuldavanda. Þann 20. ágúst 2012 sendi umboðsmaður tillögur til sóknaraðila vegna greiðsluferfiðleika þar sem m.a. kom fram að það væri mat ráðgjafa að sóknaraðilar ættu í greiðsluferfiðleikum og að núverandi greiðslubyrði væri umfram greiðslugetu. Samkvæmt útreikningum umboðsmanns skuldara voru mánaðarlegar ráðstöfunartekjur sóknaraðila áætlaðar kr. 638.303 á umsóknardegi og útgjöld voru kr. 340.625, afborganir kr. 452.897 og vaxtabyrði vanskila kr. 2.819. Miðað við þær upplýsingar lá fyrir að sóknaraðila vantaði kr. 158.020 á umsóknardegi til að geta staðið í skilum með umsamdar greiðslur á mánuði. Var sóknaraðilum m.a. bent á að kanna greiðsluferfiðleikaúræði hjá aðalviðskiptabanka þeirra þ.á.m. sértæka skuldaaðlögun. Var tillagan gerð með fyrirvara um að sóknaraðilar uppfylltu þau skilyrði sem kröfuhafar settu til að fá slíka fyrirgreiðslu, t.d. lánareglur.

Sóknaraðilar sóttu um sértæka skuldaaðlögun hjá A.

Þann 15. nóvember 2012 lá fyrir niðurstaða greiðsluerfiðleikanefndar A þar sem fram kom að sóknaraðilar ættu ekki að þurfa á skuldaaðlögun að halda þar sem vægari úrræði ættu að duga.

Þann 21. nóvember 2012 var haldinn annar fundur í greiðsluerfiðleikanefnd A. Tillaga var gerð um sértæka skuldaaðlögun en málið kom aftur fyrir greiðsluerfiðleikanefnd A þar sem vægari úrræði dugðu ekki.

Í desember 2012 lá fyrir samningur um sértæka skuldaaðlögun sóknaraðila. Fyrir liggja tvö verðmöt á fasteign sóknaraðila, annars vegar að fjárhæð kr. 23.000.000, dags. 26. október 2012 og hins vegar að fjárhæð kr. 26.500.000, dags. 6. desember 2012. Fasteignamat fasteignarinnar er kr. 14.250.000 og brunabótamat kr. 27.750.000.

Þann 24. janúar 2013 tilkynnti A sóknaraðilum að samningurinn hefði verið sendur til hinna aðilanna sem kæmu að honum. Beðið væri eftir samþykkt þeirra og þegar því væri lokið væri hægt að skrifa undir lokasamning.

Þann 29. janúar 2013 tilkynnti A sóknaraðilum að varnaraðili hefði hafnað samningi um sértæka skuldaaðlögun. Samkvæmt upplýsingum frá sóknaraðila gerðu aðrir kröfuhafar ekki athugasemd við samninginn. Í kjölfarið fundaði sóknaraðili M með varnaraðila. Að sögn varnaraðila var á þeim fundi ítrekaður vilji til skuldbreytingar og lengingar á lánstíma.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 26. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast samþykkis varnaraðila á samning sem lagður hafi verið fram af A og viðurkenningu á skuldavanda sem samþykktur hafi verið af öðrum kröfuhöfum samningsins, þ.e. A og B.

Sóknaraðilar kveðast kvarta yfir óbilgirni og skorti varnaraðila á samstarfsvilja við að leysa úr skuldavanda sem klárlega hafi verið viðurkenndur af öðrum aðilum. Ekki hafi verið færð fram nokkur rök fyrir því hvers vegna samningurinn hafi ekki verið samþykktur og ekki nokkur vilji sýndur til að leysa málið.

Sóknaraðilar kveðast vera komin upp að vegg fjárhagslega og þau séu búin að velta á undan sér vandanum í þónokkur ár með notkun kreditkorta, frýstingu húsnæðislána og þess háttar. Þeim hafi tekist að halda í við afborganir á öðrum húsnæðislánum á meðan skammtímaskuldum hafi verið safnað á kortum og með yfirdráttarlánum.

Sóknaraðilar vísa til þess að þann 22. desember 2010 hafi Samtök fjármálafyrirtækja gengið frá samkomulagi um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga. Varnaraðili sé aðili að þessu samkomulagi og hafi því ekki verið mótmælt af hálfu Sparisjóðsins. Úrræðinu sé ætlað þeim einstaklingum sem séu með óuppgerðar skuldir gagnvart fjármálastofnunum sem séu aðilar að samkomulaginu. Í 2. gr. samkomulagsins sé markmið þess tíundað og tekið fram að einstaklingar í alvarlegum skuldavanda geti fengið skilvirka og varanlega lausn þar sem skuldir og eignir séu lagaðar að greiðslugetu. Sértæk skuldaaðlögun geti átt sér stað með sölu eigna, eftirgjöf krafna, hlutfallslegri lækkun þeirra eða öðrum aðgerðum.

Sóknaraðilar telja þörf á að áréttu að ekki sé um drög að samningi um sértæka skuldaaðlögun að ræða eins og haldið sé fram af hálfu Sparisjóðsins. Samningurinn sé

fullbúinn af hálfu A. Hafi hann verið samþykktur af öðrum kröfuhöfum en Sparisjóðnum.

Benda sóknaraðilar á að það sé grunnskilyrði sértækrar skuldaaðlögunar að lántaki uppfylli greiðslugetu fyrir 70-100% af markaðsvirði veðsettra eigna. Samkvæmt gögnum málsins sé þetta skilyrði uppfyllt í tilfelli sóknaraðila. Vandi þeirra felist í þungri greiðslubyrði og háum skuldum langt umfram eignir þeirra. Heildarskuldir sóknaraðila nemi kr. 34.897.182 og þar af séu kr. 7.862.043 með stöðu samningskröfu utan verðmætis eigna skuldara. Sóknaraðilar telja fasteign þeirra vera metna of hátt sé litið til fasteignamats eignarinnar en uni því að stuðst sé við það verðmat sem byggt sé á í samningnum.

Sóknaraðilar vísa til þess að greiðslubyrði þeirra samkvæmt fyrirbyggjandi samningi um sértæka skuldaaðlögun sé kr. 330.086. Greiðslugeta skuldara að frádregnum framfærslukostnaði sé kr. 215.000. Rétt sé að taka fram að framfærsla byggi á framfærsluviðmiði embættis umboðsmanns skuldara að viðbættu 50% álagi en þrátt fyrir hækkun á framfærsluviðmiðum embættisins hafi sú hækkun ekki verið reiknuð inn í samninga um sértæka skuldaaðlögun.

Benda sóknaraðilar á að einn liður í sértækri skuldaaðlögun þeirra sé leiðrétting skulda til samræmis við markaðsverð veðsettra eigna. Í samræmi við 17. gr. samkomulagsins sé lagt til í samningi sóknaraðila að ef lántaki standi við greiðslur samkvæmt samningi um sértæka skuldaaðlögun í þrjú ár frá gildistöku samnings falli niður eftirstöðvar þeirra samningskrafna sem samningurinn nái til. Sé þetta ákvæði til að mynda í samræmi við samkomulag lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila (110% leiðin). Þetta ákvæði sé einnig í anda nauðasamninga og veiti skuldurum færi á að greiða skuldir umfram eignir að ákveðnu marki gegn því að fá í lok samningstímans eftirgjöf samningskrafna.

Sóknaraðilar telja fyrirbyggjandi samning um sértæka skuldaaðlögun vera í samræmi við samkomulag um verklagsreglur við sértæka skuldaaðlögun. Umboðsmaður skuldara hafi ítrekað gefið álit sitt á því að skilyrði samkomulagsins séu uppfyllt og aðrir kröfuhafar sóknaraðila hafi samþykkt fyrirbyggjandi samning. Sóknaraðilar telja að þeim sé ekki önnur leið fær út úr greiðsluerfiðleikum sínum.

Sóknaraðilar hafna því að vægari úrræði nægi til að rétta af fjárhagsstöðu þeirra. Ítrekað sé að Sparisjóðurinn hafi ekki sýnt fram á hvaða vægari úrræði standi þeim til boða hjá kröfuhöfum sem valdi því að skilyrði sértækrar skuldaaðlögunar séu ekki uppfyllt. Þá útskýri Sparisjóðurinn ekki hin vægari úrræði í bréfi sínu með svo skýrum hætti að unnt sé að fullyrða að það gagnist sóknaraðilum sem séu með neikvæða greiðslugetu mánaðarlega sem nemi kr. 114.586 og sé þá ekki tekið tillit til hækkaðrar framfærslu og mögulegrar frekari hækkunar hennar og hækkunar lána á samningstímanum.

Sóknaraðilar kveðast vera í vanskilum með skuldir sínar sem komi aðeins til með að hækka komist samningur um sértæka skuldaaðlögun ekki á. Hljóti þau því að uppfylla skilyrði samkomulagsins um að skuldari geti ekki staðið í skilum af lánum sínum til langframa.

Með vísan til alls framangreinds telja sóknaraðilar að þeir uppfylli skilyrði sértækrar skuldaaðlögunar. Í ljósi þess og með hliðsjón af 22. gr. samkomulags um sértæka skuldaaðlögun, þar sem kröfuhafar skuldbinda sig til að fylgja vönduðum viðskiptaháttum í hvívetna og virða jafnræði í framkvæmd, telja sóknaraðilar að Sparisjóðnum beri að samþykkja fyrirbyggjandi samning.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Vísar varnaraðili til þess að þann 8. janúar 2013 hafi sparisjóðnum borist drög að samningi um sértæka skuldaaðlögun frá A til yfirferðar vegna sóknaraðila. Varnaraðili hafi ekki haft neinar upplýsingar um málið áður enda skuldabréf þeirra hjá sjóðnum í skilum fram til janúar 2013. Kreditkort hafi verið í vanskilum en verið sé að greiða inn á það. Þann 22. janúar 2013 hafi varnaraðili sent tölvupóst til A þar sem tilkynnt hafi verið að sparisjóðurinn gæti ekki samþykkt samninginn, með þeim rökstuðningi að talið væri að vægari úrræði nægðu til að rétta af fjárhagsstöðu umsækjanda. Vísar varnaraðili til 5. gr. samkomulags um sértæka skuldaaðlögun frá 22. desember 2010. Hafi það verið mat varnaraðila að með skuldbreytingu og hóflegri lengingu á lánstíma væri greiðslubyrði umsækjanda innan greiðslugetu þeirrar sem tilgreind væri í samningnum, þ.e. 215.500.

Varnaraðili kveður A hafa fylgt þessu svari varnaraðila eftir með símtali þar sem skipst hafi verið á skoðunum og varnaraðili beðinn um að endurskoða afstöðu sína. Þann 29. janúar 2013 hafi varnaraðili sent annan tölvupóst til A þar sem fram komi að afstaða varnaraðila sé óbreytt en ítrekaður vilji til skuldbreytingar og lengingar á lánstíma.

Vísar varnaraðili til þess að í framhaldi af framangreindum samskiptum A og varnaraðila hafi sóknaraðili M komið til fundar við sparisjóðsstjóra og skrifstofustjóra varnaraðila þar sem honum hafi verið kynnt afstaða og rökstuðningur Sparisjóðsins. Á fundinum hafi legið fyrir drög að samningnum um sértæka skuldaaðlögun þeirra hjóna þar sem öll efnisatriði hafi komið fram. Varnaraðili hafi mótmælt þeim fullyrðingum M sem fram komi í tölvupósti hans til starfsmanns A frá 5. febrúar 2013, að sparisjóðstjóri hafi enga útreikninga getað sýnt eða rök fært fram fyrir höfnun.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að hvort varnaraðila sé heimilt að standa utan við sértæka skuldaaðlögun sem aðrir kröfuhafar sóknaraðila samþykktu í byrjun árs 2013.

Þann 31. október 2009 tóku gildi lög nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Lögin féllu brott 31. desember 2012. Í 2. gr. laganna var kveðið á um það að í samningi milli kröfuhafa og skuldara um eftirgjöf skulda eða breytingu á skilmálum skuldabréfa og lánessamninga skyldi fyrst og fremst horfa til þess að laga skuldir að greiðslugetu og eignastöðu viðkomandi einstaklings eða heimilis. Skyldi miðað að því að hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila af því að gefa eftir tapaðar kröfur og komast hjá óþarfa kostnaði og óhagræði. Þá var í ákvæðinu heimild fyrir eftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði til að móta með samkomulagi sín á milli samræmdar verklagsreglur um skuldaaðlögun sem giltu tímabundið. Þetta ákvæði lagði hins vegar ekki afdráttarlausu skyldu á kröfuhafa til að gefa eftir kröfur að uppyllum skilyrðum.

Samtök fjármálafyrirtækja, fyrir hönd aðildarféлага sinna, Íbúðalánasjóður og Landssamtök lífeyrissjóða, fyrir hönd aðildarféлага sinna, Samband íslenskra sparisjóða og slitastjórn SPRON og slitastjórn Frjálsa fjárfestingarbankans gerðu með sér samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga. Reglurnar voru settar með hliðsjón af 2. gr. laga nr. 107/2009, sbr. 1. gr. reglnanna.

Í 8. gr. samkomulags um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga kemur fram að ekki beri að líta á tillögu umsjónaraðila um skuldaaðlögun sem ráðgjöf eða tilmæli til annarra kröfuhafa og tillagan geti aldrei orðið grundvöllur skaðabótakröfu á hendur umsjónaraðila. Ennfremur að hver kröfuhafi taki ákvörðun um skuldaaðlögun á eigin ábyrgð. Í samkomulaginu er hvergi kveðið á um að óheimilt sé að einn kröfuhafi standi fyrir utan samkomulag um sértæka skuldaaðlögun. Því verður að telja slíkt heimilt, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 22/2010.

Sóknaraðilar hafa vísað til 22. gr. ofangreinds samkomulags. Þar kemur fram ákveðin skuldbinding viðkomandi fjármálafyrirtækja til að fylgja vönduðum viðskiptaháttum, virða jafnræði við framkvæmd samkomulagsins o.fl. Hafa umrædd fyrirtæki því ekki óskorað svigrúm til að synja eða samþykkja samninga á þessu sviði að eigin geðþótta. Synjun varnaraðila er hins vegar rökstudd með því að lenging á lánstíma dugi til að færa greiðslubyrði lána varnaraðila niður fyrir þau mörk sem miðað er við í málinu. Er ekki um geðþóttaákvörðun að ræða og ekki sýnt fram á að afstaðan sé á skjön við afstöðu varnaraðila í sambærilegum málum.

Í ljósi alls ofangreinds er ekki unnt að fallast á kröfur sóknaraðila og verður því að hafna kröfum þeirra.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M og N, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 5. júlí 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, fimmtudaginn 13. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 25/2013**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Upphaflega barst úrskurðarnefnd erindi frá sóknaraðilum og A, sem var ábyrgðarmaður á hluta þeirra lána sem um ræðir í málinu. Undir rekstri málsins hefur varnaraðili lýst því niður að umræddar ábyrgðarskuldbindingar hennar hafi verið felldar niður. Hefur málið því verið fellt niður að því er hana varðar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 28. febrúar 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. febrúar 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. mars 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 7. maí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. maí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 22. maí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 13. maí 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 17. mars 1999 var skuldabréf nr. X að fjárhæð kr. 1.719.492, gefið út af sóknaraðila M til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF samkvæmt skuldabréfinu. Sóknaraðili N, C og A, tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Fyrir liggur ódagsett skjal „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 1.719.492 var tilgreindur sóknaraðili M og ábyrgðarmenn voru sóknaraðili N, C og A. Sjálfskuldarábyrgðarmenn staðfestu með undirritun sinni að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Í liðnum greiðslumat var hakað við „Nei“ fjórum sinnum vegna spurningar um hvort ábyrgðarmenn óskuðu eftir að greiðslugeta greiðanda yrði metin. Ekki rituðu þeir

upphafsstafi sína við það val. Tiltekið var að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærri en kr. 1.000.000.

Þann 13. september 2006 var skjalið „Skuldskeyting og sjálfskuldarábyrgð“ dagsett. Tókst C á hendur greiðslur á eftirstöðvum skuldabréfs nr. X, að upphæð kr. 2.210.285. Jafnframt tókst sóknaraðili M á hendur ábyrgð á eftirstöðvum bréfsins.

Þann 13. september 2006 staðfesti FF að hann myndi falla frá kröfum á hendur ábyrgðaraðila á skuldabréfi nr. X. Ábyrgðaraðilinn var C.

Þann 24. október 2012 barst C innheimtuviðvörðun vegna skuldabréfs nr. X.

Þann 17. mars 1999 var skuldabréf nr. Y, að fjárhæð kr. 2.183.959, gefið út af sóknaraðila M til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF samkvæmt skuldabréfinu. Sóknaraðili N og C tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Fyrir liggur ódagsett skjal „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 2.229.223 var tilgreindur sóknaraðili M og ábyrgðarmenn sóknaraðili N og C. Staðfestu sjálfskuldarábyrgðarmenn að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir.

Þann 13. september 2006 var skjalið „Skuldskeyting og sjálfskuldarábyrgð“ undirritað. Tókst C á hendur greiðslur á eftirstöðvum skuldabréfs nr. Y, að upphæð kr. 2.807.322. Jafnframt tókst sóknaraðili M á hendur ábyrgð á eftirstöðvum bréfsins.

Þann 13. september 2006 staðfesti FF að hann myndi falla frá kröfum á hendur ábyrgðaraðila á skuldabréfi nr. Y. Ábyrgðaraðilinn var C.

Þann 24. október 2012 barst C innheimtuviðvörðun vegna skuldabréfs nr. Y.

Þann 17. mars 1999 var skuldabréf nr. Z, að fjárhæð kr. 1.820.973, gefið út af sóknaraðila M til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. C tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu.

Fyrir liggur ódagsett skjal „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 1.820.973 var sóknaraðili M og C var tilgreind ábyrgðaraðili. Sjálfskuldarábyrgðaraðili staðfesti að hún hefði kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir.

Þann 13. september 2006 var skjalið „Skuldskeyting og sjálfskuldarábyrgð“ undirritað. Tókst C á hendur greiðslur á eftirstöðvum skuldabréfs nr. Z. Jafnframt tókst sóknaraðili M á hendur ábyrgð á eftirstöðvum bréfsins.

Þann 13. september 2006 staðfesti FF að hann myndi falla frá kröfum á hendur ábyrgðaraðila skuldabréfs nr. Z. Ábyrgðaraðili var C.

Þann 24. október 2012 barst C innheimtuviðvörðun vegna skuldabréfs nr. Z.

Þann 20. apríl 2005 var skuldabréf nr. Þ, að fjárhæð kr. 5.970.000, gefið út af sóknaraðila M til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili N, C og A tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Þann 20. apríl 2005 var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga Þ“ undirritað. Greiðandi láns að fjárhæð kr. 5.970.000 var tilgreindur sóknaraðili M og ábyrgðaraðilar voru sóknaraðili N, C og A. Staðfestu ábyrgðarmenn að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Óskaði sóknaraðili N eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin og setti upphafsstafi sína við það val. Tiltekið var að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærri en kr. 1.000.000.

Þann 13. september 2006 var skjalið „Skuldskeyting og sjálfskuldarábyrgð“ undirritað. C tókst á hendur greiðslur á eftirstöðvum skuldabréfs nr. Þ að upphæð kr. 6.163.884. Jafnframt tókst sóknaraðili M á hendur ábyrgð á eftirstöðvum bréfsins.

Þann 13. september 2006 staðfesti FF að hann myndi falla frá kröfum á hendur ábyrgðaraðila á skuldabréfi nr. Þ. Ábyrgðaraðilinn var C.

Þann 24. október 2012 var C send innheimtuviðvörðun vegna láns nr. Þ.

Sóknaraðilar kveða varnaraðila hafa hafnað kröfu þeirra um mánaðamótin október, nóvember.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 25. febrúar 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili M krefst þess að ógilt verði sjálfskuldarábyrgð hans á skuldabréfum nr. X, Y, Z og Þ. Sóknaraðili N krefst þess að ógilt verði sjálfskuldarábyrgð hennar á lánum nr. Þ.

Sóknaraðilar byggja á því að FF hafi borið að láta fara fram mat á greiðslugetu beggja skuldaranna. Sóknaraðilar vísa til þess að hvorugur skuldaranna, M við upphaflegu útgáfu skuldabréfanna eða C við skuldskeytinguna, hafi gengist undir mat á greiðslugetu en öll lánin hafi verið yfir viðmiðunarfjárhæð skv. 2. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða og 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, kr. 1.000.000, bæði við útgáfu bréfanna og skuldskeytinguna. Upphaflegur lánveitandi, FF, hafi verið aðili að báðum framangreindum samkomulögum og hið sama hafi gegnt um varnaraðila, sem yfirtekið hafi starfsemi hins framangreinda. Sóknaraðilar benda á að þau hafi ekki óskað skriflega eftir því, sbr. 3. gr. ofangreindra samkomulaga að mat á greiðsluhæfi aðalskuldara færi ekki fram, hvorki við upphaflega útgáfu bréfanna, né við skuldskeytinguna, enda hafi öll lánin verið yfir viðmiðunarfjárhæð sem áður sé getið.

Sóknaraðilar vísa til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4707/2009 og til forsendna dóms Hæstaréttar í máli nr. 4/2013 máli sínu til stuðnings. Sóknaraðilar hafna því að dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Hvað ábyrgð sóknaraðila N á láni nr. Þ varðar vísar varnaraðili til þess að í málinu liggi fyrir að sóknaraðili hafi undirritað umrætt skuldabréf sem ábyrgðarmaður og skjal undir heitinu „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Þar hafi sóknaraðili merkt við reit þar sem hún hafi óskað eftir því að greiðslugeta skuldara yrði ekki metin. Samkvæmt skjalinu hafi sóknaraðili ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Sjálfskuldarábyrgðarmaður/menn staðfesta með undirritun sinni að hann/þeir hafi fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um ábyrgðir.“

Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 um gildi sjálfskuldarábyrgðar.

Vísar varnaraðili til þess að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á það hvort ógilda beri veðsetninguna og þá

í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Vísað sé til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áðurnefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá sé jafnframt vísað til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 10/2011.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu umræddrar ábyrgðarskuldbindingar fallna niður vegna tómlætis af hans hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áðurnefnda ábyrgðarskuldbindingu 20. apríl 2005 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina í júlí 2012 eða tæpum sjö árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4871/2011.

Varnaraðili bendir á að sönnunarbyrði um að skuldbinding sóknaraðila N sé fallin úr gildi eða ógild hvíli á sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að ósanngjarnt sé af hálfu varnaraðila að bera fyrir sig ábyrgð hennar samkvæmt skuldabréfinu, hvað þá að önnur skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt. Þegar sóknaraðili hafi undirritað umrætt skuldabréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili hafi falist í því loforð sem skuldbindi sóknaraðila að lögum til að tryggja efndir samkvæmt skuldabréfinu. Að því virtu og þegar framangreind atriði séu metin heildstætt verði ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hans á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varnaraðili telur rétt að benda á að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé samantekt verklagsreglna sem settar hafi verið til að draga úr vægi ábyrgðarskuldbindinga við lánveitingar. Samkomulagið hafi ekki lagagildi og feli ekki í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sjálfskuldarábyrgð þá sem sóknaraðili N hafi gengist í til tryggingar áðurnefndu skuldabréfi nr. Þ gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Hvað varði ábyrgðir sóknaraðila M á lánnum nr. X, Y, Z og Þ telur varnaraðili ábyrgðirnar gildar. M hafi verið útgefandi lánanna og fyrrum skuldari. Hann hafi gengist í sjálfskuldarábyrgðir á framangreindum lánnum þegar eiginkona hans, C, hafi gerst greiðandi að lánunum. Vísað sé til dóms Hæstaréttar í máli nr. 16/2007.

Með vísan til framangreinds telur varnaraðili sjálfskuldarábyrgðir þær sem sóknaraðili M hafi gengist í til tryggingar skuldabréfum nr. X, Y, Z og Þ gildar og beri því að hafna kröfum sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila M á skuldabréfum nr. X, Y, Z og Þ og sóknaraðila N á skuldabréfi nr. Þ.

Kröfur sóknaraðila byggja á samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001. Umrætt samkomulag er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð fyrir annan einstakling, sbr. 2. gr.

samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í upphafi verður vikið að sjálfskuldarábyrgðum sóknaraðila M. Sóknaraðili M byggir á því að greiðslumeta hafi átt C við skuldaraskiptin 13. september 2006. Þótt skuldaraskiptin hafi ekki falið í sér stofnun nýrrar kröfu verður að telja að sú breyting að sóknaraðili M gerðist ábyrgðarmaður í stað skuldara hafi leitt til þess að varnaraðila bar að fara að reglum samkomulagsins. Er það enda samkvæmt orðum sínum ekki bundið við þau tilvik að til ábyrgðar sé stofnað í upphafi skuldarsambands, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 322/2013.

Samkvæmt framansögðu var varnaraðila því skylt samkvæmt bókstaf 3. gr. samkomulagsins að láta fara fram mat á greiðslugetu skuldara, C, og sinna þeim skyldum um upplýsingagjöf til sóknaraðila M, sem mælt er fyrir um í 4. þess. Óumdeilt er að þetta var ekki gert.

Þótt fallist sé á að það hafi verið á ábyrgð varnaraðila að ekki var sinnt þeim skyldum sem samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kvað á um við skuldskeytinguna í september 2006 leiðir það ekki sjálfkrafa til ógildingar á loforði sóknaraðila um að bera sjálfskuldarábyrgð á láninu. Fullnægja þarf einnig skilyrðum þeim sem mælt er fyrir um 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa um að ósanngjarnt sé eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera loforðið fyrir sig og skal við mat á því líta til efnis samnings, atvika við samningsgerð, stöðu aðila við hana og atvika sem síðar komu til. Ekki hefur verið sýnt fram á að þeim skilyrðum hafi verið fullnægt. Skiptir einkum máli í þessu sambandi að við skuldskeytinguna varð staða sóknaraðila ekki lakari en verið hafði fyrir hana, enda var sóknaraðili útgefandi og skuldari umrædds láns og var því í raun einungis um breytingu á formi skuldbindingar sóknaraðila að ræða, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 16/2007.

Samkvæmt framansögðu verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila M um ógildingu sjálfskuldarábyrgða hans á skuldabréfum nr. X, Y, Z og Þ.

Verður því næst vikið að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila N á skuldabréfi nr. Þ, upphaflega útgefið af sóknaraðila M til FF.

Óumdeilt er að varnaraðili mat ekki greiðslugetu sóknaraðila M, útgefanda skuldabréfs nr. Þ. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu M. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir M eftir að hafa kynnt sér matið. Verður að meta atvik við skuldaraskiptin 13. september 2006 í þessu ljósi, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Ekki verður séð að málsatvik séu sambærileg máli Hæstaréttar nr. 116/2010 þar sem sérstök yfirlýsing ábyrgðarmanns lá fyrir um að hann hefði gengist í ábyrgðina þótt skuldari hefði ekki staðist greiðslumat. Þá er ekki unnt að jafna atvikum máls þessa við dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012. Í því máli hafði sambúðarkona undanskilið banka frá þeirri skyldu að framkvæma greiðslumat, með yfirlýsingu á sjálfskuldarábyrgðina, sbr. heimild hjóna eða sambúðarfólks í 3. mgr. 3. gr. til að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Sú er ekki aðstaðan í máli þessu þar sem atvik falla ekki undir undantekningarreglur 3. gr. samkomulagsins um heimild ábyrgðaraðila til að undanskilja fjármálafyrirtæki skyldu til greiðslumats.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna henni greiðslumat á skuldanum með tryggilegum hætti og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hennar. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili N hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að sjálfskuldarábyrgð hennar verði látin standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013, þar sem ekki var fallist á að um tómlæti væri að ræða þegar um níu ár liðu frá því gengist var í ábyrgð þar til gerðar voru athugasemdir við ábyrgðina.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að rétt sé að ógilda ábyrgð sóknaraðila N á skuldabréfi nr. Þ, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, N, á skuldabréfi nr. Þ, er ógild.

Reykjavík, 13. maí 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2013, fimmtudaginn 13. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 26/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 4. mars 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 4. mars 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. mars 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 3. apríl 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. apríl 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 24. apríl 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 13. júní 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 28. desember 2000 lenti A, í bílslysi.

Þann 5. apríl 2005 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.730.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B, tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Fyrir liggur ódagsett skjal sem ber heitið „Niðurstöður greiðslumats“. Á skjalinu kom fram að lántakandi að skuldabréfi væri A. Tekið var fram að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Ekki var tekið fram hvort ráðgert væri að ráðstafa meira en helmingi lánsupphæðar til greiðslu á skuldum lántakanda hjá Sparisjóðnum. Þá var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga á skjalinu. Sóknaraðili óskaði eftir að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð þrátt fyrir að greiðslumat benti til þess að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar. Einnig staðfesti sóknaraðili að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 9. október 2012 sendi sóknaraðili varnaraðila tölvupóst þar sem því var mótmælt að sóknaraðili bæri ábyrgð á eftirstöðvum skuldabréfs nr. X. Varnaraðili hafnaði því að fella sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila niður.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 4. mars 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að sjálfskuldarábyrgð hennar á láni nr. X verði úrskurðuð ógild þannig að hún verði laus undan ábyrgðarskuldbindingunni. Til vara er þess krafist að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á láni nr. X verði vikið til hliðar að öllu leyti.

Sóknaraðili kveður aðalkröfu sína byggja á því að hún telji að sjálfskuldarábyrgðin hafi verið stofnuð á ólögmætan hátt, vegna vanrækslu fjármálafyrirtækisins á að kynna sjálfskuldarábyrgðaraðila greiðslumat skudarans og kynna honum þýðingu þess að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð. Vanræksla þessi eigi að leiða til þess að sóknaraðili teljist óbundin af ábyrgðinni.

Varakrafa sóknaraðila byggir á því að það sé andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu varnaraðila að bera sjálfskuldarábyrgðina fyrir sig, þar sem fjármálafyrirtækið hafi krafist ábyrgðarmanna vegna skulda aðalskuldara eftir að hún hafi orðið óvinnufær í kjölfarið á bílslysi.

Sóknaraðili styður kvörtun sína því að henni hafi ekki verið kynntar niðurstöður greiðslumats og upplýsingabæklingur um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð. Því hafi henni ekki verið gert ljóst, hvorki við upprunalega undirskrift á lánið né við síðari skuldbreytingar þess, hverjar afleiðingar það gæti haft fyrir hana að vera ábyrgðarmaður á láni.

Sóknaraðili kveðst hafa verið ung að árum þegar hún hafi gengist í sjálfskuldarábyrgðina og hafi ekki getað gert sér grein fyrir alvarleika þess að vera ábyrgðarmaður á láni af þessari stærð og upphæð. Engin gögn um greiðslumat hafi legið fyrir þegar hún hafi undirritað lánið og skuldbreytingar þess.

Sóknaraðili játar að hafa skrifað undir skjal sem beri heitið „Niðurstaða greiðslumats“. Skjalið sé hins vegar ódagsett svo það geti ekki verið sönnun þess að henni hafi verið kynnt greiðslumat við undirritun sjálfskuldarábyrgðarinnar við útgáfu lánsins, svo sem skylt sé skv. 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sem FF hafi verið bundið af. Af þessu leiði að það liggi ekki fyrir með óyggjandi hætti að framkvæmt hafi verið mat á greiðslugetu greiðandans fyrir útgáfu skuldabréfsins. Skjalið gæti hafa verið undirritað í tengslum við skilmálabreytingar sem síðar hafi verið gerðar á láninu. Um þetta vísist til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 8/2012.

Sóknaraðili bendir á að á skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ komi fram að niðurstaða greiðslumats hafi bent til þess að A gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við þáverandi fjárhagsstöðu en í skjalinu séu engar upphæðir eða tölulegar upplýsingar um niðurstöðu greiðslumats að öðru leyti. Ekki einu sinni sé lánsupphæð að finna á skjalinu og geti það ekki eitt og sér talist hafa verið nægilegt gagn til að upplýsa sóknaraðila um stöðu Hildar á þeim tíma. Enginn starfsmaður bankans hafi talað við sóknaraðila á nokkrum tímamarki. Lántaki hafi sjálf komið með pappírana til sóknaraðila þar sem hún hafi óskað undirskriftar hennar.

Sóknaraðili vísar til þess að lántaki hafi lent í alvarlegu bílslysi í lok árs 2000 og hafi hún slasast mikið og verið óvinnufær. Þess vegna hafi sóknaraðila ekki fundist óeðlilegt að niðurstaða greiðslumats væri sú að hún gæti ekki efnt skuldbindingar sínar á þessum tímamarki. Sóknaraðili kveðst vitanlega hafa haft áhyggjur af heilsu og líðan A og hafi því viljað aðstoða hana við að fá lánveitingu eða hliðrun frá bankanum í þeirri von að hún myndi ná heilsu á ný og verða fær um að takast á við sínar skuldbindingar. Áður hafi lán þetta verið án ábyrgðar á nafni A. Við upphaflega lánveitingu hafi A haft góðar tekjur og virðist bankinn ekki hafa talið þörf fyrir

ábyrgðarmenn á þeim tíma. Þegar A hafi lent í slysinu hafi bankinn óskað eftir sjálfskuldarábyrgðum hennar næst stöddu, svo bankinn þyrfti ekki að taka neina áhættu af lánveitingunni. Það sé í hæsta máta óeðlilegt að láta einstaklinga sem ekkert vit hafi á bankastarfsemi, hvað þá á afleiðingum greiðsluferfiðleika, bera allan hallann af tilviljunarkenndu slysi nákomins ættingja. Í þessari stöðu hafi sóknaraðili allt viljað gera fyrir A, til að greiða leið hennar í gegnum það sem hún hafi talið vera tímabundna fjárhagserfiðleika, þar sem hún hafi átt í miklum líkamlegum og andlegum sársauka eftir slysið. Við þessar aðstæður hafi upphafleg undirskrift sóknaraðila verið veitt án þess að hún hefði skilning á þýðingu hennar en bankanum hafi að sjálfsögðu borið sem fjármálafyrirtæki með sérfræðinga á sínum vegum að tryggja að ábyrgðarmenn væru upplýstir um áhættuna. Starfsmenn bankans hafi verið að bregðast við aukinni áhættu bankans vegna veikinda og meiðsla A, með því að leggja áhættuna á nána aðstandendur hennar sem ekki hafi verið sérfræðingar á sviði ábyrgða og bankaviðskipta og nýtt sér þannig með óeðlilegum hætti yfirburðarstöðu sína á sviði fjármálaþekkingar.

Sóknaraðili vísar til þess að bankinn hafi nokkrum sinnum orðið við beiðni lántaka um skuldbreytingu en aldrei hafi ábyrgðarmönnum verið kynnt nokkurt greiðslumat, þrátt fyrir endurteknar skuldbreytingar. Sóknaraðili kveðst hafa viljað halda áfram að aðstoða A við að fá fram þægilegri og viðurðanlegri greiðslubyrði af láninu og hafi því endurtekið skrifað á skjölin. Við þessar aðstæður, þegar náinn aðstandandi biðji um ábyrgðir, sé hætt við að ábyrgðaraðilar haldi áfram að samþykkja að vera ábyrgðaraðilar á skjölum sem breyti upphaflegu láni, til að gera skulðaranum betur kleift að standa við skuldbindingar sínar. Í þessu felist ósiðleiki þess að hafa persónur í sjálfskuldarábyrgð fyrir nána ættingja sína. Það sé hætt við því að þeir geti ekki tekið upplýstar, skynsamur og hlutrænar ákvarðanir vegna persónulegra, náinna tengsla og umhyggju. Sóknaraðili lýsir því þess vegna yfir að þótt hún hafi skrifað endurtekið upp á ábyrgðina hafi það ekki verið vegna þess að hún hafi talið sig á þeim tíma vera að viðurkenna sína persónulegu ábyrgð heldur einfaldlega hjálpa A að fá afgreiðslu í bankanum.

Sóknaraðili bendir á að A segi að henni hafi verið tjáð af C, háttsettum starfsmanni FF, að undirritun sjálfskuldarábyrgðaraðila á skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ hafi einungis verið formsatriði til að klára afgreiðslu skuldbreytingar. Þessu hafi hann svarað henni til er hún hafi innt hann eftir því hvort bankinn hefði gert greiðslumat. Hann hafi sagt að greiðslumat hafi ekki farið fram en látið hana halda að skjalið væri einungis léttvægt. Hún hafi einungis þurft að útvega undirritun ábyrgðarmanna til að ljúka málinu. Telja verði þessi vinnubrögð óheiðarleg og stangast á við skýr ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Séu viðbrögðin einnig skýr vísbending þess að ekkert greiðslumat hafi verið framkvæmt.

Sóknaraðili leggur að auki áherslu á að ekki liggi fyrir í málinu samþykki greiðandans, A, fyrir því að ábyrgðarmönnum verði kynntar niðurstöður greiðslumats, sbr. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Það að samþykkið vanti styrki þá fullyrðingu að ekkert greiðslumat hafi verið framkvæmt, sem sé andstætt þeirri skyldu sem leiði af 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili telur engan vafa leika á því að FF hafi brotið lög og reglur við útvegum ábyrgða á lán A. Máli sínu til stuðnings vísar sóknaraðili til laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, sérstaklega 12. gr. sbr. 4. og 5. gr. þeirra. Vísar sóknaraðili jafnframt til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, eða til áður gildandi samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða frá

27. janúar 1998. Auk þessa til 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Einnig vísar sóknaraðili til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki þar sem viðurkennt hafi verið að ófullnægjandi kynning greiðslumats hafi leitt til ógildingar ábyrgða, m.a. úrskurðar nr. 8/2012.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili vísar máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 og úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 98/2012. Staðfest hafi verið að FF hafi uppfyllt skyldu sína samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga með því að kynna ábyrgðarmönnum skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Þá hafi ítrekað verið staðfest í úrskurðum nefndarinnar að það hvíli á ábyrgðarmönnum að dagsetja eigin undirskriftir. Sóknaraðili hafi staðfest með undirskrift sinni að hafa kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð og séu staðhæfingar hennar um hið gagnstæða haldlausar.

Varnaraðili bendir á að misskilnings gæti í málatilbúnaði sóknaraðila hvað varði áskilnað samkomulagsins um að skuldari þurfi að veita samþykki fyrir því að niðurstaða greiðslumats verði kynnt ábyrgðarmanni. Áskilnaður um samþykki skuldara sé gerður í þeim tilvikum þegar ábyrgðarmenn óski eftir að kynna sér niðurstöður greiðslumats nánar, til að mynda þegar þeir óski eftir að kynna sér gögn til grundvallar matinu. Hafi sá skilningur verið staðfestur í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 og sé það jafnframt í samræmi við reglur um trúnaðarskyldur fjármálafyrirtækja.

Þá bendir varnaraðili á að lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn sem gildi hafi tekið 4. apríl 2009 eigi ekki við um ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila sem stofnað hafi verið til árið 2005. Sé það sérstaklega áréttað í 12. gr. laganna að ákvæði 4. og 5. gr. sem sóknaraðili vísi til taki ekki til ábyrgða sem stofnað hafi verið til fyrir gildistöku laganna. Hvað sem því líði geti ákvæði laganna aldrei orðið grundvöllur þess að ábyrgðarskuldbinding sóknaraðila verði felld úr gildi enda bryti það gegn stjórnarskrárvörðum kröfuréttindum varnaraðila, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Loks telur varnaraðili úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 8/2012 ekki styðja málatilbúnað sóknaraðila enda séu málsatvik ekki sambærileg. Í fyrrgreindu máli hafi greiðslumat verið framkvæmt við skilmálabreytingar lána skuldara en ekki við stofnun ábyrgðarskuldbindingar ábyrgðarmanns. Sú aðstaða eigi ekki við í máli þessu enda hafi greiðslumat verið framkvæmt og kynnt sóknaraðila á sama tíma og hún hafi gengist í ábyrgð.

Að öllu framangreindu virtu telur varnaraðili að hafna beri kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. Varnaraðila bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 er byggt á því sjónarmiði að í framangreindu samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé ekki kveðið á um skyldu lánveitenda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats eða að geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar. Virðist þar m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna sér slík gögn.

Með skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ var sóknaraðila kynnt neikvæð niðurstaða greiðslumats, en sama orðalag og sama aðferð virðist hafa verið viðhöfð við að benda ábyrgðarmönnum á þann möguleika að kynna sér gögn til grundvallar niðurstöðunni og í umræddu Hæstaréttarmáli, þá var sérstaklega tilgreint að það fæli í sér vísbendingu um að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar. Verður í ljósi þessa ekki fallist á að byggja hér á úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 8/2012 heldur verður að miða við að greiðslumat hafi farið fram og verið kynnt sóknaraðila.

Undirskrift sóknaraðila á skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ er ekki dagsett. Við mat á því hvort skilyrði 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga telst uppfyllt, verður að telja að það hafi verið á ábyrgð sóknaraðila sjálfrar, sem skrifaði undir umrætt skjal, að dagsetja undirskrift sína. Þar sem hún gerði það ekki og þar sem hún hefur ekki gert það sennilegt eða fært fram gögn því til stuðnings að skrifað hafi verið undir skjalið eftir að hún gekkst í ábyrgðina verður ekki á því byggt, sbr. t.d. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 77/2012 og 98/2012.

Ekki verður fallist á með sóknaraðila að henni hafi ekki verið afhentur upplýsingabæklingur um sjálfskuldarábyrgðir og veðsetningar, en með undirritun skjalsins „Niðurstaða greiðslumats“ staðfesti sóknaraðili að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð, sbr. úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 84/2012 og 153/2012. Fæst ekki séð að varnaraðili hefði með öðrum hætti betur getað tryggt sér sönnun um að réttilega hafi verið staðið að málum, en með því að fara fram á skriflega staðfestingu sóknaraðila sjálfrar.

Ekki er unnt að fallast á þær röksemdir sóknaraðila sem lúta að aðstöðumun eða bágri stöðu hennar og lántaka við útgáfu ábyrgðarinnar. Sóknaraðili var um þritugt þegar hún gekkst í ábyrgðina. Henni mátti vel vera ljóst að þau skjöl sem hún skrifaði undir fólu í sér að hún tók ábyrgð á greiðslu umræddrar fjárhæðar. Enda þótt lántakinn hafi á þeim tímapunkti verið í bágri fjárhagslegri stöðu vegna afleiðinga slyss, þýðir það ekki að sú ákvörðun sóknaraðila að taka á sig ábyrgð á skuldum hennar hafi verið markleysa.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki fallist á að forsendur séu til að ógilda ábyrgð sóknaraðila eða víkja henni til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um

samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Ber því að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 13. júní 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 16. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 27/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 4. mars 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 1. mars 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. mars 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 16. apríl 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. apríl 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 16. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 17. febrúar 2006 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 1.300.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu.

Þann 17. febrúar 2006 var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga X“ undirritað. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 1.300.000 var tiltekin A og ábyrgðarmaður sóknaraðili. Tekið var fram að meira en helmingi lánsfjár yrði ekki varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá Sparisjóðnum. Þá staðfesti sóknaraðili að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Óskaði sóknaraðili eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin og setti upphafsstafi sína við það val. Tiltekið var að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærri en kr. 1.000.000. Þá kom fram að niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar.

Þann 20. febrúar 2006 undirritaði sóknaraðili skjalið „Yfirlýsing vegna sjálfskuldarábyrgð [sic]“. Í yfirlýsingunni kom fram að sóknaraðili tækist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X. Hefði sóknaraðili kynnt sér fjárhagsstöðu A og samþykkti sjálfskuldarábyrgðina þrátt fyrir að greiðslumat hefði ekki farið fram.

Þann 24. febrúar 2006 var framangreint skuldabréf keypt af varnaraðila.

Skuldabréfið var í skilum þar til 1. ágúst 2011 og hefur verið í vanskilum frá þeim tíma.

Þann 1. febrúar 2013 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf og krafðist þess að framangreind ábyrgðarskuldbinding yrði felld niður. Varnaraðili hafnaði beiðninni þann 5. febrúar 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 1. mars 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðaryfirlýsing hennar til tryggingar skuldabréfi nr. X verði felld úr gildi.

Sóknaraðili kveðst hafa fengið skjöl tengd lánveitingunni send í pósti frá upprunalegum lánveitanda, merkt til undirritunar. Búið hafi verið að fylla út þá kassa sem skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ beri með sér, sem og að merkja hvar hún og vottar hafi átt að skrifa. Hið sama hafi átt við sjálft skuldabréfið og yfirlýsingu vegna sjálfskuldarábyrgðar. Sóknaraðili kveðst ekki hafa verið að neinu leyti upplýst um fjárhagsstöðu aðalskuldara. Þá hafi henni ekki verið kynntar þær ráðagerðir að andvirði bréfsins yrði að öllu leyti ráðstafað til endurgreiðslu á öðrum lánnum aðalskuldara hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki. Ennfremur hafi henni ekki verið afhentur upplýsingabæklingur um sjálfskuldarábyrgðir, né að öðru leyti notið fræðslu frá viðkomandi bankastofnun um ábyrgðarskuldbindingar.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að formlegt greiðslumat hafi ekki farið fram, sbr. 1. og 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Vísar sóknaraðili til þess að fjármálafyrirtæki beri sönnunarbyrði fyrir því að hún hafi verið upplýst með fullnægjandi hætti um fjárhagsstöðu aðalskuldara. Sóknaraðili fullyrðir að hún hefði ekki gengist í umrædda ábyrgð hefði það verið ljóst að fjárhagsstaða aðalskuldara væri jafn slæm og raun beri vitni. Viðkomandi fjármálafyrirtæki megi vera ljós sú nauðsyn að ábyrgðarmanni sé kynnt niðurstaða greiðslumats áður en til ábyrgðar sé stofnað, enda sé ábyrgðarmaður á vissan hátt að ábyrgjast efnidir kröfu á hliðstæðan hátt og hann væri sjálfur lántaki.

Sóknaraðili telur að yfirlýsing vegna sjálfskuldarábyrgðar, dags. 20. febrúar 2006, sé röng þar sem óumdeilt sé að greiðslumat hafi ekki verið gert. Ennfremur sé það ljóst að viðkomandi fjármálafyrirtæki hafi brotið gegn 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Sóknaraðili vísar einnig til þess að fyrrgreint samkomulag staðfesti einnig að til staðar sé sú viðskiptavenja hjá bönkum og sparisjóðum að greiðslumeta alla þá aðalskuldara sem hafi ábyrgðarmenn á láni að fjárhæð meira en kr. 1.000.000. Viðkomandi fjármálafyrirtæki hafi því einnig brotið gegn viðskiptavenju. Með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga beri því að ógilda ábyrgðina.

Bendir sóknaraðili á að viðkomandi fjármálafyrirtæki hafi mátt vera það ljóst að verulegar líkur væru á því að aðalskuldari stæði ekki við skuldbindingar sínar skv. skuldabréfinu. Með því að hafa ekki upplýst sóknaraðila með fullnægjandi hætti hafi varnaraðili brotið gegn ákvæði 1. gr. samkomulagsins. Varnaraðila hafi því borið að gæta meiri varúðar gagnvart sóknaraðila og ganga úr skugga um að henni væri í raun og veru ljós fjárhagsstaða aðalskuldara. Hafi því staða aðila verið verulega ójöfn og hafi hallað á sóknaraðila hvað varði upplýsingar. Ábyrgðarskuldbindingin sé því ógildanleg og beri að víkja henni til hliðar með vísan til 3. kafla laga nr. 7/1936.

Þá byggir sóknaraðili á því að hún hafi ekki verið upplýst um að verðmæti skuldabréfsins yrði notað til að endurgreiða aðrar skuldbindingar aðalskuldara. Það sé brot á 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Af þeim sökum beri að ógilda ábyrgðina.

Sóknaraðili telur að hvert og eitt fyrrgreindra atriða og þau öll saman geri það að verkum að ógilda eigi sjálfskuldarábyrgð þá er hún hafi undirgengist og víkja henni til hliðar. Sóknaraðili telur framgöngu varnaraðila ámælisverða og alls ekki í samræmi við vinnubrögð er góð og gegn fjármálastofnun eigi að hafa í frammi.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili vísar til þess að eitt af meginmarkmiðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi verið að ábyrgðarmenn væru upplýstir um það hver greiðslugeta greiðanda væri áður en þeir gengjust í ábyrgð fyrir hann. Í þessu tilfelli verði að horfa til þess að fram komi á fylgiskjölum skuldabréfs nr. X að greiðandi hafi ekki getu til að standa undir afborgunum af láninu en það komi skýrt fram á skjalinu „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Sóknaraðili hafi verið upplýst um þá staðreynd að það væru yfirgnæfandi líkur á því að hún myndi á einhverjum tímapunkti þurfa að taka við skuldbindingum aðalskuldara vegna skuldabréfs nr. X. Þar að auki hafi sóknaraðili lýst því sérstaklega yfir að hún hafi kynnt sér fjárhag aðalskuldarans og að sú skoðun breytti ekki ákvörðun hennar um að gerast ábyrgðarmaður. Sóknaraðili hafi staðfest með undirritun sinni að hún hafi kynnt sér samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og bækling lánveitanda um sjálfskuldarábyrgðir, en framangreint sé í samræmi við 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Vísar varnaraðili til þess að af framangreindu sé ljóst að sóknaraðili hafi verið upplýst um að engin greiðslugeta hafi verið til staðar hjá greiðanda og hafi hún þrátt fyrir það viljað gerast ábyrgðarmaður. Sé því fullyrðingu sóknaraðila þess efnis að hún hefði ekki gengist í ábyrgð ef það hefði verið ljóst að fjárhagsstaða aðalskuldara hafi verið jafn slæm og raun beri vitni, hafnað sem rangri, ósannaðri og í engu samræmi við gögn málsins. Sé staldrað örstutt við þennan hluta kvörtunarinnar þá sé vert að benda á að skuldabréfinu hafi verið haldið í skilum í hartnær 5 ár áður en til vanskila hafi komið þannig að þrátt fyrir að ekki hafi verið gert ráð fyrir að greiðslugeta væri til staðar þá hafi greiðanda tekist að halda skuldabréfinu í skilum 1/3 lánstímans.

Varnaraðili telur umfjöllun sóknaraðila um yfirlýsingu um skoðun sóknaraðila á fjárhag greiðanda haldlausa. Varnaraðili mótmælir þeim rökum enda sé ljóst að greiðslumat sé ekkert annað en skoðun á fjárhag greiðanda til að sjá hvort hann hafi burði til að standa í skilum af þeirri skuldbindingu sem um ræði í hverju tilfelli fyrir sig. Í þessu tilfelli hafi fjárhagurinn verið metinn og komist að þeirri niðurstöðu að ólíklegt væri að greiðandi gæti haldið skuldabréfinu í skilum.

Varnaraðili bendir á að í skjalinu „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ sé sérstaklega tekið fram að ráðstöfun skuldabréfsins verði þannig að minna en helmingi lánsfjárins verði varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá Sparisjóðnum.

Varnaraðili kveður það með öllu ósannað að sóknaraðili hafi fengið öll skjölin heim til sín og að bankinn hafi fyllt út og merkt við hvar hún og vottar hafi átt að skrifa ásamt því að hún hafi ekki haft nein samskipti við lánveitanda. Varnaraðili bendir á að hvergi séu gerðar athugasemdir við efni skjalanna eða það hvernig samskiptum sóknaraðila hafi verið háttáð við lánveitandann. Sóknaraðili sé fjárráða

fullorðinn einstaklingur sem hefði teldi hún á sig hallað eftir að hafa kynnt sér efni þeirra skjala sem hún hafi skrifað undir, getað haft samband við lánveitanda að því gefnu að lýsing hennar á málsatvikum sé rétt. Varnaraðili mótmælir umræddri lýsingu sem rangri og ósannaðri með öllu.

Varnaraðili telur að horfa beri til þess að sóknaraðili hafi ekki gert athugasemdir við ábyrgðarveitinguna fyrr en tæplega 7 árum eftir útgáfu skuldabréfsins en slíkt teljist tómlæti. Sé því krafa sóknaraðila niðurfalinn, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Vísar varnaraðili til þess að hafna beri kröfum sóknaraðila þar sem markmiði samkomulagsins hafi verið náð að fullu enda sé ljóst miðað við fyrirbyggjandi gögn að lánveitingin hafi verið í samræmi við greiðslugetu aðalskuldara, sem hafi haldið skuldabréfinu í skilum í 5 ár eftir útgáfu þess. Enn fremur beri að benda á að margar breytingar hafi borðið á fjármálaumhverfi Íslands frá 24. febrúar 2006 til 1. ágúst 2011, sem séu mun líklegri skýringar á vanskilum skuldabréfsins en léleg fjárhagsstaða við útgáfu bréfsins. Megi þar nefna hluti eins og fall íslensku bankanna seinni hluta árs 2008, verðbólgu o.fl. en ekki sé óvarlegt að ætla að þessi atriði hafi haft töluverð áhrif á greiðslugetu greiðanda. Kjarni málsins sé hins vegar sá að á þeim tíma er lánið hafi verið veitt þá hafi það verið í samræmi við greiðslugetu greiðanda og því hafi markmiði samkomulagsins verið náð.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefna af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili mat ekki greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. X. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið.

Af fyrri úrskurðum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki t.d. nr. 132/2012 og dómafordæmum má hins vegar draga þá afdráttarlausu ályktun að vanhöld á því að framkvæma greiðslumat leiði ekki fyrirvaralaust til þess að

ábyrgðarskuldbinding falli niður. Verður hér mjög að líta til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og sanngirnissjónarmiða.

Sóknaraðili skrifaði undir skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga X“ þann 17. febrúar 2006. Á skjalinu kom fram að niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar. Þá skrifaði sóknaraðili undir skjalið „Yfirlýsing vegna sjálfskuldarábyrgð [sic]“ þann 20. febrúar 2006 og staðfesti að hafa kynnt sér fjárhagsstöðu A og samþykkti sjálfskuldarábyrgðina þrátt fyrir að greiðslumat hefði ekki farið fram.

Af framangreindum skjölum, sérstaklega „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“, má ráða að sóknaraðili hefði undirgengist ábyrgðina þótt skuldarinn, A, hefði ekki staðist sérstakt greiðslumat, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Eru því ekki forsendur til að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X með vísan til þess að ekki hafi farið fram sérstakt mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Ekki er fallist á með sóknaraðila að henni hafi ekki verið afhentur upplýsingabæklingur um ábyrgðir, en með undirritun skjalsins „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga X“ staðfesti sóknaraðili að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir, sbr. úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 84/2012 og 153/2012. Fæst ekki séð að varnaraðili hefði með öðrum hætti betur getað tryggt sér sönnun um að réttilega hafi verið staðið að málum en með því að fara fram á skriflega staðfestingu sóknaraðila sjálftrar á þeim tíma sem hún gekkst í ábyrgðina, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 168/2012.

Ekki er fallist á með sóknaraðila að meira en helmingi lánsfjár hafi verið varið til greiðslu á skuldum lántaka hjá varnaraðila, enda er sú fullyrðing engum gögnum studd og gengur raunar þvert gegn skjalinu „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga X“, þar sem tiltekið var að meira en helmingi lánsfjár yrði ekki varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá sparisjóðnum. Gegn framlögðum gögnum málsins hefur sóknaraðila ekki tekist sönnun umræddrar fullyrðingar.

Í ljósi alls framangreinds eru ekki forsendur til að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X og er kröfu sóknaraðila því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 16. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 13. september er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 28/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 11. mars 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 11. mars 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. mars 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 19. apríl 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. apríl 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 29. apríl 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. ágúst og 13. september 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 2. nóvember 2004 var lánsúmsókn sóknaraðila um lán að fjárhæð kr. 9.040.000 í 25% USD, 5% GBP, 15% CHF, 15% JPY og 40% EUR dagsett. Ráðstafa átti láninu til að greiða upp áhvílandi lán á A. Í lánsúmsókninni eru tilgreind vaxtakjör á einstökum hlutum lánsins, þannig að annars vegar eru tilgreindir Libor vextir og hins vegar „samtals vextir“ þar sem búið er að bæta við vaxtaálagi. Ekki ræðir í lánsúmsókninni um neinar breytingar á þeim vaxtakjörum sem tilgreind eru.

Þann 22. nóvember 2004 var skuldabréf, körfulán í erlendum myntum/mynteiningum, tryggt með veði og sjálfskuldarábyrgð, gefið út af sóknaraðila til F. Sóknaraðili viðurkenndi að skulda F eftirfarandi erlendar fjárhæðir eða jafngildi þeirra í öðrum erlendum myntum eða mynteiningum, sem birtar væru í almennt gengistöflu F eða í íslenskum krónum, CHF 23.729, JPY 2.105.590, USD 33.965, GBP 3.661, EUR 41.761. Jafnvirði lánsins í íslenskum krónum þann 22.

nóvember 2004 var. 9.040.000. Fasteignin að A var sett að veði á 3. veðrétti til tryggingar skuldinni. Þá tókst B á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Í 2. gr. lánsammans aðila kom fram að af höfuðstól skuldarinnar, eins og hann væri á hverjum tíma, skyldi greiða vexti. Vextir væru breytilegir og breyttust á gjalddögum skuldarinnar, þ.e. í upphafi hvers vaxtatímabils, en héldust óbreyttir innan hvers tímabils. Lánshlutar í öðrum myntum en íslenskum skyldu bera LIBOR-vexti. Vaxtatímabilin væru þrjú mánuðir í senn, að fyrsta vaxtatímabilinu undanskildu og teldist tímabilið milli hverra tveggja gjalddaga. Vextirnir skyldu greiðast eftir á, á þriggja mánaða fresti á sömu gjalddögum og afborganir, í fyrsta skipti 5. febrúar 2005. Vextir reiknuðust frá kaupdegi bréfsins. Í 3. gr. var vaxtaþróenta fyrsta vaxtatímabils hveurrar myntar tilgreind, ásamt vaxtaálagi sem var 1,81% fyrir allar myntirnar. Þá kom eftirfarandi fram: „*F áskilur sér rétt til að endurskoða vaxtaálagið á fjögurra ára fresti, talið frá útgáfudegi skuldabréfsins og breyta því ef bankinn telur ástæðu til.*“

Sóknaraðila barst greiðsluseðill á gjalddaga þann 5. nóvember 2012 vegna evruhluta framangreinds láns. Vaxtaþróenta tímabilsins var tilgreind 2,185%. Þá barst sóknaraðila greiðsluseðill á gjalddaga þann 5. febrúar 2013 vegna evruhluta framangreinds láns. Vaxtaþróenta tímabilsins var tilgreind 4,941783%.

Þann 2. nóvember 2004 var lánsúmsókn sóknaraðila um lán að fjárhæð kr. 11.120.000 í 25% USD, 5% GBP, 15% CHF, 15% JPY og 40% EUR dagsett. Ráðstafa átti láninu til að greiða upp áhvílandi lán á C. Lánsúmsóknin er á sama formi og sú sem fyrir er lýst og inniheldur sömu grunnupplýsingar um lánið sem sótt er um.

Þann 22. nóvember 2004 var skuldabréf, körfulán í erlendum myntum/mynteiningum, tryggt með veði og sjálfskuldarábyrgð, gefið út af sóknaraðila til F. Viðurkenndi sóknaraðili að skulda F eftirfarandi erlendar fjárhæðir eða jafngildi þeirra í öðrum erlendum myntum eða mynteiningum, sem birtar væru í almennt gengistöflu F eða í íslenskum krónum, CHF 29.189, JPY 2.590.062, USD 41.779, GBP 4.504, EUR 51.369. Jafnvirði lánsins í íslenskum krónum þann 22. nóvember 2004 var 11.120.000. Fasteignin að C var sett að veði á 1. veðrétti til tryggingar láninu. Þá tókst B á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar láninu.

Sambærileg ákvæði voru um vexti og vaxtaálag og í fyrrgreindu láni og var vaxtaálag það sama í upphafi á öllum myntum og í því láni.

Sóknaraðili kveður bein samskipti vegna ákvörðunar bankans um að hækka vexti hafa fyrst og fremst farið fram í lok janúar 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 11. mars 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að bankinn dragi til baka 300 punkta hækkun vaxtaálags á erlendum lánnum sem tilkynnt var með útgáfu greiðsluseðils fyrir

gjaldþaga 5. febrúar 2013 og skuldfærð var af reikningi X þann 5. febrúar 2013. Er lítið svo á að í þessari kröfu fyrir nefndinni felist krafa um að hækkunin verði ógilt.

Sóknaraðili mótmælir að ákvæði 3. gr. lánessamninganna um endurskoðun vaxtaálags geti orðið til þess að núverandi eigandi kröfunnar, varnaraðili, geti nýtt það einhliða út frá sínum forsendum.

Sóknaraðili vísar til þess að þegar samið hafi verið um lánið upphaflega hafi það verið gert í trausti þess að átt væri í viðskiptum við öflugan banka með greiðan aðgang að erlendum fjármagnsmörkuðum sem hefði markaða stefnu um beitingu á þessu mjög svo opna ákvæði í stöðluðum lánessamningi við lítið fyrirtæki sem F sannarlega séu. Viðsemjandi bankans skrifi ekki undir slíkt ákvæði hafi hann einhverja ástæðu til að ætla að krafan muni skipta um hendur og að nýr aðili ákveði að beita því á allt öðrum forsendum en upphaflega hafi verið gengið út frá. Það hljóti að vera einhver mörk á því hvernig hægt sé að beita ákvæði sem þessu í stöðluðum lánessamningi þegar krafa skipti um hendur.

Sóknaraðili telur nokkuð augljóst að þegar krafa með slíku ákvæði lendi í höndum þrotabús verði því ekki beitt yfirleitt. Að öðrum kosti mætti gagnálykta að skiptastjóra væri skylt að beita því svo ótæpilega á forsendum þarfar þrotabúsins að engin efri mörk giltu heldur væri það greiðslugeta skuldarans sem á endanum réði því hvert vaxtaálagið yrði.

Bendir sóknaraðili á að krafa þessi hafi að skuldaranum forspurðum verið færð úr búi FF með neyðarlögum yfir til F. Eðli og tilgangur neyðarlaganna hafi tvímælalaust verið sá að gera viðskiptavinum betur setta með flutningi krafna yfir til nýju bankanna en yrði með því að leyfa þeim að vera áfram í búum föllnu bankanna. Ekki sé efast um eignarrétt nýja bankans yfir kröfunni heldur það vald sem hann hafi tekið sér að beita ákvæði um ákvörðun vaxtaálags á eigin forsendum með þeim hætti að skuldarinn sé mun verr settur en ef krafan hefði verið áfram í búi fallna bankans og ennfremur sé ákvörðuninni beitt á allt öðrum forsendum en búast hafi mátt við af þeim banka sem upphaflega hafi veitt lánið.

Sóknaraðili telur rétt að hafa í huga takmarkanir á eignarréttinum í tilviki opins ákvæðis sem þessa í lánessamningum. Væntanlega sé almenn samstaða um að slík ákvæði væru almennt ekki heimil í viðskiptum banka og lántakenda ef bankar beittu þeim ótæpilega og teldu að þar með væru þeir komnir með rétt til þess að hækka vaxtaálag upp úr öllu valdi. Svona opin ákvæði geti því aðeins gengið til lengdar að þeim sé beitt af hófsemi og málefnalegum ástæðum og að fyrir liggi við undirritun lánessamnings hvaða væntingar séu gerðar um beitingu þeirra. Samskipti banka og viðskiptavina þurfi alltaf að byggja á gagnkvæmu trausti sem m.a. felist í því að opin ákvæði af þessu tagi séu ekki misnotuð. Eignarréttur bankans sem veiti lánið sé því ekki án takmarkana að þessu leyti og byggi líka á því tiltekna einstaka sambandi sem stofnist milli bankans og viðskiptavinarins. Lánessamningar sóknaraðila hafi verið gerðir við hinn eldri F, öflugan og traustan banka, og hinn nýi F geti í raun á engan hátt uppfyllt þau skilyrði sem legið hafi til grundvallar hinu opna ákvæði. Því sé það svo að skilgreining á lánessamningi sem viðskiptabréfi gefi nýjum kröfuhafa ekki rétt til þess að fara út yfir þau eignarréttarlegu takmörk sem í hinu opna vaxtaálagsákvæði felist. Augljósast sé þetta í því tilviki þegar þrotabú taki við kröfunni.

Sóknaraðili telur rétt að hafa í huga að þessar kröfur varnaraðila á hendur sóknaraðila hafi, sem hluti af stóru eignasafni verið færðar úr búi FF með miklum afslætti. Sóknaraðili hafi þegar tekið á sig mikið högg vegna gengisfalls krónunnar sem hafi kallað á stuðning frá eigendum sem hafi viljað standa í skilum. Sóknaraðili

hafi heldur ekki gert athugasemdir um lögmæti lánsamninganna en viljað bíða þar til öll dómsmál er varði lögmæti slíkra samninga séu gengin yfir. Nú greiði varnaraðili sóknaraðila annað þungt högg til viðbótar við kostnaðinn af hruninu þannig að rekstur fyrirtækisins fari í hreint uppnám á ný. Þegar upp sé staðið fái varnaraðili mikinn hagnað bæði vegna þess að höfuðstóll kröfunnar sé í engu færður niður þrátt fyrir afsláttinn sem bankinn hafi fengið og síðan fái bankinn enn aukinn hagnað með hækkun á vaxtaálaginu. Sóknaraðila sé hins vegar alltaf ætlað að bera kostnaðinn.

Sóknaraðili bendir á að á sínum tíma hafi varnaraðili auglýst sérstaka meðferð vegna íbúðalána þegar lánasafn bankans hafi verið endurskipulagt en við eftirgrennslan hafi komið í ljós að þar hafi einungis verið átt við íbúðalán einstaklinga. Rétt sé að rifja upp að þegar þessi lán hafi verið tekin hafi lánveiting af þessu tagi verið óvenjuleg og svo virtist sem F hinn gamli væri ekki búinn að gera upp við sig hvort líta ætti á þetta sem lánveitingu til eigenda sóknaraðila sem einstaklinga eða til fyrirtækis. Ástæðan fyrir því að eigendur hafi viljað fara þessa leið hafi fyrst og fremst verið skattaleg. Niðurstaðan hafi engu að síður orðið sú að bankinn hafi óskað eftir sjálfskuldarábyrgð aðaleiganda sem hafi verið samþykkt. Í viðræðum við núverandi eiganda lánanna, varnaraðila, hafi komið fram að hann væri reiðubúinn að falla frá sjálfskuldarábyrgðinni ef sóknaraðili féllist á 25% lækkun á höfuðstól lánsins sem þá yrði jafnframt breytt í lán í íslenskum krónum og vextir hækkaðir verulega, hvort heldur með eða án verðtryggingar. Þetta tilboð hafi verið sett fram af varnaraðila í tengslum við umræður um að sjálfskuldarábyrgðin þýddi að í raun væri enginn eðlismunur á þessum lánnum og lánnum til einstaklinga. Megi í því sambandi líta til þess hvað gerist fari sóknaraðili í greiðsluferfiðleika og aðaleigandi sitji uppi með lánin. Verði þau þá ekki íbúðalán einstaklings. Aðfarir varnaraðila bendi til þess að þetta sé ekki ólíkleg framvinda mála.

Sóknaraðili telur merkilegt að í öllum samskiptum við bankann hafi aldrei komið fram tilboð um úrlausn mála sem sé í einhverjum takti við rekstrarlegar forsendur sóknaraðila. Boðnar hafi verið lækkanir á höfuðstól og færslu í krónulán og vaxtahækkunum sem hafi verið svo miklar að það hafi aldrei réttlætt breytingarnar. Þó sé augljóst að bankinn væri engu að síður að innleysa mikinn hagnað af láninu og tryggja stöðu sína til framtíðar með lækkun höfuðstóls og vaxtabreytingu sem samræmist rekstrarforsendum fyrirtækisins.

Bendir sóknaraðili á að í athugasemdum sínum geri varnaraðili nokkuð úr því að þessi lán til sóknaraðila séu „viðskiptabréf“ sem réttlæti 300 punkta hækkun á vaxtaálagi sem upphaflega hafi verið samið um á forsendum hins öfluga lánveitanda. Hér virðist gæta misskilnings eða vanþekkingar á eðli lánsamninga sem geti verið markaðsvara og gengið kaupum og sölum milli fjárfesta annars vegar og hins vegar lánsamninga sem í eðli sínu séu miðaðir við að upphaflegur lánveitandi haldi eignarhaldi sínu á lánsamningnum allan lánstímann eins og við eigi í tilfelli lánsamninga sóknaraðila og hins fyrrum öfluga forvera varnaraðila. Til þess að lánsamningar séu tækir til að vera markaðsvara og ganga kaupum og sölum milli fjárfesta sé einmitt nauðsynlegt að þeir hafi ekki opin ákvæði um breytingar á vaxtaálagi heldur séu allar breytingar á vöxtum með tilvísun í breytingar á ákveðnum grunnvöxtum s.s. Libor eða Euribor eða þá verðtryggingu eða aðrar almennar stæðir. Markaður með samninga eins og hér séu til umfjöllunar geti aldrei gengið upp þar sem miðað sé við að hver og einn fjárfestir í slíkum samningi hafi eins konar veiðileyfi á kúnnann.

Sóknaraðili vísar til þess að lánsamningur hans við þáverandi F hafi verið dæmigerður samningur þar sem byggt hafi verið á því að bankinn héldi eignarhaldi

sínu á kröfunni allan lánstímann. Þannig sé hið venjulega hefðbundna samband banka og viðskiptavina sem hins vegar rofni þegar FF hafi fallið. Bankinn hafi haft tiltekna stefnu um hvað réði breytingum á vaxtaálagi og þar skipti mestu máli aðgangur hins öfluga banka að erlendum fjármagnsmörkuðum sem ekki hafi verið vandamál þegar lánin hafi verið tekin og hvorki bankinn né lántakandinn hafi haft nokkra ástæðu til að ætla að þær forsendur myndu breytast í einhverjum grundvallaratriðum. Ennfremur hefði verið eðlilegt að vaxtaálag gæti hækkað stæði lántakinn ekki í skilum og bankinn bæri meiri áhættu af láninu en upphaflega hafi verið reiknað með. Opin ákvæði af þessum toga séu alltaf hugsuð sem einhvers konar „öryggisákvæði“ en ekki sem veiðileyfi á kúnnann. Eina fyrirgreiðslan sem sóknaraðili hafi fengið vegna lánanna sé flutningur á tveimur afborgunum til loka lánstímans sem sé óveruleg þegar lítið sé til stöðu fasteignafélaga almennt. Að öðru leyti hafi lánin verið í góðum skilum og dráttur á greiðslum aldrei meiri en óverulegur.

Sóknaraðili vísar til þess að eðli lánssamninga eins og hér séu til umfjöllunar hljóti ennfremur alltaf að vera að lántakinn sé ekki verr settur en hann hefði verið í viðskipum við hinn öfluga upphaflega lánveitanda. Sóknaraðili sé lítið fyrirtæki með enga samningsstöðu gagnvart lánveitandanum og taki við stöðluðum samningsskilmálum. Tilgangur neyðarlaganna hafi heldur ekki verið að setja lántakendur í verri stöðu en með því að halda lánunum í búum föllnu bankanna. Endurreisn bankakerfisins hafi verið gerð í þeim tilgangi að bæta hag íslenskra viðskiptavina bankanna en ekki til að klekkja á þeim eins og gerst hafi þegar varnaraðili telji sig hafa veiðileyfi á sóknaraðila með hinu opna vaxtaálagsákvæði.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði vísað frá sbr. c lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili vísar til þess að skuldabréf séu svokölluð viðskiptabréf og gildi því ákveðnar reglur um framsal þeirra. Til að byrja með hafi verið kveðið sérstaklega á um það að bankinn hefði rétt til að breyta vaxtaálagi teldi hann ástæðu til. Sóknaraðili hafi kynnt sér efni skuldabréfsins og hafi skrifað undir skuldabréfið án þess að gera athugasemdir við efnislegt innihald þeirra. Um viðskiptabréf gildi sú regla við framsal frá einum kröfuhafa til annars að nýr eigandi fái sama rétt og sá gamli og það sé nóg að lesa bréfið sjálf til að kynna sér hvaða rétt nýr eigandi öðlist með framsalinu. Í þessu tilfelli komi skýrt fram í bréfinu að: „*F áskilur sér rétt til þess að endurskoða vaxtaálagið á fjögurra ára fresti, talið frá útgáfudegi skuldabréfsins og breyta því ef bankinn telur ástæðu til þess.*“

Bendir varnaraðili á að bæði bréfin hafi tekið skilmálabreytingum en þær hafi aldrei kveðið á um að kröfuhafi afsalaði sér rétti til að endurskoða vaxtaálag. Af framangreindu sé því ljóst að varnaraðila sé það fyllilega heimilt skv. viðskiptabréfareglum og ákvæðum skuldabréfanna að breyta vaxtaálaginu telji hann ástæðu til þess.

Varnaraðili tekur einnig fram að umrædd skuldabréf séu metin lögleg erlend lán enda hafi Hæstiréttur haft álíka lán til meðferðar og talið þau gild og vísist því til stuðnings til dóma Hæstaréttar í málum nr. 50/2012 og 524/2012. Sé því um lögleg

erlend lán að ræða til lögaðila en ekki til einstaklings. Breyti engu um þetta að sjálfskuldarábyrgð einstaklings sé til tryggingar á efnudum sammingsins enda hafi lántakinn eftir sem áður verið lögaðili.

Varnaraðili telur það í hæsta móti óeðlilegt að setja lán einstaklinga og lögaðila undir sama hatt. Til að byrja með sé stór munur á því hvort að lántaki sé lögaðili eða einstaklingur og hafi í nánast öllum þeim „úrræðum“ sem sett hafi verið á fót að tilstuðlan t.d. Alþingis, verið gerður greinarmunur á því hvort um einstaklinga eða lögaðila í skuldavanda sé að ræða. Það að vilja meina að tryggingarandlagið eigi að ráða því hvort að lántaki verði meðhöndlaður sem lögaðili eða einstaklingur sé einnig fráleitt enda sé nóg að benda á að lögaðili hafi tekið lánið og nýtt í sínum atvinnurekstri. Ef beita ætti þessari nálgun á lánin tvö hefði lögaðilinn t.d. getað farið í greiðsluáðlögun, sértæka skuldaáðlögun eða fengið t.d. aðstoð frá umboðsmanni skuldara. Ljóst sé að framangreind nálgun sé fráleit og mótmælir varnaraðili henni harðlega.

Hvað varði þau tilboð sem varnaraðili hafi lagt fram þá byggist þau á sömu aðferðarfræði og í öllum öðrum málum þar sem lögaðilar hafi verið lántakar að erlendum lánnum, sbr. lög nr. 151/2010. Varnaraðili telur óeðlilegt að ætla að beita annars konar nálgun en beitt hafi verið í öðrum álíka málum hjá bankanum. Varnaraðili kveðst hafa lagt fram þau tilboð til að reyna að koma til móts við breyttar aðstæður lántaka. Varnaraðila hafi engin skylda borið til þess að leggja fram framangreind tilboð en líkt og að framan greini þá hafi tilboðin verið byggð á verklagsreglum sem fram komi í lögum nr. 151/2010 og það hafi ekki verið sjálfgefið að niðurstöður byggðar á þeirri aðferðafræði væru alltaf jákvæðar fyrir viðskiptavininn enda hafi honum verið í sjálfsvald sett hvort hann tæki tilboðinu eða ekki.

Varnaraðili kveðst í samskiptum sínum við sóknaraðila hafa beitt eðlilegum aðferðum við tilraunir til úrlausnar. Aðferðir sem stuðst hafi verið við í öllum sambærilegum málum séu ekki óeðlilegar eða á skjön við gildandi lög og reglur.

Samþykki nefndin ekki framlögð rök varnaraðila þá krefst hann þess að kvörtuninni verði vísað frá enda sé hér um breytingu á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækis að ræða og skv. c lið 6. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjalli hún ekki um mál af þessu tagi.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að hækkun varnaraðila á vaxtaálagi á skuldabréfum útgefnum af sóknaraðila til F þann 22. nóvember 2004. Ekki hafa verið lagðir fyrir nefndina útreikningar að baki greiðsluseðlum, en þeirri staðhæfingu í kvörtun er ómótmælt að vaxtaálagið, sem í upphafi var 1,81% hafi síðar verið hækkað um 3 prósentustig.

Ekki verður fallist á frávísunarkröfu varnaraðila. Ágreiningur aðila er ekki um „breytingar á almennri gjaldtöku fjármálafyrirtækja“ heldur um túlkun á sammingsákvæði sem í gildi er á milli aðila.

Aðilaskipti að kröfunni, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda FF til F, hefur ekki þýðingu fyrir efnislega niðurstöðu málsins eins og það er lagt fyrir nefndina. Um er að ræða viðskiptabréf og kemur sóknaraðili ekki öðrum mótbárum að gagnvart varnaraðila en þeim sem hann hefði getað haft uppi við

upphaflegan kröfuhafa og byggja á árituðum texta bréfsins. Á hinn bóginn er varnaraðili bundinn af þeim skilmálum sem á það eru rituð og almennum reglum um túlkun samninga.

Nefndin telur ekkert fram komið um að varnaraðili sé skuldbundinn til að meðhöndla umrædda lánasamninga með einhverjum tilteknum hætti vegna sjálfskuldarábyrgða einstaklings á þeim.

Varnaraðili er lögaðili sem gaf út tvö skuldabréf þann 22. nóvember 2004. Vaxtaálag skuldabréfanna var 1,81% við útgáfu þeirra. Samkvæmt 6. mgr. 3. gr. skuldabréfanna, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir, áskildi F sér rétt til þess að endurskoða vaxtaálagið á fjögurra ára fresti, talið frá útgáfudegi skuldabréfsins og breyta því teldi hann ástæðu til.

Með þessu samningsákvæði var gengið mjög langt í þá átt að selja kröfuhafanum sjálfðæmi um fjárhæð vaxtaálags að liðnum fjórum árum. Samkvæmt almenntri orðskýringu á umræddu samningsákvæði, hefur varnaraðili raunar rétt til að breyta þessu vaxtaálagi takmarkalaust að eigin geðþótta. Er þessi réttur samkvæmt samningnum sjálfum ekki tempraður af öðru en möguleika skuldarans á að endurfjármagna lánið annars staðar og greiða það upp, en jafnvel sú útleið er ekki fær nema „gegn sérstöku gjaldi“ samkvæmt 9. gr. skilmála bréfsins. Er ekki að sjá að sú gjalddata sé háð takmörkunum samkvæmt efni bréfsins fremur en vaxtaálagið.

Þegar ákvæði bréfsins eru þannig virt heildstætt og með hliðsjón af því að heimildin til takmarkalausrar hækkunar vaxtaálags er einhliða áskilnaður lánveitandans í samningi sem ber með sér að vera staðlaður samningstexti hans, verður að fallast á að því verði ekki beitt að geðþótta varnaraðila án takmarkana. Verður talið að það sé beinlínis ósanngjarnt að bera samningsákvæðið fyrir sig við óhóflega innheimtu vaxtaálags, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum. Þá vekur nefndin athygli varnaraðila sérstaklega á því álitamáli hvort þetta samningsákvæði sé í samræmi við 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en í ákvæði þessu er áskilnaður um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti

Það er vandasamt úrlausnarefni, hve langt varnaraðili getur með réttu gengið við hækkun vaxtaálagsins. Það er óumdeilt að varnaraðili hækkaði vaxtaálagið verulega á milli gjalddaga í nóvember 2012 og febrúar 2013 en þá hafði álagið ekki verið hækkað um langt skeið. Varnaraðili hefur enga tilraun gert til að útskýra þá hækkun og hefur í raun byggt málalíbúnað sinn alfarið á þeirri röngu túlkun samningsins að hækkunarheimild hans sé án nokkurra takmarkana.

Á hinn bóginn telur úrskurðarnefndin að fyrir liggi upplýsingar sem sýni glögglega að umrædd hækkun vaxtaálagsins var ekki ósanngjörn eða ómálefnaleg. Fall íslensku bankanna ásamt gjaldeyrishöftum og fleiri afleiðingum leiddu til þess að lántökukostnaður bankanna jókst mjög verulega. Þessi kostnaður hlýtur að vera meginatriði við mat á því hvaða vaxtakjör er eðlilegt að ákveða við endurskoðun þeirra. Af þessari ástæðu telur nefndin ekki unnt að byggja á því að hin umdeilda hækkun vaxtaálagsins hafi verið ólögæt. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M um að hækkun vaxtaálags á tveimur erlendum lánnum hjá varnaraðila, F, báðum útgefnum 22. nóvember 2004, sem tilkynnt var með útgáfu greiðsluseðils fyrir gjalddaga 5. febrúar 2013 verði ógilt er hafnað.

Reykjavík, 13. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Sérálit Geirs Arnars Marelssonar og Hildigunnar Hafsteinsdóttur

Atvikum máls þessa er lýst í úrskurði meirihluta nefndarinnar og gerum við ekki athugasemdir við þá lýsingu. Þá erum við sammála afgreiðslu meirihlutans að því er varðar frávísunarkröfu varnaraðila og umfjöllun um aðilaskipti og sjálfskuldarábyrgð einstaklinga á skuldum aðila í atvinnurekstri.

Eins og fram er komið hækkaði vaxtaálag á umþrættum skuldabréfum mjög verulega við afborgun sem fram fór hinn 5. febrúar 2013. Var sú hækkun byggð á ákvæði 6. mgr. 3. gr. skilmála skuldabréfanna, en þar kom fram að F áskildi sér rétt til að endurskoða vaxtaálagið á fjögurra ára fresti, talið frá útgáfudegi skuldabréfsins og breyta því teldi hann ástæðu til. Ekkert kemur fram í skilmálum bréfanna um það hve mikil hækkun vaxtaálagsins megi vera, við hvaða aðstæður það geti breyst og hvaða forsendur þurfi að liggja að baki ákvörðun um hækkun vaxtaálags.

Með þessu ákvæði var kröfuhafa því í raun sett sjálfðæmi um fjárhæð vaxtaálags að liðnum fjórum árum. Samkvæmt almennri orðskýringu hefur varnaraðili samkvæmt skilmálum sínum þannig rétt til að breyta þessu vaxtaálagi takmarkalaust að eigin geðþótta. Er þessi réttur samkvæmt samningnum sjálfum ekki takmarkaður af öðru en möguleika skuldans á að endurfjármagna lánið annars staðar og greiða það upp, en jafnvel sú leið er ekki fær nema „gegn sérstöku gjaldi“ samkvæmt 9. gr. skilmála bréfsins. Er ekki að sjá að sú gjaldtaka sé háð takmörkunum samkvæmt efni bréfsins fremur en vaxtaálagið en hvergi í skilmálum bréfanna kemur fram hversu hátt uppgreiðslugjald er eða hvernig það skuli reiknað. Þá verður ekki séð að sóknaraðila hafi verið tilkynnt sérstaklega um fyrirhugaða hækkun vaxtaálagsins og verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en hann hafi fyrst orðið hennar var við útsendingu greiðsluseðils vegna gjalddaga 5. febrúar sl. Er því vandséð að sóknaraðila hefði gefist ráðrúm til að nýta sér uppgreiðsluheimild 9. gr. vildi hann ekki una hinni miklu hækkun vaxtaálagsins.

Við tökum undir hugleiðingar meirihluta nefndarinnar hvað varðar 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki en viljum raunar kveða fastar að orði en þar er gert enda er það mat okkar að einhliða samning skilmála af þessu tagi geti ekki falið í sér heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Það er óumdeilt að sóknaraðili féllst við lántökuna á skilmála varnaraðila, þar með hið umdeilda ákvæði um heimild varnaraðila til endurskoðunar vaxtaálags. Þrátt fyrir það er óhjákvæmilegt að líta til þess að um er að ræða skilmála sem varnaraðili, sem sterkari aðilinn í samningssambandinu, hefur samið einhliða og telja má að möguleikar sóknaraðila til athugasemda og breytinga við samningsgerðina hafi verið afar takarkaðir. Því tökum við undir þá afstöðu meirihlutans að ósanngjarnt sé af varnaraðila að bera umrætt samningsákvæði fyrir sig við „óhóflega innheimtu vaxtaálags“. Við tökum undir það með meirihluta nefndarinnar að vandasamt getur verið að ráða hvar mörkin liggja, hversu mikil hækkun kann að vera eðlileg og hvernig skuli staðið að henni. Hér er þó óumdeilt að um afar mikla hækkun var að ræða og án frekari rökstuðnings fyrir henni telst hún að okkar mati óhófleg, sér í lagi sé litið til þess hvernig hækkunarheimild varnaraðila er hagað.

Eins og mál þetta liggur fyrir hefur varnaraðili í andsvörum sínum enga tilraun gert til að útskýra hækkun vaxtaálagsins, eða rökstyðja af hverju hún varð svo mikil sem raun ber vitni. Þvert á móti virðist málalíbúnaður varnaraðila alfarið byggja á þeirri túlkun samningsins að hækkunarheimild hans sé án nokkurra takmarkana. Þá

verður að teljast hæpið að meirihluti nefndarinnar tíni til mögulegar ástæður og rökstuðning fyrir þessari miklu hækkun án þess að varnaraðili hafi gert nokkurn reka að því að rökstyðja hana. Teljum við því á grundvelli ofanritaðs óhjákvæmilegt að fallast á kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hækkun vaxtaálags á tveimur erlendum lánnum sóknaraðila, M hjá varnaraðila, F, báðum útgefnum 22. nóvember 2004, sem tilkynnt var með útgáfu greiðsluseðils fyrir gjalddaga 5. febrúar 2013 og skuldfærð var af reikningi X þann 5. febrúar 2013 er ógild.

Reykjavík, 13. september 2013

Geir Arnar Marelsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 21. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 29/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 11. mars 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 11. mars 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. mars 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 17. apríl 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. apríl 2013 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 14. maí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 21. júní 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 27. nóvember 2000 fékk sóknaraðili leyfi til setu í óskiptu búi eftir maka sinn, A.

Fyrir liggur greiðslumat á B, dags. 6. apríl 2005. Í greiðslumatinu voru hreinar tekjur fyrir og eftir lánveitingu kr. 411.331, greiðslubyrði lána var kr. 137.496 fyrir lánveitingu og kr. 168.489 eftir lánveitingu, annar fastur kostnaður var kr. 50.000 fyrir og eftir lánveitingu og framfærslukostnaður var kr. 112.873 fyrir og eftir lánveitingu. Afgangur á mánuði var kr. 110.962 fyrir lánveitingu en kr. 79.969 eftir lánveitingu. Þá kom fram að heildartekjur heimilisins árið 2004 voru kr. 5.598.294, heildareignir voru kr. 12.720.000 og heildarskuldir kr. 18.836.799.

Fyrir liggur ódagsett skjal sem ber yfirskriftina „Niðurstaða greiðslumats“, sem sóknaraðili undirritaði. Óskaði sóknaraðili eftir að gangast í ábyrgð á skuldabréfi að fjárhæð CHF 130.000 fyrir B. Tegund ábyrgðar var tilgreind tryggingarvísill. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Staðfesti sóknaraðili að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 8. apríl 2005 var tryggingarbréf nr. X gefið út. Gerði B kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem hann nú eða síðar, á

hvaða tíma sem væri, kynni að skulda eða ábyrgjast FF, að samtaldri fjárhæð CHF 130.000 væri fasteign sóknaraðila að C, sett að veði á 4. veðrétti.

B gaf út veðskuldabréf að fjárhæð CHF 126.928,33, kaupgengi FF 11. apríl 2002 var 52.21, LIBOR vextir 0,75%, álag 2,1%, samtals vextir voru því 2,85%.

Þann 27. september 2011 var sóknaraðila sent innheimtubréf vegna veðskuldabréfs í erlendri mynt, CHF 126.928,33, tryggt með veðtryggingarbréfi í C, að fjárhæð CHF 130.000. Krafan var samtals að fjárhæð kr. 11.447.866.

Þann 11. nóvember 2011 var sóknaraðila send greiðsluáskorun vegna veðskuldabréfs í erlendri mynt, CHF 126.928,33, tryggt með veðtryggingarbréfi í C að fjárhæð CHF 130.000. Samtals kröfufjárhæð var kr. 11.621.059.

Þann 8. febrúar 2012 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem þess var krafist að veði því sem hvíldi á eign sóknaraðila skv. framangreindu tryggingarbréfi yrði aflétt þegar í stað. Varnaraðili hafnaði kröfunni þann 20. mars 2012. Nokkur samskipti voru í kjölfarið á milli lögmanna sóknaraðila og varnaraðila.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 11. mars 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að veðsetning fasteignarinnar að C með tryggingarbréfi að fjárhæð CHF 130.000 verði felld úr gildi. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að aflétta veðinu. Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að veðskuldabréf sem standi að baki tryggingarbréfi sóknaraðila sé ólögmætt erlent lán og að endurreikna beri fjárhæð skuldarinnar.

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína á því að varnaraðili hafi með grófum hætti vanrækt skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili sé bundinn af ákvæðum samkomulagsins og brjóti veðsetning í bága við ákvæði þess teljist hún ógild. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins skuli meta greiðslugetu aðalskuldara, sbr. einnig 3. mgr. Við greiðslumat skuli líta til tiltekinna þátta. Í 4. gr. samkomulagsins sé lögð sú skylda á fjármálafyrirtæki að gefa út upplýsingabækling um ábyrgðir og veðsetningar fyrir ábyrgðarmenn og láta ábyrgðarmönnum slíkan bækling í té með skjölum til undirritunar. Þá sé sú skylda lögð á fjármálafyrirtæki að afla undirskriftar ábyrgðarmanns um að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir. Ennfremur leggi samkomulagið þá skyldu á herðar fjármálafyrirtæki að tryggt sé að ábyrgðarmaður geti kynnt sér greiðslumat áður en hann gangist í ábyrgðina, sbr. 3. mgr. 4. gr. Með öðrum orðum beri fjármálastofnun að kynna ábyrgðarmanni annars vegar að greiðslumat hafi farið fram og hins vegar helstu niðurstöður þess.

Sóknaraðili telur ljóst að varnaraðili hafi vanrækt allar ofangreindar skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu. Þá byggir sóknaraðili á því að varnaraðili beri sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi uppfyllt skilyrði samkomulagsins og að skýra beri allan vafa um sönnun sóknaraðila í hag í ljósi augljóss aðstöðumunar aðila.

Sóknaraðili mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að fram hafi farið mat á greiðslugetu aðalskuldara B. Í því sambandi bendir sóknaraðili á að skjal það sem varnaraðili hafi bent á sem greiðslumat sé óundirritað af skuldara, auk þess sem eingöngu sé um að ræða Excel-skjal útbúið einhliða af varnaraðila. Þá hafi sóknaraðili upplýst að engin önnur gögn séu til í fórum varnaraðila um umrætt greiðslumat eða gögn sem varpað geti ljósi á forsendur matsins eða sýnt fram á að það hafi verið gert í

samráði við aðalskuldara. Gegn mótmælum sóknaraðila sé því með öllu ósannað að umrætt greiðslumat hafi farið fram.

Sóknaraðili telur ljóst að henni hafi aldrei verið kynnt hvað falist hafi í veðsetningunni, né hafi henni verið afhentur upplýsingabæklingur um hana eins og skylt hafi verið samkvæmt samkomulaginu. Því til stuðnings vísar sóknaraðili til þess að þrátt fyrir áskoranir hafi varnaraðili ekki getað lagt fram skriflega yfirlýsingu sóknaraðila um móttöku slíks bæklinga eða leiðbeiningar um veðsetninguna. Hafi varnaraðila borið samkvæmt ótvíræðum ákvæðum samkomulasins að afla slíks skriflegs samþykkis. Telur sóknaraðili einnig að í ljósi aldurs hennar hafi varnaraðila borið sérstök skylda til að leiðbeina henni. Gegn mótmælum sóknaraðila teljist því ósannað að varnaraðili hafi efnt skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu og hafi varnaraðili því brotið með afgerandi hætti gegn 4. gr. þess.

Sóknaraðili byggir á því að verði talið að greiðslumat hafi farið fram á aðalskuldara, hafi henni aldrei verið kynnt slíkt greiðslumat eins og skylt hafi verið skv. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Gegn mótmælum sóknaraðila teljist slík kynning sömuleiðis ósönnuð.

Sóknaraðili mótmælir því að framlögð ódagsett yfirlýsing um niðurstöðu greiðslumats teljist fullnægjandi sönnun um að varnaraðili hafi staðið við skuldbindingar sínar skv. samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Í því sambandi sé á það bent að rangfærslur séu í yfirlýsingunni um tegund ábyrgðarinnar, en hún sé sögð tryggingarvixill en hafi í raun verið tryggingarbréf. Tryggingarvixill og tryggingarbréf séu eðlisólík viðskiptabréf. Meðal þess grundvallarmunar sem sé á þessum skjölum sé að fasteign verði ekki veðsett með tryggingarvixli. Hafi sóknaraðili því mátt draga þá ályktun að ekki væri um veðsetningu á íbúð hennar að ræða. Í þessu sambandi verði að hafa í huga að um hafi verið að ræða 76 ára gamlan einstakling og hafi því þurft sérstaklega að gæta að leiðbeiningarskyldu. Sóknaraðila hafi því beinlínis verið gefnar rangar upplýsingar um þær skuldbindingar sem hún hafi verið að gangast undir.

Bendir sóknaraðili á að ekki hafi verið fyllt í reit um hvort lánið hafi verið tekið til greiðslu eldri skulda eins og bankanum hafi verið skylt. Þá hafi skjalið að lokum hvorki verið dagsett né vottað.

Sóknaraðili mótmælir harðlega fullyrðingum um að varnaraðila hafi ekki verið skylt að geyma gögn vegna greiðslumats aðalskuldara. Bendir sóknaraðili á að varnaraðili hafi tekið á sig tilteknar skuldbindingar með undirritun samkomulagsins. Í ljósi þess að varnaraðili haldi því fram að hann hafi staðið við ákvæði samkomulagsins beri hann sönnunarbyrði fyrir þeim fullyrðingum sínum. Ákvörðun hans um að halda ekki til haga meintum gögnum um greiðslumatið og afla ekki undirskriftar sóknaraðila til staðfestingar þess að varnaraðili hafi staðið við skuldbindingar sínar, sé alfarið ábyrgð varnaraðila og beri hann því ábyrgð á því tómlæti sínu og hallann af sönnunarskortum um þessa þætti. Þá sé ítrekað að gera verði ríkar kröfur til varnaraðila sem fjármálastofnunar og líta beri til þess að sóknaraðili sé einstaklingur og alls óreynd í viðskiptum sem þessum. Beri því að meta allan vafa um sönnun sóknaraðila í hag.

Sóknaraðili mótmælir því að kynningarreglur samkomulagsins eigi aðeins við sé greiðslumat neikvætt.

Að öllu framangreindu virtu telur sóknaraðili ljóst að varnaraðili hafi við veðsetningu á íbúð hennar brotið gegn grundvallarþáttum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Teljist því veðsetningin ólögmæt og beri að ógilda hana m.a. með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda

löggeringa. Sömuleiðis beri varnaraðila að aflétta veðinu af eign sóknaraðila í ljósi ólögmetis þess.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar sóknaraðili til þess að annað þeirra lána sem standi að baki tryggingarbréfi á íbúð hennar, n.t.t. veðskuldabréf, dags. 13. apríl 2005, sé andstætt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Bendir sóknaraðili á að með dómum Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010 hafi verið skorið úr því að bílalan í íslenskum krónum sem tengd hafi verið við erlenda gengisvísitölu væru ólögmet. Sömuleiðis hafi í dómum frá 14. febrúar 2011 í málum nr. 603/2010 og 604/2010 verið skorið úr því að fasteignalan í íslenskum krónum sem endurgreidd hafi verið í sama gjaldmiðli, en tengd við erlenda gengisvísitölu væru ólögmet. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 155/2011 hafi ennfremur verið skorið úr því að lán sem greidd hafi verið út í íslenskum krónum og greitt af í íslenskum krónum teldust íslensk lán og því væri ólögmett að tengja þau við erlendar gengisvísitölur.

Sóknaraðili telur að fyrir liggi að veðskuldabréf það er standi að baki skuld aðalskuldara B hafi verið greitt út í íslenskum krónum og hafi hann sömuleiðis greitt af því í íslenskum krónum. Þá hafi varnaraðili sömuleiðis umreiknað bréfið í íslenskar krónur og krefji nú sóknaraðila um greiðslu í íslenskum krónum. Sé því ljóst að mati sóknaraðila að um íslenskt lán sé að ræða.

Vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt fyrirnefndum dómum Hæstaréttar samrýmist það ekki ákvæðum 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 að tengja lán í íslenskum krónum við erlendar gengisvísitölur. Sé því lánið ólögmett og beri varnaraðila að miða við fjárhæð þess í íslenskum krónum eins og það hafi verið þegar það hafi verið tekið árið 2005.

Verði ekki fallist á aðalkröfu sóknaraðila beri varnaraðila því í öllu falli að endurreikna skuld aðalskuldara sem standi að baki tryggingarbréfinu sem hvíli á eign sóknaraðila til lækkunar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að mat á greiðslugetu skuldara hafi verið framkvæmt í samræmi við 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Hafi niðurstaða greiðslumatsins verið jákvæð um tugi þúsunda. Í samkomulaginu sé hvorki gerður áskilnaður um tiltekið form greiðslumats né að skuldari eða ábyrgðarmaður staðfesti það sérstaklega. Í raun sé ekki að finna ítarlegar reglur um gerð greiðslumats í samkomulaginu heldur eingöngu sérreglur um hvernig fara skuli með útgjöld til neyslu og annarra fastra útgjalda svo og greiðslubyrði vegna yfirdráttarlána og kreditkorta. Greiðslumöt sem sparisjóðurinn hafi framkvæmt hafi í grunninn verið byggð á skattframtali, launaseðlum og greiðsluseðlum. Hafi Hæstiréttur staðfest að lánveitendur þurfi ekki að geyma fyrrgreind undirgögn til stuðnings greiðslumatinu til lengri tíma, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 141/2012. Telur varnaraðili greiðslumatið fullnægjandi sönnun þess að greiðslumat hafi verið framkvæmt í samræmi við áskilnað samkomulagsins.

Bendir varnaraðili á að líkt og staðfest hafi verið í dómaframkvæmt hafi ákvæði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins verið skýrð svo að upplýsingaskylda lánveitanda um niðurstöðu greiðslumats eigi aðeins við þegar niðurstaða matsins sé neikvæð, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013, en tryggt skuli þó að ábyrgðarmaður hafi kost á að kynna sér matið að fengnu samþykki skuldara, sbr. dóm Hæstaréttar í

máli nr. 575/2012. Með vísan til framangreinds sé túlkun sóknaraðila á ákvæði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins, um að kynna skuli helstu niðurstöður greiðslumats, sérstaklega hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðila hafi, þrátt fyrir framangreint, verið kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats og hafi hún staðfest það með ódagsettri undirritun sinni. Beri sóknaraðili ábyrgð á að dagsetja eigin undirritun og hafi það ítrekað verið staðfest í úrskurðum nefndarinnar að ódagsett undirritun hafi ekki áhrif á gildi ábyrgðar, sbr. t.d. úrskurður nr. 36/2012. Sóknaraðili hafi jafnframt staðfest með undirritun sinni á fyrrgreint skjal að hafa kynnt sér upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð. Sé ítarlega útlistað í bæklingnum í hverju ábyrgð veðleyfisgjafa sé fólgin. Samkvæmt framangreindu hafi 4. gr. samkomulagsins verið fylgt fullum fetum.

Með hliðsjón af því sem hér hafi verið rakið séu engin efni til þess að ógilda ábyrgðina á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Til stuðnings höfnunar á varakröfu sóknaraðila vísar varnaraðili til þess að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 127/2013 hafi endanlega verið staðfest að skuldbinding samkvæmt skuldabréfi, sambærilegu því sem B hafi gefið út, sé skuldbinding í erlendri mynt sem fari ekki í bága við 14. sbr. 13. gr. laga nr. 38/2001. Hafi Hæstiréttur slegið því föstu að skuldabréf, sem jafnframt sé viðskiptabréf, „hefur að geyma tæmandi lýsingu á þeim réttindum sem það veitir og þeim takmörkunum, sem á þeim réttindum kunna að vera.“ Hafi það því engin áhrif hvort að útgreiðsla og afborganir hafi verið í íslenskum krónum, líkt og sóknaraðili vilji meina.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur aðallega að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að C, með tryggingarbréfi nr. X.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Greiðslumat“ sem skráð var í kerfi FF þann 6. apríl 2005. Samkvæmt því var afgangur fyrir lánveitingu kr. 110.962 og eftir lánveitingu kr. 79.969. Enginn skrifar undir umrætt greiðslumat. Af dagsetningu skjalsins verður ráðið að það hafi verið unnið í tengslum við umrædda lánveitingu, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 108/2012. Verður á því byggt að varnaraðili hafi framkvæmt greiðslumat í umrætt sinn og uppfyllt þannig skilyrði 3. gr. samkomulagsins að því leyti.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar er stofnað. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og

veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar og með undirritun lánsútsóknar eða annarra gagna sem fyllt eru út í tengslum við afgreiðsluna skal ábyrgðarmaður staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklinga um ábyrgðir.

Í 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklinga og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 er byggt á þeim skilningi að skylda lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni niðurstöðu greiðslumats nái ekki fortakslaut til þess að kynna honum gögn til grundvallar niðurstöðunni og virðist þar m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna sér slík gögn. Í dómnum er jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að sú skylda hvíldi ekki á umræddum banka að geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar.

Með skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ var sóknaraðila kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats, en sama orðalag og sama aðferð virðist hafa verið viðhöfð við að benda ábyrgðarmönnum á þann möguleika að kynna sér gögn til grundvallar niðurstöðunni og í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012. Ekki er fallist á með sóknaraðila að slíkar rangfærslur séu í umræddu skjali að það verði metið marklaust, s.s. vegna þess að tegund ábyrgðar hafi verið nefnd tryggingarvígill. Mátti sóknaraðila vera ljóst þegar hún undirritaði skjalið að um misritun væri að ræða, enda hefur hún ekki sýnt fram á að B hafi gefið út tryggingarvígil að sömu fjárhæð og umrætt tryggingarbréf. Þá mátti sóknaraðila vera ljóst að um veðsetningu fasteignar hennar að C væri að ræða, þar sem hún samþykkti veðsetninguna skv. umræddu tryggingarbréfi.

Undirskrift sóknaraðila á skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ er ekki dagsett. Við mat á því hvort skilyrði 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga telst uppfyllt, verður að telja að það hafi verið á ábyrgð sóknaraðila sjálfra sem skrifaði undir umrætt skjal, að dagsetja undirskrift sína. Þar sem hún gerði það ekki og þar sem hún hefur ekki fært fram gögn því til stuðnings að skrifað hafi verið undir skjalið eftir að hún gekkst í ábyrgðina verður ekki á því byggt, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 151/2012.

Ekki er fallist á með sóknaraðila að henni hafi ekki verið afhentur upplýsingabæklingur um ábyrgðir en með undirritun skjalsins „Niðurstaða greiðslumats“ staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 84/2012 og 153/2012. Fæst ekki séð að varnaraðili hefði með öðrum hætti betur getað tryggt sér sönnun um að réttilega hafi verið staðið að málum, en með því að fara fram á skriflega staðfestingu frá sóknaraðila, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 184/2012.

Í ljósi framangreinds verður ekki fallist á að forsendur séu til að ógilda ábyrgð sóknaraðila með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Er aðalkröfu sóknaraðila því hafnað.

Sóknaraðili krefst þess til vara að viðurkennt verði að veðskuldabréf það sem standi að baki tryggingarbréfi sé ólögmætt erlent lán og að endurreikna beri fjárhæð skuldarinnar.

Við úrlausn á því ágreiningsefni hvort um sé að ræða erlent lán eða lán tengt gengi erlendra gjaldmiðla verður samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar, m.a. í málum nr. 551/2011 og 552/2011, fyrst og fremst litið til forms og meginefnis þeirra gerninga sem liggja til grundvallar skuldbindingunni. Í því sambandi skiptir einkum máli hvernig sjálf skuldbindingin er tilgreind í þeim gerningum. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 524/2011, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 3/2013, segir að við úrlausn þess hvort um gilt lán í erlendum gjaldmiðlum sé að ræða eða ólögmætt gengistryggt lán í íslenskum krónum sé fyrst að líta til heitis skuldabréfsins sem deilt sé um. Í öðru lagi verði litið til tilgreiningar á lánsfjárhæðinni. Í þriðja lagi verði litið til þess að vaxtakjör séu í samræmi við það að um erlent lán sé að ræða. Þá verði litið til skilmálabreytingar skuldabréfsins.

Umrætt skuldabréf bar yfirskriftina „Veðskuldabréf í erlendri mynt“. Upphafleg lánsfjárhæð í bréfinu er tilgreind í svissneskum frönkum. Þá eru vextir tilgreindir sem LIBOR-vextir 0,75% og álag 2,1%. Þykja þessi atriði benda til þess að hér sé um að ræða skuldbindingu í erlendri mynt, en ekki íslenskum krónum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 3/2013.

Með vísan til dóma Hæstaréttar í málum nr. 520/2011, 551/2011, 552/2011 og 50/2012 eru niðurstöður í málum nr. 92/2010, 153/2010, 603/2010, 604/2010 og 155/2011 ekki fordæmi fyrir ólögmæti skuldbindingar þeirrar sem fjallað er um í þessu máli, en þar var skuldbindingin ekki tilgreind í erlendum gjaldmiðlum.

Sóknaraðili byggir á því að greiðsla FF til hans í íslenskum krónum og afborganir hans í íslenskum krónum leiði til þess að telja verði að um hafi verið að ræða skuldbindingu í íslenskum krónum. Af dómum Hæstaréttar, sérstaklega dómum í málum nr. 524/2011 og 3/2013, verður hins vegar ályktað að ekki skipti máli þótt greiðslur fari fram í íslenskum krónum þegar skýrt kemur fram í lánsamningi að skuldin sé í erlendri mynt.

Þegar litið er til allra framangreindra atriða og dómaframkvæmdar Hæstaréttar, t.d. dóma í málum nr. 3/2013 og 127/2013, þykir verða að leggja til grundvallar að B hafi tekið gilt lán í erlendum gjaldmiðli. Verður því ekki hjá því komist að hafna varakröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, A, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 21. Júní 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 30. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 30/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 12. mars 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 11. mars 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. mars 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 26. apríl 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. apríl 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 24. maí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5. júlí og 30. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili hefur verið í reglulegum viðskiptum við varnaraðila og m.a. fjármagnað rekstur sinn með aðstoð bankans. Sóknaraðili tók m.a. lán hjá L, dótturfélagi varnaraðila. Á árinu 2011 var nafni þess félags breytt í N.

Þann 6. júlí 2012 gerði sóknaraðili samkomulag við varnaraðila um endurfjármögnun heildarskulda og skuldaaðlögun. Gerður var endurfjármögnunarsamningur milli varnaraðila og sóknaraðila. Í samningnum kom fram að „Bankinn“ í samningnum merkti varnaraðila og/eða dótturfélög hans.

Fyrir liggja skilmálar endurfjármögnunar vegna samkomulags um skuldaaðlögun milli varnaraðila og sóknaraðila. Mælt var fyrir um tilgang samkomulagsins. Þar kom fram að samkomulag um endurfjármögnun nánar tilgreindra lána sóknaraðila samkvæmt nánari skilmálum endurfjármögnunarsamnings, sem hefði það að markmiði að færa skuldastöðu sóknaraðila í það horf að rekstur þess gæti staðið undir skuldabyrði, eðlilegum fjárfestingum og þróun án frekari skuldaskilasamninga við kröfuhafa eða formlegra nauðasamninga. Listi lána tilgreindi öll lán sóknaraðila hjá varnaraðila, þ.m.t. lán hjá L nr. X. Heildarskuldbindingar til endurfjármögnunar voru kr. 518.508.058. Niðurgreiðsla skulda fyrir endurfjármögnun var kr. 27.832.993. Þá var 100% verðmæti sóknaraðila að viðbættum öðrum tryggingum kr. 178.000.000. Fjárhæðir afskrifta vegna skuldaaðlögunar, niður í 100% voru kr. 312.675.065. Fjárhæð lána eftir

endurfjármögnun voru, lán A kr. 74.344.958, lán B 11.655.042, lán B kr. 35.000.000, lán B 13.000.000, lán B 24.000.000, lán C 20.000.000. Heildarfjárhæð lána eftir endurfjármögnun var kr. 178.000.000 en nánari upplýsingar um lán sóknaraðila eftir endurfjármögnun var að finna í Viðauka I, sem var hluti skilmálanna. Einnig kom eftirfarandi fram: „*Auk þess sem lán hjá O og ábyrgðir sem Fyrirtækið [sóknaraðili] er í hjá Bankanum [varnaraðili] munu standa óbreytt.*“

Í Viðauka I voru tilgreindir eftirfarandi lánessamningar: lánessamningur A að fjárhæð kr. 74.344.958, lánessamningur B að fjárhæð kr. 11.655.042, lánessamningur B kr. 35.000.000, lánessamningur B kr. 13.000.000, lánessamningur B kr. 24.000.000, lánessamningur C kr. 20.000.000.

Fyrir liggur lánessamningur milli sóknaraðila og varnaraðila um lán að fjárhæð kr. 74.344.958. Fram kom að lánessamningurinn væri gerður í samræmi við skilmála endurfjármögnunar vegna samkomulags um skuldaaðlögun og endurfjármögnunarsamning, sem ritað var undir samhliða umræddum lánessamningi. Ráðstafa skyldi láninu til að greiða inn á eftirstöðvar lána lántaka hjá lánveitanda nr. Y, Z, Þ, Æ og Ö. Fyrir liggja sambærilegir lánessamningar um lán að fjárhæð kr. 11.655.042, 35.000.000, 13.000.000, 24.000.000, 20.000.000, og var ráðstöfun þeirra lána sú sama og þess fyrstnefnda.

Sóknaraðila barst greiðsluseðill vegna samnings nr. X, en til greiðslu á gjalddaga, 3. júlí 2012, voru kr. 216.509.

Sóknaraðili og varnaraðili voru ekki sammála um túlkun á ákvæðum samnings vegna Beinu brautarinnar. Þann 26. október 2012 kvað varnaraðili að skuldbindingar sóknaraðila við O hafi átt að standa óbreyttar.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 11. mars 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að staðfest verði að samkomulag sóknaraðila og varnaraðila um endurfjármögnun og skuldaaðlögun, dags. 6. júlí 2012, nái til skuldbindinga sóknaraðila samkvæmt lánasamningi nr. X.

Sóknaraðili bendir á að ekki eigi að vísa kröfu hans frá, svo sem varnaraðili krefjist, þar sem kvörtunin varði berum orðum kröfu N. um greiðslu í samræmi við lánasamning nr. X. Það sé því beinlínis óskiljanlegt að varnaraðili skuli líta svo á að kvörtunin skuli ekki varða kröfu sem metin verði til fjár. N, dótturfélag varnaraðila, meti kröfuna sannarlega til fjár og krefjist greiðslu hennar. Augljóst sé því að krafan verði metin til fjár eins og aðrar fjárkröfur. Frávísunarkrafa varnaraðila sé þannig að engu hafandi og sé öðru fremur til marks um algjöran skort á efnislegum rökum bankans vegna kvörtunar sóknaraðila.

Sóknaraðili telur ótvírætt að með gerð samkomulags hans og varnaraðila um skuldaaðlögun og endurfjármögnun hafi verið samið um skuldaaðlögun og endurfjármögnun fyrrgreindrar kröfu hjá L, nú N. Sóknaraðili telur þannig að skuldbindingar hans á grundvelli lánasamnings nr. X hafi verið taldar með í heildarsamkomulagi hans og varnaraðila. Hafi því þegar náðst samkomulag um uppgjör þeirra skuldbindinga. Beri báðum aðilum að efna það.

Sóknaraðili vísar til þess að samtala heildarskuldbindinga sem endurfjármagnaðar hafi verið með gerð samkomulagsins hafi verið kr. 518.508.058. Í samkomulaginu hafi m.a. falist að sóknaraðili greiddi kr. 27.832.993 inn á þær skuldir sem til staðar hafi verið. Hafi þá staðið eftir heildarskuldbindingar að fjárhæð kr.

490.675.065. Af eftirstandandi skuldum skyldu afskrifaðar skuldir að upphæð kr. 312.675.065. Samkvæmt samningnum skyldu eftirstandandi skuldir nema kr. 178.000.000. Eftirstandandi heildarskuldbindingar skyldu greiddar með sex lánasamningum með eftirfarandi lánanúmer: R, S, T, U, Ú, V.

Sóknaraðili vísar til þess að í skilmálum samkomulags sóknaraðila og varnaraðila um endurfjármögnun hafi verið taldar upp þrettán skuldbindingar við varnaraðila, sem falla skyldu undir efni samkomulagsins. Hafi þar m.a. verið taldar upp greiðslukortaskuldbindingar sóknaraðila, auk annarra. Í samkomulaginu hafi sérstaklega verið tekið fram að lán sóknaraðila með númerið X, sem upphaflega hafi verið tekið hjá L, skyldi teljast til þeirra heildarskuldbindinga sem féllu undir samkomulagið og yrðu endurfjármagnaðar á grundvelli þess.

Sóknaraðili bendir á að fyrrgreind samtala allra skuldbindinga sóknaraðila við varnaraðila, kr. 518.508.058 hafi tekið mið af skuldbindingum sóknaraðila að meðtöldum lánasamningi X. Með öðrum orðum hafi heildarsamtalan stemmt við að skuldbindingar sóknaraðila samkvæmt lánasamningnum væru taldar með í heildaruppgjörinu.

Sóknaraðili vísar til þess að ákvæði samkomulagsins hvað varði skuldbindingar félagsins á grundvelli lánasamnings séu skýr og ótvíræð. Þar sé númer samningsins tilgreint sérstaklega, auk þess sem tilgreining heildarskuldbindinga, sem samið hafi verið um, komi heim og saman við að samið hafi verið um uppgjör lánsins á sama tíma og aðrar skuldbindingar sóknaraðila.

Telur sóknaraðili að fyrirvari í samkomulaginu um skuldbindingar gagnvart O, sé óskýr í besta falli og beri öðru fremur með sér að vera staðlaður texti sem sé í ósamræmi við raunverulegan samningsvilja beggja aðila þegar samkomulagið hafi verið gert. Sé það sérlega líklegt í ljósi þess að skuldbindingar á grundvelli lánasamningsins hafi verið tilgreindar sérstaklega og því augljóslega tekið tillit til þeirra við upptalningu og samlagningu þeirra skulda sem samið hafi verið um.

Sóknaraðili vísar til þess að skýra beri samkomulag aðila til samræmis við þann augljósa vilja sem þar komi fram, þ.e. að með samkomulaginu sé jafnframt samið um uppgjör lánasamnings nr. X.

Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt ákvæðum endurfjármögnunarsamnings aðila sé „Bankinn“ skilgreindur sem varnaraðili og dótturfélög bankans. Enda þótt aðeins væri litið til inntaks skilgreiningarinnar, myndu allar skuldbindingar sóknaraðila við dótturfélög varnaraðila teljast til skulda sem falli undir samkomulagið.

Sóknaraðili nefnir að lánasamningur þessi hafi upphaflega verið gerður áður en nafnbreyting félagsins N hafi farið fram, þegar það hafi heitið „L“. Það skuli nefnt að sóknaraðili hafi aldrei gengist undir skuldbindingar við félag að nafni O. Fyrrgreindur fyrirvari í samningnum hvað varði skuldir við „O“ sé því marklaus hvað varði sóknaraðila.

Bendir sóknaraðili á að ákvæði samkomulagsins þess efnis að „lán hjá O“ muni „standa óbreytt“ sé ákaflega óskýrt, einkum að því leyti að ekki sé ljóst hvort þar sé átt við N varnaraðila eða O, en bæði félögin séu dótturfélög bankans. Sé því allt eins líklegt að með fyrirvaranum um skuldir við „O“ sé átt við skuldir gagnvart O, en ekki því félagi sem áður hafi heitið L, þegar sóknaraðili hafi gert nefndan lánasamning. Sé því ekki unnt að byggja þann rétt á fyrirvaranum sem varnaraðili geri.

Vísar sóknaraðili til þess að ákvæði og texti endurfjármögnunarsamkomulags aðila hafi verið samin af varnaraðila. Verði talið að samningsákvæði séu

ósamrýmanleg sé ljóst að allan óskýrleika beri að skýra varnaraðila í óhag, en sóknaraðila í hag, með hliðsjón af andskýringarreglu íslensks samningaréttar.

Sóknaraðili byggir ennfremur á því að hann hafi haft réttmætar væntingar til að líta svo á að með samkomulagi hans og varnaraðila og dótturfélaga hafi verið samið um skuldaaðlögun og endurfjármögnun á nefndri kröfu samkvæmt lánasamningi nr. X. Hvað það varði sé einkum byggt á traustfangsreglum samningalaga og sjónarmiðum um réttmætar væntingar samningsaðila.

Sóknaraðili vekur athygli á því að í upphafi ákvæðis í samkomulagi sóknaraðila og varnaraðila sem titlað sé „Tilgangur“ segi orðrétt: „*Samkomulag um endurfjármögnun eftirtalinnna lána Fyrirtækisins hjá Bankanum [...]*“. Í upptalningunni sem fylgi strax í kjölfarið hafi verið talað um lán sóknaraðila hjá L nr. X, sem sé krafan sem um sé deilt í máli þessu. Í næsta ákvæði sem beri titilinn „*Heildarskuldbindingar til endurfjármögnunar*“ hafi heildarskuld sóknaraðila verið tilgreind kr. 518.508.058. Sú tala sé rétt samtala allra þeirra lána sem talin hafi verið upp í nefndri upptalningu, að meðtöldu ofangreindu láni sóknaraðila hjá L. Sú samtala hafi verið samtala allra skuldbindinga sóknaraðila við varnaraðila og dótturfélög þegar samkomulagið hafi verið undirritað. Sú túlkun sem lögð sé í þýðingu umrædds ákvæðis af hálfu varnaraðila sé því afar nýstárleg og þurfi til mikinn vilja af hálfu lesanda til að samsinna framangreindri túlkun á inntaki þess. Það sé augljóst að ofangreint lán hafi verið hluti þeirra lána sem endurfjármagnaður hafi verið með samkomulaginu. Framangreind túlkun varnaraðila á inntaki samkomulagsins sé einfaldlega röng og í fullkomnu ósamræmi við skýrt orðalag framangreinds ákvæðis.

Sóknaraðili bendir á að í efnislegum rökum varnaraðila hafi verið á það bent að staðið sé misjafnlega að endurfjármögnun hverju sinni. Geti þannig ýmist verið um að ræða skilmálabreytingar, nýjar lánveitingar, uppgreiðslu lána, niðurfærslu á eftirstöðvum o.fl. Tekur sóknaraðili undir þessa fullyrðingu varnaraðila. Í tilfalli sóknaraðila hafi hins vegar verið staðið að endurfjármögnun skulda með þeim hætti að nýjar fjárskuldbindingar hafi verið gefnar út í stað eldri skuldbindinga hans. Lán hafi verið greidd upp með nýjum lánveitingum og eftirstöðvar lána felldar niður. Athugasemd bankans hvað þetta varði hafi því ekki þýðingu við úrlausn þessa máls.

Bendir sóknaraðili á að um tilgang endurfjármögnunarinnar segi að öðru leyti í erindi bankans að hann hafi verið sá að færa skuldastöðu sóknaraðila í það horf að rekstur hans gæti staðið undir skuldabyrði, eðlilegum fjárfestingum og þróun án frekari samninga við bankann. Sóknaraðili kveður það vissulega hafa verið tilgang endurfjármögnunarinnar. Til að þjóna þeim tilgangi hafi verið undirritað nefnt samkomulag sem skuldbindi báða aðila. Geti því hvorki varnaraðili né nokkurt dótturfélag bankans dregið skuldbindingar undan gildi samkomulagsins eftir að það hafi verið gert og krafist efnda þeirra að nýju, óháð gildi samkomulagsins, eins og þó virðist hafa verið ýjað að. Greiðslugeta sóknaraðila í dag hafi að sjálfsögðu engin áhrif á það hvaða skuldbindingar hafi verið samið um að skyldu endurfjármagnaðar með óbyggjandi hætti. Hafi umfang starfsemi hans enn síður áhrif. Skuldbindingargildi samninga um endurfjármögnun skulda væri lítið ef fallist væri á röksemdir sem þessar.

Sóknaraðili kveður rangt það sem fram komi í athugasemdum varnaraðila að báðir aðilar hefðu við allt samningsferlið byggt á því að skuldbindingar sóknaraðila við L skyldu ekki endurfjármagnaðar ásamt öðrum skuldum. Sóknaraðili hafi alla tíð, allt frá upphafi ferlisins, staðið í þeirri trú að með gerð samkomulagsins yrðu allar skuldir hans við bankann og dótturfélög endurfjármagnaðar. Ótvíræð ákvæði samkomulagsins staðfesti þær væntingar hans og vilja beggja aðila.

Sóknaraðili vísar einnig til þess að varnaraðili hafi bent á að fjöldi auglýsinga hefði verið birtur í fjölmiðlum, þar sem fjallað hafi verið um nafnabreytingu L. Jafnframt hafi verið bent á að fjöldapóstur hefði verið sendur á viðskiptavini félagsins. Þá hafi því verið haldið fram að sóknaraðili gæti af fjölmörgum ástæðum ekki verið grandlaus um að „O“ sem vísað hafi verið til í samningnum hefði í raun verið dótturfélagið L. Sóknaraðili telur að af hálfu varnaraðila sé byggt á algjörum misskilningi um þau atriði málsins sem skipti máli. Framangreind atriði hafi einfaldlega engin áhrif á niðurstöðu í máli þessu og breyti engu um ósamrýmanleg ákvæði samkomulags sóknaraðila um endurfjármögnun skulda hans. Sóknaraðili hafi verið skuldbundinn til að endurgreiða L lán með númerinu X. Lánið hafi verið sérstaklega tilgreint í upphafi samkomulags hans við bankann og dótturfélag. Þá myndu „*Heildarskuldbindingar til endurfjármögnunar*“ einfaldlega ekki stemma ef lán sóknaraðila hjá L væri tekið út úr jöfnunni, eins og varnaraðili telji þó rétt að gera. Augljóst sé að lánið hafi í raun verið endurfjármagnað með nefndu samkomulagi. Niðurstaða í máli þessu gæti því vart verið ljósari.

Verði talið að nefnd krafa skv. lánasamningi nr. X falli utan heildarsamkomulags aðila um skuldaaðlögun og endurfjármögnun, byggir sóknaraðili á því að samkomulag aðila hafi verið gert á röngum forsendum. Beri því að breyta samkomulaginu til samræmis við forsendur sóknaraðila.

Verði ekki fallist á ofangreind rök byggir varnaraðili á því að ákvæði samkomulags aðila um endurfjármögnun og skuldaaðlögun séu ógild að því leyti sem kveðið sé þar á um að lán sóknaraðila hjá „O“ haldist óbreytt“, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Beri að breyta samkomulaginu á þann hátt að nefnt ákvæði falli brott.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að samkvæmt 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki þá fjalli nefndin ekki um „*Kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár*“ eða þá „*Mál sem eru það óljós, illa upplýst, eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar*“. Til að bytja með telur varnaraðili að kvörtunin sé ekki tæk til úrskurðar, sbr. framsetningu hennar: „*Að staðfest verði að samkomulag kvartanda og F um endurfjármögnun og skuldaaðlögun dags. 6. júlí 2012 nái til skuldbindinga kvartanda samkvæmt lánasamningi nr. X*“. Varnaraðili bendir á að framangreind krafa kveði ekki á um tiltekna fjárhæð og í raun komi hvergi fram hver fjárhæð kröfunnar hafi verið þegar samningurinn hafi verið undirritaður eða sé í dag, hvað þá hvaða aðferðum skuli beita til að reikna út kröfuna svo unnt sé að meta fjárhæð hennar. Sökum þessa verði ekki séð hvernig krafan geti talist tæk til úrskurðar og þar af leiðandi beri að vísa henni frá nefndinni. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til þess að í kaflanum „*Rökstuðningur fyrir kvörtun*“ byggi að mestu á umfjöllun um almennar reglur samningaréttar og nafnabreytingar varnaraðila.

Til stuðnings varakröfu sinni telur varnaraðili í upphafi rétt að leiðrétta það sem fram komi í kvörtun sóknaraðila þar sem hann lýsi því yfir að „*með endurfjármögnun er átt við að gefnar eru út nýjar skuldbindingar í stað þeirra eldri, sem falla þá niður*“ sé einföldun á þeirri vinnu og skjalagerð sem eigi sér stað í tengslum við beinu brautina. Í raun sé það misjafnt eftir hverju máli fyrir sig hvernig

útfærslan verði. Það geti verið skilmálabreytingar, nýjar lánveitingar, uppgreiðsla lána að fullu og að hluta, niðurfærsla á eftirstöðvum o.fl. Í máli sóknaraðila hafi verið gefin út ný lán sem ráðstafað hafi verið inn á önnur lán sem síðan hafi hlotið afskrift að fullu ásamt því að lán sóknaraðila hjá O hafi verið ósnert enda ekki talið tilefni til að eiga við það eftir skoðun á sóknaraðila. Sóknaraðili bendir á að hvergi í þeim sex lánasamningum sem gefnir hafi verið út komi fram að nýju lánunum verði ráðstafað til að greiða inn á skuldabréf nr. X. Ljóst sé að í gegnum allt „beinu brautar“ ferlið hafi komið ítrekað fram skriflega og í framkvæmd að skuldabréf nr. X myndi standa óbreytt, en öll þau lán sem talin séu upp í listanum í skilmálaskjalinu séu talin upp í nýju lánessamningunum.

Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til 3. mgr. endurfjármögnunarsamningsins. Samkvæmt því sé markmið endurfjármögnunar að endurskoða samsetningu skuldbindinga sóknaraðila við varnaraðila með það að markmiði að rekstur sóknaraðila geti staðið undir skuldabyrði, eðlilegum fjárfestingum og þróun án frekari skuldaskilasamninga við varnaraðila. Á framangreindum forsendum hafi verið gengið til samninga við sóknaraðila og hafi sóknaraðili á engan hátt sýnt fram á að hann ráði ekki við þá skuldabyrði sem skilmálar endurfjármögnunar vegna samkomulags um skuldaaðlögun kveði skýrt á um. Það sé að skuldabréf nr. X standi eftir óbreytt samhliða nýjum lánveitingum sem tilgreindar séu í skilmálunum.

Bendir varnaraðili á að þann 7. júlí 2011 hafi L skipt um nafn og heiti N. Hafi það verið auglýst ítarlega. Bæði hafi viðskiptavinir L fengið bréf til að tilkynna um breytingu, auglýsingar hafi verið birtar í fjölmiðlum, bæði í blöðum og netmiðlum. Nefnir varnaraðili nokkur dæmi. Kveður varnaraðili umrædd dæmi eingöngu smá hluta af þeirri auglýsingaherferð sem fylgt hafi nafnabreytingunni til að tryggja að viðskiptavinir bankans myndu ekki ruglast líkt og sóknaraðili virðist hafa gert. Varnaraðili telur fullyrðingar sóknaraðila um grandleysi um hvaða aðili O sé, séu fráleitir.

Varnaraðili vísar til þess að ljóst sé að samningaviðræður hafi staðið yfir í næstum ár eftir að L hafi tekið upp nýtt nafn þannig að það sé heldur sérstakt að sóknaraðili beri því við að lýsing í skjalinu „*Skilmálar endurfjármögnunar vegna samkomulags um skuldaaðlögun*“ á kröfum O „*sé óskýr í besta falli*“, líkt og fram komi í texta kvörtunarinnar. Mótmælir varnaraðili þeirri fullyrðingu sem fráleitri enda sé ljóst að ekki komi aðrar skuldbindingar til greina en skuldabréf nr. X. Það sé heldur sérstakt að sóknaraðili skuli haga sér eins og hann viti ekki hvort hann sé skuldbundinn einkahlutafélaginu O eða N og að setningin „*Auk þess sem lán hjá O og ábyrgðir sem Fyrirtækið er í hjá Bankanum munu standa óbreytt*“ sé það óskýr að sóknaraðili skilji ekki hvað sé verið að tala um. Ljóst sé að ekki sé um staðlaðan texta að ræða heldur sé þarna um texta að ræða sem snúi að skuldbindingu sem talin sé upp í liðnum „Tilgangur“ og sé hann megintilgangur að tryggja að ljóst sé að af þeim 13 skuldbindingum sem taldar séu upp í liðnum „Tilgangur“ að þessi ákveðna skuld verði tekin út fyrir mengið.

Varnaraðili bendir á að hefði sóknaraðili ekki skuldað O neitt þá hefði þessi texti ekki verið settur inn í skjalið enda hafi það verið í samræmi við samningsvilja varnaraðila, þ.e. að skuldbinding sem búið hafi verið að tilgreina í skilmálaskjalinu, og hafi verið í eigu O hafi verið tekin út fyrir samkomulagið. Það beri því að skýra samkomulagið eftir efni þess sem komi skýrlega fram í texta þess, enda verði ekki séð hvernig hægt sé að mistúlka setninguna sérstaklega að teknu tilliti til þess að nafnabreytingin hafi verið rækilega kynnt. Hafi sóknaraðila verið ljóst, eða mátt vera

ljóst, hvað fælist í ákvæðinu: „*Auk þess sem lán hjá O og ábyrgðir sem Fyrirtækið er í hjá Bankanum munu standa óbreytt.*“ Varnaraðili fær ekki séð að hægt sé að túlka framangreinda setningu á nokkurn annan hátt en að samkomulagið nái utan um öll önnur lán en „*Lán hjá O og ábyrgðir sem fyrirtækið er í hjá bankanum.*“ Enginn óskýrleiki sé til staðar, það sé ljóst hver samningsvilji varnaraðila hafi verið enda hafi ekki verið hægt að koma þeim vilja skýrar á framfæri heldur en með ofangreindri setningu. Framkvæmd varnaraðila sé öll í samræmi við samningsákvæðið og greiðsluseðlar vegna O samningsins hafi verið sendir áfram.

Varnaraðili telur að það að byggja hluta raka sinna á því að sóknaraðili hafi aldrei tekið lán hjá lánveitanda sem beri heitið O sé álíka fráleitt og ef sóknaraðili myndi t.d. byggja á því að hann kannist ekki við allar þessar kröfur því sum lánin hafi hann tekið hjá FF en ekki varnaraðila. Sé þeim rökum vísað frá sem fráleitum og haldlausum.

Vísar varnaraðili til þess hvað varði muninn á N og O þá sé N ekki dótturfélag bankans heldur útibú með kennitöluna Y, sömu kennitölu og L. N sé útibú varnaraðila sem sérhæfi sig í fjármögnun atvinnutækja og atvinnuhúsnæðis fyrir rekstraraðila og fjármögnun bíla og ferðavagna fyrir einstaklinga. O sé hins vegar dótturfélag bankans með kennitöluna Z. Miðað við umfang starfsemi sóknaraðila og fjölda þeirra félaga sem tengist stafsemi sóknaraðila, s.s. B C og D, svo eitthvað sé nefnt, gefi það til kynna að sóknaraðili ætti að hafa nokkra reynslu af félagarétti. Hafi hann því átt að geta gert sér grein fyrir því hver ætti kröfuna sökum nafnbreytinga.

Varnaraðili telur texta samkomulagsins fyllilega skýran og því sé um að ræða einbeitta rangtúlkun frekar en aðstæður sem gefi færi á að úrskurðarnefndin telji að samþykka eigi túlkun þá sem sóknaraðili hafi í kvörtun sinni stuðst við.

Hvað varði réttmætar væntingar telur varnaraðili eðlilegt að þær byggist á efnislegu inntaki samkomulagsins og þá texta þess líka. Í textanum komi fram að „*lán hjá O og ábyrgðir sem Fyrirtækið er í hjá Bankanum munu standa óbreytt.*“ Væntingar sem ekki byggja á texta samkomulagsins séu óeðlilegar og því ekki marktækar.

Vísar varnaraðili til þess hvað varði skilgreiningu á hugtakinu „Bankinn“ í samkomulaginu sé rétt að það nái til varnaraðila og dótturfélaga hans, enda sé það ástæðan fyrir því að ofangreind setning sé sett inn í samkomulagið til að tryggja að þrátt fyrir skilgreiningu á hugtakinu „Bankinn“ þá sé ákveðin skuldbinding sem halda eigi fyrir utan gildissvið samkomulagsins.

Varnaraðili bendir á að í gegnum allt „beinu brautar“ ferlið hafi sóknaraðili verið með ráðgjafa sem tryggja hafi átt að efnistökin endanlegs samkomulags væru í samræmi við samningsvilja sóknaraðila. Í samningaviðræðunum hafi ekki verið sett út á það að framangreint ákvæði hafi verið í samningsdrögum frá því þau voru sett saman og kynnt sóknaraðila og aldrei hafi komið neinar athugasemdir eða mótmæli, hvorki frá forsvarsmönnum sóknaraðila eða ráðgjafa hans.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort lán sóknaraðila nr. X, falli undir endurfjármögnun skulda sóknaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá, með vísan til b- og e-liða 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Lesa má út úr kröfugerð sóknaraðila að hann krefjist þess að lán hans nr. X falli undir endurfjármögnunarsamning milli varnaraðila og sóknaraðila.

Verður í ljósi þess að telja að krafa sóknaraðila verði metin til fjár, enda um fjárhagslega hagsmuni að ræða. Varnaraðili hefur lagt framangreindan skilning í kröfugerðina til stuðnings varakröfu sinni. Verður í ljósi þess ekki fallist á með varnaraðila að vísa eigi kröfunni frá á grundvelli b- og e-liða 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt skilmálum endurfjármögnunar vegna samkomulags um skuldaaðlögun var lán sóknaraðila hjá L nr. X tilgreint meðal heildarskulda til endurfjármögnunar. Í kaflanum lán eftir endurfjármögnun var tiltekið að lán hjá O og ábyrgðir sem sóknaraðili væri í hjá varnaraðila myndu standa óbreytt.

Framangreint ákvæði um að lán hjá O myndi standa óbreytt er afdráttarlaust. Þetta ákvæði er hins vegar í áberandi misræmi við samninginn að öðru leyti. Í samningnum voru öll lán við bankann listuð upp, þ.á.m. umþrætt lán nr. X. Heildarfjárhæð þeirra var jafnframt tiltekin og ágreiningslaust er að umrætt lán var þar meðtalið. Ennfremur var tilgreind fjárhæð til afskrifta, kr. 312.675.065, sem var fengin þannig út að frá framangreindri heildarfjárhæð var dregin inngreiðsla eigenda fyrir endurfjármögnun, kr. 27.832.993 og 100% virði fyrirtækisins, kr. 178.000.000. Voru lánin því samkvæmt skilmálunum afskrifuð niður að 100% virði fyrirtækisins, sem metið var á 178.000.000. Hafi það verið ætlan varnaraðila að innheimta umþrætt lán, stangast það því beinlínis á við þessa framsetningu samningsins og útreikning á afskriftum.

Varðandi þennan óskýrleika er líka rétt að hafa í huga að umrætt lán var veitt af L, en nafni þess félags var síðan breytt í N, en annað félag rekið undir nafninu O. Ákvæði um að lán hjá O myndi standa óbreytt var vegna þessa ekki eins skýrt og ella.

Óumdeilt er að það var varnaraðili sem samdi skilmála endurfjármögnunar vegna samkomulags um skuldaaðlögun. Samningurinn er á stöðluðu formi og inniheldur mikið af forsníðnum texta og skilmálum.

Fullyrðing varnaraðila um að ljóst sé að í gegnum allt „beinu brautar“ ferlið hafi komið ítrekað fram skriflega og í framkvæmd að lán nr. X myndi standa óbreytt fær ekki stoð í gögnum málsins. Hefur varnaraðili því ekki gert sennilegt í ljósi framangreinds að það hafi verið vilji aðila að lánið væri undanskilið við endurfjármögnunina.

Að öllu þessu samanlögðu þykir varnaraðili verða að bera hallann af því að hafa stillt samningnum upp með þeim hætti að umrætt lán var tilgreint sem eitt þeirra lána sem skyldi afskrifað niður að 100% virði fyrirtækisins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Lán sóknaraðila, M, nr. X, fellur undir endurfjármögnunarsamning milli varnaraðila, F, og sóknaraðila.

Reykjavík, 30. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 21. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 31/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 3. apríl 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 3. apríl 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. apríl 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 26. apríl 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. apríl 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 8. maí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 21. júní 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 28. apríl 2004 var skjalið „Lánsúmsókn“ dagsett. A, sonur sóknaraðila, var lántakandi að láni að fjárhæð kr. 1.250.000. Eftirfarandi kom fram á lánsúmsókninni: „Óskar eftir 1250þús. Til að greiða niður skuldir hjá okkur og annars staðar, FE-skrá tekin og þar sést ekkert, trúlega skuld vegna annars, A er nýkominn úr meðferð og er kominn í vinnu, foreldrar hans standa við bakið á honum og vilja skrifa upp á lánið - Stenst greiðslumat miðað við núv. tekjur.“

Þann 28. apríl 2004 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 1.250.000, gefið út af A til FF. Sóknaraðili og B, tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu.

Þann 28. apríl 2004 var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga X“ undirritað. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 1.250.000 var A og ábyrgðarmenn voru sóknaraðili og B. Tekið var fram að sjálfskuldarábyrgðarmenn staðfestu með undirritun sinni að þeir hefðu fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir.

Fyrir liggur skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Samkvæmt því óskuðu sóknaraðili og B eftir að gangast í ábyrgð fyrir A á skuldabréfi. Fram kom að

niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Tiltekið var að meira en helmingi lánsupphæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántaka hjá sparisjóðnum. Einnig var útdráttur út 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Tekið var fram að ábyrgðarmenn staðfestu með undirritun sinni að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 20. október 2005 var kaupsamningur vegna íbúðar í C undirritaður. Kaupendur voru sóknaraðili og B að helmingshlut hvort. Seljandi var db. D. Kaupverð var 17.300.000. Þann 25. október 2005 var afsal vegna fasteignarinnar að C undirritað.

Þann 18. nóvember 2005 var skjalið „Lánsúmsókn m.veði íbúðarlán“ fyllt út. Þar kom fram að lántakandi að láni að fjárhæð kr. 4.000.000 væri A. Setja átti fasteignina að C að veði til tryggingar láninu. Eftirfarandi kom fram undir liðnum lánsbeiðni og til uppgreiðslu á: „Foreldrar hans voru að kaupa þessa íbúð son býr í íbúðinni [svo] og ætla að taka íbúðarlán á þessa eign. Það er ekkert áhvilandi.“ Á lánsúmsókn þessari kom jafnframt fram að bæði „ráðstöfunarreikningur“ og „skuldfærslureikningur“ vegna þessa láns væri reikningur lántaka nr. Y.

Þann 18. nóvember 2005 var skjalið „Stimpilgjaldanóta/uppgreiðsla“ dagsett. Þar kom fram að lántakandi væri A. Greiða skyldi upp lánið X, að fjárhæð kr. 1.124.369.

Þann 21. nóvember 2005 var skuldabréf, merkt íbúðalán nr. Z, að fjárhæð kr. 4.000.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteign foreldra A, sóknaraðila og B, að C, var sett að veði á 1. veðrétti til tryggingar láninu.

Þann 24. nóvember 2005 var umrætt lán greitt út. Var láninu ráðstafað til greiðslu á láni nr. X að fjárhæð kr. 1.125.100, þ.á.m. til greiðslu á gjalddögum 1. nóvember 2005 og 1. desember 2005, og inn á reikning sóknaraðila nr. Þ voru lagðar kr. 2.841.900. Ekki liggur fyrir hvers vegna andvirði lánsins var lagt inn á reikning sóknaraðila.

Þann 17. júlí 2009 var kauptilboð B og sóknaraðila í fasteignina að E undirritað. Kaupverð í tölustöfum var kr. 40.900.000.

Þann 24. ágúst 2009 var yfirlýsing um veðsetningu og veðbandslausn vegna veðskjals nr. Z undirritað. A, skuldari, lýsti því yfir að með yfirlýsingu þessari og að fengnu samþykki FF óskaðist ofangreint veðskjal að fjárhæð kr. 4.000.000, upphaflega útgefið 21. nóvember 2005, flutt af fasteigninni C yfir á fasteignina E. Veðréttur FF í hinni nýju fasteign yrði 2. veðréttur með uppfærslurétti. Skrifaði A undir sem skuldari, G ehf. sem þinglýstur eigandi og sóknaraðili og B sem þinglýstir eigendur.

Samkvæmt gögnum málsins hefur M lagt kr. 1.013.000 inn á reikning A frá 20. apríl 2008.

Fyrir liggur að lán nr. Z hefur verið í skilum.

Þann 27. apríl 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila þar sem óskað var eftir að umrædd ábyrgð yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili svaraði þann 30. apríl 2012 og kvað sóknaraðila ekki í ábyrgð fyrir láninu, en veðsali og útgefandi væri sá sami. Samdægurs ítrekaði umboðsmaður skuldara kröfuna með vísan til skuldabréfsins. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 10. maí 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 3. apríl 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði henni þá fjárhæð sem hún er búin að greiða frá því skuldari hætti að geta greitt af láninu, alls kr. 898.161 auk vaxta. Þá er þess krafist að varnaraðili felli niður veðabyrgð sóknaraðila.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa farið eftir þágildandi lagareglum við stofnun ábyrgðarskuldbindingarinnar. Vísar sóknaraðili til þess að lántaki hafi fengið lán hjá bankanum án þess að fara í greiðslumat og því hafi niðurstaða þess ekki verið kynnt ábyrgðarmanni, sbr. 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Sóknaraðili kveðst hafa haft fulla trú á því að varnaraðili færi eftir gildandi reglum við stofnun ábyrgðarskuldbindinga. Með því að fara ekki eftir reglum hafi varnaraðili brotið gegn neytendarétti sóknaraðila, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Sóknaraðili kveður lánið í skilum vegna greiðslu hennar af því. Hún vísar til þess að hún hafi greitt inn á reikning lántaka til greiðslu á láni nr. Z auk þess sem hún hafi oft greitt yfirdráttarvexti af reikningi hans þegar hann hafi ekki getað borgað og sé það skýringin á hærri greiðslu hennar en hafi numið mánaðarlegri afborgun af láninu. Myndi varnaraðili vilja vera ærlegur gæti hann séð öll þau bréf sem hann hafi sent sóknaraðila um að lánið væri ekki greitt á gjalddaga í sínum skjölum. Einnig kveður sóknaraðili þjónustufulltrúa sinn geta staðfest það. Um tómlæti geti ekki verið að ræða, þar sem sóknaraðili hafi ekki verið upplýst um rétt sinn.

Sóknaraðili hafnar því að hún hafi hagnast á máli þessu. Fjárhæðin sem lögð hafi verið inn á reikning sóknaraðila hafi öll farið til að greiða skuldir A til annarra en sóknaraðila. Lántaki hafi fengið lánið og ráðstafað því alfarið sjálfur.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til þrautavara er þess krafist að veðsetningin verði einungis ógilt að hluta og til þrautaþrautavara er þess krafist að endurgreiðslufjárhæðin verði lækkuð sem nemur gildi veðsetningarinnar.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að samkvæmt samþykktum nefndarinnar þá skuli vísa máli frá séu þau það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Í þessu máli hafi sóknaraðili lagt fram gífurlegt magn af skjölum sem hann hafi á engan hátt fært rök fyrir hvernig sýni fram á þær greiðslur sem fari frá henni inn á reikning sonar síns hafi síðan verið ráðstafað til að greiða af skuldabréfi nr. Z. Sökum þessa sé krafa sóknaraðila svo óskýr og staðhæfingarnar að baki henni með öllu ósannaðar. Eigi því að vísa henni frá með vísan til e-liðar 1. mgr. 6. gr. samþykta úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varakröfu sinni til stuðnings vísar varnaraðili til þess að sé greiðslusaga skuldabréfsins skoðuð sé ljóst að útgefandi bréfsins hafi ætíð haldið bréfinu í skilum og sé því markmiði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga náð, þ.e. að lánveiting sé augljóslega veitt í samræmi við greiðslugetu aðalskuldara.

Bendir varnaraðili á að krafa sóknaraðila sé fallin niður sökum tómlætis. Tómlæti miðist við 6 ára athafnaleysi miðað við dóm Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Þá vísar varnaraðili til þess að fyrirbyggjandi gögn sem sóknaraðili hafi lagt fram beri með sér að þær upphæðir sem hún leggi inn á son sinn stemmi á engan hátt við upphæð afborgana vegna skuldabréfsins. Þar að auki stemmi dagsetningarnar heldur ekki séu greiðslukvittanirnar bornar saman við útprent úr RB.

Greiðslukvittun frá F		RB útprent	
Dags. greiðslu	Upphæð	Dags. greiðslu	Upphæð
13. júní 2008	30.000	27. júní 2008	23.099
7. júlí 2008	30.000	8. júlí 2008	21.144
5. ágúst 2008	30.000	3. september 2008	21.452
1. október 2008	30.000	2. október 2008	21.644
31. október 2008	30.000	2. nóvember 2008	21.829
1. desember 2008	30.000	2. desember 2008	22.298
5. janúar 2009	30.000	6. janúar 2009	22.730
2. febrúar 2009	30.000	10. febrúar 2009	23.823
2. mars 2009	30.000	3. mars 2009	23.258
6. apríl 2009	30.000	7. apríl 2009	23.338
5. maí 2009	30.000	6. maí 2009	23.181
2. september 2009	30.000	4. september 2009	23.880
5. október 2009	30.000	6. október 2009	24.049
2. nóvember 2009	30.000	3. nóvember 2009	24.175
3. desember 2009	30.000	4. desember 2009	20.083
4. janúar 2010	30.000	4. janúar 2010	20.282
2. febrúar 2010	30.000	3. febrúar 2010	20.303
11. mars 2010	30.000	15. apríl 2010	24.917
14. apríl 2010	50.000	15. apríl 2010	21.185
2. júní 2010	50.000	3. júní 2010	20.282
26. júlí 2010	25.000	27. júlí 2010	21.572
26. ágúst 2010	25.000	27. ágúst 2010	22.206
14. september 2010	30.000	14. september 2010	22.176
12. október 2010	40.000	13. október og 10. nóvember 2010	22.487
27. desember 2010	25.000	28. desember 2010	22.388
4. mars 2011	23.000	11. mars 2011	22.116
4. apríl 2011	30.000	5. apríl 2011	21.157
29. nóvember 2011	35.000	3. nóvember 2011	24.183
20. janúar 2012	25.000	6. janúar 2012	23.370
23. maí 2012	60.000	3. apríl 2012	23.877
4. júlí 2012	30.000	5. júlí 2012	24.676

Varnaraðili vísar til þess að líkt og ofangreind samantekt sýni þá sé ekkert samræmi í greiðslunum sem sóknaraðili hafi innt af hendi til varnaraðila, dagsetningarnar séu allt aðrar og þó að í skýringu standi vegna lána eða eitthvað álíka þá verði ekki séð að sóknaraðili hafi sýnt fram á að ofangreindar greiðslur hafi verið nýttar til þess að greiða inn á skuldabréf nr. Z. Sökum framangreinds skorts á haldbærum sönnunum telur varnaraðili því eðlilegt að kvörtun sóknaraðila verði hafnað enda á engan hátt sannað hver endanleg ráðstöfun á láninu hafi verið. Þar að auki hafi varnaraðili ekki verið að innheimta skuldabréfið hjá sóknaraðila heldur

aðalskuldaranum þannig að greiðslur hennar inn á reikning nr. Æ séu málinu í raun óviðkomandi. Sökum framangreinds telur varnaraðili að hafna beri endurgreiðslukröfu hennar, enda verði ekki séð að innheimtuaðgerðir hafi verið hafnar af hálfu varnaraðila á hendur sóknaraðila, en þær hefðu falist í því að krefjast þess að hin veðsetta fasteign yrði seld á nauðungaruppboði þar sem um veðsetningu hafi verið að ræða en ekki ábyrgð. Hefði sóknaraðili verið í ábyrgð þá hefðu henni borist innheimtuseðlar ef að út í innheimtuaðgerðir hefði verið farið. Svo hafi ekki verið í þessu máli og verði því að hafna endurgreiðslukröfu sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að meirihluti veðsetningarinnar hafi verið löglegur. Þannig að telji úrskurðarnefndin að varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila ákveðna upphæð þrátt fyrir framangreinda umfjöllun þá þurfi að taka tillit til þess sem að neðan greini um ráðstöfun lánsins, þ.e. 71% veðsetningarinnar hafi verið gild. Komi því til þess að úrskurðarnefndin telji að varnaraðili skuli endurgreiða sóknaraðila, þá ætti sóknaraðili eingöngu rétt á 29% af þeirri fjárhæð sem að nefndin telji sannað að hún hafi innt af hendi.

Til stuðnings þrautavarakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að séu fylgigögn skoðuð þá sé ljóst að þann 25. nóvember 2005 hafi 2.841.900 verið lagðar inn á reikning nr. Þ af þeim kr. 4.000.000 sem skuldabréf nr. Z hafi hljóðað upp á. Þannig sé ljóst að veðsali hafi hagnast á lánveitingunni, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012. Af þeim sökum beri eingöngu að ógilda veðsetninguna að hluta.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að E, með skuldabréfi nr. Z, útgefnu af A til FF og endurgreiðslu afborgana af skuldabréfinu.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Lesa má út úr kröfu sóknaraðila að hún krefjist þess að ábyrgð hennar á skuldabréfi nr. Z verði ógilt og henni verði endurgreiddar þær fjárhæðir sem hún hafi lagt inn á reikning lántaka, A. Varnaraðili hefur einnig lagt þann skilning í kröfuna til stuðnings varakröfum sínum. Í ljósi þessa verður ekki fallist á að vísa kröfu sóknaraðila frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá þeim sparisjóði. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi

hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. Z. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður veitt leyfi til veðsetningar fasteignar sinnar til tryggingar skuldabréfi nr. Z eftir að hafa kynnt sér matið. Sú fjárhagslega samstaða sem var með lántaka og sóknaraðila og fram kemur í lánsúmsókn og fleiri gögnum fær ekki raskað þessari niðurstöðu.

Við mat á því hvort víkja eigi veðsetningu fasteignar sóknaraðila til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa verður að líta til ráðstöfunar umrædds skuldabréfs. Skuldabréfinu var ráðstafað til að greiða upp lán nr. X sem sóknaraðili var í sjálfskuldarábyrgð fyrir og afgangurinn lagður inn á reikning sóknaraðila. Ekki er á því byggt að sú ráðstöfun hafi verið á skjön við óskir lántaka eða sóknaraðila.

Við útgáfu skuldabréfs nr. X var framkvæmt greiðslumat sem kynnt var sóknaraðila. Uppfyllti varnaraðili því skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Var sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X því gild þegar lánið var greitt upp með skuldabréfi nr. Z, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 146/2012. Afganginum af láni nr. Z var ráðstafað inn á reikning sóknaraðila.

Í ljósi framangreinds var skuldabréfi nr. Z ráðstafað í þágu sóknaraðila, þ.e. með greiðslu skuldabréfs nr. X og inn á reikning sóknaraðila. Eftir að hluta lánsins var ráðstafað inn á reikning sóknaraðila fá fullyrðingar hennar um að lántaki hafi fengið lánið og ráðstafað því sjálfur ekki stoð í gögnum málsins. Eðli máls samkvæmt hefur sóknaraðili ráðstöfunarrétt yfir fjármunum á reikningi sínum. Hefur hún ekki gert sennilegt að þeim hluta lánsins hafi verið ráðstafað til greiðslu skulda A án þess að hún hafi haft af því nokkra fjárhagslega hagsmuni, en það stendur henni nær en varnaraðila. Er því ekki unnt að fallast á að felld verði niður veðsetning fasteignar sóknaraðila að E, með umræddu skuldabréfi, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012. Verður ekki fallist á að varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila þá fjármuni sem hún lagði inn á reikning lántaka A, bæði vegna þess að samkvæmt ofangreindu bar hún fjárhagslega á byrgð á greiðslu lánsins og vegna þess að innlegg hennar á reikning A skapa varnaraðila ekki endurgreiðsluskyldu, henni til handa. Ber því að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 21. júní 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 21. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 33/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 5. apríl 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 5. apríl 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. apríl 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 3. maí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. maí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 16. maí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 21. júní 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 29. ágúst 2007 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.000.000 í 100% JPY, gefið út af A til FF.

Óumdeilt er að skuldbinding samkvæmt skuldabréfi nr. X var bundin gengi erlendrar myntar með ólögætum hætti og var lánið endurreiknað í maí 2011 í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar og lög nr. 151/2010. Eftir endurútreikning lánsins var höfuðstóll þess kr. 993.092.

Sóknaraðili hefur lagt fram endurútreikning samkvæmt reiknivél á heimasíðu umboðsmanns skuldara, dags. 7. maí 2013. Samkvæmt þeim endurútreikningi var höfuðstóll eftir fyrri endurútreikning kr. 993.092 en hefði eftir nýjan endurútreikning UMS átt að vera kr. 457.463. Mismunur á endurútreikningunum var kr. 535.629. Vextir á mismun voru kr. 62.971. Heildarlækkun láns miðað við 30. apríl 2013 hefði átt að vera kr. 598.600.

A sendi fyrirspurn til lánasviðs FF um endurútreikning á láni nr. X í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012. Þann 27. mars 2013 hafnaði varnaraðili því að endurreikna lánið aftur.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 5. apríl 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst endurútreiknings láns. Telur sóknaraðili eftirstöðvar lánsins vera tugum prósentu of háar og því umtalsverðar. Kveðst sóknaraðili alltaf hafa staðið í skilum. Hafi lánið verið endurreiknað 17. maí 2011 og hafi hann skrifað undir með fyrirvara.

Sóknaraðili kveðst vera einyrki á eftirlaunum sem vilji treysta Fjármálaeftirlitinu til að meta eftir hvaða lagafordæmum endurreikna eigi lánið. Hvergi hafi hann vitnað í mál sem ættu að hafa slíkt fordæmisgildi. Kveðst sóknaraðili hafa miklar efasemdir um að FF sé með rétt lagafordæmi við sína útreikninga. Lánið hafi verið endurreiknað samkvæmt Árna Páls Árnasonar lögum í maí 2011 en þau hafi síðar verið talin ólögleg. Sóknaraðili kveðst hafa talið að lánið hafi ekki lækkað nægilega mikið samkvæmt þeim útreikningum. Þar sem ofgreitt hafi verið við hverja greiðslu hafi átt að lækka höfuðstólinn strax. Því hafi hann skrifað undir þá breytingu með fyrirvara.

Sóknaraðili kveðst hafa hringt í FF nokkru eftir að fjölmiðlar hafi flutt fréttir af því að þeir sem hefðu ætíð staðið í skilum ættu rétt á endurreikningi lána sinna. Hafi honum verið sagt að lánið yrði reiknað í fyrstu yfirferð þar sem hann hefði ávallt staðið í skilum. Nokkru síðar hafi hann hringt aftur og hafi honum þá verið tjáð að villa hefði komið upp við reikning láns hans og það hefði því verið lagt til hliðar. Eftir mörg viðtöl og margar heimsóknir í bankann hafi honum loks verið sagt að lánið yrði ekki endurreiknað.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til stuðnings aðalkröfu sinni til þess að krafa sóknaraðila sé fyrst og fremst svo óskýr og illa rökstudd að ógerlegt sé að taka hana til greina. Þá sé sóknaraðili ekki réttur aðili að málinu enda eigi skuldari lánsins, A, lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. Beri því að vísa kröfunni frá nefndinni.

Til stuðnings varakröfu sinni byggir varnaraðili á því að sóknaraðili eigi ekki rétt til frekari endurútreikninga á láninu. Bendir varnaraðili á að í dómum Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012 hafi reynt á rétt kröfuhafa, þ.e. lánveitanda, til að krefjast viðbótargreiðslna vegna vaxta af gengistryggðum lánnum fyrir liðna tíð og þýðingu svokallaðra fullnaðarkvittana í því samhengi. Samkvæmt framangreindum dómum gildi sú meginregla að kröfuhafi, sem fengið hafi minna greitt en hann hafi átt rétt til í lögskiptum aðila, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt hafi verið. Frá meginreglunni séu þó undantekningar, m.a. um að fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að hann glati frekari kröfu. Af meginreglunni leiði að einungis við sérstakar aðstæður verði tilkalli kröfuhafa til viðbótargreiðslu hafnað og verða undantekningarnar túlkaðar þröngt. Þau skilyrði sem þurfi að vera uppfyllt svo til greina komi að beita undantekningarreglunni séu samkvæmt dómum Hæstaréttar að skuldari hafi verið í góðri trú um lögmæti

skuldbindingarinnar og þar með að greiðslur hafi falið í sér fullar og réttar efndir af hans hálfu. Einnig sé litið til þess hvort aðstöðumunur hafi verið með aðilum. Þá sé jafnframt litið til lántíma og þess hvort festa hafi verið komin í framkvæmd endurgreiðslna sem og þess hvort viðbótarkrafa um vexti fyrir liðna tíð teljist „umtalsverð“ samanborið við upphaflegan höfuðstól lánsins.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 464/2012 hafi rétturinn sett fram reglu um það hvenær endurútreikningur feli í sér viðbótarkröfu um vexti fyrir liðna tíð, sbr. eftirfarandi ummæli: „Þegar stefndi endurreiknaði skuldina var komin á festa í framkvæmd endurgreiðslna samkvæmt samningnum, en liðinn var rúmlega fimmtungur lántímans og úfrýjandi hafði þá greitt samsvarandi hlutfall afborgana af láninu. Samkvæmt endurútreikningi stefnda á fjárhæð skuldar úfrýjanda eftir greiðslu afborgunar og vaxta 10. mars 2011 nam hún 213.894.471 krónu, en af höfuðstól skuldarinnar einum hefðu þá átt að standa eftir 157.500.000 krónum í ljósi þess að stefndi hafði þá greitt 17 af 80 jöfnum afborgunum. Endurútreikningurinn fól þannig í reynd í sér viðbótarkröfu um vexti fyrir liðna tíð sem svaraði mismuninum á þessum tveimur fjárhæðum eða 56.394.471 krónum. Sú fjárhæð er umtalsverð að virtu því að upphafleg fjárhæð lánsins var 200.000.000 krónum.“

Bendir varnaraðili á að viðbótarkrafan samkvæmt framangreindum dómi Hæstaréttar sé mismunur á 1) endurreiknuðum höfuðstól samkvæmt lögum nr. 151/2010 og 2) eftirstöðvum lánsins ef dregnar eru frá upphaflegum höfuðstól afborganir sem skuldari átti að inna af hendi samkvæmt skilmálum lánsins án gengistryggingar ((upphafleg lánsfjárhæð/fjöldi gjalddaga) x greiddar afborganir).

Tekur varnaraðili dæmi um lánið í máli nr. 464/2012. Viðbótarkrafa í því máli hafi verið 56.394.471 en sú fjárhæð hafi verið fundin út með eftirfarandi hætti:

Endurreiknaður höfuðstóll skv. lögum 151/2010 213.894.471 kr.

Eftirstöðvar lánsins skv. upphafl. skilmálum -157.500.000 kr.

$((200.000.000 \text{ kr.} / 80) \times 17) = 42.500.000 \text{ kr.}$

$200.000.000 \text{ kr.} - 42.500.000 = 157.500.000 \text{ kr.}$

Viðbótarkrafa 56.394.471 kr.

Bendir varnaraðili á að viðbótarkrafan hafi því numið 28% af upphaflegri lánsfjárhæð sem Hæstarétti hafi þótt umtalsverð.

Varnaraðili vísar til þess að upphaflegur höfuðstóll í tilviki sóknaraðila hafi verið kr. 2.000.000. Fjöldi gjalddaga hafi verið 120 og hafi átt að greiðast með jöfnum afborgunum samkvæmt skilmálum skuldabréfsins, þ.e. á hverjum gjalddaga hafi átt að greiða 16.667 kr. af höfuðstól lánsins. Sóknaraðili hafi staðið í skilum með lánið og hafi greitt 44 afborganir þegar lánið hafi verið endurreiknað á grundvelli laga nr. 151/2010. Af höfuðstól skuldarinnar einum hefðu því átt að standa kr. 1.266.652. Í ljósi þess að sóknaraðili hafi staðið skil á 44 af 120 afborgunum lánsins. Nánar tiltekið líti útreikningurinn svo út samkvæmt forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 464/2012:

Endurreiknaður höfuðstóll skv. lögum 151/2010 993.092 kr.

Eftirstöðvar lánsins skv. upphafl. skilmálum -1.266.652 kr.

$((2.000.000 \text{ kr.} / 120) \times 44) = 733.348 \text{ kr.}$

$2.000.000 \text{ kr.} - 733.348 = 1.266.652 \text{ kr.}$

Viðbótarkrafa -273.560 kr.

Varnaraðili vísar til þess að líkt og sjá megi af ofangreindu hafi sóknaraðili ekki verið krafinn um viðbótargreiðslu vaxta fyrir liðna tíð við endurreikning lánsins heldur leiði endurreikningurinn þvert á móti til þess að skuld sóknaraðila sé lægri en eftirstöðvar lánsins hefðu átt að vera m.v. upphaflega skilmála en án gengistryggingar.

Því geti sóknaraðili ekki átt rétt til endurreiknings á grundvelli dóma um gildi svokallaðra fullnaðarkvittana enda sé það meginforsenda þess að sóknaraðili eigi rétt á frekari endurútreikningi samkvæmt dómum Hæstaréttar nr. 600/2011 og 464/2012 að hann sé krafinn um vangreidda vexti fyrir liðna tíð.

Varnaraðili minnir á að í dómunum hafi verið vikið frá meginreglu kröfuréttarins um rétt kröfuhafa til viðbótarkröfu ef vangreitt sé. Undantekningar frá meginreglunni beri að túlka þröngt. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi láns nr. X, útgefnu af A til FF.

Sóknaraðili krefst þess að lán útgefið af A verði endurreiknað. Ekki liggur fyrir að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá lán nr. X endurreiknað þrátt fyrir að hann kunni að vera eigandi umræddrar verkfræðistofu. Verður krafa af þessu tagi að stafa frá lántaka sjálfum til að komast að.

Þá er í 6. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðili krefst endurreiknings láns nr. X. Kröfu sinni til stuðnings vísar sóknaraðili til þess að hann telji eftirstöðvar lánsins of háar en lánið hafi verið endurreiknað samkvæmt lögum nr. 151/2010, og sendir útprentun af reiknivél af heimasíðu umboðsmanns skuldara þar sem lánið var endurreiknað. Á heimasíðunni er viðtækur fyrirvari um notkun reiknivélarinnar þar sem segir m.a: „*Umboðsmaður skuldara ber hvorki ábyrgð á því að gefnar forsendur notenda séu réttar né að niðurstaða endurútreiknings sé rétt. Forsendur reiknivélarinnar taka mið af lánnum sem veitt voru einstaklingum en ekki lögaðilum. Reiknivél þessari er þannig fyrst og fremst ætlað að ná til lána einstaklinga og því er ekki tekin afstaða til þess að hvaða marki reiknivélin á við um lán lögaðila með ólögumatri gengistryggingu.*”

Þrátt fyrir að endurreikningur láns sóknaraðila í maí 2011 hafi byggt á lögum nr. 151/2010 hefur sóknaraðili ekki útskýrt á hverju hann byggir þá ályktun að endurreikningurinn hafi ekki verið réttur eða að hann eigi viðbótarkröfu á hendur varnaraðila. Verður því að telja mál sóknaraðila svo óljóst og illa upplýst að til frávísunar leiði, sbr. e-lið 6. gr. samþykktanna fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 21. júní 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 30. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 34/2013**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 11. apríl 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 11. apríl 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. apríl 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 30. apríl 2013. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. maí 2013, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 11. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. júlí 2013, var óskað eftir frekari skýringum frá sóknaraðilum. Frekari skýringar sóknaraðila bárust með bréfi, dagsettu 17. júlí 2013. Skýringar sóknaraðila voru sendar varnaraðila og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust frá varnaraðila, með bréfi, dagsettu 20. ágúst 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5. júlí og 30. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Í máli þessu liggur fyrir fjárhagsyfirlit á A sem ber með sér að hafa verið breytt þann 6. desember 2005. Samkvæmt fjárhagsyfirlitinu voru hreinar tekjur fyrir og eftir lánveitingu kr. 345.000, greiðslubyrði lána var kr. 10.000 fyrir lánveitingu og kr. 110.000 eftir lánveitingu, annar fastur kostnaður var kr. 50.000 fyrir og eftir lánveitingu, framfærslukostnaður var kr. 155.766 fyrir lánveitingu og kr. 100.000 eftir lánveitingu. Afgangur á mánuði var kr. 129.234 fyrir lánveitingu og kr. 85.000 eftir lánveitingu. Breyting á mánuði var neikvæð um kr. 44.234 og kr. 430.808 á ári.

Þann 12. desember 2005 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 6.000.000, gefið út af A og B til FF. Fasteign sóknaraðila að C, var sett að veði á 3. veðrétti til tryggingar láninu. Sóknaraðilar staðfestu að hafa kynnt sér efni skuldabréfsins og að þau gerðu sér grein fyrir því í hverju ábyrgð þeirra sem veðleyfisgjafa væri fólgin og teldu hana samrýmast greiðslugetu þeirra. Jafnframt hefðu þau kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni samkomulags um notkun ábyrgða frá 1. nóvember 2001.

Þann 12. desember 2005 undirrituðu sóknaraðilar skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Óskuðu þau eftir að veita veð í fasteign sinni fyrir A fyrir skuldabréfi að fjárhæð kr. 6.000.000. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kom fram að meira en helmingi lánsfjárhæðar yrði ekki varið til greiðslu á skuldum lántaka hjá sparisjóðnum. Þá var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skjalinu. Staðfestu sóknaraðilar að þau hefðu fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Fyrir liggja greiðsluseðlar frá byrjun febrúar 2006 vegna nokkurra lána sóknaraðila, þ.e. vegna láns sóknaraðila A hjá FF nr. Y að fjárhæð kr. 5.900 og vegna láns sóknaraðila A hjá L nr. Z að fjárhæð kr. 95.776. Gjaldldagi umþrættis láns nr. X þann 1. febrúar 2006 var að fjárhæð kr. 63.083. Þá liggja fyrir greiðslukvittanir vegna láns sóknaraðila A við O, útgefið 15. nóvember 2005, frá 29. nóvember 2006 að fjárhæð kr. 19.630 og frá 14. desember 2006 að fjárhæð kr. 20.080. Gjaldldagi láns nr. Þ þann 1. desember 2005 var að fjárhæð kr. 14.102. Fyrir liggur að framangreint lán sóknaraðila hjá L hefur tvisvar sinnum verið fryst, þ.e. frá 1. febrúar 2009 til 1. mars 2010 og frá 1. september 2011 til 1. október 2012.

Fyrir liggur tölvupóstur, dags. 12. júlí 2013, þar sem starfsmaður O staðfestir að bílasamningur v. Æ var í greiðsluþjónustu hjá FF frá 14. nóvember 2006 til 14. október 2010. Samningurinn hafi verið gefinn út 14. október 2005 og telur starfsmaðurinn líkur á að samningurinn hafi verið skráður í sömu greiðsluþjónustu frá þeim tíma en því miður sé ekki hægt að staðfesta það sökum kerfisbreytinga á innheimtukerfum OO árið 2006. Samkvæmt upplýsingum frá sóknaraðila var afborgun af bílasamningnum kr. 30.247 á mánuði.

Fyrir liggur að skuldabréf nr. X var í skilum frá útgáfu þess til 2. maí 2012.

Þann 4. apríl 2012 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem farið var fram á niðurfellingu á framangreindri ábyrgðarskuldbindingu.

Þann 15. febrúar 2013 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst þar sem óskað var eftir því að umrædd ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 18. febrúar 2013.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 11. apríl 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að ábyrgðarskuldbinding ásamt veðsetningu fasteignar þeirra vegna láns nr. X sé ógild og að veðsetning á fasteigninni verði afmáð úr þinglýsingarbókum.

Sóknaraðilar vísa til þess að til veðsetningarinnar hafi ekki verið stofnað með lögætum hætti. Vinnubrögð bankans hafi ekki verið í samræmi við samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Með þeirri háttsemi hafi bankinn brotið á neytendarétti sóknaraðila sem sé varinn í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Sóknaraðilar vísa til þess að ekki sé um það deilt að bankinn hafi greiðslumetið lántakendur. Greiðslumatið sé hins vegar rangt og ekki byggt á þeim gögnum sem fyrir hafi legið. Sóknaraðilar benda á að við afhendingu fjárhagsyfirlits hafi orðið ljóst að bankinn hafi ranglega greiðslumetið lántakendur. Lántakendur hafi verið í greiðsluþjónustu hjá bankanum með öll sín fjármál og allar sínar skuldbindingar. Því sé óskiljanlegt hvers vegna bankinn hafi ekki tekið tillit til allra skuldbindinga sem tilheyrt hafi lántakendum.

Sóknaraðilar kveða lántakendur hafa tjáð þeim að FF hafi óskað eftir öllum gögnum varðandi fjárhag þeirra beggja. Lántakendur hafi verið með sitt hvort lánið, annað hjá OO og hitt hjá FFF. Sparisjóðnum hafi verið afhentar upplýsingar um stöðu lánanna og greiðslubyrði þeirra ásamt öðrum gögnum sem beðið hafi verið um varðandi greiðslumatið. Lántakendur hafi verið að leita eftir faglegu mati á því hver greiðslugeta þeirra til íbúðarkaupa væri og hafi treyst starfsfólki sparisjóðsins til að meta það, það hafi verið þeim efst í huga að taka ekki stærra skref en þau hafi ráðið við.

Sóknaraðilar vísa til þess að starfsmaður OOO hafi staðfest að samningur frá OO hafi verið í greiðsluþjónustu frá FF frá 14. nóvember 2006 til 14. október 2010. Ástæða þess að ekki sé hægt að fara aftar sé sú að það hafi verið gerð kerfisbreyting á innheimtukerfi FF á þessum tíma en viðkomandi starfsmaður OOO telji allar líkur á að láni hafi verið í greiðsluþjónustu frá 14. október 2005 þegar lánið hafi verið gefið út.

Benda sóknaraðilar á að afborgun af láni OOO hafi verið kr. 30.247 á mánuði og sé sú tala borin saman við útreiknaða greiðslubyrði fyrir lánveitingu sjáist að um ranga tölu í forsendum greiðslumatsins sé að ræða. Sóknaraðilar kveða lán hjá FFF ekki hafa verið í greiðsluþjónustu.

Sóknaraðilar benda á að greiðslubyrði lána sé sögð vera kr. 110.000 en sé tekið tillit til þeirra skuldbindinga sem tilheyrt hafi lántakendum á þessum tíma og bankinn hafi haft fulla vissu um þá hafi greiðslubyrðin verið kr. 209.082. Jafnframt megi benda á að greiðslubyrði lána fyrir lánveitingu sé röng þar sem bæði hafi verið til staðar bílalán og lán frá FFF. Einnig sé óskiljanleg framsetning á framfærslukostnaði. Hann sé sagður vera kr. 155.766 fyrir lánveitingu en kr. 100.000 eftir lánveitingu. Framfærslukostnaðurinn hafi verið reiknaður út af bankanum og bankinn hafi ekki leyfi til að lækka þessa tölu niður til þess að réttlæta það að lántakendur standist greiðslumat. Það sé erfitt að skilja að framfærslukostnaður lækki eftir lánveitingu og þetta sé óútskýrt. Bankanum hafi borið að halda sig við þann framfærslukostnað sem hann hafi reiknað út fyrir lánveitingu og sé honum bætt við greiðslubyrði lána þá sé greiðslugeta lántakenda neikvæð.

Sóknaraðilar benda á að varnaraðili vísi til þess að lán þetta sé í skilum. Kveða sóknaraðilar það hafa verið mjög erfitt fyrir lántakendur frá upphafi að greiða af skuldbindingum sínum en allt hafi verið lagt undir til að klára dæmið. Síðar hafi verið óskað eftir frystingu á lánum frá Íbúðalánasjóði og hafi allur sá frestur verið nýttur sem í boði hafi verið. Hafi allt verið gert til að halda umræddu láni í skilum. Útibúi bankans hafi verið gerð grein fyrir greiðsluerfiðleikum lántakenda. Að endingu hafi lántakendur tekið þá ákvörðun að selja íbúð sína og óska eftir frystingu á umræddu

láni og þannig sé það enn í dag. Sóknaraðilar benda á að ekkert samhengi sé milli þess að halda láni í skilum og að framkvæma greiðslumat rétt.

Sóknaraðilar telja að það hafi orðið forsendubrestur af hálfu bankans við gerð greiðslumats í upphafi. Bankinn hafi ekki gætt réttar sóknaraðila eins og honum hafi borið.

Sóknaraðilar byggja á því að þau hafi allt frá árinu 2010 reynt að afla upplýsinga um umrætt greiðslumat. Hafi þau framan af fengið þau svör að lögfræðingar bankans legðu bann við því að þau fengju greiðslumatið afhent. Það hafi loks fengist afhent fyrir milligöngu umboðsmanns viðskiptamanna hjá varnaraðila.

Telja sóknaraðilar að bankinn hafi sýnt þeim algjört sinnuleysi allan tímann og reynt að þagga málið í hel. Það sé engu líkara en að niðurstöðum greiðslumats hafi átt að haga þannig að þær kæmu jákvætt út fyrir lántakendur en allri áhættu og ábyrgð vegna lántökunnar varpað yfir á ábyrgðarmenn.

Sóknaraðilar vísa til þess að það hafi skipt þau meginmáli að þau gætu treyst því að greiðslumatið væri rétt unnið. Hvorki hafi ábyrgðaraðilum né lántökum verið kynntar tölulegar forsendur greiðslumatsins.

Sóknaraðilar kveðast sammála varnaraðila um að markmið samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé að lánveitingar séu í samræmi við greiðslugetu greiðanda. Í umræddu máli hafi ekki verið svo en bankinn hafi hagrætt greiðslumatinu þannig að lántakendur stæðust það. Bankinn leggi ekki fram nein töluleg gögn til stuðnings máli sínu er varði greiðslubyrði og framfærslukostnað heldur fari út í að gera formsatriði tortryggileg.

Vísa sóknaraðilar máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 127/2013.

Sóknaraðilar hafna því að um tómlæti þeirra sé að ræða. Bankinn hafi sýnt þeim algjört tómlæti strax í byrjun og viðbrögð af hans hálfu hafi verið með þeim hætti að reyna hafi átt að tefja málið og draga úr sóknaraðilum kjarkinn til að leita réttar síns.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili telur að til að byrja með sé réttast að horfa til markmiðs samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Markmið þess sé að lánveitingar séu í samræmi við greiðslugetu greiðanda. Hafi umræddu skuldabréfi verið haldið í skilum frá útgáfu þess til 2. maí 2012 eða í sjö ár frá útgáfu þess. Sé til þess horft þá sé ljóst að niðurstaða greiðslumatsins hafi verið rétt, þ.e. að greiðslugeta hafi verið til staðar til að standa undir skuldbindingu þeirri sem A og B gengust við með útgáfu skuldabréfs nr. X. Það hafi þau gert í 7 ár þrátt fyrir að t.d. vísitalan árið 2005 hafi verið töluvert lægri en hún hafi verið er bréfið hafi verið sett í frystingu. Skuldarar hafi átt eitt barn við lánveitinguna en hafi eignast annað barn árið 2009, þá hafi orðið töluverðar breytingar á fjárhagskerfi landsins þegar síga hafi tekið á árið 2008 sem hafi haft afdrifarík áhrif á íbúðalán landsmanna og fjárhag þeirra almennt. Þrátt fyrir það hafi skuldabréfið haldist í skilum.

Varnaraðili telur vert að geta framangreindu til stuðnings hvernig samkomulagið sé orðað, þ.e. notað sé orðið „Ráðstöfunarfé“ en ekki ráðstöfunartekjur. Ástæðan fyrir því að samkomulagið sé orðað svo vítt sé til að halda

Því opnu að greiðandi hafi aðgang að fé sem stafi ekki alltaf eingöngu frá tekjum hans heldur geti þarna komið til skoðunar ýmsir styrkir, bætur o.fl. til fallandi sem greiðandi geti nýtt sér til að halda skuldbindingum sínum í skilum.

Vísar varnaraðili til þess að þó vissulega sé kveðið á um það að greiðslumat skuli framkvæmt þá sé í raun eingöngu að finna viðmið sem lánveitendum sé sagt að fara eftir. Lýsingin á greiðslumati sé heldur opin og bjóði upp á mismunandi útfærslur á greiðslumati en ástæðan fyrir því sé líklega sú að gert sé ráð fyrir að aðstæður skuldara séu misjafnar og þurfi því að vera opið hvernig greiðslumat verði framkvæmt fyrir hvert tilfalli um sig. Framangreindu til stuðnings megi vísa til þess að enn þann dag í dag, frá undirritun fyrsta samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. janúar 1997, hafi ekki verið settar ítarlegar reglur um það hvernig framkvæma skuli greiðslumat þrátt fyrir að mælt sé fyrir um það t.d. í lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn.

Vísar varnaraðili til þess hvað varðar greiðslumatið að greiðslumatið byggji á gögnum frá skuldara eða gögnum sem lánveitandi hafi aflað sér með aðstoð frá skuldara. Hvað varði rök um skuldbindingar lántaka í greiðsluþjónustu bendir varnaraðili á að þau byggji ekki á gögnum sem sýni nákvæmlega að framangreindar skuldbindingar hafi verið í greiðsluþjónustu hjá varnaraðila, heldur séu þarna í raun taldar upp upphæðir sem ekki byggji á neinum gögnum sem sýni að framangreindar upplýsingar hafi legið fyrir við lánveitinguna. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að greiðslumatið sé háð slíkum annmörkum að það hafi gefið ranga mynd af greiðslugetu aðalskuldara.

Bendir varnaraðili á að sé horft á þau framfærsluviðmið sem miðað sé við í skjalinu „Fjárhagsyfirlit“, þ.e. að framfærslukostnaður fyrir hjón með eitt barn sé kr. 155.766 fyrir lánveitingu og eftir lánveitingu kr. 100.000. Framfærslukostnaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna frá árinu 2005 hafi verið kr. 84.600. Þannig að mismunurinn sé í minnsta lagi kr. 15.400. Greiðslugetan hefði því átt að vera jákvæð:

	Eftir lánveitingu	Miðað við framfærslu RFH	Miðað við kvörtun
Hreinar tekjur	345.000	345.000	345.000
Greiðslubyrði lána	110.000	110.000	209.082
Annar fastur kostnaður	50.000	50.000	
Framfærslukostnaður	100.000	84.600	84.000
Afgangur	85.000	100.400	51.318
Breyting á mán.	-44.234		
Breyting á ári	-530.808		

	Fyrir lánveitingu	Miðað við framfærslu RFH	Miðað við kvörtun
Hreinar tekjur	345.000	345.000	345.000
Greiðslubyrði lána	10.000	10.000	209.082
Annar fastur kostnaður	50.000	50.000	
Framfærslukostnaður	155.766	84.600	84.600

Afgangur	129.234	200.400	51.318
Breyting á mán.			
Breyting á ári			

Varnaraðili telur ljóst að miðað við þær forsendur sem miðað sé við í kvörtuninni þá hefði greiðslugetan ætíð verið jákvæð. Það sé hins vegar ítrekað að engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni að afborgunin á hverjum mánuði hafi verið kr. 209.082 og að allar þær skuldbindingar hafi verið í greiðsluþjónustu hjá varnaraðila eða þá að skuldarar hafi lagt fram gögn sem hafi sýnt þessa upphæð þegar greiðslumatið hafi verið framkvæmt. Framangreint sé þó með öllu ósannað og séu því ofangreind dæmi eingöngu sett fram til að sýna að ef úrskurðarnefndin samþykki röksemdafærslu sóknaraðila þá breyti það því ekki að greiðslumatið hefði alltaf verið jákvætt og sýni greiðslusaga skuldabréfsins það. Hvað það varði að veðsalar hafi ekki skrifað á niðurstöðu greiðslumatsins þá vísar varnaraðili í yfirlýsingu þá sem veðsalar hafi skrifað undir á skuldabréfinu þar sem þau staðfesti að þau hafi kynnt sér bækling lánveitanda um sjálfskuldarábyrgðir og samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 máli sínu til stuðnings. Telur hann rétt að taka fram að úrskurðarnefndin hafi hingað til eingöngu horft til þess að í dóminum hafi ein af ástæðunum sem haft hafi áhrif á niðurstöðu hans hafi verið sú að í vitnaleiðslum hafi komið fram að stefnandi hefði veitt veð í fasteigninni hvort sem hún hefði fengið að sjá niðurstöðu greiðslumatsins eða ekki. Hins vegar hafi verið fleiri atriði sem dómurinn hafi byggt á, t.d. það að greiðslumat hafi verið jákvætt, eins og í þessu máli, lánveiting hafi verið í samræmi við greiðslugetu aðalskuldara, eins og í þessu máli, upplýsingabæklingur um notkun sjálfskuldarábyrgða á skuldum einstaklinga hafi ekki verið kynntur veðsala en þrátt fyrir það hafi ekki verið talið að veðsetningin væri ógild, hins vegar sé það þannig máli þessu að sóknaraðilar hafi staðfest að þau hafi kynnt sér upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir og efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þannig hafi það ekki eingöngu verið vitnaleiðslan sem hafi valdið því að veðsetningin hafi verið talin gild, fleiri atriði hafi spilað inn í sem til staðar séu í máli þessu.

Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðilar hafi ritað undir skjalið „Niðurstæða greiðslumats“ og hafi staðfest vilja sinn til að veita veð í fasteign sinni til tryggingar láni lántaka. Þar með hafi skylda 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga verið uppfyllt.

Varnaraðili telur aðstæður í máli þessu ekki sambærilegar máli nr. 127/2013, en þar hafi ábyrgðarmaður ekki ritað undir niðurstöður greiðslumats.

Vísar varnaraðili til þess að telji sóknaraðilar að varnaraðili hafi byggt á röngum forsendum við gerð greiðslumatsins verði þeir að færa sönnur á það með fullnægjandi hætti. Varnaraðili hafi uppfyllt þær skyldur samkomulagsins sem á hann hafi verið lagðar, greiðslumat hafi verið framkvæmt í samræmi við 3. gr., veðsalar hafi staðfest að þeim hafi verið kynnt það, sbr. 3. mgr. 4. gr. auk þess sem þeir hafi fengið og kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð eins og gert sé ráð fyrir í 4. gr. Tekið skuli fram að tiltölulegar fáar efnisreglur um greiðslumat hafi verið að finna í samkomulaginu og eftir því hafi lánveitendum verið unnt að móta eigin reglur þar að lútandi, þ.m.t. hvaða neysluviðmið hafi verið notuð o.s.frv. Af þeim sökum verði sá sem véfengi inntak greiðslumats eða forsendur að færa fyrir því gild rök á almennum grundvelli. Staðhæfingar skuldara sjálfs sem hafðar hafi verið uppi í tengslum við úrskurðarmál þetta um gerð greiðslumats beri að

skoða í því ljósi, að verði lánsveð talið gilt, geti hann átt von á endurkröfu lánsveðsala, leysi þeir til sín kröfu varnaraðila.

Þá vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012. Samkvæmt niðurstöðu dómsins hvíli ekki skylda á varnaraðila að geyma undirgögn sem notuð hafi verið við vinnslu greiðslumats þannig að þau verði aðgengileg sóknaraðila síðar.

Varnaraðili telur að um tómlæti sóknaraðila sé að ræða. Skuldabréfið hafi verið gefið út þann 12. desember 2005 en athugasemdir vegna framkvæmdar greiðslumats hafi ekki borist fyrr en í byrjun árs 2012 eða rétt rúmlega 6 árum eftir útgáfu skuldabréfsins. Vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 máli sínu til stuðnings. Með vísan til fordæmis Hæstaréttar sé eðlilegt að kvörtun sóknaraðila verði hafnað sökum tómlætis.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að C, með skuldabréfi nr. X, útgefnu af A og B til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar leitað var eftir veði í eign þriðja manns til tryggingar skuld við sparisjóðinn, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í máli þessu liggur fyrir fjárhagsyfirlit á A sem ber með sér að hafa verið breytt þann 6. desember 2005. Afgangur á mánuði var tilgreindur 129.234 fyrir lánveitingu og kr. 85.000 eftir lánveitingu. Samkvæmt fjárhagsyfirlitinu var framfærslukostnaður kr. 155.766 fyrir lánveitingu og kr. 100.000 eftir lánveitingu. Þá var greiðslubyrði lána fyrir lánveitingu kr. 10.000 en kr. 110.000 eftir lánveitingu.

Varnaraðili hefur enga grein gert fyrir því á hvaða gögnum greiðslumatið var reist. Hann hefur heldur engum stöðum rennt undir réttmæti þess. Þótt ekki verði gerðar kröfur til þess að fjármálafyrirtæki varðveiti til lengri tíma gögn, sem liggja slíkum greiðslumötum til grundvallar, verður að ætlast til að það geti upplýst um á hvaða gögnum helst hafi verið byggt, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 127/2013. Virðist sú krafa sérstaklega nærtæk þegar fram lagt fjárhagsyfirlit er bæði mótsagnakennt og í ósamræmi við samtímagögn um fjárhag viðkomandi lántaka.

Sóknaraðilar hafa lagt fram greiðsluseðla og greiðslukvittanir vegna lána sem A hafði tekið í desember 2005. Samkvæmt þeim greiðsluseðlum var greiðslubyrði lána rúmlega 130.000 í desember 2005, en ekki kr. 10.000 svo sem gert var ráð fyrir í

fjárhagsyfirlitinu. Þá var greiðslubyrði af umþrættu láni rúmlega kr. 60.000, en ekki kr. 100.000, sbr. fjárhagsyfirlitið.

Varnaraðili hefur ennfremur ekki skýrt þann mun sem byggt var á að yrðir á framfærslukostnaði við lánveitinguna en hann lækkaði um kr. 55.766, eftir lánveitingu í forsendum greiðslumatsins.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki ráðið að fullnægjandi greiðslumat hafi verið framkvæmt í umrætt sinn, enda er t.a.m. sú greiðslubyrði lána sem tilgreind er fyrir og eftir lánveitingu í engu samræmi við greiðslubyrði lánsins samkvæmt greiðsluseðli.

Með vísan til framangreinds og miðað við skyldur sem á varnaraðila sem fjármálafyrirtæki hvíldu þegar greiðslumatið var gert og það traust, sem sóknaraðilar máttu hafa til vinnubragða fyrirtækisins, verður fallist á að vegna framangreindra atvika og efnis loforðsins sé ósanngjarn af varnaraðila að bera fyrir sig samþykki sóknaraðila á því að veita veðleyfi fyrir skuldabréfinu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 127/2013.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að dómur Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu, enda réðist niðurstaða umrædds máls einkum af því að í skýrslu stefnanda málsins fyrir dóminum kom fram að það hefði engu breytt þótt henni hefði verið kynnt efni umrædds greiðslumats áður en hún skrifaði undir skuldabréfið. Í máli því sem nú er um rætt liggur ekki fyrir hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir lántaka eftir að hafa kynnt sér mat á greiðslugetu hans að fengnum leiðbeiningum um að það stæði til boða. Virðist útilokað að draga þá ályktun af dómnum að hafi niðurstaða greiðslumats verið jákvæð, skipti ekki máli hvort hún hafi verið kynnt veðsala eða fyrrgreindar skyldur lánveitanda hunsaðar.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðilum varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna þeim greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu þeirra. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðilar hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að sjálfskuldarábyrgð þeirra verði látin standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013, þar sem ekki var fallist á að um tómlæti væri að ræða þegar um níu ár liðu frá því gengist var í ábyrgð þar til gerðar voru athugasemdir við ábyrgðina.

Í ljósi framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að telja að rétt sé að ógilda veðsetningu fasteignar sóknaraðila með skuldabréfi nr. X.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning fasteignar sóknaraðila, M og N, að C, með skuldabréfi nr. X, útgefnu af A og B til FF, er ógild.

Reykjavík, 30. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 30. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 35/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 12. apríl 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 12. apríl 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. apríl 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 13. maí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. maí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 26. maí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. og 30. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 8. september 2008 var erlent myntkөрfulán að fjárhæð kr. 30.000.000, í 50% CHF og 50% EUR gefið út af sóknaraðila og A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Lánið var afgreitt og greitt til lántaka 12. september 2008. Samkvæmt skilmálum veðskuldabréfsins skyldi endurgreiða skuldina með 360 afborgunum á eins mánaðar fresti, þeirri fyrstu þann 1. nóvember 2008. Vextir lánsins voru tilgreindir 8,77%, þ.a. grunnkjörvextir 6,67% og vaxtaálag 2,10%.

Í byrjun október 2008 kom sóknaraðili í bankann og ætlaði að borga kr. 13.500.000 inn á erlent lán en samkvæmt tölvupósti starfsmanns varnaraðila fékkst ekki gjaldeyri til að inna greiðsluna af hendi.

Þann 7. október 2008 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins þannig að lánið skyldi greiða með 120 afborgunum á þriggja mánaða fresti, þeirri fyrstu þann 1. janúar 2009. Að öðru leyti skyldu ákvæði skuldabréfsins standa óbreytt.

Þann 16. desember 2008 var gerð breyting á greiðsluskilmálum veðskuldabréfsins er varðaði frestun afborgana og vaxta, þannig að fyrsti gjalddagi yrði 1. apríl 2009 í stað 1. janúar. Fram kom að áfallnir vextir frá síðasta gjalddaga lánsins, 18. nóvember 2008 til og með 1. janúar 2009 skyldu leggjast við höfuðstól lánsins og mynda nýjan höfuðstól. Vextir af nýjum höfuðstól reiknuðust frá 1. janúar 2009. Tiltekið var að útgefanda væri kunnugt um að þegar greiðsla afborgana og vaxta hæfist að nýju yrði hver greiðsla á gjalddaga hærri en samkvæmt núverandi endurgreiðsluferli sem næmi hlutfalli af höfuðstólsfærðum vöxtum og færri heildarfjölda afborgana.

Þann 30. mars 2009 var gerð breyting á greiðsluskilmálum veðskuldabréfsins á þann hátt að gjalddagi fyrstu afborgunar skyldi vera 1. október 2009. Jafnframt var kveðið á um tvo sérstaka vaxtagjalddaga vegna vaxta sem reiknuðust frá 2. janúar 2009, þ.e. þann 1. apríl 2009 og hins vegar þann 1. júlí 2009.

Þann 7. október 2009 var gerð breyting á greiðsluskilmálum veðskuldabréfsins á þann hátt að gjalddagi fyrstu afborgunar skyldi vera 1. janúar 2010. Jafnframt var kveðið á um þrjú sérstaka vaxtagjalddaga vegna vaxta sem reiknuðust frá 1. júlí 2009, þ.e. þann 1. október, 1. nóvember og 1. desember 2009. Í öllum tilvikum skyldu ákvæði skuldabréfsins haldast óbreytt að öðru leyti.

Þann 3. febrúar 2011 birti varnaraðili endurútreikning fyrir lánið, sem gerður var á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða X laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, í samræmi við 18. gr. sömu laga.

Þann 19. apríl 2011 undirrituðu lántakar nýtt veðskuldabréf, til að staðfesta breytingu á fjárhæð skuldarinnar. Fjárhæð þess var kr. 33.195.887, í samræmi við niðurstöðu endurútreikningsins þann 22. mars 2011.

Árið 2012 féllu dómur í Hæstarétti varðandi endurútreikning gengistryggðra lána. Hluti gengistryggðra lána varnaraðila féll að mati bankans, undir niðurstöðu dóma Hæstaréttar og hófst bankinn í kjölfarið handa við að endurreikna viðkomandi lán á nýjan leik. Um var að ræða endurskoðun á fyrri endurútreikningi sem gerður var í samræmi við 18. gr. laga nr. 38/2001. Við endurskoðun á endurútreikningi var hvert lán endurreiknað frá stofndegi þess og þangað til ætla mátti að lántaka hafi verið kunnugt um ólögmæti þess. Endurútreikningurinn var gerður með þeim hætti að afborgunarhluti hvernar greiðslu, sem innt hafði verið af hendi vegna lánsins á framangreindu tímabili, var færður til frádráttar upphaflegum höfuðstól lánsins í íslenskum krónum, sem bar ekki verðbætur af neinum toga. Hefði lánið verið í skilum teldust vextir að jafnaði að fullu greiddir vegna þessa tímabils. Frá dagsetningu sem ætla mátti að lántaka hafi verið kunnugt um ólögmæti lánsins bar það óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands.

Þann 19. mars 2013 birti varnaraðili endurskoðaðan endurútreikning fyrir lánið. Niðurstaðan var sú að miðað við hinn 18. mars 2013 var nýr höfuðstóll lánsins kr. 19.727.511 og var lánið leiðrétt um þá fjárhæð þann sama dag.

Þann 27. mars 2013 kveðst sóknaraðili hafa borið fram kvörtun sína við varnaraðila. Varnaraðili hafnaði kvörtuninni þann 8. apríl 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 12. apríl 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurreikni vexti á fyrstu þremur mánuðum og 15 dögum af gengistryggðu láni sem hann tók í september 2008. Umrætt vaxtatímabil sé frá 15. september 2008 til 1. janúar 2009.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt endurútreikningi sem honum hafi verið birtur í mars 2013 hafi bankinn reiknað kr. 1.672.917 í vexti á framangreindu þriggja og hálfmánaðar tímabili. Það sé mun hærri upphæð en samningsvextir hafi kveðið á um, en þeir hafi átt að vera kr. 618.151 á umræddu tímabili. Mismunurinn sé því kr. 1.054.766 sem sóknaraðili krefst að verði leiðréttur.

Sóknaraðili vísar til þess að bankinn og stjórnvöld hafi hvatt viðskiptavinum í kjölfar hrunsins til þess að frysta afborganir og vexti á myntkórfulánum tímabundið þar til eðlileg virkni kæmist á gjaldeyrismarkaðinn, enda hafi lánin snarhækkað á örfáum dögum og valdið skelfingu hjá lántakendum. Sérstaklega hafi verið tekið fram að slík frysting myndi ekki hafa áhrif á lánin að neinu öðru leyti og að lántakendur myndu ætíð njóta betri réttar kæmi upp val um slíkt.

Sóknaraðili kveðst vegna fyrrnefndrar óvissu og hvatningar hafa gert samning við bankann um að frysta fyrstu afborgun af láninu sem hann hafi þá nýtekið og hafi ekki mátt greiða inn á. Þegar frystingin hafi verið gerð hafi það verið skilningur beggja aðila að fullur greiðsluvilji væri til staðar og að lánið væri í fullum skilum, enda ekki um neina breytingu á samningskjörum að ræða og ákvæði skuldabréfsins óbreytt. Samningurinn hafi því einungis náð til frestunar á greiðslu afborgunar lánasamningsins en ekki til breytinga á öðrum kjörum skuldabréfsins. Samkomulögum um frystingar hafi að öllu jöfnu verið þinglýst og það því samningsbundið samkomulag beggja aðila. Slíkur samningur hljóti að teljast fullnaðarkvittun á greiðslum í samræmi við samkomulagið.

Sóknaraðili telur útilokað að líta svo á að bankinn geti vísað í aðra vexti en samningsvexti á þessu stutta frystingartímabili við upphaf lántöku. Bendir sóknaraðili á að í dómum Hæstaréttar hafi verið áréttað að hafi lánið verið í skilum teljist vextir að jafnaði að fullu greiddir fyrir lánstímabilið og það eigi við um lán hans.

Sóknaraðili mótmælir því að skilmálabreytingin frá 7. október 2008 um tíðni afborgana hafi eitthvert vægi í ágreiningnum við bankann enda alveg órökstutt af bankans hálfu. Skilmálabreytingar geti vissulega haft áhrif í ágreiningi sem þessum hafi lán verið í vanskilum en svo hafi ekki verið í þessu tilfalli.

Sóknaraðili telur það rétt sem fram komi í athugasemdaskjali varnaraðila að óheimilt sé að reikna vexti afturvirkir hafi lán verið í skilum og því sé rétt að leggja áherslu á það. Fullur greiðsluvilji og full greiðslugeta sóknaraðila hafi ætíð verið til staðar og lánið hafi alltaf verið í skilum. Skilmálabreytingarnar á láninu hafi verið gerðar í fullu samkomulagi við bankann, undir hans leiðsögn og samkomulagið sem báðir aðilar hafi samþykkt með undirskrift sinni hafi sóknaraðili efnt að fullu. Það sé því að sönnu ígildi fullnaðarkvittunar um að lánið hafi verið í skilum enda hafi bankinn aldrei sýnt fram á annað.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili bendir á að kvörtun sóknaraðila lúti einvörðungu að því með hvaða hætti bankinn hafi endurreiknað lán lántaka á tímabilinu 15. september 2008 til 1. janúar 2009. Á

umræddu tímabili hafi bankinn reiknað óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands fyrir lánið og lagt við höfuðstól þess í lok tímabilsins, samtals kr. 1.672.917.

Varnaraðili telur óumdeilt að á umræddu tímabili hafi engir vextir verið greiddir af láninu. Ástæðuna fyrir því megi rekja til þess að þann 7. október 2008, tæpum mánuði eftir útgáfu veðskuldabréfsins hafi verið gerð breyting á greiðsluskilmálum þess á þann hátt að lánið skyldi greiða með 120 afborgunum á þriggja mánaða fresti, þeirri fyrstu þann 1. janúar 2009, í stað upphaflegra skilmála. Það sé afstaða bankans að á því vaxtatímabili hafi lántaki enga fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta, enda hafi lántaki sannanlega enga vexti greitt til bankans fyrir nefnt tímabil.

Vísar varnaraðili til þess að á árinu 2012 hafi tveir dómur fallið í Hæstarétti sem báðir hafi varðað endurútreikning á ólögum gengistryggðum lánunum. Um sé að ræða dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012. Með dómunum hafi verið talið að ákvæði 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu væri andstætt stjórnarskrá að því leyti sem þau hafi lotið að afturvirkum vaxtaútreikningi, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Dómarnir mæli nánar tiltekið fyrir um að lánveitanda sé óheimilt við endurútreikning gengistryggðra lána, að krefja lántaka um hærri vexti en hann hafi sannanlega greitt, enda hafi hann fullnaðarkvittun fyrir greiðslu umræddra vaxta. Mikilvægt sé að hafa í huga að ákvæði laga nr. 38/2001 standi að öðru leyti óhögguð en ákvæði 18. gr. laganna hafi að geyma fyrirmæli um hvernig uppgjöri vegna endurútreiknings gengistryggðra lána skuli háttáð.

Varnaraðili bendir á að í ákvæði 3. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 komi fram að vexti samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laganna, þ.e. óverðtryggðir vextir Seðlabanka Íslands skv. 1. máls. 4. gr. laganna, skuli reikna frá og með stofnþegi peningakröfu. Þetta megi einnig leiða af dómum Hæstaréttar í málum nr. 471/2010 og 600/2011. Meginreglan sé sú að ólögum gengistryggð lán skuli bera óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands frá stofnþegi lánsins. Þetta megi bæði ráða af dómum Hæstaréttar og lögum nr. 151/2010, sem hafi breytt ákvæðum laga nr. 38/2001. Undantekning frá meginreglunni gildi ef lántaki teljist hafa fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta, enda hafi hann greitt í samræmi við greiðslufyrirmæli fjármálafyrirtækis.

Varnaraðili kveður það mat bankans að við endurskoðun á endurútreikningi láns sóknaraðila sé bankanum skylt að endurreikna lánið með óverðtryggðum vöxtum Seðlabanka Íslands frá stofnþegi þess. Fyrir þau vaxtatímabil sem lántaki hafi sannanlega greitt aðra fjárhæð í vexti, í samræmi við greiðslutilkynningar bankans, sé bankanum þó óheimilt að reikna óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands á lánið enda hafi lántaki í slíkum tilvikum fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta. Í tilviki vaxtatímabilsins 15. september 2008 til 1. janúar 2009 hafi lántakar sem fyrr segir enga fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta enda hafi engir vextir verið greiddir til bankans fyrir umrætt tímabil.

Varnaraðili telur að þótt samið hafi verið við lántaka um frestun á fyrstu tveimur gjalddögum lánsins, með skilmálabreytingunni sem gerð hafi verið 7. október 2008 geti hann ekki talist hafa fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta á tímabilinu 15. september 2008 til 1. janúar 2009, í skilningi dóma Hæstaréttar í málum nr. 471/2010 og 600/2011. Telja verði að þegar sú skilmálabreyting hafi verið gerð hafi báðir aðilar lagt til grundvallar rangar forsendur um fjárhæð vaxta og höfuðstóls skuldarinnar. Með síðar tilkomnum dómi Hæstaréttar og lögum nr. 151/2010 hafi komið í ljós að ákvæði veðskuldabréfsins og skilmálabreytinganna um vexti skyldu taka breytingum sem af þeim leiddi.

Bankinn mótmælir því að yfirlýsingar hans um betri rétt geri það að verkum að bankinn hafi fyrirgert rétti sínum til að endurreikna lán lántaka hjá bankanum í samræmi við lög og dóma Hæstaréttar.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi á vöxtum á skuldabréfi sóknaraðila, útgefnu 8. september 2008 til FF, fyrir tímabilið 15. september 2008 til 1. janúar 2009.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu skal peningakrafa bera vexti skv. 1. másl. 4. gr. sömu laga ef sammingsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti teljast ógild. Hið sama á við ef samningur kveður á um verðtryggingu skuldar samhliða vaxtaákvæðum, og annað tveggja er ógilt, og skulu þá bæði ákvæði sammingsins um vexti og verðtryggingu fara eftir því sem kveðið er á um í 4. gr. Í 4. gr. laga nr. 38/2001 kemur fram að þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 var til úrlausnar hvernig færi um vexti af skuldbindingum með gengistryggingu. Niðurstaðan var að í stað umsaminna LIBOR vaxta skyldu vextir miðast við 4. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Niðurstaða dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012 var sú að vextir af gengistryggðum skuldbindingum töldust fullgreiddir samkvæmt fullnaðarkvittun kröfuhafa. Sá síðastnefndi gæti ekki krafið skuldara um greiðslu vaxta umfram þá erlendu vaxtaviðmiðun, sem hann hafði greitt. Rangur lagaskilningur aðila, sem lá til grundvallar lögskiptum þeirra um vaxtakjör, yrði ekki leiðréttur aftur í tímann heldur einungis vegna vaxta til framtíðar. Þessir dómur veita hins vegar ekki afdráttarlausu vísbendingu um hvernig fara ber með þegar kröfuhafi og skuldari hafa orðið ásáttir um að semja upp á nýtt um áfallna vexti.

Sóknaraðili og A gáfu út skuldabréf að fjárhæð kr. 30.000.000 þann 8. september 2008. Þann 16. desember 2008 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins er varðaði frestun afborgana og vaxta. Tiltekið var að vextir frá síðasta gjalddaga lánsins, 18. nóvember 2008 til og með 1. janúar 2009, skyldu leggjast við höfuðstól lánsins og mynda nýjan höfuðstól. Varnaraðili endurreiknaði umrætt lán en samkvæmt endurreikningum voru vextir á tímabilinu 15. september 2008 til 1. janúar 2009 óverðtryggðir vextir Seðlabanka Íslands, sbr. 18. gr. og 4. gr. laga nr. 38/2001.

Af framansögðu er ljóst að hefðbundin fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxta hefur ekki verið gefin út vegna umrædds skuldabréfs vegna tímabilsins 15. september 2008 til 1. janúar 2009. Þegar litið er til þess að sóknaraðili var í fullum skilum með lánið þegar samið var um þessa breytingu og hafði bæði vilja og getu til að greiða af því, virðist nærtækast að líta svo á að hann hafi með umræddri skilmálabreytingu og eftirfarandi greiðslum innt af hendi greiðslu í samræmi við kröfu varnaraðila. Verði að líta svo á að hann hafi með þessu gert umrætt vaxtatímabil upp og að varnaraðili hafi fallist á það uppgjör með þeim hætti að réttaráhrifin hljóti að verða þau sömu og ef greiðsla hefði þá þegar verið innt af hendi.

Að þessu athuguðu verður fallist á kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðila, F, ber að endurreikna vexti á gengistryggðu láni sóknaraðila, M, samkvæmt skuldabréfi útgefnu 8. september 2008 frá 15. september 2008 til 1. janúar 2009.

Reykjavík, 30. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2013, föstudaginn 21. júní, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 36/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 19. apríl 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 19. apríl 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. apríl 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 6. maí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. maí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 15. maí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 21. júní 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 20. janúar 2005 skrifaði A undir skjalið „Lánsumsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. X“. Gert var ráð fyrir undirskrift veðsala á skjalið en hann hefur ekki skrifað undir. Sótti A um lán að fjárhæð kr. 4.400.000 hjá F, sem tryggt skyldi með veði í fasteign sóknaraðila að B. Samkvæmt greiðslumat á skjalinu var matsverð eigna alls, skuldir alls og hrein eign kr. 0. Ráðstöfunartekjur fjölskyldu voru mánaðarlega kr. 150.004 og árlega kr. 1.800.044, greiðslubyrði af öðrum lánnum var kr. 43.817 mánaðarlega og árlega kr. 527.000, greiðslubyrði af nýju láni var kr. 23.556 mánaðarlega og kr. 282.670 árlega. Greiðslubyrði samtals var kr. 67.473 mánaðarlega og kr. 808.670 árlega. Áætlaður framfærslukostnaður og föst útgjöld voru mánaðarlega kr. 80.400 og árlega kr. 964.800. Ráðstöfunartekjur eftir framfærslu og greiðslu lána voru mánaðarlega kr. 51.490 og árlega kr. 617.875.

Þann 20. janúar 2005 var gert greiðslumat á A með sömu niðurstöðu og að framan greinir.

Þann 20. janúar 2005 var veðskuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 4.400.000, gefið út af A til F. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur F skv. skuldabréfinu. Fasteign sóknaraðila að B, var sett að veði á 4. veðrétti til tryggingar skuldinni.

Fyrir liggur að framangreint lán var í skilum frá útgáfu þess til 1. júlí 2011.

Þann 31. janúar 2013 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila þar sem þess var óskað að umrædd ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 19. apríl 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að veðsetning á B vegna lánveitingar nr. X verði ógilt og afmáð af umræddri fasteign.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi ekki farið eftir þágildandi reglum við stofnun umræddrar ábyrgðarskuldbindingar, hann hafi ekki kynnt sóknaraðila þau réttindi og skyldur sem fylgi því að gerast ábyrgðarmaður vegna skulda þriðja aðila. Bendir sóknaraðili á að varnaraðili hafi ekki kynnt honum niðurstöður greiðslumats aðalskuldara vegna umræddrar lánveitingar, þá hafi efni upplýsingabæklings um persónuábyrgðir og veðtryggingar ekki verið kynnt sóknaraðila, enda hafi hann ekki staðfest það með undirritun sinni.

Sóknaraðili bendir á að bankinn noti dóm Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 til stuðnings máli sínu, þrátt fyrir að afstaða sóknaraðila liggja ekki ljós fyrir. Þetta líti út eins og bankinn geri ráð fyrir málavöxtum eftir hentugleika.

Þá beri bankinn fyrir sig tómlæti af hálfu sóknaraðila og nefni til stuðnings dóm Hæstaréttar í máli nr. 575/2012. Sóknaraðili bendir á að í umræddu máli hafi verið um að ræða 6 ára athafnaleysi ábyrgðarmanns sem hafi á sínum tíma verið upplýstur um réttindi og skyldur með upplýsingabæklingi fjármálafyrirtækis. Sóknaraðili vísar til þess að honum hafi aldrei verið kynnt réttindi hans og skyldur þegar hann hafi gerst ábyrgðarmaður. Kveðst sóknaraðili ekki hafa vitað að hann gæti leitað réttar einhvers staðar fyrr en í lok árs 2012.

Sóknaraðili telur vinnubrögð varnaraðila ekki í samræmi við ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og með háttsemi sinni hafi varnaraðili brotið gegn neytendarétti sóknaraðila sem varinn sé í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili telur í upphafi réttast að horfa til markmiðs samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Markmið samkomulagsins sé að lánveitingar séu í samræmi við greiðslugetu greiðanda, í þessu tilviki í samræmi við greiðslugetu A. Hafi skuldabréfið verið í skilum frá útgáfu þess til 1. júlí 2011 og því ljóst að það hafi verið í skilum í 6 ár frá útgáfu þess og markmiði samkomulagsins því náð, þ.e. lánveiting hafi verið í samræmi við greiðslugetu greiðanda.

Varnaraðili telur að sé horft til framangreinds sé ljóst að niðurstaða greiðslumatsins hafi verið rétt, þ.e. að greiðslugeta hafi verið til staðar til að standa undir skuldbindingu þeirri sem A hafi gengist við með útgáfu skuldabréfs nr. X. Hafi verið greitt af skuldabréfinu í 6 ár þrátt fyrir að t.d. vísitalan 2005 hafi verið töluvert lægri en hún hafi verið er bréfið hafi fallið í vanskil. Þá hafi orðið töluverðar breytingar á fjármálakerfi landsins árið 2008 sem hafi haft afdrifarík áhrif á skuldbindingar landsmanna og fjárhag þeirra almennt. Þrátt fyrir þetta hafi skuldabréfið haldist í skilum fram til 2011. Miðað við framangreind atriði og þá

staðreynd að bréfið hafi haldist í skilum allan þennan tíma sé ljóst að greiðslumatið hafi sýnt rétta niðurstöðu, þ.e. að greiðslugeta væri til staðar.

Þá telur varnaraðili vert að geta þess hvernig samkomulagið sé orðað. Notað sé „Ráðstöfunarfé“ en ekki ráðstöfunartekjur. Ástæðan fyrir því að samkomulagið sé orðað svo vítt sé til að halda því opnu að greiðandi hafi aðgang að fé sem stafi ekki alltaf eingöngu frá tekjum hans heldur geti þar komið til skoðunar ýmsir styrkir, bætur o.fl. til fallandi sem greiðandi geti nýtt til að halda skuldbindingum sínum í skilum.

Varnaraðili bendir á dóm Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 máli sínu til stuðnings. Tekur varnaraðili sérstaklega fram að úrskurðarnefndin hafi hingað til eingöngu horft til yfirlýsingar veðsala þess máls fyrir dómi þegar fordæmið hafi verið túlkað fyrir nefndinni. Bendir varnaraðili á að það hafi verið mun fleiri atriði en eingöngu vitnaleiðslan sem hafi orðið til þess að veðsetningin hafi verið metin ógild.

Varnaraðili telur að um tómlæti sóknaraðila sé að ræða. Skuldabréfið hafi verið gefið út þann 20. janúar 2005 en athugasemdir vegna framkvæmdar greiðslumats hafi ekki borist fyrr en í byrjun árs 2013 eða rétt rúmlega 8 árum eftir útgáfu skuldabréfsins. Vísar varnaraðili máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012. Bendir varnaraðili á að við útgáfu skuldabréfs nr. X hafi verið tryggt að ábyrgðarmaður gæti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann hafi gengist í ábyrgðina, enda hafi legið fyrir að greiðandi hafi samþykkt það, sjá skjal „Lánumsókn“ og „Greiðslumat“. Ljóst sé því að ákvæðum samkomulagsins hafi verið fylgt til hlítar, veðsali hafi ekki sýnt fram á að jákvæð niðurstaða hefði orðið til þess að hann hefði hætt við að veðsetja B.

Þá vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili sé fullorðinn, fjárráða einstaklingur sem hafi mátt skilja hvaða afleiðingar veðsetning á fasteign hans vegna skuldabréfs nr. X hefði í för með sér.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að B, með skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til F.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. F var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. F bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar leitað var eftir veði í eign þriðja manns til tryggingar skuld við bankann, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í málinu liggur fyrir skjalið „Lánumsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. X“. Á skjalinu var greiðslumat á A og kom m.a. fram að ráðstöfunartekjur á mánuði eftir framfærslu og greiðslu lána væru kr. 51.490. A skrifaði undir lánumsóknina en veðsali skrifaði ekki undir. Ljóst er að varnaraðili framkvæmdi greiðslumat í umrætt sinn og uppfyllti þannig skilyrði 3. gr. samkomulagsins að því leyti.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til sjálfskuldarábyrgðar eða veðsetningar er stofnað. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar.

Í 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklingsins og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í máli þessu liggur fyrir að sóknaraðila var hvorki kynnt niðurstaða greiðslumats né upplýsingabæklingur um ábyrgðir, sbr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þá var sóknaraðila ekki bent á þann möguleika að kynna sér greiðslumatið eða gögn því til grundvallar.

Ljóst er að með því að afhenda sóknaraðila ekki upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar var ekki tryggt að sóknaraðili væri að fullu upplýstur um það hvað í því felst að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 10/2011 og 62/2012.

Þegar atvik málsins eru metin heildstætt verður að líta til þess hvernig forveri varnaraðila hunsaði þær skyldur sem hann hafði tekið á sig með umræddu samkomulagi. Lánveitanda bar að kynna ábyrgðarmanni upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og niðurstöðu greiðslumats. Ástæða þess að lánastofnanir undirgengust þessar skyldur er augljóslega sú að þannig var leitast við að tryggja eftir föngum að ábyrgðarmenn væru meðvitaðir um þýðingu skuldbindinga sinna, en með umræddu samkomulagi voru settar meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum. Í gögnum málsins er hins vegar ekki að sjá viðleitni í þá átt að upplýsa sóknaraðila um þýðingu skuldbindinga sinna eða stöðu lántaka. Verður því talið að forsendur séu til að víkja veðsetningu fasteignar sóknaraðila að B með skuldabréfi nr. X til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 61/2012, 97/2012 og 191/2012.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að dómur Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu, enda réðist niðurstaða umrædds máls einkum af því að í skýrslu stefnanda málsins fyrir dóminum kom fram að það hefði engu breytt þótt henni hefði verið kynnt efni umrædds greiðslumats áður en hún skrifaði undir skuldabréfið. Í máli því sem nú er um rætt liggur ekki fyrir hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir lántaka eftir að hafa kynnt sér mat á greiðslugetu hans að fengnum leiðbeiningum um að það stæði til boða. Virðist útilokað að draga þá ályktun af dómnum að hafi niðurstaða greiðslumats verið jákvæð, skipti ekki máli hvort hún hafi verið kynnt veðsala eða fyrrgreindar skyldur lánveitanda hunsaðar.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna honum greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hans. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tomlæti sem leiði til þess að sjálfskuldarábyrgð hans verði

látin standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013, þar sem ekki var fallist á að um tómlæti væri að ræða þegar um níu ár liðu frá því gengist var í ábyrgð þar til gerðar voru athugasemdir við ábyrgðina.

Í ljósi alls framangreinds er fallist á með sóknaraðila að veðsetning fasteignar hans að B, með skuldabréfi nr. X, sé ógild með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning fasteignar sóknaraðila, M, að B, með skuldabréfi nr. X, er ógild.

Reykjavík, 21. júní 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 16. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 37/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 19. apríl 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 18. apríl 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. apríl 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 28. maí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. maí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 5. júní 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 30. apríl 2007 var skuldabréf nr. X gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteign sóknaraðila að B var sett að veði á 2. veðrétti til tryggingar skuldinni. Eftirfarandi texti kom fram á skuldabréfinu: „*Veðsali staðfestir hér með undirritun sinni að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en FF er aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.*“ Gert var ráð fyrir undirritun veðsala fyrir neðan, en þar hefur sóknaraðili ekki ritað.

Þann 30. apríl 2007 undirritaði útgefandi skuldabréfsins, A, niðurstöður fasteignalánamats. Fram kom að áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda væri kr. 11.248 á mánuði. Eignastaða var kr. 1.966.896. Tiltekið var að fjármögnun teldist takast.

Þann 3. júní 2009 og 30. júlí 2010 skrifaði sóknaraðili m.a. undir breytingu á greiðsluskilmálum umrædds skuldabréfs.

Sóknaraðila hafa borist tilkynningar um vanskil skuldabréfs nr. X, dags. 7. september 2009, 1. október 2009, 7. október 2009, 30. október 2009, 6. nóvember 2009, 8. desember 2009, 7. janúar 2010, 7. apríl 2010, 7. júní 2010, 30. júní 2010, 7. júlí 2010, 8. júní 2011, 1. júlí 2011 og 8. júlí 2011.

Umboðsmaður skuldara sendi varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila og óskaði eftir því að afstaða yrði tekin til gildis ábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X. Þann 15. febrúar 2013 kvað varnaraðili ábyrgðina gilda.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 18. apríl 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að veðsetning fasteignar hennar með skuldabréfi nr. X verði felld úr gildi.

Kveður sóknaraðili framkvæmd varnaraðila við stofnun umræddrar ábyrgðar ekki hafa verið í samræmi við samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Bendir sóknaraðili á að varnaraðili hafi ekki kynnt henni niðurstöður greiðslumats aðalskuldara vegna umræddrar lánveitingar. Þá hafi henni ekki verið kynnt réttindi hennar sem veðsala, þ.e. efni upplýsingabæklings varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, enda hafi hún ekki staðfest það með undirritun sinni. Með framangreindri háttsemi hafi varnaraðili brotið á neytendarétti hennar sem varinn sé í 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Sóknaraðili telur að hefði henni verið kynnt greiðslugeta aðalskuldara upp á kr. 11.248 á mánuði myndi hún hafa endurskoðað ákvörðun sína um að gerast ábyrgðarmaður þar sem hún teldi að þessi upphæð byði ekki upp á örugga greiðslugetu.

Bendir sóknaraðili á að í svari varnaraðila sé getið um að hún hafi sýnt af sér tómlæti með því að hafa ekki gert athugasemd við veðsetninguna fyrr en í febrúar 2013. Kveður sóknaraðili ástæðu þess vera þá að henni hafi ekki verið kynntur framangreindur upplýsingabæklingur. Þegar henni hafi borist bréf um vanskil hafi hún alltaf haft samband við aðalskuldara til að óska eftir því að hann kæmi málum sínum í lag. Henni hafi ekki verið kunnugar réttar boðleiðir fyrr en hún hafi fengið ábendingu þar um frá embætti umboðsmanns skuldara á árinu 2013.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur í upphafi rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli það í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi

samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísað sé til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áðurnefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá sé jafnframt vísað til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í máli nr. 10/2011.

Bendir varnaraðili á að í máli því sem hér sé til umfjöllunar liggi fyrir að greiðslumat hafi verið framkvæmt vegna lántöku skuldara. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda veðskuldabréfsins. Samkvæmt áðurnefndu veðskuldabréfi hafi sóknaraðili ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „*Veðsali staðfestir hér með undirritun sinni að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklinga FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en FF er aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.*“ Samkvæmt þessu hafi sóknaraðili kynnt sér efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir áður en hún hafi undirritað umrætt veðskuldabréf, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Varnaraðili bendir á að það verði að teljast fremur ólíklegt að það hafi verið ákvörðunarástæða eða eftir atvikum forsenda fyrir sóknaraðila þegar hún hafi gengist í umrædda ábyrgð að hún fengi upplýsingar um greiðslugetu greiðanda enda um bróður sóknaraðila að ræða. Þá verði jafnframt að telja afar ólíklegt að sóknaraðili hefði vikist undan því að gangast í umrædda ábyrgð hefði hún fengið upplýsingar um niðurstöðu greiðslumats áður en umrætt veðskuldabréf hafi verið undirritað. Greiðslumatið hafi enda verið jákvætt og gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda veðskuldabréfsins.

Með vísan til þess sem að framan hafi verið rakið telur varnaraðili að hann hafi í öllum meginatriðum farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001 og að meintir annmarkar sem nefndir séu í kvörtuninni eigi ekki að leiða til ógildingar framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar. Vísað sé til niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 um gildi lánsveðs. Einnig vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 og til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila fallna niður vegna tómlætis af hennar hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir skuldabréfið 30. apríl 2007 og fyrst hafi verið gerðar athugasemdir við veðsetninguna með bréfi umboðsmanns skuldara í febrúar 2013, eða tæpum fimm árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Þá hafi sóknaraðili ritað undir skilmálabreytingar á framangreindu veðskuldabréfi 3. júní 2009 og 30. júlí 2010 og hafi mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 7. september 2009, 1. október 2009, 7. október 2009, 30. október 2009, 6. nóvember 2009, 8. desember 2009, 7. janúar 2010, 7. apríl 2010, 7. júní 2010, 30. júní 2010, 7. júlí 2010, 8. júní 2011, 1. júlí 2011 og 8. júlí 2011, þar sem henni hafi verið tilkynnt um vanskil vegna umrædds veðskuldabréfs og hafi engar athugasemdir verið gerðar af hennar hálfu í kjölfarið. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til áðurnefnds dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili ábyrgðaryfirlýsingu þá sem sóknaraðili hafi gengist í til tryggingar áðurnefndu veðskuldabréfi gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að B, með skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar leitað var eftir veði í eign þriðja manns til tryggingar skuld við bankann, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í málinu liggur fyrir skjalið „Niðurstöður fasteignalánamats“. Á skjalinu var greiðslumat á A og kom m.a. fram að áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda væri kr. 11.248 á mánuði. A skrifaði undir niðurstöður greiðslumats en veðsali skrifaði ekki undir. Ljóst er að varnaraðili framkvæmdi greiðslumat í umrætt sinn og uppfyllti þannig skilyrði 3. gr. samkomulagsins að því leyti.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til sjálfskuldarábyrgðar eða veðsetningar er stofnað. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar.

Í 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklingins og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Samkvæmt skuldabréfi nr. X var sérstaklega gert ráð fyrir að veðsali staðfesti með undirritun sinni að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklingins varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila. Staðfesti sóknaraðili það ekki með undirritun sinni. Verður því að líta svo á að sóknaraðili hafi hvorki verið kynnt niðurstaða greiðslumats né upplýsingabæklingur um ábyrgðir, sbr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þá var sóknaraðila ekki bent á þann möguleika að kynna sér greiðslumatið eða gögn því til grundvallar.

Ljóst er að með því að afhenda sóknaraðila ekki upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar var ekki tryggt að sóknaraðili væri að fullu upplýst um það hvað í því felst að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 10/2011 og 62/2012.

Þegar atvik málsins eru metin heildstætt verður að líta til þess hvernig forveri varnaraðila hunsaði þær skyldur sem hann hafði tekið á sig með umræddu samkomulagi. Lánveitanda bar að kynna ábyrgðarmanni upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og niðurstöðu greiðslumats. Ástæða þess að lánastofnanir undirgengust þessar skyldur er augljóslega sú að þannig var leitast við að tryggja eftir föngum að ábyrgðarmenn væru meðvitaðir um þýðingu skuldbindinga sinna, en með umræddu samkomulagi voru settar meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum. Í gögnum málsins er hins vegar ekki að sjá viðleitni í þá átt að upplýsa sóknaraðila um þýðingu skuldbindinga sinna eða stöðu lántaka. Verður því talið að forsendur séu til að víkja veðsetningu fasteignar sóknaraðila að B með skuldabréfi nr. X til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 61/2012, 97/2012 og 191/2012.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að dómur Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu, enda réðist niðurstaða umrædds máls einkum af því að í skýrslu stefnanda málsins fyrir dóminum kom fram að það hefði engu breytt þótt henni hefði verið kynnt efni umrædds greiðslumats áður en hún skrifaði undir skuldabréfið. Í máli því sem nú er um rætt liggur ekki fyrir hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir lántaka eftir að hafa kynnt sér mat á greiðslugetu hans að fengnum leiðbeiningum um að það stæði til boða. Virðist útilokað að draga þá ályktun af dómnum að hafi niðurstaða greiðslumats verið jákvæð, skipti ekki máli hvort hún hafi verið kynnt veðsala eða fyrrgreindar skyldur lánveitanda hunsaðar.

Ekki er fallist á vísan varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 enda var ábyrgðarmanni í máli því kynntur upplýsingabæklingur um persónuábyrgðir og veðtryggingar. Eins og áður hefur verið rakið staðfesti sóknaraðili ekki að hafa kynnt sér umræddan bækling. Þá verður ekki fallist á að dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu. Í því máli hafði sambúðarkona undanskilið banka frá þeirri skyldu að framkvæma greiðslumat, með yfirlýsingu á sjálfskuldarábyrgð. Sú er ekki aðstaðan í máli þessu.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna henni greiðslumat á skuldanum með tryggilegum hætti og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hennar. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að sjálfskuldarábyrgð hennar verði látin standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013, þar sem ekki var fallist á að um tómlæti væri að ræða þegar um níu ár voru liðin frá því gengist var í ábyrgð þar til gerðar voru athugasemdir við ábyrgðina.

Í ljósi alls framangreinds er fallist á með sóknaraðila að veðsetning fasteignar hennar að B, með skuldabréfi nr. X, sé ógild með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning fasteignar sóknaraðila, M, að B, með skuldabréfi nr. X, er ógild.

Reykjavík, 16. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 16. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 38/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 22. apríl 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 22. apríl 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. apríl 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 23. maí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. maí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 16. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 15. ágúst 2000 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.240.000, gefið út af A, til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili, B og C tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu. Óskuðu þær eftir að mat færi ekki fram á greiðslugetu útgefanda og settu upphafsstafi sína við það val. Staðfestu ábyrgðarmenn að hafa kynnt sér fræðslurit bankans um ábyrgðir.

Þann 27. ágúst 2001, 12. júlí 2002, 18. ágúst 2003, 27. júní 2005 og 28. mars 2007 voru gerðar breytingar á greiðsluskilmálum skuldabréfs nr. X, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Þann 19. mars 2007 var skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ undirritað. Greiðandi var A. Fram kom að áætluð greiðslugeta með skuldum væri kr. -116.906 en nettó eignastaða var kr. -5.927.851. Staðfestu greiðandi og ábyrgðarmenn að hafa fengið afhent, kynnt sér og skilið þetta mat á greiðslugetu greiðanda og samþykkt það sem fullnægjandi fyrir sig. Þau höfðu einnig kynnt sér fræðslurit FF fyrir ábyrgðarmenn. Eftirfarandi kom fram: „FF vekur athygli á því að greiðandi stenst ekki greiðslumat. Undirritaðir staðfesta að þeir hafi kynnt sér greiðslumatið og samkvæmt niðurstöðu matsins getur greiðandi ekki greitt af fyrirhuguðu láni. Með

undirritun sinni staðfestir greiðandi að FF hefur ráðlagt honum frá lántöku þessari en hann óskar engu að síður eftir að lánið verði veitt. Með undirritun sinni staðfesta ábyrgðarmenn og veðsali að þeim hefur verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins, en þeir óska engu að síður að lánið verði veitt og að þeir gangi í ábyrgð fyrir því.“

Þann 5. júlí 2012 benti umboðsmaður skuldara fyrir hönd sóknaraðila varnaraðila á að ekki fengist séð að framkvæmt hefði verið greiðslumat við framangreinda lántöku. Óskað var eftir afstöðu varnaraðila á gildi umræddrar ábyrgðar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda, þann 6. júlí 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 22. apríl 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgð hennar vegna láns nr. X verði felld úr gildi. Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa farið eftir samkomulagi við notkun sjálfskuldarábyrgða frá 27. janúar 1998 við umrædda lánveitingu. Bendir sóknaraðili á að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat við lánveitinguna eins og 3. gr. samkomulagsins kveði á um.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo vanreifaður að erfitt sé að taka til efnislegra varna í málinu. Máli sínu til stuðnings bendir varnaraðili á e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því að málsástæður sóknaraðila styðji ekki kröfugerð hennar. Þannig sé gerð krafa um niðurfellingu tiltekinnar ábyrgðar. Rökstuðningur hennar fyrir kröfugerðinni sé eftirfarandi: „*Ekki var framkvæmt greiðslumat við umrædda lánveitingu eins og kveður á um í 3. gr. samkomulagsins.*“

Bendir varnaraðili á að ógilding löggerninga verði almennt að byggjast á ógildingarheimild, þ.e. lagaákvæðum eða ólögfestum meginreglum. Í því samhengi vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 638/2010. Bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi einungis vísað til þess að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt, sem grundvöll niðurfellingar ábyrgðarinnar. Varnaraðili bendir jafnframt á að í samkomulaginu sé ekki að finna neinar reglur um ógildi ábyrgða. Sóknaraðili hafi ekki tilgreint neina ógildingarheimild máli sínu til stuðnings og því sé kröfugerð hennar svo óljós að erfitt sé fyrir varnaraðila að taka til varna í málinu og því þurfi varnaraðili að byggja málatilbúnað sinn á öllum mögulegum vörnum sem komast að, þ.e.a.s. verði málinu ekki vísað frá.

Varnaraðili bendir enn fremur á að sú staðreynd að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt geti ekki ein og sér ráðið niðurstöðu um gildi ábyrgðar eða veðsetningar. Líkt og komið hafi fram í fjölmörgum úrskurðum nefndarinnar og úrlausnum dómstóla þurfi að taka mið af öllum heildaratvikum máls þegar metið sé hvort tilefni sé til að ógilda löggerning. Sóknaraðili hafi enga tilraun gert til slíkrar röksemdafærslu og því sé óljóst á hvaða grundvelli krafa hennar sé byggð.

Að öllu framangreindu virtu telur varnaraðili málatilbúnað sóknaraðila svo óljósan og ótækan til úrskurðar að vísa verði málinu frá, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að bankinn telji vanrækslu á að framkvæma greiðslumat á lántaka við lántökuna á árinu 2000 ekki gefa tilefni til þess að ógilda ábyrgð sóknaraðila.

Bendir varnaraðili á að sé krafa sóknaraðila um ógildingu veðsetningarinnar byggð á 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, þó án þess að það sé tekið fram, þurfi við mat á því hvort löggerningur skuli ógiltur á grundvelli ákvæðisins alltaf að framkvæma sanngirnismat. Við slíkt mat þurfi að taka tillit til allra málsatvika og sú staðreynd ein að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt leiði ekki sjálfkrafa til niðurfellingar ábyrgðar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 116/2010.

Bendir varnaraðili á að líta þurfi til þess að sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð til tryggingar endurgreiðslu láns nr. X. Óumdeilt sé að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat við þá lánveitingu. Hins vegar hafi sóknaraðili að sama skapi ekki óskað eftir að greiðslumat yrði framkvæmt á lántaka heldur þvert á móti óskað eftir að það yrði ekki gert. Telur varnaraðili það benda til þess að niðurstaða greiðslumats hefði ekki haft áhrif á ákvörðun sóknaraðila um að gangast í ábyrgð á láninu.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 5. gr. samkomulagsins beri fjármálafyrirtæki að tilkynna ábyrgðarmanni um vanskil sem verði á fjárhagslegri skuldbindingu sem hann sé í ábyrgð fyrir. Jafnframt sé fjármálafyrirtæki óheimilt að breyta skilmálum láns nema með samþykki ábyrgðarmanns. Við sanngirnismatið þurfi því að horfa til þess að sóknaraðili hafi fengið tilkynningar um vanskil lántaka og í kjölfar þess hafi hún samþykkt fimm skilmálabreytingar á skuldabréfinu og við þá síðustu hafi verið framkvæmt greiðslumat á lántaka, sem hafi verið neikvætt. Við skilmálabreytingarnar hafi ýmist verið að lengja í skuldabréfinu eða heimila greiðslu vaxtagjalddaga í ákveðinn tíma. Hafi sóknaraðili undirritað skilmálabreytingarnar vitandi að lántaki ætti í erfiðleikum með greiðslu afborgana af skuldabréfinu. Bendi sú staðreynd, þ.e. að sóknaraðili hafi hafnað greiðslumati og undirritað skilmálabreytingarnar, eindregið til þess að þegar sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð fyrir skuldabréfinu hefði niðurstaða greiðslumats ekki skipt sóknaraðila nokkru máli, hann hefði hvort eð er samþykkt að gangast í ábyrgð fyrir lántaka. Í því samhengi vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 343/2012. Þegar atvik máls þessa séu virt í heild sinni verði að telja að framkvæmd greiðslumats á lántaka í upphafi hefði ekki haft áhrif á ákvörðun sóknaraðila.

Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili beri sönnunarbyrðina fyrir því að niðurstaða greiðslumatsins hefði haft áhrif á þá ákvörðun hennar að gangast í ábyrgð á láninu. Sóknaraðili hafi ekki á neinn hátt leitt líkur að því að niðurstaða matsins hefði haft áhrif á ákvörðun hennar. Í ljósi framangreinds, telur varnaraðili þá háttsemi sóknaraðila, að óska eftir að greiðslumat yrði ekki framkvæmt við lántökuna ásamt því að samþykkja fjórar skilmálabreytingar án greiðslumats og þá fimmtu þrátt fyrir að hafa séð neikvætt mat, benda til þess að niðurstaða matsins hefði ekki haft áhrif á ákvörðun hennar. Telur varnaraðili því að hann hafi ekki gengist gegn markmiðum samkomulagsins og að öll rök skorti fyrir því að fella niður ábyrgð sóknaraðila.

Varnaraðili byggir einnig á að skuldabréfið hafi verið gefið út árið 2000 og síðasta skilmálabreyting þess hafi verið undirrituð athugasemdalaust af sóknaraðila árið 2007. Það sé fyrst á þessu ári, 2013, að sóknaraðili hafi uppi athugasemdir við að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt við lántökuna. Það sé 13 árum eftir að

skuldabréfið hafi verið gefið út og 6 árum eftir að sóknaraðili hafi undirritað síðustu skilmálabreytinguna þrátt fyrir neikvætt greiðslumat. Telur varnaraðili að sóknaraðili hafi með þessari háttsemi sýnt af sér tómlæti sem renni enn frekari stoðum undir þá afstöðu varnaraðila að ekki sé tilefni til að ógilda ábyrgð sóknaraðila. Þegar málið sé virt í heild sinni telur varnaraðili að framkvæmd greiðslumats á lántaka í upphafi hefði ekki haft áhrif á ákvörðun sóknaraðila.

Að öllu framangreindu virtu telur bankinn það hvorki ósanngjarnt né andstætt góðri viðskiptavenju þótt ábyrgð samkvæmt umræddu skuldabréfi verði haldið upp á sóknaraðila. Því telur varnaraðili að ekki sé unnt að fella niður ábyrgðina með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá sé ekki unnt að fella niður ábyrgðina með þeim rökum að ábyrgðin hafi verið í ósamræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá, enda hafi sóknaraðili ekki tilgreint ógildingarheimild kröfu sinni um niðurfellingu ábyrgðar á skuldabréfi nr. X, til stuðnings og ekki sé ógildingarheimild í samkomulagi um notkun sjálfskuldarábyrgða.

Samkomulag um úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er m.a. undirritað af Sambandi íslenskra viðskiptabanka sem forveri varnaraðila var aðili að. Samkvæmt 2. gr. var markmið samningsaðila að með nefndinni væri viðskiptamönnum auðveldað að koma á framfæri kvörtunum vegna viðskipta við fjármálafyrirtæki og fá leyst úr þeim með skjótum og ódýrum hætti. Með vísan til þessa markmiðs samningsaðila, þ.m.t. varnaraðila, með nefndinni hefur nefndin í fyrri úrskurðum litið svo á að ekki gildi jafn strangar formreglur í málatilbúnaði fyrir nefndinni og gilda fyrir dómstólum. Í samræmi við markmið nefndarinnar og fyrri úrskurði hennar, sem birtir hafa verið, verður fjallað um kröfu sóknaraðila í samræmi við ógildingarreglur samningaréttar, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 200/2012. Vísan varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 638/2010 á því ekki fyllilega við, enda eru ekki gerðar jafn strangar formreglur í málatilbúnaði fyrir nefndinni og gilda fyrir dómstólum. Myndi gagnstæð niðurstaða ganga þvert gegn fyrrgreindu markmiði úrskurðarnefndarinnar sem varnaraðili er aðili að.

Þótt fallast megi á það með varnaraðila að málatilbúnaður sóknaraðila sé ekki jafn hnitmiðaður og æskilegt væri, verður með vísan til alls framangreinds að hafna frávísunarkröfu hans. Er það enda mat nefndarinnar að málatilbúnaður varnaraðila hafi í raun tekið mið af öllum þeim atriðum sem máli skipta, þrátt fyrir þessa annmarka á erindi sóknaraðila.

Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998, er undirritað af Sambandi íslenskra viðskiptabanka f.h. viðskiptabanka. FF var einn þessara viðskiptabanka og verður varnaraðili talinn bundinn við efni þess.

Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða tók m.a. til sjálfskuldarábyrgða á skuldabréfalánnum, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Í 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins var mælt fyrir um að fjármálafyrirtæki bæri að meta greiðslugetu greiðanda væri sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu og ábyrgðarmaður óskaði eftir slíku mati. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. var fjármálafyrirtæki þó skylt að

greiðslumeta greiðanda þegar óskað var sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem nam meira en kr. 1.000.000. Tryggt skyldi að ábyrgðarmaður gæti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengist í ábyrgð enda lægi fyrir að greiðandi hefði samþykkt það, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Ekki liggja fyrir nein gögn um að varnaraðili hafi metið greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. X, við útgáfu bréfsins. Verður því að miða við að greiðslumat hafi ekki farið fram. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins var varnaraðila þó skylt að greiðslumeta greiðanda þegar óskað var sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu sem nam meira en einni milljón króna. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 95/2012.

Vísan varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 máli sínu til stuðnings færi ekki staðist, en í því máli réði úrslitum sérstök yfirlýsing ábyrgðarmanns sem sýndi að hann hefði tekist á hendur ábyrgðina þótt skuldari hefði ekki staðist greiðslumat. Slík yfirlýsing liggur ekki fyrir í máli þessu.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að dómur Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu, enda réðist niðurstaða umrædds máls einkum af því að í skýrslu stefnanda málsins fyrir dóminum kom fram að það hefði engu breytt þótt henni hefði verið kynnt efni umrædds greiðslumats áður en hún skrifaði undir skuldabréfið. Í máli því sem nú er um rætt liggur ekki fyrir hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir lántaka eftir að hafa kynnt sér mat á greiðslugetu hans að fengnum leiðbeiningum um að það stæði til boða.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna henni greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hennar. Fæst ekki séð að þetta hafi komið upp við breytingar á greiðsluskilmálum skuldabréfsins. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að ábyrgðaryfirlýsing hennar verði látin standa. Verður hér að hafa í huga hve þröng staða ábyrgðarmanna er jafnan þegar leitað er eftir að þeir samþykki skilmálabreytingar á lánum sem ella fara í vanskilainnheimtu.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF er ógild.

Reykjavík, 16. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Oddur Ólason

Ár 2013, föstudaginn 5. júlí, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Jón Magnússon, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Guðlaug B. Ólafsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 39/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 26. apríl 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 22. apríl 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. apríl 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 6. maí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. maí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 22. maí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 5. júlí 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 26. október 2007 gaf sóknaraðili út veðskuldabréf í erlendum myntum að fjárhæð CHF 50.038 og JPY 4.898.267 að jafnvirði ISK 5.200.000, til FF. Fasteign sóknaraðila að A var sett að veði á 1. veðrétti til tryggingar láninu. Vextir lánsins voru tilgreindir LIBOR með föstu vaxtaálagi 3%. Á fyrsta vaxtatímabili voru Libor CHF 2,91333% og Libor JPY 1,055%. Láninu var ráðstafað inn á reikning nr. X og skuldfært af Y.

Þann 8. apríl 2013 var beiðni um nauðungarsölu dagsett. Andlag nauðungarsölnnar var A, gerðarbeiðandi var varnaraðili og gerðarþoli sóknaraðili. Heimildarsamtala skuldarinnar var kr. 14.246.988. Heimildarskjal var framangreint veðskuldabréf.

Þann 17. apríl 2013 barst sóknaraðila tilkynning um nauðungarsölu frá sýslumanninum í Borgarnesi á eigninni A.

Sóknaraðili kveðst ítrekað hafa borið kvörtun sína upp við varnaraðila síðastliðin 4 ár.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 22. apríl 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að lán hans verði reiknað upp sem ólöglegt erlent lán. Auk þess að vextir síðastliðin 4 ár verði felldir niður.

Sóknaraðili vísar til þess að lán hans, sem tekið hafi verið til kaupa á landskika, hafi hækkað úr 5.200.000 upp í 15.000.000 þrátt fyrir að búið hafi verið að greiða hátt í 3.000.000 upp í upphaflegu upphæðina. Bankinn vilji ekki taka til greina að lánið sé ólöglegt.

Sóknaraðili bendir á að þegar vextir af upphaflega láninu hafi verið komnir upp úr öllu valdi auk gjaldfalls krónu hafi hann farið þess á leit við bankann að lánið yrði fryst og hann fengi að borga 5.000 kr. af hverri milljón eins og aðrir hafi fengið á sama tíma. Alltaf hafi hann komið að lokuðum dyrum. Lán hans flokkist hvorki sem bílalán né húsnæðislán og fari þá samkvæmt bankanum í þann flokk sem flokkist sem löglegt erlent lán. Það kveðst sóknaraðili ekki geta samþykkt þar sem erlendar krónur hafi aldrei komið inn á hans borð í þessum gjörningi.

Þá bendir sóknaraðili á að þegar bankakerfið hafi farið á hausinn í hruninu hafi lán hans hjá FF verið fært yfir á nýja kennitölu á hrakvirði eða um 10 til 20% af andvirði lánsins sem þá hafi staðið í u.þ.b. 3 milljónum. Þannig hafi upphæðin sem nýja kennitalan hafi fengið verið á milli 300.000 til 600.000 krónur. Sóknaraðili telur þetta ólöglegan gjörning þar sem lánþegi hjá FF eigi fyrsta veðrétt á skuldinni og því rétt á forkaupsrétti af láninu á því verði sem nýja kennitalan hafi fengið lánið á. Auk þess hafi FF verið búinn að þverbrjóta allar reglur um fjármálafyrirtæki, sbr. 1. gr. þeirra laga auk laga um gjaldeyrismál.

Sóknaraðili vísar til þess að millifærslur og peningaflutningar milli hans og FF hafi aldrei farið fram í erlendum gjaldeyri og upplýsingaskylda bankans gagnvart honum um lögmæti lánasamnings í erlendri mynt hafi verið þverbrotin. Bankinn hafi vitað vel um ólögmæti lána skv. 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Sóknaraðili tekur dæmi um einstakling sem fengið hafi lán hjá banka sem hafi tekið sér fyrsta veðrétt í húseign skuldara. Greiði skuldari ekki af skuldinni eða verði gjaldþrota gangi bankinn að sínum fyrsta veðrétti og enginn geti gripið þar inn í því þetta sé samkvæmt lögum. Sóknaraðili kveðst vilja skoða málið frá hinu sjónarhorninu. Sóknaraðili hafi tekið lán hjá FF sem farið hafi í gjaldþrot. Þá telur sóknaraðili að hann hafi átt heimtingu á að kaupa skuld sína upp á því verði sem nýja kennitalan hafi fengið hana, vegna þess að hann eigi fyrsta veðrétt í skuldinni og sé ábyrgur fyrir henni. Það séu lög, sbr. lög um samningsveð og útlausn nr. 14 [sic], nema í þessu tilfelli hafi veðsali ekki farið á hausinn heldur veðhafi. Sóknaraðili telur þetta þýða að hann hafi aldrei skuldað varnaraðila krónu og muni aldrei sjálfviljugur hafa nein viðskipti við þá stofnun.

Sóknaraðili telur að hann eigi löglegan rétt á að kaupa lán sín á fyrsta veðrétti á hrakvirði út úr bönkunum og spara íslensku samfélagi hundruði milljarða.

Sóknaraðili vill að lán hans verði rétt út reiknað skv. lögum um gjaldþrotaskipti fyrirtækja, greinum 30 og 99. Sóknaraðili túlkar umræddar greinar á þann hátt að allar skuldir og kröfur bankans í erlendri mynt hafi átt að reiknast á gengi dagsins sem bankinn hafi orðið gjaldþrota í íslenskar krónur og beri ekki vexti og gildi þar með um skuldir skuldara, þar sem skuldbinding bankans hafi verið uppfærð í íslenskrar krónur og hækki þar af leiðandi ekki þegar krónan hafi sokkið niður til Tortóla.

Sóknaraðili telur dóm Hæstaréttar sem varnaraðili vísi til máli sínu til stuðnings ekki sambærilegt máli sóknaraðila. Þar hafi verið búið að lækka skuldina um rúmlega helming og þar sé aðeins búið að borga 15% inn á kröfuna. Af þessum 5.100.000 sem sóknaraðili hafi fengið upphaflega hafi hann borgað 2,8 milljónir inn á lánið. Tvöföldun á þeim afgangi og lækkun um helming sé langt frá því að vera 15.500.000, sem sé fimmföldun á eftirstöðvum lánsins. Með eðlilegum reikningsaðferðum reiknist sóknaraðila til lánið standi í um 3,5 milljónum. Það sé það sem sóknaraðili sé tilbúinn til að greiða og sé löglega leiðin, annað sé óásættanlegt.

Sóknaraðili vísar til þess að hann sé faðir þriggja ungra barna og hafi engin tók á því að berjast á móti her lögmanna bankanna.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili telur að séu efnisákvæði skuldabréfsins skoðuð sé ljóst að veðskuldabréf það sem um ræði í máli þessu sé á sambærilegu formi og skuldabréf það sem hafi verið til meðferðar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 524/2011. Í máli þessu sé um að ræða veðskuldabréf en í máli nr. 524/2011 hafi verið til meðferðar skuldabréf án trygginga en efnisákvæði skuldabréfanna séu þó nánast samhljóða. Í máli nr. 524/2011 hafi niðurstaðan byggt á því að höfuðstóll lánsins hafi verið tilgreindur sérstaklega í erlendum myntum. Í þessu tilfelli sé höfuðstóllinn tilgreindur með sama hætti og það lán sem fjallað hafi verið um í máli nr. 524/2011.

Varnaraðili telur ljóst að þau atriði sem orðið hafi til þess að lánið í máli nr. 524/2011 hafi verið talið lögmætt, séu nánast þau sömu og einkenni það lán sem kvörtun sóknaraðila snúi að. Af þeim sökum telur varnaraðili að um löglegt erlent lán sé að ræða og að engin skylda hvíli á herðum hans til að endurreikna lánið líkt og krafa sóknaraðila kveði á um. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort veðskuldabréf, dags. 26. október 2007, útgefið af sóknaraðila til FF, sé skuld í erlendri mynt eða íslenskum krónum sem bundin sé gengi erlendra gjaldmiðla með ólögumætum hætti.

Skuldabréf það sem mál þetta snýst um var gefið út 26. október 2007 af sóknaraðila til FF. Fjármálaeftirlitið tók ákvörðun 7. október 2008, með stoð í 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, um að taka yfir vald hluthafafundar í FF, víka stjórn félagsins frá og setja yfir það skilanefnd. Í framhaldi af þessu var stofnaður F, sem nú ber heiti varnaraðila, og var kröfu samkvæmt skuldabréfinu ráðstafað til hans með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 14. október 2008. Er ekki fallist málsástæðu sóknaraðila um að hann hafi átt forkaupsrétt á láninu enda fær hún hvorki stoð í ákvæði 14. gr. laga nr. 75/1997 um sammingsveð né öðrum lögum. Gildir ákvæðið um þá aðstöðu þegar veðhafi hefur sett fram beiðni um nauðungarsölu en á ekki við um það þegar krafa sóknaraðila var flutt yfir til F með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Skal áréttuð sú almenna regla að unnt er að framselja kröfuréttindi án samþykkis skuldara og án þess að hann eignist við það forkaupsrétt að kröfunni.

Í máli þessu byggir sóknaraðili á því að skuldabréfið sé gengistryggt lán í íslenskum krónum og því ólögmætt. Varnaraðili heldur því á hinn bóginn fram að lánið sé í erlendum myntum og gilt sem slíkt.

Við úrlausn þess hvort um gilt lán í erlendum gjaldmiðlum er að ræða eða ólögmætt gengistryggt lán í íslenskum krónum er úrskurðarnefnd bundin af lögum og dómafordæmum í sambærilegum málum. Í samræmi við þau viðmið sem fram koma í nýlegum dómum Hæstaréttar á þessu sviði er fyrst að líta til heitis skuldabréfsins en fyrisögn þess er „Veðskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum“. Í öðru lagi að lánsfjárhæðin er samkvæmt orðalagi skuldabréfsins fyrst tilgreind í tveimur erlendum gjaldmiðlum, svissneskum frönskum og japönskum jenum og síðan jafnvirði lánsins í íslenskum krónum. Í þriðja lagi eru vextir samkvæmt skuldabréfinu til samræmis við að um erlent lán sé að ræða tilgreindir Libor vextir. Þegar framangreind atriði eru virt verður lagt til grundvallar að hér hafi verið um gilt lán í hinum tilgreindu erlendu gjaldmiðlum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 524/2011.

Sóknaraðili byggir á því að greiðsla FF til hans í íslenskum krónum og afborganir hans í íslenskum krónum leiði til þess að telja verði að um hafi verið að ræða skuldbindingu í íslenskum krónum. Af dómum Hæstaréttar, sérstaklega dómum í málum nr. 524/2011 og 3/2013, verður hins vegar ályktað að ekki skipti máli þótt greiðslur fari fram í íslenskum krónum þegar skýrt kemur fram í lánsamningi að skuldin sé í erlendri mynt.

Ekki er fallist á með sóknaraðila að ákvæði 30. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. eigi við enda tekur það til nauðasamninga, sem mál þetta fjallar ekki um. Þá liggur ekki fyrir að óskað hafi verið eftir gjaldþrotaskiptum á búi sóknaraðila og þegar af þeirri ástæðu tekur ákvæði 99. gr. laga nr. 21/1991, ekki til máls þessa.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að um sé að ræða gilt lán í erlendri mynt. Ber því að hafna kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, A, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 5. júlí 2013.

Haukur Guðmundsson

Jón Magnússon

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðlaug B. Ólafsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 16. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 40/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 29. apríl 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 29. apríl 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. apríl 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 31. maí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. júní 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 16. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 26. september 2008 var yfirlýsing um sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttar á tékkareikningi A nr. X gefin út af sóknaraðila og A til L. Sóknaraðili tókst með yfirlýsingunni á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu á yfirdráttarskuld á reikningnum að fjárhæð kr. 100.000. Gildistími ábyrgðarinnar var 26. mars 2012. Tiltekið var að við lok gildistímans næði ábyrgðin til þeirrar skuldar sem þá væri á tékkareikningnum. Fram kom að ekki yrði meira en helmingi yfirdráttarheimildar við veitingu hennar varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá L. Óskaði sóknaraðili eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin. Eftirfarandi kom fram: „Ábyrgðarmenn staðfesta með undirritun sinni að þeir hafi kynnt sér skilmála þessa og niðurstöðu greiðslumats, hafi þess verið óskað. Með undirritun sinni teljast ábyrgðarmenn samþykkja ábyrgð sína og skilmála hennar. Undirritaðir aðilar staðfesta jafnframt að þeim hafi verið afhent og kynnt sér fræðslurit sparisjóðsins um sjálfskuldarábyrgð.“

Í 3. gr. skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar var tekið fram að ábyrgðin gildi í fjögur ár frá útgáfudegi, nema annað væri tekið fram. Ábyrgðin stæði til tryggingar á

yfirdráttarskuld reikningseiganda sem myndaðist á þeim tíma og fyrir áföllnum kostnaði og vöxtum eftir þann tíma og félli ekki niður fyrir en yfirdráttarskuld reikningseiganda, ásamt vöxtum og kostnaði, hefði verið að fullu greidd.

Þann 26. mars 2012 lauk gildistíma sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila og stóð yfirdráttarskuldin þá í kr. 65.888.

Þann 27. mars 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila og óskaði eftir staðfestingu á því að framangreind ábyrgð væri runnin úr gildi. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 10. apríl 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 29. apríl 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgð hennar vegna yfirdráttar á reikningi nr.X verði felld úr gildi. Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa farið eftir samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga við útgáfu ábyrgðarinnar. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. samkomulagsins hafi gildistími ábyrgðarinnar verið til 26. mars 2012.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að bankinn telji málatilbúnað sóknaraðila svo vanreifaðan að erfitt sé að taka til efnislegra varna í málinu. Máli sínu til stuðnings bendir varnaraðili á e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili byggir kröfu um frávísun málsins á því að rökstuðningur sóknaraðila styðji ekki við kröfugerð hennar. Sóknaraðili geri kröfu um að ábyrgð hennar á yfirdráttarreikningi reikningseiganda verði felld úr gildi. Rökstuðningur hennar fyrir kröfunni sé eftirfarandi: „*Ekki hafi verið farið eftir 2. mgr. 6. gr. samkomulagsins sem segi orðrétt: „Skuldaábyrgð eða veð fyrir yfirdráttarheimild tékkareiknings skal ekki gilda lengur en í fjögur ár frá útgáfudegi.“ Gildistími ábyrgðar átti að renna út 26.03.2012.*“

Varnaraðili telur að af málsástæðum sóknaraðila sé ekki ljóst af hverju hún telji ábyrgðina niður falla. Þó 2. mgr. 6. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kveði á um að gildistími ábyrgða fyrir yfirdráttarheimildum tékkareikninga skuli ekki gilda lengur en í fjögur ár þá kveði það ekki á um hver afdrif ábyrgðanna eigi að vera eftir þann tíma. Sóknaraðili hafi ekki á neinn hátt rökstutt af hverju túlka beri samkomulagið þannig að ábyrgðarkrafan falli alveg úr gildi eftir að gildistíma hennar sé lokið í stað þess að takmarkast við þær kröfur sem orðið hafi til á gildistíma hennar. Telur varnaraðili rökstuðning sóknaraðila svo óljósan að erfitt sé fyrir bankann að taka til varna í málinu.

Til stuðnings varakröfu sinni bendir varnaraðili á að bankinn telji ábyrgðina ekki hafa fallið niður við lok gildistíma hennar heldur hafi hún takmarkast við þá skuld sem hafi verið á tékkareikningi reikningseiganda þann 26. mars 2012.

Bendir varnaraðili á að í 2. mgr. 6. gr. samkomulagsins segi að skuldaábyrgð eða veð fyrir yfirdráttarheimild tékkareiknings skuli ekki gilda lengur en í fjögur ár

frá útgáfudegi. Varnaraðili telur óumdeilt að þegar gildistími sjálfskuldarábyrgðar renni út þá falli ábyrgðarkrafan sjálf ekki niður heldur skuli ábyrgðarkrafan miðast við stöðu tékkareikningsins á þeim tímapunkti þegar gildistíma sjálfskuldarábyrgðarinnar ljúki. Telur varnaraðili að ábyrgðarkrafan, eins og hún sé við lok gildistíma sjálfskuldarábyrgðarinnar, fyrnist á tíu árum, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

Varnaraðili vísar máli sínu til stuðnings til 3. tölul. skilmála sjálfskuldarábyrgðarinnar en þar komi skýrt fram að ábyrgðin gildi í fjögur ár frá útgáfudegi nema annað sé tekið fram. Ábyrgðin standi til tryggingar á yfirdráttarskuld reikningseiganda sem myndist á þeim tíma og fyrir áföllnum vöxtum og kostnaði og vöxtum eftir þann tíma og falli ekki niður fyrr en yfirdráttarskuld reikningseiganda, ásamt vöxtum og kostnaði, hafi verið að fullu greidd. Varnaraðili hafnar því alfarið að 3. tölul. skilmálanna og 2. mgr. 6. gr. samkomulagsins verði túlkuð þannig að ábyrgðarkrafan falli sjálfkrafa niður við lok gildistíma sjálfskuldarábyrgðar, líkt og ef hún teldist fyrnd. Slík túlkun verði hvorki leidd af beinni orðskýringu 2. mgr. 6. gr. samkomulagsins né með markmiðsskýringu ákvæðisins. Þvert á móti hafi markmið 2. mgr. 6. gr. samkomulagsins verið að koma í veg fyrir að sjálfskuldarábyrgðir eða veð fyrir yfirdráttarheimildum væru ótímabundnar, enda almennt talið að slíkt gæti verið verulega íþyngjandi fyrir ábyrgðarmenn. Í því samhengi bendir varnaraðili á að yfirdráttarheimild sé eðlisólík öðrum lánnum sem sé markaður ákveðinn lokagjalddagi. Þegar framangreint sé virt telji varnaraðili óumdeilt að ábyrgðarkrafan hafi ekki fallið niður við lok gildistímans.

Varnaraðili byggir jafnframt á því að ofangreind sjónarmið styðjist við meginreglur kröfuréttarins um kröfuábyrgðir. Í fræðiskrifum um lok kröfuábyrgða hafi m.a. verið bent á að gildistími viðvarandi tímabundinna ábyrgða feli í sér takmörkun eða afmörkun á skuldbindingum ábyrgðarmanns, þannig að kröfur sem stofnist síðar falli ekki undir ábyrgðina, þannig að tímafresturinn lúti að umfangi en ekki brottfalli ábyrgðarinnar. Varnaraðili telji þessi sjónarmið óumdeilanlega eiga við í þessu tilviki, enda sé markmið 2. mgr. 6. gr. samkomulagsins að koma í veg fyrir að ábyrgð á yfirdráttarskuld sé ótímabundin.

Varnaraðili bendir jafnframt á að ofangreind sjónarmið sem hann byggir á hafi verið staðfest með dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4206/2011. Varnaraðili telur að skilmálar ábyrgðaryfirlýsingarinnar í dómi héraðsdóms og máli þessu virðist að öllu leyti vera sambærilegir.

Bendir varnaraðili á að málatilbúnaður sóknaraðila lúti að því að ákvæði 2. mgr. 6. gr. samkomulagsins sé sjálfstæð fyrningarregla sem valdi því að sjálfskuldarábyrgðir á yfirdráttarheimildum fyrnist fjórum árum eftir að til þeirra sé stofnað. Slík túlkun samkomulagsins feli í sér að 2. mgr. 6. gr. sé réttarheimild sem gangi framar ákvæðum laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda og eftir atvikum lögum nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Varnaraðili getur ekki fallist á slíka túlkun og byggir á að samkomulagið sé ekki réttarheimild sem geti gengið framar ákvæðum laga, í þessu tilviki lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Ábyrgðarkröfur séu undirorpnar eignarrétti og varnaraðili telur að laga- eða samningsákvæði sem stytti fyrningarfrest verði að vera skýrt orðuð og afmörkuð til að taka allan vafa af um slíkt. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. samkomulagsins uppfylli ekki þær kröfur og því telur varnaraðili að hafna verði kröfum sóknaraðila.

Að öllu framangreindu virtu telur varnaraðili að þegar gildistíma umræddrar ábyrgðar hafi verið lokið hafi skuldbindingin ekki fallið úr gildi heldur hafi umfang ábyrgðarinnar takmarkast gagnvart kröfum sem síðar hafi orðið til. Ennfremur telur

varnaraðili að sóknaraðila hafi verið fullljóst hvað falist hafi í umræddri sjálfskuldarábyrgð. Sóknaraðili hafi því vitað hver afdrif ábyrgðarinnar yrðu þegar gildistíma hennar lyki. Varnaraðili telur að þegar gildistíma ábyrgðarinnar hafi lokið hafi tekið við 10 ára fyrningartímabil, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila nr. Y, á tékkareikningi A.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá, enda sé krafan svo óljós að erfitt sé fyrir bankann að taka til varna í málinu, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Lesa má út úr kröfugerð sóknaraðila að hún telji ábyrgðina niður fallna þar sem gildistími hennar hafi verið tilgreindur til 26. mars 2012. Varnaraðili hefur einnig lagt þann skilning í kröfugerðina. Í ljósi þessa verður ekki fallist á að vísa kröfu sóknaraðila frá á grundvelli e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett 1. nóvember 2001, er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. L var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. L bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Sérákvæði um yfirdráttarlán er í 6. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. skal sjálfskuldarábyrgð eða veð fyrir yfirdráttarheimild ekki gilda lengur en í fjögur ár frá útgáfudegi.

Samkvæmt yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttar á tékkareikningi nr. X gildi ábyrgðin til 26. mars 2012 en tilgreint var að við lok gildistímans næði ábyrgðin til þeirrar skuldar sem þá væri á tékkareikningnum. Þá kom fram í 3. gr. ábyrgðaryfirlýsingarinnar að ábyrgðin gildi í fjögur ár frá útgáfudegi, nema annað væri tekið fram. Ábyrgðin stæði til tryggingar á yfirdráttarskuld reikningseiganda sem myndast hefði á þeim tíma og fyrir áföllnum kostnaði eftir þann tíma og félli ekki niður fyrr en yfirdráttarskuld reikningseiganda, ásamt vöxtum og kostnaði, hefði verið að fullu greidd.

Þann 26. mars 2012 nam skuldin á tékkareikningnum kr. 65.888. Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila nam ábyrgð hans að hámarki kr. 100.000, auk bankakostnaðar og vaxta sem legðust á yfirdráttarskuldina samkvæmt verðskrá sparisjóðsins og greiðslu dráttarvaxta og alls kostnaðar af innheimtu kæmi til vanskila, sbr. 2. gr. skilmála yfirlýsingarinnar.

Í ljósi þess að á yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð kom fram að við lok gildistíma ábyrgðarinnar næði ábyrgðin til þeirrar skuldar sem þá væri á tékkareikningnum verður að fallast á að ábyrgð sóknaraðila standi til tryggingar kr. 65.888 auk áfallins kostnaðar og vaxta. Eru því ekki forsendur til að verða við kröfu sóknaraðila, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 153/2012.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 16. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2013, föstudaginn 27. september er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 41/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 29. apríl 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 29. apríl 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. apríl 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 4. júní 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. júní 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 21. júní 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. og 27. september 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 24. febrúar 2006 var tryggingarbréf nr. X gefið út. A gerði kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum þess við FF, allt að fjárhæð kr. 5.000.000 væri fasteignin B, sett að veði á 2. veðrétti. Eftirfarandi ákvæði kom fram í tryggingarbréfinu: „*Með undirritun sinni á tryggingarbréf þetta staðfestir veðsali, sem ekki er útgefandi, að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en FF er aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.*“ C, þáverandi maki sóknaraðila skrifaði undir sem samþykkrur veðsetningunni sem þinglýstur eigandi. Sóknaraðili skrifaði undir sem samþykk veðsetningunni sem maki þinglýsts eiganda. Virðist fasteignin þá hafa verið að jöfnu í eigu sóknaraðila og C.

Í apríl 2008 gerðu sóknaraðili og C með sér skiptayfirlýsingu, þegar þau ákváðu að slíta hjússkap sínum. Samkvæmt skiptayfirlýsingunni kom íbúð ásamt stæði í bílahúsi að B, ásamt öllu sem henni fylgdi, í hlut sóknaraðila, en fyrir voru

hjónin bæði þinglýstir eigendur. Sóknaraðili yfirtók veðskuld á eigninni við L Glitni, upphaflega að höfuðstól kr. 14.500.000 og skyldi hún fyrir 1. maí 2008, hafa létt af C skuldaábyrgð hans af því láni. Fjárskiptin og útgáfa skiptayfirlýsingarinnar voru byggð á þeirri forsendu. Áhvilandi á eigninni var einnig fyrrgreind skuld við FF skv. tryggingarbréfi, upphaflega að höfuðstól kr. 5.000.000, sem C skuldbatt sig til að létta af íbúðinni eigi síðar en 30. september 2008. Því til tryggingar lýsti hann yfir persónulegri sjálfskuldarábyrgð ásamt D, E og A.

Þann 23. mars 2009 gerðu F og A með sér uppgjörssamkomulag. Í 5. gr. samkomulagsins kom fram að samhliða gerð þess myndi A samþykkja skuldabréf að fjárhæð kr. 5.000.000, sem tryggt yrði annars vegar með sjálfskuldarábyrgð C og hins vegar með tryggingarbréfi á 2. veðrétti í B. M var tilgreind sem þinglýstur eigandi fasteignarinnar og er í samkomulaginu rakið að veðleyfi fyrir skuldum A hafi verið veitt í eigninni á sínum tíma. Andvirði lánsins greiddist inn á skuld seljanda, A, við F á hlaupareikningi nr. Y. Með fullnustu samkomulagsins myndi varnaraðili ekki ganga frekar að C sem ábyrgðaraðila vegna A.

Þann 23. mars 2010 var skuldabréf nr. Z, að fjárhæð kr. 5.000.000 gefið út af A til varnaraðila. C tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins.

Þann 8. janúar 2013 var aðfararbeiðni varnaraðila dagsett. Gerðarþolar voru A, forsvarsmáður C og sóknaraðili sem tilgreind var sem veðsali og gerðarþoli. Heildarskuld samtals var kr. 6.713.197 en heimildaskjal var skuldabréf nr. Z.

Þann 27. mars 2013 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem farið var fram á að viðurkennt yrði að veðsetning bankans á 2. veðrétti fasteignarinnar að B teldist ógild og að bankinn aflétti tryggingarbréfi nr. Þ af fasteigninni. Varnaraðili hafnaði kröfunni þann 3. apríl 2013.

Þann 19. apríl 2013 barst sóknaraðila tilkynning frá varnaraðila um gjaldþrot A. Fram kom að við gjaldþrot féllu allar skuldir og skuldbindingar í gjalddaga, þ.m.t. tryggingarbréf nr. Þ.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 29. apríl 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að veðsetning fasteignarinnar að B, með tryggingarbréfi nr. Þ verði talin ógild og bankinn aflétti bréfinu af fasteigninni. Til vara er þess krafist að veðsetningin hvíli aðeins á 50% eignarhluta eignarinnar.

Vísar sóknaraðili til þess að tryggingarbréfið beri það með sér að öll eignin hafi verið veðsett til tryggingar umræddu láni, en ekki aðeins eignarhluti þáverandi eiginmanns sóknaraðila, C. Sóknaraðili og C hafi átt eignina í óskiptri sameign. Nafnritun sóknaraðila á tryggingarbréfið hafi þrátt fyrir það ekki komið fram í þar til gerðum reit um samþykki þinglýsts eiganda heldur einungis í reit fyrir samþykki maka þinglýsts eiganda. Samkvæmt þessu beri undirritun sóknaraðila á tryggingarbréfið ekki með sér að hún hafi samþykkt veðsetningu síns eignarhluta, því hvíli tryggingarbréfið aðeins á helmingseignarhluta fasteignarinnar, sbr. dómur Hæstaréttar í máli nr. 345/2013. Sóknaraðili telur dóm Hæstaréttar í máli nr. 162/2009 ekki sambærilegt umþrættu máli. Þá telur sóknaraðili atvik með allt öðrum hætti í dómi Hæstaréttar í máli nr. 227/1997.

Sóknaraðili vísar til þess að hvergi komi fram að greiðslumat hafi farið fram þrátt fyrir 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sem forveri varnaraðila hafi verið aðili að. Þótt samkomulagið nái ekki yfir skuldir félaga eins og í

Þessu tilviki, þá sé mikilvægt að banki eins og gagnaðili í máli þessu fari eftir leiðbeiningarreglum eins og þessum. Þó svo tryggingarbréfið sé útgefið fyrir skuldum félagsins þá sé einstaklingur að veðsetja hluta af fasteign sinni og því beri bankanum að fara eftir þessum leiðbeiningarreglum og sé það mjög óeðlilegt að þeir feli sig á bak við það að samkomulagið eigi bara við skuldir einstaklinga.

Vísar sóknaraðili til þess að hún og C hafi skilið þann 24. apríl 2008 og hafi þau gert með sér skiptayfirlýsingu sem síðar hafi verið þinglýst á fasteignina að B, sem eignarheimild M að fasteigninni. Í hinni þinglýstu skiptayfirlýsingu komi fram að M yfirtaki veðskuld á 1. veðrétti við L. Hvað varði umþrætt tryggingarbréf komi fram að C skuldbindi sig til að aflétta bréfinu af fasteigninni fyrir 30. september 2008.

Sóknaraðili bendir á að árið 2009 hafi varnaraðili gert uppgjörssamkomulag við A og C sjálfan. Í 2. gr. samkomulagsins láti félagið ákveðnar fasteignir af hendi í skiptum fyrir inngreiðslu á hlaupareikning félagsins hjá varnaraðila. Í samkomulaginu komi einnig fram í 5. gr. að samhliða samkomulaginu myndi A samþykkja skuldabréf að kr. 5.000.000 sem tryggt væri annars vegar með sjálfskuldarábyrgð C og hins vegar með tryggingarbréfi í fasteigninni að B. Þinglýstur eigandi fasteignarinnar væri M og hefði verið veitt veðleyfi í eigninni á sínum tíma fyrir skuldum A.

Sóknaraðili telur það sérstakt við samkomulagið að allir aðilar þess viti að fasteignin sé alfarið í eigu hennar, enda komi það beint fram í áðurnefndu uppgjöri. Samkomulagið sé gefið út þegar aðstæður hafi verið allt aðrar hjá öllum aðilum en þegar veðleyfið hafi verið útgefið á sínum tíma. Undir samkomulagið við bankann riti stjórnarmenn félagsins og C fyrir hönd þess og fyrir sjálfan sig. Sóknaraðili hafi ekki komið nærri þessu samkomulagi. Uppgjörssamkomulagið geri svo ráð fyrir því að gefið sé út skuldabréf sem sé tryggt með sjálfskuldarábyrgð C og með tryggingu skv. umþrættu tryggingarbréfi. Tryggingarbréfið sé tryggt með veði í B. Þarna hafi sóknaraðili verið skuldbundin án hennar vitneskju. Eðlilegt hefði verið að hún hefði haft vitneskju um samkomulagið. Sóknaraðili sitji því uppi með skuldir félagsins þrátt fyrir að hafa ekki verið aðili að uppgjörssamkomulagi félagsins við bankann. Það verði að teljast furðulegt enda sé eina trygging bankans í eigu hennar, sem hafi ekkert með félagið að gera.

Sóknaraðili kveður útgefanda skuldabréfsins hafa verið A. C hafi einnig verið skuldari enda hafi hann tekist á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð gagnvart eiganda lánsins. Því hafi þetta verið jafn mikið skuld C og skuld A. Sóknaraðili tekur fram að A hafi verið úrskurðað gjaldþrota 11. apríl 2013 og hún kveðst ekki vita betur en að C sé að fara sömu leið.

Sóknaraðili bendir á að A og C hafi skrifað undir nýtt skuldabréf þann 23. mars 2010, eftir að ný lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi tekið gildi. Því veki það upp spurningar af hverju ekki hafi verið haft samband við sóknaraðila á þeim tíma.

Vísar sóknaraðili til þess að óbreyttu sitji hún uppi með skuldir félagsins og skuldir fyrrverandi maka síns þrátt fyrir að henni hafi ekki verið kynnt greiðslumat fyrirtækisins á sínum tíma og þrátt fyrir að hafa skilið við eiganda félagsins árið 2008 og gert skiptayfirlýsingu við hann þess efnis að aflétta ætti tryggingarbréfinu af eigninni. Sóknaraðili telur að bankinn hefði átt að kynna henni samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og innihald samkomulagsins frá 23. mars 2009, enda sé sóknaraðili enginn sérfræðingur á sviði fjármála en hún sé menntaður hjúkrunarfræðingur. Það verði að gera þær kröfur til bankans að hann sýni vönduð vinnubrögð og reyni að gera hlutina rétta en ekki finna tryggingar hjá fólki sem komi ekki nálægt áðurnefndu samkomulagi.

Sóknaraðili telur rétt að taka fram að hún sé hjúkrunarfræðingur sem aldrei hafi komið að rekstri A og hafi eingöngu skrifað undir stofnskjöl félagsins. Þó hún hafi tímabundið verið varamaður í stjórn þá hafi hún aldrei komið að rekstri félagsins. Varnaraðili hafi alltaf vitað af þessari staðreynd og það lýsi sér best í því að starfsmenn varnaraðila hafi ekki haft samband við sóknaraðila þegar komið hafi að því að gera uppgjörssamkomulagi við A eða C.

Telur sóknaraðili að þegar nýja samkomulagið hafi verið gert hafi allar forsendur verið brostnar fyrir tryggingu félagsins því sóknaraðili hafi ekkert með félagið haft að gera. Að láta hana sitja eina uppi með lán sem komi henni ekkert við og láta fasteignina að veði sé ósanngjarnt og andstætt öllum skynsemisrökum. Það sé því ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig áðurnefnt tryggingarbréf og því beri að ógilda trygginguna og aflétta því af fasteigninni, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Einnig sé vísað til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, með lögjöfnun.

Vísar sóknaraðili til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 33/2012, 1/2008, 3/2011, 4/2011, 11/2011, 16/2011, 48/2011 og 66/2011.

Hvað varðar tómlætissjónarmið áréttar sóknaraðili að hún hafi fyrst fengið að vita af því að tryggingarbréfið væri enn á fasteign sinni þegar varnaraðili sendi frá sér upplýsingar um ábyrgðir um áramótin 2010/2011 og hafi hún þá strax farið að grafast fyrir um málið hjá varnaraðila. Varnaraðili hafi hins vegar sent svör sín seint og illa. Varnaraðili hafi alltaf verið tregur til að gefa sóknaraðila upplýsingar um skuldir A. Sóknaraðili hafi fyrst fengið vitneskju um stöðu skuldabréfs A og C þann 11. apríl 2011 og hafi lánið þá verið komið í vanskil. Í framhaldinu hafi lögmaður sóknaraðila haft samband við starfsmenn varnaraðila, bæði með bréfum og tölvupóstum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur rétt að taka fram að fyrir gildistöku laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi verið í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, þar sem kveðið var á um að gera skyldi greiðslumat á greiðslugetu skuldara við nánar tiltekna aðstæður. Af orðalagi 2. gr. samkomulagsins og heiti þess sé ljóst að því sé einungis ætlað að ná til ábyrgða á skuldum einstaklinga. Taki það því ekki til ábyrgða á skuldum einkahlutafélags, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 669/2010 og úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 21/2004, 27/2010 og 29/2011. Þar sem framangreint samkomulag hafi ekki gilt um ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila telji varnaraðili einsýnt að ekki verði byggt á því að reglur samkomulagsins hafi verið brotnar við undirritun framangreinds tryggingarbréfs. Þá bendir varnaraðili á að við útgáfu framangreindrar ábyrgðarskuldbindingar 24. febrúar 2006 hafi engar reglur gilt um gerð greiðslumats við útlán til lögaðila. Þá hafi ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki komið í veg fyrir að upplýsingar um fjárhagsstöðu viðskiptavina yrðu veittar ábyrgðarmönnum án sérstaks skriflegs samþykkis viðkomandi aðila. Varnaraðila hafi því hvorki verið heimilt né skylt að upplýsa sóknaraðila um fjárhagsstöðu A þegar sóknaraðili hafi undirritað umrætt tryggingarbréf.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili haldi því fram að hún hafi eingöngu samþykkt veðsetningu fasteignarinnar að B sem maki þinglýsts eiganda en ekki sem

þinglýstur eigandi. Því hafi sóknaraðili aðeins samþykkt veðsetningu tryggingarbréfsins á þáverandi eignarhlut C en ekki síns eigin eignarhluta. Þá telur sóknaraðili það „ósanngjarn og andstætt góðri viðskiptavenju“ af hálfu bankans að bera fyrir áðurnefnt tryggingarbréf og því beri að aflétta bréfinu af fasteigninni með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Af framangreindu telur varnaraðili rétt að geta þess að hinn 31. janúar 2005 hafi sóknaraðili ritað ásamt C undir stofnsamning, stofnfundargerð og samþykktir A. Þá hafi þau samdægurs tilkynnt stofnun félagsins til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra. Sóknaraðili hafi verið í varastjórn félagsins og ritað firma ásamt C. Tengsl sóknaraðila við félagið hafi því verið ótvíræð. Með undirritun sinni á tryggingarbréfið hafi sóknaraðili samþykkt veðsetningu á allri fasteigninni. Sóknaraðili hafi ritað firmað sem stjórnarmaður í félaginu og samþykkt veðsetninguna sérstaklega sem maki þinglýsts eiganda en jafnframt sem þinglýstur eigandi. Samkvæmt orðalagi tryggingarbréfsins hafi varnaraðila verið veðsett umrædd fasteign án nokkurra fyrirvara. Af orðalagi tryggingarbréfsins verði ekki annað ráðið en að veðsetningin taki til allrar fasteignarinnar. Tryggingarbréfið hafi enda ekki gert ráð fyrir því að veðsetningin tæki einungis til helmingshlutar C í óskiptri sameign þeirra hjóna. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóma Hæstaréttar í málum nr. 162/2009 og 227/1997.

Varnaraðili telur auk framangreinds rétt að áréttu að samningur sóknaraðila og A hafi engin áhrif á veðrétt varnaraðila í fasteigninni að B. Hið sama eigi við um áðurnefnt uppgjörssamkomulag A við varnaraðila. Uppgjörssamkomulagið hafi enda ekki falið í sér neinar breytingar á umræddu tryggingarbréfi eða að það væri framselt heldur hafi tryggingarbréfið áfram staðið til tryggingar öllum skuldum félagsins við varnaraðila. Í áðurnefndu ákvæði 5. gr. samkomulagsins hafi því eingöngu falist áréttun á því að umþrætt tryggingarbréf stæði til tryggingar öllum skuldum félagsins við varnaraðila. Tilvist veðsetningarinnar hafi verið sóknaraðila kunn enda komi hún skýrt fram í þinglýstri skiptayfirlýsingu sem gerð hafi verið í kjölfar skilnaðarkjarasamnings þeirra.

Varnaraðili vísar til þess að sönnunarbyrði um að skuldbinding sóknaraðila sé fallin úr gildi eða ógild hvíli á sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að ósanngjarnt sé af hálfu varnaraðila að bera fyrir sig ábyrgð hennar samkvæmt tryggingarbréfinu, hvað þá að önnur skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt. Þegar sóknaraðili hafi undirritað tryggingarbréfið sem þinglýstur eigandi veðsins að B hafi falist í því loforð sem skuldbindi sóknaraðila að lögum til að tryggja efnidir samkvæmt tryggingarbréfinu. Að því virtu og þegar framangreind atriði séu metin heildstætt verði ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hennar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar ábyrgðarskuldbindingar fallna niður vegna tómlætis af hennar hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áðurnefnda ábyrgðarskuldbindingu 24. febrúar 2006 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina í mars 2013 eða rúmum sjö árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili framangreinda veðsetningu gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignarinnar að B, með tryggingarbréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Engar skyldur hvíldu á lánveitanda til að greiðslumeta A og kynna niðurstöðu greiðslumats fyrir sóknaraðila áður en hún samþykkti fyrir sitt leyti sem maki C að hann veðsetti sinn eignarhluta í fasteign sinni.

Ekki verður fallist á að röksemdir sóknaraðila er varða skiptayfirlýsingu sóknaraðila og C, enda lúta þær að uppgjöri sóknaraðila og fyrrverandi maka hennar sem geta ekki hróflað við þinglesnum veðréttindum varnaraðila. Þá verður ekki fallist á röksemdir sóknaraðila er varða uppgjörssamkomulag A og varnaraðila, enda var umþrætt tryggingarbréf allsherjarveð sem hvíldi á fasteigninni þegar uppgjörssamkomulagið var gert þann 23. mars 2009.

Með vísan til ofangreinds er óhjákvæmilegt að hafna aðalkröfu sóknaraðila.

Á þeim tíma sem fasteignin að B var sett að veði til tryggingar tryggingarbréfi nr. X, var fasteignin í eigu sóknaraðila og þáverandi maka hennar, C. C hefur ekki haft uppi kröfur í máli þessu.

Í umþrættu tryggingarbréfi var tilgreint að til tryggingar skuldinni væri veðsett fasteignin B, og bar tryggingarbréfið samkvæmt þessu með sér að öll eignin hefði verið sett að veði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldbindingum A við varnaraðila, en ekki aðeins eignarhluti C. Ekki er annað fram komið en að sóknaraðili og C hafi átt fasteignina að jöfnu í óskiptri sameign. Nafnritun sóknaraðila á tryggingabréfið kom þrátt fyrir það ekki fram í þar til gerðum reit um samþykki þinglýsts eiganda heldur einungis í reit fyrir útgefanda, þ.e. í stjórn A, og sem samþykki maka þinglýsts eiganda. Samkvæmt þessu ber nafnritun sóknaraðila á tryggingabréfið ekki með sér að hún hafi samþykkt veðsetningu eignarhluta síns og önnur gögn málsins veita heldur ekki vísbendingu um að sú hafi verið ætlunin. Samþykki sóknaraðila fyrir veðsetningu síns eignarhluta var þó nauðsynlegt samkvæmt þeirri meginreglu þinglýsingarlaga nr. 39/1978 að sá einn geti ráðstafað eign með löggerningi sem til þess hefur þinglýsta heimild eða samþykki þess er slíkrar heimildar nýtur, sbr. 24. gr. og 25. gr. laganna. Á hinn bóginn ber ritun nafns sóknaraðila á tryggingarbréfið með sér að hún hafi sem maki þinglýsts eiganda samþykkt veðsetningu eignarinnar hvað hans hluta varðar, sbr. 60. gr. og 64. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Samkvæmt öllu framanröktu og með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 345/2013 verður að leggja til grundvallar að veðsetning fasteignarinnar að B með tryggingarbréfi nr. X hvíli á helmingseignarhluta fasteignarinnar. Tengsl sóknaraðila við A fá ekki breytt því að samþykki sóknaraðila fyrir veðsetningu eignarhluta síns í fasteigninni var nauðsynlegt samkvæmt framangreindri meginreglu þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að telja að rétt sé að ógilda veðsetningu helmingseignarhluta fasteignarinnar að B, með veðtryggingarbréfi nr. X.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning á helmingseignarhluta sóknaraðila í fasteigninni að B, með tryggingarbréfi nr. X, er ógild.

Reykjavík, 27. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 25. október er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 42/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 7. maí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 7. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. maí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 10. maí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. maí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 12. júní 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. og 27. september, 11. og 25. október 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 17. janúar 2008 var „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X “ undirritað. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 3.000.000 var A. Sóknaraðili var tilgreindur ábyrgðarmaður. Ráðstafa átti láninu til að greiða upp heimildir á reikningum Y og Z og bílalán hjá FF u.þ.b. kr. 96.000. Gert var ráð fyrir greiðslumati en reitir þess efnis voru fylltir út með kr. 0. Eftirfarandi kom fram á skjalinu: „*Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt “Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga” (dags. 1. nóv. 2001) að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski skriflega eftir því að það verði ekki gert. Samkvæmt samkomulaginu er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir.*“ Neðan við umræddan texta var

gert ráð fyrir að hakað væri við það hvort ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán greiðanda hjá bankanum og að ábyrgðarmanni hefðu verið kynntar þær ráðagerðir. Þá voru reitir um að ekki væri óskað eftir greiðslumati eða að greiðslumat hefði verið framkvæmt og hvort að niðurstöður þess bentu til að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar eða ekki. Ekki var hakað við neinn umræddra valmöguleika.

Þann 17. janúar 2008 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 3.000.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á láninu.

Þann 17. janúar 2008 var skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ undirritað af sóknaraðila og A. Fram kom að ráðstöfunartekjur samtals væru kr. 240.000, áætlaður framfærslukostnaður var kr. 57.800, áætlaður rekstrarkostnaður bifreiða var kr. 0. Áætluð greiðslugeta án tillits til lána var tilgreind kr. 182.200. Áætluð greiðslubyrði lána sem ekki yrðu greidd upp var kr. 61.289, áætluð greiðslubyrði væntanlegs láns var kr. 0. Til ráðstöfunar eftir framfærslu og greiðslu lána á mánuði var kr. 120.911. Eignir samtals voru tilgreindar kr. -95.000, núverandi skuldir sem ekki greiddust upp voru kr. 2.800.000, væntanlegt lán var kr. 0 og skuldir samtals voru kr. 2.800.000. Ráðstöfunarfé var tilgreint kr. -95.000.

Fyrir liggur að samkvæmt skattframtali 2008 var stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars kr. 296.019. Þá voru húsaleigubætur kr. 71.121. Samtals skuldir og vaxtagjöld voru kr. 3.200.930.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 7. maí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðarskuldbinding verði felld niður vegna láns A hjá varnaraðila, upphaflega að upphæð kr. 3.000.000, dags. 17. janúar 2008.

Sóknaraðili kvartar yfir því hvernig staðið hafi verið að greiðslumati því í raun hafi aldrei verið möguleiki fyrir A að ráða við greiðslurnar. A hafi verið nýútskrifaður úr Kvikmyndaskóla Íslands þegar greiðslumatið hafi verið gert og hafi hann ekki verið búinn að fá vinnu. Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars vegna tekjuársins 2007 hafi verið kr. 296.019. Skuldir skv. framtalinu hafi verið kr. 3.200.000 og með nýju skuldinni hafi þær verið orðnar kr. 6.000.000. Þannig hafi greiðslumatið verið gersamlega út í hött.

Sóknaraðili mótmælir að greiðslur A af skuldabréfinu um nokkurn tíma sanni að greiðslumatið hafi verið rétt. Greiðslurnar sýni einungis að hann hafi reynt að halda því í skilum hvernig sem hann hafi farið að því. Greiðslumatið miðist við þann tíma þegar það hafi verið gert en ekki seinni tíma atvik. Í þessu sambandi þurfi að benda á hvers vegna greiðslumat sé framkvæmt. Það sé gert til að minnka áhættu ábyrgðarmanna. Ábyrgðarmaður hljóti að eiga að geta treyst því að bankinn vinni faglega að greiðslumati, þ.e. skv. skjölum og staðreyndum er sýni að lántaki geti staðið við greiðsluloforð. Því hafi ekki verið til að dreifa í þessu máli. Greiðslumatið sýni alls ekki greiðslugetu lántakans.

Sóknaraðili bendir á að skuldin hafi myndast áður en greiðslumat hafi farið fram. Það sé brot á reglunum. Þegar greiðslumat hafi farið fram hafi einungis verið haft samband við sóknaraðila símleiðis þar sem honum hafi verið bent á að það væri hagkvæmast, þar sem vextirnir væru miklu hagkvæmari. Þá hafi honum ekki verið bent á að fyrri ábyrgðaryfirlýsing væri ekki í gildi, þar sem ekkert greiðslumat hafi

farið fram en skuldin hafi verið komin í kr. 3.000.000. Þá sé ljóst að sóknaraðili hafi skrifað undir niðurstöðu greiðslumats, en þar hafi engin skýring verið á þýðingu þeirrar undirskriftar. Sóknaraðili mótmælir því að þess háttar skjal hafi þýðingu þar sem ekki sé skýrt hvað skrifað hafi verið undir. Þannig undirskrift hafi enga þýðingu.

Þá bendir sóknaraðili á að hann hafi skrifað undir fylgiskjal með lánsúmsókn þar sem engin skýring hafi verið á inntaki undirskriftarinnar. Þar séu fimm gluggar og ekki krossað við neinn þeirra. Í liðnum greiðslumat séu liðir þar sem alls staðar sé núll fyllt inn. Undirskriftin sé því án inntaks. Þetta sýni ljóslega hvernig unnið hafi verið við lánveitinguna.

Sóknaraðili kveður það rangt að hann hafi kynnt sér bækling lánveitanda um sjálfskuldarábyrgðir. Þrátt fyrir að hann skrifi undir það hafi honum ekki verið afhentur umræddur bæklingur sem um sé getið í smáa letrinu. Mótmælir sóknaraðili því að undirskriftin hafi þýðingu. Engin skýring sé á inntaki undirskriftar undir lánsúmsóknina önnur en kannski að hann hafi kynnt sér bæklinginn. Á skjalinu séu fimm gluggar en ekki sé krossað við neinn þeirra. Þar af leiðandi felist engin skuldbinding í undirskriftinni eins og blasi við sé skjalið skoðað. Eins geti hann hafa verið að skrifa undir sem vottur.

Sóknaraðili telur það út í hött að starf ábyrgðarmanns skipti máli varðandi framkvæmd á greiðslumati. Það sé beinlínis rangt að hann hafi starfað sem lögmaður í þrjátíu ár og sýni sú fullyrðing hversu langt bankinn gangi í því að vinna málstað sínum trúverðugheit. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 hafi enga þýðingu því ábyrgðin þar snerti upplýsingar sem ábyrgðarmaður hafi haft í starfi sínu sem fasteignasali og hafi tengst ábyrgðaryfirlýsingunni. Sóknaraðili kveður starf sitt ekki skipta máli, enda hafi verið fúskað við greiðslumatið. Undirskrift hans sem ábyrgðarmanns sé fengin með röngu greiðslumati.

Sóknaraðili vísar til þess að því sé haldið fram að undirskrift á skuldabréfið gangi í berhögg við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, þar sem skuldin hafi þegar myndast án þess að gætt hafi verið ákvæða samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þá gangi undirskriftin einnig í berhögg við það samkomulag þar sem niðurstaðan úr greiðslumati sé út í hött og engin gögn sem styðji hana. Bankinn sé að verða sér út um ábyrgð á skuld sem skuldari hafi ekki nokkurn möguleika á að greiða.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili telur rétt að taka það fram að fullkomlega eðlilegt sé að gildar ábyrgðir standi óbreyttar þrátt fyrir að aðalskuldari fái greiðsluáðlögun. Sé ákvæðum gildandi reglna fylgt þegar ábyrgð sé veitt haldi sú ábyrgð gildi sínu þangað til hún sé annað hvort greidd upp eða felld niður. Í þessu tilfelli hafi ábyrgðin ekki verið greidd eða felld niður og því sé ekkert óeðlilegt að hún standi enn þá.

Varnaraðili mótmælir fullyrðingum sóknaraðila um að aldrei hafi verið möguleiki fyrir A að ráða við greiðslur lánsins, sem röngum. Líkt og útprent úr RB sýni hafi A greitt 28 gjalddaga af 70. Hafi A farið í greiðsluskjól á þeim tíma þannig að ekki sé hægt að segja að reynt hafi á það hvort hann hafi getað haldið bréfinu í skilum lengur en 28 mánuði, enda hafi honum þá verið óheimilt að greiða af kröfum sínum og kröfuhöfum verið óheimilt að taka við greiðslum. Þannig að ef aðalskuldari hafi aldrei átt að geta greitt af skuldabréfinu sé það heldur sérstakt að honum hafi

tekist að halda skuldabréfinu í skilum í hartnær helming lánstímans, í það minnsta sé ljóst að aðalskuldari hafi haft nægilegt ráðstöfunarfé til að standa í skilum með bréfið.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili byggji erindi sitt á því að skattframtal A sýni að útsvar vegna tekjuársins 2007 hafi verið kr. 296.019 og sé því greiðslumatið „út í hött“. Varnaraðili mótmælir þessum rökum enda sé samkomulagið orðað þannig að taka skuli tillit til „ráðstöfunarfjár greiðanda“ en ekki eingöngu tekna sem fram komi á skattframtali greiðanda. Ljóst sé að hugtakið ráðstöfunarfé nái yfir mun fleiri hluti heldur en laun eingöngu. Undir hugtakið megi færa t.d. styrki, bætur og fleira tilfallandi fé sem greiðandi hafi til ráðstöfunar, enda stangist það á við það að greiðandi hafi haldið skuldabréfinu í skilum í tæplega 3 ár á sama tíma og hann hafi átt skv. kvörtuninni að vera með kr. 24.668 á mánuði fyrir skatt (u.þ.b. 15.000 eftir skatt) en afborganir af skuldabréfinu hafi verið að lágmarki kr. 55.000. Þannig sé ljóst að samkomulagið hafi verið orðað eins og það hafi verið orðað til að unnt væri að meta aðila sem hafi sitt helsta viðurværi af t.d. styrkjum frá fjölskyldu. Af framangreindu sé því ljóst að staðhæfing sóknaraðila þess efnis að „*Greiðslumatið hafi verið gersamlega út í hött og aldrei möguleiki fyrir A að greiða*“ sé fráleit og með öllu ósönnuð með gögnum eða öðrum tækum sönnunargögnum enda sýni greiðslufirrit að greiðslugeta hafi klárlega verið til staðar.

Bendir varnaraðili á að lán taki staðfesti að greiðslumatið hafi verið rétt og byggt á réttum upplýsingum. Hafi lán taki verið að blekkja bankann þá þurfi sóknaraðili að beina óánægju sinni að lán táknum en ekki lánveitandanum, enda sé ljóst að upplýsingaskylda lánveitanda hafi verið fyllilega uppfyllt í samræmi við ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Ábyrgðarmaður hafi kynnt sér ákvæði skuldabréfsins, ákvæði upplýsingabæklings lánveitandans og niðurstöðu greiðslumats þannig að ekki verði séð að ábyrgðarmaðurinn geti borið við að varnaraðili hafi ekki fylgt skyldum sínum við lánveitinguna. Það sé þó ítrekað að ekki verði séð að greiðslumatið hafi verið byggt á röngum gögnum eða sviksamlegu athæfi lántaka þar sem að skuldabréfinu hafi verið haldið í skilum í tæplega þrjú ár frá útgáfu bréfsins. Þannig verði ekki annað séð en að greiðslumatið hafi sýnt rétta mynd af greiðslugetu aðalskuldara.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili sé lögmaður og hafi verið það í hartnær 30 ár. Hafi Hæstiréttur litið til þess þegar skuldbindingar álíka skuldbindingu sóknaraðila séu metnar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 116/2010, þar sem tekið hafi verið tillit til þess að ábyrgðarmaðurinn hafi bæði verið viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali og að honum hafi því verið ljós sú áhætta sem hann hafi tekið með því að gangast í ábyrgðina. Í framangreindum dómi hafi ekki verið framkvæmt greiðslumat. Auk þess að vera lögmaður þá sé sóknaraðili íslenskur og lögráða einstaklingur og það eitt og sér ætti að staðfesta það að hann hafi verið upplýstur um alla þá hluti sem hann þurfi við ábyrgðarveitinguna.

Hvað varði þær skuldbindingar sem greiddar hafi verið með útgáfu skuldabréfs nr. X vísar varnaraðili til þess að ekki hvíli sú skylda á herðum bankans að greiðslumeta aðalskuldaranum við stofnun tékkareiknings. Sóknaraðili hafi ekki lagt fram gögn sem sanni að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt við stofnun þeirra skuldbindinga sem skuldabréfið hafi verið nýtt til að greiða inn á. Séu fyrirliggjandi gögn skoðuð sé ljóst að skuldabréfinu hafi m.a. verið ráðstafað inn á eftirfarandi skuldbindingar: Y, kr. 968.542, vanskil kr. 14.542, Z, kr. 1.675.31, vanskil kr. 192.311, Þ, kr. 94.786.

Varnaraðili telur ljóst að greiðslugeta hafi verið til staðar þegar A hafi gengist við ofangreindum skuldbindingum enda hafi lítil sem engin vanskil verið komin á

reikning nr. Y eftir tæplega tveggja ára notkun, á reikningi nr. Z hafi verið komin vanskil að upphæð kr. 192.311 eftir tæplega átta ára notkun og engin vanskil hafi verið á lánessamningi nr. Þ sem einnig hafi verið greiddur upp. Í raun hafi heildarvanskil verið kr. 200.000 og hafi útgáfa skuldabréfsins verið liður í því að bæta stöðu hans gagnvart varnaraðila og bæta vaxtakjör o.fl. til að koma í veg fyrir lögfræðiinnheimtu síðar meir. Ekki sé óeðlilegt þegar varnaraðili bjóðist til að hjálpa viðskiptavini sínum líkt og gert hafi verið í tilfalli A að hann fái einhvers konar tryggingu fyrir því að sú hagræðing sem varnaraðili framkvæmi verði til þess að aðalskuldarinn standi við skuldbindingar sínar. Ljóst sé að án slíkra trygginga gætu viðskiptavinir varnaraðila misnotað samningsvilja hans með það að augnamiði að vinna sér inn ögn lengri frest frá lögfræðiinnheimtu og því sem henni fylgi. Ekkert óeðlilegt hafi átt sér stað, hvorki við stofnun upphaflegu skuldbindinganna, útgáfu skuldabréfs nr. X né ábyrgðarveitingu vegna hennar og því sé engin ástæða til að fella ábyrgð vegna skuldabréfsins niður.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. FF var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Niðurstöður greiðslumats“, undirritað af sóknaraðila og A. Fram kom að ráðstöfunartekjur samtals væru kr. 240.000, áætlaður framfærslukostnaður var kr. 57.800. Áætluð greiðslugeta án tillits til lána var tilgreind kr. 182.200. Áætluð greiðslubyrði lána sem ekki yrðu greidd upp var kr. 61.280, áætluð greiðslubyrði væntanlegs láns var kr. 0. Til ráðstöfunar eftir framfærslu og greiðslu lána á mánuði var kr. 120.911. Eignir samtals voru tilgreindar kr. -95.000, núverandi skuldir sem ekki greiddust upp voru kr. 2.800.000, væntanlegt lán var kr. 0 og skuldir samtals voru kr. 2.800.000.

Enda þótt greiðslumatið væri þannig ekki alveg rétt útfyllt, var auðséð af því að greiðslubyrði væntanlegs láns, sem nam innan við 65.000 kr. á mánuði, rúmaðist innan þess sem skuldarinn réði við.

Af því skattframtali sem sóknaraðili hefur lagt fram verður ráðið að skuldarinn hefur þegið lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og er því ekki unnt að fallast á að

munur á skattskyldum tekjum hans samkvæmt skattframtali og þeirri fjárhæð sem lögð er til grundvallar í greiðslumati sýni fram á það hafi verið rangt eða geri það sennilegt. Þá er til þess að líta að bæði á lánumsókninni sem sóknaraðili undirritaði og á skjalinu „Niðurstöður greiðslumats“ sem sóknaraðili undirritaði einnig, er mjög skýrlega tekið fram að greiðslumatið sé byggt á upplýsingum sem umsækjandi hafi gefið á sína ábyrgð

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um ógildingu sjálfskuldarábyrgðar hans á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF, er hafnað.

Reykjavík, 25. október 2013.

Haukur Guðmundsson

Unnur Erla Jónsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Sérálit Hildigunnar Hafsteinsdóttur og Geirs Arnars Marelssonar

Við erum ósammála niðurstöðu meirihlutans hvað varðar gildi ábyrgðar þeirrar sem hér um ræðir.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Niðurstöður greiðslumats“, undirritað af sóknaraðila og A. Fram kom að ráðstöfunartekjur samtals væru kr. 240.000, áætlaður framfærslukostnaður var kr. 57.800. Áætluð greiðslugeta án tillits til lána var tilgreind kr. 182.200. Áætluð greiðslubyrði lána sem ekki yrðu greidd upp var kr. 61.280, áætluð greiðslubyrði væntanlegs láns var kr. 0. Til ráðstöfunar eftir framfærslu og greiðslu lána á mánuði var kr. 120.911. Eignir samtals voru tilgreindar kr. -95.000, núverandi skuldir sem ekki greiddust upp voru kr. 2.800.000, væntanlegt lán var kr. 0 og skuldir samtals voru kr. 2.800.000. Ráðstöfunarfé var tilgreint kr. -95.000.

Varnaraðili hefur enga grein gert fyrir því á hvaða gögnum greiðslumatið var reist. Hann hefur heldur engum stöðum rennt undir réttmæti þess. Þótt ekki verði gerðar kröfur til þess að fjármálafyrirtæki varðveiti til lengri tíma gögn, sem liggja slíkum greiðslumötum til grundvallar, verður að ætlast til að það geti upplýst um það á hvaða gögnum helst hafi verið byggt, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 127/2013. Á þetta alveg sérstaklega við þegar forsendur greiðslumats virðast hæpnar.

Sóknaraðili hefur lagt fram skattframtal A 2008. Launatekjur hans árið 2007 voru tilgreindar kr. 311.580 og húsaleigubætur kr. 71.121. Engar fjármagnstekjur voru tilgreindar og engin peninga-, verðbréfa- og hlutafjáreign var tilfærð. Engar eignir voru tilfærðar en skuldir samtals og vaxtagjöld í árslok 2007 voru að fjárhæð kr. 3.200.930. Samkvæmt álagningarseðli 2008, vegna tekjuársins 2007, var stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars kr. 296.019.

Af framangreindu verður sú ályktun dregin að upplýsingar um launatekjur A og skuldir á greiðslumati séu í engu samræmi við upplýsingar um þessi atriði við síðustu skattskil áður en greiðslumatið var gert. Varnaraðili hefur ekki fært fram gögn sem styðja niðurstöðu framangreinds greiðslumats eða skýrt umræddan mun. Þá virðist ekki hafa verið gert ráð fyrir afborgunum umþrætts skuldabréfs eða stöðu skuldar þess.

Með vísan til framangreinds og miðað við skyldur sem á varnaraðila sem fjármálafyrirtæki hvíldu þegar greiðslumatið var gert og það traust sem sóknaraðili mátti hafa til vinnubragða fyrirtækisins, verður fallist á að vegna framangreindra atvika sé ósanngjarnt af varnaraðila að bera fyrir sig samþykki sóknaraðila á því að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir tryggingarbréfinu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 127/2013. Í því sambandi skiptir staða sóknaraðila ekki máli, enda virðist greiðslumatið villandi um mikilvæg atriði og á vísan varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 því ekki við.

Með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda teljum við því rétt ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF, er ógild.

Reykjavík, 25. október 2013.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Geir Arnar Marelsson

Ár 2013, föstudaginn 30. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 43/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 7. maí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 7. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. maí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 6. júní 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. júní 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 8. desember 2006 var skuldabréf nr. X (nú XX), að fjárhæð kr. 3.500.000, gefið út af A til FF. Fasteign sóknaraðila að B, var sett að veði á 4. veðrétti til tryggingar skuldinni. Sóknaraðili staðfesti að hafa kynnt sér efni skuldabréfsins og að hún gerði sér grein fyrir í hverju ábyrgð hennar sem veðleyfisgjafa væri fólgin og teldi hana samrýmast greiðslugetu hennar. Jafnframt hefði hún kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Þann 8. desember 2006 undirritaði sóknaraðili skjalið „Niðurstaða greiðslumats“. Sóknaraðili óskaði eftir að veita veð í fasteign sinni fyrir láni A að fjárhæð kr. 3.500.000. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántaki gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kom fram að meira en helmingi lánsupphæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántaka hjá sparisjóðnum. Staðfesti sóknaraðili að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Sóknaraðili óskaði eftir því að veðskuldabréfi nr. XX yrði aflétt af fasteign hennar, C. Varnaraðili hafnaði óskinni þann 21. mars 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 7. maí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ógilt verði veðsetning íbúðar hennar að C, skv. skuldabréfi útgefnu til FF 6. desember 2006, upphaflega að fjárhæð kr. 3.500.000 og að varnaraðila verði gert að aflétta veðinu af íbúðinni.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi brotið samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sem gildi tók 1. nóvember 2001. Markmiðið með samkomulaginu sé að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánveitingar verði miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans, sbr. 1. gr. samkomulagsins. Með samkomulaginu hafi aðilar þess sett meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum. Markmiðið sé að ábyrgðarmenn geri sér ljósa grein fyrir þeirri áhættu sem fylgi því að undirgangast ábyrgðir. Sóknaraðili telur að varnaraðili sem sé sérfræðingur í bankaviðskiptum hafi ekki sýnt af sér nægilega vönduð vinnubrögð.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins beri fjármálastofnun að greiðslumeta útgefanda veðskuldabréfs. Þetta hafi varnaraðili ekki sýnt fram á, en varnaraðili hafi ekki lagt fram gögn til stuðnings umræddu greiðslumati önnur en skuldabréfið og niðurstöðu greiðslumats. Hið eiginlega greiðslumat hafi ekki verið afhent. Synjun varnaraðila á að afhenda sóknaraðila undirritað greiðslumat verði vart túlkuð öðruvísi en svo að varnaraðili hafi ekki framkvæmt mat á greiðslugetu skuldans líkt og ákvæði 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins kveði skýrt á um. Í því samhengi bendir sóknaraðili á að það skjóti verulega skökku við að varnaraðili hafi önnur gögn tengd veðsetningu fasteignarinnar á reiðum höndum, þegar sjálft greiðslumatið finnst hvergi. Að mati sóknaraðila hafi tilgreint skjal, er beri heitið „Niðurstaða greiðslumats“, eingöngu verið útbúið af hálfu varnaraðila til málamynda, til að losna undan skyldu til að framkvæma greiðslumat. Sem slíkt, sé viðkomandi skjal eingöngu málamyndagerningur og eigi ekki að hafa nein áhrif á milli aðilanna, sbr. m.a. 34. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Sóknaraðili telur ekki fullnægjandi að ábyrgðarmaður kvitti undir skjöl þess efnis að niðurstaða greiðslumats hafi verið jákvæð, án þess að forsendur þess mats séu kynntar ábyrgðarmanni. Færi slík aðferð í bága við markmið samkomulagsins og verði að teljast að með þeirri framkvæmd gætu lánveitendur firrt sig þeirri ábyrgð og skyldu sem hvíli á þeim samkvæmt samkomulaginu.

Sóknaraðili vísar til þess að ekki verði af skuldabréfinu ráðið að sóknaraðila hafi verið kunnugt um að greiðslumat hafi verið framkvæmt. Þá komi hvergi fram á skuldabréfinu sjálfu né annars staðar að sóknaraðili hafi fengið tækifæri til að kynna sér greiðslumat á skuldara. Nýleg dómaframkvæmd gefi eindregið til kynna að fjármálafyrirtæki beri allan halla af því að ekki hafi verið sýnt fram á að sóknaraðila hafi verið gefinn kostur á að kynna sér greiðslumatið og forsendur þess áður en hann hafi veitt leyfi fyrir veði í fasteign sinni.

Sóknaraðili bendir á að sú fullyrðing varnaraðila að niðurstaða greiðslumatsins hafi verið jákvæð og þar með bent til þess að skuldari hafi verið fær um að greiða af

skuldbindingu sinni verði að öllu ofangreindu virtu að teljast ótæk og í algjöru ósamræmi við markmið samkomulagsins.

Bendir sóknaraðili á að skuldari hafi ekki verið greiðslumetinn á grundvelli 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins, en skýrt sé að lánið hafi verið veitt til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálafyrirtæki. Hvergi hafi komið fram staðfest kvittun sóknaraðila þess að hún staðfesti að meira en helmingi lánsfjárhæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum.

Vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt viðurkenndum túlkunarreglum samningaréttarins sé ljóst að allan vafa sem upp komi í samningsgerð og samningssambandi milli fjármálafyrirtækja og einstaklinga, beri að túlka einstaklingnum í hag, enda hafi fjármálafyrirtæki yfir að ráða starfsfólki sem hafi sérþekkingu og mikla reynslu á sviði viðskipta, þ.a.l. sé mikill aðstöðumunur milli þeirra og almennra borgara.

Sóknaraðili bendir á að því hafi verið borið við af hálfu varnaraðila að engin frekari gögn séu í vörslum varnaraðila um tilurð og efni greiðslumatsins en þegar liggja fyrir í málinu. Að mati sóknaraðila bendi allt til þess að varnaraðili hafi undir engum kringumstæðum uppfyllt þær lágmarkskröfur sem gera megi til fjármálafyrirtækja þegar einstaklingur hafi veðsett eignir sínar til tryggingar skuldbindingar annarra einstaklinga. Varnaraðili verði að bera allan halla af þeim hroðvirknislegu vinnubrögðum sem hann virðist hafa viðhaft. Hafa verði í huga að skv. dómaframkvæmd beri fjármálafyrirtækjum að viðhalda greiðslumatinu sjálfu, þó ekki hvíli skylda á þeim að halda eftir gögnum sem legið hafi að baki greiðslumatinu, s.s. launaseðlum o.fl.

Að mati sóknaraðila verði varnaraðili að bera hallann af þeim sönnunarskorti með hliðsjón af því sem áður segi um markmið samkomulagsins og meginreglur neytendaréttar. Styðjist sú niðurstaða einnig við orðalag samkomulagsins, sbr. 1. mgr. 3. gr. þess. Verði með hliðsjón af framangreindu að skýra undirskrift sóknaraðila á skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ þröngt og efnislega á þann veg að hún hafi ekki leyst varnaraðila undan þeirri skyldu að ganga úr skugga um að þær upplýsingar sem matið hafi byggt á væru áreiðanlegar. Samkvæmt þessu byggir sóknaraðili á því að samþykki hennar um veitingu lánsveðs teljist óskuldbindandi, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Þá byggir sóknaraðili enn fremur á því að varnaraðili hafi brotið viðskiptavenju þar sem lánastofnun sé skylt að greiðslumeta aðalskuldara sé lánsfjárhæðin yfir kr. 1.000.000.

Sóknaraðili bendir á að FF hafi verið fjármálafyrirtæki sem starfað hafi á grundvelli starfsleyfis frá FME, sbr. 3. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Því hafi mátt gera ríkar kröfur til FF um sérfræðiþekkingu og vönduð vinnubrögð.

Vísar sóknaraðili til þess að óumdeilt sé að hún hafi ekki búið yfir menntun og þekkingu á því sviði sem hér skipti máli. Sóknaraðili hafi verið hætt að vinna fyrir aldurs sakir og hafi hvorki sérmenntun né reynslu af viðskiptum með fjármálagerninga. Þess vegna verði að gera enn ríkari kröfur en ella til varnaraðila um að starfa í samræmi við góða og eðlilega viðskiptahætti í viðskiptum sínum við sóknaraðila, t.a.m. 19. gr. laga nr. 161/2002. Í því felist m.a. að sjá til þess að öllum reglum og skyldum sem settar séu til hagsbótar og verndar fyrir almenning sé fylgt í þaula.

Telur sóknaraðili að af öllu framangreindu séu fyrir hendi forsendur til að víkja til hliðar veði því sem sóknaraðili hafi veitt í fasteign sinni á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá telur sóknaraðili jafnframt, með hliðsjón af öllu ofangreindu, í

ljósi atvika, vitneskju og þekkingar aðila að það sé óheiðarlegt af hálfu varnaraðila að halda veðsetningunni upp á sóknaraðila og þ.a.l. eigi að fallast á ógildingarkröfu sóknaraðila, sbr. 33. gr. laga nr. 7/1936.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi verið fylgt fullum fetum gagnvart sóknaraðila. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 hafi eftirfarandi atriði verið staðfest: Skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ sé fullnægjandi sönnun á því að greiðslumat hafi verið framkvæmt í samræmi við áskilnað samkomulagsins; Ekki hvíli skylda á lánveitanda að kynna tölulegar niðurstöður matsins enda sé ábyrgðarmönnum bent á að kynna sér niðurstöðu þess að fengnu samþykki skuldara; Ekki hvíli skylda á lánveitanda að geyma undirgögn til stuðnings matinu í rúm 5 ár.

Varnaraðili telur framangreint leiða til þess að öllum málsástæðum sóknaraðila verði vísað á bug og óþarft að rekja það sérstaklega. Varnaraðila þykir þó rétt að benda á nokkrar rangfærslur í málalíbúnaði sóknaraðila.

Í fyrsta lagi bendir varnaraðili á að staðhæfing sóknaraðila um að „nýleg dómaframkvæmd“ gefi til kynna að fjármálafyrirtæki beri hallann af því að hafa ekki „sýnt fram á að [ábyrgðarmanni] hafi verið gefinn kostur á að kynna sér greiðslumat og *forsendur* þess“, sé algerlega órökstudd. Kannast varnaraðili ekki við að skýru fordæmi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 hafi verið breytt um að kynning á tölulegum niðurstöðum greiðslumats sé háð beiðni ábyrgðarmanns og samþykki skuldara.

Í öðru lagi kveður varnaraðili staðhæfingu sóknaraðila um að fjármálafyrirtæki beri, samkvæmt dómaframkvæmd að „viðhalda greiðslumatinu sjálfu, þó ekki hvíli skylda á þeim að halda eftir [gögnum] sem lágu að baki greiðslumatinu, s.s. launaseðlar o.fl.“ ranga. Sé þessi niðurstaða í andstöðu við títtnefndan dóm Hæstaréttar enda „greiðslumatið“ sem slíkt eingöngu tölur sem byggja á ákveðnum gögnum og myndi jákvæða eða neikvæða útkomu. Greiðslumatið þurfi því ekki að geyma til lengri tíma, frekar en undirgögn sem það byggja á.

Í þriðja lagi telur varnaraðili tilvísun sóknaraðila til þess að skuldari hafi ekki verið „greiðslumetinn á grundvelli 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins“ og að hvergi hafi komið fram „staðfest kvittun“ sóknaraðila um að hún staðfesti að henni hafi verið kynnt um að helmingi lánsfjár skyldi varið til endurgreiðslu annarra lána skuldara hjá varnaraðila, óskiljanlega. Á skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“, sem sóknaraðili hafi undirritað, hafi skýrlega komið fram að helmingi lánsfjár yrði varið til endurgreiðslu annarra lána og hafi sóknaraðila því verið vel kunnugt um að það stæði til.

Varnaraðili telur ljóst að ábyrgðarskuldbinding sóknaraðila sé gild enda fyllilega rétt að henni staðið. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á eða gert líklegt að niðurstaða greiðslumatsins gefi ekki rétta mynd af greiðslugetu skuldara á þeim tíma, en hún beri sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði séu til þess að ógilda ábyrgðarskuldbindingu hennar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Beri samkvæmt öllu því sem rakið hafi verið að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að C, með skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu þegar leitað var eftir veði í eign þriðja manns til tryggingar skuld við bankann, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 er byggt á því sjónarmiði að í framangreindu samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats eða geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar. Virðist þar m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna sér slík gögn.

Með skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ var sóknaraðila kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats, en sama orðalag og sama aðferð virðist hafa verið viðhöfð við að benda ábyrgðarmönnum á þann möguleika að kynna sér gögn til grundvallar niðurstöðunni og í umræddu Hæstaréttarmáli. Þá var tilgreint sérstaklega að jákvæð niðurstaða fæli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efndi skyldur sínar. Sóknaraðila hefur ekki með vísan til framangreinds, tekist sönnun um að niðurstaða greiðslumatsins hafi verið röng eða að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt. Var varnaraðila í ljósi dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 ekki skylt að geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar.

Ekki er fallist á með sóknaraðila að varnaraðili hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins enda var sóknaraðila með skjalinu „Niðurstaða greiðslumats“ kynnt að meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum lántaka hjá sparisjóðnum.

Í ljósi framangreinds verður ekki talið að forsendur séu til að ógilda ábyrgð sóknaraðila með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 171/2012. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 30. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 30. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 44/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 10. maí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 8. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. maí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 6. júní 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. júní 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 30. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 6. febrúar 2003 var skuldabréf nr. X (nú XX), að fjárhæð kr. 1.650.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Þann 6. febrúar 2003 skrifaði sóknaraðili undir eftirfarandi yfirlýsingu: „*Ágæti M, Samkvæmt samkomulagi á milli fjármálafyrirtækja, Neytendasamtakanna, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra ber að greiðslumeta lántakendur sem sækja um lán sem er hærra en 1 milljón króna og eru með sjálfskuldarábyrgð þriðja aðila. A sem þú hefur samþykkt að gangast í ábyrgð fyrir, sækir um skuldabréfalán að fjárhæð kr. 1.650.000---. Andvirði lánsins verður ráðstafað til uppgreiðslu skulda hjá FF. Greiðslugeta A hefur verið metin samkvæmt innlögðum gögnum. Samkvæmt ofanrituðu hefur A því greiðslugetu til að greiða af umræddu láni.*“

Þann 21. maí 2004 var skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ gert. Sóknaraðili óskaði eftir að gangast í ábyrgð fyrir A fyrir láni að fjárhæð kr. 1.705.599. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kom fram að meira en helmingi lánsfjár

yrði varið til greiðslu á skuldum lántaka hjá sparisjóðnum. Einnig var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga á skjalinu. Staðfesti sóknaraðili að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 27. desember 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst og óskaði eftir því að umrædd ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 28. desember 2012.

Þann 20. mars 2013 fékk sóknaraðili yfirlit yfir sjálfskuldarábyrgðir í gildi í lok árs 2012. Var þar tilgreind ábyrgð hans á skuldabréfi nr. XX.

Þann 25. mars 2013 fékk sóknaraðili tilkynningu vegna ábyrgðarskuldbindingar. Var honum tilkynnt að A hefði fengið samning um greiðsluaðlögun. Fram kom að samningur um greiðsluaðlögun hefði í för með sér að varnaraðili gæti ekki innheimt alla kröfuna hjá aðalskuldara. Með ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila á skuldabréfinu hafi hann tekist á hendur skyldu til að greiða þann hluta kröfunnar sem ofangreindur lántakandi myndi ekki geta greitt. Með tilkynningunni væri skylda sóknaraðila til greiðslu orðin virk. Eftirstöðvar sem aðalskuldari greiddi ekki væru kr. 918.949, miðað við síðustu áramót.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 8. maí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að sjálfskuldarábyrgð hans á skuldabréfi nr. XX verði talin ógild. Vísar sóknaraðili til þess að engin kynning á niðurstöðu greiðslumats skuldara hafi farið fram í samræmi við 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Sóknaraðili telur ósanngjarnt að fjármálafyrirtæki geti byggt rétt á sjálfskuldarábyrgð svo gilt sé, þegar það sjálft hafi ekki gætt ítrustu formkrafna.

Sóknaraðili kveðst ekki hafa fengið aðra kynningu á greiðslugetu skuldara en á yfirlýsingu, dags. 6. febrúar 2003. Hafi því aðeins verið byggt á munnlegum upplýsingum frá FF en ekki sérstakri kynningu á greiðslumati.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að ljóst sé að sóknaraðili hafi ritað nafn sitt við að honum hafi verið kynnt að greiðslugeta lántaka hafi verið metin og að lántaki hefði greiðslugetu til að greiða af umræddu láni. Verði ekki annað séð en að varnaraðili hafi uppfyllt skyldu skv. 3. gr. samkomulagsins. Varnaraðili hafi upplýst sóknaraðila um réttindi hans á fullnægjandi hátt, þ.m.t. að honum stæði til boða að kynna sér greiðslumat. Af dómsúrlausnum verði ekki annað ráðið en slíkt sé fullnægjandi. Þessu til fullyrðingar vísar varnaraðili úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 38/2012 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi ritað undir bréf þar sem hann staðfesti að hafa kynnt sér mat á greiðslugetu lántaka. Hann haldi því samt sem áður fram að honum hafi ekki verið kynnt greiðslumatið. Í samræmi við framangreindan dóm Hæstaréttar hafi sóknaraðila verið í lófa lagið að óska eftir að sjá greiðslumatið sérstaklega áður en hann hafi ritað undir að hafa kynnt sér efni þess. Ekki hvíli skylda

á varnaraðila að geyma gögn er tengist greiðslumati svo þau megi vera aðgengileg sóknaraðila löngum tíma síðar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 141/2012. Eftir að umræddur dómur hafi fallið hafi úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki byggt á sömu sjónarmiðum, m.a. í úrskurði nr. 11/2013.

Telur varnaraðili ljóst að markmiðum samkomulagsins hafi verið náð enda hafi lántaki staðið skil á greiðslum af umræddu skuldabréfi í rúm sjö ár, líkt og niðurstöður greiðslumats hafi bent til í upphafi. Hafi einhverjir annmarkar verið á upplýsingagjöf bankans vegna lánveitingarinnar sé ljóst að þeir hafi ekki gengið gegn markmiðum samkomulagsins, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 343/2012.

Auk ofangreinds byggir varnaraðili á því að ábyrgðarmaður hafi sýnt af sér tómlæti með því að gera ekki athugasemd við ábyrgðarveitingu vegna skuldabréfsins frá útgáfu þess, 6. febrúar 2003, þar til hann hafi leitað til umboðsmanns skuldara í lok desember 2012. Séu þá liðin tæp tíu ár frá útgáfu skuldabréfsins. Slíkt flokkist sem tómlæti skv. dómi Hæstaréttar í máli nr. 575/2012, ekki síst þegar haft sé í huga að eftir hver áramót hafi sóknaraðili fengið yfirlit frá varnaraðila um þær ábyrgðir sem þá hafi verið í gildi. Athugasemdir sóknaraðila séu því of seint fram komnar.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. XX, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 er byggt á því sjónarmiði að í framangreindu samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats eða geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar. Virðist þar m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna sér slík gögn.

Með yfirlýsingu, dags. 6. febrúar 2003, var sóknaraðila kynnt að greiðslugeta A, útgefanda skuldabréfsins, hefði verið metin samkvæmt innlögðum gögnum. Samkvæmt því hefði A greiðslugetu til að greiða af umræddu láni. Var varnaraðila í ljósi dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 ekki skylt að geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar.

Í ljósi framangreinds verður ekki fallist á að forsendur séu til að ógilda ábyrgð sóknaraðila með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 171/2012. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 30. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 30. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 45/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 15. maí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 13. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. maí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 12. júní 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. júní 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 1. ágúst 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 28. apríl 1998 var tryggingarbréf - allsherjarveð nr. X, gefið út af A og B til F. Gerðu þeir kunnugt að til tryggingar skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum þeirra, eða síðar tilgreinds aðila, við F og eða FF, eða þann sem bankinn vísaði til að samtaldri fjárhæð kr. 4.500.000 væri F sett að veði á 5. veðrétti fasteignin C. B skrifaði undir sem þinglýstur eigandi og útgefandi og sóknaraðili skrifaði undir sem maki þinglýsts eiganda.

Þann 20. september 2002 var gerður veðflutningur vegna tryggingarbréfs nr. X. A og B lýstu því yfir, með fengu samþykki F, að veðréttur samkvæmt tryggingarbréfinu væri fluttur af fasteigninni C yfir á fasteignina D. Sóknaraðili skrifaði undir sem þinglýstur eigandi og B sem maki þinglýsts eiganda.

Þann 12. október 2004 var tryggingarbréf - allsherjarveð gefið út af B. Gerði hann kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og

fjárskuldbindingum hans við F, samtals allt að fjárhæð kr. 4.000.000, væri F sett að veði á 6. veðrétti fasteignin D. Sóknaraðili skrifaði undir sem þinglýstur eigandi.

Þann 29. júní 2005 var tryggingarbréf - allsherjarveð gefið út af B. Gerði hann kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum hans við F, samtals allt að fjárhæð kr. 10.000.000 væri F sett að veði á 4. veðrétti fasteignin D. Sóknaraðili skrifaði undir sem þinglýstur eigandi.

Þann 18. mars 2008 var veðskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum, að fjárhæð CHF 80.159, JPY 7.932.692, EUR 53.055, jafnvirði kr. 19.000.000, gefið út af B og E Sigurði Ragnari Haraldssyni til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Til tryggingar skuldinni var fasteignin að G Asparholti 3, fnr. 227-2238 sett að veði á 2. veðrétti og fasteignin D á 4. veðrétti. Sóknaraðili skrifaði undir sem þinglýstur eigandi. Andvirði lánsins var ráðstafað inn á reikning lántaka og var millifært þaðan inn á reikning nr. Y. Þann 3. september 2008 voru kr. 500.000 teknar út af þessum reikningi sem sóknaraðili og B höfðu prókúruumboð til að ráðstafa og lagðar inn á reikning sóknaraðila. Þann 1. október 2008 voru aftur teknar út kr. 500.000 af sama reikningi og lagðar inn á sóknaraðila.

Þann 11. nóvember 2008 og 5. mars 2009 var gerð skilmálabreyting á framangreindu veðskuldabréfi sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Þann 19. maí 2009 óskuðu B og E eftir greiðslujöfnun fasteignaveðláns í erlendum og/eða innlendum gjaldmiðlum. Skrifuðu þeir undir umsóknina.

Þann 19. maí 2009 var gerð skilmálabreyting á framangreindu veðskuldabréfi sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir sem þinglýstur eigandi.

Þann 12. júlí 2012 óskaði sóknaraðili eftir því að veðtryggingar vegna framangreindra lána, að undanskilinni tryggingu vegna A, yrðu felldar niður. Varnaraðili kvað ábyrgðirnar gildar þann 8. nóvember 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 13. maí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ógiltar verði eftirfarandi veðsetningar varnaraðila í fasteigninni D og að þeim verði aflétt og þær afmáðar úr þinglýsingabókum:

1. Veðtrygging skv. veðleyfi skv. veðflutningi, dags. 20. september 2002. Ekki er gerð krafa um afléttingu og afmáningu veðsetningar sem sett var fyrir skuldum A heldur eingöngu þeim hluta veðsetningarinnar sem gerð var til tryggingar skuldum B;
2. Veðtrygging skv. tryggingarbréfi útg. 12. október 2004;
3. Veðtrygging skv. veðskuldabréfi útg. 18. mars 2008;
4. Veðtrygging skv. tryggingarbréfi útg. 29. júní 2005.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því að við veitingu framangreindra veðleyfa hafi varnaraðili ekki gætt þeirra skyldna sem á bankanum hafi hvílt skv. samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Samkomulagið hafi náð til þeirra veðsetninga sem getið sé að framan, sbr. 1. mgr. 2. gr. þess.

Bendir sóknaraðili á að samkvæmt 3. gr. samkomulagsins hafi varnaraðila borið að meta greiðslugetu greiðanda þar sem fjárhæð veðkrafna hafi verið yfir þeim mörkum sem mælt hafi verið fyrir um í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins, enda hafi ekki legið fyrir samþykki frá sóknaraðila sem maka greiðanda um undanþágu skv. 3. mgr. 3. gr. þess. Ekki liggi heldur fyrir að sóknaraðili hafi verið upplýst um stöðu sína og rétt sinn og henni hafi ekki verið afhentur upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir og

veðsetningar, skv. 1. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Henni hafi ekki verið kynntar niðurstöður greiðslumats, sbr. 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins, enda hafi slíkt mat ekki farið fram að því er sóknaraðili best viti.

Sóknaraðili mótmælir þeirri fullyrðingu varnaraðila að ekki sé unnt að framkvæma greiðslumat vegna útgáfu tryggingarbréfa. Mat á greiðslugetu skv. 3. gr. samkomulagsins mæli fyrir um mat á greiðslugetu viðkomandi greiðanda á þeim tíma sem ábyrgð sé veitt og verði ekki séð að munur sé á því hvort slíkt mat fari fram vegna útgáfu skuldabréfs eða tryggingarbréfs. Í þessu sambandi sé rétt að hafa í huga að umrætt greiðslumat snúi að almennri greiðslugetu greiðanda, sbr. m.a. 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins en ekki bara greiðslugetu hans á viðkomandi veðkröfu. Ljóst sé að ábyrgð sem veitt sé í formi veðleyfis á tryggingarbréfi feli í sér sömu skyldur og áhættu og aðrar ábyrgðir enda yfirleitt óljóst í upphafi hvort eða að hve miklu leyti eigi eftir að reyna á viðkomandi ábyrgð, hvort sem um veðleyfi sé að ræða fyrir skuldabréfi eða tryggingarbréfi. Sama gildi um sjálfskuldarábyrgðir almennt. Jafnframt komi það skýrt fram í 1. mgr. 2. gr. samkomulagsins in fine að það nái til allra veðleyfa til einstaklinga og því hafi borið að greiðslumeta greiðanda í því tilviki sem um ræði.

Sóknaraðili telur þá fullyrðingu varnaraðila fráleita að útgáfa tryggingarbréfs feli ekki í sér skuldbindingu um greiðslu. Allar ábyrgðir og veðleyfi feli í sér skuldbindingu um greiðslu að vissum skilyrðum uppfylltum. Það sé jafnframt ekkert skilyrði fyrir greiðslumati að greiðandi sé að taka nýtt lán þegar ábyrgð eða veðleyfi sé veitt og gildi samkomulagið með sama hætti um viðbótarábyrgðir og veð sem veitt séu fyrir eldri lánum. Það breyti engu um skyldu til að greiðslumeta hvort um sé að ræða nýtt lán eða viðbótartryggingu enda snúi umrætt mat eins og áður segi að greiðslugetu skuldara almennt á þeim lánnum og skuldbindingum sem á honum hvíli en ekki bara á því láni sem verið sé að taka og hvíli skyldan á fjármálafyrirtæki en verndarhagsmunirnir snúi að hag ábyrgðarmannsins.

Varðandi þá málsástæðu varnaraðila að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að á bak við tryggingarbréfið standi einungis skuldir sem ekki samrýmist samkomulaginu vísar sóknaraðili til þess að þetta skipti engu máli við úrlausn málsins enda geti samsetning umræddra lána sem falli undir tryggingarbréfið breyst frá einum tíma til annars. Auk þess hafi sóknaraðili ekki frekar en ábyrgðarmenn almennt aðgang að upplýsingum um heildarstöðu lána hjá greiðanda. Það skipti jafnframt engu máli við úrlausn máls þessa þótt greiðandi hafi verið greiðslumetinn vegna annarra lána sem falli undir umrætt tryggingarbréf. Ef fallist væri á að slíkt mat skipti máli væri verið að segja að ef greiðandi hefði verið búinn að taka lán áður en að útgáfu tryggingarbréfsins hafi komið og hann hefði verið greiðslumetinn við það tækifæri og niðurstaða þess greiðslumats kynnt þeim sem að því láni hafi komið þá þurfi ekki að greiðslumeta viðkomandi greiðanda síðar þegar hann fái veðleyfi til tryggingar á umræddu skuldabréfi í formi tryggingarbréfs. Þessi fullyrðing sé í engu samræmi við efni samkomulagsins sem kveði skýrlega á um það að viðkomandi greiðandi skuli greiðslumetinn við veitingu hvernar einstakrar ábyrgðar enda myndi það á engan hátt gagnast veðþola skv. tryggingarbréfi þótt greiðslumöt hefðu farið fram áður í tengslum við aðrar eldri lánveitingar og þau möt kynnt öðrum aðilum á fyrri tímum.

Hvað varði þá málsástæðu að ekki séu efni til að verða við kröfu um aflýsingu skuldabréfs sem 1. kröfuliður varði þar sem það varði jafnframt skuldir lögaðila þá sé henni mótmælt enda sé ekkert því til fyrirstöðu að tryggingar sem snerti veð fyrir kröfum umrædds einstaklings verði afmáðar með þeim hætti að þær veðtryggingar sem snúi að þeim kröfum viðkomandi einstaklings verði afmáðar. Í öllu falli sé ljóst

að aðalkrafan varðandi umrætt skuldabréf sé sú að veðsetningin sem slík verði ógilt hvað varði þann hluta tryggingarbréfsins sem snúi að kröfum einstaklingsins en ekki félagsins enda sé það tekið sérstaklega fram í lok 1. kröfuliðar að krafan snúi ekki að veðtryggingu fyrir kröfum á hendur lögaðilanum.

Sóknaraðili mótmælir því alfarið að hafa sýnt af sér tómlæti þótt hún hafi uppgötvað það seint að umrædd veðsetning hafi verið ólögumæt og að hana beri að ógilda. Réttur til að bera fram varnir gegn ábyrgðarskuldbindingum fyrnist ekki á meðan skuldin sé fyrnd (svo) og geti ábyrgðarmaður hvenær sem er komið fram með þær þegar kröfum sé beint að honum hvort sem það sé gert snemma eða mörgum árum síðar enda sé það eðli ábyrgða að þær geti verið langlífir og eigi það sérstaklega við um tryggingarbréf.

Sóknaraðili telur að tilvísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 hafi enga þýðingu, enda byggji umræddur dómur á engan hátt á tómlæti. Þvert á móti þá hafni Hæstiréttur því í raun að byggja niðurstöðu málsins á tómlæti líkt og héraðsdómur hafði gert, enda hvergi minnst á tómlæti í forsendum Hæstaréttar. Jafnframt tiltaki Hæstiréttur ekki að héraðsdómur sér staðfestur á grundvelli forsendna hans heldur tiltaki Hæstiréttur eingöngu að hinn áfrýjaði dómur skuli óraskaður en byggji þá niðurstöðu á allt öðrum rökstuðningi. Þessum sjónarmiðum sóknaraðila til stuðnings megi þvert á móti benda á Hæstaréttardóm í máli nr. 4/2013 þar sem fallist sé á kröfu um ógildingu ábyrgðar sem veitt hafði verið tíu árum áður og því skýrlega hafnað að unnt væri af hálfu fjármálastofnana að byggja á tómlæti. Þessu til stuðnings megi jafnframt vísa til annarra dóma er varði samkomulagið en margir þeirra hafi fjallað um ábyrgðir sem veittar höfðu verið löngu áður.

Bendir sóknaraðili auk framangreinds á að fram sé tekið í dómi 4/2013 að reynsla aðila í því máli af rekstri tannlæknastofu hafi enga þýðingu í þessu sambandi. Það sama eigi við í máli þessu en sóknaraðili hafi enga reynslu af viðskiptum sem þessum og hafi að mestu starfað sem heimavinnandi húsmóðir og hafi lítið vit á viðskiptum.

Varðandi veðskuldabréf nr. Z mótmælir sóknaraðili þeim sjónarmiðum sem fram komi hjá varnaraðila varðandi það að líta beri til þess að sóknaraðili og annar af skuldurum lánsins séu hjón og hafi bæði notið andvirðis lánsins, sem röngum og alfarið ósönnuðum. Hið rétta sé að annar af greiðendum veðskuldabréfsins, E, hafi keypt íbúð að G ásamt konu sinni og hafi fengið afsal 12. febrúar 2008. Hinn greiðandinn, B, faðir E og eiginmaður sóknaraðila hafi staðgreitt kaupverðið úr eigin vasa og í framhaldi af því hafi eigendur eignarinnar gengið í það að taka lán fyrir kaupunum sem þau hafi notað til að endurgreiða B.

Sóknaraðili bendir á að það sé markmið samkomulagsins að vernda ábyrgðarmenn og veðþola í þeim tilvikum sem samkomulagið nái til, sbr. 1. gr. samkomulagsins. Sú vernd náist ekki ef þeim skyldum sem lagðar séu á fjármálastofnanir sé ekki fullnægt og fjármálafyrirtæki látin komast upp með það. Hafa beri í huga að fjármálafyrirtæki beri höfuð og herðar yfir viðskiptavini sína og verði að gera þá kröfu til þeirra að þau fari eftir þeim reglum sem um þau gildi og þeim samningum sem þau geri við sína viðskiptavini og fulltrúa þeirra. Í 4. gr. samkomulagsins sé fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til veðsetningar sé stofnað. Í 2. mgr. 4. gr. sé kveðið á um skyldu fjármálafyrirtækis til að tryggja það að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats og jafnframt að það sé gert með samþykki skuldara. Í ákvæðinu felist ótvíræð skylda og verði jafnframt að túlka ákvæðið þannig að fjármálafyrirtæki hafi sönnunarbyrði fyrir því að þessi skylda hafi verið uppfyllt enda sé ljóst að markmiðum ákvæðisins og

samkomulagsins í heild verði ekki náð með öðrum hætti. Í þessu sambandi verði jafnframt að leggja það til grundvallar að varnaraðili hafi viðurkennt að hafa ekki látið umrædd greiðslumöt fara fram og þannig brotið gegn samkomulaginu og verði að leggja það til grundvallar úrlausn málsins. Þar sem þessum skyldum hafi ekki verið fullnægt sé veðleyfi sóknaraðila ólögmaett.

Bendir sóknaraðili á að varnaraðili sé bundinn af samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, Samtaka banka og veðbréfafyrirtækja, Sambandi íslenskra sparisjóða og Neytendasamtakanna frá 8. júní 2000 um störf og vald úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og hafi nefndin úrskurðað um réttindi og skyldur viðskiptamanna banka á grundvelli samkomulagsins. Hafi nefndin m.a. fellt úr gildi ábyrgðir og veð þar sem ekki hafi verið farið eftir samkomulaginu frá 2001 og staðfesti það þau réttaráhrif sem brot á samkomulaginu hafi.

Vísar sóknaraðili til þess að þar sem brotið hafi verið gegn skýrum ákvæðum 3. og 4. gr. samkomulagsins, sem ætlað sé að vernda ábyrgðarmenn og veðsala þá sé ljóst að fallast beri á kröfur sóknaraðila og vikja til hliðar veðum þeim sem sóknaraðili hafi veitt varnaraðila í fasteign sinni á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Eigi þetta jafnt við um veðskuldabréf, tryggingarbréf og veðleyfi.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varðandi tryggingarbréfin vísar varnaraðili til þess að af gögnum málsins verði ekki ráðið að greiðslumöt hafi verið framkvæmd fyrir útgáfu framangreindra tryggingarbréfa líkt og 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga geri ráð fyrir. Tryggingarbréfin hafi verið gefin út áður en veðskuldabréf nr. Z hafi verið gefið út.

Vísar varnaraðili til þess að eðli máls samkvæmt sé ómögulegt að framkvæma greiðslumat eingöngu vegna útgáfu tryggingarbréfa, þar sem slík bréf feli ekki í sér skuldbindingu um greiðslu og því engin greiðslubyrði af slíkum veðbréfum sem hægt sé að meta hvort geta sé til að standa undir. Lánstíma vanti sem og kjör á skuldbindingu. Verði því ekki séð að ákvæði 3. gr. samkomulagsins um viðmið vegna greiðslumats geti átt við í slíkum tilvikum og engar efnisreglur sé þar að finna um gerð matsins við þær aðstæður. Sé þar aðeins fjallað um það hvernig meta skuli getu aðalskuldara til greiðslu á þeirri skuldbindingu sem ábyrgðarmaður ábyrgist eða lánsveð tryggi. Telur varnaraðili því ekki unnt að fallast á að sú staðreynd að forveri varnaraðila hafi ekki framkvæmt mat á greiðslugetu skuldara við útgáfu tryggingarbréfa leiði til ógildingar á veðtryggingum þeirra líkt og sóknaraðili haldi fram.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi auk þess ekki sýnt fram á eða orðað að á bak við tryggingarbréfin standi eingöngu skuldir sem ekki samrýmist samkomulaginu frá 2001. Af þeirri ástæðu telur varnaraðili að hafna eigi kröfu hans um aflýsingu veðbanda í formi tryggingarbréfa.

Telur varnaraðili einnig ljóst að samkomulagið taki ekki til skuldbindinga lögaðilans. Þegar af þeirri ástæðu séu ekki efni til að verða við kröfu um aflýsingu þess tryggingarbréfs sem lúti að skuldum þess aðila.

Auk ofangreinds byggir varnaraðili á því að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti. Ekki hafi verið gerðar athugasemdir við veðsetningu samkvæmt

tryggingarbréfunum frá árinu 2002 þegar veðflutningur hafi verið gerður á tryggingarbréfi nr. Þ, frá árinu 2004 þegar veð hafi verið veitt skv. tryggingarbréfi nr. Æ og frá árinu 2005 þegar veð hafi verið veitt með tryggingarbréfi nr. Ö. Fyrstu mótmælum sé hreyft í lok árs 2012. Slíkt flokkist sem tómlæti skv. dómi Hæstaréttar í máli nr. 575/2012. Athugasemdir sóknaraðila séu því of seint fram komnar.

Varðandi skuldabréf nr. Z bendir varnaraðili á að það sé gefið út í gildistíð samkomulagsins. Ekki sé að sjá að greiðendur hafi verið greiðslumetnir við lánveitinguna og sóknaraðila kynntar þær upplýsingar.

Varnaraðili vísar til þess að ljóst sé að skortur á greiðslugetu eða upplýsingagjöf leiði ekki sjálfkrafa til ógildingar á veðsetningu heldur þurfi að vera ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig veðtrygginguna, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili og útgefandi skuldabréfsins séu hjón og sé þeim því heimilt að undanþiggja fjármálafyrirtæki skyldu til greiðslumats vegna fjárhagslegra skuldbindinga hvors annars, sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Rök fyrir þeirri reglu séu einfaldlega þau að líkur standi til að lántaka gagnist báðum. Ljóst sé að málum hafi verið þannig háttáð í þessu tilviki að allri fjárhæð lánsins hafi verið ráðstafað inn á reikning útgefanda og hafi þaðan verið millifærð inn á annan reikning nr. Y þar sem útgefandi og sóknaraðili séu bæði prókúruhafar. Gefi það til kynna að sóknaraðili hafi einnig haft not af lántökunni og raunar liggi fyrir að sóknaraðili hafi nýtt sér umboðið og tekið a.m.k. tvívegis út af reikningnum samtals kr. 1.000.000 og lagt inn á eigin reikning. Verði því ekki talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig umrædda veðtryggingu.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að D, með tryggingarbréfi nr. X þ.e. sá hluti er varðar skuld B, tryggingarbréfum útgefnum 12. október 2004 og 29. júní 2005 og veðskuldabréfi útgefnu 18. mars 2008.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. F og FF voru meðal aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá þeim félögum. F og FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á þeim hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í upphafi verður fjallað um veðsetningu fasteignar sóknaraðila með tryggingarbréfi nr. X þ.e. sá hluti er varðar skuld B og tryggingarbréfum útgefnum 12. október 2004 og 29. júní 2005.

Óumdeilt er að varnaraðili mat ekki greiðslugetu B, útgefanda tryggingarbréfa. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu B. Þegar forveri varnaraðila hafði undirgengist þær skuldbindingar sem fólust í samkomulaginu var honum vissulega nokkur vandi á höndum varðandi útgáfu veðtryggingarbréfa til allsherjartryggingar á skuldum 3. manns. Er vandséð að þessar skuldbindingar um greiðslumöt og kynningu á þeim við veðsetningu hafi verið samrýmanlegt því hagræði sem stefnt var að með slíku allsherjarveði. Til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart þessum veðsölum hefði bankinn annaðhvort getað reynt að leggja mat á getu viðkomandi greiðanda til að standa við hámarksskuldbindingu samkvæmt ábyrgðinni, greiðslumetið við útgáfu hvernar nýrrar skuldbindingar skuldarans eða bæði. Gagnvart sóknaraðila getur hann hins vegar ekki borið fyrir sig að sér hafi verið ómögulegt að standa við þessar skuldbindingar þegar kom að veðtryggingarbréfum og þar með hafi hann getað hunsað þær með öllu.

Verður varnaraðili að bera hallann af því að ekkert greiðslumat var gert og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir B eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna henni greiðslumat á útgefanda tryggingarbréfa með tryggilegum hætti áður en hún samþykkti veðsetningu fasteignar sinnar samkvæmt tryggingarbréfi nr. X og tryggingarbréfum útgefnum 12. október 2004 og 29. júní 2005 og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðslugetu hennar. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að sjálfskuldarábyrgð hennar verði látin standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013, þar sem ekki var fallist á að um tómlæti væri að ræða þegar um níu ár liðu frá því gengist var í ábyrgð þar til gerðar voru athugasemdir við ábyrgðina.

Í ljósi framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, verður að telja að rétt sé að ógilda veðsetningu fasteignar sóknaraðila að D, með tryggingarbréfi X, vegna skulda B og tryggingarbréfum útgefnum 12. október 2004 og 29. júní 2005.

Verður því næst vikið að veðsetningu fasteignar sóknaraðila skv. veðskuldabréfi, útgefnu 18. mars 2008.

Óumdeilt er að varnaraðili mat ekki greiðslugetu B og E, útgefanda umrædds veðskuldabréfs. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu B og E. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt mat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir B og E eftir að hafa kynnt sér matið.

Telja verður að framkvæma hafi þurft greiðslumat þrátt fyrir að um hjón hafi verið að ræða enda segir í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins að fjármálafyrirtæki sé skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemi meira en kr. 1.000.000. Undantekningu er að finna frá þessari meginreglu í lokamálslið 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins um að hjónum eða fólki í óvígðri sambúð sé heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Túlka verður undantekningarregluna

samkvæmt efni sínu á þá leið að viljayfirlýsing ábyrgðarmanns, sem giftur er eða í óvígðri sambúð með lántaka, sé forsenda fyrir því að reglunni verði beitt. Slík viljayfirlýsing liggur ekki fyrir í þessu tilviki.

Við mat á því hvort víkja eigi veðsetningu fasteignar sóknaraðila að D, með veðskuldabréfi, útgefnu 18 mars 2008, til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 er til þess að líta að varnaraðili heldur því fram að láninu hafi verið ráðstafað í þágu sóknaraðila þar sem tvívegis var tekið út af reikningi sem sóknaraðili var með prókúru á og lagt inn á reikning sóknaraðila, samtals kr. 1.000.000. Umræddar færslur sem varnaraðili vísar til, að fjárhæð kr. 500.000 hvor voru gerðar 3. september og 1. október 2008. Umrætt veðskuldabréf var gefið út 18. mars 2008. Þannig var fyrst lagt inn á sóknaraðila af umræddum reikningi rúmum fimm mánuðum eftir útgáfu veðskuldabréfsins. Í ljósi þess tíma sem leið frá útgáfu veðskuldabréfsins þar til lagt var inn á reikning sóknaraðila hefur varnaraðila ekki tekist sönnun um að láninu hafi verið ráðstafað í þágu sóknaraðila.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að telja að rétt sé að ógilda veðsetningu fasteignar sóknaraðila að D, með veðskuldabréfi, útgefnu 18. mars 2008.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning fasteignar sóknaraðila að D með tryggingarbréfi nr. X er ógild að því er varðar ábyrgð á skuldum B.

Veðsetning fasteignar sóknaraðila að D með tryggingarbréfum útgefnum 12. október 2004 og 29. júní 2005 er ógild.

Veðsetning fasteignar sóknaraðila að D, með veðskuldabréfi útgefnu 18. mars 2008 af B og E til FF, er ógild.

Reykjavík, 30. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 30. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 46/2013**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefndir sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 15. maí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 13. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. maí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 7. júní 2013. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. júní 2013, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 1. ágúst 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 22. september 2008 var yfirlýsing um sjálfskuldarábyrgð á tékkareikningi gefin út. Sóknaraðilar tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á tékkareikningi A nr. X hjá FF. Hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðarinnar var kr. 15.000.000.

Á yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð kom eftirfarandi fram: „Við undirritaðir sjálfskuldarábyrgðaraðilar höfum kynnt okkur efni ábyrgðaryfirlýsingarinnar og upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgð. Jafnframt hafa okkur verið kynntar reglur um gerð greiðslumats hjá reikningseiganda, allt í samræmi við “Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga”, sem FF er aðili að.“ Þar fyrir neðan var gert ráð fyrir að hakað væri við að ekki væri óskað eftir að greiðslugeta reikningseiganda væri metin eða að greiðslugeta reikningseiganda hefði verið metin og með hans samþykki hefðu sjálfskuldarábyrgðaraðilar kynnt sér það greiðslumat. Ekki var hakað við annan hvorn valmöguleikanna. Einnig kom fram að

samkvæmt ofangreindu samkomulagi væri ávallt skylt að meta greiðslugetu reikningseiganda þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi reikningseiganda næmi hærri fjárhæð en kr. 1.000.000. Þá væri hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars.

Þann 12. júlí 2012 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf og óskaði eftir því að framangreindar sjálfskuldarábyrgðir yrðu felldar niður. Varnaraðili hafnaði kröfunni 8. nóvember 2012.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 13. maí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að ógiltar verði sjálfskuldarábyrgðir sem þeir gengust í fyrir A. Sóknaraðilar byggja kröfur sínar á því að við veitingu sjálfskuldarábyrgðanna hafi FF ekki gætt þeirra skyldna sem á bankanum hafi hvílt skv. samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Samkomulagið nái til sjálfskuldarábyrgðanna, sbr. 1. mgr. 2. gr. þess.

Sóknaraðilar vísa til þess að skv. 3. gr. samkomulagsins hafi varnaraðila borið undir öllum kringumstæðum að meta greiðslugetu greiðanda þar sem fjárhæð ábyrgðanna hafi verið yfir þeim mörkum sem mælt sé fyrir um í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Ekki liggi heldur fyrir að sóknaraðilar hafi verið upplýstir um stöðu sína og rétt sinn né að þeim hafi verið afhentur upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir og veðsetningar, skv. 1. mgr. 4. gr. Þeim hafi heldur ekki verið kynntar niðurstöður greiðslumats, sbr. 2. mgr. 4. gr., enda hafi slíkt mat ekki farið fram.

Sóknaraðilar kveða ágreining máls þessa snúast um það hvort mat á greiðslugetu skv. 3. gr. samkomulagsins hafi farið fram eða ekki. Ekki sé deilt um það hvort upplýsingabæklingi hafi verið dreift með ábyrgðarskjölum til sóknaraðila í samræmi við ákvæði 1. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Tilvísun varnaraðila til úrskurðar nr. 11/2013 hafi því enga þýðingu.

Telja sóknaraðilar það ágreiningslaust að þeir hafi ritað undir ábyrgðaryfirlýsinguna og hafi ekki krossað við valmöguleika að a) óska ekki eftir mati á greiðslugetu eða b) að eldri mót liggi fyrir og hafi verið fullnægjandi. Ekkert greiðslumat liggi fyrir og telja sóknaraðilar að það sé skýlaust brot á samkomulaginu og að það beri að fella ábyrgðina úr gildi af þeirri ástæðu.

Sóknaraðilar benda á að vísan varnaraðila til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012 hafi enga þýðingu í málinu. Í fyrsta lagi hafi dómur héraðsdóms lítið fordæmisgildi eins og gengið sé út frá almennt í allri lögfræðilegri aðferðarfræði enda séu þeir ekki endanlegir og ekki hafi verið tekin afstaða til sakarefnisins af Hæstarétti sem oft á tíðum snúi dómum eða byggji á öðrum forsendum. Auk þess liggi ekkert fyrir um það hvort málinu hafi verið áfrýjað eða muni verða áfrýjað þannig að mjög varasamt sé að vísa til þessa dóms sem einhvers konar fordæmis. Það sem meiru máli skipti sé hins vegar að framangreint héraðsdómsmál snúist um sjálfskuldarábyrgð aðila á tékkareikningi sambúðarmanns hennar en sambúðarfólk og hjón falli undir 1. og 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins og sé heimilt að undanþiggja fjármálafyrirtæki frá þeirri skyldu að greiðslumeta maka. Öðrum ábyrgðarmönnum sé ekki heimilt að undanþiggja fjármálafyrirtæki frá því að greiðslumeta skuldara nema

að um sé að ræða skuld sem sé lægri en kr. 1.000.000, sbr. skýrt ákvæði þar um í 3. mgr. 3. gr.

Benda sóknaraðilar á að í því tilviki sem hér um ræði sé um kr. 15.000.000 ábyrgð að ræða og hafi því fortakslaust borið að framkvæma greiðslumat og tilkynna niðurstöðu þess fyrir sóknaraðilum sem ábyrgðarmönnum. Framangreindir reitir á ábyrgðaryfirlýsingunni sem ekki hafi verið krossað við hafi því á engan hátt átt við um það tilvik sem hér um ræði og hefði það engu máli skipt fyrir lögmæti lánveitingarinnar þótt krossað hefði verið í umrædda reiti enda hefði ábyrgðin verið jafn ólögmet fyrir því.

Sóknaraðilar vísa til þess að það sé markmið samkomulagsins að vernda ábyrgðarmenn og veðþola í þeim tilvikum sem samkomulagið ná til, sbr. 1. gr. þess. Sú vernd náist ekki ef þeim skyldum sem lagðar séu á fjármálastofnanir sé ekki fullnægt og fjármálafyrirtæki séu látin komast upp með það. Hafa beri í huga að fjármálafyrirtækin beri höfuð og herðar yfir viðskiptavinum sína og verði því að gera þá kröfu til þeirra að þau fari eftir þeim reglum sem um þau gildi og þeim samningum sem þau geri við sína viðskiptavinum og fulltrúa þeirra. Í 4. gr. samkomulagsins sé fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til veðsetningar sé stofnað. Í 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins sé kveðið á um skyldu fjármálafyrirtækis til þess að tryggja það að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats og jafnframt að það sé gert með samþykki skuldara. Í ákvæðinu felist ótvíræð skylda og verði jafnframt að túlka ákvæðið þannig að fjármálafyrirtæki hafi sönnunarbyrði fyrir því að þessi skylda hafi verið uppfyllt enda sé ljóst að markmiðum ákvæðisins og samkomulagsins í heild verði ekki náð með öðrum hætti. Í þessu sambandi verði jafnframt að leggja það til grundvallar að varnaraðili hafi viðurkennt að hafa ekki látið umrædd greiðslumöt fara fram og þannig brotið gegn samkomulaginu og verði að leggja það til grundvallar við úrlausn málsins. Þar sem þessum skyldum hafi ekki verið fullnægt sé veðleyfi sóknaraðila ólögmet.

Sóknaraðilar byggja á því að varnaraðili hafi sönnunarbyrði um það að greiðslumat hafi farið fram og að það hafi verið kynnt ábyrgðarmanni/veðþola. Slík sönnun liggja ekki fyrir og verði því að leggja það til grundvallar við úrlausn málsins að ekki liggja fyrir sönnun um að umræddum skyldum hafi verið fullnægt og að varnaraðili hafi því ekki fullnægt skyldum sínum varðandi framkvæmd og kynningu greiðslumats.

Benda sóknaraðila á að varnaraðili sé bundinn af samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, Samtaka banka og veðbréfafyrirtæka, Sambands íslenskra sparisjóða og Neytendasamtakanna frá 8. júní 2000 um störf og vald úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og hafi nefndin úrskurðað um réttindi og skyldur viðskiptamanna banka á grundvelli samkomulagsins. Hafi nefndin m.a. fellt úr gildi ábyrgðir og veð þar sem ekki hafi verið farið eftir samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og staðfesti það þau réttaráhrif sem brot á samkomulaginu hafi.

Vísa sóknaraðilar til þess að þar sem brotið hafi verið gegn skýrum ákvæðum 3. og 4. gr. samkomulagsins sem sé ætlað að vernda ábyrgðarmenn og veðsala þá sé ljóst að fallast beri á kröfur sóknaraðila og víkja til hliðar framangreindum sjálfskuldarábyrgðum á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Bendir varnaraðili á að á yfirlýsingu þeirri er sóknaraðilar hafi ritað undir hafi verið að finna eftirfarandi texta: „Við undirritaðir sjálfskuldarábyrgðaraðilar höfum kynnt okkur efni ábyrgðaryfirlýsingarinnar og upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgð. Jafnframt hafa okkur verið kynntar reglur um gerð greiðslumats hjá reikningseiganda, allt í samræmi við „Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga“, sem FF er aðili að“. Í beinu framhaldi hafi ábyrgðarmönnum gefist færi á að haka við valmöguleikann „Ekki er óskað eftir því að greiðslugeta reikningseiganda sé metin“ eða „Greiðslugeta reikningseiganda hefur verið metin og með hans samþykki hafa undirritaðir sjálfskuldarábyrgðaraðilar kynnt sér það greiðslumat.“ Ekki hafi verið hakað við valmöguleika en sóknaraðili hafi skrifað undir skjalið.

Varnaraðili telur að ekki verði annað séð en að skylda skv. 4. gr. samkomulagsins um upplýsingaskyldu varnaraðila hafi verið uppfyllt enda riti sóknaraðilar undir yfirlýsingu þess efnis að hafa kynnt sér efni ábyrgðaryfirlýsingarinnar og upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgð. Vísar varnaraðili til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 11/2013 máli sínu til stuðnings.

Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðilar hafi ekki krossað við valmöguleika á yfirlýsingunni varðandi það hvort þeir óskuðu eftir greiðslumati eður ei. Líta verði svo á að með undirskrift sinni á sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsinguna hafi sóknaraðilar tekist á hendur skuldbindingu sem ekki verði vikið til hliðar með þeim rökum sem haldið sé fram af þeirra hálfu, sbr. dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á tékkareikningi nr. X.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. FF var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili mat ekki greiðslugetu A, eiganda tékkareiknings nr. X. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt mat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðilar hefðu eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið.

Ábyrgðaryfirlýsing sú sem sóknaraðilar skrifuðu undir er samin einhliða af FF. Í henni er sérstaklega upplýst að „*samkvæmt ofangreindu samkomulagi er ávallt skylt að meta greiðslugetu reikningseiganda þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi reikningseiganda (einstaklings) nemur hærri fjárhæð en kr. 1.000.000.-*“ Hið sama kemur fram í upplýsingabæklingi bankans um sjálfskuldarábyrgð. Voru sóknaraðilar því í góðri trú um að bankinn myndi ekki binda þá við ábyrgð án þess að framkvæma greiðslumat á aðalskuldaranum.

Ekki er unnt að jafna atvikum máls þessa við dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012. Í því máli hafði sambúðarkona undanskilið banka frá þeirri skyldu að framkvæma greiðslumat, með yfirlýsingu á sjálfskuldarábyrgðina, sbr. heimild hjóna eða sambúðarfólks í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins til að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Sú er ekki aðstaðan í máli þessu þar sem atvik falla ekki undir undantekningarreglur 3. gr. samkomulagsins um heimild ábyrgðaraðila til að undanskilja fjármálafyrirtæki skyldu til greiðslumats.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á tékkareikningi A nr. X.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila, M og N, á tékkareikningi A nr. X hjá varnaraðila, eru ógildar.

Reykjavík, 30. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 13. september, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 47/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 16. maí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 13. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. maí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 13. júní 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. júní 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 1. ágúst 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 13. september 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 28. apríl 1998 var tryggingarbréf nr. X gefið út af A og B. Var þar gert kunnugt að til tryggingar skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum þeirra eða síðar tilgreinds aðila við F eða L, eða þann sem bankinn vísaði til, að samtaldri fjárhæð kr. 4.500.000 væri F sett að veði á 4. veðrétti fasteignin að C. B skrifaði undir sem þinglýstur eigandi og sóknaraðili sem maki þinglýsts eiganda.

Þann 20. desember 2001 var veðréttur F skv. framangreindu tryggingarbréfi fluttur af fasteigninni C yfir á fasteignina D. Skrifaði sóknaraðili undir sem þinglýstur eigandi og B sem maki þinglýsts eiganda.

Þann 11. maí 2000 var tryggingarbréf nr. Y gefið út af A og B. Var þar gert kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum þeirra og/eða síðar tilgreinds aðila við F eða þann sem bankinn vísaði til, samtals að fjárhæð kr. 2.000.000 væri F sett að veði á 5. veðrétti fasteignin að C. B skrifaði undir sem þinglýstur eigandi og sóknaraðili sem maki þinglýsts eiganda.

Þann 20. desember 2001 var veðréttur F skv. framangreindu tryggingarbréfi fluttur af fasteigninni C yfir á fasteignina D. Skrifaði sóknaraðili undir sem þinglýstur eigandi og B sem maki þinglýsts eiganda.

Þann 12. júlí 2012 óskaði sóknaraðili eftir því að framangreindar veðsetningar yrðu felldar niður. Varnaraðili hafnaði kröfunni þann 8. nóvember 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 13. maí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ógiltar verði veðsetningar fasteignar hennar að D með tryggingarbréfum nr. X og Y og að þeim verði aflétt og þær afmáðar úr þinglýsingabókum. Sóknaraðili áréttar að ekki sé gerð krafa um niðurfellingu veðtrygginga vegna A ehf. þar sem samkomulagið nái ekki til lögaðila.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því að við veitingu framangreindra veðleyfa hafi FF [sic] ekki gætt þeirra skyldna sem á bankanum hvíldu skv. samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Samkomulagið nái til þeirra veðsetninga, sbr. 1. mgr. 2. gr. þess, að undanskilinni þeirri veðsetningu sem sett var til tryggingar skuldum A ehf.

Vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt 3. gr. samkomulagsins hafi FF borið að meta greiðslugetu greiðanda þar sem fjárhæð veðkrafna hafi verið yfir þeim mörkum sem mælt sé fyrir um í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins, enda hafi ekki legið fyrir samþykki frá sóknaraðila sem maka greiðanda um undanþágu skv. 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins. Ekki liggi heldur fyrir að sóknaraðili hafi verið upplýst um stöðu sína og rétt sinn og henni hafi ekki verið afhentur upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir og veðsetningar skv. 1. mgr. 4. gr. Henni hafi heldur ekki verið kynntar niðurstöður greiðslumats, sbr. 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins, enda hafi slíkt mat ekki farið fram að því er sóknaraðili best viti.

Sóknaraðili vísar til þess að þar sem brotið hafi verið gegn skýrum ákvæðum 3. og 4. gr. samkomulagsins sem ætlað sé að vernda ábyrgðarmenn og veðsala þá sé ljóst að fallast beri á kröfur sóknaraðila og víkja til hliðar veðum þeim sem sóknaraðili hafi veitt varnaraðila í fasteign sinni á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Eigi þetta jafnt við um tryggingarbréf og veðleyfi.

Sóknaraðili mótmælir þeirri fullyrðingu varnaraðila að ekki sé unnt að framkvæma greiðslumat eingöngu vegna útgáfu tryggingarbréfa. Mat á greiðslugetu skv. 3. gr. samkomulagsins mæli fyrir um mat á greiðslugetu viðkomandi greiðanda á þeim tíma sem ábyrgð sé veitt og verði ekki á nokkurn hátt séð að munur sé á því hvort slíkt mat fari fram vegna útgáfu skuldabréfs eða tryggingarbréfs. Í þessu sambandi sé rétt að hafa í huga að umrætt greiðslumat snúi að almennri greiðslugetu greiðanda, sbr. 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins en ekki bara greiðslugetu hans á viðkomandi veðkröfu. Ljóst sé að ábyrgð sem veitt sé í formi veðleyfis á tryggingarbréfi feli í sér sömu skyldur og áhættu og aðrar ábyrgðir enda yfirleitt óljóst í upphafi hvort eða að hve miklu leyti eigi eftir að reyna á viðkomandi ábyrgð hvort sem um veðleyfi sé að ræða fyrir skuldabréfi eða tryggingarbréfi. Sama gildi um sjálfskuldarábyrgðir almennt. Jafnframt komi það skýrt fram í 1. mgr. 2. gr. samkomulagsins in fine að það nái til allra veðleyfa einstaklinga og því hafi borið að greiðslumeta greiðanda í því tilviki sem um ræði.

Sóknaraðili telur þá fullyrðingu fráleita að útgáfa tryggingarbréfa feli ekki í sér skuldbindingu um greiðslu. Allar ábyrgðir og veðleyfi feli í sér skuldbindingu um greiðslu að vissum skilyrðum uppfylltum. Það sé jafnframt ekkert skilyrði fyrir greiðslumati að greiðandi sé að taka nýtt lán þegar ábyrgð eða veðleyfi sé veitt og gildi samkomulagið með sama hætti um viðbótarábyrgðir og veð sem veitt séu fyrir eldri lánum. Það breyti engu um skyldu til að greiðslumeta hvort um sé að ræða nýtt lán eða viðbótartryggingu enda snúi umrætt mat að greiðslugetu skuldara almennt á þeim lánum og skuldbindingum sem á honum hvíli en ekki bara á því láni sem verið sé að taka og hvíli skyldan á fjármálafyrirtæki en verndarhagsmunir snúi að hag ábyrgðarmanns.

Sóknaraðili bendir á varðandi þá málsástæðu varnaraðila að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að bak við tryggingarbréfið standi einungis skuldir sem ekki samrýmist samkomulaginu, að það skipti engu máli við úrlausn málsins enda geti samsetning umræddra lána sem falli undir tryggingarbréfið breyst frá einum tíma til annars. Auk þess hafi sóknaraðili ekki frekar en ábyrgðarmenn almennt aðgang að upplýsingum um heildarstöðu lána hjá greiðanda. Það skipti jafnframt engu máli við úrlausn máls þessa þótt greiðandi hefði verið greiðslumetinn vegna annarra lána sem falli undir umrætt tryggingarbréf. Væri fallist á að slíkt mat skipti máli væri verið að segja að hefði greiðandi tekið lán fyrir útgáfu tryggingarbréfsins og hann verið greiðslumetinn við það tækifæri og niðurstaða þess greiðslumats kynnt þeim sem að því láni hafi komið þá þurfi ekki að greiðslumeta viðkomandi greiðanda síðar þegar hann fái veðleyfi til tryggingar á umræddu skuldabréfi í formi tryggingarbréfs. Þessi fullyrðing sé í engu samræmi við efni samkomulagsins sem kveði skýrlega á um það að viðkomandi greiðandi skuli greiðslumetinn við veitingu hvernar einstakrar ábyrgðar enda mundi það á engan hátt gagnast veðþola skv. tryggingarbréfi þótt greiðslumöt hefðu farið fram áður í tengslum við aðrar eldri lánveitingar og þau möt kynnt öðrum aðilum á fyrri tímum.

Sóknaraðili mótmælir þeirri málsástæðu að ekki séu efni til að verða við kröfu um aflýsingu tryggingarbréfs þar sem það varði jafnframt skuldir lögaðila. Ekkert sé því til fyrirstöðu að tryggingar sem snerti veð fyrir kröfum umrædds einstaklings verði afmáðar með þeim hætti að þær veðtryggingar sem snúi að þeim kröfum viðkomandi einstaklings verði afmáðar.

Sóknaraðili mótmælir því að hafa sýnt af sér tómlæti þótt hún hafi uppgötvað það seint að umrædd veðsetning væri ólögmat og að hana beri að ógilda. Réttur til að bera fram varnir gegn ábyrgðarskuldbindingum fynnist ekki á meðan skuldin sé fyrnd og geti ábyrgðarmaður hvenær sem er komið fram með þær kröfur þegar kröfum sé beint að honum hvort sem það sé gert snemma eða mörgum árum síðar enda sé það eðli ábyrgða að þær geti verið langlífár og eigi það sérstaklega við um tryggingarbréf.

Sóknaraðili telur að tilvísun varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 hafi enga þýðingu hvað tómlæti snerti enda byggji sá dómur á engan hátt á tómlæti. Þvert á móti hafni Hæstiréttur því í raun að byggja niðurstöðu málsins á tómlæti líkt og héraðsdómur hafði gert enda hvergi minnst á tómlæti í forsendum Hæstaréttar. Jafnframt tiltaki Hæstiréttur ekki að héraðsdómur sé staðfestur á grundvelli forsendna hans heldur tiltaki Hæstiréttur eingöngu að hinn áfrýjaði dómur skuli vera óraskaður en byggji þá niðurstöðu á allt öðrum rökstuðningi. Þessum sjónarmiðum til stuðnings megi þvert á móti benda á Hæstaréttardóm í máli nr. 4/2013 þar sem fallist sé á kröfu um ógildingu ábyrgðar sem veitt hafði verið tíu árum áður og því skýrlega hafnað að unnt væri af hálfu fjármálastofnana að byggja á tómlæti. Þessu til stuðnings megi jafnframt vísa til annarra dóma sem varði

samkomulagið en margir þeirra hafa fjallað um ábyrgðir sem veittar hafi verið löngu áður.

Bendir sóknaraðili á að auk þess sé tekið fram í dómi Hæstaréttar í máli nr. 4/2013 að reynsla aðila í því máli af rekstri tannlæknastofu hefði enga þýðingu. Það sama eigi við í máli þessu en sóknaraðili hafi enga reynslu af viðskiptum sem þessum og hafi að mestu starfað sem heimavinnandi húsmóðir og hafi lítið vit á viðskiptum.

Sóknaraðili vísar til þess að það sé markmið samkomulagsins að vernda ábyrgðarmenn og veðþola í þeim tilvikum sem samkomulagið nái til, sbr. 1. gr. samkomulagsins. Sú vernd náist ekki ef þeim skyldum sem lagðar séu á fjármálastofnanir sé ekki fullnægt og fjármálafyrirtæki látin komast upp með það. Hafa beri í huga að fjármálafyrirtækin beri höfuð og herðar yfir viðskiptavini sína og verði því að gera þá kröfu til þeirra að þau fari eftir þeim reglum sem um þau gildi og þeim samningum sem þau geri við sína viðskiptavini og fulltrúa þeirra. Í 4. gr. samkomulagsins sé fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til veðsetningar sé stofnað. Í 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins sé kveðið á um skyldu fjármálafyrirtækis til að tryggja það að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats og jafnframt að það sé gert með samþykki skuldara. Í ákvæðinu felist ótvíræð skylda og verði jafnframt að túlka ákvæðið þannig að fjármálafyrirtæki hafi sönnunarbyrði fyrir því að þessi skylda hafi verið uppfyllt enda sé ljóst að markmiðum ákvæðisins og samkomulagsins í heild verði ekki náð með öðrum hætti. Í þessu sambandi verði jafnframt að leggja það til grundvallar að varnaraðili hafi viðurkennt að hafa ekki látið umrædd greiðslumöt fara fram og þannig brotið gegn samkomulaginu og verði að leggja það til grundvallar við úrlausn málsins. Þar sem þessum skyldum hafi ekki verið fullnægt sé veðleyfi sóknaraðila ólöglegt.

Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili sé bundinn af samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, Samtaka banka og veðbréfafyrirtækja, Sambands íslenskra sparisjóða og Neytendasamtakanna frá 8. júní 2000 um störf og vald úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og hafi nefndin úrskurðað um réttindi og skyldur viðskiptamanna banka á grundvelli samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Hafi nefndin m.a. fellt úr gildi ábyrgðir og veð þar sem ekki hafi verið farið eftir samkomulaginu og staðfesti það þau réttaráhrif sem brot á samkomulaginu hafi.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili vísar til þess að af gögnum bankans verði ekki ráðið að greiðslumat hafi verið framkvæmt við útgáfu umþrættra tryggingarbréfa eins og gert sé ráð fyrir í 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Eðli máls samkvæmt sé ómögulegt að framkvæma greiðslumat eingöngu vegna útgáfu tryggingarbréfa þar sem slík bréf feli ekki í sér ein og sér skuldbindingu um greiðslu og sé því engin greiðslubyrði útgefanda af slíkum veðbréfum sem hægt sé að meta. Verði því ekki séð að ákvæði 3. gr. samkomulagsins um viðmið vegna greiðslumats geti átt við í slíkum tilvikum og engar efnisreglur sé þar að finna varðandi gerð greiðslumats þegar einungis veðsamningur eigi í hlut. Sé þar aðeins fjallað um það hvernig meta skuli getu aðalskuldara til greiðslu á þeirri skuldbindingu sem ábyrgðarmaður ábyrgist eða lánsveð tryggi. Telur varnaraðili því ekki unnt að fallast á að sú staðreynd að forveri varnaraðila hafi ekki framkvæmt mat á greiðslugetu skuldara við útgáfu

tryggingarbréfanna leiði til ógildingar á veðtryggingum þeirra líkt og sóknaraðili haldi fram.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili verði að sýna fram á að varnaraðili hyggist nýta tryggingarbréfin til fullnustu skulda sem ekki samrýmist samkomulaginu. Fyrir liggir að tryggingarbréfin taki einnig til skulda lögaðila sem samkomulagið taki ekki til. Skipti þá ekki máli hvernig staðið hafi verið að stofnun þeirra. Með því að lögaðilinn sé ekki skuldlaus við bankann telji varnaraðili engin efni til að verða við kröfum sóknaraðila.

Auk ofangreinds byggir varnaraðili á því að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti. Ekki hafi verið gerðar athugasemdir við veðsetningu samkvæmt tryggingarbréfinu frá lok árs 2001 þegar veðflutningur hafi verið gerður og þar til um mitt ár 2012, séu þá liðin tíu og hálf ár. Slíkt flokkist sem tómlæti samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 575/2012. Athugasemdir sóknaraðila séu því of seint fram komnar.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að D með tryggingarbréfum nr. X og Y, að því er varðar skuldir B. Ekki er farið fram á ógildingu veðsetningar fasteignar sóknaraðila skv. framangreindum tryggingarbréfum að því er varðar skuldir A.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. FFF var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FFF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili mat ekki greiðslugetu B, útgefanda tryggingarbréfanna. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu B.

Þegar forveri varnaraðila hafði undirgengist þær skuldbindingar sem fólust í samkomulaginu var honum vissulega nokkur vandi á höndum varðandi útgáfu veðtryggingarbréfa til allsherjartryggingar á skuldum 3. manns. Er vandséð að þessar skuldbindingar um greiðslumöt og kynningu á þeim við veðsetningu hafi verið samrýmanlegt því hagræði sem stefnt var að með slíku allsherjarveði. Til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart þessum veðsölum hefði bankinn annaðhvort getað reynt að leggja mat á getu viðkomandi greiðanda til að standa við

hámarksskuldbindingu samkvæmt ábyrgðinni, greiðslumetið við útgáfu hvernar nýrrar skuldbindingar skuldarans eða bæði. Gagnvart sóknaraðila getur hann hins vegar ekki borið fyrir sig að sér hafi verið ómögulegt að standa við þessar skuldbindingar þegar kom að veðtryggingarbréfum og þar með hafi hann getað hunsað þær með öllu.

Verður varnaraðili að bera hallann af því að ekkert greiðslumat var gert og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir B eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna henni greiðslumat á útgefanda tryggingarbréfanna með tryggilegum hætti áður en hún samþykkti veðsetningu fasteignar sinnar samkvæmt tryggingarbréfum nr. X og Y og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðslugetu hennar. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að sjálfskuldarábyrgð hennar verði látin standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013, þar sem ekki var fallist á að um tómlæti væri að ræða þegar um níu ár liðu frá því gengist var í ábyrgð þar til gerðar voru athugasemdir við ábyrgðina.

Í ljósi framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, verður að telja að rétt sé að ógilda veðsetningu fasteignar sóknaraðila að Gauksási 51, með tryggingarbréfum nr. X og Y, vegna skulda B.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning fasteignar sóknaraðila, M, að D með tryggingarbréfum X og Y, er ógild að því er varðar ábyrgð á skuldum B.

Reykjavík, 13. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 30. ágúst, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 48/2013**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefndar sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 17. maí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 15. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. maí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 19. júní 2013. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. júní 2013, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðilum.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 30. ágúst 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 23. mars 2007 var skuldabréf nr. X (nú XX), að fjárhæð kr. 3.100.000 gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteign A að B, var sett að veði á 5. veðrétti til tryggingar láninu. Þá tókust sóknaraðilar á hendur sjálfskuldarábyrgðir in solidum á láninu. Staðfestu þær að hafa kynnt sér efni skuldabréfsins og að þær gerðu sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra væri fólgin og töldu hana samrýmast greiðslugetu þeirra. Jafnframt hefðu þær kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Þann 23. mars 2007 var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga X“ undirritað. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 3.100.000 var tilgreind A og ábyrgðarmenn voru tilgreindir sóknaraðilar. Fram kom að meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá Sparisjóðnum. Staðfestu sóknaraðilar að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Möguleiki var á að haka við hvort óskað væri eftir greiðslumati,

en ekki var hakað við já eða nei. Þá var tiltekið að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærrí en kr. 1.000.000. Hægt var að haka við hvort niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti eða gæti ekki efnt skuldbindingar sínar en en ekki var hakað þar við.

Umboðsmaður skuldara sendi varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila og óskaði eftir að afstaða yrði tekin til gildis framangreindra ábyrgða. Þann 5. júní 2012 kvað varnaraðili ábyrgðirnar gildar.

Þann 26. mars 2007 var skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ undirritað. Sóknaraðilar óskuðu eftir að gangast í ábyrgð fyrir A á skuldabréfi. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kom fram að meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum. Einnig var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga á skjalinu. Staðfestu sóknaraðilar að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 15. maí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast lausnar á skyldum sínum vegna skuldabréfs nr. X. Telja sóknaraðilar varnaraðila ekki hafa staðið rétt og löglega að stofnun ábyrgðarskuldbindingarinnar. Benda sóknaraðilar á að neikvætt greiðslumat hafi borist þeim eftir að skuldabréfið hafi verið undirritað og hafi þeim ekki verið gert að staðfesta skriflega vilja sinn til að gerast ábyrgðarmenn þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu greiðslumatsins, eins og bankanum hafi borið að gera. Telja sóknaraðilar að brotið hafi verið á rétti þeirra skv. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísa sóknaraðilar máli sínu til stuðnings til dóma Hæstaréttar í málum nr. 141/2012, 169/2012 og 127/2013.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili kveður ljóst að greiðslumat hafi verið framkvæmt og hafi bankinn þar með uppfyllt þá skyldu sem 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga mælir fyrir um. Sóknaraðilar hafi ritað undir niðurstöður greiðslumatsins þann 26. mars 2007, þremur dögum eftir að skuldabréfið hafi verið dagsett. Á niðurstöðuskjalinu sé að finna útdrátt úr 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins þar sem m.a. komi fram að bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óski eftir að lán verði veitt engu að síður skuli hann staðfesta það skriflega. Með undirritun sinni á umrætt skjali verði að telja að sóknaraðilar hafi veitt staðfestingu sína á ósk um að lánið yrði veitt.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðilar riti undir skuldabréfið við útgáfu þess og staðfesti þar með eftirfarandi texta: „Ég undirritaður hef kynnt mér efni bréfs þessa og geri mér grein fyrir í hverju ábyrgð mín er fölgin og tel hana samrýmast greiðslugetu minni. Jafnframt hef ég kynnt mér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi

samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.“ Í upplýsingabæklingi um ábyrgðir hafi skylda fjármálafyrirtækja til að greiðslumeta skuldara verið áréttuð.

Vísar varnaraðili til þess að í úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 110/2012 hafi verið horft til þess að þar sem ábyrgðarmaður hafi ritað nafn sitt á skuldabréf og staðfest að hafa kynnt sér upplýsingabækling, kynnt sér efni skuldabréfsins, í hverju ábyrgð væri fólgin og að hún samrýmdest greiðslu hans, hafi ekki verið orsakatengsl milli dagsetningar greiðslumatsskjala og ábyrgðar þeirrar er gengist hafi verið í. Hafi ekki verið talin efni til ógildingar ábyrgðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Varnaraðili telur að sóknaraðilum hafi samkvæmt framansögðu átt að hafa verið ljós skylda varnaraðila til að meta greiðslugetu lántaka og hefði verið um ákvörðunarástæðu að ræða hefði þeim verið í lófa lagið að bíða með undirskrift sína þar til niðurstöður greiðslumats hafi legið ljósar fyrir, sbr. dóm héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4871/2011. Samanber einnig úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 101/2012. Svipað sjónarmið hafi einnig verið uppi í dómi Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Varnaraðili vísar til þess að þrátt fyrir að sóknaraðilar undirriti niðurstöður greiðslumats seinna en skuldabréfið hafi þeim verið kunnugt um framangreint ákvæði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins um að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöður greiðslumats áður en gengist sé í ábyrgðina. Skuldabréfinu hafi ekki verið ráðstafað til útgefanda fyrr en 2. apríl 2007 þannig að ljóst sé að sóknaraðilar hafi náð að kynna sér greiðslugetu útgefanda þá. Einnig megi benda á að sóknaraðilar skrái sjálfir dagsetningu á skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ þegar það hafi verið undirritað og geti það ekki verið á ábyrgð varnaraðila að ábyrgðarmenn láti hjá líða að rita undir greiðslumat í einhverja daga. Vilji þeirra til að gangast í ábyrgð hvað sem greiðslumati líði sé augljós enda riti þeir undir skjalið þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu þess.

Varnaraðili bendir á að þrátt fyrir að komist verði að niðurstöðu um að ákvæðum samkomulagsins hafi ekki verið fylgt til hlítar leiði það ekki sjálfkrafa til þess að ábyrgð sé vikið til hliðar. Meta verði öll atvik við gerð sammings. Hér hafi ekki verið sýnt fram á að orsakatengsl séu á milli dagsetningar greiðslumatsskjals og vilja ábyrgðarmanna til að gangast í ábyrgð, sbr. t.d. úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 37/2012, 54/2012 og 110/2012. Varnaraðili telur sýnt að það hefði engu breytt um ákvörðun sóknaraðilar að gerast ábyrgðarmenn þó dagsetning skjalsins hefði verið önnur.

Auk ofangreinds byggir varnaraðili á því að þrátt fyrir að niðurstöður greiðslumats hafi bent til neikvæðrar greiðslugetu lántaka hafi lánið verið í skilum þar til í júlí 2012, í tæp fimm og hálf ár. Sóknaraðilar hafi ekki haft uppi kvartanir í rúm fimm ár. Slíkt flokkist sem tómlæti. Athugasemdir sóknaraðila séu því of seint fram komnar.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir

varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í málinu liggur fyrir skjal sem ber heitið „Niðurstaða greiðslumats“. Á skjalinu kemur fram að niðurstaða greiðslumats bendi til þess að lántakandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Undirskriftir sóknaraðila eru dagsettar þann 26. mars 2007 en útgáfudagur umrædds skuldabréfs var 23. mars 2007. Í 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kemur fram að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina. Sóknaraðilar skrifuðu undir skuldabréf nr. X þann 23. mars 2007 og gengust þar með í ábyrgðina þann dag og skiptir í því samhengi ekki máli þótt krafa varnaraðila á hendur aðalskuldara hafi ekki stofnast fyrr en við útgreiðslu lánsins nokkrum dögum síðar, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 150/2012.

Það verklag varnaraðila að afla fyrst ábyrgðarinnar, en senda sóknaraðilum síðar til undirritunar skjal með neikvæðri niðurstöðu greiðslumats var til þess fallið að sóknaraðilar gengust í ábyrgðirnar. Þetta verklag er í brýnni andstöðu við þær skuldbindingar sem fjármálafyrirtæki, þ.á.m. varnaraðili, höfðu gengist undir með fyrrnefndu samkomulagi, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 102/2012.

Ekki liggja fyrir gögn sem staðfesta að sóknaraðilum hafi verið gefinn kostur á að hætta við að gangast í sjálfskuldarábyrgðir vegna umrædds skuldabréfs áður en þær skrifuðu undir skjalið „Niðurstaða greiðslumats“, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 41/2012 og 128/2012.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðilum varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna þeim greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti áður en þær tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu þeirra. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðilar hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að sjálfskuldarábyrgðir þeirra verði látnar standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013, þar sem ekki var fallist á að um tómlæti væri að ræða þegar um níu ár liðu frá því gengist var í ábyrgð þar til gerðar voru athugasemdir við ábyrgðina.

Ekki er unnt að jafna atvikum máls þessa við úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 110/2012, enda hafði ábyrgðarmaður í því máli óskað eftir að greiðslumat yrði ekki framkvæmt, sbr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, og ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum lántaka ekki meira en kr. 1.000.000. Í máli þessu var varnaraðila skylt að framkvæma greiðslumat, sbr. 3. gr. samkomulagsins, og tryggt skyldi að ábyrgðarmaður gæti kynnt sér niðurstöðuna áður en gengist var í ábyrgðina, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Með sömu

rökum er vísan varnaraðila til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 37/2012 og 54/2012 hafnað.

Ekki er fallist á vísan varnaraðila til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4871/2011 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012, enda hafði jákvætt greiðslumat verið framkvæmt þegar ábyrgðarmaður gekkst í ábyrgðina. Með sömu rökum er hafnað vísan varnaraðila til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 101/2012.

Í ljósi alls framangreinds og með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga er fallist á kröfur sóknaraðila um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgða þeirra á skuldabréfi nr. X.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila, M og N, á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF, eru ógildar.

Reykjavík, 30. ágúst 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 20. september er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 49/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 16. maí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 15. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. maí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 20. júní 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. júní 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 2. júlí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 20. september 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 30. ágúst 2006 var sjálfskuldarábyrgð nr. X vegna tékkareiknings A nr. Y gefin út. Skuldbatt sóknaraðili sig með sjálfskuldarábyrgð þessari til að tryggja FF fullar efndir skuldbindingar skuldara. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. sjálfskuldarábyrgðinni. Hámarksfjárhæð sjálfskuldarábyrgðarinnar var kr. 830.000. Staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér efni ábyrgðaryfirlýsingarinnar og að hafa fengið fræðslurit Sparisjóðsins um sjálfskuldarábyrgð. Þá óskaði sóknaraðili eftir því að greiðslugeta reikningseiganda yrði ekki metin.

Þann 19. desember 2006 var veðskuldabréf nr. Z, að fjárhæð kr. 4.700.000 gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteignin B, var sett að veði á 4. veðrétti til tryggingar skuldinni. Þá tókust sóknaraðili og C á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum til tryggingar skuldinni. Staðfestu þau að hafa kynnt sér efni skuldabréfsins og að þau gerðu sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra væri fólgin og teldu hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt hefðu þau kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Umboðsmaður skuldara sendi varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila og óskaði eftir því að afstaða yrði tekin til gildis sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila vegna tékkareiknings nr. Y. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 6. mars 2012.

Þann 10. maí 2013 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila vegna ábyrgðar á skuldabréfi nr. Z. Óskað var eftir því að umrædd ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda samdægurs.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 15. maí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðir hans vegna tékkareiknings nr. Y og vegna skuldabréfs nr. Z verði felldar úr gildi.

Til stuðnings kröfu sinni varðandi ábyrgð á tékkareikningi nr. Y vísar sóknaraðili til þess að hann minnst þess ekki að hafa sett x í reit þar sem óskað hafi verið eftir að greiðslugeta reikningseiganda yrði ekki metin, enda séu upphafsstafir hans ekki settir við umrætt val.

Sóknaraðili vísar til þess er varðar ábyrgð hans á skuldabréfi nr. Z að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á aðalskuldara. Hafi hann þar af leiðandi ekki fengið tækifæri til að kynna sér greiðslugetu útgefanda áður en hann hafi gengist í ábyrgðina. Bankinn noti máli sínu til stuðnings dóm Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 þótt afstaða sóknaraðila liggja ekki fyrir. Sóknaraðili kveðst ekki hafa gengist í ábyrgðina hefði hann séð að útgefandi væri ekki borgunarmaður fyrir láninu.

Sóknaraðili telur að tómlæti hans skýrist af vankunnáttu. Kveðst hann telja að varnaraðili hafi átt að benda sér á samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Hafi sóknaraðili ekki haft vitneskju um að fjármálafyrirtæki bæri að meta greiðslugetu greiðanda. Þá vitneskju hafi hann fengið þegar hann hafi leitað til umboðsmanns skuldara.

Sóknaraðili bendir á að hann sé lærður pípulagningarmaður. Hafi hann enga fjármálaþekkingu og beri traust til þeirra aðila sem hann leiti til hverju sinni og að þeir leiðbeini honum eftir atvikum. Það telji hann varnaraðila ekki hafa gert.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara er þess krafist að einungis ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Z verði felld niður.

Til stuðnings kröfu vegna tékkareiknings nr. Y vísar varnaraðili til þess að samkvæmt 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga beri fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski með skriflegum hætti eftir því að það verði ekki gert. Á sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingunni hafi verið krossað við þann valmöguleika að ekki væri óskað eftir því að greiðslugeta reikningseiganda yrði metin. Sóknaraðili hafi því undanþegið varnaraðila skyldu til að gera greiðslumat. Sóknaraðili hafi ekki fært sönnur á að hann hafi ekki merkt sjálfur við þennan reit enda riti hann undir yfirlýsinguna. Sóknaraðili hafi einnig staðfest með undirritun sinni að hafa kynnt sér efni ábyrgðaryfirlýsingarinnar og fengið fræðslurit forvera varnaraðila um sjálfskuldarábyrgð. Varnaraðili hafi því uppfyllt skilyrði 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og engin ástæða sé til að fella ábyrgð sóknaraðila úr gildi.

Til stuðnings kröfu varðandi skuldabréf nr. Z vísar varnaraðili til þess að með undirskrift sinni á skuldabréfið hafi sóknaraðili staðfest eftirfarandi texta: „Ég undirritaður hef kynnt mér efni skuldabréfsins og geri mér grein fyrir í hverju ábyrgð mín er fölgin og tel hana samrýmast greiðslugetu minni. Jafnframt hef ég kynnt mér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 1. nóvember 2001.“

Bendir varnaraðili á að þrátt fyrir að ekki verði séð að greiðslumat hafi verið gert í tengslum við lánveitinguna sé ljóst að greiðslugeta lántaka hafi verið fyrir hendi enda hafi lánið verið í skilum í tæp þrjú ár. Verði því ekki séð að gengið hafi verið gegn markmiðum samkomulagsins sem m.a. lúti að því að lánveitingar séu miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 343/2012. Benda megi á að lánið sé tryggt með veði í B, sem sé þinglýst eign greiðanda lánsins og maka hans.

Auk ofangreinds byggir varnaraðili á því að ábyrgðarmaður hafi sýnt af sér tómlæti með því að gera ekki athugasemd við ábyrgðarveitingu vegna skuldabréfsins frá útgáfu þess 19. desember 2006 þar til sóknaraðili hafi leitað til umboðsmanns skuldara í lok febrúar 2012. Séu þá liðin rúm fimm ár frá útgáfu skuldabréfsins og ár hvert hafi hann fengið tilkynningu um tilvist ábyrgðarinnar eins og samkomulagið geri ráð fyrir. Auk þess hafi sóknaraðili haft tækifæri frá ársbyrjun 2010 til að mótmæla en þá hafi vanskil greiðanda hafist. Þetta flokkist sem tómlæti skv. dómi Hæstaréttar í máli nr. 575/2012. Athugasemdir sóknaraðila séu því of seint fram komnar.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á tékkareikningi nr. Y og skuldabréfi nr. Z.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfeta það skriflega.

Í upphafi verður fjallað um ábyrgð sóknaraðila á tékkareikningi nr. Y. Ekki liggur fyrir að lánveitandinn hafi framkvæmt mat á greiðslugetu A, eiganda tékkareiknings nr. Y. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins var fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema sjálfskuldarábyrgðaraðilar óskuðu eftir því að greiðslumat yrði ekki framkvæmt, enda var fjárhæð sjálfskuldarábyrgðarinnar að hámarki kr. 830.000. Á sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingunni sem sóknaraðili skrifaði undir var hakað við val um að greiðslugeta reikningseiganda yrði ekki metin, en

sóknaraðila hefur ekki tekist sönnun um að það hafi ekki verið vilji hans þegar skrifað var undir ábyrgðaryfirlýsinguna. Þykir verða að leggja sönnunarbyrðina um þetta atriði á sóknaraðila m.a. með hliðsjón af því að óumdeilt er að það var hann sem ritaði undir þær yfirlýsingar sem hann gaf á skjalinu. Þar með var varnaraðila á grundvelli 3. gr. samkomulagsins ekki skylt að meta greiðslugetu reikningseiganda, A, og þar með kynna sóknaraðila ef fjárhagsstaða reikningseiganda benti til þess að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Í ljósi framangreinds verður kröfu sóknaraðila um niðurfellingu ábyrgðar hans á tékkareikningi nr. Y hafnað.

Verður því næst vikið að kröfu sóknaraðila varðandi niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar á skuldabréfi nr. Z.

Óumdeilt er að varnaraðili mat ekki greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. Z. Samkvæmt 3. mgr. 3. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að greiðslumat var ekki framkvæmt og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að dómur Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu, enda réðist niðurstaða umrædds máls einkum á því að fyrir lá jákvætt greiðslumat og að í skýrslu stefnanda málsins fyrir dóminum kom fram að það hefði engu breytt þótt henni hefði verið kynnt efni umrædds greiðslumats áður en hún skrifaði undir skuldabréfið. Í máli því sem nú er um rætt liggur hvorki fyrir greiðslumat né sambærileg yfirlýsing ábyrgðarmanns.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna henni greiðslumat á skuldaránunum með tryggilegum hætti og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hennar. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að sjálfskuldarábyrgð hennar verði látin standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 4/2013, þar sem ekki var fallist á að um tómlæti væri að ræða þegar um níu ár liðu frá því gengist var í ábyrgð þar til gerðar voru athugasemdir við ábyrgðina.

Í ljósi framangreinds verður að telja að rétt sé að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Z, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, varðandi niðurfellingu ábyrgðar hans á tékkareikningi A nr. Y, er hafnað.

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. Z, útgefnu af A til FF, er ógild.

Reykjavík, 20. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 20. september er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 50/2013**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 24. maí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 22. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. maí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 19. júní 2013. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. júní 2013, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 20. ágúst 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 13. og 20. september 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 24. maí 2002 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 6.750.000, gefið út af A til varnaraðila. Sóknaraðilar tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Fyrir liggur ódagsett skjal „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Samkvæmt skjalinu var greiðandi að láni að fjárhæð kr. 6.750.000 A. Ábyrgðarmenn voru tilgreindir sóknaraðilar. Staðfestu sóknaraðilar að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Gert var ráð fyrir að hakað væri við hvort meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá Sparisjóðnum, en ekki hefur verið hakað við „já“ eða „nei“. Sóknaraðili N óskaði eftir að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin og setti upphafsstafi sína við það val. Sóknaraðili M virðist hafa sett upphafsstafi sína við spurninguna: „Óskar ábyrgðarmaður/menn eftir því að greiðslugeta greiðanda verði metin?“, án þess að valið hafi verið annað hvort „já“ eða „nei“. Tiltekið var að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærrí en kr. 1.000.000. Sparisjóðurinn tók fram að greiðslumat tæki einvörðungu til könnunar á fjármálum greiðanda hjá Sparisjóðnum

og uppflettingu í opinberri vanskilaskrá. Aðrar upplýsingar um fjárhagslega stöðu greiðanda hefði Sparisjóðurinn ekki undir höndum. Ekki var hakað við hvort niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar eða ekki.

Þann 12. maí 2009 var gerð frysting á greiðsluskilmálum skuldabréfs tryggt með sjálfskuldarábyrgð nr. X, sem sóknaraðilar skrifuðu m.a. undir. Staðfestu þau að hafa kynnt sér efni bréfsins og að þau gerðu sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra sem veðleyfisgjafa væri fólgin og teldu hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt hefðu þau kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Þann 24. febrúar 2010 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfs nr. X sem sóknaraðilar skrifuðu m.a. undir.

Þann 7. febrúar 2011 sendi umboðsmaður skuldara A, skuldara skuldabréfs nr. X, og B bréf um tillögur vegna greiðsluerfiðleika og greiðsluerfiðleikamat.

Fyrir liggur að skuldabréfið var í skilum til maí 2012 en ógreiddir eru gjalddagar frá 2. maí 2012.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 22. maí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að þau verði leyst undan ábyrgðum vegna skuldabréfs nr. X.

Sóknaraðilar vísa til þess að ekki hafi verið rétt staðið að greiðslumati vegna ábyrgða þeirra, en þegar þau hafi ritað undir sjálfskuldarábyrgðirnar hafi verið í gildi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Benda sóknaraðilar á að í ljósi upphæðar lánsins, sem hafi numið hærri fjárhæð en kr. 1.000.000, sbr. 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins, hafi varnaraðila borið að greiðslumeta greiðanda nema undantekningarregla 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins ætti við. Fyrir liggir að túlka verði undantekningarreglu 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins samkvæmt efni sínu á þá leið að viljayfirlýsing ábyrgðarmanns sem giftur sé eða í óvígðri sambúð með lántaka, sé forsenda fyrir því að reglunni verði beitt, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 19/2012, enda sé þá oftast um að ræða fjárhagslega einingu milli aðila.

Vísa sóknaraðilar til þess að í málinu liggir fyrir að skilyrði fyrir beitingu undantekningarreglunnar sé ekki uppfyllt. Sú staðreynd að sóknaraðilar hafi ritað upphafsstafi sína á fylgiskjöl með skuldabréfinu þar sem þau hafi óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda geti með engu móti firrt bankann þeirri ábyrgð að framkvæma mat á greiðslugetu skuldara. Bankanum hafi því samkvæmt skýru ákvæði 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins verið skylt að meta greiðslugetu skuldara skuldabréfsins.

Sóknaraðilar vísa til þess að ekki liggir fyrir hvort þau hefðu samþykkt greiðslumat hefði það verið framkvæmt og gengist í ábyrgð fyrir greiðanda skuldabréfsins eftir að hafa kynnt sér matið. Einnig sé ljóst að ekki liggir fyrir skrifleg staðfesting sóknaraðila á veitingu lánsins ef niðurstaða greiðslumats hefði bent til þess að greiðandi hefði ekki getað efnt skuldbindingar sínar, sbr. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Vísa sóknaraðilar til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 8/2012 máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðilar benda á að fyrir liggi að varnaraðili hafi ekki framkvæmt greiðslumat í samræmi við 2. mgr. 3. gr. samkomulagsins sem kynnt hafi verið sóknaraðilum eða leitað eftir staðfestingu sóknaraðila í samræmi við 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Þar sem varnaraðili sé fjármálafyrirtæki og hafi yfir að ráða sérfræðingum á sviði fjármálaþjónustu verði hann að bera hallann af þessari málsmeðferð. Einnig vísa sóknaraðilar til laga nr. 32/2009, vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi umrædds skuldabréfs.

Sóknaraðilar kveðast ekki hafa gert sér grein fyrir ábyrgð þeirri sem þau hafi tekið á sig sem ábyrgðarmenn. Breyti það engu þó skuldari bréfsins hafi greitt af því í nærri 10 ár. Rétt sé að skuldari hafi reynt að semja við kröfuhafa án árangurs og eftir að hann hafi hætt greiðslu lánsins hafi ábyrgðarmenn orðið uggandi yfir stöðunni hvað þau varði.

Sóknaraðilar benda á að í bréfi varnaraðila sé vísað til dóma Hæstaréttar sem þau telja ekki hafa fordæmisgildi í máli þessu enda sé ljóst að kröfuhafi geti ekki fallið frá því að framkvæma greiðslumat þegar upphæð sé yfir eina milljón. Varnaraðili geti ekki vikið umræddum reglum um greiðslumat til hliðar eins og hann hafi gert í máli þessu. Sóknaraðilar kveðast ekki hafa gert sér grein fyrir stöðu ábyrgðarinnar fyrr en vanskil hafi orðið á greiðslum á umræddu skuldabréfi. Ljóst sé af bréfi umboðsmanns skuldara, dags. 7. febrúar 2011, að aðalskuldari geti með engu móti staðið við skuldbindingar sínar. Varnaraðili hafi vitað af bréfinu. Þrátt fyrir það hafi sparisjóðurinn gert kröfu um að ábyrgðarmenn skrifuðu undir skjöl án þess að upplýsa þá um stöðu aðalskuldara og verði að telja varhugavert með tilliti til núverandi laga um ábyrgðarmenn frá árinu 2009 að bankinn hafi ekki framkvæmt nýtt mat þegar komið hafi að undirritun nýrra lánaskjala.

Með vísan til alls framangreinds krefjast sóknaraðilar þess, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, að sparisjóðurinn víki til hliðar ábyrgðum sóknaraðila enda liggi fyrir að ósanngjarnt sé og andstætt góðri viðskiptavenju að bera þær fyrir sig.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni bendir varnaraðili á að sóknaraðilar byggja málsástæður sínar á 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Af athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 11/1986, um breytingu á lögum nr. 7/1936, verði skýrlega ráðið að löggjafinn hafi falið dómstólum að beita ákvæði 36. gr. laganna og leggja mat á þau atriði sem þar greini. Samkvæmt því hafi úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki ekki valdbærni til að beita greininni um þá samninga sem hún fái til umfjöllunar. Hinir matskenndu þættir greinarinnar séu á forræði dómstóla að fjalla um og beita. Í frumvarpinu komi ítrekað og víða fram að dómstólum sé falið að móta reglur og beita ákvæðinu.

Með vísan til ofanritaðs fer varnaraðili fram á að úrskurðarnefndin vísi málinu frá á þeim grunni að hana skorti umboð til að beita ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 til þess að ógilda, breyta eða fella úr gildi samninga í heild eða að hluta.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að samhliða undirritun skuldabréfsins þann 24. maí 2002 hafi ábyrgðarmenn skrifað undir skjalið „Til ábyrgðarmanna“, ásamt greiðanda. Þar hafi ábyrgðarmönnum verið gefinn kostur á að

óska eftir greiðslumati með því að haka við annan af tveimur valmöguleikum „já“ eða „nei“ og setja upphafsstafi sína við. Með undirritun þessa skjals hafi ábyrgðarmenn staðfest að þau hafi fengið og kynnt sér bækling Sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Tekið hafi verið fram að greiðslumat tæki einvörðungu til könnunar á fjármálum greiðanda hjá Sparisjóðnum og uppfléttinga í vanskilaskrá, en aðrar upplýsingar um fjárhagslega stöðu greiðanda hafi Sparisjóðurinn ekki undir höndum. Fram komi að greiðandi heimili með undirskrift sinni á skjalið „Til ábyrgðarmanna“ að ábyrgðarmönnum verði veittar upplýsingar um niðurstöðu könnunar á greiðslugetu og viðeigandi gögn.

Varnaraðili bendir á að á skjalinu komi fram að greiðslumat sé ávallt framkvæmt sé lánsfjárhæð hærri en kr. 1.000.000. Einnig sé tekið fram að jákvæð niðurstaða greiðslumats feli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efni skyldur sínar. Verði að telja miðað við þær upplýsingar sem fram komi á ofangreindu skjali og að ábyrgðarmenn hafi undirritað skjalið, að ábyrgðarmenn hafi kynnt sér þær upplýsingar sem fram komi á skjalinu, verið ljós áhætta sú sem þau hafi tekist á hendur sem og þekkt stöðu greiðandans og þannig valið að óþarft væri að gera greiðslumat hjá greiðanda. Því verði að ganga út frá því að ábyrgðarmenn hefðu samþykkt greiðslumat og gengist í ábyrgð hefði það verið framkvæmt, jafnvel þótt niðurstaðan hefði bent til þess að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar, enda beri gögn málsins með sér að aðrar forsendur en gjaldfærni aðalskuldara hafi verið ákvarðandi fyrir skuldbindingu ábyrgðarmanna.

Varnaraðili bendir á að tvær skilmálabreytingar hafi verið gerðar á umræddu skuldabréfi. Önnur hafi verið gerð þann 12. maí 2009, rétt tæpum sjö árum eftir undirritun skuldabréfsins. Engar athugasemdir liggi fyrir af hálfu ábyrgðarmanna vegna þeirrar skuldbreytingar og hafi þau ritað nöfn sín undir skjalið til staðfestingar því að hafa kynnt sér efni bréfsins og að þau hafi gert sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra væri fölginn, en í skilmálabreytingunum sé sérstaklega kveðið á um þetta í reit hjá undirritun ábyrgðarmanna. Hefðu ábyrgðarmenn haft tilefni til athugasemda hefðu þau átt að koma þeim að við þessa skuldbreytingu. Síðari skilmálabreytingin hafi verið gerð 24. desember 2010. Ábyrgðarmenn hafi ekki heldur mótmælt þeirri breytingu og hafi skrifað undir skjalið fyrirvaralaust, tæpum átta árum eftir útgáfu skuldabréfsins.

Varnaraðili telur vert að nefna að skuldabréfið hafi verið í skilum í tæp 10 ár, frá því í júlí 2002 til maí 2012. Á því tímabili hafi ábyrgðarmenn aldrei haft uppi kröfur um að víkja ábyrgðinni til hliðar né hafi þau gert neins konar athugasemdir. Sú staðreynd að lánið hafi verið í skilum í tíu ár staðfesti að greiðandi hafi getað staðið undir skuldbindingu sinni og greiðslumat hefði að líkindum staðfest það, enda hafi ábyrgðarmenn ekki óskað eftir því. Því megi leiða líkum að því að ábyrgðarmenn hafi ætlað sér að gangast í ábyrgð fyrir greiðanda og hafi verið staða málsins fullkunn þar sem þau hafi ekki talið þörf á greiðslumati. Afpökkun á greiðslumati leiði raunar til sömu niðurstöðu, nefnilega að niðurstaða greiðslumats hafi ekki verið ákvörðunarástæða eða forsenda þess að sóknaraðilar hafi gengist í ábyrgð fyrir son sinn.

Varnaraðili vísar til þess að það að ekki hafi verið gert greiðslumat hafi ekki eitt og sér í för með sér að ábyrgð teljist ógild. Um það sé vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Sé tekið mið af atvikum málsins sem hér um ræði verði að telja að sömu sjónarmið gildi og í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar. Einnig sé vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 343/2012. Hvað varði ábyrgð þá sem hér um ræði sé ljóst að greiðslumat hjá greiðanda hefði verið jákvætt hefði það verið framkvæmt við lántöku

en um það beri staðreyndir vitni og að ábyrgðarmenn hafi bæði undirritað þrátt fyrir að það væri ekki framkvæmt. Þar sem ábyrgðarmenn hafi afþakkað greiðslumat þrátt fyrir upplýsingar á ofangreindu fylgiskjali og vitneskju um fjárhæð skuldbindingar sé ljóst að niðurstaða greiðslumats hefði ekki haft áhrif á ákvörðun ábyrgðarmanna um að takast á hendur skuldbindinguna. Tilvitnaður dómur teljist hafa fordæmisgildi í málinu.

Bendir varnaraðili á að meginmarkmið samkomulagsins frá 2001 sé að ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga geri sér eftir atvikum ljósa grein fyrir áhættu þeirri sem þeir takist á herðar með því að gangast í slíka ábyrgð. Ábyrgðarmenn hafi ritað undir skjal þess efnis að þau hefðu kynnt sér og gert sér grein fyrir þýðingu skuldbindingar sinnar og hafi sérstaklega óskað eftir að greiðslumat yrði ekki gert hjá greiðanda við lántökuna með því að haka við slíkan reit á fylgiskjali skuldabréfsins og undirrita það. Einnig hafi ábyrgðarmenn staðfest ábyrgð sína tvisvar síðan skuldabréfið hafi fyrst verið gefið út með undirritunum sínum, síðast átta árum eftir lántökuna. Lánið hafi verið í skilum í nær tíu ár.

Varnaraðili telur rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga séu vinnureglur sem ýmsar stofnanir og fyrirtæki hafi sameiginlega sett sér, en hafi ekki lagagildi. Samkvæmt nýlegum dómum Hæstaréttar sé rík áhersla lögð á að skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu til staðar þegar gildi ábyrgða sé metið. Þar megi nefna dóm í máli nr. 169/2012, þar sem rík áhersla sé lögð á sanngirnismat skv. skilyrðum 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 og tekið fram að sanngirnismatið ráðist af heildarmati á þeim fjórum þáttum sem tilgreindir séu í 2. mgr. greinarinnar. Eins og mál sóknaraðila liggi fyrir verði að telja að dómurinn hafi fordæmisgildi í máli þessu og að meta verði þessa þætti í heild, m.t.t. vitneskju þeirra um stöðu greiðanda við undirritun ábyrgðar. Einnig vísist um þetta til máls nr. 213/2012. Af þessu sjáist að nauðsynlegt sé að viss skilyrði þurfi að vera uppfyllt og sanngirnismat þurfi að taka til allra þátta 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, ef fella eigi ábyrgð niður.

Varnaraðili telur að sóknaraðilar hafi ekki gert grein fyrir því hvaða atvik, að undanskildum tilgreindum formreglum samkomulagsins, eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu að ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju sé að sparisjóðurinn beri ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila fyrir sig. Mótmælt sé ótilgreindri og óvissri tilvísan til laga nr. 32/2009.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar virðist byggja á því að það sé ósanngjarnt að fella ekki niður ábyrgðina, þar sem ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat, sem þau hafi þó beðið um að ekki yrði framkvæmt. Þessum málalítilbúnaði hafnar varnaraðili. Það sé hvorki ósanngjarnt né fari það gegn góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig skjöl sem ábyrgðarmenn hafi samþykkt að eigin vilja. Beri ekki síður í þessu samhengi að líta til þess að ábyrgðarmenn hafi staðfest ábyrgð sína í tvígang og staðfest sérstaklega eftir að hafa kynnt sér stöðu sína sem ábyrgðarmenn í maí 2009. Með þeirri framgöngu hafi ábyrgðarmenn stuðlað að þeirri fyrirgreiðslu sem aðalskuldari hafi fengið með skuldbreytingum árin 2009 og 2010.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar byggi ekki á því að ábyrgðarmenn hafi ekki gert sér grein fyrir ábyrgð sinni og skyldu eða ekki skilið þýðingu þeirra. Þá sé ekki á því byggt að ábyrgðarmenn hefðu ekki samþykkt greiðslumat eða ekki gengist í ábyrgðina þó greiðslumat hefði orðið neikvætt. Látið sé kyrrt liggja við að reifa sjónarmið um að það liggi ekki fyrir hvort ábyrgðarmenn hefðu samþykkt greiðslumat og gengist í ábyrgð eftir að hafa kynnt sér niðurstöðu greiðslumats. Þessi málflutningur standist ekki þar sem ábyrgðarmenn, eftir að hafa kynnt sér réttarstöðu

sína sem ábyrgðarmanna, hafi afsalað sér rétti til að kynna sér greiðslumat. Jafngildi það yfirlýsingu um að niðurstaða greiðslumats ráði ekki ákvörðun þeirra um að gangast í ábyrgð fyrir son sinn.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðilar byggi ekki kröfur sínar á því að þau hafi verið blekktil til að takast á hendur ábyrgðina, þau hafi ritað undir hana á röngum forsendum eða að ábyrgð þeirra hafi orðið annars efnis en til hafi staðið þegar þau hafi tekist hana á hendur. Ekki sé heldur byggt á því að það yrði ábyrgðarmönnum ofviða eða þau fengju ekki risið undir skuldbindingum sínum, kæmi til þess að þau þyrftu að greiða varnaraðila samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu sinni.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðilar hafi ekki leitt fram nein rök eða forsendur sem réttlæti að undantekningarreglu 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, verði beitt til að víkja til hliðar skuldbindingu ábyrgðarmanna. Kvörtun sóknaraðila málsins lúti að því að varnaraðili hafi kosið að virða rétt sóknaraðila til samningafrelsis umfram almennan samning um fyrirkomulag við veitingu ábyrgðarskuldbindinga og fallist á beiðni þeirra um að ekki yrði gert greiðslumat á aðalskuldara. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 11/1986, um breytingu á lögum nr. 7/1936, komi fram að reglan í 36. gr. sé í eðli sínu undantekningarregla og standi andspænis meginreglum um samningafrelsi. Sérstaklega sé undirstrikað í athugasemdum að ætlast sé til þess að dómstólar fari „mjög varlega“ í beitingu reglunnar. Varnaraðili telur að í tilviki sóknaraðila sé skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 ekki fullnægt og mun veigameiri málsástæður þurfi til að fallist verði á kröfur þeirra. Varnaraðili eigi rétt á hendur ábyrgðarmönnum á grundvelli almennra reglna kröfuréttarins um að samningar skuli standa og loforð skuli efna. Slíkum grundvallaratriðum í kröfu- og samningarétti verði ekki vikið til hliðar í krafti málsástæðna sóknaraðila í máli þessu.

Vísar varnaraðili til þess að efni skuldabréfsins og skjalsins „Til ábyrgðarmanna“ sé skýrt og til þess fallið að ábyrgðarmenn og þeir sem undirriti skjölin geri sér grein fyrir stöðu sinni. Þrátt fyrir að ekki hafi verið gert greiðslumat hafi hagsmuna ábyrgðarmanna engu að síður verið gætt og hafi þau haft allar upplýsingar um málið til þess að taka þá upplýstu ákvörðun að þau teldu ekki þörf á greiðslumati. Áður hafi verið tekið fram að skuldabréfið hafi verið í skilum í 10 ár, þannig að ljóst sé að greiðslumat hefði engu breytt um fyrirætlun ábyrgðarmanna á þeim tíma sem það hafi verið undirritað. Sé tekið mið af atvikum málsins hafi ábyrgðarmenn gert sér ljósa grein fyrir áhættunni sem þeir hafi tekist á herðar með undirritun sinni og hafi fyrst haft uppi athugasemdir vegna ábyrgðarinnar rúmum 10 árum eftir lánveitingu. Því geti ekki talist ósannjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju af hálfu varnaraðila að halda ábyrgðinni upp á ábyrgðarmenn, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varnaraðili tekur fram að með vísan til 12. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki sé því fyrirfram lýst yfir að varnaraðili muni ekki fella sig við niðurstöðu nefndarinnar þar sem fallist sé á kröfur og sjónarmið sóknaraðila og sé sparisjóðnum á minnsta hátt í óhag, enda myndi slík niðurstaða fela í sér atvik sem hefðu í för með sér veruleg útgjöld fyrir sparisjóðinn og hefðu einnig fordæmisgildi, bæði fyrir sparisjóðinn sjálfan sem og önnur fjármálafyrirtæki. Með þessari yfirlýsingu sé fullnægt kröfu fyrrnefndrar 12. gr. samþykktar fyrir nefndina. Sparisjóðurinn áskilur sér allan rétt til þess að fylgja kröfunni eftir, m.a. með málshöfðun komi til þess.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá á þeim grundvelli að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafi ekki valdbærni til að beita 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sem krafa sóknaraðila byggir á.

Dómstólar fjalla um túlkun laga, þar á meðal ofangreint ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936. Hefur verið fjallað um ákvæðið í fjölmörgum dómsúrlausnum, m.a. í tengslum við ábyrgðarskuldbindingar. Þrátt fyrir þetta hlutverk dómstólanna þurfa bæði stjórnvöld og t.d. samningsbundnir gerðardómar að beita lögskýringum við framkvæmd starfa sinna, en þurfa þá að taka tillit til úrlausna dómstóla. Er ekki unnt að fallast á með varnaraðila að greinargerð með þessu ákvæði setji það í slíka sérstöðu að óheimilt sé að byggja á því við úrlausnir nefndarinnar. Verður því kröfu varnaraðila um frávísun málsins hafnað.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. F var einn þessara sparisjóða. F bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu A, við útgáfu skuldabréfs nr. X. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið. Í þessu sambandi skiptir ekki máli að aðalskuldari hafi staðið við greiðslur af skuldabréfinu í um tíu ár frá útgáfu þess, enda hefur varnaraðila ekki tekist sönnun um að niðurstaða greiðslumats hefði verið jákvæð.

Á forprentað eyðublað varnaraðila sem sóknaraðilar rituðu undir kom skýrlega fram að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærri en kr. 1.000.000. Annar sóknaraðila hakaði við að hann óskaði ekki eftir því að greiðslugeta lántaka væri metin, en hinn ekki. Er ekki unnt að fallast á með varnaraðila að þessi framsetning hans og lánveiting á grundvelli eyðublaðsins þannig út fylltu, leiði til þess að sanngjarnt teljist að leysa hann undan þeirri skyldu sem hann hafði undirgengist gagnvart viðskiptamönnum sínum og áréttað sjálfur á eyðublaðinu.

Ekki verður fallist á að fjölskyldutengsl sóknaraðila og A, útgefanda skuldabréfsins, geri það að verkum að sóknaraðilar þekki til fjárhagsstöðu A eða að þau hafi slík áhrif á skyldur varnaraðila skv. samkomulaginu til að framkvæma

greiðslumat eða á sanngirnismat á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að það ráði úrslitum, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 9/2013.

Ekki er unnt að fallast á með varnaraðila að samþykki sóknaraðila á síðari skilmálabreytingum skuldabréfsins ráði hér úrslitum eða feli í sér áréttingu á vilja þeirra til að vera í ábyrgð fyrir láninu, enda eru ábyrgðarmenn jafnan í mjög þröngri aðstöðu til að gera athugasemdir við ábyrgð sína þegar skuldari sækir um slíkar breytingar til kröfuhafa, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 67/2012.

Ekki verður séð að málsatvik hér séu sambærileg dómi Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 þar sem sérstök yfirlýsing ábyrgðarmanns um að hann hefði gengist í ábyrgðina þótt skuldari hefði ekki staðist greiðslumat. Ekki verður fallist á með varnaraðila að dómur Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu, þar sem fyrir lá jákvæð niðurstaða greiðslumats og í skýrslu stefnanda málsins fyrir dóminum kom fram að það hefði engu breytt þótt henni hefði verið kynnt efni umrædds greiðslumats áður en hún skrifaði undir skuldabréfið.

Við mat á því hvort víkja beri veðsetningu fasteignar sóknaraðila til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 ber að líta til þess að samkvæmt framansögðu hafði varnaraðili skuldbundið sig til að lána ekki út peninga til einstaklinga gegn veðsetningum og ábyrgðum 3. manns nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessum meginreglum var ætlað að tryggja að ekki væri farið offari gegn neytendum í því að velta ábyrgðum af lánveitingum af fjármálafyrirtækjum á ábyrgðarmenn. Varnaraðili kaus að virða þessar skuldbindingar að vettugi, við útgáfu umrædds skuldabréfs. Skerti varnaraðili því mjög möguleika sóknaraðila á því að gera sér grein fyrir áhættunni sem þau tókust á hendur með því að gangast í ábyrgð fyrir A.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að ósanngjarnt væri að varnaraðili gæti byggt rétt á umræddum sjálfskuldarábyrgðum, sem fengnar voru án þess að hann stæði við skuldbindingar sínar um hvernig afla skyldi slíkra sjálfskuldarábyrgða. Telst því rétt að ógilda sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila samkvæmt skuldabréfi nr. X, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 99/2012. Leiðir þessi niðurstaða jafnframt til þess að ekki þarf að taka afstöðu til málsástæðna sóknaraðila sem lúta að framgöngu varnaraðila við skilmálabreytingu lánsins.

Það athugast að varnaraðili hefur lýst því yfir í málalíbúnaði sínum að með vísan til 12. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar muni hann ekki fella sig við niðurstöðu hennar ef hún verði sjóðnum „á minnsta hátt í óhag“. Enda þótt nefndin eigi ekki úrskurðarvald um hvort þetta ákvæði eigi við, bendir hún á að það er í ósamræmi við skuldbindingar varnaraðila að lýsa þessu fyrirfram jafnan yfir þegar viðskiptamenn hans láta reyna á rétt sinn fyrir nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Aðalkröfu varnaraðila, F, um frávísun krafna sóknaraðila, M og N, er hafnað. Sjálfskuldarábyrgðir sóknaraðila á skuldabréfi nr. X eru ógildar.

Reykjavík, 20. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 20. september er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 51/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 24. maí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 24. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. maí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 24. júní 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. júní 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 16. júlí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 13. og 20. september 2013.

II.

Málsatvik.

Gerður var lánasamningur (lán í erlendum gjaldmiðlum) milli M ehf. sem lántaka og FF, sem lánveitanda. Lánsamningurinn var til þriggja ára að fjárhæð jafnvirði ISK 31.500.000 í íslenskum krónum og/eða erlendum myntum með þeim skilmálum sem greindi í samningnum.

Samkvæmt 1. gr. lánsamningsins skyldi lántaki senda lánveitanda beiðni um útborgun með a.m.k. tveggja virkra bankadaga fyrirvara þar sem tiltekinn væri sá reikningur sem leggja skyldið lánið eða lánshlutann inn á. Í útborgunarbeiðni skyldi lántaki tilkynna lánveitanda í hvaða myntum hann hygðist taka lánið og í hvaða hlutföllum. Fjárhæð hvers gjaldmiðils fyrir sig ákvarðaðist þó ekki fyrr en tveimur virkum bankadögum fyrir útborgun lánsins. Á því tímamarki yrðu fjárhæðirnar endanlegar og myndu ekki breytast innbyrðis þaðan í frá, þótt upphafleg hlutföll þeirra kynnu að breytast á lánstímanum. Lánið yrði þá eftirleiðis tilgreint með fjárhæð þeirra erlendu mynta eða jafngildi þeirra í öðrum erlendum myntum og íslenskum

krónum samkvæmt heimildum samningsins. Samkvæmt 2. gr. bar að endurgreiða lánið í þeim gjaldmiðlum sem það samanstæði af. Lántaki mátti því aðeins greiða lánshluta í erlendum myntum í íslenskum krónum að lánveitandi hefði samþykkt það og hefði mótttekið skriflega beiðni lántaka þar um, tveimur virkum bankadögum fyrir gjalddaga. Sú greiðsla sem lántaka bæri að inna af hendi á gjalddaga í erlendum myntum yrði umreiknuð í íslenskar krónum tveimur virkum bankadögum fyrir gjalddagann. Varnaraðili hafði heimild til að skuldfæra reikning sóknaraðila nr. X fyrir greiðslum samkvæmt samningnum.

Samkvæmt 3. gr. samningsins báru lánshlutar í erlendum myntum öðrum en evrum vexti sem voru 12 mánaða LIBOR vextir að viðbættu vaxtaálagi 1,85%. Lánshluti í evrum skyldi bera 12 mánaða EURIBOR vexti að viðbættu 1,85% vaxtaálagi. Tiltekið var að vanefndi sóknaraðili skuld samkvæmt samningnum í erlendum myntum væri varnaraðila heimilt að umreikna lánið í íslenskar krónur miðað við skráð sölugengi lánveitanda í lok gjaldfellingardags, á þeim myntum sem lánið samanstæði af. Bæri þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Vanefndi lántaki skuld samkvæmt samningnum í íslenskum krónum bæri lántaka að greiða dráttarvexti.

Lántaka var samkvæmt 4. gr. heimilt að óska eftir myntbreytingu lánshluta í erlendum myntum á vaxtagjalddögum, væri lánið í skilum. Gæti lánveitandi ekki útvegað þann gjaldmiðil sem lántaki kynni að vilja nota til myntbreytingar eða útvegun hans hefði í för með sér verulegan kostnað fyrir lánveitanda væri lánveitanda heimilt að nota USD í stað þess gjaldmiðils. Við myntbreytingu skyldi við umreikning nota sölugengi gjaldmiðils sem hætt væri að miða við og kaupgengi þess gjaldmiðils sem framvegis skyldi miða við, samkvæmt síðustu gengisskráningu lánveitanda á íslensku krónunni, tveimur virkum bankagjalddögum fyrir myntbreytinguna nema um annað væri sérstaklega samið.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu lánsins skyldi sóknaraðili gefa út tryggingarbréf til varnaraðila að fjárhæð 17.300.000 tryggt með veði í fasteigninni A, sbr. 6. gr. Einnig tryggingarbréf að fjárhæð 17.300.000, tryggt með veði í fasteigninni B.

Þann 5. febrúar 2007 var tryggingarbréf - allsherjarveð, erlendir gjaldmiðlar gefið út af sóknaraðila til FF. Sóknaraðili gerði kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum þess og/eða síðar tilgreinds aðila, nú eða síðar, við FF, eða þann sem bankinn vísaði til í hvaða formi eða gjaldmiðli sem skuldbindingarnar væru eða yrðu á hverjum tíma, samtals allt að jafnvirði kr. 17.300.000 í DKK 1.450.490 eða jafngildi þeirrar fjárhæðar á hverjum tíma í öðrum erlendum myntum eða mynteiningum sem skráðar væru í gengistöflu FF eða í íslenskum krónum, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar við innheimtuaðgerðir væri FF sett að veði á 4. veðrétti fasteignin að B.

Þann 5. febrúar 2007 var tryggingarbréf - allsherjarveð, erlendir gjaldmiðlar, gefið út af sóknaraðila til FF. Sóknaraðili gerði kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum þess og/eða síðar tilgreinds aðila, nú eða síðar, við FF eða þann sem bankinn vísaði til, í hvaða formi eða gjaldmiðli sem skuldbindingarnar væru eða yrðu á hverjum tíma, samtals allt að jafnvirði kr. 17.300.000 í DKK 1.450.490 eða jafngildis þeirrar fjárhæðar á hverjum

tíma í öðrum erlendum myntum eða mynteiningum sem skráðar væru í almennri gengistöflu FF eða í íslenskum krónum, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar við innheimtuaðgerðir væri FF sett að veði á 4. veðrétti fasteignin að A.

Þann 2. maí 2007 var beiðni um útborgun láns gerð. Í beiðninni kom fram að með vísan til 1. gr. samnings milli sóknaraðila og varnaraðila, dags. 1. febrúar 2007 um lán að fjárhæð ISK 31.500.000 eða þeim erlendum myntum sem tilgreindar væru af lántaka, væri þess óskað að öll lánsfjárhæðin að frádregnu lántökugjaldi yrði greidd út með eftirfarandi hætti: Lán í dönskum krónum, greiðsludagur 4. maí 2007, viðtakandi greiðslu sóknaraðili, reikningsnúmer X sem strikað hefur verið yfir og skrifað Y, viðtökubanki varnaraðili og skýring vegna hækkunar hlutfjár í C

Þann 7. maí 2007 voru DKK 2.693.935,53 lagðar inn á reikning sóknaraðila nr. Y.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 24. maí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að skuld samkvæmt ódagsettum lánasamningi verði endurreiknuð í skuld í íslenskum krónum á þeim grundvelli að lánið teljist ólögðmætt gengistryggt lán í skilningi 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og veðtryggingu. Þá krefst sóknaraðili þess að viðurkennt verði að í ákvæðum tryggingarbréfs að fjárhæð samtals allt að jafnvirði krónur 17.300.000, dags. 5. febrúar 2007 með veði í fasteign í D felist ólögðmætt gengistryggt skuldbinding í skilningi 14. gr. laga nr. 38/2001. Viðurkennt verði jafnframt að hámark skuldbindingar samkvæmt umræddu tryggingarbréfi sé kr. 17.300.000. Þá er þess krafist að viðurkennt verði að í ákvæðum tryggingarbréfs að fjárhæð samtals allt að jafnvirði krónur 17.300.000, dags. 5. febrúar 2007, með veði í fasteign í E, felist ólögðmætt gengistryggt skuldbinding í skilningi 14. gr. laga nr. 38/2001. Viðurkennt verði jafnframt að hámark skuldbindingar samkvæmt umræddu tryggingarbréfi sé kr. 17.300.000.

Sóknaraðili vísar til þess að í umræddum lánsamningi greini m.a. að samningsaðilar geri með sér lánsamning „*til þriggja ára að fjárhæð jafnvirði ISK 31.500.000 - þrjátíuogeinmilljónogfimmhundruðþúsund krónur í íslenskum krónum og/eða erlendum myntum með þeim skilmálum sem greinir í samningi þessum.*“

Bendir sóknaraðili á að í 2. gr. segi: „*Lánið ber að endurgreiða í þeim gjaldmiðlum sem það samanstendur af. Lántaki má því aðeins greiða lánshluta í erlendum myntum í íslenskum krónum að lánveitandi hafi samþykkt það og hafi móttekið skriflega beiðni lántaka þar um, tveimur virkum bankadögum fyrir gjalddaga. Sú greiðsla sem lántaka ber að inna af hendi á gjalddaga í erlendum myntum verður umreiknuð í íslenskar krónur tveimur virkum bankadögum fyrir gjalddagann.*“ Ennfremur segi í 2. gr.: „*Lánveitandi hefur heimild, en ekki skyldu, til að skuldfæra eftirtalda reikninga lántaka hjá lánveitanda fyrir greiðslum samkvæmt samningi þessum: X.*“ Umræddur reikningur sé í íslenskum krónum.

Sóknaraðili bendir á að eina tilgreining lánsfjárhæðarinnar í lánsamningnum hafi verið í íslenskum krónum og hvergi hafi verið getið um fjárhæð skuldarinnar í erlendri mynt.

Sóknaraðili vísar til þess að í lánessamningnum, svo og í meðfylgjandi beiðni um útborgun láns, dags. 2. maí 2007, komi skýrt fram að greiða eigi andvirði lánsins inn á reikning nr. X. Ofangreindur reikningur sem andvirði lánsins skyldi leggjast inn á sé reikningur í íslenskum krónum, enda skyldi andvirðið notað til að hækka hlutfé í íslensku einkahlutafélagi sem skráð hafi verið í íslenskum krónum. Segi í 1. gr. lánessamningsins að ráðstafa eigi láninu m.a. til að „*Kaupa hlutfé í nýstofnuðu félagi G, að upphæð kr. 30.000.000.*“

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt bankayfirliti yfir bankareikning nr. Y hafi andvirði lánsins hins vegar verið greitt inn á gjaldeyrisreikning í DKK.

Sóknaraðili telur að lánessamningurinn beri skýrlega með sér að greiða beri lánið út í íslenskum krónum og beri beiðni um útgreiðslu þess það einnig með sér þótt raunveruleg útgreiðsla lánsins hafi verið lögð inn á gjaldeyrisreikning.

Sóknaraðili byggir á því að þegar metið sé hvort lánið sé í raun veitt í íslenskum krónum eða erlendum myntum beri að líta til ákvæða samnings aðila. Ákvæði samningsins beri með sér að greiða hafi átt umrætt lán út í íslenskum krónum sem tengt hafi verið gengi þeirra erlendu gjaldmiðla sem lánið hafi verið greitt út í.

Bendir sóknaraðili á að samkvæmt ákvæðum lánessamningsins hafi endurgreiðsla lánsins ávallt átt að eiga sér stað í íslenskum krónum, miðað við gengi hinna erlendu gjaldmiðla tveimur virkum bankadögum fyrir gjalddagann. Komi m.a. fram í 2. gr. lánessamningsins að „*Lágmarksgreiðsla umfram greiðsluskyldu er ISK 5.000.000 - fimmmilljónir króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðlum.*“

Sóknaraðili bendir á að í meðfylgjandi yfirliti reiknings nr. X hafi einungis tvær greiðslur átt sér stað inn á lánessamninginn, þ.e. greiðsla að fjárhæð kr. 200.000 og kr. 2.840.540, báðar þann 14. maí 2008. Sjá megi af yfirliti yfir gjaldeyrisreikning nr. Y að þeirri greiðslu hafi síðar verið ráðstafað inn á umræddan reikning þann 16. maí 2008. Ljóst sé því að einungis ein greiðsla (vaxtagreiðsla) hafi átt sér stað af láninu og hafi sú greiðsla verið innt af hendi í íslenskum krónum. Telur sóknaraðili af þessu ljóst að varnaraðili hafi einnig gert ráð fyrir því, bæði í lánessamningnum og í framkvæmd, að greiða ætti lánið til baka í íslenskum krónum. Ætlun aðila hafi því tvímælalaust verið að tékkareikningur félagsins í íslenskum krónum yrði skuldfærður fyrir afborgunum af vöxtum af láninu og hafi sú einnig orðið raunin, sbr. þær einu greiðslur sem greiddar hafi verið af láninu.

Sóknaraðili kveður ástæðu þess að félagið telji að lánið feli í sér ólögmæta gengistryggða skuldbindingu í skilningi ákvæða 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu vera þá að þegar metið sé hvort samningur feli í sér slíka ólögmæta gengistryggða skuldbindingu beri ávallt að líta til þess hver sú skuldbinding sé sem félagið hafi gengist undir samkvæmt samningnum, algerlega óháð því hver sú mynt sé sem lánið hafi verið greitt út í. Sú skuldbinding sem félagið hafi gengist undir samkvæmt lánessamningnum, hafi verið að endurgreiða lánið í íslenskum krónum en sá fjöldi íslenskra króna sem greiða skyldi til baka hafi algerlega verið háður gengi þeirra erlendu gjaldmiðla sem lánið hafi miðast við, í þessu tilviki DKK. Þá hafi einnig verið heimild til skuldfærslu reiknings í íslenskum krónum fólgin í samningnum. Félagið telur ljóst, þegar ákvæði 14. gr. laga nr. 38/2001 séu skoðuð, svo og ummæli í greinargerð með frumvarpi til laganna, að þær heimildir til verðtryggingar lánsfjár fjalli um fjárskuldbindingar. Það sé því hin raunverulega gengistrygging fjárskuldbindingarinnar sem skoða þurfi, þegar metið sé hvort um ólögmæta gengistryggingu sé að ræða. Óumdeilanlegt sé að samkvæmt

lánssamningnum hafi fjárskuldbindingin verið í íslenskum krónum en bundin gengi erlendra gjaldmiðla.

Sóknaraðili bendir ennfremur á að í 6. gr. lánssamningsins komi fram að til tryggingar endurgreiðslu lánsins gefi lántaki út tvö tryggingarbréf, hvort um sig að fjárhæð 17.300.000 íslenskar krónur. Ekkert sé tekið fram um það í lánssamningnum að fjárhæð tryggingarbréfanna skuli tengjast erlendum myntum, heldur að þau séu bundin við íslenskar krónur. Í tryggingarbréfunum komi fram að fjárhæð þeirra sé „*samtals allt að jafnvirði krónur 17.300.000...*“ Fjárhæð erlendu myntarinnar sé einnig tekin fram í tryggingarbréfunum, DKK 1.450.490, „*eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum erlendum myntum eða mynteiningum...*“.

Sóknaraðili telur að vegna 1) ákvæða lánssamningsins um hámark fjárhæða tryggingarbréfanna, svo og vegna 2) ákvæða tryggingarbréfanna sjálfra, en einnig vegna 3) tengingu tryggingarbréfanna við ólögmæta gengistryggða skuld, teljist tenging fjárhæðar tryggingarbréfanna við gengi erlendra gjaldmiðla, einnig vera ólögmæt gengistryggð skuldbinding í skilningi ákvæða 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Því sé þess farið á leit að viðurkennt verði að hámark fjárhæðar tryggingarbréfanna, hvors um sig, sé ISK 17.300.000 og að tenging fjárhæðanna við gengi erlendra gjaldmiðla sé ólögmæt í skilningi framangreindra ákvæða laga nr. 38/2001.

Sóknaraðili vekur athygli á ummælum í greinargerð með frumvarpi á lögum nr. 38/2001 en þar segi um 14. gr. frumvarpsins: „*Í 1. mgr. er lagt til að heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla verði felldar niður. Frá 1960 var almennt óheimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Þessi almenna regla var tekin upp í lög nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl. („Ólafslög“). Með breytingum á þeim árið 1989 var þó heimilað að gengisbinda skuldbindingar í íslenskum krónum með sérstökum gengisvísitölum, ECU og SDR, sem Seðlabankinn birti. Þessi breyting var liður í auknu frelsi í gjaldeyrismálum á sínum tíma. Gengisbinding á grundvelli þessara vísitalna hefur notið takmarkarar hylli. Samkvæmt 13. og 1. mgr. 14. gr. frumvarpsins verður ekki heimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við dagsgengi erlendra gjaldmiðla. Er talið rétt að taka af allan vafa þar að lútandi.*“

Sóknaraðili tekur fram að í framangreindum athugasemdum komi skýrlega fram að óheimilt sé að binda skuldbindingar við gengi erlendra gjaldmiðla. Hljóti því skoðun nefndarinnar að beinast að tvennu: 1) Hvort í umræddum lánssamningi hafi skuldbinding sú sem lántaki hafi tekist á hendur verið fölginn í því að endurgreiða lánið í íslenskum krónum og ef svo sé 2) hvort sú fjárhæð sem endurgreiða skyldi í íslenskum krónum, hafi að einhverju eða öllu leyti verið bundin við gengi erlendra gjaldmiðla.

Telur sóknaraðili að ekki geti verið meginatriði málsins hvort lánið hafi verið greitt út í erlendum gjaldmiðli þar sem fjárhæð lánsins í lánssamningnum hafi einungis verið tilgreind í íslenskum krónum. Þannig hafi heildarfjárhæð lánsins verið ákveðin í íslenskum krónum.

Sóknaraðili telur að eftirfarandi orðalag, „*Sú greiðsla sem lántaka ber að inna af hendi á gjalddaga í erlendum myntum verður umreiknuð í íslenskar krónur tveimur virkum bankadögum fyrir gjalddagann*“ feli í sér að skylda lántaka hafi verið sú að endurgreiða varnaraðila lánið í íslenskum krónum, enda beri skýrt orðalag lánssamningsins með sér að sóknaraðili hafi ekki átt val um það hvort lánið yrði umreiknað í íslenskar krónur, heldur myndi það gerast sjálfkrafa án samráðs við sóknaraðila. Sóknaraðili telur af þessum sökum ljóst að lánssamningurinn hafi frá

upphafi kveðið á um lánsfjárhæð sem endurgreiðast skyldi í íslenskum krónum, en að fjárhæð endurgreiðslunnar myndi þróast á lánstímanum eftir þeim gjaldmiðlum sem ákveðið væri af varnaraðila og sóknaraðila að myndu ráða fjárhæð endurgreiðslunnar í íslenskum krónum.

Sóknaraðili telur að umþrættur lánessamningur sé í þessu tilliti í ósamræmi við ákvæði þess samnings sem um hafi verið fjallað í dómi Hæstaréttar í máli nr. 66/2012, enda hafi ekki verið gengið út frá því í lánessamningi í máli þessu að fé í erlendum gjaldmiðlum skipti um hendur við efnidir sóknaraðila á aðalskyldu sinni. Þvert á móti hafi beinlínis verið ákveðið að sóknaraðili gæti einungis efnt aðalskyldu sína með því að fé í íslenskum krónum skipti um hendur í lok lánstíma.

Sóknaraðili bendir á að í lánessamningnum sé kveðið á um að skuldfæra megi einn reikning fyrir endurgreiðslum lánsins, og að sá reikningur sé í íslenskum krónum. Að því leyti sé lánessamningur þessi í ósamræmi við ákvæði þess samnings sem um hafi verið fjallað í dómi Hæstaréttar í máli nr. 3/2012, en þar hafi sérstaklega verið tekið fram að skuldfæra mætti gjaldeyrisreikning fyrir endurgreiðslum lánsins og að slíkar skuldfærslur hafi í raun átt sér stað. Því hafi Hæstiréttur talið að gert hafi verið ráð fyrir því í umræddum samningi að aðalskyldu samningsins hafi átt að inna af hendi í erlendum gjaldmiðli. Telur sóknaraðili af þessum sökum að ekki sé hald í því fyrir varnaraðila að bera atvik umrædds máls við atvik máls þessa.

Vísar sóknaraðili til þess að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 332/2012 hafi Hæstiréttur tekið fram að samkvæmt ákvæðum þess lánessamnings sem málið hafi fjallað um, hafi skuldbinding um endurgreiðslu einungis verið í erlendum gjaldmiðlum. Þó hafi verið tekið fram að færi lánið í vanskil væri lánveitanda heimilt að umreikna lánið yfir í íslenskar krónur og rukka dráttarvexti. Umrædd heimild til umreiknings sé tilkomin vegna vanefnda og hafi lánveitandi tryggt sér heimild til umreiknings í íslenskar krónur sem vanefndaúrræði. Slíkt ákvæði eigi ekkert skylt við ákvæði þess lánessamnings sem fjallað sé um í máli þessu. Telur sóknaraðili því að haldlaust sé fyrir varnaraðila að vísa í umræddan dóm Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðili bendir á að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 155/2011 hafi verið tekið fram að þegar metið sé hver aðalskylda lántaka sé, beri sérstaklega að líta til þess hvers kyns sá reikningur sem skuldfæra megi til endurgreiðslu láns. Talið hafi verið mikilvægt í umræddu máli að skuldfærslureikningur hafi verið í íslenskum krónum að skuldfærslur hafi í raun átt sér stað af þeim reikningi. Það sama eigi við í máli þessu.

Sóknaraðili er ósammála því sem kemur fram í athugasemdum varnaraðila þess efnis að orðalag samningsins um að umreikna þurfi lánið yfir í íslenskar krónur beri með sér að skuldbinding sóknaraðila hafi í raun verið í erlendri mynt. Telur sóknaraðili að umrædd skuldbinding um að láta af hendi íslenskar krónur í lok lánstíma, hvers fjárhæð fari eftir þróun erlendra gjaldmiðla á lánstímanum, falli að öllu leyti undir þær skuldbindingar sem lög nr. 38/2001 hafi kveðið á um að væru ólögsmætar.

Varðandi tryggingarbréf þau sem gefin hafi verið út til tryggingar endurgreiðslu lánessamnings tekur sóknaraðili fram að þrátt fyrir að í ákvæðum laga nr. 75/1997 komi fram að tengja megi fjárhæð veðbréfs við vísitölu eða gengi sé í umræddum tryggingarbréfum einungis tekið fram að fjárhæðin sé „*samtals allt að jafnvirði krónur 17.300.000*“. Skýrum orðum sé enda tekið fram í lánessamningnum að til tryggingar endurgreiðslu lánsins gefi lántaki út tvö tryggingarbréf, hvort um sig að fjárhæð 17.300.000 íslenskar krónur.

Telur sóknaraðili að tryggingarbréfin beri ekki með sér að fjárhæð þeirra sé tengd gengi erlendra gjaldmiðla, enda verði samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1997 að taka skýrt fram í veðbréfinu eigi svo að vera, og skuli grunnvísitala þá tilgreind. Verður að skilja ákvæðið svo að gerðar séu kröfur til þess að gengi umrædds gjaldmiðils við undirritun samningsins þurfi að taka fram sé byggt á því að hin íslenska fjárhæð sé tengd við þróun erlendra gjaldmiðla. Einnig þurfi að taka skýrt fram um slíka tengingu.

Sóknaraðili bendir á að spyrja megi hvert gildi orðalagið „*samtals allt að jafnvirði krónur 17.300.000*“, hafi við úrlausn málsins sé byggt á því að umrædd tryggingarbréf séu í erlendum gjaldmiðlum en ekki íslenskum krónum. Bent sé á að tryggingarbréfin séu einungis útgefin samkvæmt heimild í lánessamningnum, en í honum sé sérstaklega tekið fram að tryggingarbréfin skuli gefin út í íslenskum krónum. Þegar ákvæði tryggingarbréfanna séu skýrð til samræmis við ákvæði lánessamningsins telur sóknaraðili að skýra verði þau þannig að tryggingin sem í þeim sé fólgin sé í íslenskum krónum, enda snúist tryggingarbréfin einungis um að tryggja ákveðinn hluta af fjárhæð lánessamningsins. Sé komist að niðurstöðu um að lánessamningurinn kveði á um skuld í íslenskum krónum, telur sóknaraðili að sú trygging sem tryggingarbréfin feli í sér um endurgreiðslu hluta skuldarinnar hljóti einnig að vera í íslenskum krónum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að af dómum Hæstaréttar verði ráðið að útborgun á lánsfé í erlendra mynt geti ráðið úrslitum um mat á lögmæti erlendra lána og skipti þá ekki máli hvort lánsfjárhæð hafi í lánessamningi verið tilgreind í þeirri mynt eða hlutföllum, hafi verið um fjölmyntalán að ræða. Hafi Hæstiréttur komist að þessari niðurstöðu t.a.m. í málum nr. 3/2012, 332/2012 og 66/2012.

Vísar varnaraðili til þess að samkvæmt efni lánessamningsins sem hér um ræði hafi hámarki lánsfjárhæðar verið markaður rammi í íslenskum krónum, en jafnframt hafi verið gert ráð fyrir því að lántaki gæti valið þá gjaldmiðla sem einstaka ádrættir/láns hlutar samanstæðu af. Það val hafi farið fram í útborgunardeildni sem sé hluti lánessamnings, sbr. 2. mgr. 1. gr. Þar komi fram að lánið skuli að öllu leyti vera í dönskum krónum. Lánsfjárhæðin hafi í kjölfarið verið greidd út í dönskum krónum, inn á gjaldeyrisreikning sóknaraðila, nr. Y, þann 7. maí 2007. Hafi sú ráðstöfun verið í samræmi við ósk lántaka, sbr. útborgunardeildni. Þetta hafi leitt af tilgangi lánsins, en skv. 4. mgr. 1. gr. lánessamnings skyldi í gegnum milliliði fjárfest í færeysku fjárfestingafélagi. Sé þannig óumdeilt að varnaraðili hafi efnt aðalskyldu sína með afhendingu á erlendum gjaldmiðli.

Bendir varnaraðili á að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 66/2012 hafi reynt á sambærilegan lánessamning og hér um ræði þar sem lánsfjárhæð hafi verið tilgreind sem jafnvirði íslenskra króna en útborgun lánsins hafi farið fram í erlendum gjaldmiðlum. Hæstiréttur hafi vísað sérstaklega til þess í málinu að „*Fé í erlendum gjaldmiðlum skipti því í reynd um hendur þegar Kaupþing banki hf. efndi aðalskyldu sína samkvæmt lánessamningnum.*“ Þá hafi sérstaklega verið vísað til þess að ekki skipti máli þótt lánið hafi í reynd verið endurgreitt í íslenskum krónum heldur hafi það verið talið skipta máli að eftir hljóðan samnings bæri að endurgreiða lánið „*í þeim gjaldmiðlum sem það samanstendur af*“. Hafi þar verið vísað í sambærilegt ákvæði og

2. gr. lánsamningsins sem hér um ræði. Um þetta hafi dómurinn sagt: „*Samkvæmt þessu verður að líta svo á að í samningnum hafi verið gengið út frá því að fé í erlendum gjaldmiðlum myndi einnig skipta um hendur við efnidir áfrýjanda á aðalskyldu sinni, þótt svo hafi ekki farið í raun. Að þessu virtu verður að leggja til grundvallar að lánið til áfrýjanda hafi verið í erlendum gjaldmiðlum og skiptir þá ekki máli hvaða tilgangi hann tók það.*“

Varnaraðili telur í þessu samhengi ekki skipta máli þótt að samkvæmt upphaflegri útborgunarbeiðni hafi verið gert ráð fyrir að lánið yrði greitt út í íslenskum krónum. Sérstaklega skuli tekið fram að sóknaraðili hafi engar athugasemdir gert við þá ráðstöfun við útborgun lánsins og ekki um árabíl, fyrr en nú í tengslum við mál þetta. Við mat á lögmæti lánskuldbindingarinnar hafi Hæstiréttur í sambærilegum málum litið til þess hvernig aðalskyldur lánveitanda hafi í reynd verið inntar af hendi. Aðalskylda lánveitanda hafi að sönnu verið innt af hendi með greiðslu í dönskum krónum og hafi engar íslenskar krónur skipt um hendur við lánveitinguna.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi sérstaklega vísað til þess að þegar lántaki hafi innt af hendur greiðslur af láninu hafi greiðslan verið umreiknuð í íslenskar krónur tveimur virkum bankadögum fyrir gjalddaga og telji sóknaraðili af þeirri ástæðu að um skuldbindingu í íslenskum krónum sé að ræða. Í því samhengi tekur varnaraðili fram að lántaki megi aðeins greiða lánshluta í erlendum myntum í íslenskum krónum hafi lánveitandi samþykkt það. Að mati varnaraðila sé það þvert á móti til stuðnings þess að um erlent lán sé raunverulega að ræða að umreikna hafi þurft greiðsluna yfir í íslenskar krónur. Væri um lán í íslenskum krónum að ræða væri engin þörf á því að umreikna greiðsluna yfir í íslenskar krónur, greiðslan væri einfaldlega í íslenskum krónum.

Af öllu framansögðu og með vísan til dóma Hæstaréttar í málum nr. 3/2012, 332/2012 og 66/2012 telur varnaraðili ljóst að um gilt lán í erlendum gjaldmiðlum sé að ræða en ekki gengistryggt. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila um endurútreikning lánsins á þeirri forsendu að um ólöglega gengistryggt lán sé að ræða.

Varnaraðili hafnar því að í tryggingarbréfin séu gengistryggð skuldbinding sem gangi gegn 14. gr. laga nr. 38/2001. Ekki verði fallist á að í tryggingarbréfunum, sem séu veðbréf, felist skuldbinding um lánsfé í skilningi 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 sem óheimilt sé að binda við gengi erlendra gjaldmiðla. Gildi framangreind ákvæði einfaldlega ekki um tryggingarbréfin með þeim hætti sem sóknaraðili byggir á. Um sé að ræða veðbréf sem sérstaklega sé heimilt að binda við gengi erlendra gjaldmiðla samkvæmt lögum um samningsveð nr. 75/1997, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna.

Með vísan til alls þess sem að framan greini telur varnaraðili að hafna beri öllum kröfum sóknaraðila í máli þessu.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort ódagsettur lánsamningur sem sóknaraðili gerði við FF feli í sér skuldbindingu í erlendri mynt eða íslenskum krónum bundin við gengi erlendra gjaldmiðla. Þá felst ágreiningur aðila í því hvort tvö tryggingarbréf, dags. 5. febrúar 2007, sem sóknaraðili gaf út til FF, feli í sér skuldbindingu í erlendri mynt eða íslenskum krónum bundin við gengi erlendra gjaldmiðla.

Verður í upphafi fjallað um lánsamning aðila. Fyrir liggur að ófrávíkjanleg ákvæði 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu standa því í vegi að lántaki verði skuldbundinn af ákvæði í samningi um að fjárhæð láns í íslenskum krónum tæki

breytingum eftir gengi erlends gjaldmiðils. Hefur Hæstiréttur að undanfögnu kveðið upp marga dóma þar sem reynt hefur á hvort lán teljist í íslenskum krónum og bundin gengi erlendra mynta með ólögætum hætti eða lán í erlendum myntum.

Í dómi Hæstaréttar 11. júní 2012 í máli nr. 332/2012 var fjallað um sambærilegan samning og um er deilt í máli þessu. Hæstiréttur lagði til grundvallar að tekið hefði verið lán í erlendri mynt og vísaði þar m.a. til heitis lánsamnings og kvittana um útborgun lánsins í erlendum gjaldmiðli. Með dómi Hæstaréttar 17. janúar 2013 í máli 386/2012 virðist hins vegar tekið af skarið um að þegar eina fjárhæðin, sem beint eða óbeint er tilgreind í lánsamningi, er í íslenskum krónum geti *”engum vafa verið háð að hann tók eingöngu til skuldbindingar í þeim gjaldmiðli, sem óheimilt var samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/2001 að binda við gengi erlendra gjaldmiðla”*

Með þessum síðasttalda dómi virðist Hæstiréttur þannig hafa horfið frá þeirri afstöðu að líta skuli til fleiri atriða á borð við hvaða gjaldmiðill er notaður við útgreiðslu lánsins í og í hvað láninu var ráðstafað, a.m.k. þegar fjárhæðin er aðeins tilgreind í íslenskum krónum

Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 386/2012 verður við það miðað að sóknaraðili hafi tekið lán í íslenskum krónum að fjárhæð kr. 31.500.000, sbr. lánasamninginn. Verður samkvæmt þessu fallist á kröfu sóknaraðila varðandi lánsamninginn.

Verður því næst vikið að tryggingarbréfum, dags. 5. febrúar 2007.

Ákvæði VI. kafla, þ.m.t. 13. og 14. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu fjalla um verðtryggingu lánsfjár og sparifjár. Falla tryggingarbréf sóknaraðila, dags. 5. febrúar 2007, því ekki undir ákvæði 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001, enda ekki um láns- eða sparifé að ræða heldur veðbréf.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1997 um samningsverð er heimilt í veðbréfi að binda fjárhæðir við hækkun samkvæmt vísitölu eða gengi, enda sé það tilgreint í bréfinu sjálfu og þar komi fram tegund og grunntala verðtryggingar.

Í tryggingarbréfum sóknaraðila, dags. 5. febrúar 2007, var tilgreint að fjárhæð tryggingarbréfsins væri samtals allt að jafnvirði krónur 17.300.000, fjárhæð myntar DKK 1.450.000. Tilgreining fjárhæðar tryggingarbréfsins var því í dönskum krónum í samræmi við 3. mgr. 4. gr. laga nr. 75/1997. Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila varðandi tryggingarbréf, dags. 5. febrúar 2007.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðila, F, ber að endurreikna skuld samkvæmt ódagsettum lánasamningi við sóknaraðila, M, á þeim grundvelli að lánið teljist ólögætt gengistryggt lán að fjárhæð kr. 31.500.000 í skilningi 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu

Kröfum sóknaraðila sem lúta að veðtryggingabréfum varnaraðila á fasteignunum B og A, dags. 5. febrúar 2007, er hafnað.

Reykjavík, 20. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson
Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 20. september er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 52/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 31. maí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 28. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. júní 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 1. júlí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. júlí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 18. ágúst 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 20. september 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 14. febrúar 2007 var veðskuldabréf í erlendri mynt, gefið út af sóknaraðila til FF. Viðurkenndi sóknaraðili að skulda FF JPY 9.905.408 og CHF 237.789,20, kaupgengi FF 13. febrúar 2007 var 0,5603 fyrir JPY og fyrir CHF 54,46. Liborvextir á JPY voru 0,43313%, álag var 2,5% og samtals vextir á JPY voru 2,93313%. Liborvextir á CHF voru 2,075%, álag var 2,5% og samtals vextir á CHF voru 4,575%. Fram lagt eintak skuldabréfsins er ekki númerað en í öðrum fram lögðum gögnum kemur fram að það hefur fengið númerið 881.

Þann 23. október 2008 óskaði sóknaraðili eftir skilmálabreytingu skuldabréfsins. Í skjalinu „Beiðni um skilmálabreytingu“ sem sóknaraðili ritaði undir eru eftirstöðvar þess tilgreindar kr. 34.993.000 en handskrifað hefur verið við þá upphæð CHF 225.239,21 og JPY 9.382.623. Óskaði sóknaraðili eftir frýstingu og að borga bara vexti í 12 mánuði. Var beiðnin samþykkt.

Þann 28. október 2008 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfs nr 881. Tiltekið var að skuldabréfið hefði verið upphaflega að jafnvirði ISK 18.500.000 í CHF 237.789,20 og JPY 9.905.408.

Þann 9. júlí 2010 var skjalið „Framlenging erlends lánasamnings“ gert á vegum L, en enginn hefur skrifað undir skjalið. Tiltekið var að upphafleg fjárhæð lánsins hefði verið kr. 18.500.000 en eftirstöðvar lánsins þann 1. júlí 2010 væru JPY 9.393.118 og CHF 225.476,47, ISK 9.950, að jafnvirði kr. 40.438.211. Nr. skuldabréfs er tilgreint X en ekki er ljóst hvort það númer á við upphaflegt skuldaskjal eða hvort um er að ræða númer sem búið er sérstaklega til vegna framlengingarinnar.

Fyrir liggur endurútreikningur á framangreindu skuldabréfi, dags. 8. júlí 2011. Fram kom að nýr höfuðstóll væri kr. 23.732.757 og hefði lækkað um kr. 21.444.376. Tekið var fram að lántaki hefði staðfest endurútreikning í útibúi L. Þann 11. ágúst 2011 var veðskuldabréf að fjárhæð kr. 23.732.757 gefið út af sóknaraðila til varnaraðila. Fasteignin að A var sett að veði á 1. veðrétti. Tiltekið var að um endurreiknað erlent lán væri að ræða en fyrir liggur skjal þar sem fram kemur að lánið komi í stað láns að fjárhæð kr. 18.500.000, útg. 14. febrúar 2007, samkvæmt endurreikningi á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða XII laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. c-lið 2. gr. laga nr. 151/2010.

Þann 10. maí 2013 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila. Fram kom að það væri mat varnaraðila að lán sóknaraðila væri löglegt lán í erlendri mynt. Lánið yrði ekki endurreiknað á grundvelli dóma Hæstaréttar um gildi fullnaðarkvittana. Ekki lægi fyrir ákvörðun um hvort fyrri endurreikningur lánsins yrði leiðréttur í ljósi framangreinds og var allur réttur áskilinn í því sambandi. Þann 28. maí 2013 tilkynnti sóknaraðili varnaraðila að hann hygðist bera mál sitt undir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og að hann ætlaði að halda áfram að greiða af umræddu láni í samræmi við lánasamning sem undirritaður hafi verið 11. ágúst 2011.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 28. maí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili óskar eftir álitni úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki á því hvort lán nr. X hjá varnaraðila sé löglegt erlent lán.

Sóknaraðili fer fram á að kvörtun hans verði hvorki hafnað né vísað frá. Telur sóknaraðili lán nr. X ólöglegt, eins og öll önnur myntkörfulán. Allt annað sé mismunun og óheiðarleg viðskipti.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá en til vara að henni verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að „kröfugerð“ sóknaraðila feli í sér lögspurningu og beri þegar af þeirri ástæðu að vísa kröfunni frá nefndinni með vísan til 6. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varakröfu sinni til stuðnings vísar varnaraðili til dóma Hæstaréttar í málum nr. 524/2012, 127/2013, 757/2012 og 3/2013. Þrír síðastnefndu dómarnir varði skuldabréf sem útgefin hafi verið til FF og sé form þeirra sambærilegt formi skuldabréfs nr. X. Telji varnaraðili framangreinda dóma staðfesta að skuldbinding sóknaraðila, samkvæmt skuldabréfi nr. X hafi verið í erlendri mynt. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili óskar í máli þessu eftir álitni úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki á því hvort lán nr. X hjá varnaraðila sé löglegt erlent lán.

Í 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár. Samkvæmt e-lið fjallar nefndin heldur ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar

Sóknaraðili hefur enga beina fjárkröfu uppi á hendur varnaraðila í máli þessu og úrlausn um kröfu hans eins og hún er sett fram myndi ekki binda endi á ágreining hans við varnaraðila. Hann hefur heldur ekki útskýrt hvaða þýðingu þau gögn hafa sem hann hefur lagt fram um endurútreikninga lánsins eða sett fram rökstuddar kröfur með vísan til þeirra. Tilvísun hans til númers skuldabréfs gerir einnig að verkum að ekki er unnt að slá því föstu hvaða lánaskilmála er átt við. Með vísan til framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 20. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 15. október er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 55/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 10. júní 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 31. maí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. júní 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 15. júlí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júlí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 15. október 2013.

II.

Málsatvik.

Fyrir liggur skjalið „Niðurstöður fasteignalánamats“, sem lokið var 11. júní 2007, en enginn hefur skrifað undir. Lántaki að láni að fjárhæð kr. 3.000.000 var tilgreindur A. Samkvæmt greiðslumatinu voru útborguð mánaðarlaun lántaka kr. 231.000, útborguð mánaðarlaun maka voru kr. 109.420. Ráðstöfunartekjur samtals voru kr. 340.420. Áætlaður framfærslukostnaður var kr. 148.720, áætlaður rekstrarkostnaður bifreiða var kr. 30.000, áætlaður rekstrarkostnaður fasteigna var kr. 22.202 og annar kostnaður var kr. 0. Áætluð greiðslugeta án tillits til skulda var kr. 139.498. Áætluð greiðslubyrði lána sem ekki yrðu greidd upp var kr. 110.380 og áætluð greiðslubyrði væntanlegs láns var kr. 26.680. Öryggismörk í greiðslubyrði væntanlegs láns voru kr. 0. Áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda var kr. 2.438 á mánuði. Tiltekið var að greiðslugeta teldist næg. Undir eignir og skuldir var tilgreint að veðfasteignir væru kr. 20.000.000, aðrar fasteignir sem ekki yrðu seldar við lántöku voru kr. 19.900.000, bifreiðir voru kr. 590.000 og aðrar eignir voru kr. 0. Eignir samtals voru kr. 40.590.000. Áhvílandi lán var kr. 0, skuldir sem ekki yrðu greiddar upp voru kr. 17.408.111, væntanlegt lán var kr. 3.000.000. Skuldir samtals

voru kr. 20.408.111. Eignastaða var kr. 20.181.889. Tiltekið var að fjármögnun teldist takast.

Þann 15. júní 2007 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 3.000.000, í 10% USD, 40% CHF, 40% JPY og 10% EUR, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteign sóknaraðila að B, var sett að veði á 1. veðrétti til tryggingar láninu. Staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en FF var aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Þann 29. október 2008 var gerður viðauki við skuldabréf nr. X, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir. Þann 27. apríl 2009, samþykkti varnaraðili að greiðslujöfnun skuldabréfs nr. X og skrifaði sóknaraðili m.a. undir það.

Þann 1. janúar 2011 barst sóknaraðila yfirlit ábyrgða frá varnaraðila. Yfirlitið sýndi ábyrgðir sóknaraðila á skuldum annarra við FF 1. janúar 2011. Á yfirlitinu var skuldabréf nr. X.

Þann 23. mars 2011 var gerður viðauki við skuldabréf nr. X sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Þann 27. apríl 2011 barst sóknaraðila tilkynning til ábyrgðarmanns um veðsetningu eignar, skv. skuldabréfi nr. X.

Þann 1. janúar 2012 barst sóknaraðila yfirlit ábyrgða frá varnaraðila. Yfirlitið sýndi ábyrgðir sóknaraðila á skuldum annarra við varnaraðila. Á yfirlitinu var skuldabréf nr. X.

Þann 1. október 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst þar sem óskað var eftir því að ábyrgðaryfirlýsing skv. skuldabréfi nr. X yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Þann 10. janúar 2013 kvað varnaraðili ábyrgðina gilda.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 31. maí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að veðsetning fasteignarinnar B, með veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 3.000.000, dags. 15. júní 2007, verði felld úr gildi. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að aflétta veðinu af eigninni.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að varnaraðili hafi með grófum hætti vanrækt skyldur sínar skv. samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sem tekur til umræddrar veðsetningar, sbr. 1. mgr. 2. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili sé bundinn af ákvæðum samkomulagsins og brjóti veðsetning í bága við ákvæði þess teljist hún ógild, m.a. á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Sóknaraðili telur ljóst að varnaraðili hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt 3. og 4. gr. samkomulagsins. Þá byggir sóknaraðili á því að varnaraðili beri sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi uppfyllt skilyrði samkomulagsins og að skýra beri allan vafa um sönnun sóknaraðila í hag í ljósi augljóss aðstöðumunar aðila.

Sóknaraðili bendir á að greiðslumat það sem fram hafi farið á fjárhag aðalskuldara sé mjög ónákvæmt og eignastaða beinlínis röng. Meðal þeirra þátta sem orki tvímælis sé eignastaða sem sögð sé hagstæð um kr. 20.408.111 sem ekki hafi verið í samræmi við gögn málsins. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr.

127/2013 leiði þetta til þess að greiðslumatið teljist ófullnægjandi í skilningi fyrrnefnds samkomulags.

Sóknaraðili byggir á því að henni hafi aldrei verið kynnt greiðslumat eins og skylt hafi verið skv. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Gegn mótmælum sóknaraðila teljist slík kynning ósönnuð. Því til stuðnings sé á það bent að umrætt greiðslumat sé óundirritað þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir undirritun ábyrgðarmanns á skjalið.

Þá tekur sóknaraðili undir niðurstöðu umboðsmanns skuldara um að umrædd vanræksla á kynningu greiðslumats fyrir sóknaraðila brjóti gegn 4. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili vísar til þess að henni hafi aldrei verið kynnt hvað falist hafi í veðsetningunni eða verið afhentur upplýsingabæklingur um veðsetninguna eins og skylt hafi verið skv. samkomulaginu, þrátt fyrir undirritun hennar á veðskuldabréf þar sem slíkt komi fram.

Að öllu þessu virtu telur sóknaraðili ljóst að varnaraðili hafi við veðsetningu á eign sóknaraðila brotið gegn grundvallarþáttum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sem varnaraðili sé bundinn af. Teljist því veðsetningin ólögmæt og beri að ógilda hana m.a. með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936. Sömuleiðis beri varnaraðila að aflétta veðinu af eign sóknaraðila í ljósi ólögmætis þess.

Sóknaraðili mótmælir harðlega fullyrðingum varnaraðila um að umrædd ábyrgð sé gild. Í ljósi þess að varnaraðili haldi því fram að hann hafi staðið við ákvæði samkomulagsins beri hann sönnunarbyrði fyrir þeim fullyrðingum sínum. Ákvörðun hans um að afla ekki undirskriftar sóknaraðila á greiðslumat aðalskuldara til staðfestingar þess að hann hafi staðið við skuldbindingar sínar, sé alfarið á ábyrgð varnaraðila. Beri hann því ábyrgð á tómlæti sínu og hallann af sönnunarskortum þessa þætti. Þá sé ítrekað að gera verði ríkar kröfur til varnaraðila sem fjármálastofnunar og líta til þess að varnaraðili sé einstaklingur og alls óreynd í viðskiptum sem þessum. Beri því að meta allan vafa um sönnun sóknaraðila í hag.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur umrædda ábyrgðaryfirlýsingu gilda. Telur varnaraðili rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði er varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísað sé til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áðurnefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá sé jafnframt vísað til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 10/2011.

Bendir varnaraðili á að í máli því sem hér sé til umfjöllunar liggja fyrir að greiðslumat hafi verið framkvæmt vegna lántöku skuldara. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda veðskuldabréfsins. Samkvæmt áðurnefndu veðskuldabréfi hafi sóknaraðili ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Með undirritun sinni á skuldabréf þetta staðfestir veðsali, sem ekki er útgefandi að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og

veðtryggingar þriðja aðila, en FF er aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.“ Samkvæmt þessu hafi sóknaraðili kynnt sér efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir áður en hann hafi undirritað umrætt veðskuldabréf, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Varnaraðili bendir á að það verði að teljast fremur ólíklegt að það hafi verið ákvörðunarástæða eða eftir atvikum forsenda fyrir sóknaraðila þegar hann hafi gengist í umrædda ábyrgð að hann fengi upplýsingar um greiðslugetu greiðanda enda um tengdason sóknaraðila að ræða. Þá verði jafnframt að telja afar ólíklegt að sóknaraðili hefði vikist undan því að gangast í umrædda ábyrgð hefði hann fengið upplýsingar um niðurstöðu greiðslumats áður en umrætt veðskuldabréf hafi verið undirritað. Greiðslumatið hafi enda verið jákvætt og gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda veðskuldabréfsins.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur varnaraðili að hann hafi í öllum meginatriðum farið að ákvæðum samkomulagsins og að meintir annmarkar sem nefndir séu í kvörtuninni eigi ekki að leiða til ógildingar framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar. Vísar varnaraðili til niðurstöðu Hæstaréttar í dómum nr. 343/2012 og 575/2012. Varnaraðili vísar jafnframt til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012. Þá vísar varnaraðili til niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Bendir varnaraðili á að í kvörtuninni sé sérstaklega vikið að því að sóknaraðili telji að greiðslumat sem fram hafi farið á fjárhag aðalskuldara hafi verið mjög ónákvæmt og eignastaða beinlínis röng. Meðal þeirra þátta sem orki tvímælis sé: „*eignastaða kæranda, sem sögð [hafi verið] hagstæð um kr. 20.408.111,-, sem [hafi ekki verið] í samræmi við gögn málsins. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 12. mars 2013 í máli nr. 127/2013 [leiði] þetta til þess að greiðslumatið [teljist] ófullnægjandi í skilningi fyrrnefnds samkomulags.*“ Vísar varnaraðili til þess að í kvörtuninni sé ekkert vikið nánar að því að hvaða leyti umrætt greiðslumat hafi verið ónákvæmt að öðru leyti en því að vísa til þess að eignastaða „kæranda“ hafi verið hagstæð um kr. 20.408.111 sem hafi ekki verið í samræmi við gögn málsins. Í kvörtuninni sé hvorki vísað til né útskýrt nánar að hvaða leyti eignastaðan hafi verið í ósamræmi við „gögn málsins“. Þá fylgi kvörtuninni engin gögn til stuðnings framangreindum fullyrðingum. Varnaraðili mótmælir því framangreindum fullyrðingum og vísar til niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 141/2012.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu veðsetningarinnar fallna niður vegna tómlætis af hennar hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áður nefnt veðskuldabréf 15. júní 2007 og fyrst hafi verið gerðar athugasemdir við veðsetninguna með bréfi umboðsmanns skuldara í janúar 2013 fyrir hans hönd eða tæpum fimm árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til áður nefnds dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili ábyrgðaryfirlýsingu þá sem sóknaraðili hafi gengist í til tryggingar veðskuldabréfi nr. Y gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að B, með veðskuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtæka f.h. aðildarfélaga sinna. FF var eitt þessara

aðildarfélagi og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í málinu liggur fyrir skjalið „Niðurstöður fasteignalánamats“. Þar kom fram að áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda væri kr. 2.438 á mánuði. Enginn skrifar undir umrætt skjal. Ljóst er að varnaraðili framkvæmdi greiðslumat í umrætt sinn og uppfyllti þannig skilyrði 3. gr. samkomulagsins að þessu leyti. Af hálfu sóknaraðila hafa verið gerðar athugasemdir við eignastöðu skuldarans og að hún hafi ekki verið í samræmi við gögn málsins. Sóknaraðili hefur engin gögn fært fram til stuðnings fullyrðingunni og verður hann að bera hallann af því að ekkert liggur fyrir um réttmæti hennar. Verður því ekki á henni byggt.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar er stofnað. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar og með undirritun lánsúmsókn eða annarra ganga sem fyllt eru út í tengslum við afgreiðsluna skal ábyrgðarmaður staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir.

Í 2. mgr. 4. gr. ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklingsins og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 er á því byggt að í 4. gr. samkomulagsins felist í senn að greiðslumat skuli gert á greiðanda og að ábyrgðarmanni gefist færi á að kynna sér matið. Í umræddu máli lá fyrir að greiðslumat hafði verið framkvæmt og kynnt greiðanda. Það hafði hins vegar ekki verið kynnt ábyrgðarmanni sem hafði þó kynnt sér efni upplýsingabæklings um persónuábyrgðir og veðsetningar þriðja aðila. Byggt var á því sjónarmiði í umræddum dómi að með undirritun ábyrgðarmanns á veðskuldabréfið staðfesti hann að hafa kynnt sér upplýsingabækling lánveitandans en þar með átti honum að vera kunnugt um að greiðslumat hefði verið gert. Matið hefði verið kynnt áfrýjanda með þessum hætti en jafnframt hafi það verið undir honum sjálfum komið hvort hann óskaði eftir að sjá það áður en hann veitti samþykki við veðsetningu fasteignar sinnar.

Með undirritun skuldabréfsins staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila. Verður því á því byggt að honum hafi verið kynntur bæklingurinn enda ekkert komið fram um annað. Fæst ekki séð að varnaraðili hefði með öðrum hætti betur getað tryggt sér

sönnun um að réttilega hafi verið staðið að málum, en með því að fara fram á skriflega staðfestingu sóknaraðila sjálfs á þeim tíma þegar hann gekkst í ábyrgðina, sbr. dóm Hæstaréttar í máli 127/2013 og t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 184/2012.

Í máli þessu liggur fyrir að niðurstaða greiðslumats var jákvæð. Ekki er á því byggt í málinu að upplýsingar um tekjur og gjöld í greiðslumatinu séu rangar. Sóknaraðili staðfesti með undirritun skuldabréfsins að hafa kynnt sér upplýsingabækling varnaraðila en þar með átti honum að vera kunnugt um að greiðslumat hefði verið gert. Með þessum hætti var sóknaraðila kynnt að greiðslumatið hafði verið gert en það var undir honum sjálfum komið hvort hann óskaði eftir að sjá það áður en hann veitti samþykki við veðsetningu fasteignar sinnar. Enda þótt þannig væri reglum samkomulagsins ekki fylgt að fullu, verður ekki litið svo á að það hafi haft afgerandi þýðingu fyrir því að sóknaraðili gekkst í ábyrgðina, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 575/2012 og úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 66/2012 og 105/2012.

Í ljósi alls framangreinds er ekki unnt að fallast á með sóknaraðila að ógilda beri umrædda veðsetningu fasteignar hennar að B, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 15. október 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 20. september er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 56/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 10. júní 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 3. júní 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. júní 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 5. júlí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. júlí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 20. september 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 27. júlí 2012 sendi umboðsmaður skuldara tölvupóst til varnaraðila fyrir hönd sóknaraðila þar sem fram kom að hún hefði tekist á hendur ábyrgð vegna lánveitingar nr. X. Óskaði embættið eftir stöðu lánsins, afriti af lánaskjali og fylgigögnum lánveitingar, sbr. greiðslumat, sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu, skilmálabreytingum o.s.frv. Þá var óskað eftir því að umrædd ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar.

Þann 29. ágúst 2012 minnti umboðsmaður skuldara á framangreinda fyrirspurn í tölvupósti. Enn var fyrirspurnin ítrekuð með tölvupósti, dagsettum 22. október 2012.

Þann 6. nóvember 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst þar sem fram kom að afstaða varnaraðila hefði ekki fengist, þrátt fyrir fjölmargar ítrekanir.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 3. júní 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili kvartar yfir því að varnaraðili hvorki sendi umbeðin gögn né svari fyrirspurnum umboðsmanns skuldara og því viti hún ekki hvort ábyrgð hennar sé góð og gild eður ei. Vísar sóknaraðili til þess að hún hafi óskað eftir að kannað yrði gildi ábyrgðar sem hún hafi tekið að sér. Umboðsmaður skuldara hafi óskað eftir gögnum og rökstuðningi fyrir hennar hönd en þrátt fyrir ítrekanir hafi hvorki fengist svör né gögn frá varnaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt samkomulagi um notkun sjálfskuldarábyrgða frá 1. nóvember 2001 hafi verið kveðið á um mat á greiðslugetu skuldara. Fjármálastofnunum hafi verið gert skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara væri yfir kr. 1.000.000, sbr. 3. gr. og 4. gr. samkomulagsins.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili bendir á að í kvörtun sóknaraðila komi fram að hún hafi leitað til umboðsmanns skuldara, líklega í þeirri von að fá aðstoð vegna fjárhagsvanda. Umleitun sóknaraðila virðist hafa endað með því að starfsmaður umboðsmanns skuldara hafi ráðlagt henni að leita til úrskurðarnefndarinnar þar sem starfsmaðurinn hafi ekki náð sambandi við bankann. Varnaraðili kveðst vera í daglegum samskiptum við starfsmenn umboðsmanns skuldara og sé öllum erindum svarað skipulega. Líkleg skýring á þessu máli sé að einhver misskilningur hafi orðið um hver myndi svara þessari fyrirspurn en vegna sumarfría starfsmanna sé ekki hægt að slá því föstu hvers vegna starfsmaður umboðsmanns skuldara hafi ekki fengið svar. Vegna þessara tíðu samskipta hafi starfsmenn umboðsmanns skuldara tölvupóstföng og símanúmer þeirra starfsmanna sem sinni þessum fyrirspurnum og séu samskiptin eins og best verði á kosið. Varnaraðila þyki umhugsunarvert að starfsmaður umboðsmanns skuldara hafi ekki fylgt fyrirspurn sinni eftir með símtali eða haft samband með öðrum hætti en hann hafi gert. Jafnframt að hann hafi svo vísað umbjóðanda sínum á úrskurðarnefndina af þessu tilefni. Eflaust hafi það haft mikil óþarfa óþægindi fyrir sóknaraðila og kostnað fyrir úrskurðarnefndina.

Varnaraðili bendir á að í tölvupósti starfsmanns umboðsmanns skuldara komi fram að sóknaraðili hafi tekist á hendur ábyrgð vegna lánveitingar nr. X þar sem aðalskuldari hafi verið A. Óskað hafi verið eftir gögnum tengdri þeirri lánveitingu og afstöðu um hvort bankinn teldi ábyrgðina gilda. Varnaraðili kveðst hafa gert ítarlega leit í gögnum bankans að lánveitingu með númerið X án þess að það hafi skilað árangri. A virðist ekki hafa verið lántaki að láni með slíkt númer og sé M ekki skráð, hvorki sem lántaki né skuldari á láni með það númer. Það lánsnúmer virðist ekki vera til í skráum varnaraðila og mögulega hafi starfsmaður umboðsmanns skuldara misritað það eða haft rangar upplýsingar undir höndum. Til þess að leggja mat á gildi ábyrgðarinnar þyrfti varnaraðili að fá nánari upplýsingar um skuldina en sóknaraðili virðist ekki vera í ábyrgð fyrir neinu láni sem A sé skráður skuldari að hjá varnaraðila.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Markmið reglunnar er að sporna við því að mál séu borin undir nefndina án þess að fyrir liggi að ágreiningur sé um sakarefnið.

Fyrir liggur að umboðsmaður skuldara hefur reynt að ná sambandi við varnaraðila f.h. sóknaraðila í gegnum tölvupóst sem ekki var svarað þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, Verður að leggja til grundvallar að sóknaraðili hafi borið mál sitt upp við varnaraðila. Kröfugerð sóknaraðila bendir þó til þess að ekki sé ljóst hvort fyrir liggi ágreiningur um sakarefni, sbr. úrskurðir úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 194/2012 og 202/2012.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki heldur um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Krafa sóknaraðila í máli þessu virðist lúta að því að umboðsmaður skuldara hafi ekki fengið umbeðin gögn og að fyrirsurnum um gildi meintrar ábyrgðar hennar hafi ekki verið svarað. Sóknaraðili hefur enga beina fjárkröfu uppi á hendur varnaraðila í málinu og verður krafa hennar eins og hún er fram sett ekki metin til fjár. Þá er kröfugerðin einnig óskýr og málið illa upplýst. Hefur nefndin engar forsendur til þess að taka afstöðu til þeirrar ábyrgðar sem sóknaraðili fullyrðir að hún hafi gengist í fyrir láni X, en varnaraðili kannast ekki við.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá, sbr. b- og e-liði 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 20. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 25. október er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 57/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 10. júní 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 7. júní 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. júní 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 15. júlí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júlí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 27. september, 15. og 25. október 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 20. september 2002 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 600.000.

Þann 3. október 2002 var skjalið framboðnar tryggingar fyllt út, vegna láns að fjárhæð kr. 570.000. Sóknaraðili skrifaði undir og staðfesti að hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir.

Þann 8. október 2002 var skuldabréf nr. X að fjárhæð kr. 570.000 gefið út af A til F. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð gagnvart eiganda lánsins á endurgreiðslu þess.

Þann 7. október 2002 var sjálfskuldarábyrgð nr. Y gefin út. Gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttar A og takmarkaðist ábyrgðin við kr. 550.000. Hakaði sóknaraðili þar við þann valkost að ekki væri óskað eftir því að greiðslumat yrði gert á aðalskuldara. Þá var tiltekið að ábyrgðarmaður hefði kynnt sér innihald bæklinga um persónuábyrgðir sem bankinn hefði gefið út með upplýsingum til ábyrgðarmanna og samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Þann 4. júlí 2005 var „Ákvörðunarblað útlán til einstaklinga“ fyllt út og undirritað til staðfestingar á samþykki útlánaþjónustu/útibússtjóra. Í skjalinu var umsækjandi um lán að fjárhæð kr. 1.500.000 tilgreindur A. Kom fram að óskað væri eftir skuldbreytingu á öllum skuldum A hjá bankanum. Lánað yrði til tíu ára með sjálfskuldarábyrgðum sóknaraðila og C. Tiltekið var að greiða ætti upp skuldabréf nr.

X, yfirdrátt á reikningnum nr. Y, Z og Þ, vanskil og raðgreiðslur á kreditkortum nr. Æ og Ö. Eftirstöðvum andvirðis lánsins yrði ráðstafað í samráði og samkvæmt fyrir mælum sóknaraðila. Lagt var til að ofangreind skuldbreyting yrði gerð í ljósi góðra ábyrgðarmanna svo og til að koma öllum skuldum A í skil en hann hefði ekki greiðslugetu til þess nema með 10 ára láni.

Þann 7. júlí 2005 var skuldabréf nr. R, að fjárhæð kr. 1.500.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og C tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu. Óskuðu þeir ekki eftir mati á greiðslugetu greiðanda og settu upphafsstafi sína við það val.

Fyrir liggur eftirfarandi ódagsett yfirlýsing sóknaraðila og C: „*Samhliða því að undirritaðir, M og C taka á sig sjálfskuldarábyrgðir á eftirtöldu láni: (M eru [sic] þegar í sjálfskuldarábyrgð á þeim skuldum sem greiða á með þessu bréfi): Skuldabréf að fjárhæð kr. 1.500.000- útg. af A verðtryggt til 10 ára. Er því lýst yfir að undirrituðum er kunnugt um fjárhagsstöðu A og að þeim er ljóst að miðað við fjárhagsstöðu hans eins og hún er nú, geti brugðið til beggja átta með efnidir á skuldbindingum hans. Undirritaðir lýsa því yfir að þeir geti ekki borið það fyrir sig gagnvart FF að ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu A, komi til þess að ábyrgðin verði virk og skuldin innheimt hjá undirrituðum.*“

Þann 15. ágúst 2006, 28. janúar 2009, 23. júlí 2009, 30. desember 2009 og 27. maí 2010 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfs nr. R, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir. M.a. í fyrstu skilmálabreytingunni var lengt í afborgunum þannig að þær urðu léttari.

Sóknaraðila bárust tilkynningar til ábyrgðarmanns um vanskil skuldabréfs nr. R þann 8. desember 2009, 31. desember 2009, 7. janúar 2010, 29. janúar 2010, 7. júní 2010, 8. janúar 2011, 1. febrúar 2011 og 8. febrúar 2011.

Þann 12. september 2007 sótti A um lán að fjárhæð kr. 700.000. Tilefni var að greiða upp vanskilaskuldir samkvæmt Lánstrausti. Framboðin trygging samkvæmt umsókninni var fasteign sóknaraðila að D. Sóknaraðili staðfesti að hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila auk samkomulags um sama efni sem fjármálastofnanir átta aðild að. Þá merkti sóknaraðili sérstaklega við að hann óskaði ekki eftir mati á greiðslugetu greiðanda.

Þann 24. september 2007 var veðskuldabréf nr. S, að fjárhæð kr. 700.000 gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. umræddu skuldabréfi. Fasteign sóknaraðila að D, var sett að veði á 5. veðrétti til tryggingar skuldinni. Sóknaraðili staðfesti að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklinga FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en FF var aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Sóknaraðila barst tilkynning til ábyrgðarmanns um vanskil skuldabréfs nr. S þann 7. apríl 2010, 7. júní 2010, 7. desember 2010, 1. janúar 2011, 8. janúar 2011, 1. febrúar 2011, 8. febrúar 2011, 12. mars 2013 og 9. apríl 2013.

Þann 24. mars 2010 var skuldabréf nr. T, að fjárhæð kr. 850.000, gefið út af A og sóknaraðila til FFF.

Þann 8. febrúar 2010 barst sóknaraðila tilkynning til ábyrgðarmanns um yfirlit ábyrgða hjá varnaraðila. Sóknaraðili var í ábyrgð á skuldabréfi nr. R, sjálfskuldarábyrgð U og sjálfskuldarábyrgð V.

Þann 1. janúar 2011 barst sóknaraðila yfirlit ábyrgða hjá varnaraðila. Sóknaraðili var í sjálfskuldarábyrgðum nr. V, U og R. Þá var lánsveð tilgreint á skuldabréfi nr. S.

Þann 1. janúar 2012 barst sóknaraðila yfirlit ábyrgða hjá varnaraðila. Var sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgðum nr. R og T. Þá var lánsveð tilgreint á skuldabréfi nr. S.

Þann 1. janúar 2013 barst sóknaraðila yfirlit ábyrgða hjá varnaraðila. Var sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. R. Lánsveð voru tilgreind á skuldabréfum nr. S og W.

Þann 6. maí 2013 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst þar sem óskað var eftir því að ábyrgðir sóknaraðila á lánum nr. S, T og R yrðu skoðaðar og rökstudd afstaða tekin til gildis þeirra. Varnaraðili kvað ábyrgðirnar gildar þann 23. maí 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 7. júní 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að metið verði hvort hann sé ábyrgur fyrir greiðslum á lánum nr. S, R og T.

Sóknaraðili telur sig ekki í ábyrgð fyrir framangreindum lánum þar sem greiðslumat hafi ekki farið fram, en greiðslumat skuli ávallt fara fram þegar lán séu veitt.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila um að felld verði úr gildi ábyrgð sóknaraðila á láni samkvæmt skuldabréfi nr. R og að felld verði úr gildi veðsetning fasteignar sóknaraðila að D með veðskuldabréfi nr. S verði hafnað. Hvað varðar þann hluta kröfu sóknaraðila er lýtur að skuldabréfi nr. T krefst varnaraðili þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varðandi skuldabréf nr. R vísar varnaraðili til þess að í undirritun sóknaraðila á skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmaður felist loforð sem skuldbindi sóknaraðila að lögum. Sönnunarbyrði um að skuldbinding hans sé ógild hvíli á sóknaraðila og hafi hann ekki sýnt fram á það. Rétt sé að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi ekki lagagildi og feli ekki í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á það hvort ógilda beri ábyrgðina og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sem sé sú lagastoð sem byggja verði á í slíku mati. Sóknaraðili hafi hvorki vísað til né fært rök fyrir því að atvik hafi verið með þeim hætti að þau falli undir 36. gr. laga nr. 7/1936. Varnaraðili vísar til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í máli nr. 131/2012. Jafnframt vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varnaraðili hafnar því að ógilda beri skuldbindingu sóknaraðila samkvæmt skuldabréfinu á grundvelli þess að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat enda hafi

legið fyrir að sóknaraðili vissi að skuldari, sonur sóknaraðila, myndi ekki standast greiðslumat. Þá hafi legið fyrir afdráttarlaus yfirlýsing þess efnis. Í yfirlýsingunni hafi komið fram að sóknaraðila væri kunnugt um tvísýna fjárhagsstöðu skuldara og að hann stæðist ekki greiðslumat. Sóknaraðili hafi samt sem áður lýst yfir vilja sínum til að gangast í ábyrgðina og afsalað sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hafi ekki farið fram. Hefði greiðslumat verið framkvæmt og niðurstaða þess orðið neikvæð sé ljóst að sóknaraðili hefði ekki fallið frá þeirri ákvörðun sinni að gangast í ábyrgð, enda hefði niðurstaðan orðið í samræmi við upplýsingarnar sem hann hafi þegar haft undir höndum. Varnaraðili bendir á að þótt sóknaraðili hafi sjálfur kosið að dagsetja ekki undirritun sína á skjalið „Yfirlýsing“ sé ekki hægt að líta svo á að skjalið hafi verið undirritað eftir að hann gekkst í umrædda ábyrgð. Sóknaraðili hafi raunar hvorki haldið því fram né gert það sennilegt. Sóknaraðili verði að bera hallann af sönnunarskorti í þeim efnunum. Varnaraðili vísar því til stuðnings til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 112/2011 og 36/2012.

Varnaraðili bendir jafnframt á að lánið hafi farið til uppgreiðslu á öllum skuldum skuldara hjá varnaraðila, þ.á.m. skuldabréfum nr. X og Y sem sóknaraðili hafi verið í ábyrgð fyrir. Varnaraðili telur þær ábyrgðir hafa verið gildar, enda hafi hann fylgt í öllum atriðum reglum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga við útgáfu þeirra. Hefði greiðslumat verið framkvæmt í tengslum við útgáfu skuldabréfs nr. R og niðurstaða þess orðið sú að skuldari hefði ekki staðist greiðslumat verði að telja fremur ólíklegt að sóknaraðili hefði gert athugasemdir við skuldbreytinguna enda hefði bankinn þá gengið á sóknaraðila sem sjálfskuldarábyrgðarmanni fyrrgreindra skulda. Vísar varnaraðili máli sínu til stuðnings til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012. Varnaraðili vísar einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Ennfremur bendir varnaraðili á að af orðalagi í skjali merkt „Ákvörðunarblað útlán til einstaklinga“ þar sem fram komi að eftirstöðvum andvirðis lánsins skuli ráðstafað í samráði og samkvæmt fyrimælum sóknaraðila, megi ráða að sóknaraðili hafi verið með í ráðum og fullkunnugt um fjárhagsstöðu sonar síns. Einnig liggi fyrir staðfesting sóknaraðila á því að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir. Tilgangur greiðslumats á skuldara sé að ábyrgðarmaður geti tekið upplýsta ákvörðun áður en hann gangist í ábyrgð. Í þessu tilviki hafi sóknaraðili verið upplýstur um fjárhagsstöðu sonar síns og ljóst að jákvætt greiðslumat hafi hvorki verið forsenda né ákvörðunarástæða fyrir því að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Að þessu virtu séu ekki fyrir hendi skilyrði til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Þá telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar sjálfskuldarábyrgðar fallna niður vegna tómlætis af hans hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áðurnefnt skuldabréf 7. júlí 2005 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina í maí 2013 eða tæpum átta árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Þá hafi sóknaraðili ritað undir skilmálabreytingar á skuldabréfinu 15. ágúst 2006, 28. janúar 2009, 23. júlí 2009, 31. desember 2009 og 27. maí 2010, án þess að hafa gert athugasemdir við ábyrgðir sínar, meintan skort á greiðslumati eða öðru sem hann hafi talið að leitt gæti til þess að ábyrgð hans væri niður fallin. Ennfremur hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 8. desember 2009, 31. desember 2009, 7. janúar 2010, 29. janúar 2010, 7. júní 2010, 8. janúar 2011, 1. febrúar 2011 og 8. febrúar 2011 þar sem honum hafi verið tilkynnt um vanskil vegna umrædds skuldabréfs. Þá hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 18. febrúar 2010, 1. janúar 2011, 1. janúar 2012 og 5. janúar 2013, með yfirliti yfir ábyrgðir á skuldum

annarra þar sem sjálfskuldarábyrgð vegna skuldabréfs A hafi verið tiltekin. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu sóknaraðila í kjölfarið. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sjálfskuldarábyrgð þá sem sóknaraðili hafi gengist í til tryggingar framangreindu skuldabréfi gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Varðandi veðskuldabréf nr. S vísar varnaraðili til þess að fyrir liggi að ábyrgð sóknaraðila á skuld skv. skuldabréfinu nemi lægri fjárhæð en kr. 1.000.000 og því hafi ekki stofnast skylda við upphaflega lánveitingu til að meta greiðslugetu skuldara. Þá liggi fyrir yfirlýsing sóknaraðila þar sem hann óski eftir því að ekki verði gert greiðslumat á skuldara. Einnig liggi fyrir staðfesting sóknaraðila á því að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir.

Með vísan til framangreinds telur varnaraðili að hann hafi í öllum atriðum fylgt reglum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga við lánveitinguna og að ekki hafi verið sýnt fram á að ógilda beri ábyrgðarskuldbindingu sóknaraðila vegna veðskuldabréfsins.

Bendir varnaraðili á að í skjali merkt „Ákvörðunarblað útlán til einstaklinga“ komi fram að lánið hafi verið veitt til að greiða upp vanskil skuldara við varnaraðila. Þar segi jafnframt að fyrirgreiðsla þessi til skuldara sé veitt fyrir beiðni og að frumkvæði sóknaraðila. Af þessu megi ráða að sóknaraðila hafi verið fullkunnugt um fjárhagsstöðu sonar síns.

Varnaraðili telur kröfu sóknaraðila falla niður vegna tómlætis af hans hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áður nefnt skuldabréf 24. september 2007 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina í maí 2013 eða tæpum sex áður eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Þá hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 7. apríl 2010, 7. júní 2010, 7. desember 2010, 1. janúar 2011, 8. janúar 2011, 1. febrúar 2011, 8. febrúar 2011, 12. mars 2013 og 9. apríl 2013 þar sem honum hafi verið tilkynnt um vanskil vegna umrædds veðskuldabréfs. Einnig hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 1. janúar 2011, 1. janúar 2012 og 5. janúar 2013, með yfirliti yfir ábyrgðir á skuldum annarra þar sem lánsveð vegna veðskuldabréfs A hafi verið tiltekið. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu sóknaraðila í kjölfarið. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til áður nefnds dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili ábyrgðarskuldbindingu þá sem sóknaraðili hafi gengist í til tryggingar á veðskuldabréfi nr. S gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Varðandi skuldabréf nr. T vísar varnaraðili til stuðnings aðalkröfu sinni að málatilbúnaður sóknaraðila sé svo vanreifaður og óskýr að erfitt sé að taka til efnislegra varna í málinu. Máli sínu til stuðnings bendir varnaraðili á e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Bendir varnaraðili á að í kvörtun sóknaraðila komi fram að hann telji sig óbundinn af ábyrgðum sínum þar sem ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu skuldara áður en sóknaraðili hafi gengist í ábyrgðirnar. Rétt sé að áréttu að sóknaraðili sé ekki í ábyrgð fyrir greiðslu skuldabréfsins heldur sé hann skuldari þess ásamt syni sínum. Með hliðsjón af þeirri staðreynd telji varnaraðili rökstuðning sóknaraðila fyrir kvörtun sinni mjög óljósan en hann sé eftirfarandi: „Greiðslumat skal ávallt fara fram þegar lán eru veitt“. Af framangreindum sökum sé erfitt fyrir varnaraðila að gera sér grein fyrir því hvers sé krafist af hálfu sóknaraðila.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að stofnast hafi gildur löggerningur á milli sóknaraðila og varnaraðila um greiðslu skuldar samkvæmt umræddu skuldabréfi, sbr. meginreglur samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og loforða. Sönnunarbyrði um að skuldbinding sóknaraðila sé ógild hvíli á sóknaraðila og hafi hann ekki sýnt fram á það. Í ljósi þess að sóknaraðili sé skuldari umrædds skuldabréfs bendir varnaraðili á að lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn eigi ekki við í máli þessu. Þá hafi sóknaraðili hvorki vísað til né fært rök fyrir því að atvik hafi verið með þeim hætti að þau falli undir 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sem sé sú lagastoð sem byggja verði á.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. R og að gildi veðsetningar hans á eign sinni vegna skuldabréfs nr. S. Þá krefst sóknaraðili þess einnig að metið verði hvort hann sé ábyrgur fyrir greiðslum á láni nr. T.

Í upphafi verður fjallað um kröfu sóknaraðila að því er varðar skuldabréf nr. T. Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. fjallar nefndin ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðili krefst þess varðandi skuldabréf nr. T að metið verði hvort hann sé ábyrgur fyrir greiðslum á því láni. Færir hann þau rök fyrir kröfu sinni að greiðslumat skuli ávallt fara fram þegar lán séu veitt.

Sóknaraðili er útgefandi umrædds skuldabréfs ásamt A, en er ekki í sjálfskuldarábyrgð fyrir greiðslum skv. skuldabréfinu. Með vísan til þess er kröfugerð sóknaraðila svo óskýr að málið er ekki tækt til úrskurðar, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir nefndina. Verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila að því er varðar skuldabréf nr. T frá.

Verður því næst vikið að ábyrgð sóknaraðila samkvæmt skuldabréfum nr. R og S.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaganna sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaganna og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð eða hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í upphafi verður vikið að sjálfskuldarábyrgðum sóknaraðila nr. Y og á skuldabréfi nr. X, sem greiddar voru upp með skuldabréfi nr. R.

Ekki liggur fyrir að varnaraðili hafi framkvæmt mat á greiðslugetu A við útgáfu sjálfskuldarábyrgðar nr. Y, dags. 7. október 2002. Samkvæmt 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að greiðslumeta skuldara, nema ábyrgðarmaður óskaði sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo yrði ekki gert, enda takmarkaðist ábyrgð sóknaraðila við kr. 550.000. Sóknaraðili óskaði eftir að greiðslumat yrði ekki gert á aðalskuldara. Þar með var varnaraðila, á grundvelli 3. gr. samkomulagsins, ekki skylt að meta greiðslugetu reikningseiganda, A. Var því ábyrgð sóknaraðila nr. Y gild.

Verður því næst vikið að ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X. Ekki liggur fyrir að varnaraðili hafi framkvæmt mat á greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. X. Verður því að miða við að greiðslumat hafi ekki farið fram. Samkvæmt 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að framkvæma mat á greiðslugetu greiðanda, A, þar sem sóknaraðili var áður í ábyrgð fyrir kr. 550.000 hjá FF og gekkst með undirritun skuldabréfsins í ábyrgð fyrir kr. 570.000 til viðbótar. Nam ábyrgð sóknaraðila á skuldum viðkomandi skuldara því meira en kr. 1.000.000. Í ljósi þess var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu sóknaraðila, svo sem ekki var gert, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 84/2012.

Með vísan til framangreinds hefðu verið fyrir hendi forsendur til að víkja ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þar sem umrædd sjálfskuldarábyrgð féll niður við útgáfu skuldabréfs nr. R verður ábyrgðinni eðli máls samkvæmt ekki vikið til hliðar.

Óumdeilt er að varnaraðili mat ekki greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. R og að það verklag var ekki í samræmi við ákvæði samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sbr. 3. gr. Af fyrri úrskurðum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki t.d. nr. 91/2011 og 115/2011 og dómafordæmum má hins vegar draga þá afdráttarlausu ályktun að vanhöld á því að framkvæma greiðslumat leiði ekki fyrirvaralaust til þess að ábyrgðarskuldbinding falli niður. Verður hér mjög að líta til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og sanngirnissjónarmiða.

Í samræmi við þann tilgang samkomulagsins að draga úr vægi ábyrgðarskuldbindinga verður að gera greinarmun á því annars vegar þegar fjármálafyrirtæki leitast við að fara á svig við efni þess með því t.d. að útbúa yfirlýsingar í stöðluðum láns skjölum um að í ábyrgð sé gengist þrátt fyrir vitneskju um getuleysi skuldara til greiðslu og hins vegar tilvikum þar sem ábyrgðarmenn gefa sérstakar yfirlýsingar um að þeim sé kunnugt um bága stöðu skuldara og að hann standist ekki greiðslumat, lýsa vilja sínum til að gangast í ábyrgðina samt sem áður og afsala sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hafi ekki farið fram. Sóknaraðili undirritaði slíka yfirlýsingu samhliða því sem hann gekkst í ábyrgð fyrir skuldabréfinu og verður að hafna því að ábyrgðinni verði vikið til hliðar á grundvelli samkomulagsins, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 115/2011 og 132/2012.

Það er nokkuð flókið úrlausnarefni hvort víkja eigi ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. R til hliðar. Fyrri liggur að hluti skuldabréfsins var nýttur til greiðslu á skuldabréfi nr. X, þar sem sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila var ógildanleg og hluti til

uppgreiðslu skulda sem sóknaraðili var alls ekki í ábyrgð fyrir, en skuldabréfinu var einnig varið til uppgreiðslu láns á reikningi Y sem sóknaraðili var í gildri ábyrgð fyrir. Að mati úrskurðarnefndarinnar er óhjákvæmilegt að hafa hliðsjón af þessu við matið.

Í fyrsta lagi verður að hafna því að fjármálafyrirtæki geti breytt ógildri eða ógildanlegri ábyrgð í gilda með því að fá hann til að undirrita ný láns skjöl fyrir viðkomandi láni, án þess að honum sé gert ljóst að ábyrgðin sé ógild.

Í öðru lagi verður að fallast á að ábyrgðin sé gild að því marki sem hún kom í stað eldri gildrar skuldbindingar vegna reiknings Y.

Að því er varðar aðrar vanskilaskuldir lántakans sem greiddar voru upp með skuldabréfi nr. R verður að líta til þess að lánveiting skv. skuldabréfinu virðist gerð í samráði við sóknaraðila, enda kemur fram á lánsúmsókn að eftirstöðvum andvirðis lánsins, eftir uppgreiðslu tiltekins skuldabréfs, yfirdrátta og vanskila, verði ráðstafað í samráði við og samkvæmt fyrir mælum sóknaraðila. Í samræmi við þann tilgang samkomulagsins að draga úr vægi ábyrgðarskuldbindinga verður að gera greinarmun á því annars vegar þegar fjármálafyrirtæki leitast við að fara á svig við efni þess með því t.d. að útbúa yfirlýsingar í stöðluðum lánskjölum um að í ábyrgð sé gengist þrátt fyrir vitneskju um getuleysi skuldara til greiðslu og hins vegar tilvikum þar sem ábyrgðarmenn gefa sérstakar yfirlýsingar um að þeim sé kunnugt um bága eða óvísa stöðu skuldara og að hann standist ekki greiðslumat, lýsa vilja sínum til að gangast í ábyrgðina samt sem áður og afsala sér öllum rétti til að byggja rétt á því að greiðslumat hafi ekki farið fram. Sóknaraðili undirritaði slíka yfirlýsingu samhliða því sem hann gekkst í ábyrgð fyrir skuldabréfinu. Í ljósi alls framangreinds verður hafnað kröfu sóknaraðila um að ógilda ábyrgð hans á skuldabréfi nr. R nema að því því leyti sem andvirði skuldabréfsins var nýtt til að greiða upp skuld á vegna skuldabréfs nr. X.

Verður því næst vikið að veðsetningu fasteignar sóknaraðila að D, með skuldabréfi nr. S. Ekki liggur fyrir að varnaraðili hafi framkvæmt mat á greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. S. Verður því að miða við að greiðslumat hafi ekki farið fram. Samkvæmt 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðila skylt að framkvæma mat á greiðslugetu greiðanda þar sem sóknaraðili var áður í ábyrgð fyrir kr. 1.500.000 hjá FF og gekkst með undirritun skuldabréfsins í ábyrgð fyrir kr. 700.000 til viðbótar. Nam ábyrgð sóknaraðila á skuldum viðkomandi skuldara því meira en kr. 1.000.000. Í ljósi þess var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu greiðanda. Varnaraðili heldur því fram að sóknaraðili hafi verið fullkunnugt um fjárhagsstöðu sonar síns. Styður bankinn umrædda fullyrðingu við það að á skjalinu „Ákvörðunarblað útlán til einstaklinga“ komi fram að lánið hafi verið veitt til að greiða upp vanskil skuldara við varnaraðila. Tilvitnuð fullyrðing kemur ekki fram á umræddu skjali en þar kemur fram að það hafi verið fyrir beiðni og að frumkvæði sóknaraðila sem fyrirgreiðslan hafi verið veitt. Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafði á þessum tíma undirritað skilmálabreytingu til að létta afborganir á öðrum lánnum lántakans og að við útgáfu fyrra láns til skuldarans var honum ljóst að brugðið gæti til beggja vona með efndir á skuldbindingum hans.

Samkvæmt þeim skuldbindingum sem varnaraðili hafði undirgengist, hvíldi á honum rík skylda til að tryggja að sóknaraðili væri upplýstur um möguleika greiðandans til að standa við skuldbindingar sínar og að viðhafa vinnubrögð í þeim efnum sem hann hafði fallist á að beita. Það gat ekki leyst hann undan þessum skuldbindingum að sóknaraðili vissi að skuldarinn átti í erfiðleikum eða að sóknaraðili hafði áður sýnt vilja til að aðstoða hann þrátt fyrir þessa erfiðleika. Væri ósanngjarnt að fallast á að varnaraðili gæti þrátt fyrir þessi vanhöld sín á að upplýsa sóknaraðila haldið ábyrgðinni upp á hann. Verður ábyrgðin því felld úr gildi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, að því er varðar skuldabréf nr. T, útgefið af sóknaraðila og A til FFF, er vísað frá.

Ábyrgð sóknaraðila vegna skuldabréfs nr. R er ógild að því marki sem andvirði skuldabréfsins var nýtt til að greiða upp lán nr. X .

Ábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. S er ógild.

Reykjavík, 25. október 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 20. september er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 58/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 11. júní 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 11. mars 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. júní 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 11. júlí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. júlí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 22. júlí 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 20. september 2013.

II.

Málsatvik.

Pann 3. september 2007 fyllti sóknaraðili út lánsúmsókn. Óskaði hún eftir láni að fjárhæð kr. 7.600.000 í 50% CHF, þ.e. CHF 71.295 og 50% JPY, þ.e. JPY 6.850.550.

Pann 3. september 2007 var veðskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum að fjárhæð CHF 71.295 og JPY 6.850.550, að jafnvirði kr. 7.600.000 gefið út af sóknaraðila til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Láninu var ráðstafað inn á reikning nr.X og skuldfærsla átti að vera af reikningi nr. Y. Fasteignin að A, var sett að veði á 6. veðrétti til tryggingar láninu. Tiltekið var að lánshlutar í öðrum myntum en evrum og íslenskum krónum skyldu bera LIBOR-vexti að viðbættu tilgreindu vaxtaálagi.

Pann 25. febrúar 2009 var gerð skilmálabreyting á veðskuldabréfi í erlendum myntum/mynteiningum, upphaflega að fjárhæð CHF 71.295 og JPY 6.850.550 eða jafngildi þeirra í öðrum erlendum myntum eða mynteiningum eða íslenskum krónum, sem sóknaraðili skrifaði undir.

Þann 15. nóvember 2011 var lánið endurútreiknað. Staða láns fyrir endurútreikning var kr. 18.206.089 en eftir endurútreikninginn var hún kr. 8.244.464. Breyting láns við endurútreikning var kr. -9.961.625.

Fyrir liggur yfirlit yfir greiðslur skuldabréfsins frá 1. janúar 2007 til 6. júní 2013. Samtals hefur verið greitt kr. 21.067.729 af skuldabréfinu.

Þann 30. maí 2013 sendi varnaraðili sóknaraðila bréf þar sem fram kom að lán nr. Z teldist löglegt og yrði ekki endurreiknað á grundvelli dóma Hæstaréttar frá 16. febrúar 2012 og 18. október 2012. Það breytti engu um endurútreikning sem framkvæmdur var 2011.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 11. mars 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili óskar eftir því að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki taki afstöðu til lögmætis láns hennar.

Sóknaraðili kveðst hafa rekið fyrirtæki, B, við annan mann, C. Þann 1. nóvember 2005 hafi hún selt C sinn hlut í fyrirtækinu þar sem fram hafi komið að hann tæki yfir 50% ábyrgð sem sóknaraðili hafi borið á lánum í bankanum. Hann hafi gert sig eignalausan og látið 14 milljón króna skuld hjá varnaraðila falla á sóknaraðila. Hafi C selt eignir fyrirtækisins D sem sóknaraðili hafi frétt af fyrir tilviljun og hafi náð að koma því þannig fyrir að varnaraðili hafi fengið andvirði sölunnar en ekki C, í formi skuldabréfs. Bankinn hafi ákveðið að lána sóknaraðila fyrir hennar hlut af skuldinni með veði í skuldabréfinu. Andvirði lánsins hafi átt að passa við afborganir af skuldabréfinu frá D og hafi sóknaraðili átt að koma út á sléttu. Kveðst sóknaraðili hafa greitt fyrstu afborgun eins og ráð hafi verið fyrir gert þann 3. mars 2008 og aðra afborgun 1. mars 2009 og hafi þær afborganir passað á móti fyrstu og annarri greiðslu skuldabréfsins. Eftir það hafi gengi erlendra gjaldmiðla á Íslandi tekið óvænta stefnu og forsendubrestur hafi orðið ásamt því að lagalegt gildi lánsins hafi orðið óvíst. Hafi sóknaraðili hins vegar haldið áfram að greiða (deponera) í samræmi við greiðslur D af skuldabréfinu eins og um hafi verið samið í upphafi og reiknist sóknaraðila til að staðan sé þessi í dag: Upphafleg fjárhæð: CHF 71.295 og JPY 6.850.550. Greitt 2008 og 2009: ISK 2.861.640. Deponering hjá varnaraðila: ISK 4.693.053. Samtals skuld: ISK -31.230.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt bréfi varnaraðila, dags. 30. maí 2013, um lögmæti erlendra lána varnaraðila skuli líta til eftirfarandi atriða: 1) Heiti skuldabréfsins, sbr. „Skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum“. Bendir sóknaraðili á að fyrirsögn skuldabréfs hennar sé „Veðskuldabréf í erlendum myntum/mynteiningum“. 2) Að lánsfjárhæð sé samkvæmt orðalagi skuldabréfsins fyrst tilgreind í þremur erlendum gjaldmiðlum, þ.e. svissneskum frönskum, japönskum jennum og evrum og síðan jafnvirði lánsins í íslenskum krónum. Bendir sóknaraðili á að hennar bréf sé með lánsfjárhæð í tveimur erlendum fjárhæðum eða jafngildi þeirra í erlendum myntum eða mynteiningum, CHF og JPY, ekki þremur erlendum gjaldmiðlum. 3) Vextir samkvæmt skuldabréfinu séu til vitnis um að um erlent lán sé að ræða, enda séu Libor- og Euriborvextir tilgreindir. Vísar sóknaraðili til þess að á hennar bréfi séu vextir tilgreindir í Libor CHF og Libor JPY með föstu vaxtaálagi og vegnum meðalvöxtum. 4) Fyrirsögn skilmálabreytingarinnar sé „Skilmálabreyting skuldabréfs í erlendum myntum/mynteiningum“ og sé jafnvirðisfjárhæðar í íslenskum krónum þar

ekki getið. Vísar sóknaraðili til þess að hún hafi aldrei skrifað undir skilmálabreytingu, hafi hún mætt í bankann en hafi neitað að skrifa undir hæstu Seðlabankavexti aftur í tímann.

Sóknaraðili mótmælir því harðlega að lánið sé lögmætt og óskar eftir því að tekið verði tillit til þess hversu einarðlega hún hafi gengið fram á sínum tíma, alla tíð með hagsmuni bankans að leiðarljósi, til þess að bankinn fengi örugglega allar sínar útistandandi skuldir greiddar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að kröfur sóknaraðila séu óskýrar en ljóst sé að hún álíti lán sitt ólögmætt, andstætt því sem varnaraðili hafi talið, sbr. bréf til sóknaraðila, dags. 30. maí 2013. Varnaraðili hafi komist að þeirri niðurstöðu að um löglegt lán væri að ræða á grundvelli dóms Hæstaréttar í máli nr. 524/2011. Hæstiréttur hafi byggt á sambærilegum sjónarmiðum í dómum í málum nr. 715/2012, 757/2012 og 3/2013.

Vísar varnaraðili til þess að skuldabréf sóknaraðila beri heitið „Veðskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum“. Lánsfjárhæð hafi verið tilgreind í tveimur erlendum gjaldmiðlum, svissneskum frönskum og japönskum jenum ásamt því að jafnvirði lánsins í íslenskum krónum hafi verið tekið fram. Vextir skuldabréfsins hafi verið tilgreindir Libor vextir. Láninu hafi verið skilmálabreytt þann 25. febrúar 2009 og hafi skilmálabreytingin borið heitið „Skilmálabreyting veðskuldabréfs í erlendum myntum/mynteiningum“. Sóknaraðili hafi vissulega ritað undir það skjal.

Varnaraðili telur ljóst að skuldabréf sóknaraðila sé gilt lán í erlendum gjaldmiðlum enda sambærilegt því skuldabréfi sem um hafi verið deilt í dómi Hæstaréttar í máli nr. 524/2011.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili haldi því fram að hún hafi geymslugreitt vegna lánsins frá því í mars 2009. Hún hafi ekki fært sönnur á að hún hafi geymslugreitt inn á þar til gerðan reikning hjá varnaraðila og nægi ekki að sýna fram á að hún hafi safnað afborgunarfjárhæðum á eigin tékkareikning. Slík innstæða teljist ekki greiðsla inn á lán.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili óskar eftir því að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki taki afstöðu til lögmætis láns hennar.

Í 6. gr. samþykktanna fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár. Samkvæmt e-lið fjallar nefndin heldur ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar

Sóknaraðili hefur enga beina fjárkröfu uppi á hendur varnaraðila í máli þessu og úrlausn um kröfu hans eins og hún er sett fram myndi ekki binda endi á ágreining hennar við varnaraðila.

Ljóst er að sóknaraðili álítur lán sitt ólögmætt, andstætt því sem varnaraðili hefur talið og fyrir liggur að varnaraðili hefur miðað málalíbúnað sinn fyrir nefndinni

við þetta sakarefni. Ágreiningur aðila er þó víðtækari en þetta og snýr m.a. þýðingu þeirra greiðslna sem sóknaraðili telur sig hafa geymslugreitt vegna lánsins

Í rökstuðningi fyrir kröfu sinni nefnir sóknaraðili útreikning fjárhæðar skuldar hennar samkvæmt skuldabréfinu við varnaraðila. Sá útreikningur sóknaraðila er ekki studdur neinum gögnum.

Rétt er að taka fram að á forprentuðu eyðublaði sem kvörtunin er ritað á er sérstaklega tekið fram að undir liðnum „Kröfur“ skuli greina skýrlega hvers er krafist svo sem fjárhæð kröfu [...] viðurkenning á réttindum, lausn undan skyldu eða annað sem gæti átt við, en þrátt fyrir þetta er engin eiginleg krafa sett fram.

Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki með vísan til b- og e-liða 6. gr. samþykkt fyrir nefndina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 20. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 27. september er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 59/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 18. júní 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 18. júní 2013. Kvörtunin er undirrituð af Sigurði Erlingssyni og árituð „samkvæmt umboði“. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. júní 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 16. júlí 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júlí 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 27. september 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 2. júlí 2007 voru kr. 2.800.000 millifærðar af bankareikningi sóknaraðila inn á reikning A. Samkvæmt upplýsingum varnaraðila var tilefni millifærslunnar kaup A og maka hennar á fasteign.

Í mars 2008 átti A í viðræðum við L um endurfjármögnun lána sinna. Viðræðurnar leiddu til þess að A færði launareikning sinn yfir til Sparisjóðsins og gerði afborgunarsamning þann 28. mars 2008 að fjárhæð kr. 260.000 vegna skuldar á kreditkort.

Þann 31. mars 2008 var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga X“ undirritað. Samkvæmt skjalinu var greiðandi skuldabréfi að fjárhæð kr. 3.000.000 tilgreind A. Sóknaraðili og B voru tilgreind ábyrgðarmenn. Fram kom að meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá Sparisjóðnum. Staðfestu ábyrgðarmenn að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Óskuðu ábyrgðarmenn eftir því að greiðslugeta greiðanda yrði ekki metin og settu upphafsstafi sína við það val. Tiltekið var að greiðslumat færi ávallt fram ef lánsfjárhæð væri hærri en kr. 1.000.000. Tekið

var fram að greiðslumat tæki einvörðungu til könnunar á fjármálum greiðanda hjá Sparisjóðnum og uppflettingar í opinberri vanskilaskrá. Aðrar upplýsingar um fjárhagslega stöðu greiðanda hefði Sparisjóðurinn ekki undir höndum. Tekið var fram að jákvæð niðurstaða fæli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efndi skyldur sínar. Fram kom að niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar.

Þann 31. mars 2008 var skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ undirritað. Óskuðu sóknaraðili og B eftir að gangast í ábyrgð fyrir A fyrir láni að fjárhæð kr. 3.000.000. Tiltekið var að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Þá kom fram að meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum. Einnig var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Staðfestu ábyrgðarmenn að þeir hefðu fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Þann 31. mars 2008 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 3.000.000, gefið út af A til L. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur L skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu. Staðfestu þau með undirritun sinni að hafa kynnt sér efni skuldabréfsins og að þau gerðu sér grein fyrir í hverju ábyrgð þeirra væri fölginn og teldu hana samrýmast greiðslugetu sinni. Jafnframt að þau hefðu kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Fyrir liggur fjárhagsyfirlit á A sem ber með sér að hafa verið breytt 1. apríl 2008. Hreinar tekjur voru kr. 400.000 fyrir og eftir lánveitingu. Greiðslubyrði lána var kr. 16.000 fyrir og eftir lánveitingu, annar fastur kostnaður var kr. 128.600 fyrir og eftir lánveitingu og framfærslukostnaður var fyrir lánveitingu kr. 156.000 og eftir lánveitingu kr. 157.000. Afgangur var kr. 99.400 fyrir lánveitingu og kr. 98.400 eftir lánveitingu. Breyting á mánuði var kr. -1.000 og á ári kr. -12.000.

Nokkur tölvupóstsamskipti virðast hafa átt sér stað milli starfsmanns L og A vegna skuldabréfsins og gerð greiðslumats. Þann 27. mars 2008 sendi starfsmaður L tölvupóst til A þar sem fram kom að pabbi hennar hefði komið til að útbúa skuldabréf út af þremur milljónum. Þann 28. mars 2008 sendi A tölvupóst til starfsmanns L þar sem fram kom að laun eftir skatt væru kr. 400.000.

Eftir gerð skuldabréfsins áttu frekari tölvupóstsamskipti sér stað milli starfsmanns L og A. Þann 2. apríl 2009 spurði starfsmaður L hvort hann ætti að millifæra andvirði lánsins inn á pabba hennar og sagði hún hann eiga að gera það.

Þann 2. apríl 2008 voru kr. 2.916.575 millifærðar á reikning sóknaraðila frá A.

Þann 16. mars 2011 var skattlagning endurákvörðuð á A fyrir tekjuárin 2007 og 2008, vegna vantaldra tekna. Leiddi það til þess að stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars hjá skuldara varð töluvert hærri.

Fyrir liggja umboð, dags. 31. mars 2013, frá sóknaraðila og B til C. Eftirfarandi texti kemur fram í umboðunum: „Ég undirrituð veiti hér með C hjá D umboð til að fá afhend [sic] gögn og vinna að samningum um skuldbindingar mínar.“

Þann 30. maí 2013 barst varnaraðila beiðni um ógildingu á ábyrgð sóknaraðila og B á skuldabréfi nr. X. Þeirri beiðni hafnaði varnaraðili þann 18. júní 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 18. júní 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðarmenn, þau M og B verði leyst undan ábyrgð á skuldabréfi upphaflega frá L skuldabréf nr. X.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa farið að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga við ábyrgðarveitinguna. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi kynnt rangt greiðslumat, þ.e. að greiðslumatið hafi ekki byggt á réttum gögnum. Staðan hafi í raun verið mun verri og skuldari hefði aldrei staðist greiðslumat ef réttar upphæðir hefðu verið til staðar.

Sóknaraðili bendir á að í fjárhagsyfirliti komi fram að skuldari hafi kr. 400.000 í tekjur á mánuði og greiðslubyrði lána sé kr. 16.000. Séu skattframtöl árána 2007 og 2008 skoðuð komi fram að launatekjur skuldara séu einungis um kr. 160.000 á mánuði. Á þessum tíma hafi hún verið að skilja við eiginmann sinn, vegna fjármálaóreiðu í fyrirtæki sem hann hafi rekið. Húseign þeirra hafi verið seld og hafi söluandvirðið allt farið í uppgreiðslu á skuldum. Hún hafi á þessum tíma verið fráskilin með fjögur börn á framfæri og hafi því verið með þunga skuldbindingu gagnvart þeim, greiða húsaleigu og upphald, auk þess að vera með vanskil á skuldum sem hún hafi tekið yfir eftir skilnaðinn. Sparisjóðurinn hafi verið tilbúinn til að skuldbreyta vanskilum sem hún hafi verið með, gegn því að foreldrar hennar ábyrgðust lánið. Því hafi þetta greiðslumat verið gert og virðist það þannig úr garði gert að hún stæðist matið, svo hægt væri að gefa út nýtt lán fyrir vanskilum og fá á það ábyrgðarmenn sem væru þá borgunarmenn fyrir því. Hefði greiðslumatið verið gert í samræmi við rétt gögn hefði A aldrei staðist matið. Það hljóti að vera á ábyrgð bankans að gefa út mat, sem byggt sé á réttum og viðurkenndum gögnum (launaseðlum, útskrift úr staðgreiðsluskrá, FE yfirliti o.fl.). A hafi farið í greiðsluáðlögun hjá umboðsmanni skuldara og niðurstaða þess hafi verið að hún væri með kr. -130.000 á mánuði, væri aðeins tekið tillit til neyslu og lágmarksskuldbindinga. Allar skuldir hennar hafi því verið felldar niður, ásamt þessari skuld við varnaraðila. Nú hafi varnaraðili ákveðið að krefja ábyrgðarmennina um greiðslu á skuldinni sem hafi verið blekkir til að skrifa undir með því að gefa út rangt greiðslumat sem kynnt hafi verið fyrir þeim.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Til þrautavara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað að því er varðar ógildingu á ábyrgð B.

Aðalkrafa varnaraðila um frávísun byggir á 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Til rökstuðnings aðalkröfu sinni bendir varnaraðili á að samkvæmt kvörtun og fyrirliggjandi gögnum sé það C sem leggi fram kvörtunina fyrir hönd sóknaraðila og B á grundvelli umboðs „*til að fá afhend [sic] gögn og vinna að samningum um skuldbindingar*“ þeirra. Varnaraðili telur að innan þess umboðs, sem C hafi verið veitt, rúmist ekki heimild til að bera mál undir úrskurðarnefndina fyrir hönd umboðanda hans, sbr. skýrt orðalag umboðanna. Liggi því ekkert fyrir um heimild C til að leggja fram þá kvörtun, sem mál þetta byggir á. Sé C því kominn út fyrir ramma umboðs síns. Telur varnaraðili því að vísa beri málinu frá á grundvelli bersýnilegs umboðsskorts C.

Fallist úrskurðarnefndin ekki á aðalkröfu varnaraðila um frávísun málsins gerir varnaraðili þá kröfu til vara að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir varakröfu sína um höfnun í fyrsta lagi á því að forveri hans hafi staðið rétt að gerð greiðslumatsins, það sé byggt á réttum upplýsingum m.a. um tekjur skuldara, og niðurstaða þess hafi því verið rétt. Í þessu sambandi bendir varnaraðili á að farið hafi verið að öllu leyti að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga við veitingu lánsins og stofnun ábyrgðarinnar. Það sé óumdeilt milli aðila að upplýsingar um tekjur skuldara hafi stafað frá henni sjálfri. Engin ástæða hafi verið fyrir varnaraðila að efast um þær upplýsingar þar sem þær hafi verið í fullu samræmi við þær tekjur sem komið hafi fram á launareikningi skuldara.

Varnaraðili bendir á að í rökstuðningi fyrir kvörtun sinni taki sóknaraðili fram að ef „*skoðuð eru framtöl ársins 2007 og 2008 kemur fram að launatekjur skuldara [...] eru einungis um 160.000 krónur á mánuði.*“ Varnaraðili telur þessa fullyrðingu sóknaraðila ranga og fái enga stoð í gögnum málsins. Á þessum tíma hafi sóknaraðili stundað sjálfstæðan atvinnurekstur við sölu á heilsuvörum og þá hafi henni einnig borist mánaðarlegar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Þann 16. mars 2011 hafi verið endurákvarðaður skattur sem skuldara hafi borið að greiða fyrir tekjuárin 2007 og 2008, en skv. skattframtali sem sóknaraðili hafi lagt fram hafi heildartekjur skuldara árið 2008, þegar lánveiting hafi átt sér stað verið kr. 9.932.410 eða kr. 827.700 á mánuði fyrir skatt. Raunverulegar tekjur skuldara hafi því verið mun hærri á þeim tíma sem lánveiting hafi átt sér stað en sóknaraðili haldi fram.

Varnaraðili telur því að forveri hans hafi að öllu leyti farið eftir ákvæðum samkomulagsins, enda hafi hann framkvæmt greiðslumat á skuldara, þrátt fyrir ósk ábyrgðarmanna um annað, birt ábyrgðarmönnum greiðslumatið og afhent þeim upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir. Jafnframt bendir varnaraðili á að það hafi ekki verið og sé ekkert óeðlilegt við að greiðslumat byggji á gögnum sem komin séu frá skuldara, enda sé það sérstaklega tekið fram í niðurstöðu greiðslumatsins.

Varnaraðili bendir á að hafi ætlun og vilji aðila að samkomulaginu verið sá að öll gögn sem byggt væri á við gerð greiðslumats væru til komin vegna einhliða rannsóknar fjármálafyrirtæka á stöðu skuldara hefði slíkt verið tekið sérstaklega fram í samkomulaginu, sem sé af augljósum ástæðum ekki gert. Telur varnaraðili því ljóst að greiðslumatið hafi byggt á réttum gögnum sem hafi m.a. verið komin frá skuldaranum sjálfum og sýnt fram á jákvæða greiðslugetu hennar.

Varnaraðili bendir þó á að greiðslumatið sé haldið þeim annmörkum að í forsendum þess sé ekki gert ráð fyrir greiðslubyrði af hinu umþrætta láni. Í því sambandi bendir varnaraðili þó á að niðurstaða greiðslumatsins hefði verið sú sama, þ.e. jákvæð, og ef sú greiðslubyrði hefði verið í forsendum greiðslumatsins, enda hafi greiðslumatið verið jákvætt um kr. 98.400 og greiðslubyrði af láninu mest verið kr. 83.292. Greiðslumatið hefði því að minnsta kosti alltaf verið jákvætt um kr. 15.108. Þar sem að niðurstaða greiðslumatsins hefði hvort eð er verið jákvæð verði að telja að það sé alfarið í höndum sóknaraðila að sýna fram á að þessir annmarkar hefðu haft áhrif á ákvörðun hans og B um að gangast í ábyrgð á skuldabréfi nr. X á þann hátt að ábyrgð þeirra á skuldinni sé ógildanleg. Varnaraðili telur ekkert fram komið sem bendi til slíks og þá telur varnaraðili jafnframt að gögn málsins bendi eindregið til þess að hin breytta niðurstaða hefði engu skipt um ákvörðun sóknaraðila að takast á hendur ábyrgðina.

Þá bendir varnaraðili á að markmið samkomulagsins hafi verið að gera ábyrgðarmönnum ljóst hvort að skuldari hefði bolmagn til að standa við skuldbindingar þær sem ábyrgðarmenn ábyrgðust greiðslu á og að lánveitingar skyldu miðast við greiðslugetu skuldara, sbr. 1. gr. samkomulagsins. Verði að telja að forveri varnaraðila hafi að öllu leyti starfað samkvæmt ákvæðum samkomulagsins og í samræmi við markmið þess, enda hafi greiðslumat verið framkvæmt og niðurstaða þess verið rétt og jákvæð m.v. raunverulega fjárhagsstöðu skuldara. Sóknaraðila og B hafi verið kynnt þessi niðurstaða greiðslumatsins og hafi þeim verið heimilt að kynna sér öll þau gögn sem greiðslumatið hafi byggt á, sbr. V. skilmála skjalsins „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Þá virðist þessi þáttur ekki hafa skipt þau máli, enda hafi aldrei komið athugasemd frá þeim vegna þessa, hvorki við bankann eða í kvörtun sóknaraðila í þessu máli, sem skýrist sennilega af því að niðurstaða greiðslumatsins hefði alltént verið sú sama.

Þá bendir varnaraðili jafnframt á að sóknaraðili og B hafi bæði óskað eftir því að skuldari yrði ekki greiðslumetinn. Þá virðist sóknaraðili hafi ýtt á eftir lánveitingunni og að hún gengi í gegn sem allra fyrst, sbr. tölvupósta frá 28. mars 2008. Á grundvelli þess telji varnaraðili að sóknaraðili og B hefðu gengist í ábyrgð fyrir skuldabréfi nr. X, hvernig sem niðurstaða greiðslumatsins kynni að verða, en það renni enn fremur stöðum undir að hinn ofangreindi annmarki á greiðslumatinu, sem ekki hafi haft áhrif á jákvæða niðurstöðu þess skipti þau ekki máli.

Vísar varnaraðili jafnframt til þess að sóknaraðili og B, sem hjón, hafi haft fjárhagslegan ávinning af lánveitingunni. Varnaraðili bendir á að andvirði skuldabréfs nr. X hafi verið ráðstafað inn á reikning sóknaraðila, þ.e. það hafi verið notað til uppgreiðslu á eldra láni sem sóknaraðili hafi veitt skuldara þann 2. júlí 2007. Telur varnaraðili því einsýnt að sóknaraðili og B hefðu tekist á hendur ábyrgð fyrir skuldabréfi nr. X, þrátt fyrir að forsendur þess kynnu að hafa breyst. Fjárhagslegur ávinningur sóknaraðila af lánveitingunni og sjálfskuldarábyrgð sé bersýnilegur. Í því samhengi telur varnaraðili að sóknaraðili beri alfarið sönnunarbyrðina fyrir því að sanna að niðurstaða greiðslumatsins hefði skipt einhverju fyrir ákvörðun hans að takast á hendur ábyrgðina. Með útgáfu skuldabréfs nr. X hafi sóknaraðili hins vegar fengið kröfu sína greidda að fullu og hafi því verið í betri stöðu en ef lánveitingin hefði ekki farið fram. Telur varnaraðili því allar líkur á því og ekkert bendi til annars en að sóknaraðili og B hefðu tekist á hendur ábyrgð á skuldabréfi nr. X, sama hver niðurstaða greiðslumats væri. Í ofangreindu samhengi bendir varnaraðili á að fjárhagslegur ávinningur sóknaraðila af lánveitingunni hafi verið bersýnilegur og í því samhengi eigi smávægilegar breyttar forsendur ekki að hafa áhrif á gildi ábyrgðarinnar, en slíkt gengi óumdeilanlega í berhöggi við tilgang og markmið samkomulagsins. Í ofangreindu samhengi vísar varnaraðili til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn en þar komi fram að þau lög gildi ekki um ábyrgðir í þeim tilvikum þar sem ábyrgð sé í þágu fjárhagslegs ávinnings ábyrgðarmanns. Meginreglur kröfuréttarins um kröfuábyrgðir leiði að mati varnaraðila til sömu niðurstöðu.

Varnaraðili vísar til þess að ábyrgð sóknaraðila og B verði ekki ógilt á grundvelli samkomulagsins einvörðungu. Þrátt fyrir það vísi sóknaraðili ekki til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Þá telur varnaraðili að framangreind umfjöllun hans sýni fram á að ekki sé tilefni til ógildingar á ábyrgð sóknaraðila og B á þeim grundvelli. Því til rökstuðnings vísar varnaraðili sérstaklega til þess að forveri hans hafi fylgt ákvæðum samkomulagsins hvarvetna og hafi starfað í samræmi við markmið þess, þar sem greiðslumat hafi verið framkvæmt á

aðalskuldara, ábyrgðarmönnum kynnt jákvæð niðurstaða þess ásamt upplýsingabæklingi um sjálfskuldarábyrgðir og þeim kynnt að meira en helmingi lánsfjár yrði varið til uppgreiðslu eldri lána. Þá bendir varnaraðili jafnframt á að það virðist sem sóknaraðili hafi sjálfur ýtt á eftir því að lánveiting til skuldara gengi í gegn sem fyrst, sbr. tölvupósta 27. mars og 28. mars 2008, sem kunni að skýrast af því að andvirði skuldabréfsins hafi verið greitt inn á reikning sóknaraðila. Einnig hafi sóknaraðili og B haft færi á því að kynna sér þau gögn sem greiðslumatið hafi byggt á og koma með athugasemdir að á því stigi áður en þau hafi tekist á hendur ábyrgð á skuldabréfi nr. X. Forveri varnaraðila hafi ekki ýtt með nokkru móti á eftir lántökunni, enda sé ljóst að hún hafi eingöngu verið gerð í þeim tilgangi að skuldari greiddi upp skuld sína við sóknaraðila.

Í ljósi allra ofangreindra atriða krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Fallist úrskurðarnefndin ekki á ofangreindar kröfur varnaraðila er þess krafist til þrautavara að kröfum sóknaraðila verði hafnað að því er varðar ábyrgð B. Þessu til rökstuðnings vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili sé einn tilgreindur sem kvörtunaraðili og sé þar ekki vísað frekar til B. Þrátt fyrir að meðal fylgigagna sé umboð frá B til handa C, sem varnaraðili telji þó ekki taka til þess að leggja fram kvörtun fyrir úrskurðarnefndina, þá sé kvörtunin sjálf þannig úr garði gerð, að B virðist ekki vera aðili að kvörtuninni og þar með málinu. Telur varnaraðili því að fallist úrskurðarnefndin ekki á fyrri kröfur hans, skuli kröfu sóknaraðila vera hafnað, að því er varðar ógildingu á ábyrgð B. Að ofangreindu virtu fæst ekki séð að C [sic] hafi lögvarða hagsmuni af því að krefjast þess að ábyrgð B verði ógilt.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða sóknaraðila og B á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til L.

Á kvörtunareyðublaði til nefndarinnar eru upplýsingar um þann sem ber fram kvörtun en undir liðnum „Fullt nafn“ er sóknaraðili tilgreindur en ekki B. Ekki fæst séð að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá sjálfskuldarábyrgð B fellda úr gildi, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 1/2010. Krafa af þessu tagi verður að stafa frá ábyrgðarmanninum sjálfum til að komast að. Í ljósi þessa verður ekki hjá því komist að vísa kröfu varðandi sjálfskuldarábyrgð B frá nefndinni.

Að fenginni þessari niðurstöðu verður fjallað um kvörtun sóknaraðila, sem lögð er fram af C í umboði sóknaraðila. Í umræddu umboði kemur eftirfarandi fram: „Ég undirrituð [sic] veiti hér með C hjá D umboð til að fá afhend [sic] gögn og vinna að samningum um skuldbindingar mínar.“ Samkvæmt því hefur C ekki umboð til að leggja mál sóknaraðila fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, en með því að leggja mál fyrir úrskurðarnefndina er hvorki óskað eftir afhendingu gagna né unnið að samningum um skuldbindingar sóknaraðila. Gerði varnaraðili athugasemdir við umboð C, með bréfi, dags. 16. júlí 2013. Í framhaldinu voru athugasemdirnar sendar sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dags. 23. júlí 2013, og gafst C því færi á að leggja fram fullnægjandi umboð. Umboð til C til meðferðar máls sóknaraðila fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki barst ekki.

Í ljósi framangreinds er ljóst að C hefur ekki umboð til að leggja mál fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki og verður því ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 27. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2013, föstudaginn 22. nóvember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 61/2013**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 25. júní 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. júní 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. júlí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 2. ágúst 2013. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. ágúst 2013, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 20. ágúst 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. september 2013, var varnaraðila gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá varnaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 22. nóvember 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 27. apríl 2007 var lánssamningur milli sóknaraðila sem lántaka og L sem lánveitanda undirritaður um lán til 25 ára að fjárhæð að jafnvirði allt að ISK 15.000.000 í CHF 50% og JPY 50%. Lánið skyldi endurgreitt með 300 jöfnum mánaðarlegum afborgunum, 10. dag hvers mánaðar. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. áskildi lánveitandi sér rétt til að gjaldfella eftirstöðvar lánsins á þriggja ára fresti, þann 10. júní 2010, 10. júní 2013, 10. júní 2016, 10. júní 2019, 10. júní 2022, 10. júní 2025, 10. júní 2028 og 10. júní 2031 hefðu forsendur lánveitingarinnar og/eða tryggingar lánsins raskast að mati lánveitanda, enda tilkynnti hann það skriflega til lántaka a.m.k. 30 dögum fyrir gjalddaga. Samkvæmt 3. gr. skyldu lánshlutar í öðrum myntum en evrum bera vexti sem væru eins mánaða liborvextir eins og þeir ákvörðuðust fyrir

viðkomandi gjaldmiðil hverju sinni að viðbættu vaxtaálagi, 3,20%. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skyldi lántaki gefa út tryggingarbréf að fjárhæð kr. 34.000.000 með 3. veðrétti í A og 5. veðrétti í B, sbr. 6. gr. lánessamningsins.

Þann 27. apríl 2007 var lánessamningur milli sóknaraðila sem lántaka og L sem lánveitanda undirritaður um lán til 10 ára að fjárhæð að jafnvirði allt að kr. 15.000.000 í CHF 50% og JPY 50%. Lánið skyldi endurgreitt með einni greiðslu 10. júní 2017, en vextir skyldu greiddir mánaðarlega, 10. dag hvers mánaðar. Samkvæmt 2. mgr. 2. áskildi lánveitandi sér rétt til að gjaldfella eftirstöðvar lánsins á þriggja ára fresti, þann 10. júní 2010, 10. júní 2013 og 10. júní 2016 hefðu forsendur lánveitingarinnar og/eða tryggingar lánsins raskast að mati lánveitanda, enda tilkynnti hann það skriflega til lántaka a.m.k. 30 dögum fyrir gjalddaga. Í 3. gr. kom fram að lánshlutar í öðrum myntum en evrum skyldu bera vexti sem væru eins mánaða liborvextir eins og þeir ákvörðuðust fyrir viðkomandi gjaldmiðil hverju sinni, að viðbættu vaxtaálagi 2,50%. Í 6. gr. var tekið fram að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu gæfi lántaki út tryggingarbréf að fjárhæð kr. 34.000.000 með 3. veðrétti í A og 5. veðrétti í B.

Samkvæmt fyrirliggjandi veðbandayfirliti eru sóknaraðilar eigendur fasteignarinnar að B og sóknaraðili M eigandi fasteignarinnar að A.

Eftirfarandi tilkynning um gjaldfellingu lánessamnings, dags. 3. maí 2013, var stíluð á sóknaraðila M: „Það tilkynnist hér með að lánessamningur númer X, að upphaflegum höfuðstól kr. 15.000.000, sem undirritaður var þann 27.04.2007, verður gjaldfelldur þann 10.06.2013, sbr. gr. 3 í lánessamningnum. Ef þú óskar eftir að semja um greiðslu skuldarinnar eða framlengingu hennar, þá er þér góðfúslega bent á að hafa samband við útibú F.“

Eftirfarandi tilkynning um gjaldfellingu lánessamnings, dags. 3. maí 2013, var stíluð á sóknaraðila M: „Það tilkynnist hér með að lánessamningur nr. Y, að upphaflegum höfuðstól kr. 15.000.000, sem undirritaður var þann 27.04.2007, verður gjaldfelldur þann 10.06.2013, sbr. gr. 3. í lánessamningnum. Ef þú óskar eftir að semja um greiðslu skuldarinnar eða framlengingu hennar, þá er þér góðfúslega bent á að hafa samband við útibú F.“

Þann 6. júní 2013 sendi starfsmaður varnaraðila sóknaraðila M tölvupóst með tilkynningu um gjaldfellingu, sem stafsmaðurinn kvað senda í pósti þann 3. maí 2013 og þau hafi rætt um í síma þann dag. Nokkur tölvupóstsamskipti áttu sér stað á milli sóknaraðila og varnaraðila í kjölfarið.

Þann 18. júní 2013 veittu sóknaraðilar C, umboð til að annast hagsmunagæslu fyrir þeirra hönd vegna gjaldfellingar F, á húsnæðislánnum þeirra samkvæmt lánasamningnum dags. 27. apríl 2007.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 25. júní 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að gjaldfelling varnaraðila á eftirstöðvum lána sóknaraðila samkvæmt lánessamningnum nr. X og Y, dags. 27. apríl 2007, báðir upphaflega að fjárhæð kr. 15.000.000 verði felld úr gildi.

Kröfur sóknaraðila eru í fyrsta lagi reistar á því að enga gjaldfellingarheimild sé að finna í 3. gr. lánessamninganna sem sé sú grein sem varnaraðili styðji

gjaldfellingarnar við. Í greininni sem sé samhljóða í báðum samningunum sé að finna ákvæði um vexti, vaxtabreytingar og greiðslu vaxta í samræmi við fyrirsögn hennar. Í samræmi við almennar reglur samninga- og kröfuréttar verði lánessamningar ekki gjaldfelldir nema með heimild í samningum aðila. Í 3. gr. lánessamninganna sé enga slíka heimild að finna. Þegar af þeirri ástæðu séu gjaldfellingarnar ólögmatar og beri að fella þær úr gildi.

Verði ekki fallist á kröfu sóknaraðila af framangreindri ástæðu vísa sóknaraðilar til þess að skilyrði þeirra gjaldfellingarheimilda sem sé að finna í lánessamningum aðila hafi ekki verið fyrir hendi svo gjaldfella mætti eftirstöðvar lánanna.

Benda sóknaraðilar á að í 11. gr. lánessamninganna sé ákvæði um vanefndatilvik og vanefndaúrræði lánveitanda. Í stafliðum i.-vii. séu talin upp þau tilvik sem geti talist til vanefnda sem veitt geti lánveitanda heimild til gjaldfellingar eftirstöðva lánanna. Engin þessara tilvika hafi verið til staðar við gjaldfellinguna, en lánin hafi verið í skilum.

Sóknaraðilar vísa til þess að í 2. gr. lánessamnings vegna 25 ára lánsins, sem beri yfirskriftina *Endurgreiðsla*, séu svohljóðandi ákvæði í 1. og 2. málsgrein: „*Lán þetta skal endurgreiða að fullu á 24 árum með 300 jöfnum afborgunum, 1/300 á hverjum gjalddaga. Greitt skal af láninu í fyrsta sinn 10. júní 2007 og eftir það tólf sinnum á ári, 10. hvers mánaðar. Lánveitandi áskilur sér rétt til að gjaldfella eftirstöðvar lánsins á þriggja ára fresti, þann 10.06.2010, 10.06.2013, 10.06.2016, 10.06.2019, 10.06.2022, 10.06.2025, 10.06.2028 og 10.06.2031 hafi forsendur lánveitingarinnar og/eða tryggingar lánsins raskast að mati lánveitanda, enda tilkynni hann það skriflega til lántaka a.m.k. 30 dögum fyrir gjalddaga.*“ Sams konar ákvæði sé í lánessamningi aðila sem sé til 10 ára en þar hafi gjaldfellingaheimildirnar verið á þriggja ára fresti: „*þann 10.06.2010, 10.06.2013 og 10.06.2016*“.

Verði talið að varnaraðili hafi í raun stutt gjaldfellinguna við framangreind ákvæði byggja sóknaraðilar á því að framangreindu samningsákvæði beri að víkja til hliðar með stoð í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Sóknaraðilar telja öll skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 uppfyllt. Vakin sé sérstök athygli á því að um sé að ræða heimildarákvæði til gjaldfellingar án þess að nokkur vanskil þurfi að hafa verið til staðar.

Benda sóknaraðilar á að umrætt samningsákvæði sem telja verði mjög óvenjulegt, hafi ekki verið kynnt sóknaraðilum sérstaklega við lántökuna eða þeim leiðbeint um bága réttarstöðu sína á grundvelli þess. Almennt séu gjaldfellingarheimildir í lánessamningum vanefndaúrræði kröfuhafa vegna vanskila eða samningsbrota skuldara af einhverju tagi. Sé í slíkum tilvikum auk þess gerðar ríkar kröfur til þess að vanefndir teljist verulegar. Umrætt ákvæði feli varnaraðila í raun sjálfðæmi um að gjaldfella lánin að eigin geðþótta á þriggja ára fresti. Á grundvelli slíkra gjaldfellingaheimilda hafi varnaraðili í hendi sér að setja fjármál og heimilisaðstæður skilvísra lántaka, eins og sóknaraðila, í uppnám án nokkurs tilefnis með hótunum um frekari innheimtuáðgerðir, s.s. nauðungarsölu, verði eftirstöðvar lánanna ekki greiddar þá þegar með dráttarvöxtum. Slíkt samningsákvæði í samningi milli atvinnulánveitanda og neytenda sé ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju í öllu tilliti.

Sóknaraðilar byggja einnig á því að víkja beri samningsákvæðinu til hliðar með stoð í 36. gr. laga nr. 7/1936 þar sem það brjóti í bága við lög og sjónarmið sem gildi um góða viðskiptahætti samkvæmt 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Einnig sé vísað til almennra sjónarmiða um viðskiptahætti fjármálafyrirtækja sem fái m.a. stoð í siðareglum varnaraðila. Í því samhengi sé sérstök athygli vakin á 5. gr. siðaregnanna. Þar segi að varnaraðili taki „*ákvörðanir á faglegum forsendum og getum rökstutt þær gagnvart haghöfum, þ.e. viðskiptavinum, lánadrottnum, eigendum, starfsmönnum og samfélaginu.*“ Ákvörðun varnaraðila gagnvart sóknaraðilum brjóti með beinum hætti gegn þessari verklagsreglu bankans sjálfs, enda hafi ákvörðunin aldrei verið rökstudd og sé að mati sókaraðila allt annað en fagleg.

Sóknaraðilar vísa einnig til þess að í 2. mgr. 2. gr. samningsins segi að lánveitanda sé heimilt að gjaldfella „*eftirstöðvar lánsins á þriggja ára fresti [...] enda tilkynni hann það skriflega til lántaka a.m.k. 30 dögum fyrir gjalddaga.*“ Slík tilkynning hafi aldrei verið send sóknaraðilum og þegar af þeirri ástæðu geti varnaraðili ekki reist gjaldfellinguna á umræddu ákvæði.

Sóknaraðilar minna á að gjaldfelling lánssamnings sé í skilningi samningaréttarins ákvöð. Um ákvaðir gildi sú regla að þær hafi réttaráhrif frá þeim tíma er þær berist móttakandanum og sé það sendandi ákvaðar sem beri áhættuna af því að ákvöð berist of seint eða berist ekki, eins og í þessu tilviki, hafi hún nokkurn tíma verið send. Gera verði strangan áskilnað í þessum efnum enda sé hér um sérlega íþyngjandi ákvörðun að ræða gagnvart neytendum. Vísa sóknaraðilar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 655/2009 máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðilar vekja athygli á því að umræddar tilkynningar hafi ekki verið sendar sóknaraðilum fyrr en þau hafi tekið að leita upplýsinga um málið. Að mati sókaraðila verði að gera þá lágmarkskröfu til fjármálastofnana sem starfi á grundvelli opinbers leyfis að jafn afdrifaríkar afleiðingar séu sendar lántökum með tryggum hætti, þær séu rökstuddar og lántökum gefinn kostur á að bæta úr annmörkum ef einhverjir séu. Aðstöðumunur aðila sé mikill þar sem varnaraðili hafi yfirburðarstöðu gagnvart sóknaraðilum sem séu neytendur með enga sérþekkingu á samningagerð eða fjármálum.

Sóknaraðilar telja umræddar tilkynningar auk þess engan veginn nógu skýrar svo þær teljist fullnægjandi um gjaldfellingu eftirstöðva lánanna. Í þeim sé ekki með neinum hætti gerð grein fyrir ástæðum gjaldfellinganna eða meintri heimild varnaraðila til að gjaldfella lánin. Tilkynningarnar séu því ekki í samræmi við þær skyldur sem lagðar séu á fjármálafyrirtæki samkvæmt 19. gr. laga nr. 161/2002 um að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Sé því einnig á því byggt að víkja beri tilkynningunum til hliðar með stoð í 36. gr. laga nr. 7/1936, enda taki ákvæðið jafnt til samninga og löggæringa, sbr. 2. másl. 1. mgr. greinarinnar.

Jafnframt vísa sóknaraðilar til þess að samkvæmt 2. mgr. 2. gr. lánssamninganna hafi varnaraðila aðeins verið heimilt að gjaldfella lánin ef forsendur lánveitingarinnar og/eða tryggingar lánsins hafi raskast að mati lánveitanda. Þessum skilyrðum hafi engan veginn verið fullnægt við gjaldfellinguna. Á það sé minnt að í

36. gr. b laga nr. 7/1936 sé að finna lögbundna túlkunarreglu á samningnum neytenda og atvinnurekenda þess efnis að komi upp vafi um merkingu samnings beri að túlka hann neytanda í hag. Að því er varði fyrrnefnda skilyrði 2. mgr. 2. gr. um heimild til gjaldfellingar „*ef forsendur lánveitingarinnar raskast*“ byggja sóknaraðilar á því að hér hljóti að vera vísað til forsendna er varði sóknaraðila. Ljóst sé að engar forsendur eða aðstæður hafi breyst hjá lántökum sem veitt geti varnaraðila heimild til gjaldfellingar. Hér sé um að ræða hefðbundið húsnæðislán tryggt á tryggum veðréttum í tveimur fasteignum. Áskilnaður samninganna um breyttar forsendur geti engan veginn vísað til þess að lánveitanda sé heimilt að gjaldfella samningana breytist forsendur hans, enda verði það með engu móti lagt í hendur neytenda að fylgjast með eða þekkja forsendur fjármálafyrirtækja fyrir þeirra lánveitingum. Ákvæðið beri að túlka sóknaraðilum í hag, sbr. 36. gr. b laga nr. 7/1936. Engar forsendur lánveitanda séu skýrðar í lánssamningnum og ekki á færi einstaklinga sem enga þekkingu hafi á bankarekstri að þekkja forsendur fjármálafyrirtækja eða fylgjast með og greina hvenær þær kunni að raskast. Sóknaraðilum hafi ekki verið kynntar forsendur Sparisjóðs Mýrasýslu við lántökuna og séu engar slíkar forsendur skýrðar í samningunum.

Sóknaraðilar telja að varnaraðila sé aðeins heimilt að gjaldfella lán á grundvelli ákvæðisins hafi forsendur breyst verulega, hafi umrædd forsenda verið ákvörðunarástæða fyrir lánveitanda við lánveitinguna og að sóknaraðilum hafi verið sú forsenda kunn. Styðjist þetta við almennar reglur samningaréttarins um forsendubrest. Þessum áskilnaði hafi á engan hátt verið fullnægt í máli þessu.

Að því er síðarnefndu gjaldfellingarheimild 2. mgr. 2. gr. lánssamninganna varðar hafna sóknaraðilar því alfarið að forsendur sem varði tryggingar lánsins hafi raskast frá því lánið hafi verið veitt. Fyrir liggi að lánið hafi upphaflega verið tryggt með veði samkvæmt tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 34.000.000 með 3. veðrétti í fasteign sóknaraðila að A og 5. veðrétti í fasteign sóknaraðila að B, sbr. 6. gr. lánssamninganna. Tryggingarbréfið hvíli enn á 3. veðrétti á A en 1. veðrétti á B. Því hafi tryggingarstaða varnaraðila batnað til muna, enda hafi tryggingarbréfið upphaflega hvílt á 5. veðrétti síðarnefndu eignarinnar.

Sóknaraðilar gera athugasemdir við eftirfarandi framsetningu varnaraðila á málavöxtum: „*Þann 10. febrúar 2012 greiddu sóknaraðilar seinast af lánunum, sbr. fylgiskjöl 1 og 2, og voru þau í vanskilum þar til síðari endurútreikningur lánanna fór fram í febrúar 2013.*“ Telja sóknaraðilar framangreinda framsetningu villandi um staðreyndir málsins. Benda sóknaraðilar á að í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2012 hafi sóknaraðilar krafist þess að lán þeirra yrðu leiðrétt. Kröfugerð sóknaraðila byggji á því að sömu röksemdir eigi við um lán þeirra og í framangreindu dómsmáli. Þegar eftir að sóknaraðilar fengu leiðréttingu á stöðu lánsins í febrúar 2013, hafi þau greitt af lánunum í mars, apríl og maí, þar til lánin hafi fyrirvaralaust verið gjaldfelld. Lánin hafi því ekki verið í vanskilum þegar þau hafi verið gjaldfelld og hafi ekkert annað staðið til en að greiða af þeim til framtíðar. Það að varnaraðili hafi dregið í eitt ár að leiðrétta lánin sé á ábyrgð bankans. Sóknaraðilar telja rétt að benda á að vanskilin hafi greiðst upp við endurreikning lánsins.

Sóknaraðilar hafna því alfarið að það sé tækt að afgreiða tilvísun til 3. gr. lánssamninganna um gjaldfellingarheimild í tilkynningum sem augljósa misritun eða

heiðarleg mistök eins og varnaraðili geri. Í því samhengi sé minnt á að ekki sé einu orði minnst á það í tilkynningunum hverjar séu ástæður gjaldfellinganna. Það sé fyrst í greinargerð varnaraðila í máli þessu sem sóknaraðilar fái einhverjar upplýsingar um þessar ástæður.

Telja sóknaraðilar það ekki stöð fyrir fjármálafyrirtæki eins og varnaraðila að vísa til þess að tilkynningin hafi verið stöðluð og tölvukerfi félagsins séu stór. Raunar veki það furðu sóknaraðila að þessar málsástæður séu bornar á borð, enda staðfesti þær að mati sóknaraðila handvöm varnaraðila í málinu, enda virðist sem skilmálar lánsamninga þeirra hafi ekki verið skoðaðir áður en bankinn hafi vaðið fram og gjaldfellt lán þeirra.

Sóknaraðilar benda á að í greinargerð varnaraðila sé því haldið fram að forsendur lánveitingarinnar hafi raskast verulega þar sem þeir vextir sem varnaraðili bjóði lántökum í dag séu hærri en þeir vextir sem lán sóknaraðila beri miðað við 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Nánar tiltekið komi fram í greinargerð varnaraðila að bankinn bjóði í dag upp á 7,35% vexti á óverðtryggðum lánnum en vextir samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 séu í dag 6,75%. Mismuninn, sem sé 0,6%, telji varnaraðili verulegan og að forsendur lánveitingarinnar hafi raskast og því hafi bankanum verið heimilt að gjaldfella lánin.

Sóknaraðilar hafna framangreindum málflutningi. Sóknaraðilar telja að varnaraðili beri ekki saman sambærilega hluti. Lánin beri vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 sem séu breytilegir og reiknaðir út mánaðarlega. Þeir vextir sem varnaraðili noti til viðmiðunar séu hins vegar á lánnum með fasta vexti til fimm ára. Til að fá raunhæfan samanburð verði að sjálfsögðu að bera saman þá breytilegu vexti sem varnaraðili bjóði. Samkvæmt heimasíðu varnaraðila bjóði bankinn upp á húsnæðislán með breytilegum vöxtum sem séu nú 6,95%. Hér muni 0,2% á þeim vöxtum sem bankinn bjóði og þeim vöxtum sem lánin hafi borið við gjaldfellinguna. Það sé fráleitt að halda því fram að þessi smávægilegi munur leiði til þess að forsendur lánveitingarinnar raskist. Vakin sé athygli á því að Landsbankinn og Íslandsbanki bjóði 6,75% breytilega vexti á óverðtryggðum lánnum. Hér sé um að ræða sömu vexti og lán sóknaraðila beri. Umræddir vextir séu því markaðsvextir þótt varnaraðili bjóði 0,2% hærri vexti en samkeppnisaðilarnir.

Sóknaraðilar byggja á því til viðbótar við framangreint að mismunur á föstum vöxtum varnaraðila og vöxtum samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 upp á 0,6% geti engan veginn talist röskun á forsendum lánveitingarinnar. Sú málsástæða sé með öllu órökstudd. Gera verði strangan áskilnað um að meintur forsendubrestur sé verulegur, enda sé hér um að ræða einhliða og verulega íþyngjandi samningsákvæði í lánsamningi gagnvart neytendum.

Sóknaraðilar vísa til þess að ákvæði lánsamninganna um heimild til gjaldfellingar vísi til þess að forsendur lánveitingarinnar og/eða tryggingar raskist. Engar forsendur fyrir vaxtahæð vegna lántökunnar hafi verið kynntar sóknaraðilum við töku lánsins eða hafi þær verið skýrðar í lánsamningunum.

Sóknaraðilar vísa til þess að samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 og fjölmörgum síðari dómum Hæstaréttar skuli gengistryggð lán bera vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001. Benda sóknaraðilar á 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. laganna, eins og

þeim var breytt með lögum nr. 151/2010. Lán sóknaraðila sé húsnæðislán. Því gildi bráðabirgðaákvæði X um vaxtakjör lánsins. Sé því ljóst að varnaraðila sé óheimlt að krefja sóknaraðila um hærri vexti af láninu en vexti samkvæmt 4. gr. laganna, sbr. 1.-3. mgr. 18. gr. þeirra, í 5 ár frá endurreikningi lánsins, sbr. bráðabirgðaákvæði X.

Sóknaraðilar telja að málsástæða varnaraðila um að 6,75% vextir af lánunum séu í ósamræmi við fjármagnskostnað bankans af lánunum sé vanreifufð og ekki studd neinum gögnum. Þar fyrir utan telja sóknaraðila ótækt að gjaldfellingarheimild lánessamninganna geti vísað til forsendna bankans er varði fjármögnunarkostnað.

Sóknaraðilar telja að varnaraðili verði að bera hallann af því að engin sönnunargögn séu lögð fram af hálfu bankans um að tilkynningar um gjaldfellingu lánessamninganna hafi nokkurn tíma verið sendar eða borist sóknaraðilum. Það sé ekki rétt að varnaraðili hafi haft samband við sóknaraðila símleiðis og tilkynnt þeim um gjaldfellinguna og sé sú staðhæfing ekki studd neinum gögnum. Bent sé á að samkvæmt 12. gr. lánessamninganna skuli allar tilkynningar aðila á grundvelli lánessamninganna sendar bréflaga á lögheimili sóknaraðila, sem þá hafi verið á A en séu nú að B. Heimilt sé að senda slíkar tilkynningar með faxi. Tilkynningar í síma séu því ótækar samkvæmt ákvæðum samninganna.

Sóknaraðilar byggja á því að þau hafi enga sérfræðipækkingu á samningsgerð eða viðskiptum. Sóknaraðili M sé með kerfisfræðimenntun frá Rafiðnaðarskólanum auk þess sem hann hafi sótt námskeið á vegum Microsoft. Hann sé starfsmaður félags sem sérhæfi sig í afritunarlausnum fyrir fyrirtæki á tölvugögnum og starfi þar sem kerfisfræðingur. Hann sinni ekki fjármálum eða samningsgerð fyrir félagið. Sóknaraðili N hafi starfað sem afgreiðslumaður í verslun á árinu 2007 þegar lánessamningarnir hafi verið gerðir. Þá hafi hún lokið stúdentsprófi og hafi verið 21 árs. Síðastliðið haust hafi hún hafið viðskiptafræði við háskólann á Bifröst og hafi lokið einu ári af því námi.

Sóknaraðilar hafna því að dómur Hæstaréttar í máli nr. 655/2009 hafi ekki fordæmisgildi í málinu. Dómurinn sé skýrt fordæmi um ákvaðir og skipti í því samhengi engu máli hvernig gjaldfellingarheimildin sé orðuð.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum leggi C fram kvörtunina og geri kröfur fyrir hönd sóknaraðila. Með undirritun sinni á umrædda kvörtun gefi hún nefndinni þar með samþykki fyrir því að hún fái öll gögn í hendur frá fjármálafyrirtæki sem málið varði og að henni sé heimilt að fá upplýsingar frá þeim aðilum sem komið hafi að málinu vegna fagþekkingar sinnar. Þrátt fyrir undirritun C á kvörtunina liggi ekki fyrir undirritað og vottað umboð til handa henni. Virðist hún gera kröfur fyrir hönd sóknaraðila án heimildar í sérstöku umboði eða lögum. Í ljósi ofangreinds umboðsskorts C telur varnaraðili að vísa beri máli sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni.

Fallist úrskurðarnefndin ekki á aðalkröfu varnaraðila telur varnaraðili rétt að færa fram eftirfarandi rök til stuðnings því að nefndin eigi að hafna kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili telur gjaldfellinguna hafa verið heimila og vísar því til stuðnings til 2. mgr. 2. gr. lánessamninganna sem varnaraðili og sóknaraðili hafi gert sín á milli í apríl 2007. Í 2. mgr. 2. gr. komi fram að varnaraðili áskilji sér rétt til að gjaldfella eftirstöðvar lánanna á þriggja ára fresti, fyrst þann 10. júní 2010, hafi forsendur lánveitingarinnar og/eða tryggingar lánsins raskast að mati lánveitanda, enda tilkynni hann það skriflega til lántaka a.m.k. 30 dögum fyrir gjalddaga. Þann 3. maí 2013 hafi sóknaraðilum verið send tilkynning um fyrirhugaða gjaldfellingu en í tilkynningunum hafi ranglega verið vísað til 3. gr. lánessamninganna en ekki í fyrrgreinda 2. gr. Varnaraðili telur þó að sóknaraðilum hafi mátt vera það ljóst að tilvísun tilkynninganna til 3. gr. lánessamninganna hafi verið augljós misritun. Samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga sé löggerningur sem vegna misritunar annars efnis en til hafi verið ætlast, ekki skuldbindandi fyrir þann sem gerði hann ef sá sem löggerningum er beint til hafi mátt vita að mistök hafi átt sér stað. Varnaraðili hafi yfir að ráða stóru tölvukerfi og í stöðluðum tilkynningum eins og sóknaraðilum hafi verið send geti heiðarleg mistök orðið. Hin ranga tilvísun í tilkynningunni eigi þó ekki að hafa áhrif á efni og innihald hennar.

Bendir varnaraðili á að samkvæmt 2. gr. lánessamninganna sé lánveitanda heimilt að gjaldfella lánin hafi forsendur lánveitinganna og/eða tryggingar lánanna raskast. Ástæða gjaldfellingarinnar sé sú að í maí 2013 hafi forsendur lánveitinganna raskast svo verulega að ekki hafi annað verið tækt en að gjaldfella lánin, m.a. til að greiða skuldina eða endurfjármagna.

Varnaraðili bendir á að í kjölfar fjölmargra dóma Hæstaréttar hafi niðurstaðan verið sú að lán sóknaraðila hafi verið bundin gengistryggingu sem sé í andstöðu við 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Hafi lán þeirra verið endurreiknuð í samræmi við dóma Hæstaréttar og bráðabirgðaákvæði X í lögum nr. 38/2001. Lán sóknaraðila hafi tvisvar verið endurreiknuð, nú síðast í febrúar 2013, og eftir endurreikning berri þau óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands sem í dag séu 6,75%. Til samanburðar megi benda á að á sama tíma bjóðist öðrum lántökum sem taki sambærileg lán hjá varnaraðila, þ.e. óverðtryggð fasteignalán, að greiða 7,35% vexti. Til viðbótar við vextina þurfi lántakar oftast en ekki að greiða fast vaxtaálag á þau lán. Núverandi kjör lánanna séu því hvorki í samræmi við þau kjör sem bjóðist í dag eða fjármagnskostnað af lánunum. Hefði gjaldfelling ekki farið fram hefðu vextir af lánunum verið óbreyttir í þrjú ár til viðbótar, þ.e. til næstu gjaldfellingarheimildar þann 10. júní 2016 og hefði það í för með sér töluvert tap fyrir varnaraðila.

Einnig bendir varnaraðili á að sóknaraðilar höfðu ekki greitt af lánnum sínum í ár eða þar til síðari endurreikningur lánanna hafi komið þeim í skil og greitt þau jafnframt töluvert niður. Slík vanskil hafi í för með sér töluvert aukna áhættu í framtíðinni fyrir varnaraðila og ein leið til að takmarka þá áhættu sé að hækka vexti lánanna. Undir eðlilegum kringumstæðum hefði varnaraðili kosið að hækka vaxtaálagið eins og heimild hafi verið til í 3. gr. lánessamninganna en ákvæðið hafi misst gildi sitt þegar gengistryggingin hafi verið dæmd ólögæt og ákvæði til bráðabirgða X í lögum nr. 38/2001 hafi verið sett.

Varnaraðili telur, þegar framangreint sé virt að forsendur lánveitingarinnar hafi raskast svo verulega að gjaldfelling lánanna hafi verið lögmæt og í fullu samræmi við lánessamninga aðila.

Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðilar telji að víkja beri gjaldfellingarheimild 2. gr. lánessamninganna til hliðar með stoð í 36. gr. laga nr. 7/1936 og að öll skilyrði 2. mgr. 36. gr. laganna um efni samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til séu uppfyllt. Varnaraðili telur ekkert óvenjulegt vera við efni lánessamninganna en ákvæði með gjaldfellingarheimildum, ákvæði sem kveði á um gjaldfellingu höfuðstóls lánsins á ákveðnum degi með heimild til frekari framlengingar, ásamt fleiri útgáfum verði ekki talin óalgeng. Telur varnaraðili slíkt samningsákvæði ekki vera ósamngjarnt í sjálfu sér, enda byggji gjaldfellingarheimildin á því að forsendur lánveitingarinnar hafi raskast sem og þær hafi gert.

Varnaraðili vísar til þess að í kjölfar vaxtabreytinga lánsins í óverðtryggða vexti Seðlabankans og umtalsverðra vanskila sóknaraðila hafi forsendur lánveitingarinnar raskast og skipti í því miklu fyrir varnaraðila að gæta hagsmuna sinna. Í slíkum tilvikum telur varnaraðili ekki ósamngjarnt að hann gæti hagsmuna sinna og gjaldfelli lán, þannig að samræmis og jafnræðis sé gætt meðal lántaka. Í tilkynningunni sem send hafi verið til sóknaraðilum sé þeim bent á að hafa samband við útibú varnaraðila í Borgarnesi til að semja um greiðslu skuldarinnar eða endurfjármagna hana. Jafnframt hafi umboðsmaður viðskiptavina hvatt sóknaraðila til að hafa samband við útibúið og endursemja. Hefði varnaraðili hug á að fara í frekari innheimtuaðgerðir gagnvart sóknaraðilum hefði hann getað gjaldfellt lánið síðustu mánuði á grundvelli 11. gr. lánessamningsins en í þeirri grein sé heimild til handa varnaraðila að gjaldfella allar eftirstöðvar skuldarinnar fyrirvaralaust og án viðvarana vegna vanskila. Hins vegar hafi varnaraðili sýnt samningsvilja.

Bendir varnaraðili á að í kvörtun sóknaraðila komi fram að mikill aðstöðumunur sé á milli aðila og sóknaraðilar hafi enga sérfræðipækkingu á samningagerð eða fjármálum. Jafnframt séu engar forsendur skýrðar í lánessamningum og ekki á færi einstaklinga að þekkja forsendur fjármálafyrirtækja. Sé af þeirri ástæðu ósamngjarnt að ákvæðið haldi gildi sínu. Varnaraðili vísar til þess að það sé alkunna að lán beri vexti, en vextir af lánum endurspegli m.a. fjármagnskostnað lánveitanda af láninu, áhættu tengda láninu og eðlilega þóknun lánveitanda fyrir lánið. Þrátt fyrir að þetta sé alþekkt ætti sóknaraðilum að vera þessar staðreyndir enn frekar kunnar þar sem sóknaraðili M sé meðstjórnandi í einkahlutafélaginu D, sem hafi m.a. starfsstöðvar í Bretlandi og þjónustar mörg stór fyrirtæki. Þá sé sóknaraðili N menntuð á sviði viðskipta. Sóknaraðilar hafi því átt að vera með góða þekkingu og reynslu á samningagerð og fjármálum og ekki hafi verið teljanlegur aðstöðumunur á milli aðila, þannig að slíkt geti varðað ógildingu gjaldfellingarinnar.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðilar byggji á því að með vísan í 36. gr. b laga nr. 7/1936 eigi að túlka gjaldfellingarheimildina á þann hátt að vísað sé til forsenda er varði sóknaraðila. Einnig þurfi forsendurnar að hafa raskast verulega. Varnaraðili byggir á því að orðin „forsendur lánveitingar“ séu í sjálfu sér ekki óljós og feli í sér það sem legið hafi til grundvallar lánveitingunni. Forsendur lánveitingar nái ekki bara til þátta sem eigi við um lántaka heldur einnig lánveitanda. Vextir og áhættumat séu tvær af grundvallarforsendum lánveitingar. Hefði sóknaraðilum átt að vera það ljóst.

Jafnframt geti þær raskanir sem orðið hafi á forsendunum ekki talist smávægilegar. Óverðtryggðir vextir Seðlabanka Íslands sem settir hafi verið á lánin með ákvæði til bráðabirgða X í lögum nr. 38/2001 séu lægstu vextir sem séu nú á lánnum, en ákvæðið hafi verið sett vegna alþekktra aðstæðna í samfélaginu. Varnaraðili telji því að ástæður umræddra vaxtabreytinga falli undir orðin „forsendur lánveitingar“ og að þær hafi ekki verið það lítilvægar að ástæða sé til að ógilda gjaldfellingu lánanna.

Varnaraðili bendir jafnframt á að samningsákvæði líkt og ákvæði 2. mgr. 2. gr. lánsamninganna séu mjög algeng í lánsamningum, þar sem kveðið sé á um að lántaki greiði breytilega vexti. Í þeim ákvæðum sé að jafnaði kveðið á um að lánveitendum sé heimilt að breyta vöxtum að undangenginni tilkynningu en sætti skuldari sig ekki við slíkar breytingar sé honum almennt heimilt að greiða skuldina upp án sérstaks uppgreiðslugjalds. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. lánsamninganna sé því hvorki óeðlilegt eða sérstaklega íþyngjandi fyrir lántaka og ekki verði talið að það sé ósanngjarnt að beita því.

Þá bendir varnaraðili á að hann hafi sent sóknaraðilum tilkynningu um fyrirhugaða gjaldfellingu þann 3. maí 2013, eða rúmum mánuði fyrir gjaldfellinguna, ásamt því að tilkynna honum um hana símleiðis. Tilkynningarnar hafi svo verið aftur sendar sóknaraðilum 6. júní 2013. Sóknaraðilar hafi því haft nægan tíma til að gera ráðstafanir og semja um skuldina eins og varnaraðili hafi ítrekað hvatt þau til að gera, bæði fyrir gjaldfellinguna í vanskilatilkynningum og eftir gjaldfellinguna í tölvupóstsamskiptum.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar telji að víkja beri tilkynningunni til hliðar og máli sínu til stuðnings vísa þeir til dóms Hæstaréttar í máli nr. 655/2009. Varnaraðili telur dóminn ekki eiga við í þessu tilviki þar sem dómurinn taki til gjaldfellingar sem vanefndaúrræðis en aðrar aðstæður séu uppi í núverandi máli. Gjaldfellingarheimild 2. mgr. 2. gr. lánsamninganna hafi ekki verið beitt í tilefni vanefnda sóknaraðila heldur hafi henni verið beitt til að koma til móts við raskaðar forsendur lánveitingarinnar. Varnaraðili telji jafnframt enga annmarka vera á tilkynningum þeim sem sendar hafi verið sóknaraðilum fyrir utan augljósa misritun. Gjaldfellingarheimild sé í 2. mgr. 2. gr. lánsamninganna og miðað við tölvupóstsamskipti sóknaraðila við varnaraðila virðist þeir vel fróðir um innihald samninganna. Með vísan til þess telur varnaraðili ekki tilefni til að víkja tilkynningunum til hliðar á grundvelli 1. og 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, reglna um brostnar forsendur eða annarra lög- og ólögfesta ógildingarreglna samningaréttarins.

Þrátt fyrir augljós mistök í tilkynningu telur varnaraðili að með tilliti til eðlis samningsákvæðanna, sem geti ekki talist óvenjuleg, sérfræðiþekkingar sóknaraðila og sendra tilkynninga sé ekki tilefni til að ógilda gjaldfellinguna á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 eða 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Jafnframt telur varnaraðili að ástæða vaxtabreytinganna hafi verið vegna raskaðra forsenda lánveitingarinnar og því hafi verið nægilegt tilefni til að gjaldfella lán sóknaraðila.

Í ljósi ofangreindra atriða krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gjaldfellingu varnaraðila á tveimur skuldabréfum útgefnum af sóknaraðilum, dags. 27. apríl 2007.

Sóknaraðilar gáfu út tvö skuldabréf þann 27. apríl 2007. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. áskildi lánveitandi sér rétt til að gjaldfella eftirstöðvar lánanna á þriggja ára fresti, m.a. 10. júní 2013, hefðu forsendur lánveitingarinnar og/eða tryggingar lánsins raskast að mati lánveitanda, enda tilkynnti hann það skriflega til lántaka a.m.k. 30 dögum fyrir gjalddaga.

Sóknaraðilar hafa veitt lögmanni sínum umboð til að reka mál þetta fyrir nefndinni eftir að frávísunarkrafa varnaraðila kom fram. Verður því ekki fallist á hana.

Gegn andmælum sóknaraðila er með öllu ósannað að varnaraðili hafi sent þeim tilkynningu um gjaldfellingu lánasamninganna fyrir 10. maí 2013, svo sem skylt var samkvæmt gjaldfellingarákvæðum sammingsins. Er þegar af þeirri ástæðu óhjákvæmilegt að fallast á ógildingarkröfu sóknaraðila sem beinist að þessum gjaldfellingum.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gjaldfelling varnaraðila, F, á eftirstöðvum lána sóknaraðila, M og N, samkvæmt lánsamningnum nr. X og Y, dags. 27. apríl 2007, báðir upphaflega að fjárhæð kr. 15.000.000 er felld úr gildi.

Reykjavík, 22. nóvember 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2013, föstudaginn 25. október er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 62/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 1. júlí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 1. júlí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. júlí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 30. ágúst 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. ágúst 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 16. september 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 25. október 2013.

II.

Málsatvik.

Við slit FF lýsti sóknaraðili m.a. kröfu um greiðslu vegna skuldar samkvæmt skuldabréfi Þ, að fjárhæð EUR 48.000 auk vaxta, skv. kröfulýsingu, dags. 29. október 2009. Upphafleg skuldajafnaðarkrafa náði til þriggja skuldabréfa, Y að höfuðstólsfjárhæð kr. 6.000.000, Z að höfuðstólsfjárhæð EUR 100.000 og Þ, að höfuðstólsfjárhæð EUR 48.000. Þar sem tvær fyrrnefndu kröfurnar voru víkjandi kröfur féll sóknaraðili frá kröfu um skuldajöfnuð vegna þeirra.

Í kröfulýsingu sóknaraðila kom fram að framangreint bréf væri í vörslu L (í slitameðferð) og að kröfunni kynni að vera lýst af hálfu þess banka en til öryggis væri henni lýst fyrir hönd raunverulegs eiganda (e. beneficial owner). Með kröfulýsingunni lýsti sóknaraðili jafnframt yfir skuldajöfnuði við kröfu F á hendur honum samkvæmt yfirdrætti á tékkareikningi nr. Æ. Við slit FF lýsti L einnig kröfu vegna sömu skuldabréfaútgáfu, Þ, að fjárhæð EUR 7.212.000 og samþykkti slitastjórn kröfuna sem almenna kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Þann 20. nóvember 2010 tilkynnti slitastjórn FF sóknaraðila að kröfu hans hefði verið hafnað sem vanreifaðri, með vísan til 2. og 3. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991 þar sem hann hefði ekki með fullnægjandi hætti sýnt fram á eignarhald sitt á umræddu skuldabréfi. Með bréfi, dags. 30. nóvember 2010, mótmælti sóknaraðili afstöðu slitastjórnar sem rangri og örökstuddri. Hinn 21. júní 2011 fór fram fundur til að fjalla um ágreining þann sem kom upp vegna afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar á umræddri kröfu sóknaraðila. Síðan þá hafa sóknaraðili og slitastjórn FF reynt að leiða ágreininginn til lykta. Þannig fór ágreiningurinn m.a. fyrir skuldajafnaðarnefnd (e. Set-off Committee) sem samanstóð af fulltrúum FF og varnaraðila.

Sóknaraðili skilaði að beiðni slitastjórnar inn lokunarnúmeri (e. blocking number) til að sýna fram á eignarhald sitt á kröfunni, en um var að ræða lokunarnúmer frá A. Þegar lokunarnúmerið var borið saman við upplýsingar slitastjórnar um lokunarnúmer kom í ljós að L hafði notað sama lokunarnúmer þegar hann lýsti fyrrgreindri kröfu í þrotabú FF vegna skuldabréfaútgáfunnar, að fjárhæð EUR 7.212.000. Krafa L hafði verið samþykkt að öllu leyti með tilliti til lokunarnúmers kröfuhafa þar sem upplýsingarnar pössuðu við gögn slitastjórnar.

Í framhaldinu var aflað staðfestingar L um að lýst krafa bankans nr. R yrði lækkuð til samræmis við framkvæmdan skuldajöfnuð. Þann 18. apríl 2012 lýsti L því yfir að sú krafa sem bankinn lýsti yrði lækkuð þegar skuldajöfnuðurinn yrði framkvæmdur.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga samþykkti slitastjórn hvorki kröfu sóknaraðila byggða á meintri skuldabréfaeign í X né kröfu um skuldajöfnuð.

Í mars 2013 beindi sóknaraðili kröfu sinni að varnaraðila en ekki barst svar við erindinu þrátt fyrir ítrekanir.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 1. júlí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennd verði heimild viðskiptamanns til að skuldajafna kröfu sem hann er eigandi að á hendur FF, að fjárhæð EUR 48.000 samkvæmt skuldabréfi (B) gegn kröfu sem varnaraðili er nú eigandi að á hendur honum samkvæmt yfirdrætti á bankareikningi nr. Æ. Varnaraðili eignaðist kröfuna á hendur viðskiptamanni með framsali krafna FF til varnaraðila með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 9. október 2008. Skuldajöfnuði var lýst yfir með kröfulýsingu í bú FF, dags. 29. október 2009 og er þess krafist að skuldajöfnuður fari fram miðað við þann dag.

Sóknaraðili vísar til þess að hann hafi eignast kröfuna áður en þrjú mánuðir hafi verið til frestdags. Einnig séu uppfyllt önnur þau skilyrði fyrir skuldajöfnuði sem 100. gr. laga nr. 21/1991 kveði á um, en réttur til skuldajafnaðar samkvæmt þessari grein sé víðtækur.

Sóknaraðili bendir á að L hafi tekið að sér að lýsa kröfunni fyrir sóknaraðila. Það að láðst hafi að tilgreina í kröfulýsingu að kröfunni væri lýst fyrir hönd viðskiptavina bankans breyti því ekki að sóknaraðili sé raunverulegur eigandi hluta lýstrar kröfu. Hafi það verið staðfest af L en sóknaraðili hafi ekki borið ábyrgð á hvernig kröfulýsingu hafi verið háttað. Til öryggis hafi sóknaraðili einnig lýst kröfu

beint í bú varnaraðila. Verði kröfulýsing þessi afturkölluð við framkvæmd skuldajöfnuðarins.

Vísar sóknaraðili til þess að krafa L hafi verið samþykkt eins og henni hafi verið lýst. L hafi ekki haft heimild til að eiga fjármálagerninga fyrir eigin reikning og því ljóst að kröfunni hafi verið lýst fyrir hönd viðskiptamanna bankans. Hafi FF verið fullkunnugt um þetta þegar krafan hafi verið samþykkt. Bendir sóknaraðili á að staðfesting liggja fyrir frá L um að lýst krafa verði lækkuð þegar skuldajöfnuðurinn hafi verið framkvæmdur.

Bendir sóknaraðili á að því hafi verið haldið fram að hafna beri skuldajöfnuði þar sem sóknaraðili hafi ekki náð að sýna fram á eignarhald sitt með ótvíræðum hætti og lokunarnúmer sé það sama og L hafi notað þegar hann hafi lýst kröfu út af sömu skuldabréfaútgáfu, m.a. fyrir hönd viðskiptamanns eins og staðfesting beri með sér. Einnig hafi verið bent á að umræddur skuldabréfaflokkur hafi verið gefinn út í EUR 50.000 einingum. Hvað varði útgefnar einingar skuldabréfanna telur sóknaraðili að ekki verði séð að neitt mæli gegn því að fleiri en einn aðili geti verið kröfuhafi að hverri einingu útgefins bréfs. Fyrir liggja staðfesting frá L á eignarhaldi sóknaraðila á umræddri kröfu að fjárhæð EUR 48.000, ásamt því að staðfest sé að lýst krafa L verði lækkuð samhliða framkvæmd skuldajöfnuðarins.

Sóknaraðili bendir á að ekkert óeðlilegt sé við það að sama lokunarnúmer sé tengt við báðar kröfurnar þar sem þær séu báðar byggðar á sama skuldabréfinu. Lokunarnúmer tengist augljóslega sjálfum heimildarskjölum kröfulýsinganna en ekki kröfulýsingunum sjálfum auk þess sem þrotabú L virðist ekki hafa getað fengið lokunarnúmer fyrir hvern og einn viðskiptavin sinn heldur aðeins fyrir heildarkröfu skv. hverju og einu viðskiptabréfi þar sem L hafi verið skráður vörsluaðili bréfanna og gera verði ráð fyrir að slitastjórn FF hafi verið fullkunnugt um. Í öðru lagi verði hins vegar ekki séð hvernig ákvarðanir B, sem sé einkafyrirtæki í Luxembourg, um veitingu eða ráðstafanir á lokunarnúmerum geti haft nokkur áhrif á heimild sóknaraðila til að lýsa sjálfur kröfu í þrotabúíð á grundvelli lögmætrar kröfu hans á hendur þrotabúinu. Í þriðja lagi verði að telja það einkennilegt af hálfu bankans að vísa til „meintrar skuldabréfaeignar“ sóknaraðila þar sem sóknaraðili hafi til að sanna eignarhald sitt á hinna lýstu kröfu lagt fram bæði viðskiptayfirlit yfir eignir sínar hjá L og yfirlýsingu frá skiptastjóra L. Hvorki þrotabúíð né varnaraðili hafi getað sýnt fram á að eignarhald bréfsins sé með öðrum hætti en þar sé lýst. Þá bendir sóknaraðili á vegna athugasemda varnaraðila varðandi misræmi á milli höfuðstóls kröfu sóknaraðila og höfuðstóls skuldabréfsins að hvorki viðskiptabréfsreglur né skilmálar skuldabréfsins sjálfs komi í veg fyrir það að skuldabréfið sé í eigu fleiri en eins aðila og þá komi lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti ekki í veg fyrir það að hver eigandi um sig geti lýst kröfu í þrotabú á grundvelli eignarhluta síns í viðskiptabréfi. Það að útgefandi skuldabréfsins hafi ákveðið að minnsta eining í skuldabréfaútbóði því sem skuldabréfið hafi verið hluti af yrði EUR 50.000 takmaki ekki með nokkrum hætti rétt sóknaraðila til að eiga hluti í skuldabréfinu á móti einum eða fleiri aðilum.

Sóknaraðili vísar til þess að í bréfi varnaraðila sé því haldið fram að sóknaraðili eigi að beina kröfum sínum á hendur L á grundvelli „hlutdeildar“ í skuldabréfinu þar sem L sé eiginlegur eigandi skuldabréfsins. Þessu verði að mótmæla sérstaklega en fyrir liggja gögn sem sýni ótvírætt fram á beina eign sóknaraðila í skuldabréfinu sjálfu. Það að varnaraðili telji sig geta ráðið af gögnum málsins að sóknaraðili hafi ekki getað sýnt fram á að hann gæti afhent umrætt skuldabréf við framkvæmd skuldajafnaðarins sé máli þessu óviðkomandi þar sem afhending

skuldaskjals sé ekki skilyrði fyrir því að hægt sé að lýsa yfir skuldajöfnuði skv. reglum kröfuréttar.

Bendir sóknaraðili á að í bréfi varnaraðila sé vísað til þess að slitastjórn FF hafi ekki viðurkennt umrædda kröfu sóknaraðila. Það sé ekki alls kostar rétt því með því að samþykkja þá kröfu sem L hafi lýst fyrir hönd sóknaraðila telur sóknaraðili að slitastjórnin hafi í raun viðurkennt að krafa sóknaraðila væri gild og því ætti krafa sóknaraðila að vera tæk til skuldajöfnuðar gagnvart kröfu varnaraðila skv. áður nefndu yfirdráttarláni. Sé þetta í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 19. október 2008, þess efnis að framsal kröfuréttinda á milli FF og varnaraðila samkvæmt upphaflegri ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008, um ráðstöfun eigna og skulda frá gamla bankanum til nýja bankans, skyldi ekki svipta skuldara rétti til skuldajöfnuðar sem hann ætti gagnvart fyrri kröfuhafa eða þrotabúi hans.

Vísar sóknaraðili til þess að krafa hans um skuldajöfnuð hafi verið tekin fyrir á fundi skuldajafnaðarnefndar sem í sátu fulltrúar frá FF og varnaraðila og hafi nefndin ákveðið að ekki skyldi fallist ákröfu sóknaraðila um skuldajöfnuð þrátt fyrir að kröfulýsing L í þrotabúið sem send hafi verið inn fyrir hönd sóknaraðila, hafi verið samþykkt. Varnaraðili hafi þannig átt þátt í því að hafna kröfu sóknaraðila um skuldajöfnuðinn þrátt fyrir að kröfu hans í þrotabú FF hafi verið lýst með lögmatum hætti. Þá sé ljóst að sóknaraðili hafi aldrei haft möguleika á því að lýsa skuldajöfnuði gagnvart FF þar sem engin skuld hafi verið fyrir hendi við FF þegar sóknaraðili hafi lýst kröfu sinni í þrotabúið og hann hafi frá upphafi beint kröfu sinni um skuldajöfnuð að varnaraðila. Ekki fáist séð hvernig varnaraðili geti haldið því fram að hafna eigi kröfu sóknaraðila um skuldajöfnuð á þeim grundvelli að kvörtun hans beinist gegn röngum aðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili vísar til þess mats slitastjórnar og skuldajafnaðarnefndar að svo virðist sem sóknaraðili hafi keypt hlutdeild í skuldabréfi sem þriðji aðili sé eigandi að og í samræmi við það kunni sóknaraðili að eiga kröfu á hendur L á grundvelli hlutdeildarinnar. Framangreint fái stöð í því að samkvæmt skráningarlýsingu umrædds skuldabréfaflokks hafi lágmarkseining bréfanna verið að nafnverði EUR 50.000 en lýst höfuðstólsfjárhæð sóknaraðila hafi verið að fjárhæð EUR 48.000. Yfirlýsing L, dags. 18. apríl 2012, þess efnis að sú krafa sem bankinn lýsti yrði lækkuð þegar skuldajöfnuðurinn yrði framkvæmdur breytti engu um afstöðu slitastjórnar og skuldajafnaðarnefndar.

Varnaraðili vísar til þess að fyrir liggi að slitastjórn FF hafi ekki viðurkennt umrædda kröfu sóknaraðila, þar sem ekki hafi tekist að leysa ágreining um lýsta kröfu sóknaraðila við slitameðferð bankans. Kröfu sóknaraðila um framkvæmd skuldajafnaðar sé því að svo stöddu ranglega beint að varnaraðila enda fari slitastjórn FF með ákvörðunarvald í ágreiningsefni því sem uppi sé í málinu.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili rétt að minna á að ágreiningsmál um lýstar kröfur beri að reka samkvæmt sérreglum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort sóknaraðili geti skuldajafnað lýstri kröfu sinni á hendur FF að fjárhæð EUR 48.000 gegn kröfu sem varnaraðili er nú eigandi að á hendur honum samkvæmt yfirdrætti á bankareikningi nr. Æ.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008, um ráðstöfun eigna og skulda FF til F var nánar tilgreindum eignum og skuldum FF ráðstafað til F, nú varnaraðila. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 19. október 2008, um aðra breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008, um ráðstöfun eigna og skulda FF til F, bættist við fyrri ákvörðunina nýr töluliður, 14. töluliður. Samkvæmt 14. tölul. ákvörðunarinnar skyldi framsal kröfuréttinda samkvæmt ákvörðuninni ekki svipta skuldara rétti til skuldajöfnuðar sem hann átti gagnvart fyrri kröfuhafa eða þrotabúi hans. Við uppgjör skv. 12. og 13. tl. skyldi áætla fjárhæð sem vegna skuldajöfnunar gæti dregist frá þeim kröfum F sem hann yfirtæki samkvæmt þessari ákvörðun.

Sóknaraðili hefur leitt ákveðin rök fyrir því að hann eigi gilda kröfu gegn þrotabúi FF og að hann njóti réttar til að lýsa skuldajöfnuði þeirrar kröfu, við kröfu varnaraðila. Ágreiningur hans við þrotabúið um þetta efni hefur á hinn bóginn ekki verið til lykta leiddur eftir þeim réttarreglum sem gilda um úrlausn hans. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina verður ekki ráðið með afgerandi hætti hvort sóknaraðili getur enn látið reyna á rétt sinn gagnvart þrotabúi FF.

Af framangreindum 14. tölul. ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008, eins og henni var breytt 19. október 2008, er ljóst að krafa gagnvart fyrri kröfuhafa eða þrotabúi hans verður að vera gild til að skuldajöfnuður nái fram að ganga á grundvelli ákvæðisins. Fyrir liggur að slitastjórn FF viðurkenndi ekki umrædda kröfu sóknaraðila, en ekki tókst að leysa ágreining um lýsta kröfu sóknaraðila við slitameðferð bankans. Ekki er unnt að fallast á að sóknaraðili geti sleppt því að leysa úr þessum ágreiningi sínum við þrotabúið og beint kröfu sinni að varnaraðila án þess að hún hafi sjálf verið viðurkennd við skiptin eða skuldajafnaðarrétturinn. Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfunni að svo stöddu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað að svo stöddu.

Reykjavík, 25. október 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 15. nóvember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 63/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 3. júlí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 2. júlí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. júlí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 30. ágúst 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. ágúst 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 9. september 2013. Athugasemdir sóknaraðila voru sendar varnaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dagsettum 17. október 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi, dagsettu 25. október 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 15. nóvember 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 27. janúar 1987 gaf A (síðar A) út tryggingarbréf nr. X, tryggt með veði í B (nú B, sbr. breyting á götuheiti hinn 1. júlí 1989), sem þá var þinglýst eign C, eiginmanns sóknaraðila, samkvæmt eignarheimild 30. október 1984, til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum sínum við F, fyrir allt að fjárhæð kr. 3.000.000. Skrifuðu sóknaraðili og C undir skjalið og samþykktu framangreinda veðsetningu.

Þann 19. desember 1990 gáfu sóknaraðili og C út veðskuldabréf nr. Y til L (síðar L), upphaflega að fjárhæð kr. 4.550.000, tryggt með veði í B, sem þá var þinglýst eign C.

Þann 10. mars 1997 gaf A út veðskuldabréf nr. 17.00.0047 að fjárhæð JPY 21.600.000 til F tryggt með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila og C. Í bréfinu sagði

jafnframt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á höfuðstól, vöxtum og öðrum kostnaði væri F sett að veði allsherjarveð útgefið af A nr. X.

Þann 24. ágúst 2000 undirrituðu sóknaraðili og C yfirlýsingu sem þinglýst var á B. Í yfirlýsingunni kom fram að fasteignin að B sem væri þinglýst eign C samkvæmt eignarheimild 30. október 1984, væri sameign þeirra beggja. Þau hefðu staðið sameiginlega að kaupum eignarinnar og lagt til kaupanna að jöfnu. Í yfirlýsingunni óskuðu þau eftir því að þinglýst eignarheimild yrði leiðrétt þannig að eftirleiðis væru þau bæði þinglýstir eigendur. Jafnframt kom fram að þau hefðu bæði stofnað til áhvílandi veðskulda.

Þann 7. september 2000 gerðu sóknaraðili og C með sér kaupmála sem þinglýst var á B. Í kaupmálanum var tekið fram að fasteignin B, sem væri þinglýst sameign þeirra að jöfnu skyldi vera séreign sóknaraðila. Tekið var fram að til skuldbindingar á 1. veðrétti, við F, kr. 3.000.000, hefði C stofnað.

Þann 22. apríl 2005 gerðu F annars vegar og C og sóknaraðili hins vegar með sér réttarsátt vegna dómsmála á milli aðilanna vegna ábyrgðarskuldbindinga C og sóknaraðila á skuldum A. Samkvæmt réttarsáttinni skyldu C og sóknaraðili greiða F kr. 7.000.000 fyrir 22. maí s.á. Í réttarsáttinni var jafnframt tekið fram að með þeirri greiðslu skyldu allar kröfur F á hendur C og sóknaraðila vegna viðskipta F og A falla niður. Í réttarsáttinni var loks tekið fram að F myndi fallast á að greiðslan ætti sér stað með lántöku hjá F, þó að uppfylltum skilyrðum fyrir slíkri lántöku.

Þann 6. nóvember 2005 gerðu F sem lánveitandi og A sem lántaki með sér lánsamning nr. Z um fjölmyntalán til 40 ára að jafnvirði kr. 20.000.000, í CHF 60% og JPY 40%. Sama dag gaf C út tryggingarbréf nr. Þ, að fjárhæð kr. 24.000.000 til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem hann nú eða síðar, á hvaða tíma sem væri, stæði í við F, tryggt með veði í B, þinglýstri eign sóknaraðila. C óskaði eftir því að andvirði lánsins yrði notað til þess að greiða upp eldri skuldbindingar hans og sóknaraðila sem m.a. voru tryggðar með veði í fasteign sóknaraðila. Þá óskaði hann eftir að fá að nota það sem út af stóð til að fjárfesta í sjóðum. Í samræmi við framangreint var lánsamningurinn keyptur inn á eftirtalda gjaldeyrisreikninga þann 10. nóvember 2005, Æ, JPY 15.071.660 og ÆÆ, CHF 251.854,99. Þann 11. nóvember 2005 var andvirði lánsins síðan nýtt til greiðslu á fyrrgreindri réttarsátt C og sóknaraðila við F vegna ábyrgða á skuldum A að fjárhæð kr. 7.000.000 og veðskuldabréfi nr. Y við L að fjárhæð kr. 4.521.974, eða samtals kr. 11.521.974. Í kjölfarið var tryggingarbréfi nr. X og veðskuldabréfi nr. Y aflýst af fasteigninni.

Þann 29. október 2007 gerðu C og varnaraðili með sér lánsamning að jafnvirði kr. 20.000.000 í JPY 100%. Sama dag var tryggingarbréf nr. Ö gefið út af C til F. Gerði C kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum hans við F, nú eða síðar, allt að fjárhæð kr. 24.000.000 væri fasteign sóknaraðila að B, sett að veði.

Varnaraðili féllst á að fella niður veðsetningu skv. tryggingarbréfi nr. Ö, eftir kvörtun sóknaraðila til nefndarinnar.

Þann 1. janúar 2011, 1. janúar 2012 og 5. janúar 2013, barst sóknaraðila yfirlit yfir ábyrgðir hennar á skuldum annarra hjá varnaraðila. Tilgreindar voru ábyrgðir hennar samkvæmt tryggingarbréfum nr. Þ og Ö.

Þann 18. júní 2012 sendi umsjónarmaður sóknaraðila og C tölvupóst til varnaraðila og óskaði eftir því hvort unnið hafi verið greiðslumat vegna framangreindra tryggingarbréfa. Varnaraðili kvað veðsetninguna gilda þann 3. júlí 2012.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 2. júlí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ógilt verði veðsetning íbúðar sóknaraðila að B samkvæmt tryggingarbréfum nr. Þ og Ö, og að varnaraðila verði gert að létta veðunum af íbúð og bílskúr sóknaraðila að B. Undir rekstri málsins fyrir úrskurðarnefndinni felldi varnaraðili veðsetningu fasteignar sóknaraðila með tryggingarbréfi nr. Ö niður. Endanleg kröfugerð sóknaraðila varðar því niðurfellingu og afléttingu veðs skv. tryggingarbréfi nr. Þ. Til vara er þess krafist að veðsetning fasteignar sóknaraðila með tryggingarbréfi nr. Þ, umfram kr. 7.521.974 verði ógilt og aflétt af fasteigninni. Til þrautavara er þess krafist að veðsetning fasteignar sóknaraðila með tryggingarbréfi nr. Þ, umfram nr. 11.521.974 verði ógilt og aflétt af fasteigninni.

Vísar sóknaraðili til þess að eiginmaður hennar hafi verið í viðskiptum við varnaraðila, bæði persónulega og þá hafi félag sem hann rak einnig verið í viðskiptum við bankann.

Sóknaraðili bendir á að C hafi tvívegis fengið mjög há erlend lán frá varnaraðila til að greiða upp að því er virðist áður ótryggðar ábyrgðarskuldbindingar til að geta stundað ýmis konar áhættusama fjárfestingu, s.s. að fjárfesta í sjóðum og fjárfesta í hlutabréfum E*trade. C hafi verið lánaðar alls kr. 40.000.000 vegna þessa án þess að hann hefði nokkrar tryggingar til að leggja fram vegna viðskiptanna. Því hafi þess verið krafist af varnaraðila að C fengi sóknaraðila til að veita veð í þinglýstri hjúskapareign sinni að B til tryggingar þessum áhættuviðskiptum. Krafist hafi verið veðs til tryggingar án þess að fram færi mat á getu C til að endurgreiða lánin og/eða án þess að varnaraðili hirti um að kynna slíkt mat fyrir sóknaraðila.

Vísar sóknaraðili til þess að skuldir þær sem tryggðar hafi verið með veði í eign sóknaraðila hafi verið erlend lán veitt C einum, upphaflega samtals að fjárhæð kr. 40.000.000. Á þeim tíma þegar sóknaraðili hafi veitt bankanum veð til tryggingar hafi verið í gildi samkomulag milli samtaka fjármálafyrirtækja, Neytendasamtakanna og viðskiptaráðherra af hálfu stjórnvalda dags. 1. nóvember 2001, þar sem m.a. hafi verið fjallað um greiðslumöt. Markmið samkomulagsins hafi verið að draga úr vægi ábyrgða og vernda ábyrgðarmenn í þeim tilvikum þegar veð í eigu annars en skuldara sjálfs hafi verið sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu. Vísar sóknaraðili sérstaklega til 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Bendir sóknaraðili á að varnaraðili hafi verið aðili að samkomulagi þessu og hafi gengist undir skuldbindingar þess gagnvart m.a. grandlausum eigendum lánsveða. Samkomulaginu hafi verið ætlað að fyrirbyggja og tryggja að ekki væri unnt að afla trygginga í eignum grandlausra fyrir skuldbindingum þriðja manns án þess að þeim væri áður gerð grein fyrir þeirri áhættu sem fælist í veitingu lánsveða.

Sóknaraðili kveður samkomulagið ekki hafa verið virt þegar hún hafi samþykkt að láta B að veði fyrst árið 2005 og aftur árið 2007, til tryggingar á óræðum skuldbindingum C, þ.e. að sóknaraðila hafi sem væntanlegum veðsala ekki verið kynntar niðurstöður greiðslumats varnaraðila vegna C. Sóknaraðili hafi þannig engar forsendur haft til að meta endurgreiðsluhæfi lántaka áður en hún hafi veitt veð til

tryggingar, enda fullkomlega ókunnugt um fjárhæðir þær sem að baki tryggingunni hafi legið.

Sóknaraðili telur framangreint ámælisvert, ekki síst þar sem verið sé að tryggja erlend lán vegna áhættufjárfestinga, með veði í heimili sóknaraðila, sem engan hlut hafi átt að máli. Um sé að ræða tryggingarbréf, ekki heimildarbréf, með veði í fasteign sóknaraðila til tryggingar óvissum kröfum og fjárhæðum. Því hafi sóknaraðili ekki með nokkru móti getað gert sér grein fyrir því hvaða viðskipti, lán eða fjárhæðir hafi legið að baki tryggingarbréfunum, nema slíkt væri sérstaklega kynnt fyrir sóknaraðila, en það hafi ekki verið gert. Sérstaka athygli veki að lánasamningarnir tveir um erlendu lánin, nr. Z og R, virðast ekki hafa verið bornir undir sóknaraðila til samþykkis þó svo þar komi fram í 9. gr. að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu allra skuldbindinga lántaka skuli gefið út tryggingarbréf með veði í eign sóknaraðila í B. Sóknaraðili hafi enga vitneskju haft um efni þessara samninga, enda hafi þeir aldrei verið kynntir fyrir henni.

Vísar sóknaraðili til þess að þegar varnaraðili hafi krafist tryggingar af sóknaraðila, þá hafi bankanum ekki getað dulist takmörkuð vitneskja og skilningur sóknaraðila þegar komið hafi að þeim viðskiptum og gjörningum milli bankans og skuldara sem legið hafi að baki veðtryggingarbréfunum, enda þeirra í engu getið í veðtryggingarbréfunum sjálfum. Varnaraðili hafi þannig verið í yfirburðarstöðu og hafi gert sér grein fyrir því, eða hafi mátt gera sér grein fyrir því, að kynning fyrir sóknaraðila á efni og umfangi skuldbindinga skuldara myndi hafa áhrif á hug hennar og vilja til þess að veita veð í fasteign sinni að B. Sóknaraðili fullyrðir að hefði varnaraðili uppfyllt skyldur sínar gagnvart henni og kynnt það sem í raun hafi legið að baki veðtryggingunni myndi hún aldrei hafa veitt veð í íbúð sinni.

Sóknaraðili mótmælir því að hún hafi haft vitneskju um persónuleg viðskipti C við varnaraðila. C hafi í engu upplýst hana, enda ekki hans hlutverk og varnaraðili hafi brugðist skyldum sínum í þessu efni. Einnig sé því mótmælt að með veitingu veðsins hafi sóknaraðili leyst varnaraðila undan skyldu bankans til að afla greiðslumatsins. Ekkert í tryggingarbréfunum gefi til kynna hversu mikið varnaraðili hafi veitt C að láni eða vegna hvers lánin hafi verið veitt. Varnaraðili virðist hafa litið á veðtryggingu sóknaraðila sem opna heimild til að lána C á meðan tryggingin dygði og stæði undir skuldbindingum hans. Þeirri óábyrgu háttsemi varnaraðila sé mótmælt og lýsi skeytingarleysi um hagsmuni og velferð sóknaraðila.

Lítur sóknaraðili svo á að varnaraðili hafi ekki gætt þess að kynna greiðslumatið fyrir veðsala og því hafi farist fyrir að gefa henni kost á að taka upplýsta ákvörðun með hliðsjón af greiðslugetu skuldara og eðli skuldbindinga hans, áður en hún hafi gengist undir ábyrgð á óvissum fjárskuldbindingum sem veðsali.

Vísar sóknaraðili til þess að ofangreindar röksemdir séu svo veigamiklar að telja verði ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju af varnaraðila að bera fyrir sig tryggingarbréfin tvö sem veiti varnaraðila veð í fasteign sóknaraðila að B til tryggingar fjárskuldbindingum C og því skuli víkja þeim til hliðar í heild, en til vara að hluta eða breyta til hagsbóta fyrir sóknaraðila, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Sóknaraðili vísar til þess að sjónarmið hennar birtist að nokkru í þeirri ákvörðun varnaraðila að fella niður veðsetningu skv. tryggingarbréfi nr. Ö og komi í raun fram með varakröfu varnaraðila, án þess að þau hafi verið sérstaklega orðuð í greinargerð varnaraðila. Með sömu rökum og umrædd veðsetning hafi verið felld niður, telur sóknaraðili að tryggingarbréfi nr. Þ ætti aðeins að vera til tryggingar hluta

lánssamnings frá 6. nóvember 2005, eða að svo miklu leyti sem lánið hafi farið til greiðslu eldri veðskulda sem hvílt hafi á eigninni, að fjárhæð kr. 11.521.974.

Bendir sóknaraðili á að sannanlega hafi verið áhvilandi á 2. veðrétti B fasteignaveðbréf, að fjárhæð kr. 4.550.000, útgefið 19. desember 1990 af C og sóknaraðila til húsbréfadeildar L. Þetta lán hafi verið gert upp með láninu sem varnaraðili hafi veitt C 6. nóvember 2005, með greiðslu á kr. 4.521.974. Varðandi uppgreiðslu réttarsáttar að fjárhæð kr. 7.000.000 sem gerð hafi verið með varnaraðila, C og sóknaraðila 22. apríl 2005, og staðfest af héraðsdómi Reykjavíkur sama dag, þá virðist sem aðeins 3.000.000 af sáttafjárhæðinni hafi verið tryggðar á 1. veðrétti C skv. tryggingarbréfi nr. X, sem útgefið hafi verið 27. janúar 1987. Í því tryggingarbréfi segi að það sé til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum, sem A, nú eða síðar, á hvaða tíma sem væri, stæði í við varnaraðila, samtals að fjárhæð allt að kr. 3.000.000. Þannig hafi tryggingin upphaflega verið bundin við allt að kr. 3.000.000 og sé ekki að sjá af bréfinu að tryggingarfjárhæðin hafi átt að fylgja vísitölu. Þetta megi einnig lesa út úr stefnu sem þingfest hafi verið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur 9. apríl 2002 í aðdraganda réttarsáttarinnar, en þar sé krafist staðfestingar á áður nefndu tryggingarbréfi nr. X er tryggja skyldu skuldir Seifs allt að kr. 3.000.000. Deila megi um hvort bréfið hafi tryggt skuldir allt að kr. 3.000.000 auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar, þ.e. hvort þessir aukaliðir bætist við tryggingarfjárhæðina, verði hún t.a.m. að fullu nýtt vegna skulda eða hvort skilja megi þetta sem svo að tryggingarfjárhæðin tryggi ekki aðeins skuldina heldur einnig áfallna vexti, dráttarvexti og kostnað, samtals allt að kr. 3.000.000, þ.e. veðið tryggi aldrei hærri fjárhæð en kr. 3.000.000; skuld, vextir og kostnaður. Hér verði sóknaraðili að njóta vafans, enda ekki skuldari aðeins veðsali.

Að mati sóknaraðila virðist sem B geti að öllu þessu virtu aðeins verið til tryggingar kr. 7.521.974, af þeim kr. 20.000.000, sem varnaraðili hafi veitt C að láni 6. nóvember 2005, en það hafi verið fjárhæð þeirra veðskulda sem á eigninni hafi hvílt sem gerðar hafi verið upp með láninu. Eins og áður segi þá hafi sóknaraðili ekki verið lántaki og réttarsáttin sem undirrituð hafi verið fyrir hennar hönd hafi ekki hvílt á B, þannig að eftir standi að áhvilandi hafi aldrei verið meira en ofangreind fjárhæð.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað að því marki sem andvirði láns samkvæmt lánasamningi nr. Z, fór til greiðslu eldri veðskulda, samtals að fjárhæð kr. 11.521.974, sem hvíldu á fasteigninni. Til þrautavara er þess krafist að einungis verði fallist á varakröfu sóknaraðila.

Varnaraðili telur í upphafi rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli það í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vísað sé til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og afstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áðurnefndrar 36.

gr. laga nr. 7/1936. Þá sé jafnframt vísað til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 10/2011.

Bendir varnaraðili á að tilgangur greiðslumats á skuldara sé að ábyrgðarmaður geti tekið upplýsta ákvörðun um greiðslugetu skuldara áður en hann gangist í ábyrgð. Við mat á því hvort skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar sé einkum horft til skattframtals síðasta árs, tekna síðustu þriggja mánaða og síðustu greiðsluseðla allra lána, þ.e. litið sé til eigna- og skuldastöðu, tekna og fastra útgjalda. Að jafnaði hafi ábyrgðarmenn ekki aðgang að þessum upplýsingum og því sé eðlilegt að kynna ábyrgðarmönnum jákvæða eða neikvæða greiðslugetu skuldara. Öðru máli gegni þegar ábyrgðarmaður og skuldari séu hjón og fjárhagur þeirra að mestu leyti sameiginlegur. Í ljósi þess að hjón séu samsköttuð í samræmi við 62. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, séu löglíkur á því að hjón þekki tekjur hvors annars sem og eigna- og skuldastöðu. Markmiði samkomulagsins, að ábyrgðarmaður þekki greiðslugetu skuldara, verði því að teljast fullnægt þegar aðilar séu samskattaðir. Sé sú sérstaða hjóna og fólks í óvígðri sambúð staðfest í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins, en þar sé heimilað að hverfa frá upplýsingaskyldu gagnvart ábyrgðarmanni um greiðslugetu skuldara í slíkum tilvikum enda þekki þau jafnan fjárhagsstöðu hvors annars. Framangreindu til stuðnings vísar varnaraðili ennfremur til þess að þeir aðilar sem gangist í persónulega ábyrgð eða veðsetji eign sína til tryggingar efnudum lántaka ef ábyrgðin er í þágu fjárhagslegs ávinnings þeirra, teljist ekki til ábyrgðarmanna samkvæmt lögum nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

Varnaraðili bendir á að við heildstætt mat beri að líta til þess að sóknaraðili og C séu hjón og að þau hafi a.m.k. fram til ársins 2000 staðið sameiginlega að lántökum og öðrum fjárskuldbindingum, sbr. yfirlýsingu, dags. 24. ágúst 2000, þar sem þau hafi óskað eftir því að þinglýst eignarheimild yrði leiðrétt þannig að eftirleiðis væru þau bæði þinglýstir eigendur. Þar hafi þau lýst því yfir að þau hefðu staðið sameiginlega að kaupum fasteignarinnar og lagt til kaupanna að jöfnu, sem og að til áhvílandi veðskulda hefðu þau bæði stofnað. Þá beri jafnframt að líta til þess að árið 2005 hafi sóknaraðili og C staðið sameiginlega að gerð réttarsáttar við varnaraðila vegna dómsmála sem varðað hafi ábyrgðarskuldbindingar þeirra á skuldum A. Enn fremur verði að hafa hliðsjón af því að með andvirði lánsins hafi fyrrgreind réttarsátt hjónanna verið efnud, sem og veðskuldabréf, sem útgefið hafi verið af þeim báðum til L, verið endurfjármagnað. Þannig sé óumdeilt að lánveitingin hafi verið sóknaraðila til hagsbóta. Með hliðsjón af öllu framangreindu megi ganga út frá því sem vísu að sóknaraðili hafi haft upplýsingar um fjárhagsstöðu og áætlanir eiginmanns síns við umrædda lántöku. Verði því ekki séð að ósanngjarnt geti talist í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 að halda ábyrgð samkvæmt tryggingarbréfinu upp á sóknaraðila, þótt ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu C eða sérstaks samþykkis aflað í samræmi við 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins, enda leiði brot gegn samkomulaginu ekki sjálfkrafa til ábyrgðar [sic].

Þá telur varnaraðili ólíklegt að sóknaraðili hefði fallið frá þeirri ákvörðun sinni að veita umrætt veðleyfi hefði greiðslumat verið framkvæmt og niðurstaða þess orðið neikvæð enda hefði bankinn þá gengið að sóknaraðila og C á grundvelli framangreindrar réttarsáttar. Varnaraðili bendir ennfremur á að gjalddagi sáttarinnar hafi verið 20. maí 2005, en hún hafi ekki fengist greidd fyrr en 6 mánuðum síðar, 11. nóvember 2005. Þannig sé fremur ólíklegt að það hafi verið ákvörðunarástæða eða eftir atvikum forsenda fyrir sóknaraðila þegar hún hafi gengist í umrædda ábyrgð að hún fengi upplýsingar um greiðslugetu C.

Þegar sóknaraðili hafi undirritað tryggingarbréfið sem þinglýstur eigandi veðsins að B hafi falist í því loforð sem skuldbindi sóknaraðila að lögum til að tryggja efndir samkvæmt tryggingarbréfinu. Að því virtu og með vísan til þess sem að framan hafi verið rakið, telur varnaraðili að hann hafi í öllum meginatriðum farið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, og að meintir annmarkar sem nefndir séu í kvörtuninni eigi ekki að leiða til ógildingar framangreindrar ábyrgðaryfirlýsingar.

Þessu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar ábyrgðarskuldbindingar falla niður vegna tómlætis af hennar hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áðurnefnda ábyrgðarskuldbindingu 6. nóvember 2005 og fyrst hafi verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina í júní 2012 eða tæpum sjö árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Þá hafi sóknaraðili vottað skilmálabreytingu á áðurnefndum lánsamningi 11. nóvember 2009, án þess að gera athugasemdir við ábyrgð sína, meintan skort á greiðslumati eða öðru sem hún hafi talið að leitt gæti til þess að ábyrgð hennar væri niður fallin. Enn fremur hafi sóknaraðili mótttekið bréf frá varnaraðila, dags. 1. janúar 2011, 1. janúar 2012 og 5. janúar 2013, með yfirliti yfir ábyrgðir sínar á skuldum annarra þar sem tryggingarbréf C hafi verið tiltekin. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu sóknaraðila í kjölfarið. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Varnaraðili bendir á að í bréfi lögmanns sóknaraðila komi fram að sjónarmið sóknaraðila birtist að nokkru í þeirri ákvörðun varnaraðila að fella niður veðsetningu samkvæmt tryggingarbréfi nr. Ö án þess að rökstyðja nánar hvernig og eftir atvikum hvaða sjónarmið sóknaraðila birtist í framangreindri ákvörðun bankans. Varnaraðili hafnar því að finna megi sömu rök fyrir þeirri ákvörðun bankans að fella niður umrædda veðsetningu. Sú ákvörðun bankans að fella niður umrædda veðsetningu tengist ekki á nokkurn hátt veðsetningu fasteignar sóknaraðila með tryggingarbréfi því sem deilt sé um í þessu máli.

Bendir varnaraðili á að í varakröfu sóknaraðila sé farið fram á ógildingu veðsetningar fasteignar sóknaraðila fyrir öðru en nemi kr. 7.521.974. Í rökstuðningi sóknaraðila komi fram að sannarlega hafi verið áhvilandi á 2. veðrétti á B fasteignaveðbréf að fjárhæð k. 4.550.000. Þetta lán hafi verið greitt upp með láninu sem varnaraðili hafi veitt C 6. nóvember 2005 með greiðslu á kr. 4.521.974. Varðandi uppgreiðslu réttarsáttar að fjárhæð kr. 7.000.000 sem gerð hafi verið milli varnaraðila annars vegar og C og sóknaraðila hins vegar 22. apríl 2005 og staðfest hafi verið af héraðsdómi Reykjavíkur sama dag virðist sóknaraðila sem aðeins kr. 3.000.000 af sáttarfjárhæðinni hafi verið tryggt á 1. veðrétti í B samkvæmt tryggingarbréfi nr. X, útg. 27. janúar 1987.

Varnaraðili tekur fram hvað varði uppgreiðslu á umræddri réttarsátt með andvirði láns nr. Z, sem tryggt hafi verið með veði í fasteign sóknaraðila samkvæmt tryggingarbréfi nr. Þ, hafi verið um að ræða greiðslu á skuld sóknaraðila. Sóknaraðili hafi enda verið aðili að umræddri réttarsátt og því skuldari. Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga eigi ekki við í slíkum tilfellum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 16/2007. Varnaraðili bendir jafnframt á að umrædd réttarsátt hafi verið aðfararhæf, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Gjaldþagi réttarsáttarinnar hafi verið 20. maí 2005, en hafi hún ekki fengist greidd fyrr en tæpum sex mánuðum síðar, eða 11. nóvember 2005. Hefði sóknaraðili fallið frá þeirri ákvörðun sinni að veita umrætt veðleyfi á grundvelli hugsanlegs neikvæðs

greiðslumats hefði varnaraðili gengið að sóknaraðila og C á grundvelli réttarsáttarinnar. Bankinn hefði því krafist fjárnáms á fasteign sóknaraðila á grundvelli sáttarinnar.

Varnaraðili vísar til þess að í kvörtun sóknaraðila sé jafnframt rakið að deila megi um hvort tryggingarbréf nr. X hafi tryggt skuldir allt að kr. 3.000.000 auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar, þ.e. hvort þessir aukaliðir bætist við tryggingarfjárhæðina verði hún t.a.m. að fullu nýtt vegna skulda eða hvort skilja megi þetta sem svo að tryggingarfjárhæðin tryggji ekki aðeins skuldina heldur einnig áfallna vexti, dráttarvexti og kostnað, samtals allt að kr. 3.000.000. Í kvörtuninni sé talið að hér verði sóknaraðili að njóta vafans. Af þessu tilefni tekur varnaraðili fram að af lestri umrædds tryggingarbréfs verði ekki séð að fyrir liggi vafi um framangreint atriði. Í bréfinu hafi í þessu sambandi komið fram að það stæði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem A stæði í við varnaraðila hvort sem það væru víxilskuldir félagsins, víxilábyrgðir, yfirdráttur á hlaupareikningi eða hvers konar aðrar skuldir við bankann, þar með taldar ábyrgðir, er bankinn hefði tekist eða kynni að takast á hendur vegna félagsins að samanlagðri fjárhæð allt að kr. 3.000.000 „auk vaxta, dráttarvaxta og hvers konar kostnaðar.“

Verði ekki fallist á framangreind rök fyrir því að kröfu sóknaraðila verði alfarið hafnað krefst varnaraðili þess að samþykki sóknaraðila fyrir veðsetningu fasteignarinnar að B, með tryggingarbréfi nr. Þ, verði einungis talin ógild að því marki sem fjárhæðin er umfram kr. 11.521.974.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili reisi ógildingarkröfu sína á 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Samkvæmt ákvæðinu megi víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta eða breyta ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við sanngirnismatið skuli líta til efnis samnings, stöðu aðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Við matið verði hér að taka tillit til þess að hluti lánsins sem um ræði hafi farið til greiðslu eldri veðskulda að fjárhæð samtals kr. 11.521.974, sem fyrir hafi hvílt á fasteign sóknaraðila og þau hafi bæði stofnað til, sbr. yfirlýsingu, dags. 24. ágúst 2000. Í ljósi framangreinds telur varnaraðili það hvorki ósanngjarnt né andstætt góðri viðskiptavenju í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 að bera fyrir sig umrædda ábyrgð í þessu máli.

Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Varnaraðili telur að öllu ofangreindu virtu og þegar framangreind atriði séu metin heildstætt verði ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hennar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili umrædda veðsetningu gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila. Varnaraðili ítrekar að verði ekki fallist á kröfu hans um að kröfu sóknaraðila verði alfarið hafnað, verði veðsetningin talin ógild að því marki sem fjárhæðin sé umfram kr. 11.521.974.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila að B með tryggingarbréfi nr. Þ, útgefnu af C til varnaraðila.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaga sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaga og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012. Yfirlýsingar varnaraðila um að samkomulagið hafi ekki lagagildi eru því haldlausar.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Óumdeilt er að varnaraðili framkvæmdi ekki mat á greiðslugetu C, útgefanda tryggingarbréfs nr. D. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðili skylt að meta greiðslugetu C. Verður varnaraðili að bera hallann af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir C eftir að hafa kynnt sér matið.

Telja verður að framkvæma hafi þurft greiðslumat þrátt fyrir að um hjón hafi verið að ræða. Undantekningarákvæði 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins er varðar hjón og fólk í óvígðri sambúð verður að túlka samkvæmt efni sínu á þá leið að viljayfirlýsing ábyrgðarmanns, sem giftur er eða í óvígðri sambúð með lántaka, sé forsenda fyrir því að reglunni verði beitt, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 33/2012. Slík viljayfirlýsing liggur ekki fyrir í þessu tilviki. Þá verður ekki horft fram hjá því í þessu máli hve glannalegt það var af bankanum að lána eiginmanni sóknaraðila jafn háar fjárhæðir og hér um ræðir til áhættufjárfestinga með tryggingu í fasteign hennar. Var það gert án þess að séð verði að nokkur tilraun hafi verið gerð til að upplýsa hana um þá áhættu sem til var stofnað með þessu.

Ekki liggur fyrir hvenær sóknaraðila varð fyrst ljóst að með réttu hefði átt að kynna henni greiðslumat á skuldaranum með tryggilegum hætti og að þetta kynni að hafa áhrif á greiðsluskyldu hennar. Í þessu ljósi telur nefndin sig ekki geta fallist á að sóknaraðili hafi sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að sjálfskuldarábyrgð hennar verði látin standa, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 569/2013.

Við mat á því hvort víkja beri veðsetningu fasteignar sóknaraðila til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa verður að líta til þess að við veitingu lánsins braut bankinn gegn skuldbindingum sínum um leið og hann setti fasteign sóknaraðila í verulega áhættu. Á hinn bóginn verður ekki litið fram hjá því hvernig láni því sem umþrætt tryggingarbréf tryggir var ráðstafað.

Láni nr. Z var ráðstafað til greiðslu á réttarsátt C og sóknaraðila við varnaraðila vegna ábyrgða á skuldum A að fjárhæð kr. 7.000.000, dags. 22. apríl 2005, veðskuldabréfi nr. Y við Íbúðalánasjóð að fjárhæð kr. 4.521.974. Þá hafði C óskað eftir því að nota það sem eftir stóð til að fjárfesta í sjóðum.

Í upphafi verður vikið að uppgreiðslu skuldabréfs nr. Y, útgefnu af sóknaraðila og C til Húsnæðisstofnunar. Umrætt skuldabréf var tryggt með veði í fasteign sóknaraðila að B. Við uppgjör skuldabréfsins greiddi C þessa veðskuld sem að fullu hvíldi á fasteign sóknaraðila. Með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 verður ekki fallist á að sá hluti láns nr. Z sem rann til greiðslu skuldabréfs nr. Y, leiði til ógildingar veðsetningar fasteignar sóknaraðila samkvæmt tryggingarbréfi nr. Þ. Ræddi þar um kr. 4.521.974.

Því næst verður vikið að greiðslu réttarsáttar, dags. 22. apríl 2005, með láni nr. Z. Fyrir nefndinni verður sáttin ekki véfengd og skiptir því ekki máli vegna hvaða skulda hún er tilkomin, enda tókst sóknaraðili á hendur skyldur samkvæmt sáttinni. Við uppgjör réttarsáttarinnar greiddi C skuld samkvæmt sáttinni með kr. 7.000.000 og greiddi þannig skuldbindingar þeirra sóknaraðila beggja upp að fullu. Ekki verður annað ráðið af réttarsáttinni en að þau hjónin hafi bæði verið að fullu í solidariskri ábyrgð fyrir greiðslu skuldarinnar og var hún aðfararhæf. Með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 verður ekki fallist á að sá hluti láns nr. Z sem rann til greiðslu þessarar sameiginlegu skuldar sóknaraðila og C samkvæmt réttarsátt, dags. 22. apríl 2005, leiði til ógildingar veðsetningar fasteignar sóknaraðila samkvæmt tryggingarbréfi nr. Þ.

Í ljósi framangreinds runnu kr. 11.521.974 af láni nr. Z til greiðslu skulda sem sóknaraðili bar ábyrgð á með eignum sínum, en ekki liggur annað fyrir en C hafi nýtt afgang láns nr. Z í sína þágu.

Með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 er veðsetning fasteignar sóknaraðila samkvæmt tryggingarbréfi nr. Þ ógilt að því leyti sem hún er umfram kr. 11.521.974.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning fasteignar sóknaraðila, M, að B með tryggingarbréfi nr. Þ, útgefnu af C til F, er ógilt að því leyti sem hún er umfram kr. 11.521.974.

Reykjavík, 15. nóvember 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 15. október er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 64/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 3. júlí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 3. júlí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. júlí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 6. ágúst 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. ágúst 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 15. október 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 2. nóvember 2007 gerðu sóknaraðili og FF með sér bílasamning nr. X um A. Samningsverð var að fjárhæð kr. 1.441.838 og miðaðist við erlendar myntir, þ.e. 50% JPY og 50% CHF. Samkvæmt ódagsettu yfirliti frá FFF var lánið endurreiknað og var niðurstaðan sú að sóknaraðili hefði ofgreitt og ætti inni með vöxtum kr. 274.402. Yfirlit þetta er ekki skýrt um öll atriði en þó er ljóst af því að inneignin er tilkomin vegna ofgreiðslna á tímabili frá 2008 til 2011.

Bú sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 13. janúar 2012. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin var 22. desember 2011. Varnaraðili átti gjaldfallnar kröfur á hendur þrotabúi sóknaraðila og lýsti yfir skuldajöfnuði á móti endurkröfu sóknaraðila sem myndaðist vegna framangreindrar ofgreiðslu.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 3. júlí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði sér kr. 274.402 ásamt vöxtum til greiðsludags.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili neiti að greiða endurútreikning á ólöglegu bílaláni og beri því við að bankinn hafi átt rétt á að skuldajafna þar sem sóknaraðili sé gjaldþrota. Í bréfi frá varnaraðila sé vísað til 100. gr. laga nr. 21/1991 um

gjaldþrotaskipti o.fl. Bendir sóknaraðili á að frestdagur hafi verið 22. desember 2011, þannig að frestdagur sé liðinn. Það megi segja að hefði lánið verið rétt reiknað frá upphafi hefði sóknaraðili ekki þurft að ofgreiða þessa fjárhæð. Þannig að krafa varnaraðila hafi orðið til eftir frestdag eða með öðrum orðum eftir að gjaldþrotaskiptum hafi verið lokið.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni. Til vara er þess krafist að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því að málatilbúnaður sóknaraðila uppfylli á engan hátt lágmarkskröfur um skýra og ljósa kröfugerð, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Rökstuðningur sóknaraðila sé afar knappur og nær ómögulegt sé að greina samhengi málsástæðna. Varnaraðili eigi því erfitt um vik að verjast kröfum sóknaraðila.

Bendir varnaraðili á að óumdeilt sé að frestdagur sé liðinn svo sem sóknaraðili bendi á. Sóknaraðili fjalli hins vegar ekkert um hvaða þýðingu það hafi, hvornig eða hvers vegna það eigi að leiða til þess að kröfur hans verði teknar til greina. Engin rök séu heldur færð fyrir þeirri staðhæfingu sóknaraðila að varnaraðili njóti ekki réttar til skuldajafnaðar heldur sé látið nægja að vísa til niðurlags 1. mgr. 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. án frekari skýringa. Beri þegar af þessum sökum að vísa kröfu sóknaraðila frá nefndinni.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að til þess að mögulegt sé að skuldajafna kröfuréttindum þurfi ákveðin skilyrði að vera uppfyllt. Kröfur þurfi að vera á milli sömu aðila, þær þurfi að vera gjaldfallnar, jafnréttháar og hæfar til að mætast. Öll skilyrði séu uppfyllt í þessu tilfelli.

Styður varnaraðili varakröfu sína eftirfarandi málsástæðum. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila vegna endurútreiknings sé í grunninn krafa um endurgreiðslu ofgreidds fjár á grundvelli bílasamnings aðila. Að mati varnaraðila verði því ekki miðað við annað en að kröfuréttindi sóknaraðila hafi orðið til þegar sóknaraðili hafi tekið á sig skuldbindingu samkvæmt framangreindum samningi, þann 2. nóvember 2007, ellegar á hverjum gjalddaga sem sóknaraðili hafi ofgreitt greiðslur vegna gengistryggingar samningsins og sem samanlagt myndi þær ofgreiðslur sem endurgreiðslukrafa sóknaraðila samanstandi af. Í öllu falli hafi kröfuréttindi sóknaraðila stofnast í síðasta lagi þann 16. september 2010 þegar dómur Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 hafi fallið, en þar hafi verið dæmt um útreikning á ofgreiðslum vegna samninga sambærilegra þeim sem um ræði í þessu máli og hafi verið taldir fela í sér ólögmetta gengistryggingu. Kröfuréttindin hafi því bersýnilega stofnast fyrir frestdag.

Varnaraðili bendir einnig á umfjöllun í dómi Hæstaréttar í máli nr. 693/2012 þar sem heimilað hafi verið að krafa kæmist að í þrotabúi þótt hún hafi ekki orðið til fyrr en eftir lok kröfulýsingarfrests sökum þess að hún hafi átt rót að rekja til síðar til komins endurútreiknings gengisláns. Sambærileg atvik eigi við um kröfu varnaraðila til skuldajöfnunar.

Vísar varnaraðili til þess að skuld sóknaraðila við varnaraðila, við lok kröfulýsingarfrests, hafi numið um 17 m. kr. en gæti lækkað um 40-45% vegna endurútreikningsins. Varnaraðili hafi einnig lýst kröfum vegna kreditkorts og yfirdráttar um kr. 177.000 í bú sóknaraðila. Ljóst sé því að krafa bankans á hendur

sóknaraðila nemi mun hærri fjárhæð en krafa sóknaraðila um endurgreiðslu vegna endurútreiknings.

Verði ekki fallist á ofangreind sjónarmið bendir varnaraðili á að með framangreindum gjaldþrotáurðurði hafi þrotabú sóknaraðila tekið við öllum réttindum og skyldum sóknaraðila fram að úrskurðardegi, sbr. 72. gr. laga nr. 21/1991. Af þeim sökum og með vísan til framangreinds hafi endurkrafa sóknaraðila fallið til bús hans en ekki persónulega til sóknaraðila. Vísar varnaraðili til 164. gr. laga nr. 21/1991 og bendir á að skiptum á búi sóknaraðila sé lokið og ekki hafi verið tilefni til endurupptöku á skiptunum vegna kröfu sóknaraðila enda hagsmunir ekki ríkir. Ljóst sé að sóknaraðili hafi því ekki persónulega hagsmuni af rekstri málsins fyrir nefndinni.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að ráðstöfun endurútreiknings bílasamnings nr. X.

Samkvæmt framlögðum gögnum var bú sóknaraðila tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness í janúar 2012. Tók þrotabúið við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti eða naut við uppkvaðningu úrskurðarins, sbr. 72. gr. l. nr. 21-1991.

Sem fyrr greinir er inneign sú sem um ræðir í þessu máli tilkomin vegna ofgreiðslna á tímabili frá 2008 til 2011. Að því marki sem til álita kemur að krefja varnaraðila um greiðslur vegna endurútreikningsins, m.a. að teknu tilliti til skuldajafnaðarréttar sem hann kann að njóta, heyrir sá réttur til þrotabúinu. Sóknaraðili er samkvæmt þessu ekki réttur aðili að málinu og verður því vísað frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila er vísað frá.

Reykjavík, 15. október 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 15. október er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 65/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 17. júlí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 17. júlí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júlí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 20. ágúst 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. ágúst 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 2. september 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 15. október 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 14. febrúar 2006 var skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“ undirritað. Umsækjandi um lán að fjárhæð kr. 2.000.000 var A. Sóknaraðili og B voru tilgreind ábyrgðarmenn. Ráðstafa átti láninu til að greiða upp lán o.fl. Á skjalinu var kafli sem bar yfirskriftina greiðslumat. Samkvæmt því var matsverð eigna alls, skuldir alls og hrein eign kr. 0. Ráðstöfunartekjur fjölskyldu voru mánaðarlega kr. 148.733 og árlega kr. 1.784.800, greiðslubyrði af öðrum lánnum var kr. 0 mánaðar- og árlega, greiðslubyrði af nýju láni var kr. 29.370 mánaðarlega og kr. 352.444 árlega, greiðslubyrði samtals var kr. 29.370 mánaðarlega og kr. 352.444 árlega, áætlaður framfærslukostnaður og föst útgjöld voru mánaðarlega kr. 89.987 og kr. 1.079.844 árlega. Ráðstöfunartekjur eftir framfærslu og greiðslu lána voru kr. 29.376 mánaðarlega og árlega kr. 352.512.

Á lánsúmsókninni var eftirfarandi texti: „Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt

“Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga” (dags. 1. nóv 2001) að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski skriflega eftir því að það verði ekki gert. Samkvæmt samkomulaginu er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir.“

Neðan við umræddan texta var gert ráð fyrir að hakað væri við það hvort ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán greiðanda hjá bankanum og að ábyrgðarmanni hefðu verið kynntar þær ráðagerðir. Þá voru reitir um að ekki væri óskað eftir greiðslumati eða að greiðslumat hefði verið framkvæmt og hvort að niðurstöður þess bentu til að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar eða ekki. Á umræddri lánsúmsókn hefur ekki verið hakað í neinn af þessum reitum.

Þann 14. febrúar 2006 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.000.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Fyrir liggur skjalið „Greiðslumat“, dags. 15. febrúar 2006, sem umsækjandi, A, og starfsmaður FF undirrituðu. Niðurstaða greiðslumatsins er sú sama og niðurstaða greiðslumatsins á framangreindri lánsúmsókn.

Þann 4. maí 2012 var gerð skilmálabreyting á skuldabréfi nr. X, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Sóknaraðili óskaði eftir niðurfellingu ábyrgðar á skuldabréfi nr. X. Varnaraðili hafnaði niðurfellingu ábyrgðarinnar þann 1. mars 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 17. júlí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst niðurfellinga ábyrgða á skuldabréfi nr. X, þar sem ábyrgðarmönnum hafi ekki verið kynnt greiðslumat. Sóknaraðili bendir á að fjármálafyrirtæki beri að greiðslumeta lántakanda sé lánsfjárhæðin hærrí en kr. 1.000.000.

Vísar sóknaraðili til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Í 4. gr. samkomulagsins sé fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til skuldaábyrgðar eða veðsetningar sé stofnað, en þar komi fram að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabæklinga um skuldaábyrgðir og veðsetningu og dreifa með skjölum sem afhent séu ábyrgðarmönnum til undirritunar. Sóknaraðili kveður þessi skjöl hvorki hafa borist til hennar né B. Lántaki hafi farið með lánsúmsóknina og skuldabréfið að heimili sóknaraðila þar sem hún hafi skrifað undir. Aldrei hafi sóknaraðila verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins af starfsmönnum bankans. Með undirskrift sinni á lánsúmsóknina hafi hún í raun verið að staðfesta, án þess að gera sér grein fyrir, að hún hafi fengið þessar upplýsingar, skv. 4. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili vísar til þess að henni hafi ekki verið kynnt hvort helmingi lánsfjár yrði varið til að greiða upp önnur lán hjá varnaraðila. Sóknaraðili hafi ekki staðfest að henni hafi verið kynnt efni greiðslumatsins eða hvernig lánsfjárhæðinni yrði varið. Fram komi í 4. gr. samkomulagsins að sé ráðgert að verja meira en helmingi lánsfjár

til að endurgreiða önnur lán hjá fjármálafyrirtæki skuli ábyrgðarmaður staðfesta að honum hafi verið kynntar þær ráðagerðir. Slíkt sé hvergi að finna. Komi ekki fram á lánsúmsókninni annað en að lánsfjárhæðin verði nýtt í að greiða upp lán og fleira og því hafi sóknaraðili ekki hugmynd um hvort helmingi lánsfjárhæðar hafi verið varið til að greiða upp önnur lán hjá fjármálafyrirtæki. Vísar sóknaraðili til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 12/2010.

Sóknaraðili bendir á að eins og sjá megi á lánsúmsókn þá sé ekki hakað við viðeigandi reiti og megi því álíta að ekkert af því sem fram komi á lánsúmsókninni hafi verið kynnt ábyrgðarmönnum. Samkvæmt samkomulaginu beri fjármálafyrirtæki að kynna slíkt væntanlegum ábyrgðarmönnum.

Vísar sóknaraðili til þess að þegar litið sé á undirskrift ábyrgðarmanna megi sjá að merkt hafi verið í línuna upphafsstafi ábyrgðarmanna, A þar sem sóknaraðili skrifi undir og B þar sem ábyrgðarmaður B skrifi og J þar sem skuldari skrifi undir. Hefðu ábyrgðarmenn sjálfir mætt í útibú bankans á Húsavík og þeim verið kynnt greiðslumat hefðu þeir starfsmenn sem skrifi upp á og samþykki lánið, líklega þann 16. febrúar 2006 fremur en 6. febrúar, að öllum líkindum ekki þurft að nýta sér slíka minnispunkta eins og að skrá upphafsstafi ábyrgðarmanna og lántakanda, svo að ekki færi fram hjá þáverandi útibússtjóra C og þjónustufulltrúa D, hvar þessir aðilar ættu í raun og veru að skrifa nafn sitt á lánsúmsóknina og skuldabréfið sjálf.

Bendir sóknaraðili á að með stöðluðum úmsóknum frá fjármálafyrirtæki þekki starfsmenn þau eyðublöð, í þessu tilviki lánsúmsókn, sem fyllt séu út fyrir lántakanda af starfsmönnum bankans og það eina sem gera þurfi sé að skrifa undir. Halli því á viðskiptavini bankans þar sem eyðublöð eins og lánsúmsókn séu þeim ekki eins kunnug og starfsmönnum bankans og hljóti það að vera hluti af útlánastarfsemi bankans, þar sem það sé bankinn sem óski eftir ábyrgðarmönnum, að útskýra og kynna fyrir væntanlegum ábyrgðarmönnum hvað þeir séu að skrifa undir, niðurstöður greiðslumats og hvernig lánsfénu eigi að ráðstafa.

Sóknaraðili vísar til þess að það hvort lántakandinn hafi staðist greiðslumatið eða ekki, sé ekki ágreiningsefnið heldur það að ekki þótti þörf á því að fá ábyrgðarmenn í útibú bankans til að skrifa undir lánsúmsóknina og skuldabréfið. Vinnubrögðin hafi verið þau að senda umsækjanda lánsins með lánsúmsóknina og skuldabréfið sjálf út úr útibúinu til heimilis ábyrgðarmanna til undirritunar. Með því að fá undirskrift ábyrgðarmanna á lánsúmsóknina og skuldabréfið utan útibúsins hafi starfsmenn fyrirgert þeim möguleika að kynna ábyrgðarmönnum niðurstöðu greiðslumatsins og hvernig lánsfénu væri ráðstafað.

Bendir sóknaraðili á að á greiðslumati því sem gert hafi verið megi sjá dagsetninguna 15. febrúar og sé það degi eftir að lánsúmsóknin og skuldabréfið hafi verið undirritað. Ekki undirriti ábyrgðarmenn það skjal enda hafi þeim aldrei verið kynnt niðurstaða greiðslumatsins.

Vísar sóknaraðili einnig til 36. gr., 36. gr. a og 36. gr. c laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa máli sínu til stuðnings.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að greiðslumat hafi verið framkvæmt í samræmi við 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Greiðslumatið hafi sýnt jákvæða greiðslugetu lántaka og hafi lánið verið í eðlilegu afborgunarferli til og með 1. nóvember 2011.

Varnaraðili bendir á að með undirritun sinni á lánsúmsókn sem fylgt hafi með umræddu skuldabréfi hafi sóknaraðili staðfest að hafa kynnt sér upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og lánsveð, í samræmi við 4. gr. samkomulagsins. Undirritunar sóknaraðila hafi verið krafist á lánsúmsókn m.a. til að sýna fram á að ábyrgðarmanni eða veðsala hafi verið kynntur umræddur bæklingur. Varnaraðili geti ekki byggt á öðru en undirritun sóknaraðila. Hafi ábyrgðarmanni ekki verið kynntur upplýsingabæklingur bankans, þrátt fyrir að rita undir staðfestingu þess efnis, verði sóknaraðili að færa á það sönnur.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili vísi til þess að ekki hafi verið hakað í viðeigandi reiti á lánsúmsókninni og megi af því álykta að þær upplýsingar sem komi fram í viðeigandi reitum hafi ekki verið kynntar sóknaraðila. Varnaraðili vísar til eftirfarandi ummæla í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-760/2012: „Þó svo að ekki hafi verið krossað sérstaklega í reit fyrir framan aðra hvora setninguna „ekki er óskað eftir því að greiðslugeta reikningseiganda sé metin“, eða „greiðslugeta reikningseiganda hefur verið metin og með hans samþykki hafa undirritaðir sjálfskuldarábyrgðaraðilar kynnt sér það greiðslumat“, verður að líta svo á að með undirskrift sinni hafi stefnda, [...], tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á tékkareikningi sambúðarmanns síns og þar með undanskilið stefnanda þeirri skyldu að láta fara fram sérstakt greiðslumat á greiðslugetu hans.“ Vísar varnaraðili til þess að atvik í umræddu dómsmáli og í því máli sem hér sé til umfjöllunar séu ekki alveg sambærileg. Í þessu máli hafi greiðslumat farið fram og það verið tekið upp á lánsúmsókn sem sóknaraðili hafi ritað undir. Þær skyldur sem samkomulagið leggi á varnaraðila hafi því verið betur uppfylltar í máli þessu en í dómsmálinu. Það fordæmi hafi hins vegar þá þýðingu að þar hafi því verið slegið föstu að ekki sé þörf á því að haka við viðeigandi reiti heldur nægi undirritun ábyrgðarmanns/veðsala til þess að skuldbinda hann. Vísar varnaraðili einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012. Sambærilega niðurstöðu megi finna í úrskurðum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 101/2012 og 147/2012.

Varnaraðili telur að sóknaraðila hefði verið í lófa lagið, þrátt fyrir að undirritun hafi ekki farið fram í útibúi varnaraðila, líkt og sóknaraðili haldi fram, að biðja um að sjá nánara greiðslumat. Greiðslumatið hafi samt sem áður verið tekið upp á lánsúmsókn þá sem ábyrgðarmaður hafi undirritað. Verði því ekki annað séð en að sóknaraðili hafi fengið tækifæri til að kynna sér það. Hafi ákvæði 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins því verið uppfyllt.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili vísi til þess að starfsmenn bankans hafi ekki haft möguleika á að kynna ábyrgðarmönnum niðurstöðu greiðslumats og hvernig lánsfénu skyldi ráðstafað. Líkt og áður greini sé niðurstöður greiðslumats að finna á lánsúmsókn auk þess sem þar komi fram hvernig láninu skyldi ráðstafað. Ekki hafi verið þörf á því að starfsmaður útíbúsins tæki að sér slíka kynningu enda væri óvarlegt að rita undir lánsúmsókn án þess að hafa kynnt sér efni hennar fyrst.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili fjalli í kvörtun sinni um að greiðslumat hafi verið dagsett degi eftir að lánsúmsókn og skuldabréf hafi verið undirrituð. Eigi það að leiða til ógildingar ábyrgðarinnar. Varnaraðili telur að ekki verði séð að máli geti skipt hvaða dag greiðandi hafi ritað undir greiðslumat, enda ekki orsakatengsl á milli dagsetningar þess skjals og ábyrgðarinnar sem sóknaraðili hafi gengist í, sbr. t.d. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 133/2012 og 168/2012. Greiðslumatið hafi sýnt fram á jákvæða greiðslugetu greiðanda og tekið hafi verið upp í lánsúmsókn sem fylgt hafi skuldabréfi nr. X og sóknaraðili hafi undirritað sama dag og skuldabréfið. Það greiðslumat sé samhljóma því sem greiðandi

hafi undirritað degi seinna. Verði ekki annað séð en að varnaraðili hafi uppfyllt skyldu 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins um að kynna ábyrgðarmanni greiðslumat áður en hún hafi gengist í ábyrgðina.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgða á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Sóknaraðili krafðist niðurfellinga ábyrgða á framangreindu skuldabréfi. Af kröfugerð sóknaraðila virðist hún einnig krefjast þess að ábyrgð B verði felld úr gildi. Ekki verður séð að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá sjálfskuldarábyrgð B fellda úr gildi, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 1/2010. Verður krafa af þessu tagi að stafa frá ábyrgðarmanninum sjálfum til að komast að. Verður því ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila er lýtur að niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar B frá nefndinni.

Að fenginni þessari niðurstöðu verður vikið að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarfélaganna sinna. FF var eitt þessara aðildarfélaganna og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“, sem sóknaraðili skrifaði undir sama dag og hann gekkst í ábyrgð á skuldabréfi nr. X. Sóknaraðili byggir á því að lántaki hafi farið með lánsúmsóknina og skuldabréfið að heimili sóknaraðila þar sem skrifað hafi verið undir skjölin. Það leysti varnaraðila ekki undan skyldum sínum gagnvart ábyrgðarmönnum að útgefandi skuldabréfsins hafi farið að heimili sóknaraðila til að afla undirskriftar hennar. Þrátt fyrir að ekki hafi verið skrifað undir skjölin í bankanum mátti varnaraðili treysta því að sóknaraðili hefði kynnt sér upplýsingar þær sem þar komu fram og sóknaraðili staðfesti með undirritun sinni að hafa kynnt sér, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 169/2012 og 127/2013.

Varnaraðili framkvæmdi mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfs nr. X og kynnti sóknaraðila forsendur og niðurstöður greiðslumatsins á skjalinu „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“, sem undirritað var sama dag og sóknaraðili gekkst í

ábyrgðina. Uppfyllti varnaraðili með þeim hætti skilyrði 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 144/2012 og 4/2013. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við forsendur greiðslumatsins.

Sóknaraðili byggir kröfu sína jafnframt á því að ekki hafi verið hakað við viðeigandi valmöguleika á skjalinu „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi nr. X“. Þannig liggja m.a. ekki fyrir að sóknaraðili hafi vitað að ráðgert væri að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálafyrirtæki. Vísar sóknaraðili m.a. til þess að á lánsúmsókninni komi fram að ráðstafa hafi átt láninu til að greiða upp lán o.fl.

Þegar sóknaraðili gekkst í ábyrgð samkvæmt skuldabréfinu hafði ekki verið hakað við á skjalinu „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“ að verja hafi átt meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán umsækjanda (greiðanda) hjá bankanum og að sóknaraðila hafi verið kynntar þær ráðagerðir. Þrátt fyrir það hafði sóknaraðili vitneskju um það hvernig ráðstafa átti láninu, þ.e. til greiðslu á lánnum o.fl.

Með vísan til þess að sóknaraðili skrifaði undir skjal þar sem hún er upplýst um þessa ráðstöfun lánsins verður ekki fallist á með sóknaraðila að forsendur séu til að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð hennar á skuldabréfi nr. X með vísan til þess að ekki hafi verið hakað við framangreindan reit á lánsúmsókn, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 156/2012.

Ekki er fallist á með sóknaraðila að henni hafi ekki verið afhentur upplýsingabæklingur um sjálfskuldarábyrgðir og veðsetningar, en með undirritun skjalsins „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“ gaf sóknaraðili til kynna á þann hátt sem varnaraðili mátti treysta að hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 127/2013.

Í ljósi alls framangreinds eru ekki forsendur til að fallast á kröfu sóknaraðila um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar hennar á skuldabréfi nr. X, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Er kröfu sóknaraðila því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar B á skuldabréfi nr. X, er vísað frá.

Kröfu sóknaraðila um niðurfellingu ábyrgðar hennar á skuldabréfi nr. X er hafnað.

Reykjavík, 15. október 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 15. október er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 66/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 17. júlí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 16. júlí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júlí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 20. ágúst 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. ágúst 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 2. september 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 27. september og 15. október 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 8. apríl 2008 sótti sóknaraðili um lán í erlendri mynt. Viðmiðunarfjárhæð í íslenskum krónum var 22.000.000, í USD 23%, GBP 12%, CHF 12%, EUR 41% og JPY 12%. Til tryggingar láninu vildi sóknaraðili veðsetja fasteign sína, verslunarhúsnæði að A. Óskaði sóknaraðili eftir því að greiðslur fyrir afborgunum og vöxtum af væntanlegu láni yrðu millifærðar af reikningi nr. X.

Þann 9. apríl 2008 gaf sóknaraðili út veðskuldabréf í erlendri mynt þar sem viðurkennd var skuld gagnvart FF að jafnvirði kr. 22.000.000 í 23% USD, 12% GBP, 12% CHF, 12% JPY og 41% EUR. Skuldin bar Libor vexti auk 7,15% álags.

Þann 9. apríl 2008 var tryggingarbréf nr. Y gefið út af sóknaraðila. Gerði sóknaraðili kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim, sem hann nú eða síðar á hvaða tíma sem væri kynni að skulda eða ábyrgjast FF, eða þeim sem eignaðist bréfið á löglegan hátt, að samtalinni fjárhæð allt að kr. [sic] EUR 230.000 væri fasteignin að A sett að veði á 1. veðrétti.

Þann 18. apríl 2008 var kaupnóta vegna láns nr. Z dagsett. Samtals var keypt EUR 75.000, JPY 3.576.490, CHF 35.101,60, GBP 17.622,89 og USD 66.831,48. Sama fjárhæð gjaldmiðlanna var seld og kr. 21.446.049 lagðar inn á reikning nr. X.

Þann 4. nóvember 2008 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfs nr. Z. Skuld skv. skuldabréfinu var tilgreind á eftirfarandi hátt: „*upphaflega að jafnvirði*

ISK 22.000.000 í eftirtöldum erlendum myntum: EUR 76.923,08, JPY 3.668.195, CHF 36.001,64, GBP 18.074,76 og USD 68.545,11“.

Þann 9. apríl 2010 var gerð breyting á greiðsluskilmálum erlends skuldabréfs nr. Þ. Sundurliðun eftirstöðva skuldabréfsins var með eftirfarandi hætti: „*JPY 3.891.055, CHF 38.383,67, USD 73.390,70, EUR 82.706,53, GBP 19.525,98“.* Sóknaraðili skrifaði undir með fyrirvara um að um væri að ræða réttan útreikning á láninu.

Fyrir liggja tvö óundirrituð skuldabréf, annars vegar nr. Æ og Ö hins vegar. Með skuldabréfi nr. Ö var gert ráð fyrir að sóknaraðili viðurkenndi að skulda varnaraðila kr. 19.055.276 og til tryggingar greiðslu skuldarinnar væri fasteignin að A, sett að veði. Með skuldabréfi nr. Ö var gert ráð fyrir að sóknaraðili viðurkenndi að skulda varnaraðila kr. 10.591.271. Sóknaraðili kveðst hafa talið gjörninginn ónothæfan þar sem greiðsluáætlun stemmdi ekki við skuldabréf þar sem tilteknir væru aðrir vextir og ekki hafi komið fram hvað hafi orðið um kr. 4.484.061 að viðbættum vöxtum sem greitt hafði verið af skuldinni.

Þá liggur fyrir óundirritað skuldabréf nr. R, þar sem gert var ráð fyrir því að sóknaraðili viðurkenndi að skulda varnaraðila kr. 25.234.179 og til tryggingar greiðslu skuldarinnar væru fasteignirnar að A og B settar að veði. Kveðst sóknaraðili hafa neitað að veðsetja fasteignina að B. Sóknaraðili kveðst hafa farið til varnaraðila þar sem bankinn hafi óskað eftir því að sóknaraðili samþykkti að greiða mánaðarlega inn á handveðsreikning kr. 264.000 næstu 12 mánuði. Sóknaraðili kveður 11 greiðslur hafa verið skuldfærðar af reikningi hans.

Í janúar 2012 var lán sóknaraðila endurreiknað. Samkvæmt endurútreikningi erlendra lána, dags. 4. janúar 2012, var nýr höfuðstóll kr. 25.036.294 og lækkaði um kr. 14.923.388. Í bréfi með undirritun starfsfólks L, sem þjónustaði útlán FF, kom fram að eftir að endurútreikningur hefði verið yfirfarinn af lántaka yrði láninu breytt í óverðtryggt lán í íslenskum krónum með vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákvæði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum, sbr. 1. málsl. 4. gr. laga nr. 38/2001.

Sóknaraðili sendi fyrirspurn til varnaraðila þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvort lán nr. Z yrði endurreiknað í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012 um gildi fullnaðarkvittana. Þann 14. maí 2013 kvað varnaraðili skuldabréfið löglegt lán í erlendra mynt samkvæmt dómum Hæstaréttar í málum nr. 551/2011, 552/2011 og 524/2011.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 16. júlí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili viðurkenni og með því fari að landslögum að lán það sem sóknaraðili tók hjá FF þann 8. apríl 2008 verði skilgreint sem lán í íslenskum krónum en ekki lán í erlendum gjaldmiðli. Sóknaraðili krefst þess einnig að annar aðili og þá heiðarlegur aðili verði fenginn til þess að reikna vexti og innborganir á það skuldabréf sem þá verði gefið út.

Bendir sóknaraðili á að allan tímann eftir fall bankanna hafi hann ekkert haft með orðalag og/eða gerð samninga við varnaraðila að gera. Hafi hann ekki verið spurður um neitt heldur hafi honum verið sagt hvaða leiðir varnaraðili vildi fara. Fjallað sé um þær skilmálabreytingar sem honum hafi verið gert að skrifa undir ásamt fleiri skjölum sem þetta eigi við um. Hafi sóknaraðili haft efasemdir um þá gjörninga

sem framkvæmdir voru þá hafi honum verið bent á að betri réttur viðskiptavina samkvæmt lögum eða dómum Hæstaréttar væri ætíð tryggður.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili geti þess að breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfs nr. Z, þar sem til nánari skilgreiningar sé talað um tímabundna frestun á afborgunum og vaxtagreiðslum staðfesti það að um löglegt lán í erlendri mynt sé að ræða. Sóknaraðili kveðst mjög undrandi á þessari fullyrðingu varnaraðila. Það eina sem hann geti lesið út úr textanum sé það sama og getið sé um í fyrirsögn sem hljóði svo: „*Breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfs nr. Z. Tímabundin frestun á afborgunum og vaxtagreiðslum.*“ Það sama eigi við um síðari breytinguna sem gerð hafi verið þann 9. september 2010 en þar sé fyrirsögnin þessi: „*Breyting á greiðsluskilmálum erlends skuldabréfs.*“

Sóknaraðili kveðst ekki ætla að hætta sér út í það að reyna að skilgreina þá skoðun starfsmanns varnaraðila að lán hans sé löglegt lán í erlendri mynt, hann ætli öðrum að útskýra hvað sé á bak við þessi orð. Í beiðni hans um skilmálabreytingu frá 31. október 2008 komi hins vegar skýrt fram að verið sé að fjalla um myntlán í íslenskum krónum. Þar hafi hvergi verið getið um að um væri að ræða lán í erlendri mynt. Það hafi verið staðfest að lánið væri í íslenskum krónum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að fyrri hluta kröfu sóknaraðila um að varnaraðili viðurkenni að lán sóknaraðila sé í íslenskum krónum, verði hafnað en að síðari hluta kröfu sóknaraðila um að „annar heiðarlegur aðili“ verði fenginn til þess að reikna vexti og innborganir verði vísað frá en til vara að henni verði hafnað.

Varnaraðili telur að kröfugerð sóknaraðila sé óskýr. Fyrri hluti kröfu sóknaraðila feli t.d. einungis í sér að varnaraðili viðurkenni að umþrætt lán sé í íslenskum krónum, án þess að neinnar skyldu sé krafist af hálfu varnaraðila ef fallist yrði á kröfuna. Með hliðsjón af fyrri samskiptum við sóknaraðila skilur varnaraðili þó kröfugerðina þannig að sóknaraðili sé í raun að krefjast frekari endurútreiknings á láni nr. Þ (áður Z) með vísan til dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012 um gildi svokallaðra fullnaðarkvittana, og að sá endurútreikningur, ef til hans kæmi, yrði gerður af „öðrum heiðarlegum aðila“. Varnaraðili gerir fullan áskilnað um að koma að frekari málsástæðum og gögnum ef ofangreindur skilningur á sakarefninu reynist rangur.

Varnaraðili krefst þess að fyrri hluta kröfu sóknaraðila verði hafnað, en ágreiningur málsaðila samkvæmt henni lúti að því hvort skuld sóknaraðila sé í erlendri mynt eða íslenskum krónum og þá gengistryggð með ólögmatum hætti, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Líkt og fyrr segir telur varnaraðili að sóknaraðili sé í raun að krefjast frekari endurútreiknings á láni nr. Þ (áður Z) í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012.

Varnaraðili bendir á að í fyrri skilmálabreytingu lánsins, dags. 4. nóvember 2008, segi að upphafleg lánsfjárhæð hafi verið „*ISK 22.000.000 í eftirtöldum myntum: EUR 76.923,09, JPY 3.668.195, CHF 36.001,64, GBP 18.075,76 og USD 68.545,11*“. Þá segi eftirfarandi um eftirstöðvar lánsins: „*Eftirstöðvar lánsins þann 01.10.2008 eru: EUR 75.641,03, JPY 3.607.085, CHF 35.401,61, GBP 17.773,51 og USD 67.402,69*“. Síðan segi að nýir skilmálar bréfsins verði þannig að greiða skuli skuldina með 354 afborgunum á 1 mánaðar fresti í fyrsta sinn þann 01.11.2009. Þá hafi verið ákveðið að skuldin skyldi áfram bera LIBOR vexti. Í seinni skilmálabreytingu lánsins,

dags. 9. september 2010, hafi eftirstöðvar lánsins þann 3. ágúst 2010 verið sundurliðaðar með eftirfarandi hætti: „JPY 3.891.055, CHF 38.383,67, USD 73.390,70, EUR 82.706,53 og GBP 19.525,98“. Síðan segi að greiðsluskilmálum skuldabréfsins verði breytt á þann hátt að eftirstöðvar lánsins greiðist með 9 afborgunum á 1 mánaðar fresti og að hver greiðsla skuli nema 1/344 af eftirstöðvum lánsins þann 3. ágúst 2010.

Varnaraðili telur að ofangreint staðfesti að skuldbindingin, sem reist sé á skuldabréfinu ásamt síðari skilmálabreytingum, sé löglegt lán í erlendri mynt samkvæmt dómum Hæstaréttar í málum nr. 551/2011, 552/2011, 715/2012 og þá sérstaklega 524/2011, 757/2012 og 3/2013.

Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings í fyrsta lagi til dómaframkvæmdar Hæstaréttar í þeim málum er varði skilsmun á erlendum og gengistryggðum lánum, en samkvæmt henni sé horft til þess með hvaða hætti lánsfjárhæð sé ákveðin og tilgreind í skuldaskjölum aðila. Um skuldabréf gildi reglur viðskiptabréfaréttar og hafi viðskiptabréf almennt að geyma tæmandi lýsingu á þeim réttindum sem þau veiti og þeim takmörkunum, sem á þeim réttindum kunni að vera, að teknu tilliti til skýringa og breytinga sem gerðar hafi verið með skilmálabreytingum. Ofangreindar skilmálabreytingar tilgreini með nákvæmum hætti eftirstöðvar skuldarinnar í erlendum myntum. Þar sem skilmálabreytingarnar skoðist sem hluti skuldabréfs og komi efni þess til fyllingar telur varnaraðili að umrædd skilmálabreyting gefi til kynna að um erlent lán sé að ræða.

Í öðru lagi vísar varnaraðili til þess að samið hafi verið um nýja greiðsluskilmála í báðum skilmálabreytingunum, en þeir hafi verið með þeim hætti að greiða hafi átt skuldina með ákveðið mörgum afborgunum sem miðast hafi við eftirstöðvar skuldarinnar í erlendum myntum, skv. skilmálabreytingunum.

Í þriðja lagi vísar varnaraðili til þess að heiti lánsins beri með sér að um sé að ræða skuldbindingu í erlendum myntum, en í yfirskrift skuldabréfsins segi: „*Veðskuldabréf í erlendri mynt*“.

Í fjórða lagi bendir varnaraðili á að vextir lánsins séu í formi LIBOR vaxta, sem sé til samræmis við það að um erlent lán sé að ræða en samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 hafi LIBOR vextir aldrei verið skráðir á lán í íslenskum krónum.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili ljóst að skuldbinding skv. skuldabréfi nr. Þ sé í erlendum myntum, og því beri að hafna viðurkenningarkröfu sóknaraðila um að „lánið verði skilgreint sem lán í íslenskum krónum en ekki lán í erlendum gjaldmiðli“. Þar sem varnaraðili telji að skuldabréfið sé í erlendri mynt verði skuldin þ.a.l. ekki endurreiknuð að svo stöddu á grundvelli dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012. Þess skuli getið að varnaraðili hafi ekki tekið ákvörðun um hvort fyrri endurreikningur lánsins verði leiðréttur í ljósi framangreinds.

Varnaraðili krefst þess aðallega að seinni hluta kröfu sóknaraðila um að „annar heiðarlegur aðili“ verði fenginn til þess að endurreikna lánið verði vísað frá nefndinni. Í b-lið 6. gr. samþykktar nefndarinnar komi fram að nefndin fjalli ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verði metin til fjár. Sóknaraðili hafi enga beina fjárkröfu uppi á hendur varnaraðila, en hún feli einungis í sér að annar aðili en varnaraðili framkvæmi endurreikninginn, og verði framangreind krafa því ekki metin til fjár. Í ljósi þess að krafa sóknaraðila sé ekki fjárhagsleg beri að vísa málinu frá, sbr. b-lið 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili telur jafnframt að seinni krafa sóknaraðila sé óljós, illa upplýst og óskýr, og þ.a.l. ekki tæk til úrskurðar, skv. e-lið 6. gr. samþykktar fyrir

úrskurðarnefndina. Ofangreindu til stuðnings vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili geri hvergi grein fyrir kröfunni í kvörtun sinni, ástæðu hennar sé ekki getið og hvergi sé gerð tilraun til að rökstyðja hana frekar. Vegna ofangreinds sé augljóslega örðugt fyrir varnaraðila að svara kröfunni efnislega eða taka til varna með öðrum hætti. Varnaraðili krefst þess því einnig að kröfunni verði vísað frá á grundvelli fyrrnefnds liðar 6. gr.

Verði af einhverjum ástæðum ekki fallist á að vísa kröfunni frá krefst varnaraðili þess að kröfunni verði hafnað. Úrskurðarnefndin hafi engar heimildir til að skipa aðila að framkvæma endurreikning þann sem sóknaraðili krefjist. Þá bendir varnaraðili einnig á að sóknaraðili geri ekki grein fyrir neinum aðila sem framkvæma ætti endurreikninginn ef svo ólíklega vildi til að fallist yrði á kröfu hans. Með vísan til ofangreinds telur varnaraðili rétt að hafna seinni kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili viðurkenni og með því fari að landslögum að lán það sem sóknaraðili tók hjá FF þann 8. apríl 2008 verði skilgreint sem lán í íslenskum krónum en ekki lán í erlendum gjaldmiðli. Sóknaraðili krefst þess einnig að annar aðili og þá heiðarlegur aðili verði fenginn til þess að reikna vexti og innborganir á það skuldabréf sem þá verði gefið út.

Enda þótt fallast megi á það með varnaraðila að kröfugerð sóknaraðila sé ekki svo skýr sem æskilegt væri, telur nefndin þó að það varði ekki frávísun málsins. Verður krafan skilin svo að þess sé krafist að viðurkennt verði að upphaflegur lánasamningur aðila hafi verið um lán í íslenskum krónum, tengt gengi erlendra gjaldmiðla. Virðist ljóst að úrlausn um þetta efni hefur beina fjárhagslega þýðingu fyrir uppgjör aðila. Hefur þessi óskýrleiki ekki haft áhrif á möguleika varnaraðila til að koma að vörnum í málinu.

Í máli þessu byggir sóknaraðili á því að skuldabréfið sé gengistryggt lán í íslenskum krónum og því ólöglegt. Varnaraðili heldur því á hinn bóginn fram að lánið sé í erlendum myntum og gilt sem slíkt.

Skuldbinding í erlendum gjaldmiðli fer ekki gegn ákvæðum 13. og 14. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Samkvæmt þeim er hins vegar óheimilt að binda lán eða annars konar skuldbindingu í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla, svo sem tekið er fram í athugasemdum er fylgdu frumvarpi til laganna. Af orðalagi ákvæðanna og lögskýringargögnum verður ráðið að við úrlausn á því hvort um sé að ræða skuldbindingu í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum verði fyrst og fremst að líta til forms og meginefnis þeirra gerninga sem liggja til grundvallar skuldbindingunni. Í því skiptir einkum máli hvernig sjálf skuldbindingin er tilgreind í þeim. Hefur Hæstiréttur að undanfögnu kveðið upp marga dóma þar sem reynt hefur á hvort lán teljist í íslenskum krónum og bundin gengi erlendra mynta með ólöglegum hætti eða lán í erlendum myntum.

Í nokkrum dómum Hæstaréttar hefur verið litið til heitis skuldabréfs, tilgreiningu lánsfjárhæðar, vaxta og heitis skilmálabreytingar. Með dómi Hæstaréttar 17. janúar 2013 í máli 386/2012 virðist hins vegar tekið af skarið um að þegar eina fjárhæðin, sem beint eða óbeint er tilgreind í lánsamningi, er í íslenskum krónum geti *”engum vafa verið háð að hann tók eingöngu til skuldbindingar í þeim gjaldmiðli, sem óheimilt var samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/2001 að binda við gengi erlendra gjaldmiðla”*

Með þessum síðasttalda dómi virðist Hæstiréttur þannig hafa horfið frá þeirri afstöðu að líta skuli til fleiri atriða á borð við það hvernig samningur er efndur, a.m.k. þegar fjárhæðin er aðeins tilgreind í íslenskum krónum.

Í máli því sem hér um ræðir var eina tilgreining á fjárhæð lánsins í íslenskum krónum en ekki var getið um fjárhæð skuldarinnar í hinum erlendu gjaldmiðlum, heldur aðeins hlutföll þeirra og viðmiðun við virði íslensku krónunnar. Fjárhæð lánsins var þannig í grunninn í íslenskum krónum, sbr. einnig dóm Hæstaréttar í máli nr. 155/2011.

Ekki verður fallist á tilvísun varnaraðila til dóma Hæstaréttar í málum nr. 551/2011, 552/2011, 715/2012, 524/2011, 757/2012 og 3/2013, enda var lánsfjárhæðin í þeim málum tilgreind í erlendum gjaldmiðlum.

Í ljósi framangreinds verður fallist á kröfu sóknaraðila um að skuldabréf hans, dags. 9. apríl 2008, sé lán í íslenskum krónum tengt gengi erlendra gjaldmiðla.

Nefndin hefur ekki heimildir til að úrskurða að annar heiðarlegur aðili verði fenginn til að reikna vexti og afborganir á það skuldabréf sem gefið verður út. Verður því ekki hjá því komist að vísa þeim hluta kröfu sóknaraðila frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Lán sóknaraðila, skv. skuldabréfi, dags. 9. apríl 2008, er í íslenskum krónum tengt gengi erlendra gjaldmiðla.

Kröfu sóknaraðila um að annar heiðarlegur aðili verði fenginn til að reikna vexti og afborganir á það skuldabréf sem gefið verður út er vísað frá.

Reykjavík, 15. október 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 13. desember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 67/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 24. júlí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 23. júlí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. júlí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 5. september 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. september 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 19. september 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 13. desember 2013.

II.

Málsatvik.

Pann 21. maí 2004 var samningur um kaupleigu nr. X undirritaður milli varnaraðila sem leigusala og sóknaraðila sem leigutaka. Hið leigða voru fjórar nánar tilgreindar bifreiðar. Leigugrunnur var kr. 8.527.011 tengd EUR, gengi 88,17, erlend mynt EUR 96.711. Seljandi var tilgreindur sóknaraðili. Leigutími var frá 10. apríl 2004 til 9. apríl 2009. Gjald í lok leigutíma var kr. 255.810. Tiltekið var að leigutaki greiddi vexti af útborguðu fé kr. 32.257, gengi var miðað við samningsdag 31. mars 2004 og liborvextir á samningsdegi voru 2,02% auk 3,50% álags.

Fyrir liggur endurreikningur á umræddum kaupleigusamningi. Skuld er kr. 1.009.070, liðurinn „Vextir skldf“ er kr. 1.220.059 og „Vaxtahlut“ er kr. 3.344.417.

Pann 16. júlí 2007 var kaupleigusamningur nr. Y undirritaður milli varnaraðila sem leigusala og sóknaraðila sem leigutaka. Hið leigða var bifreið. Seljandi var A. Leigugrunnur var kr. 5.300.000, tengt JPY kr. 1.325.000, gengi 0,49255, erlend mynt 2.690.082 og tengt CHF kr. 3.975.000, gengi 50,06475, erlend mynt 79.397,18. Leigutími var frá 10. ágúst 2007 til 9. ágúst 2012 og greiddist leiga tengd JPY, kr.

24.079 á mánuði og tengd CHF, kr. 75.687 á mánuði, samtals kr. 99.765 á mánuði. Gjald í lok leigutíma var kr. 159.000, eða tengt JPY 39.750 og tengt CHF 119.250. Leigutaki greiddi vexti af útborguðu fé kr. 21.327, gjalddagi 10. ágúst 2007, gengi var miðað við samningsdag 12. júlí 2007 og liborvextir á samningsdegi voru 2,11% auk 2,95% álags.

Þann 17. apríl 2009 var gerð skuldbreyting á kaupleigusamningi nr. Y þannig að ógreiddum leigugreiðslum/afborgunum að upphæð kr. 99.880 var bætt við eftirstöðvar samnings m.v. kaupgengi.

Þann 6. júlí 2009 var gerð tímabundin greiðsluraðabreyting á kaupleigusamningi nr. Y þannig að vextir næsta mánuðinn lögðust á höfuðstól og greiddi leigutaki engar greiðslur á því tímabili. Leigutaki greiddi 50% af mánaðargreiðslu samnings næstu 2 mánuði. Næsta 100% mánaðargreiðsla yrði 15. október 2009. Mismun á hlutagreiðslu og heildargreiðslu yrði bætti við eftirstöðvar samnings/láns.

Fyrir liggur endurreikningur á umræddum kaupleigusamningi. Nýr höfuðstóll er kr. 1.153.614, liðurinn „Vextir skldf.“ er kr. 833.250 og „Vaxtahlut“ er kr. 1.929.334.

Þann 20. september 2007 var kaupleigusamningur nr. Z undirritaður milli varnaraðila sem leigusala og B sem leigutaka. Hið leigða voru þrjár nánar tilgreindar bifreiðar. Leigugrunnur var kr. 6.925.976, vsk. kr. 1.696.864, samtals kr. 8.622.840. Skipting leigugrunns var kr. 4.311.420 tengt JPY, gengi 0,54602, erlend mynt 7.896.085 og kr. 4.311.420 var tengt CHF, gengi 53,52301, erlent mynt 80.552,65. Seljandi var C. Leigutími var frá 10. október 2007 til 9. október 2012. Leiga greidd við undirritun tengd JPY var kr. 862.284 og tengd CHF var kr. 862.284 og þá voru greiðslur frá 10. október 2007 til 9. október 2012 tengdar JPY kr. 62.986 og CHF kr. 65.582. Gjald í lok leigutíma var tengt JPY kr. 103.474 og tengt CHF kr. 103.474. Leigutaki greiddi vexti af útborguðu fé kr. 18.423, gjalddagi 10. október 2007, gengi miðaði við samningsdag 19. september 2007 en liborvextir á samningsdegi voru 1,69% auk 2,95% álags.

Þann 16. apríl 2009 var gerð skuldbreyting á kaupleigusamningi nr. Z, þannig að skuldbreytt var ógreiddum leigugreiðslum/afborgunum að upphæð kr. 240.713 og var þeirri fjárhæð bætt við eftirstöðvar samnings miðað við kaupgengi.

Þann 6. júlí 2009 var gerð tímabundin greiðsluraðabreyting á kaupleigusamningi nr. Z. Samkvæmt greiðsluraðabreytingunni lögðust vextir næsta mánuð á höfuðstól og greiddi leigutaki engar greiðslur á því tímabili. Næsta 100% mánaðargreiðsla yrði 15. október 2009. Mismun á hlutagreiðslu og heildargreiðslu var bætt við eftirstöðvar samnings/láns.

Fyrir liggur endurreikningur á umræddum kaupleigusamningi þar sem nýr höfuðstóll er kr. 1.979.806, liðurinn „Vextir skldf.“ er kr. 960.798 og „Vaxtahlut“ er kr. 2.441.603.

Þann 20. nóvember 2007 var kaupleigusamningur nr. Þ undirritaður milli varnaraðila sem leigusala og B sem leigutaka. Hið leigða voru þrjár nánar tilgreinar bifreiðar. Leigugrunnur var kr. 2.950.000. Skipting leigugrunns var kr. 1.475.000 var tengt JPY, miðað við gengi 0,54632, erlend mynt 2.699.883 og 1.475.000 var tengt CHF, gengi 53,71292, erlend mynt 27.460,80. Seljandi var B. Leigutími var frá 10. desember 2007 til 9. júní 2010. Greiðslutilhögun var með þeim hætti að leiga greidd við undirritun var kr. 295.000 tengd JPY og kr. 295.000 tengd CHF og frá 10.

desember 2007 til 9. júní 2010 voru greiðslur kr. 41.056 tengdar JPY og kr. 41.838 tengdar CHF. Gjald í lok greiðslutíma var kr. 35.400 tengt JPY og kr. 35.400 tengt CHF. Leigutaki greiddi vexti af útborguðu fé kr. 7.079, gjalddagi 10. desember 2007, gengi var miðað við samningsdag 15. nóvember 2007 og liborvextir á samningsdegi voru 1,43% auk 2,95% álags.

Þann 16. apríl 2009 var gerð skuldbreyting á kaupleigusamningi nr. Þ þannig að leigugreiðslum/afborgunum að upphæð kr. 159.742 var bætt við eftirstöðvar samningsins miðað við kaupgengi.

Þann 6. júlí 2009 var gerð tímabundin greiðsluraðabreyting. Vextir næsta mánuðinn lögðust á höfuðstól og greiddi leigutaki engar greiðslur á því tímabili. Leigutaki greiddi 50% af mánaðargreiðslu samningsins næstu tvo mánuði. Næsta 100% mánaðargreiðsla átti að vera 15. október 2009 en mismun á hlutagreiðslu og heildargreiðslu var bætt við eftirstöðvar samnings/láns.

Fyrir liggur endurreikningur á umræddum kaupleigusamningi. Nýr höfuðstóll er kr. 2.358.627, liðurinn „Vextir skldf.“ er kr. 206.877 og „Vaxtahlut“ er kr. 361.483“.

Þann 20. nóvember 2007 var kaupleigusamningur nr. Æ undirritaður milli varnaraðila sem leigusala og B, sem leigutaka. Hið leigða var kranabifreið og dráttarvél. Leigugrunnur var kr. 4.400.000, vsk. kr. 1.078.000, samtals kr. 5.478.000. Skipting leigugrunns var þannig að kr. 2.739.000 voru tengdar JPY, gengi 0,54632, erlend mynt 5.013.545 og kr. 2.739.000 voru tengdar CHF, gengi 53,71292, erlend mynt 50.993,32. Seljandi var B. Leigutími var frá 10. desember 2007 til 9. júní 2010. Greiðslutilhögun var þannig að vsk greiddur við undirritun var kr. 539.000 tengdur JPY og kr. 539.000 tengdur CHF, leiga greidd við undirritun var kr. 440.000 tengd JPY og kr. 440.000 tengd CHF, greiðslur frá 10. desember 2007 til 9. júní 2007 voru kr. 61.236 tengdar JPY og kr. 62.403 tengdar CHF. Gjald í lok leigutíma var kr. 52.800 tengt JPY og kr. 52.800 tengt CHF. Leigutaki greiddi vexti af útborguðu fé kr. 10.558, gjalddagi 10. desember 2007, gengi miðað við samningsdag var 15. nóvember 2007 og liborvextir á samningsdegi voru 1,43% auk 2,95% álags.

Þann 16. apríl 2009 var gerð skuldbreyting á kaupleigusamningi nr. Æ þannig að skuldbreytt var ógreiddum leigugreiðslum/afborgunum að upphæð kr. 238.164 og var þeirri fjárhæð bætt við eftirstöðvar samnings miðað við kaupgengi.

Þann 6. júlí 2009 var gerð tímabundin greiðsluraðabreyting á kaupleigusamningi nr. Æ þannig að vextir næsta mánuð lögðust við höfuðstól og greiddi leigutaki því engar greiðslur á því tímabili. Leigutaki greiddi 50% af mánaðargreiðslu samnings næstu tvo mánuði. Næsta 100% mánaðargreiðsla var 15. október 2009. Mismun á hlutagreiðslu og heildargreiðslu yrði bætt við eftirstöðvar samnings/láns.

Fyrir liggur endurreikningur á umræddum kaupsamningi. Nýr höfuðstóll er kr. 3.486.881.

Þann 18. mars 2008 var kaupleigusamningur nr. Ö undirritaður af varnaraðila sem leigusala og sóknaraðila sem leigutaka. Hið leigða voru þrjár nánar tilgreindar bifreiðar. Leigugrunnur var kr. 3.700.000 en kr. 1.850.000 voru tengdar JPY og kr. 1.850.000 voru tengdar CHF. Seljandi var sóknaraðili. Leigutími var frá 10. apríl 2008 til 9. apríl 2010. Leiga greidd við undirritun var kr. 350.000 tengd JPY og kr. 350.000 tengd CHF, greiðslur frá 10. apríl 2008 til 9. apríl 2010 voru kr. 65.015 tengdar JPY og 66.035 tengdar CHF. Gjald í lok leigutíma var kr. 45.000 tengt JPY

og kr. 45.000 tengt CHF. Leigutaki greiddi hlutaleigu/vexti af útborguðu fé frá útborgunardegi, grunnengi/vísitala miðaðist við útborgunardag samnings og liborvextir á samningsdegi voru 1,68% auk 3,30% álags.

Þann 17. apríl 2009 var gerð skuldbreyting á kaupleigusamningi nr. Ö þannig að ógreiddum leigugreiðslum/afborgunum að upphæð kr. 90.807 var bætt við eftirstöðvar samnings miðað við kaupengi.

Þann 6. júlí 2009 var gerð tímabundin greiðsluraðabreyting á kaupleigusamningi nr. Ö þannig að vextir næsta mánuðinn legðust á höfuðstól og greiddi því leigutaki engar greiðslur á þeim tíma. Leigutaki greiddi 50% af mánaðargreiðslu samnings næstu tvo mánuði. Næsta 100% mánaðargreiðsla var 15. október 2009. Mismun á hlutagreiðslu og heildargreiðslu var bætt við eftirstöðvar samnings/láns.

Fyrir liggur endurreikningur á umræddum kaupleigusamningi. Nýr höfuðstóll er kr. 1.087.650, liðurinn „Vextir skldf.“ er kr. 182.436 og „Vaxtahlut“ 591.162.

Þann 2. maí 2008 var kaupleigusamningur nr. R undirritaður milli varnaraðila sem leigusala og sóknaraðila sem leigutaka. Hið leigða var nánar tilgreind bifreið. Leigugrunnur var kr. 3.250.000 en kr. 1.625.000 var tengd JPY og kr. 1.625.000 var tengd CHF. Seljandi var C. Leigutími var frá 10. maí 2008 til 9. maí 2013. Greiðslutilhögun var með þeim hætti að leiga greidd við undirritun var kr. 325.000 tengd JPY og kr. 325.000 tengd CHF en greiðslur frá 10. maí 2008 til 9. maí 2013 voru kr. 24.822 tengdar JPY og kr. 25.899 tengdar CHF. Gjald í lok leigutíma var kr. 39.000 tengt JPY og kr. 39.000 tengt CHF. Leigutaki greiddi hlutaleigu/vexti af útborguðu fé frá útborgunardegi. Grunnengi/vísitala gjaldmiðla miðaðist við útborgunardag samnings og liborvextir á samningsdegi voru 1,60% auk 5,00% álags.

Þann 17. apríl 2009 var gerð skuldbreyting á kaupleigusamningi nr. R þannig að ógreiddum leigugreiðslum/afborgunum að upphæð kr. 36.244 var bætt við eftirstöðvar samnings miðað við kaupengi.

Þann 6. júlí 2009 var gerð tímabundin greiðsluraðabreyting á kaupleigusamningi nr. R þannig að vextir næsta mánuðinn legðust á höfuðstól og greiddi því leigutaki engar greiðslur á því tímabili. Leigutaki greiddi 50% af mánaðargreiðslu samnings næstu 2 mánuði. Næsta 100% mánaðargreiðsla var 15. október 2009. Mismun á hlutagreiðslu og heildargreiðslu var bætt við eftirstöðvar samnings/láns.

Fyrir liggur endurreikningur á umræddum kaupleigusamningi. Nýr höfuðstóll er kr. 1.582.257, liðurinn „Vextir skldf.“ er kr. 397.974 og „Vaxtahlut“ er kr. 797.225.

Þann 26. maí 2008 var kaupleigusamningur nr. S undirritaður milli varnaraðila sem leigusala og sóknaraðila sem leigutaka. Hið leigða var nánar tiltekin bifreið. Leigugrunnur var kr. 1.250.000 en kr. 625.000 var tengt JPY og kr. 625.000 var tengt CHF. D var seljandi. Leigutími var frá 10. júní 2008 til 9. júní 2011. Greiðslutilhögun var með þeim hætti að leiga greidd við undirritun var kr. 125.000 tengd JPY og kr. 125.000 tengd CHF en greiðslur frá 10. júní 2008 til 9. júní 2011 voru kr. 15.067 tengdar JPY og kr. 15.443 tengdar CHF. Gjald í lok leigutíma var kr. 15.000 tengt JPY og kr. 15.000 tengt CHF. Leigutaki greiddi hlutaleigu/vexti af útborguðu fé frá útborgunardegi, grunnengi/vísitala gjaldmiðla miðaðist við útborgunardag samnings og liborvextir á samningsdegi voru 1,56% auk 5,00% álags.

Þann 17. apríl 2009 var gerð skuldbreyting á kaupleigusamningi nr. S þannig að ógreiddum leigugreiðslum/afborgunum að upphæð kr. 22.877 var bætt við eftirstöðvar samnings miðað við kaupgengi.

Þann 6. júlí 2009 var gerð tímabundin greiðsluraðabreyting á kaupleigusamningi nr. S þannig að vextir næsta mánuðinn lögðust á höfuðstól og greiddi því leigutaki engar greiðslur á því tímabili. Leigutaki greiddi 50% af mánaðargreiðslu samnings næstu tvo mánuði. Næsta 100% mánaðargreiðsla var 15 október 2009. Mismun á hlutagreiðslu og heildargreiðslu var bætt við eftirstöðvar samnings.

Fyrir liggur endurreikningur á umræddum kaupleigusamningi. Nýr höfuðstóll er kr. 101.579, liðurinn „Vextir skldf.“ er kr. 134.197 og „Vaxtahlut“ er kr. 242.749.

Þann 1. janúar 2008 varð samruni milli félaganna M sem yfirtökufélags og B sem yfirtekens félags.

Þann 15. febrúar 2012 óskaði sóknaraðili eftir því við starfsmann varnaraðila að hann hlutaðist til um að sóknaraðili fengi sem fyrst leiðréttingu á kaupleigusamningum í samræmi við dóm Hæstaréttar sem féll þann dag, varðandi vaxtaútreikning aftur í tímann. Starfsmaður varnaraðila kvað allt á frumstigi og margt væri óljóst, en einhver tími væri í að niðurstaða lægi fyrir. Í framhaldinu óskaði sóknaraðili eftir því að fá að vera snemma í ferlinu. Nokkur tölvupóstsamskipti hafa átt sér stað milli sóknaraðila og varnaraðila í framhaldinu.

Þann 4. júlí 2013 sendi varnaraðili sóknaraðila riftun eignaleigusamninga nr. T1 142487, T2 142868, T3 143992, T4 143999, T5 144001, T6 144441, T7 146151, T8 146548, T9 146820, T10 147318, T11 147666, T12 151624, T13 152115, T14 152965, T15 153710, T16 153732.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 23. júlí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurðað verði að varnaraðila beri að endurreikna höfuðstól kaupleigusamninga M nr. X, Y, Z, Þ, Æ, Ö, R og S út frá þeirri forsendu að þeir séu ekki tengdir gengi erlendra gjaldmiðla. Við endurútreikninginn verði miðað við þá vexti sem upprunalega var um samið og raunverulega voru greiddir en ekki aðra vexti, t.d. vexti Seðlabanka Íslands skv. 1. másl. 4. gr. laga nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010.

Sóknaraðili bendir á að mál þetta varði átta kaupleigusamninga sóknaraðila og varnaraðila. Til einföldunar verði fjallað ítarlega um einn þeirra, samning nr. Y, en sömu málsástæður og rök eigi við um þá alla að breyttu breytanda.

Sóknaraðili vísar til þess að samningssamband aðila hafi verið með þeim hætti að varnaraðili hafi lánað sóknaraðila fé til kaupa á tækjum sem sóknaraðili hafi notað til atvinnurekstrar síns. Til hagræðingar og til þess að tryggja efndir lánsins hafi varnaraðili verið skráður eigandi tækjanna á samningstíma. Við greiðslu lokagjalds hafi hinn formlega skráði eignarréttur færst frá varnaraðila til sóknaraðila.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi viðurkennt ólögsmæti gengistryggingar kaupleigusamninganna við sóknaraðila, með endurútreikningi kaupleigusamninga

fyrirtækisins, í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 92/2010 og 153/2010. Það sé því óumdeilt að varnaraðila hafi borið að endurreikna samningana, en eftir standi að ákvarða réttar forsendur útreikningsins.

Bendir sóknaraðili á að Hæstiréttur hafi fallist á réttmæti tiltekinnar aðferðar við endurútreikning samninga sem tengdir hafi verið gengi erlendra gjaldmiðla andstætt ákvæðum laga nr. 38/2001. Í dómi réttarins í máli nr. 464/2012 hafi niðurstaðan verið sú að afborganir af höfuðstól skuldarinnar sem lántaki hafi innt af hendi til og með þeirri dagsetningu, sem fjármálafyrirtækið miðaði endurreikning sinn við, kæmu að fullu til frádráttar höfuðstól lánsfjárhæðarinnar, sem hvorki bæri gengistryggingu né annars konar verðbætur. Þá hafi rétturinn slegið því föstu að fjárhæð greiddra vaxta hefði ekki áhrif á þennan útreikning enda teldust þeir að fullu greiddir. Niðurstaða Hæstaréttar hafi að þessu leyti verið til staðfestingar fordæmis úr máli réttarins nr. 600/2011.

Sóknaraðili vísar til þess að dómur hafi gengið í Hæstarétti í máli nr. 50/2013, þar sem tekist hafi verið á um uppgjör kaupleigusamnings. Fjármálafyrirtækið hafi endurreiknað skuld viðskiptavinarins með svipuðum hætti og varnaraðili í máli þessu. Hæstiréttur hafi vísað til meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi sem hafi fengið minna greitt en hann hafi átt rétt til ætti kröfu á hendur skuldara um vangreiðsluna. Hins vegar væru undantekningar frá meginreglunni, m.a. um að fullnaðarkvittun gæti valdið því að kröfuhafi glataði frekari kröfu. Greiðslutilkynningar fjármálafyrirtækisins og yfirlit vegna hveðrar greiðslu viðskiptavinar hafi verið jafnað til þess að fyrir lægi fullnaðarkvittun vegna hveðrar greiðslu. Sömu skilyrði séu uppi um vaxtagreiðslur sóknaraðila af kaupleigusamningum varnaraðila. Hæstiréttur hafi talið að aðstöðumunur hafi verið á fyrirtækjunum og það stæði fjármálafyrirtækinu nær að bera áhættu af þeim mistökum sem leitt hafi til vangreiðslu vaxtanna. Hið sama eigi við um félögin sem komi að máli þessu. Þá hafi Hæstiréttur talið að viðskiptavinurinn hafi verið í góðri trú um lögmæti skuldbindingarinnar og þar með að greiðslurnar hafi falið í sér réttar og fullar efnidir af hans hálfu. Þetta skilyrði sé einnig uppfyllt í tilviki kaupleigusamninga sóknaraðila og varnaraðila.

Vísar sóknaraðili til þess að öll skilyrði þess að fullnaðarkvittanir varnaraðila leysi sóknaraðila undan frekari kröfu vegna vaxta af kaupleigusamningum fyrirtækjanna tveggja séu uppfyllt. Samkvæmt þessu beri varnaraðila að endurreikna samningana út frá þeirri forsendu að miðað verði við þá vexti sem upprunalega hafi verið samið um og hafi verið raunverulega greiddir af hálfu sóknaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi endurreiknað kaupleigusamninga við sóknaraðila í febrúar 2011. Samkvæmt yfirliti hafi eftirstöðvar samnings nr. Y fyrir endurreikning verið kr. 6.861.536 en kr. 1.153.614 að honum loknum. Á annarri síðu fylgiskjalsins sé endurútreikningurinn svo sundurliðaður í greiðslur, eftirstöðvar og vexti. Þar sjáist að vaxtagreiðslur sóknaraðila séu teknar upp aftur í tímann og reiknaður „Vaxtahluti“. Ekki sjáist hvernig vaxtahluti hveðrar greiðslu sé fenginn, en mismunur heildargreiðslu og vaxtahluta myndi „Afborgunarhluta“. Reiknaður afborgunarhluti dragist svo frá höfuðstól skuldarinnar hvern gjalddaga. Því sé ljóst að við endurreikning varnaraðila hafi þegar greiddir vextir verið teknir upp afturvirkir, þrátt fyrir að sóknaraðili hefði undir höndum fullnaðarkvittun fyrir greiðslu þeirra.

Sóknaraðili vísar til endurútreiknings varnaraðila á samningi nr. Y. Þar séu raunverulega greiddir vextir skv. greiðslukvittunum í dálkinum „Vextir skldf“, samtals kr. 833.250. Í dálkinum „Vaxtahlut“ hafi varnaraðili hins vegar reiknað afturvirkir vexti Seðlabanka Íslands á skuldina, samtals kr. 1.929.334. Sóknaraðili telur

að samkvæmt réttum endurreikningi, sem gerð sé krafa um í máli þessu um að varnaraðili framkvæmi, eigi félagið rétt á mismuni fjárhæðanna tveggja, samtals kr. 1.096.084 í tilviki samnings nr. Y, með dráttarvöxtum frá viðmiðunardagsetningu útreiknings varnaraðila, 8. febrúar 2011.

Sóknaraðili telur í ljósi þess sem að framan greini að varnaraðila beri að endurreikna kaupleigusamninga fyrirtækjanna í samræmi við þær forsendur sem slegið hafi verið föstum í tilvitnuðum dómum Hæstaréttar. Ofgreiðslur sóknaraðila af samningunum hafi valdið félaginu miklu tjóni og því afar brýnt að framkvæmd samninganna verði leiðrétt, t.a.m. til að sóknaraðili geti nýtt inneign sína vegna ofgreiðslu kaupleigusamninganna til skuldajöfnunar við meinta skuld fjármögnunarleigusamnings. Varnaraðili hafi hins vegar neitað að fylgja framangreindum fordæmum og borið fyrir sig óvissu sem sóknaraðili telji ekki vera til staðar.

Sóknaraðili vísar til reglna um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja nr. 670/2013. Samkvæmt 2. gr. sé markmið reglnanna að stuðla að því að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptamanna, hluthafa og stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi. Framgangna varnaraðila gagnvart sóknaraðila hafi hins vegar einkennst af þvingunum, töfum og þvermóðsku við að leiðrétta ólögmeta viðskiptahætti.

Sóknaraðili telur að riftun varnaraðila á fjármögnunarleigusamningunum sé ennfremur atлага gegn sóknaraðila, andstæð lögum um fjármálafyrirtæki, einkum 19. gr. og reglum nr. 670/2013, sér í lagi 2. gr., 1. 2. og 6. tölul. 9. gr. og 10. gr. Sóknaraðili kveðst leggja fram ábendingu til Fjármálaeftirlitsins um þessa viðskiptahætti varnaraðila samhliða kvörtun þessari.

Sóknaraðili gerir þá kröfu að úrskurðað verði að varnaraðila beri að endurreikna kaupleigusamninga félaganna í samræmi við lög nr. 38/2001 og fordæmi Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013. Um kröfugerð vísist til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 15/2012.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili haldi því fram að sóknaraðili hafi ekki gert grein fyrir því hvers eðlis krafa sóknaraðila hafi verið gagnvart sóknaraðila, hvenær hún hafi verið lögð fram eða hvenær varnaraðili hafi hafnað henni. Sóknaraðili bendir á að hann hafi lagt fram tölvupóstsamskipti og vísað til þeirra í kvörtuninni. Þar sjáist glöggst að sóknaraðili hafi ítrekað gert sömu og svipaðar kröfur á hendur varnaraðila og gerðar séu í kvörtun til nefndarinnar, án fullnægjandi viðbragða frá varnaraðila. Ljóst sé að uppfyllt sé það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar að ekki hafi tekist að leysa málið með sátt.

Bendir sóknaraðili á að varnaraðili beri fyrir sig að óvissa ríki um þessa samninga og beðið sé úrlausnar dómstóla um ýmis ágreiningsefni. Sóknaraðili fær ekki séð að þessi málsástæða leiði til þess að vísa beri kröfum sóknaraðila frá nefndinni, líkt og varnaraðili haldi fram. Engin þeirra greina samþykkt nefndarinnar sem varnaraðili vísi til leiði til þess að nefndin geti ekki úrskurðað um ágreining sem dómstólar hafi ekki fjallað um samkvæmt einhliða mati fjármálafyrirtækja. Slík niðurstaða myndi leiða til þess að fjármálafyrirtæki gætu fengið öllum kvörtunum viðskiptamanna sinna vísað frá nefndinni með því að bera þessa málsástæðu fyrir sig.

Vísar sóknaraðili til þess að dómstólar hafi fjallað um ágreiningsefnið með skýrum hætti, líkt og gerð sé grein fyrir í kvörtun sóknaraðila til nefndarinnar. Hins vegar verði ekki fram hjá því litið að þetta ágreiningsefni tilheyri efnishlið málsins.

Sóknaraðili telur kröfugerð sína afar skýra. Gerð sé krafa um að nefndin úrskurði að varnaraðila beri að endurreikna höfuðstól tiltekinna kaupleigusamninga sóknaraðila. Síðari málsgrein kröfunnar lúti að þeim forsendum sem miða beri endurútreikninginn við í samræmi við dóma Hæstaréttar í málum nr. 464/2012 og 50/2013. Vísar sóknaraðili til úrskurðar úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 15/2012 þar sem sambærilegar kröfur hafi hlotið efnismeðferð.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili telji að hafna beri kröfu sóknaraðila þar sem „krafa sóknaraðila miðast [...] ekki við [...] fullnaðarkvittanir“. Þetta kveður sóknaraðili rangt. Krafa sóknaraðila lúti einmitt að því að samningarnir verði endurreiknaðir miðað við að hann hafi fullnaðarkvittanir undir höndum fyrir þær vaxtagreiðslur sem hann hafi innt af hendi samkvæmt einhliða fyrirmælum varnaraðila.

Sóknaraðili bendir á að kröfugerð hans feli ekki í sér að nefndin endurreikni samningana eða kveði á um það hvaða greiðslur sóknaraðila hafi falið í sér fullnaðarkvittanir. Kröfugerðin beinist að því að varnaraðila verði gert að endurreikna samningana í samræmi við tiltekin dómafordæmi. Að fengnum slíkum úrskurði megi takast á um það fyrir hvaða greiðslur sóknaraðili hafi fullnaðarkvittanir.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili endurtaki í athugasemdum sínum sjónarmið um að rétt sé að bíða eftir niðurstöðu dómsmála sem rekin séu fyrir dómstólum. Varnaraðili hafi hins vegar ekki tilgreint nein slík mál eða hvenær niðurstöðu sé að vænta. Raunveruleiki sé að varnaraðili hafi einfaldlega tekið þá ákvörðun að aðhafast ekkert til að réttlæta hlut sóknaraðila vegna ólögþráttar gengistryggingar kaupleigusamninga. Sú málsástæða að rétt sé að bíða eftir ótilgreindum fordæmum sé ekkert annað en fyrirsjáttur og tilraun til að komast undan skyldum sem varnaraðili beri gagnvart sóknaraðila sem fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðili vísar til þess að þeir dómur sem þegar hafi gengið hafi falið í sér fullnægjandi dómafordæmi þess efnis að varnaraðila beri að endurreikna kaupleigusamninga sína við sóknaraðila. Varðandi þau rök varnaraðila að ekki sé ljóst hvort vanskil hafi áhrif á fullnaðarkvittanir sé ítrekað að nefndinni verði ekki falið að endurreikna samninga aðila og kröfugerð sóknaraðila feli ekki í sér slíka beiðni. Einungis sé þess farið á leit að nefndin kveði á um skyldu varnaraðila til að rétta hlut sóknaraðila. Að fengnum úrskurði þess efnis geti varnaraðili gefið út bráðabirgðaútreikning þar sem miðað verði við að vanskil ógildi fullnaðarkvittanir fyrir einstökum greiðslum. Sem fyrr segi sé hægt að takast á við um endurreikning varnaraðila að því búnu.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili geri athugasemdir við þá útreikninga sem sóknaraðili hafi lagt fram með kvörtun sinni. Það skuli ítrekað að ekki sé gerð krafa um að nefndin kveði á um rétta stöðu samninganna í krónum og aurum talið. Útreikningar sóknaraðila gegni því hlutverki að sýna þá hagsmuni sem hann hafi af úrlausn málsins. Það dugi einfaldlega ekki lengur að varnaraðili komist upp með að neita honum um uppgjör í samræmi við gildandi rétt. Það beri líka að athuga að varnaraðili hafi ekki lagt fram sína tillögu að útreikningum í samræmi við nefnd dómafordæmi. Þar til varnaraðili hafi lagt fram sína aðferðafræði hafi gagnrýni hans á aðferð sóknaraðila lítið vægi. Í þessari málsástæðu kristallist grundvöllur málsins. Varnaraðili hafi ekki áhuga á því að málefni sóknaraðila hljóti sanngjörn úrslit, heldur dragi ágreiningsmál viðskiptamanna eins og kostur sé, einblíni á formsatriði og

gagnrýni á einstök atriði í málatilbúnaði viðskiptamanns í stað þess að leggja sjálfur fram tillögur að sanngjörnum málalokum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni með vísan til 5. og 6. gr., sbr. 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Til vara krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að það sé skýrt skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi áður hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. samþykktu nefndarinnar.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili geri ekki grein fyrir því í kvörtun sinni hvers eðlis krafa sóknaraðila hafi verið gagnvart varnaraðila, hvenær meintri kröfu hafi verið beint að varnaraðila eða hvenær varnaraðili hafi hafnað henni. Þegar af þeim ástæðum beri að vísa kröfum sóknaraðila frá nefndinni með vísan til 5. og 6. gr. sbr. 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Vísar varnaraðili til þess að í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 471/2010 og setningar laga nr. 151/2010 um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl. hafi varnaraðili tekið ákvörðun um að endurreikna alla gengistryggða kaupleigusamninga, þ.á.m. þá samninga sem sóknaraðili telji upp í kröfugerð sinni. Hafi endurreikningarnir verið í samræmi við þá línu sem gefin hafi verið í fyrrgreindum dómum og ákvæði fyrrgreindra breytingarlaga.

Bendir varnaraðili á að síðan þá hafi fallið dómar í öðrum málum er varði kaupleigusamninga fjármálafyrirtækja, þ.á.m. mál sem varði svokallaðar fullnaðarkvittanir. Séu þetta dómar Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013. Í öllum þessum málum sé rakin sú meginregla kröfuréttarins að kröfuhafi, sem fengið hafi minna greitt en hann hafi rétt til í lögskiptum aðila, eigi viðbótarkröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt hafi verið. Þá hafi verið gerð grein fyrir undantekningu frá þeirri reglu þess efnis að fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrðum uppfylltum valdið því að hann glati frekari kröfu. Í niðurstöðukafla dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012 megi sjá að eitt veigamesta atriði sem rétturinn hafi lagt til grundvallar þegar metið sé hvort réttlæt看legt sé að beita áðurnefndri undantekningarreglu, hafi verið það hvort fjárhæð viðbótarkröfu um vexti væri umtalsverð en rétturinn hafi talið svo vera í báðum tilvikum en í umræddum málum hafi verið um að ræða kaupleigusamninga til lengri tíma sem séu ekki alls kostar sambærilegir þeim samningum sem sóknaraðili vísi til í kröfugerð sinni.

Bendir varnaraðili á að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 464/2012 séu gefnar ákveðnar leiðbeiningar um hvernig beri að reikna hlutfall viðbótarkröfunnar. Sé tekið mið af umræddri reikniáferð komi í ljós að styttri samningar eða sambærilegir og þeir sem hér séu til umfjöllunar hafi borið með sér hlutfall sem geti ekki talist umtalsvert og hafi oft á tíðum verið neikvætt. Í dómi héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2657/2011 hafi þessi skilningur á niðurstöðum fyrri dóma verið staðfestur og talið að þar sem hlutfall viðbótarkröfunnar hafi ekki getað talist umtalsvert og leiddi ekki til verulegrar röskunar á fjárhagslegum hagsmunum stefnanda þá gæti

undantekningar-reglan um gildi fullnaðarkvittana ekki komið í veg fyrir að stefndi gæti krafist stefnanda um viðbótargreiðslur fyrir liðna tíð.

Vísar varnaraðili til þess að með dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 hafi Hæstiréttur þó breytt niðurstöðu héraðsdómsins og talið að vegna aðstöðumunar aðila málsins þá stæði það fjármálafyrirtækinu nær að bera áhættu af þeim aðstæðum sem leitt hefðu til þess að vextirnir hefðu verið vangreiddir. Í umræddu máli sé þó ekki tekið af skarið um hvaða útreikningsaðferðum beri að beita enda hafi fjárkröfu áfrýjanda í málinu verið hafnað á þeim grundvelli að virða yrði lögskipti aðila sem eina heild og að af gögnum málsins hafi verið ljóst að áfrýjandi hafi ekki að öllu samanlögðu ofgreitt af skuld sinni á þessu tímabili.

Af öllu ofangreindu telur varnaraðili ljóst að mikil óvissa hafi ríkt um útreikningsaðferðir í þessum málum en þess beri að geta að niðurstaða úr dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 hafi ekki legið fyrir fyrr en 30 maí sl. Þá liggja enn ekkert fyrir um hvort greiðsludráttur hafi áhrif á gildi fullnaðarkvittana og ýmislegt fleira. Enn séu mál í gangi fyrir dómstólum sem skeri vonandi úr um þessa óvissuþætti málsins.

Varnaraðili bendir á að þrátt fyrir þá óvissu sem enn ríki í þessum málum þá hafi varnaraðili tekið ákvörðun um að hefja endurreikninga á sambærilegum samningum og legið hafi til grundvallar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013. Þetta hafi fyrst komið fram í tilkynningu varnaraðila þann 3. júní sl. og með frekari útskýringum þann 2. september sl. Í umræddum tilkynningum sé nánari grein gerð fyrir því til hvaða samninga verði horft fyrst, en það séu samningar sem hafi verið með gengisviðmiði þar sem festa sé komin á framkvæmd samnings, hann óbreyttur frá upphafi og greiðslur verið í skilum. Því næst komi til leiðréttingar í þeim tilvikum og á þann hátt sem við eigi, samningar með breyttum skilmálum sem hafi alltaf verið í skilum. Þá sé í tilkynningunni ennfremur áréttað að beðið sé frekari dómafordæma áður en hægt verði að meta endanleg áhrif á samninga félagsins, m.a. sem reyni á gildi fullnaðarkvittana við ýmsar aðstæður, s.s. við vanskil o.fl.

Vísar varnaraðili til þess að mikil óvissa hafi ríkt og ríki enn um þessa samninga og beðið sé úrlausna dómstóla um þau ágreiningsefni sem enn ríki óvissa um. Varnaraðili hafi ítrekað bent sóknaraðila á þessa stöðu mála eins og sjá megi á þeim samskiptum sem sóknaraðili hafi lagt fram með kvörtun sinni. Hafi varnaraðili því ætíð svarað fyrirspurnum sóknaraðila hvað endurreikninga samninganna varði og bent á að beðið sé niðurstöðu úr dómsmálum er varði umrædd ágreiningsefni. Hafi því ekki komið til að fyrirspurnum hafi verið hafnað og beri af þeim ástæðum að vísa kröfum sóknaraðila frá nefndinni með vísan til 5. og 6. gr., sbr. 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili bendir ennfremur á að kröfugerð sóknaraðila sé afar óljós og kvörtunin í heild sinni illa upplýst enda láti sóknaraðili hjá líða að skila inn stöðluðu málskotseyðublaði nefndarinnar en leggi þess í stað fram greinargerð þar sem ekki sé fjallað um nauðsynlega þætti varðandi forsendur fyrir umfjöllun nefndarinnar.

Vísar varnaraðili til þess að krafa sóknaraðila sé á þá leið að höfuðstólar tiltekinna kaupleigusamninga M verði endurreiknaðir út frá þeirri forsendu að þeir séu tengdir gengi erlendra gjaldmiðla og að við endurútreikninginn verði miðað við þá vexti sem upprunalega hafi verið um samið og raunverulega hafi verið greiddir, en ekki aðra vexti, t.d. vexti Seðlabanka Íslands skv. 1. málsl. 4. gr. laga nr. 38/2001, sbr. lög 151/2010. Í málsatvikum sé því svo lýst að eftir uppkvaðningu dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 hafi sóknaraðili krafist þess að kaupleigusamningar hans við varnaraðila yrðu endurreiknaðir í samræmi við að höfuðstóll þeirra væri

óverðtryggður. Þá segi þar enn fremur að aðilar hafi jafnframt deilt um lögmæti þess að endurreikna þegar greiddar vaxtagreiðslur aftur í tímann. Í málsatvikum sé einnig fjallað um fjármögnunarleigusamninga milli sóknar- og varnaraðila og að réttarágreiningi vegna þeirra hafi verið vísað til héraðsdóms Reykjavíkur. Haldi sóknaraðili því fram í því sambandi að varnaraðili muni ekki aðhafast um endurreikning í ágreiningsmálum sóknaraðila nema að fengnum úrskurðar- eða dómsorðum þar um en varnaraðili hafi hins vegar lýst yfir riftun fjármögnunarleigusamninganna. Af þessum sökum segi sóknaraðili sér nauðsynlegt að kvarta til úrskurðarnefndarinnar yfir viðskiptaháttum varnaraðila.

Varnaraðili telur að eins og sjá megi af ofangreindu sé afar erfitt að glöggva sig á í hverju kvörtun sóknaraðila felist nákvæmlega. Sé með öllu óljóst hvort sóknaraðili sé að krefjast endurreiknings á þegar endurreiknuðum samningi, endurreiknings á vöxtum gegn ákvæðum settra laga, undanþágu frá meginreglu kröfuréttar í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 600/2011, hvort hann sé að kvarta yfir riftun varnaraðila á fjármögnunarleigusamningum sem þegar séu til umfjöllunar hjá dómstólum eða almennt yfir viðskiptaháttum varnaraðila.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi enn fremur lagt fram fjöldann allan af skjölum sem í fyrsta lagi hafi ekki fylgt með eintaki varnaraðila í kvörtun sóknaraðila og í öðru lagi virðist megnið af skjölunum ekki varða kvörtun sóknaraðila. Þetta hafi gert varnaraðila afar erfitt um vik að svara umræddri kvörtun enda hafi hann þurft að byrja á að verða sér út um þau gögn sem hann hafi ekki fengið afhent með kvörtuninni og að því loknu reyna að koma þeim heim og saman við kvörtun sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili geri kröfu um að úrskurðað verði að varnaraðila beri að endurreikna höfuðstól samtals átta þar tilgreindra kaupleigusamninga. Í kvörtun sinni fjalli sóknaraðili þó einungis um einn samning af þessum átta, þ.e. samning nr. Y. Þessi nálgun sóknaraðila sé afar villandi enda sé það rangt sem hann haldi fram í kvörtun sinni að sömu sjónarmið eigi við um alla samningana. Þannig sé um að ræða samninga frá mismunandi tímabilum sem hafi að geyma mismunandi ákvæði. Þá geti enn fremur skipt máli hvort samningur hafi verið uppgreiddur fyrir upphaflegan endurútreikning í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 153/2010 en í þeim efnum vísist m.a. til tilkynningar varnaraðila frá 2. september sl.

Varnaraðili bendir á að í kvörtuninni sé einnig vísað til ýmissa fylgiskjala sem séu númeruð frá 17-25 en varnaraðili hafi ekki fengið fylgiskjöl 17-25 afhent, hann hafi hins vegar fengið afrit af fylgiskjali nr. 37 sem hann hafi komist að á síðari stigum að væru líklegast samhljóða fylgiskjölum nr. 17-25 þótt hann hafi enga staðfestingu þar um. Af þessum sökum hafi varnaraðili þurft að eyða ómældum tíma í að verða sér út um, fara yfir og stemma af umrædd fylgiskjöl.

Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili geri kröfu um að höfuðstóll samninganna verði endurreiknaður og að við endurreikninginn verði miðað við samningsvexti. Í málsástæðum miði sóknaraðili hins vegar við að samningarnir verði endurreiknaðir í samræmi við dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013. Þetta skjóti óneitanlega skökku við þar sem umræddir dómur geri ekki ráð fyrir að samningarnir séu endurreiknaðir miðað við samningsvexti heldur sé einungis fjallað um þá undantekningarreglu frá meginreglu kröfuréttar að fullnaðarkvittun geti að vissum skilyrðum uppfylltum valdið því að kröfuhafi glati rétti sínum til frekari kröfu vegna vangreiðslna á samningum. Kæmu nýir útreikningar því til með að taka mið af þeim fullnaðarkvittunum sem sóknaraðili geti sýnt fram á að hann hafi undir höndum.

Jafnframt bendir varnaraðili á að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 sé vikið frá þeim útreikningsaðferðum sem legið hafi til grundvallar í fyrri málum. Þá beri enn fremur að benda á að sú aðferð sem sóknaraðili telji að beita eigi um útreikninga samninganna sé sú sama og byggt hafi verið á í dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 og Hæstiréttur hafi ekki fallist á. Það sé því ljóst að sóknaraðili sé sjálfur í óvissu um hvernig haga beri umræddum útreikningum.

Af öllu ofangreindu telur varnaraðili ljóst að kröfugerð sóknaraðila sé svo óljós og illa upplýst í heild sinni að hún uppfylli engan veginn lágmarkskröfur um skýrleika, skv. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina. Beri af þeim ástæðum að vísa málinu frá nefndinni.

Til stuðnings varakröfu sinni vísar varnaraðili til þess að krafa sóknaraðila eigi ekki við nokkur rök að styðjast. Engin fordæmi séu fyrir slíkum endurreikningum og hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á nein rök þess efnis að endurreikna beri samningana með þessum hætti. Þau rök og dómafordæmi sem sóknaraðili vísi til í kvörtun sinni eiga öll við um þá undantekningarreglu frá meginreglu kröfuréttar að fullnaðarkvittun geti að vissum skilyrðum uppfylltum valdið því að kröfuhafi glati rétti sínum til frekari kröfu vegna vangreiðslna á samningum. Ætti krafa sóknaraðila því að miðast við þær fullnaðarkvittanir sem hann gæti sýnt fram á að hann hefði undir höndum. Krafa sóknaraðila miðist hins vegar ekki við slíkar fullnaðarkvittanir og hafi hann enn fremur ekki sýnt fram á að hann hafi slíkar kvittanir undir höndum. Beri þegar af þessum ástæðum að hafna kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að ríkt hafi mikil óvissa um endurreikninga þeirra samningsforma sem hér séu til umfjöllunar. Sé hér ítrekað það sem fram komi í tilkynningu varnaraðila frá 2. september að varnaraðili hafi þegar hafið endurreikninga á þeim samningum sem falli að forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 50/2013.

Áréttar varnaraðili að nú séu rekin mál sem skera eigi úr um þau ágreiningsefni sem út af standi. Meðal annars sem varði áhrif vanskila á fullnaðarkvittanir o.s.frv.

Bendir varnaraðili á hvað samninga sóknaraðila varði þá sé um að ræða greiðsludrátt á flestum gjalddögum leigugreiðslna samninganna. Komi því áfallnir dráttarvextir og í mörgum tilfellum innheimtukostnaður til viðbótar við leigugreiðslur samninganna. Sé því ekki samræmi á milli greiðsluseðla varnaraðila og greiðslna sóknaraðila og því óljóst hvaða áhrif það hafi á gildi fullnaðarkvittana eða útreikninga samninganna. Áfallna dráttarvexti og innheimtukostnað megi sjá á öllum endurreikningum samningsins.

Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi á engan hátt sýnt fram á með hvaða hætti endurreikna eigi umrædda samninga. Þá geri sóknaraðili engan greinarmun á samningum sem hafi verið uppgreiddir fyrir upphaflegan endurreikning samninganna en önnur sjónarmið gildi um þá samninga, sbr. tilkynning varnaraðila frá 2. september. Enn fremur geri hann hvorki grein fyrir þeim greiðsludrætti sem orðið hafi á leigugreiðslum samninganna né þeim mismun sem sé á greiðsluseðlum varnaraðila og greiðslu sóknaraðila en engin fordæmi liggi fyrir um gildi fullnaðarkvittana þegar um vanskil á samningum sé að ræða.

Varnaraðili telur að með hliðsjón af framangreindu og þar sem sóknaraðili hafi ekki lagt fram nein rök eða fordæmi þess efnis að reikna beri samninga hans samkvæmt þeim forsendum sem hann setji fram í kröfu sinni beri að hafna kröfum sóknaraðila.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili haldi því fram að hann eigi rétt á mismun tveggja fjárhæða samkvæmt upphaflegum endurreikningi sammingsins, þ.e. fjárhæðar skv. dálknum „Vextir skldf“ og dálknum „Vaxtahlut“, eða samtals kr. 1.096.084, ásamt dráttarvöxtum frá viðmiðunardagsetningu útreikningsins.

Telur varnaraðili ljóst að umræddur útreikningur sé í engu samræmi við kröfugerð sóknaraðila, í engu samræmi við dómafordæmi og eigi í raun ekki við nokkur rök að styðjast. Beri því ennfremur að hafna kröfum sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi á kaupleigusamningum sóknaraðila nr. X, Y, Z, Þ, Æ, Ö, R og S hjá varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði vísað frá á grundvelli 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Þann 15. febrúar 2012 óskaði sóknaraðili eftir því við starfsmann varnaraðila að hann hlutaðist til um að sóknaraðili fengi sem fyrst leiðréttingu á kaupleigusamningum í samræmi við dóm Hæstaréttar sem féll þann dag, varðandi vaxtaútreikning aftur í tímann. Starfsmaður varnaraðila kvað allt á frumstigi og að margt væri óljóst, en einhver tími væri í að niðurstaða lægi fyrir. Í framhaldinu óskaði sóknaraðili eftir því að fá að vera snemma í ferlinu. Nokkur tölvupóstsamskipti áttu sér stað á milli sóknaraðila og varnaraðila í framhaldinu.

Í ljósi framangreindra samskipta aðila máls þessa verður ekki hjá því komist að hafna kröfu varnaraðila um að vísa málinu frá nefndinni á grundvelli 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, enda liggur fyrir að sóknaraðili hafi borið mál sitt upp við varnaraðila, en ekki hafi tekist að leysa það.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur engar heimildir til að vísa máli frá á þeim grundvelli að réttaróvissa ríki um málið en verður þvert á móti að leysa úr því á grundvelli fyrirbyggjandi réttarheimilda. Er því hafnað kröfu varnaraðila um að vísa málinu frá á þeim grundvelli.

Ekki er fallist á að vísa máli sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni með vísan til þess að mál sóknaraðila sé til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms, sbr. d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Af kvörtun sóknaraðila verður ráðið að mál það sem rekið er fyrir héraðsdómi Reykjavíkur varði fjármögnunar- eða eignaleigusamninga sóknaraðila en ekki kaupleigusamninga þá er mál þetta varðar.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Í e-lið 6. gr. samþykktanna kemur fram að nefndin fjalli ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Nefndin leggur þann skilning í kröfu sóknaraðila að hann krefjist þess að úrskurðað verði að varnaraðila beri að endurreikna höfuðstól umræddra kaupleigusamninga og að við þann endurútreikning verði lagt til grundvallar að varnaraðili geti ekki gert viðbótarkröfur vegna gjalddaga sem sóknaraðili hafi fullnaðarkvittanir fyrir. Enda þótt kröfugerðin hefði getað verið skýrari, telur nefndin

að þessi skilningur hafi komið fram með skýrum hætti í málatilbúnaði sóknaraðila og málatilbúnaður varnaraðila tekið mið af honum.

Í máli þessu gerir sóknaraðili enga tilraun til að fjalla um sjö þeirra kaupleigusamninga sem kröfur hans lúta að eða færa rök fyrir kröfum sínum varðandi þá. Þvert á móti fjallar hann einungis um einn þeirra átta kaupleigusamninga. Í ljósi heildarmats Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012, 50/2013 og 337/2013 og þess að krafa sóknaraðila lýtur að undantekningu frá meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum aðila eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er, verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá á grundvelli þess að mál þetta sé óljóst og illa upplýst, sérstaklega varðandi kröfur um endurreikning kaupleigusamninga nr. X, Z, Þ, Æ, Ö, R og S, sbr. e-lið 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðili fjallar í kvörtun sinni um kaupleigusamning nr. Y. Varnaraðili gerði athugasemdir við það að sóknaraðili hafi fullnaðarkvittanir fyrir greiðslum af samningnum undir höndum. Sóknaraðili svaraði því til í athugasemdum við greinargerð varnaraðila að kröfugerðin beindist að því að varnaraðila yrði gert að endurreikna samninga í samræmi við tiltekin dómafordæmi. Að fengnum slíkum úrskurði mætti takast á um það fyrir hvaða greiðslum sóknaraðili hefði fullnaðarkvittanir.

Eins og að framan er rakið byggja dómur Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012, 50/2013 og 337/2013 á því að það sé meginregla í kröfurétti að kröfuhafi sem fengið hafi minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum aðila eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Í dómunum er byggt á því að frá meginreglunni séu undantekningar m.a. um að fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að kröfuhafi glati frekari kröfu, en tilkalli hans um viðbótargreiðslu af þeim sökum verði þó einungis hafnað við sérstakar aðstæður.

Af framansögðu er ljóst að fyrir verða að liggja fullnaðarkvittanir fyrir greiðslum svo vikið verði frá framangreindri meginreglu í sérstökum aðstæðum. Sóknaraðili hefur enga tilraun gert til að sýna fram á að hann hafi undir höndum fullnaðarkvittanir, gegn andmælum varnaraðila, en telur þvert á móti að úrskurða beri endurreikning en síðan megi takast á um fyrir hvaða greiðslum sóknaraðili hafi fullnaðarkvittanir. Er það ekki í samræmi við framangreind fordæmi Hæstaréttar þar umfang viðbótarkröfu er eitt þeirra atriða sem skiptir máli við matið á því hvort réttur til endurreiknings á grundvelli fullnaðarkvittana sé yfir höfuð fyrir hendi.

Samkvæmt framansögðu liggur ekki fyrir hvort sóknaraðili hafi fullnaðarkvittanir fyrir greiðslum samkvæmt kaupleigusamningi Y. Þá liggur ekki fyrir hvort önnur skilyrði sem kveðið er á um að uppfylla verði svo vikið verði frá framangreindri meginreglu, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012, 50/2013 og 337/2013, séu uppfyllt.

Í ljósi framangreinds er mál sóknaraðila varðandi kaupleigusamning nr. Y svo óljóst og illa upplýst að ekki verður hjá því komist að vísa kröfu hans frá úrskurðarnefndinni, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 13. desember 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 15. nóvember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 68/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 25. júlí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 24. júlí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. júlí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 29. ágúst 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. ágúst 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 22. september 2013. Athugasemdir sóknaraðila voru sendar varnaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. október 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi, dagsettu 28. október 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 15. nóvember 2013.

II.

Málsatvik.

Í maí 2012 leituðu sóknaraðili og eiginkona hans til umboðsmanns viðskiptavina hjá varnaraðila vegna skuldbindinga sinna við bankann. Áður höfðu þau verið í viðskiptum við FF. Var þeim bent á ýmis úrræði, t.d. að gera frjálsa nauðasamninga við varnaraðila eða sækja um heimild til sértækrar skuldaaðlögunar. Sóknaraðili lagði fram beiðni um ítarlegt stöðumat í árslok 2012 og lá niðurstaða fyrir í lok apríl 2013. Var beiðni sóknaraðila um sértæka skuldaaðlögun synjað, á grundvelli óljósra tekna og óljósrar eignastöðu, en að sögn varnaraðila ríkti mikil óvissa um eignarhald á einkahlutafélaginu A.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 24. júlí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að bankinn standi við áður gefið loforð um frjálsa nauðasamninga.

Í athugasemdum sínum við greinargerð varnaraðila krefst sóknaraðili þess að bankinn heimili honum og eiginkonu hans að fara í sértæka skuldaaðlögun einstaklinga. Þá óskar sóknaraðili álits nefndarinnar á því hvort varnaraðili hafi brotið þagnarskyldu 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með því að sækja upplýsingar um fjárhagsstöðu og útprentanir á bankareikningi.

Sóknaraðili kveðst hafa verið kallaður á fund með varnaraðila þann 3. maí 2012 til að fá niðurstöður lánanefndar um skuldamál hans og féлага í eigu eiginkonu hans. Á fundinum hafi verið B, útibússtjóri, C, lögfræðingur og D, lánastjóri. Á fundinum hafi komið fram að bankinn legði til að gerðir yrðu frjálsir nauðasamningar við sóknaraðila með fyrirvara um að E og G gerðu hið sama. Nokkrum dögum síðar hafi sóknaraðili átt fund ásamt lögmanni sínum, H, með B þar sem farið hafi verið yfir skuldamál hans og féлага í eigu eiginkonu hans. Á þeim fundi hafi B ítrekað að bankinn vildi fara í frjálsa nauðasamninga við sóknaraðila. Í september 2012 hafi náðst frjálsir nauðasamningar við E og G þar sem fyrir hafi legið loforð varnaraðila um að gera hið sama. Í kjölfarið hafi sóknaraðili óskað eftir því að varnaraðili efndi gefið loforð um það sama. Umboðsmaður viðskiptavina bankans hafi þá tekið við máli hans og hafi viljað setja það í umsóknarferli um sértæka skuldaaðlögun en með því ferli hafi sóknaraðili getað haldið heimili sínu og bifreið. Þann 22. apríl 2013 hafi umboðsmaður viðskiptavina hafnað umsókn um sértæka skuldaaðlögun og frjálsa nauðasamninga vegna óvissu um eignastöðu og hafi vísað í veðsettar eignir í einkahlutafélagi í eigu eiginkonu. Bankinn virðist því líta svo á að sóknaraðili eigi umræddar eignir félagsins þar sem hann sitji í stjórn þess. Með svarbréfi þann 18. júní 2012 hafi sóknaraðili gert bankanum grein fyrir tilkomu umræddra eigna sem veðsettar séu fyrir skuldum hans við móður sína. Eiginkona sóknaraðila hafi átt umrætt einkahlutafélag undanfarin ár og sé sóknaraðili í stjórn þess. Hvorki eiginkona sóknaraðila né umrætt einkahlutafélag skuldi varnaraðila. Með svarbréfi umboðsmanns viðskiptavina, dags. 28. júní 2013, hafni lánanefnd umræddum rökstuðningi án nokkurs rökstuðnings. Svo virðist sem bankinn vilji ekki efna gefin loforð um frjálsa nauðasamninga vegna eigna sem veðsettar séu öðrum en honum. Svo virðist sem tilfinningasemi ráði för frekar en faglegur rökstuðningur enda varla um neinn slíkan rökstuðning að ræða.

Sóknaraðili bendir á að í svarbréfi varnaraðila komi fram að ekki sé að finna í neinum bókum bankans loforð um frjálsa nauðasamninga og enn síður sé vitað að starfsmenn bankans hafi komið skilaboðum þar að lútandi til sóknaraðila. Sóknaraðili telur að um rangar staðhæfingar af hálfu varnaraðila sé að ræða. Hugsanlegt sé að varnaraðili sé að staðhæfa um atburði eftir apríl 2013, þegar niðurstaða um sértæka skuldaaðlögun hafi legið fyrir.

Varðandi sértæka skuldaaðlögun vísar sóknaraðili til þess að í bréfi varnaraðila komi fram að sóknaraðila hafi verið synjað um samning um sértæka skuldaaðlögun á grundvelli óljósra tekna og óljósrar eignastöðu og sé vísað í einkahlutafélagið A í því sambandi. Einnig sé vísað í að þeir einir hafi fengið samþykka skuldaaðlögun sem hafi haft óverulegar tekjur af atvinnurekstri eða honum lokið.

Sóknaraðili hafnar túlkun bankans um óljósa eignastöðu að því er varðar A. A sé í eigu eiginkonu sóknaraðila en ekki móður hans. Hins vegar sé félagið og eignir þess veðsettar fyrir skuldum hjónanna við móður sóknaraðila. Eignir félagsins séu um 15 milljónir króna en skuld hjónanna við móður sóknaraðila sem tekin hafi verið í árslok 2009 sé 26 milljónir króna. Ekkert óljóst sé við þetta og hvergi komi fram í samkomulagi um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga að ekki sé heimilt að veðsetja eignir fyrir skuldum við aðra en fjármálafyrirtæki. Bankar hafi ekki einkaleyfi á að fá tryggingar fyrir lánnum sínum. Aðrar fjármálastofnanir sem sóknaraðili og eiginkona hans hafi samið við hafi ekki gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag. Þó að á reikningsyfirliti A komi fram hreyfingar inn og út á nöfnum sóknaraðila og eiginkonu hans hafi það ekkert með málið að gera og bankanum óviðkomandi hvaða viðskipti þau hafi við umrætt félag en umrætt yfirlit sé tekið án leyfis sóknaraðila og eiginkonu hans.

Sóknaraðili mótmælir alfarið tilvísun bankans til 4. mgr. 5. gr. samkomulagsins þannig að aðilar sem hafi tekjur af atvinnurekstri geti ekki fengið samþykka skuldaaðlögun. Slík mismunun geti aldrei staðist og sé fráleitt að hafna skuldaaðlögun vegna þessa. Rekstrarform skuldara eigi ekki að skipta máli nema það komi sérstaklega fram í samkomulaginu sem það geri ekki.

Sóknaraðili kveður það mat ráðgjafa og lögmanna hans og eiginkonu hans að starfsmenn bankans hafi brotið þagnarskyldu 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með því að sækja upplýsingar og útprentanir á bankareikningi eins og þeirri sem fylgi svarbréfi bankans þann 2. ágúst 2013. Bankinn hafi ekki óskað eftir því frá stjórnendum A að fá umræddar upplýsingar heldur sótt þær að eigin frumkvæði til að misnota í deilum aðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga, dags. 22. desember 2010, hafi verið gert af samtökum fjármálafyrirtækja á grundvelli 2. gr. laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Með úrræðinu sértæk skuldaaðlögun fallist kröfuhafar einstaklings á eftirgjöf krafna, hlutfallslega lækkun þeirra eða gjaldfrest á þeim samkvæmt sérstökum samningi hlutaðeigandi þar um, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Í 2. gr. sé fjallað um markmið sértækrar skuldaaðlögunar sem sé að einstaklingar í alvarlegum greiðsluvanda geti fengið skilvirka og varanlega lausn, þar sem skuldir og eignir séu lagaðar að greiðslugetu, á grundvelli einkaréttarlegs samkomulags lántaka og fjármálastofnana án aðkomu dómstóla.

Vísar varnaraðili til þess að í 7. gr. komi fram þau gögn sem lántaka og maka hans beri að afhenda áður en beiðni um sértæka skuldaaðlögun sé tekin til meðferðar. Þau gögn sem um ræði séu m.a. staðfest skattframtöl síðustu þriggja ára, launaseðlar síðustu 6 mánaða, upplýsingar um eignir og skyldur og mánaðarlega greiðslubyrði af þeim, þinglýsingarvottorð fasteigna og bifreiða.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðila hafi verið synjað um samning um sértæka skuldaaðlögun á grundvelli óljósra tekna og óljósrar eignastöðu, sbr. 7. gr. samkomulagsins en óskað hafi verið eftir upplýsingum um félagið A. Sóknaraðili sé

skráður eigandi hlutafjár í félaginu og sjá megi margar millifærslur af reikningi félagsins inn á reikning sóknaraðila og eiginkonu hans. Sóknaraðili haldi því hins vegar fram að félagið sé í eigu móður hans. Sökum þessarar óvissu hafi ekki legið fyrir nægileg gögn til að sýna fram á rétta eignastöðu sóknaraðila. Þá sé einnig vísað til 4. mgr. 5. gr. samkomulagsins. Verði ákvæðið ekki túlkað öðruvísi en svo að einungis í undantekningartilvikum komist þeir sem hafi tekjur af atvinnurekstri í skuldaaðlögun. Framkvæmdin hafi orðið sú að þeir einir hafi fengið samþykka skuldaaðlögun sem hafi haft óverulegar tekjur af atvinnurekstri eða honum lokið.

Varnaraðili bendir á að í kjölfar synjunarinnar hafi sóknaraðili haldið því fram að varnaraðili hefði lofað honum frjálsum nauðasamningum. Ekki sé að finna neina bókun um slík loforð hjá varnaraðila og enn síður sé vitað til að starfsmenn varnaraðila hafi komið skilaboðum þar að lútandi til sóknaraðila.

Bendir varnaraðili á að frjáls (óformlegur) nauðasamningur verði skilgreindur sem einstaklingsbundinn samningur við hvern lánardrottinn, sem verði aldrei bundinn af viðhorfum annarra til sambærilegs samningsboðs skuldarans. Í raun sé um að ræða frjálsa samninga um skuldaskil eða eftirgjöf af skuldum sem gerðir séu utan við reglur laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Nauðasamningur sé því rangnefni en um þá sé fjallað í 27. gr. laga nr. 21/1991. Slíkur samningur verði að fá staðfestingu fyrir dómi og bindi lánardrottina án tillits til afstöðu þeirra til samningsins.

Varnaraðili vísar til meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi en ljóst sé að ekki sé hægt að þvinga fjármálastofnun til samningsgerðar við viðskiptavin.

Vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 455/2011 máli sínu til stuðnings.

Varnaraðili ítrekar að ekki liggi fyrir neinar bókanir frá lánanefndum bankans þess efnis að bjóða skuli sóknaraðila og eiginkonu hans einhvers konar frjálsa nauðasamninga. Sú lausn sem sóknaraðili vísi til vegna skuldbindinga sinna við varnaraðila hafi starfsmenn bankans aðeins lagt fram sem tillögu til úrlausnar en ekki hafi verið um að ræða loforð um tiltekið úrræði eða tiltekna niðurfærslu skulda. Þannig hafi aðeins verið mælt með því að sóknaraðili leitaði eftir óformlegum nauðasamningum við aðra kröfuhafa sína og seldi aðra tveggja fasteigna sinna. Tækist sóknaraðila þetta, skyldi varnaraðili taka stöðu sóknaraðila til nánari skoðunar. Hafi varnaraðili því átt eftir að afla frekri gagna og upplýsinga um fjárhagsstöðu sóknaraðila, s.s. varðandi tekjur sóknaraðila og eiginkonu hans. Að þeirri vinnu lokinni hefði varnaraðili þurft að óska eftir samþykki lánanefndar bankans til að ganga að samningum við sóknaraðila um úrlausn hans mála og mögulegar niðurfærslur skulda.

Varðandi kröfu sóknaraðila og eiginkonu hans um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga vísar varnaraðili til þess að bankinn hafi óskað eftir nánari upplýsingum um eignarhald og fjárhagsleg tengsl sóknaraðila við einkahlutafélagið A. Hafi fyrirbyggjandi gögn bent til þess að tekjur sóknaraðila væru töluvert hærri en hann vildi gefa upplýsingar um, einkum væri litið til tekna af rekstri framangreinds einkahlutafélags.

Bendir varnaraðili á að málatilbúnaður sóknaraðila hafi verið óljós hvað snúi að raunverulegu eignarhaldi A þar sem hann hafi í samskiptum sínum við varnaraðila ýmist sagt umrætt einkahlutafélag vera í eigu eiginkonu sinnar, I eða móður sinnar. Samkvæmt upplýsingum úr hlutafélagskrá CreditInfo Lánstrausts sé skráður eigandi félagsins J.

Sökum framangreindrar óvissu hafi ekki legið fyrir fullnægjandi gögn til að sýna fram á rétta eignastöðu og tekjur sóknaraðila. Hafnar varnaraðili því þeirri kröfu sóknaraðila að fá heimild til sértækrar skuldaaðlögunar einstaklinga, m.a. með vísan til 4. mgr. 10. gr. samkomulagsins.

Varðandi kröfu sóknaraðila um álit úrskurðarnefndarinnar um þá fullyrðingu að starfsmenn varnaraðila hafi brotið gegn þagnarskyldu sinni skv. 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki mælist varnaraðili til þess að þeim lið kvörtunarinnar verði vísað frá enda verði að telja að hann sé þess eðlis að heyri undir b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, þar sem hann feli ekki í sér kröfu sem metin verði til fjár.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að úrlausn á skuldavanda sóknaraðila. Sóknaraðili krefst þess að bankinn standi við áður gefið loforð um frjálsa nauðasamninga. Sóknaraðili krefst þess að bankinn heimili honum og eiginkonu hans að fara í sértæka skuldaaðlögun einstaklinga. Þá óskar sóknaraðili álits nefndarinnar á því hvort varnaraðili hafi brotið þagnarskyldu 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með því að sækja upplýsingar um fjárhagsstöðu og útprentanir á bankareikningi.

Í upphafi verður fjallað um kröfu sóknaraðila varðandi frjálsa nauðasamninga. Kvörtun sóknaraðila fylgdu ekki önnur gögn en tölvupóstar sem gengið höfðu á milli hans og umboðsmanns viðskiptavina bankans. Af þessum tölvupóstum og þeim gögnum sem varnaraðili hefur lagt fram verður ekki ráðið að varnaraðili hafi gefið sóknaraðila loforð um frjálsa nauðasamninga. Í ljósi þessa og meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi verður ekki fallist á með sóknaraðila að varnaraðila verði gert skylt að ganga til frjálstra nauðasamninga við sóknaraðila. Er kröfu sóknaraðila hafnað.

Því næst verður vikið að kröfu sóknaraðila um sértæka skuldaaðlögun. Sóknaraðili leggur fram kvörtun til úrskurðarnefndarinnar í eigin nafni en fer fram á sértæka skuldaaðlögun vegna sín og eiginkonu sinnar. Ekki liggur fyrir umboð frá eiginkonu sóknaraðila honum til handa til reksturs málsins fyrir úrskurðarnefndinni. Ekki liggur fyrir að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að eiginkona hans fái umsókn um sértæka skuldaaðlögun samþykktu, þrátt fyrir samband þeirra. Verður krafa af þessu tagi að stafa frá umsækjanda um sértæka skuldaaðlögun til að komast að fyrir nefndinni og verður kröfu sóknaraðila um sértæka skuldaaðlögun eiginkonu hans því vísað frá.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu verður fjallað um umsókn sóknaraðila sjálfs um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga sér til handa.

Þann 31. október 2009 tóku gildi lög nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Lögin féllu brott 31. desember 2012. Í 2. gr. laganna var kveðið á um það að í samningi milli kröfuhafa og skuldara um eftirgjöf skulda eða breytingu á skilmálum skuldabréfa og lánsamninga skyldi fyrst og fremst horfa til þess að laga skuldir að greiðslugetu og eignastöðu viðkomandi einstaklings eða heimilis. Skyldi miðað að því að hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila að því að gefa eftir tapaðar kröfur og komast

hjá óþarfa kostnaði og óhagræði. Þá var í ákvæðinu heimild fyrir eftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði til að móta með samkomulagi sín á milli samræmdar verklagsreglur um skuldaaðlögun sem giltu tímabundið. Þetta ákvæði lagði hins vegar ekki afdráttarlausa skyldu á kröfuhafa til að gefa eftir kröfur að uppfylltum skilyrðum.

Samtök fjármálafyrirtækja, fyrir hönd aðildarfélaga sinna, Íbúðalánasjóður og Landssamtök lífeyrissjóða, fyrir hönd aðildarfélaga sinna, Samband íslenskra sparissjóða og slitastjórn SPRON og slitastjórn Frjálsa fjárfestingarbankans gerðu með sér samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga. Reglurnar voru settar með hliðsjón af 2. gr. laga nr. 107/2009, sbr. 1. gr. reglnanna.

Í 7. gr. samkomulags um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga kemur fram að lántaka og maka hans beri að afhenda eftirfarandi gögn áður en beiðni er tekin til meðferðar. Umsjónaraðili getur kallað eftir frekari gögnum eftir því sem við á: [...] 3. Upplýsingar um eignir og skuldir og mánaðarlega greiðslubyrði af þeim.

Varnaraðili segir bankann hafi óskað eftir nánari upplýsingum um eignarhald og fjárhagsleg tengsl sóknaraðila við einkahlutafélagið A. Hafi fyrirbyggjandi gögn bent til þess að tekjur sóknaraðila væru töluvert hærrí en hann vildi gefa upplýsingar um, einkum væri litið til tekna af rekstri framangreinds einkahlutafélags. Þá bendir varnaraðili á að málartilbúnaður sóknaraðila sé óljós hvað varði eignarhald á umræddu einkahlutafélagi, þ.e.a.s. sóknaraðili hafi ýmist haldið því fram að það væri í eigu eiginkonu sinnar eða móður. Umsókn sóknaraðila um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga hafi verið hafnað á grundvelli óljósra tekna og óljósrar eignastöðu.

Í 22. gr. ofangreinds samkomulags kemur fram ákveðin skuldbinding viðkomandi fjármálafyrirtækja til að fylgja vönduðum viðskiptaháttum, virða jafnræði við framkvæmd samkomulagsins o.fl. Hafa umrædd fyrirtæki því ekki óskorað svigrúm til að synja eða samþykkja samninga á þessu sviði að eigin geðþótta. Synjun varnaraðila var hins vegar rökstudd með framangreindum hætti, þ.e. höfnun á grundvelli óljósra tekna og óljósrar eignastöðu. Er ekki um geðþóttaákvörðun að ræða og ekki sýnt fram á að afstaðan sé á skjön við afstöðu varnaraðila í sambærilegum málum.

Í ljósi framangreinds er ekki hægt að fallast á kröfu sóknaraðila sem felur í sér að varnaraðila verði gert að samþykkja eftirgjöf krafna sinna á grundvelli sértækrar skuldaaðlögunar einstaklinga. Er kröfu sóknaraðila því hafnað.

Sóknaraðili óskar álits nefndarinnar á því hvort varnaraðili hafi brotið þagnarskyldu 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með því að sækja upplýsingar um fjárhagsstöðu og útprentanir á bankareikningi.

Varnaraðili virðist hafa lagt fram fyrir nefndinni útprentanir á bankareikningi félagsins A. Ekki liggur fyrir að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að úrskurðarnefndin meti hvort varnaraðili hafi brotið þagnarskyldu 58. gr. laga nr. 161/2002, þegar varnaraðili lagði fram umrætt bankayfirlit. Verður krafa af þessu tagi að stafa frá reikningseiganda til að komast að en samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár. Krafa sóknaraðila um álit nefndarinnar á broti gegn þagnarskyldu 58. gr. laga nr. 161/2002 verður ekki metin til fjár, eins og hún er fram sett.

Í ljósi framangreinds aðildarskorts og b-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila um álit nefndarinnar á því hvort varnaraðili hafi brotið

þagnarskyldu 58. gr. laga nr. 161/2002 með því að sækja upplýsingar um fjárhagsstöðu og útprentanir á bankareikningi, frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um að varnaraðili, F, standi við gefin loforð um frjálsa nauðasamninga er hafnað.

Kröfu sóknaraðila um að varnaraðili heimili eiginkonu sóknaraðila að fara í sértæka skuldaaðlögun einstaklinga er vísað frá.

Kröfu sóknaraðila um að varnaraðili heimili honum að fara í sértæka skuldaaðlögun einstaklinga er hafnað.

Kröfu sóknaraðila um álit nefndarinnar á því hvort varnaraðili hafi brotið þagnarskyldu 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með því að sækja upplýsingar um fjárhagsstöðu og útprentanir á bankareikningi er vísað frá.

Reykjavík, 15. nóvember 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 27. september er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 69/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 31. júlí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 30. júlí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 31. júlí 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 27. ágúst 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 27. ágúst 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 5. september 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 27. september 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 2. maí 2007 var veðskuldabréf í erlendri mynt gefið út af sóknaraðila til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili viðurkenndi að skulda FF CHF 26.335,59 og JPY 1.118.151. Kaupgengi FF 27. apríl 2007 á CHF var 53,16 og á JPY 0,5366. Aliborvextir á CHF voru 2,20417%, álag var 2,8% og samtals vextir vegna CHF voru 5,00417%. Aliborvextir á JPY voru 0,63375%, álag var 2,8% og samtals vextir vegna JPY voru 3,43375.

Þann 22. júlí 2013 óskaði sóknaraðili eftir föstum greiðslum af skuldabréfinu. Varnaraðili hafnaði beiðninni þann 25. júlí 2013, þar sem búið væri að dæma lánið löglegt og kæmi því ekki til frekari endurútreikningur. Það væri hins vegar í boði að breyta láninu í ISK verðtryggt lán með 4,15% föstum vöxtum og í leiðinni lækka höfuðstól lánsins um 15%. Sóknaraðili óskaði eftir frekari rökum fyrir því að varnaraðili féllist ekki á að endurreikna lán hennar, með tölvupósti þann 29. júlí 2013. Samdægurs vísaði varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 127/2013, varðandi sambærilegt lánsform.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 30. júlí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurreikni gengistryggt lán nr. X í samræmi við dóma Hæstaréttar sem fallið hafa yfir ólögleg gengistrygð lán.

Sóknaraðili vísar til þess að hún hafi aldrei fengið erlenda mynt þegar lánið hafi verið veitt og sé því ósammála og mjög ósátt við meðhöndlun málsins í ljósi dóma sem fallið hafa í málum sem varða ólögmaet gengistrygð lán.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili byggir kröfu sína á því að lán nr. X feli í sér lögmæta skuldbindingu í erlendum myntum, sbr. dómar Hæstaréttar í málum nr. 127/2013, 757/2012 og 3/2013. Í umræddum dómum hafi verið endanlega úr því skorið að skuldbinding samkvæmt því lánaformi FF, sem skuldbinding sóknaraðila byggir á, feli ekki í sér ólögmæta gengistryggingu. Lán sóknaraðila beri því ekki að endurreikna samkvæmt 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. breytingarlög nr. 151/2010, en það ákvæði taki aðeins til lána sem séu gengistrygð í andstöðu við 13. og 14. gr. fyrrnefndra laga.

Þá telur varnaraðili að lán sóknaraðila uppfylli ekki skilyrði bráðabirgðaákvæðis X laga nr. 38/2001, sbr. ákvæði B-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, um að það hafi sannanlega verið nýtt til öflunar húsnæðis til eigin nota eða til verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Sóknaraðili hafi ekki lagt fram nokkur gögn sem sýni fram á að framangreindum skilyrðum sé fullnægt. Þá hafi sóknaraðili aldrei óskað formlega eftir endurútreikningi á láni sínu og því hafi varnaraðili ekki slík gögn undir höndum. Að öðru leyti vísast til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 172/2012 og 198/2012 um sambærileg atvik að þessu leyti.

Með hliðsjón af því sem rakið hafi verið telur varnaraðili engin efni til þess að fallast á kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort endurreikna beri lán nr. X, útgefið af sóknaraðila til FF.

Ekki fæst séð að kröfur sóknaraðila séu haldnar neinum þeim annmörkum að það leiði til frávísunar málsins.

Í máli þessu byggir sóknaraðili á því að skuldabréfið sé gengistryggt lán í íslenskum krónum og því ólögmætt. Varnaraðili heldur því á hinn bóginn fram að lánið sé í erlendum myntum og gilt sem slíkt.

Við úrlausn þess hvort um gilt lán í erlendum gjaldmiðlum er að ræða eða ólögmætt gengistryggt lán í íslenskum krónum er úrskurðarnefndin bundin af lögum og dómafordæmum í sambærilegum málum. Í samræmi við þau viðmið sem fram koma í nýlegum dómum Hæstaréttar á þessu sviði er fyrst að líta til heitis skuldabréfsins en fyrirsögn þess er „Veðskuldabréf í erlendri mynt“. Í öðru lagi að lánsfjárhæðin er samkvæmt orðalagi skuldabréfsins tilgreind í tveimur erlendum gjaldmiðlum, svissneskum frönskum og japönskum jenum. Í þriðja lagi eru vextir

samkvæmt skuldabréfinu til samræmis við það að um erlent lán sé að ræða tilgreindir Libor vextir. Þegar framangreind atriði eru virt verður lagt til grundvallar að hér hafi verið um gilt lán í hinum tilgreindu erlendu gjaldmiðlum að ræða, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 524/2011, 3/2013 og 127/2013.

Sóknaraðili byggir á því að greiðsla FF til hennar í íslenskum krónum leiði til þess að telja verði að um hafi verið að ræða skuldbindingu í íslenskum krónum bundin gengi erlendra gjaldmiðla. Af dómum Hæstaréttar, sérstaklega dómum í málum nr. 524/2011 og 3/2013, verður hins vegar ályktað að ekki skipti máli þótt greiðslur fari fram í íslenskum krónum þegar skýrt kemur fram í lánsamningi að skuldin sé í erlendri mynt.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að um sé að ræða gilt lán í erlendri mynt. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila um endurreikning lánsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 27. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 27. september er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 70/2013**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 31. júlí 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 30. júlí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. ágúst 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 28. ágúst 2013. Var bréfið sent sóknaraðilum með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. ágúst 2013, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 11. september 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 27. september 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 3. maí 2005 gerðu sóknaraðili M og FF með sér lánsamning um lán að jafnvirði kr. 7.500.000 í EUR 40%, CHF 35% og JPY 25%. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. lánsamningnum.

Þann 19. júní 2013 fékk sóknaraðili bréf frá varnaraðila. Þar kom fram að í kjölfar dóma á árinu 2010 og setningu laga nr. 150/2010 [svo], sem breyttu ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, hafi gengistryggð fasteignalán einstaklinga verið endurreiknuð, þ.m.t. lán sóknaraðila nr. X. Í endurútreikningum hafi verið notaðir lægstu óverðtryggðu vextir sem Seðlabanki Íslands birti, sbr. 10. gr. sömu laga. Með dómum í málum nr. 600/2011 og 464/2012 hafi Hæstiréttur m.a. komist að þeirri niðurstöðu að greiðslukvittanir hefðu jafngilt fullnaðarkvittunum og að endurútreikningur lána hefði átt að taka mið af því. Bankinn hefði með hliðsjón af þeim dómum leiðrétt endurútreikninginn. Staða á láni sóknaraðila fyrir leiðréttingu

væri kr. 8.783.136 en staða eftir leiðréttingu væri kr. 3.236.695. Leiðréttingin fæli í sér að fram að endurútreikningsdegi 5. september 2011 væri nýr höfuðstóll reiknaður miðað við efni fullnaðarkvittana. Einnig væri búið að leiðrétta eftirstöðvar lánsins vegna greiðslna frá endurútreikningsdegi. Eftirstöðvar eftir leiðréttingu mynduðu nýjan höfuðstól lánsins en skilmálar lánsins héldust óbreyttir.

Sóknaraðilar sendu varnaraðila beiðni um rökstuðning þess að endurreikningur vegna láns nr. X færi til lækkunar á höfuðstól lánsins en yrði ekki greiddur út í reiðufé. Með bréfi, dags. 2. júlí 2013, kvað varnaraðili það byggja á 6. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 30. júlí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að endurútreikningur fari í að lækka yfirdrátt hjá varnaraðila sem hafi aukist gífurlega til að geta staðið í skilum á gengistryggðum lánum, þ.á.m. láni nr. X hjá varnaraðila. Upphæð til lækkunar sé kr. 5.546.441 og krefjast sóknaraðila dráttarvaxta af því sem ofgreitt hafi verið og kostnaðar frá upphafi láns. Til vara sé þess krafist að þessi upphæð verði greidd út í hönd með dráttarvöxtum og kostnaði frá upphafi.

Sóknaraðilar vísa til þess að varnaraðili neiti að verja þeirri upphæð, kr. 5.546.441, sem þau eigi inni eftir endurútreikning til lækkunar yfirdrætti á reikningi nr. Y hjá sama banka. Bankinn vilji einungis lækka höfuðstól láns nr. X. Sóknaraðilar benda á að þau eigi peninginn og vilji ráða yfir honum.

Sóknaraðilar telja varnaraðila mismuna fólki, því vinafólk þeirra hafi fengið val um það hvort endurútreikningur færi til lækkunar á höfuðstól lánsins eða fengju hann greiddan út. Það val fái sóknaraðilar ekki.

Sóknaraðilar kveðast hafa staðið í skilum með lánið með því að auka jafnt og þétt við yfirdrátt á viðskiptareikningi ásamt því að nota allan sparnað þeirra frá hausti 2008 til að geta staðið í skilum. Greiðslurnar sem greiddar hafi verið eftir hrun og fram að endurútreikningi á láninu hafi verið greiðslur sem þau hafi neyðst til að greiða því annars hefðu þau farið í vanskil hjá bankanum. Þetta séu peningar sem þau hafi þurft að fá að láni með yfirdrætti.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að ákvörðun bankans um að lækka höfuðstól láns sóknaraðila við endurreikning hafi byggst á 6. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í umfjöllun um umrædda grein í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er orðið hafi að lögum nr. 151/2010, um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara, komi eftirfarandi fram: „Ef kröfuhafi skuldar skuldara vegna þess að innborganir duga til að gera upp eftirstöðvar lánsins ber að greiða þá fjárhæð út en ella lækka höfuðstól.“ Bendir

varnaraðili á að sé litið til þessarar umfjöllunar í frumvarpi til laga nr. 151/2010 sé ljóst að það hafi ekki verið vilji löggjafans að skuldari fengi greitt út í peningum kæmi til endurútreiknings á láni hans nema skuldin teldist að fullu uppgerð. Þar sem lán sóknaraðila hafi ekki verið að fullu uppgert hafi höfuðstóll lánsins verið lækkaður við endurreikning og hafi varnaraðili því ekki greitt sóknaraðila út í reiðufé vegna endurreikningsins.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að ráðstöfun endurútreiknings á láni sóknaraðila M nr. X.

Ljóst er að sóknaraðili M var einn lántaki skv. lánasamningi nr. X. Sóknaraðilar í máli þessu eru M og N. Af gögnum málsins verður ekki séð að N hafi lögvarða hagsmuni af því að gera kröfu um ráðstöfun endurútreiknings á láni sóknaraðila M og verður því ekki hjá því komist að vísa kröfu hennar frá nefndinni.

Að fenginni þessari niðurstöðu verður vikið að kröfu sóknaraðila M er lýtur að ráðstöfun endurútreiknings á láni hans nr. X.

Í 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu er kveðið á um þá aðferð sem leggja skal til grundvallar þegar gengið er til uppgjörs vegna krafna sem hafa haft að geyma ákvæði um ólögmetta vexti og verðtryggingu. Eftir að mælt hefur verið fyrir um endurgreiðslu eða útreikning á stöðu skuldar í ákvæðinu kemur fram að þannig útreiknuð fjárhæð myndi eftirstöðvar skuldarinnar og skuli þá upphaflegir eða síðar ákvarðaðir endurgreiðsluskilmálar gilda að því er varðar lánstíma, gjalddaga og aðra tilhögun á greiðslu skuldar, allt að teknu tilliti til þeirra breytinga sem leiði af ákvæðum þessarar greinar. Er þessi texti ákvæðisins í fullu samræmi við þær skýringar sem gefnar eru í athugasemdum í greinargerð með því ákvæði er varð að 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001. Þar kemur fram að ef kröfuhafi skuldar skuldara vegna þess að innborganir dugi til að gera upp eftirstöðvar lánsins beri að greiða þá fjárhæð út en ella lækki höfuðstóll og dreifist afborganir á honum miðað við upphaflega greiðsluskilmála láns eða það sem hafi verið ákvarðað síðar á annan hátt, t.d. með skilmálabreytingum eða einhliða ívilnunum lánveitenda sem skuldarar hafi ekki hafnað. Þá er ákvæði fyrrnefndar 6. mgr. 18. gr. í samræmi við þennan skilning.

Í ljósi framangreinds virðist uppgjör varnaraðila við ráðstöfun endurútreiknings á láni sóknaraðila M nr. X hafa verið í samræmi við 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila M.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, N, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.
Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 27. september 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 13. desember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 71/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 2. ágúst 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 31. júlí 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. ágúst 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 13. september 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. september 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 17. september 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 15. nóvember og 13. desember 2013.

II.

Málsatvik.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 13. mars 2013, var bú MM tekið til gjaldþrotaskipta og var A hdl. skipaður skiptastjóri. Meðal eigna þrotamannsins var innstæða á orlofsreikningi hjá varnaraðila, nr. X. Síðast var greitt inn á reikninginn 10. desember 2012. Þann 2. júlí 2013 óskaði skiptastjóri eftir því við varnaraðila að öllum bankareikningum þrotamannsins hjá bankanum yrði lokað og innstæða þeirra lögð inn á reikning skiptastjóra. Varnaraðili synjaði beiðninni hvað varðaði fyrrnefndan orlofsreikning á þeim forsendum að ekki væri um að ræða eign þrotabúsins heldur fjárhagsleg réttindi hins gjaldþrota einstaklings sem ekki ættu undir skiptin.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 31. júlí 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að inneign á orlofsreikningi nr. X hjá varnaraðila sé eign M og að varnaraðili greiði þrotabúinu alla innstæðu reikningsins.

Vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. taki þrotabú skuldara við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann hafi átt eða notið við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti nema annað leiði af réttarreglum, eðli réttindanna eða löggæringi sem ekki verði hnekktt vegna gjaldþrotaskiptanna. Þar segi einnig að ef um einstakling sé að ræða megi þrotamaðurinn þó halda þeim fjárhagslegu réttindum sem fjárnám verði ekki gert í eða verði undanþegin fjárnámi.

Sóknaraðili vísar til þess að í 6. kafla laga nr. 90/1989 um aðför sé að finna þau ákvæði sem segi til um í hvaða tilvikum heimilt og óheimilt sé að gera fjárnám í fjárhagslegum réttindum. Meginreglan hvað peninga varði birtist í 37. gr. laganna þar sem segi að gera megi fjárnám í peningum, fasteignum, lausafé, kröfu gerðarþola á hendur öðrum eða annarri eign eða réttindum, sem hafi fjárhagslegt gildi og unnt sé að tilgreina nægilega. Að mati sóknaraðila uppfylli peningainnstæða á orlofsreikningi framangreind skilyrði. Meginreglan birtist einnig í 41. gr. laganna en þar sé jafnframt að finna undanþágur frá heimild til að taka peningaeign fjárnámi. Meginreglan fái svo frekari stoð í 2. mgr. 39. gr. laganna þar sem segi að gerðarþoli eigi ekki rétt á að varna því að peningar verði teknir fjárnámi nema þeir verði undanþegnir fjárnámi skv. 41. gr.

Bendir sóknaraðili á að undanþágur 41. gr. laga nr. 90/1989 séu taldar upp í 3 tölulíðum. Sóknaraðili telur að ákvæði þeirra undanþiggi ekki inneign á orlofsreikningi heimild til fjárnáms. Hvorki í lögnum né lögskýringargögnum sé peningaeign sem til sé komin vegna orlofslauna nefnd eða undanþegin fjárnámi sérstaklega. Samkvæmt athugasemdum við 1. tölul. greinarinnar í frumvarpi því sem varð að lögnum eigi hann aðeins við um ótilgreinda fúlgú framfærslufjár sem greidd hafi verið gerðarþola í einu lagi og geti því ekki átt við um greiðslu orlofslauna. Eigi 2. tölul. aðeins við um bætur og geti því heldur ekki átt við. Þá eigi 3. tölul. við um peningaeign sem gerðarþoli þurfi á að halda um skamman tíma til að framfæra sig og þá sem hann sé framfærsluskyldur við. Í athugasemdum við 3. tölul. í frumvarpinu segi: „Með því orðalagi 3. tölul. 1. mgr. 41. gr., að gerðarþoli þarfnist fjárins til framfærslu „um skamman tíma“, er ráðgert að lengd framfærslutímans verði miðuð við þann dag, sem gerðarþoli má næst vænta launaútborgunar eða annarrar greiðslu til þessara þarfa. Yrði að ákvarða fjárhæð, sem hæfileg yrði talin til daglegra framfærsluútgjalda á tímabilinu. Að auki yrði rétt að taka tillit í þessum efnum til væntanlegra útgjalda gerðarþola á tímabilinu af greiðslu húsaleigu, orkukostnaðar og annars sambærilegs, sem telja verður að gerðarþoli þurfi að eiga fyrir til að fyrirbyggja tilfínanleg velferðarspjöll.“ Að mati sóknaraðila sé með 3. tölul. verið að koma í veg fyrir að gerðarþoli verði tekjulaus til skamms tíma í kjölfarið af aðför eða gjaldþroti eins og í þessu tilviki. Ákvæðið eigi því að meginstefnu við um almenna launaútborgun en ekki orlofslaun. Umræddur orlofsreikningur hefði heldur ekki getað komið í slíkar þarfir þar sem inneign hans hefði ekki getað komi til útborgunar fyrr en í maí árið 2013, u.þ.b. 2 mánuðum eftir úrskurð um gjaldþrotaskipti.

Vísar sóknaraðili til þess að í 45. gr. laga nr. 90/1989 sé að finna sjónarmið um hvenær heimilt sé að gera fjárnám í launum. Þar segi að fjárnám verði ekki gert í kröfu um ógreidd laun eða annað endurgjald fyrir vinnu, nema liðinn sé mánuður frá lokum þess tímabils, sem unnið hafi verið til launanna eða endurgjaldsins. Á

reikningsyfirliti umrædds orlofsreiknings megi sjá að síðasta launagreiðsla inn á reikninginn hafi verið gerð þann 10. desember 2012. Bú MM hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 13. mars 2013. Því megi vera ljóst að meira en mánuður hafi verið liðinn frá lokum þess tímabils sem unnið hafi verið til orlofslaunanna, þegar til skiptanna hafi komið. Þau sjónarmið sem birtist í greininni um heimild til að gera fjárnám í launum séu því til að styðja kröfu sóknaraðila.

Að mati sóknaraðila sé meginreglan um heimild til að gera fjárnám í peningaeign mjög skýr. Til að undanþágum frá meginreglunni verði beitt verði þær að sama skapi að vera mjög skýrar. Sóknaraðili fái ekki séð að í lögum sé að finna undanþágu frá meginreglunni varðandi peningaeign á orlofsreikningi né að þau undanþáguákvæði sem til staðar séu geti verið túlkuð á þann veg.

Sóknaraðili mótmælir því ekki að orlofslaun séu laun í skilningi 1. mgr. 45. gr. laga nr. 90/1989. Engu að síður komi þar skýrt fram að ekki sé óheimilt að gera fjárnám í kröfu um ógreidd laun þegar mánuður sé liðinn frá lokum þess tímabils sem unnið hafi verið til launanna. Það megi vera ljóst að þrotamaðurinn hafi unnið til launanna á tímabilinu frá júní 2012 til desember 2012, sem sé meira en mánuði áður en þrotamaðurinn hafi verið úrskurðaður gjaldþrota. Þar af leiðandi feli 1. mgr. 45. gr. laga nr. 90/1989 ekki í sér bann við fjárnámi í umræddu orlofsfé.

Sóknaraðili mótmælir því alfarið að fjárnám í launakröfu skv. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 90/1989 geti í einhverjum tilvikum fyrst verið heimilt eftir að slík krafa verði gjaldkræf. Það sé skýrt tekið fram í athugasemdum við 1. mgr. 45. gr. frumvarps að launakröfur njóti aðeins verndar í einn mánuð frá lokum þess tímabils, sem unnið hafi verið til þeirra og ítrekað sé í sömu málsgrein að verndin sé þannig ekki háð gjalddaga krafanna, heldur vinnutímabili. Engu breyti þó að 3. mgr. 7. gr. orlofslaga kveði á um að orlofslaun skuli greidd á þar til greindu tímabili enda hafi ekki verið unnið til launanna á þeim tíma. Með sömu rökum sé því mótmælt að þrotamaðurinn hafi unnið til launanna á meðan á skiptunum hafi staðið í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 73. gr. laga nr. 21/1991, enda hafi hann sannanlega unnið til þeirra á tímabilinu júní 2012–desember 2012.

Mótmælir sóknaraðili þeirri fullyrðingu varnaraðila að 3. tölul. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 90/1989 geti ekki átt við um orlofsféð þar sem ákvæðið „*varði að meginstefnu fjármuni sem hafa verið greiddir eða afhentir gerðarþola og hann hefur undir höndum þegar fjárnámssgerðin fer fram*“. Þessi fullyrðing sé órökstudd af hálfu varnaraðila. Orlofsféð hafi sannanlega verið eign þrotamannsins áður en hann hafi orðið gjaldþrota og megi því teljast vera peningaeign hans. Enn fremur segi í athugasemdum við 41. gr. í frumvarpi að lögum nr. 90/1989, að fjárnám megi gera í peningaeign gerðarþola og sé því nánar lýst sem peningaeign, eða sambærileg verðmæti, t.d. óinnleystir tékkar, innstæða á bankareikningi o.fl.

Þá mótmælir sóknaraðili að framfærslusjónarmið 3. tölul. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 90/1989 styðji málatilbúnað varnaraðila, enda sé sú fullyrðing með öllu órökstudd af hálfu varnaraðila. Ítrekaður sé fyrri rökstuðningur sóknaraðila fyrir því að framfærslusjónarmið ákvæðisins styðji málatilbúnað sóknaraðila.

Að öllu framangreindu virtu telur sóknaraðili að ljóst megi vera að hvort sem talið sé að umrætt orlofsfé sé peningaeign eða krafa um laun sé í öllu falli ekki óheimilt að gera fjárnám í því og komi það því til skipta í þrotabúinu, sbr. 1. mgr. 72. gr. laga nr. 21/1991. Þar af leiðandi beri að fallast á kröfu sóknaraðila.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til 2. málsl. 1. mgr. 72. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. og 1. tölul. 1. mgr. 73. gr. sömu laga. Varnaraðili bendir á að við mat á því hvort fjárhagsleg réttindi tilheyri þrotamanninum, sbr. 72. eða 73. gr. laga nr. 21/1991, þurfi að líta til ákvæða III. kafla laga nr. 90/1989 um aðför. Meginregla III. kafla laganna sé sú að gerðarþola skuli, þrátt fyrir víðtækar heimildir gerðarbeiðanda, tryggður réttur til að halda látlaust heimili og hafa tök á því að framfleyta sjálfum sér og öðrum sem hann kunni að hafa á framfæri. Í þeim efnum hafi löggjafinn m.a. lögfest ákvæði um bann við að taka fjárnám í peningaeign ef hún er nauðsynleg til að standa straum af kostnaði um skamman tíma af framfærslu gerðarþola og þeirra, sem hann sé framfærsluskyldur við og ákvæði um bann við fjárnámi í kröfum um ógreidd laun, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 41. og 45. gr. laga nr. 90/1989.

Vísar varnaraðili til 45. gr. laga nr. 90/1989. Í athugasemdum í greinargerð við 45. gr. frumvarps til laga um aðför komi fram bann við að fjárnám verði gert í kröfum um ógreidd laun eða annað endurgjald fyrir vinnu, kröfum um eftirlaun, kröfum um laun í uppsagnarfresti eða bótakröfum vegna slita ráðningarsamnings. Þá segi að kröfum þessum sé aðeins veitt vernd um tiltekinn tíma, frá því þær hafi orðið til eða orðið gjaldkræfar. Sé sú takmörkun komin til af því að kröfur sem þessar njóti verndar vegna framfærsluþarfa gerðarþola.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili byggji málatilbúnað sinn m.a. á þeim grundvelli að innstæða á orlofsreikningi þrotamanns sé ekki undanþegin fjárnámi þar sem slíkir fjármunir séu ekki nefndir sérstaklega í þeim ákvæðum laganna sem undanþiggi peningaeign fjárnámi. Varnaraðili mótmælir því og bendir á að orlofslaun séu laun, endurgjald fyrir vinnu í hvaða formi sem greitt sé, sem launþegi fái greidd við töku lög- og kjarasamningsbundins orlofs. Um orlof sé fjallað í lögum nr. 30/1987 um orlof, en í 1. gr. laganna komi fram að allir þeir sem starfi í þjónustu annarra gegn launum skuli eiga rétt á orlofi og orlofslaunum. Réttur launþega skv. lögum nr. 30/1987 sé tvíþættur, annars vegar tryggi hann mönnum rétt til orlofs, þ.e. frí frá störfum sínum og hins vegar laun meðan á orlofi standi. Í 1. mgr. 7. gr. laganna segi að launþegar eigi rétt til orlofslauna í samræmi við áunninn orlofsrétt á síðasta ári, en orlofslaun reiknist sem tiltekið hlutfall af heildarmánaðarlaunum. Í 3. mgr. sömu greinar segi svo að launþega skuli greidd áunnin orlofslaun samkvæmt framanskráðu næstan virkan dag fyrir töku orlofs og greiðist þau miðað við dagvinnutímakaup starfsmannsins eins og það sé fyrsta dag orlofsins. Að teknu tilliti til ofangreinds telji varnaraðili það gefa augaleið að hugtökin laun og annað endurgjald fyrir vinnu eins og þau birtist í ákvæðum 45. gr. laga nr. 90/1989 nái einnig til orlofslauna. Sú skýring sé einnig í fullu samræmi við tilgang og markmið laga nr. 30/1987, enda sé launþegum bæði rétt og skylt að taka sér orlof og þá þurfi þeim að vera kleift að framfleyta sér við töku þess.

Þá bendir varnaraðili jafnframt á að orlofslaun séu einnig meðal þeirra krafna sem Ábyrgðarsjóður launa ábyrgist samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjód launa, en í 2. gr. laganna segi að starfrækja þurfi Ábyrgðarsjód launa sem ábyrgist greiðslur á kröfum um vangoldin laun, bætur vegna slita á ráðningarsamningi, orlof, bætur vegna vinnuslysa og lífeyrisiðgjöld í bú vinnuveitanda sem hafi staðfestu og reki starfsemi hér á landi.

Vísar varnaraðili til þess að í 45. gr. laga nr. 90/1989 komi fram að fjárnám verði ekki gert í kröfu um ógreidd laun eða annað endurgjald fyrir vinnu, nema liðinn

sé mánuður frá lokum þess tímabils sem unnið hafi verið til launanna eða endurgjaldsins. Fjárnám sem sé tekið skv. 45. gr. laga nr. 90/1989 sé fjárnám í kröfuréttindum, en ekki peningaseðlum sem þrotamaðurinn hafi undir höndum. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 30/1987 skuli orlof tekið á tímabilinu 2. maí til 15. september ár hvert. Áunnin orlofslaun skuli greidd næsta virkan dag fyrir töku orlofs nema samið sé um annað, sbr. 4. gr. laga nr. 30/1987. Að mati varnaraðila verði að túlka ákvæði laga nr. 30/1987 um greiðslu orlofslauna með hliðsjón af 45. gr. laga nr. 90/1989 þannig að gjalddagi þeirra sé næsti virki dagur áður en orlof sé tekið. Að mati varnaraðila kæmi því í fyrsta lagi til greina að taka fjárnám skv. 45. gr. laga nr. 90/1989 í kröfu um ógreidd orlofslaun mánuði eftir að orlof hafi verið tekið. Ekki hafi borist sérstök beiðni um útgreiðslu orlofs í tengslum við töku orlofs frá þrotamanninum og því telji varnaraðili að innstæða reikningsins geti ekki verið andlag fjárnáms og sé þ.a.l. réttindi sem tilheyri þrotamanninum sjálfum, sbr. 1. mgr. 72. gr. laga nr. 21/1991, enda enn um að ræða kröfu þrotamanns um ógreidd laun.

Varnaraðili bendir á að þegar bú þrotamanns hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta þann 13. mars 2013, hafi krafa þrotamannsins um greiðslu orlofslaunanna ekki verið gjaldkræf, sbr. 4. og 3. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987. Af því leiði að orlofslaunin hafi í fyrsta lagi getað orðið gjaldkræf á tímabilinu 2. maí til 15. september. Af því leiði að orlofslaunin teljist einnig vera fjárhagsleg réttindi sem þrotamaðurinn hafi unnið sér inn á meðan á skiptunum standi og þ.a.l. eigi þau að falla til þrotamannsins, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 73. gr. laga nr. 21/1991.

Varnaraðili bendir á hvað varðar tilvísun sóknaraðila til 3. tölul. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 90/1989, að ákvæðið varði að meginstefnu fjármuni sem hafi verið greiddir eða afhentir gerðarþola og hann hafi undir höndum þegar fjárnámssgerðin fari fram. Af framangreindri umfjöllun sé ljóst að tilvísun til ákvæðisins eigi ekki við í máli þessu en þó bendir varnaraðili á að þau framfærslusjónarmið sem liggja að baki ákvæðinu styðji enn fremur við þann málatalilbúnað varnaraðila að orlofslaunin eigi að falla til þrotamannsins.

Að öllu ofangreindu virtu telur bankinn að innstæðan á orlofsreikningnum tilheyri þrotamanninum MM og sé bankanum því ekki heimilt að greiða fjármunina út til þrotabúsins.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila beri að greiða sóknaraðila innstæðu á orlofsreikningi nr. X.

Samkvæmt a-lið 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila. Í fyrri úrskurðum nefndarinnar hefur því verið hafnað að vísa málum þrotabúa frá nefndinni á þeim forsendum að ekki sé samningssamband á milli þrotabúsins og fjármálafyrirtækis. Hefur þannig verið fallist á að þrotabú geti haft uppi kröfur fyrir nefndinni, a.m.k. að því marki sem þrotamanni var það heimilt fram að uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 15/2006.

Eins og að framan er rakið lýtur ágreiningur aðila að skyldu varnaraðila til að greiða sóknaraðila innstæðu á orlofsreikningi.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 30/1987 um orlof eiga allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum laganna. Samkvæmt 7. gr. á launþegi rétt til orlofslauna í samræmi við áunninn orlofsrétt á síðasta orlofsári. Launþega skulu greidd áunnin orlofslaun næsta virkan dag fyrir töku orlofs og greiddast þau miðað við dagvinnutímakaup starfsmannsins eins og það er fyrsta dag orlofsins, sbr. 3. mgr. 7. gr. sömu laga.

Samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. tekur þrotabú skuldarans við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti eða naut við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú skuldarans yrði tekið til gjaldþrotaskipta, nema annað leiði af réttarreglum, eðli réttindanna eða löggerningi sem verður ekki hnekkt vegna gjaldþrotaskiptanna. Ef um einstakling er að ræða má þrotamaðurinn þó halda þeim fjárhagslegu réttindum sem fjárnám verður ekki gert í eða verða undanþegin fjárnámi nema mælt sé sérstaklega á annan veg í lögum. Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur eignast þrotabúið þau fjárhagslegu réttindi sem hefðu ella fallið til þrotamannsins, enda hefðu þau ekki verið undanþegin skv. 1. mgr. 72. gr. ef þau hefðu verið komin í eigu hans þegar héraðsdómari kvað upp úrskurð um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 1. mgr. 73. gr. nr. 21/1991. Þetta gildir þó ekki um það sem sem þrotamaðurinn vinnur sér inn meðan á skiptunum stendur, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 73. gr. sömu laga.

Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laga nr. 90/1989 um aðför verður fjárnám ekki gert í kröfu um ógreidd laun eða annað ógreitt endurgjald fyrir vinnu, nema liðinn sé mánuður frá lokum þess tímabils, sem unnið var til launanna eða endurgjaldsins.

Orlofslaun þau sem greidd voru inn á orlofsreikning MM, nr. X, eru réttur hans til launa í orlofi, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987, fær það einnig stoð í 4. mgr. 51. gr. laga um atvinnuleysistryggingar þar sem mælt er fyrir um að greiðslur í orlofi á því tímabili sem þær eiga við um séu ósamrýmanlegar atvinnuleysisbótum.

Í ljósi þess að innstæða sú sem er á orlofsreikningi nr. X er réttur MM til launa í orlofi tók þrotabú hans ekki við þeirri innstæðu við töku bús hans til gjaldþrotaskipta, sbr. 1. mgr. 72. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 45. gr. laga nr. 90/1989. Markmið 1. mgr. 72. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 45. gr. laga nr. 90/1989 og 1. másl. 1. mgr. 73. gr. er að kröfur um laun njóti verndar vegna framfærsluþarfa þrotamanns. Orlofsreikningar hafa þá sérstöðu að launagreiðandi stofnar þá einhliða og gerir um leið samning við viðskiptabanka um bindingu fjármunanna þar til taka orlofs hefst, alla jafna í byrjun maímánaðar ár hvert. Með því er tryggt að launþegi njóti launa í orlofi til jafns við aðra mánuði óháð stöðu launagreiðanda á þeim tíma. Ekki verður því talið að fram til orlofstöku megi líta á innstæðu sem greidd laun sem komið geti lánardrottnum launþega til góða við búskipti. Umþrætt innstæða á orlofsreikningi er þannig réttur þrotamanns til launa í orlofi og verður með vísan til framangreinds markmiðs að telja að varnaraðili geti í fyrsta lagi átt rétt til greiðslu innstæðunnar þegar mánuður var liðinn frá því þrotamaður tók orlof sitt, enda eiga launamenn sem starfa í þjónustu annarra rétt á orlofi og orlofslaunum, sbr. 1. gr. laga nr. 30/1987. Yrði fallist á kröfu sóknaraðila yrði þrotamaður án launa í orlofi, tæki hann orlof. Einnig býði önnur niðurstaða upp á mismunun launþega eftir því hvaða aðferð er viðhöfð við greiðslu orlofs, þ.e. annars vegar milli þeirra sem þiggja launagreiðslu eins og þrotamaður og hins vegar þeirra sem taka laun í orlofsmánuði. Ekki liggur fyrir hvenær eða hvort þrotamaður hefur tekið í orlof.

Af öllu framansögðu má ráða að varnaraðila ber ekki að greiða sóknaraðila innstæðu á orlofsreikningi nr. X. Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 13. desember 2013

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Sérálit Hauks Guðmundssonar

Ég er sammála þeirri niðurstöðu meirihlutans að m.a. í ljósi fyrri úrskurða nefndarinnar verði að játa þrotabúinu rétt til að sækja þau réttindi gagnvart fjármálafyrirtæki sem þrotamaður kann að hafa átt og ljóst er að runnu til búsins. Ég tel hins vegar að ágreiningur sá sem hér er til umfjöllunar sé ekki þess eðlis.

Óumdeilt er að innstæða á orlofsreikningi nr. X tilheyrir ekki varnaraðila, þótt hann hafi ákveðið að greiða innstæðuna ekki út til sóknaraðila. Þá virðist einsýnt að í máli þrotabúsins á grundvelli 171. gr. laga um gjaldþrotaskipti, yrði þrotamaðurinn sjálfur að vera aðili. Verður því ekki litið svo á að kvörtun sóknaraðila varði réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, sbr. a-lið 3. gr. samþykktu nefndarinnar, enda greinir aðila á um það hvort innstæða á tilteknum orlofsreikningi tilheyrir þrotabúi eða þrotamanni. Úr því verður ekki leyst án aðkomu þrotamannsins. Í ljósi þess tel ég óhjákvæmilegt að vísa kröfu sóknaraðila frá nefndinni.

Reykjavík, 13. desember 2013

Haukur Guðmundsson

Ár 2014, föstudaginn 24. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 74/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 26. ágúst 2013, með ódagsettri kvörtun sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. ágúst 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 13. september 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. september 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. nóvember 2013, var óskað eftir gögnum frá varnaraðila. Umbeðin gögn bárust með bréfi varnaraðila, dagsettu 20. nóvember 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 20. desember 2013 og 10. og 24. janúar 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 6. desember 2007 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 1.035.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfinu. Staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér efni skuldabréfsins og að hann gerði sér grein fyrir í hverju ábyrgð hans væri fólgin og teldi hana samrýmast greiðslugetu hans. Jafnframt staðfesti hann að hafa kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Þann 6. desember 2007 var skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga X“ undirritað. Greiðandi að láni að fjárhæð kr. 1.035.000 var tilgreind A og sóknaraðili ábyrgðarmaður. Ekki átti að verja meira en helmingi lánsfjár til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá Sparisjóðnum. Sóknaraðili staðfesti að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Þá óskaði sóknaraðili eftir því að

greiðslugeta greiðanda yrði metin, en niðurstaða þess greiðslumats var að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar.

Þann 6. desember 2007 var skjalið „Niðurstaða greiðslumats“ undirritað. Sóknaraðili óskaði eftir að gangast í ábyrgð fyrir A fyrir láni að fjárhæð kr. 1.035.000. Tiltekið var að greiðslumat benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Fram kom að meira en helmingi lánsupphæðar yrði ekki varið til greiðslu á skuldum lántakanda hjá sparisjóðnum. Þá var útdráttur úr 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Sóknaraðili staðfesti að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð.

Sóknaraðila var sent milliinnheimtubréf, tilkynning um vanskil skuldabréfs nr. X, vegna gjalddaga 3. febrúar 2012. Samkvæmt bréfinu var fjöldi eldri gjaldfallinna gjalddaga 21 að upphæð kr. 411.553. Var sóknaraðila gefinn kostur á að greiða ofangreinda skuld ásamt dráttarvöxtum og kostnaði eða semja um greiðsluna við bankann. Að öðrum kosti mætti búast við frekari innheimtuaðgerðum og myndi sú innheimta hafa í för með sér aukinn kostnað. Dráttarvextir reiknuðust fram að greiðsludegi.

Þann 14. ágúst 2012 var auglýsing vegna greiðsluáðlögunarsamnings A birt í Lögbirtingablaði.

Þann 10. júní 2013 var sóknaraðila send greiðsluáskorun vegna skuldabréfs nr. X. Fram kom að skuldabréfið hefði verið í vanskilum frá 3. maí 2010. Krafan sundurliðaðist þannig að höfuðstóll gjaldfelldur var að fjárhæð kr. 926.149, samningsvextir til 3. maí 2010 voru kr. 2.315, dráttarvextir til 10. júní 2013 voru kr. 395.890, banka- og stimpilkostnaður var kr. 7.150, greiðsluáskorun var kr. 2.500 og innborgun var kr. -206.989. Samtals nam fjárhæð kröfunnar kr. 1.127.015, auk áfallandi dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 38/2001 til greiðsludags og annars áfallandi kostnaðar.

Sóknaraðili kveðst hafa farið á fund með starfsmanni varnaraðila þar sem honum hafi verið boðið að borga kr. 500.000 af skuldinni.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun móttækinni 26. ágúst 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgð hans á láninu verði felld niður. Vísar sóknaraðili til þess að hann hafi aldrei verið látinn vita af vanskilum og hafi ekki getað brugðist við. Þá hafi hann ekki verið með í ráðum um niðurfellingu lánsins.

Sóknaraðili kveðst hafa skrifað upp á lánið í þeirri trú að skuldari stæði við skuldbindingar sínar. Síðan hafi lánið farið í vanskil og hafi sóknaraðili fengið tilkynningu um það í hverjum mánuði. Seinna hafi tilkynningarnar hætt að koma og kveður sóknaraðili A hafa sagt að hún hafi reddað málum sínum. Því hafi sóknaraðili staðið í þeirri trú að lánið væri í skilum. Leið A hafi verið að fara til umboðsmanns skuldara í greiðslustöðvun. Hvorki bankinn né umboðsmaður skuldara hafi látið sóknaraðila vita af greiðslustöðvuninni og hafi sóknaraðili ekki fengið tilkynningar um að lánið væri í vanskilum eftir það.

Sóknaraðili vísar til þess að fyrr á þessu ári hafi hann fengið bréf um að hann ætti að borga lánið. Þá hafi hann fyrst vitað af vanskilunum og að A hafi fengið lánið fellt niður. Sóknaraðili bendir á að þann 10. júní 2013 hafi hann fengið rukkun upp á kr. 1.127.015 og þar af hafi kr. 395.890 verið dráttarvextir frá 3. maí 2010 til 10. júní

2013. Sóknaraðili kveðst engan veginn sáttur við þessi málalok hjá bankanum sem segi að sér beri ekki skylda til að láta sóknaraðila vita að ekki sé verið að borga af láninu. Sóknaraðili telur það mjög furðulegt þar sem hann sé einnig þeirra skjólstaðingur og finnst það vera bankanum í hag að hann sé með sitt í lagi. Sóknaraðili kveðst hafa vitnað í lög sem sett hafi verið þegar hrunið varð og hafi lögfræðingur hjá bankanum sagt að umboðsmaður skuldara hefði átt að láta sóknaraðila vita en það hafi hann ekki gert.

Sóknaraðili kveðst hafa farið á fund hjá B, lögfræðingi hjá varnaraðila, þann 5. júlí 2013. Hafi sóknaraðila verið boðin niðurfelling að hluta af láninu, þannig að hann eigi að borga kr. 500.000.

Sóknaraðili kveðst ekki skilja hvernig hægt sé að gera kröfu á hann um að borga þegar hvorki bankinn né umboðsmaður skuldara hafi látið hann vita af vanskilunum og niðurfellingu lánsins til A. Sóknaraðili sé ekki fær að taka á sig skuldir annarra eftir að heilsan hafi brugðist honum. Í dag sé sóknaraðili öryrki og geti ekki með nokkru móti bætt á sig skuldum.

Sóknaraðili vísar auk þessa í málatilbúnaði sínum til 10. gr. frumvarps til laga um ábyrgðarmenn sem lagt var fram á 126. þingi. Greinin er að mestu samhljóða 9. gr. laga nr. 32/2009 og verður að líta svo á að vísað sé til hennar. Í ákvæði þessu – eftir breytingu sem á því var gerð með lögum 101/2010- kemur m.a. fram í 3. mgr. að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skuli nauðasamningur eða önnur eftirgjöf, þ.m.t. nauðasamningur til greiðsluaðlögunar og samningur um greiðsluaðlögun, sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka eða aðalskuldara hafa sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmann.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Bendir varnaraðili á að á skjalið „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ hafi sóknaraðili sérstaklega hakað í reit þar sem hann hafi óskað eftir að greiðslugeta greiðanda yrði metin. Auk þess hafi hann hakað við reit þar sem fram hafi komið að niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar. Skjalið hafi jafnframt verið undirritað af sóknaraðila. Sóknaraðili hafi einnig ritað undir skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ þar sem hann hafi staðfest að hafa fengið upplýsingar þess efnis að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu. Auk þess hafi hann staðfest að hafa fengið og kynnt sér bækling um sjálfskuldarábyrgðir og lánsveð, sbr. 4. gr. samkomulagsins.

Varnaraðili telur að samkvæmt framangreindu sé ljóst að reglum samkomulagsins hafi verið fylgt til hlítar þegar sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð fyrir greiðslu lánsins. Gildi ábyrgðarinnar sé því óumdeilanlegt. Þrátt fyrir það hafi sóknaraðila verið boðinn afsláttur af fjárhæð þeirrar greiðslu sem hann hafi verið krafinn um og sem hefði rétt hlut hans ríflega hvað dráttarvexti varði. Hann hafi hafnað því boði.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili segist hafa fengið tilkynningar í upphafi um vanskil útgefanda en síðar hafi þær tilkynningar hætt að berast. Hafi það verið á þeim tíma þegar útgefandi lánsins hafi leitað greiðsluskjóls hjá embætti umboðsmanns

skuldara. Sóknaraðili telji að þessi tilkynningaskortur eigi að leiða til brottfalls ábyrgðar hans.

Vísar varnaraðili til framangreindrar umfjöllunar um að öllum reglum sem í gildi hafi verið þegar lánið hafi verið tekið hafi verið fylgt af forvera varnaraðila. Einnig megi benda á 1. mgr. 10. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga. Þar segi að umsjónarmaður skuli tafarlaust eftir skipun sína gefa út og fá birta tvívegis í Lögbirtingablaði innköllun þar sem skorað sé á þá sem telji sig eiga kröfur á hendur skuldaranum að lýsa kröfum fyrir umsjónarmanni innan fjögurra vikna frá því innköllunin hafi birst hið fyrra sinni. Samkvæmt þessu ákvæði birtist ávallt auglýsing í Lögbirtingablaði þegar umsókn um greiðsluaðlögun hafi verið samþykkt. Auglýsing vegna þess greiðsluaðlögunarsamnings sem hér sé fjallað um hafi birst í Lögbirtingablaði þann 14. ágúst 2012. Sóknaraðili hefði á þeim tíma getað kynnt sér stöðu aðalskuldara. En hvernig sem því sé varið skuli umsjónarmaður í greiðsluaðlögun einnig senda ábyrgðarmönnum afrit af innkölluninni, sbr. 4. gr. laga nr. 101/2010. Hafi það misfarist sé slíkt ekki á ábyrgð varnaraðila og því ekki rök fyrir niðurfellingu ábyrgðarinnar.

Varnaraðili bendir á að hvergi í tilvitnuðu samkomulagi eða lögum varði það ógildi kröfu hafi lánveitandi vanrækt að senda ábyrgðarmanni tilkynningu um nauðasamninga eða skyldar aðgerðir sem aðalskuldari sæki um. Sjá í þessu samhengi 1. mgr. a-d. lið 7. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Óumdeilt sé að sóknaraðili hafi fengið tilkynningar í upphafi um vanskil aðalskuldara og hafi því verið farið að ákvæðum ábyrgðarmannalaga. Verði því krafa um ógildingu ábyrgðarinnar ekki á þeim byggð.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Sóknaraðili byggir á því að ógilda eigi ábyrgð hans með vísan til þess að varnaraðili hafi hætt að senda honum tilkynningar um vanskil. Samkvæmt greiðsluáskorun vegna umþrættis skuldabréfs, dags. 10. júní 2013, hefur skuldabréfið verið í vanskilum frá 3. maí 2010.

Lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn tóku gildi 4. apríl 2009. Í 7. gr. laganna er fjallað um réttarsamband lánveitanda og ábyrgðarmanns. Í a-lið 1. mgr. 7. gr. laganna er mælt fyrir um það að lánveitandi skuli senda ábyrgðarmanni tilkynningu skriflega svo fljótt sem kostur er um vanefndir lántaka. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skal ábyrgðarmaður vera skaðlaus af vanrækslu lánveitanda á tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. og ef vanræksla er veruleg skal ábyrgð falla niður. Í 3. mgr. 7. gr. kemur fram að ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum innheimtukostnaði lántaka sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var sannanlega gefinn kostur á að greiða gjaldfallna afborgun. Lánveitandi getur ekki þannig að gildi hafi gagnvart ábyrgðarmanni gjaldfellt lán í heild sinni nema ábyrgðarmanni hafi áður verið gefinn kostur á að greiða gjaldfallnar afborganir lánsins, sbr. 4. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009.

Í athugasemdum við 7. gr. frumvarps til laga nr. 32/2009 kemur fram að meginsjónarmiðið sé að lánveitandi tilkynni ábyrgðarmanni um öll þau atvik sem áhrif geta haft á forsendur ábyrgðarmanni í óhag. Þá er tekið fram að forsenda þess að lánveitandi geti innheimt dráttarvexti og annan vanskilakostnað sé að hann hafi

tilkynnt ábyrgðarmanni með hæfilegum fyrirvara um vanefndir lántaka. Hugsunin sé sú að ábyrgðarmaður eigi þess ávallt kost að grípa inn í og greiða gjaldfallna afborgun eins og hún standi á gjalddaga. Sams konar hugsun komi fram í lokamálsgrein greinarinnar en þar sé mælt fyrir um réttarstöðu ábyrgðarmanns við gjaldfellingu láns.

Það að varnaraðili sinni ekki tilkynningaskyldu sinni leiðir ekki til niðurfalls ábyrgðar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 116/2010, sbr. einnig úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 24/2011. Þó getur það leitt til niðurfalls ábyrgðar ef vanræksla er veruleg, sbr. 2. mgr. 7. gr.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki óskaði undir meðferð málsins eftir þeim tilkynningum sem varnaraðili sendi sóknaraðila um vanskil á skuldabréfinu. Hefur verið lagt fram milliinnheimtubríf vegna gjalddaga 3. febrúar 2012. Þrátt fyrir að varnaraðili hafi einungis sýnt fram á tvær tilkynningar um vanskil virðist óumdeilt með aðilum að í upphafi vanskila hafi varnaraðili sent sóknaraðila tilkynningar. Kemur þannig afdráttarlaust í greinargerð sóknaraðila að hann hafi framan af fengið tilkynningar um vanskilin í hverjum mánuði.

Þá hefur verið lögð fram greiðsluáskorun, dags. 10. júní 2013 sem beint var að sóknaraðila vegna vanskilanna. Í greiðsluáskoruninni kemur fram að höfuðstóllinn hafi verið gjaldfelldur.

Með vísan til framangreinds verður ekki fallist á að vanræksla varnaraðila á sendingu tilkynninga um vanskil sé svo veruleg að leiði til niðurfalls ábyrgðarinnar. Hins vegar er ljóst að sóknaraðili var ekki skaðlaus af vanrækslu varnaraðila á tilkynningarskyldu, enda er hann krafinn um dráttarvexti og annan innheimtukostnað, sbr. greiðsluáskorun, dags. 10. júní 2013, án þess að hafa fengið sendar tilkynningar um vanskilin. Þá virðist höfuðstóll skuldabréfsins hafa verið gjaldfelldur sbr. sömu greiðsluáskorun, án þess að sóknaraðila hafi áður verið gefinn kostur á að greiða gjaldfallnar afborganir lánsins, sbr. 4. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009.

Í ljósi framangreinds og með vísan til 3. og 4. mgr. 7. gr. laga nr. 32/2009 er gjaldfelling skuldabréfsins felld úr gildi gagnvart sóknaraðila og sóknaraðila verður ekki gert að greiða þegar áfallna dráttarvexti og annan innheimtukostnað.

Sóknaraðili byggir á því að þar sem varnaraðili hafi fellt lánið niður gagnvart A við greiðsluáðlögun, án þess að hann hafi fengið færi á að grípa inn í, eigi að fella niður sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila.

Auglýsing um greiðsluáðlögunarsamning var birt í Lögbirtingarblaði 14. ágúst 2012.

Í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2009 kemur fram að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 60. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal nauðasamningur eða önnur eftirgjöf, þ.m.t. nauðasamningur til greiðsluáðlögunar og samningur um greiðsluáðlögun, sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka eða aðalskuldara hafa sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.

Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 274/2010 verður að hafna því að beita ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2009 í máli þessu, enda gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X þann 6. desember 2007, fyrir gildistöku laga nr. 32/2009.

Það leiðir af eðli samninga um ábyrgðir að þeir hafa almennt því aðeins þýðingu að aðalskuldari standi ekki við skuldbindingu sína. Það leiðir því ekki til niðurfalls ábyrgðar að skuldari reynist ófær um að standa við skuldbindingar sínar.

Samningur um greiðsluáðlögun byggir á þeirri forsendu að sýnt sé að skuldari sé ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Hann hefur því ekki þau áhrif að

ábyrgð sóknaraðila falli niður í máli þessu. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila á þeim grundvelli.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar hans á skuldabréfi nr. X (nú XX) er hafnað.

Gjaldfelling varnaraðila, F, á skuldabréfi nr. X er felld úr gildi gagnvart sóknaraðila og sóknaraðila verður ekki gert að greiða þegar áfallna dráttarvexti og annan innheimtukostnað.

Reykjavík, 24. janúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 13. desember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 76/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 29. ágúst 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 27. ágúst 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. september 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 8. október 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. október 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 21. október 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 22. nóvember og 13. desember 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 10. apríl 2003 gerði sóknaraðili samning um lífeyrissparnað við A. Staðfesti sóknaraðili efni sammingsins og að hlíta reglum sem um samninginn giltu. Enn fremur staðfesti sóknaraðili að hún gerði sér grein fyrir og samþykkti umsýsluþóknun sem næmi öllu mánaðariðgjaldinu fyrstu átta mánuðina og að henni væri kunnugt um að lokabónus yrði aðeins greiddur út eftir að rétthafi hefði náð 60 ára aldri, við örorku eða fráfall.

Í apríl 2003 hóf sóknaraðili að greiða í séreignarsjóð A og greiddi í sjóðinn fram í september 2009. Frá þeim tíma hefur hún ekki greitt í sjóðinn. Á árunum 2009 og 2010 fékk sóknaraðili greiddan út allan séreignarsparnað sinn á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða VIII. í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sóknaraðila var ekki greiddur út lokabónus en lokabónus samanstendur af tveimur fyrstu iðgjöldum í sjóðinn, viðbótarframlagi bankans og ávöxtun. Lokabónus sóknaraðila er samkvæmt yfirliti, dags. 4. október 2013, kr. 36.598.

Þann 1. júní 2012 var sjóðurinn A lagður niður og sameinaður B. Eignir sjóðfélaga A runnu inn í sambærilegar leiðir B og var A lokað.

Þann 22. mars 2013 sótti sóknaraðili um útgreiðslu lokabónuss. Þann 18. apríl 2013 var sóknaraðila tilkynnt um þá afstöðu varnaraðila að lokabónus væri ekki greiddur út fyrir en við 60 ára aldur samkvæmt reglum sjóðsins. Bréf, þar sem sömu afstöðu bankans er lýst, var sent sóknaraðila þann 25. júlí 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 27. ágúst 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst útgreiðslu séreignarsparnaðar að fjárhæð kr. 35.104, samkvæmt yfirlit, dags. 30. júní 2013.

Sóknaraðili kveðst ósátt við synjun varnaraðila á útgreiðslu lokabónuss og telur að lög nr. 13/2009 um breyting á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum, séu æðri þeim reglum sem bankinn setur sér. Bankanum beri að setja sér vinnureglur í samræmi við lög. Í 3. gr. laga nr. 13/2009 komi fram að vörsluaðila séreignarsparnaðar sé heimilt að greiða út séreignarsparnað.

Sóknaraðili bendir á að á heimasíðu varnaraðila í reitnum spurt og svarað um lífeyrissparnað komi fram spurningin „Hvenær á fyrirframgreiðsla við?“ og þá komi svarið „Fyrirframgreiðsla á ekki við ef óskað er eftir útgreiðslu á grundvelli aldurs, örorku eða andláts sjóðfélaga“. Sóknaraðili bendir á að ekki minnst á lokabónusinn. Einnig komi fram spurningin „Get ég sótt um fyrirframgreiðslu á allri séreign minni?“ og svo komi svar en enn og aftur sé ekkert minnst á lokabónusinn.

Vísar sóknaraðili til þess að í synjunarbréfinu sé tilgreint að inneign sóknaraðila sem kallist „Lokabónus“ sé ekki greidd út fyrir en við 60 ára aldur samkvæmt reglum sjóðsins. Þar komi einnig fram að fyrrgreindur lokabónus tapist ef sjóðsfélagi hætti sparnaði og ekki sé gert ráð fyrir að lokabónus greiðist út nema sjóðsfélagi sé í viðskiptum við sjóðinn allt þar til við lok sparnaðar eða við 60 ára aldur. Sé það svo spyr sóknaraðili af hverju hún sé alltaf að fá yfirlit yfir inneign sína sem sagt sé að greiðist út við 60 ára aldur, þar sem hún hafi ekki greitt í sjóðinn í mörg ár og sé hætt sparnaði við hann.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að B, eins og aðrir sjóðir sem bjóði upp á viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnað, hafi sett sér reglur um tryggingarvernd í samræmi við ákvæði laga. Til að tryggja að reglurnar uppfylli lagaskilyrði sé mælt fyrir um það í 10. gr. laga um lífeyrissjóði að slíkar reglur skuli hljóta staðfestingu ráðherra og öðlist þær ekki gildi fyrir en slík staðfesting hafi fengist.

Bendir varnaraðili á að á því tímabili sem sóknaraðili hafi hafið greiðslur í A hafi verið í gildi reglur fyrir sjóðinn, dags. 8. júlí 2002, staðfestar af fjármálaráðuneytinu þann 26. ágúst 2002. Í reglunum hafi komið fram að lokabónus sé iðgjöld fyrstu tveggja mánaða ásamt viðbótarframlagi varnaraðila. Þá sé mælt fyrir

um að lokabónus skuli greiddur út við 60 ára aldur en ekki ef rétthafi flytji eign sína. Þannig hafi lokabónusinn verið hluti af tryggðarkerfi sjóðsins.

Vísar varnaraðili til þess að fyrstu tveimur iðgjöldum sóknaraðila, þ.e. fyrir apríl og maí árið 2003, hafi, í samræmi við reglur sjóðsins, verið varið til greiðslu lokabónuss, samtals kr. 11.479. Frá þeim tíma hafi varnaraðili greitt kr. 4.765 í samræmi við ákvæði um 0,3% viðbótarframlag (fyrstu árin hafi viðbótarframlag verið um 0,1%) á ári hverju og ávöxtun nemi kr. 20.354, samtals kr. 36.598.

Varnaraðili vísar til þess að með breytingum á reglunum sem staðfestar hafi verið af ráðherra þann 24. júní 2011, hafi verið færð inn ákvæði um lokun fyrir aðild rétthafa að A sem hafi falið í sér að ekki hafi verið tekið við nýjum sjóðfélögum. Í þeim hafi sagt: „*Lokabónus er þrjúþættur: 1. Fyrstu tveggja mánaða iðgjöldin eru greidd í lokabónus. 2. Á hverju ári til 58 ára aldurs og eftir 60 ára aldur greiðir FF (innsk. nú F) sem nemur 0,3% af heildareign rétthafans inn í lokabónus hans. Greiðslu þessari lýkur þegar útgreiðsla hefst. 3. Frá 58 ára aldri fram til 60 ára aldurs (2 ár) er greitt mánaðarlega í lokabónus rétthafans, hlutdeild hans í umsýsluþóknun.*“

Varnaraðili kveður lokabónus ávaxtaðan samhliða inneign rétthafa skv. þeirri fjárfestingarstefnu sem rétthafi hafi valið sér. Lokabónus sé laus til útgreiðslu við 60 ára aldur við fráfalið eða örorku, skv. reglum um útborgun séreignar. Lokabónus sé ekki greiddur út ef rétthafi flytji eign sína fyrir 60 ára aldur en ef rétthafi hætti að greiða í sjóðinn en flytji ekki sjóðinn missi hann ekki rétt til lokabónuss. Sé sjóðurinn greiddur út fyrir 59 ára aldur vegna fráfalls rétthafa eða örorku verði umsýsluþóknun sl. 12 mánaða á undan endurgreidd inn á lokabónusinn í stað þess sem tilgreint sé í 3. tölul.

Bendir varnaraðili á að við sameiningu við B hafi reglunum jafnframt verið breytt og hafi þær hlotið samþykki ráðherra þann 22. maí 2012. Reglur þessar séu í gildi í dag og í þeim segi í 12. gr. „*Þann 1. júní 2012 rennur A saman við B. Eftir samrunann skal, um réttindi eldri rétthafa í B (þ.e. þeirra sem gerðu samning um lífeyrissparnað við B fyrir samrunann) og rétthafa sem öðlast aðild eftir samrunann, fara eftir reglum þeim er að framan greinir. Um réttindi eldri rétthafa í A (þ.e. þeirra sem gerðu samning um lífeyrissparnað við A fyrir samrunann) skal fara eftir reglum þeim er að framan greinir með þeim viðbótum sem koma fram í 14. og 15. gr. og gilda frá 1. júní 2012.*“

Vísar varnaraðili til þess að um réttindi eldri rétthafa, þ.e. þeirra sem gert hafi samning um lífeyrissparnað við A fyrir samrunann, þar á meðal sóknaraðila, sé fjallað í 15. gr. reglna um B en þar segi: „*Eftirfarandi ákvæði gilda um þá rétthafa sem fluttust úr A í B við samruna sjóðanna. Við ákvæði 7. gr. bætist eftirfarandi: Lokabónus er tvíþættur: 1. Á hverju ári til 58 ára aldurs og eftir 60 ára aldur greiðir F sem nemur 0,3% af heildareign rétthafans inn í lokabónus hans. Greiðslu þessari lýkur þegar útgreiðsla hefst. 2. Frá 58 ára aldri fram til 60 ára aldurs (2 ár) er greitt mánaðarlega í lokabónus rétthafans, hlutdeild hans í umsýsluþóknun sjóðsins. Lokabónus er ávaxtaður samhliða inneign rétthafa skv. þeirri fjárfestingarleið sem rétthafi hefur valið sér. Lokabónus er laus til útgreiðslu við 60 ára aldur við fráfalið eða örorku skv. reglum um útborgun séreignar. Lokabónusinn er ekki greiddur út ef rétthafi flytur eign sína fyrir 60 ára aldur en ef rétthafi hættir að greiða í sjóðinn en flytur ekki inneign sína missir hann ekki rétt til lokabónuss.*“

Varnaraðili vísar til þess að í þeim tilvikum sem sjóðfélagar hætta að greiða í sjóðinn sé lokabónus greiddur út við 60 ára aldur við fráfalið rétthafa eða örorku. Í þeim tilvikum greiði bankinn árlega 0,3% viðbótarframlag af heildarinneign rétthafa

til 58 ára aldurs og eftir það í tvö ár mánaðarlega. Flytji réttthafi hins vegar eign sína annað falli lokabónus niður. Í samningi sóknaraðila við A, dags. 10. apríl 2003, sé kveðið á um þetta.

Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili bendi á lög nr. 13/2009 um breytingu á lögum um lífeyrissjóði, lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt. Meðal annars segi orðrétt í kvörtun sóknaraðila: „*Bankanum ber að setja sér vinnureglur í samræmi við lög.*“ Varnaraðili telur með öllu óljóst hvað sóknaraðili eigi við með þessu enda sé ekki fyrir að fara tilvísunum í lagagreinar né rökstuðning að öðru leyti fyrir því af hverju hann telji „*vinnureglur bankans*“ fara gegn lögum eða hvaða rétt hún telji sig draga af tilvitnuðum lögum. Hér eigi sóknaraðili eflaust við reglur B sem hafi, hvað varði lokabónus, verið efnislega þær sömu frá því sóknaraðili hóf greiðslur í sjóðinn eins og gerð hafi verið grein fyrir. Bankinn vísar því á bug að reglurnar séu andstæðar lögum og bendir á að þær hafi í gegnum árin verið staðfestar af ráðherra að undanfenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins, eins og lög geri ráð fyrir og uppfylli því lagaskilyrði.

Varnaraðili lítur svo á að séreignarsparnaður sé eitt og lokabónus annað og að sóknaraðili geti ekki farið fram á fyrirframgreiðslu lokabónuss á grundvelli ákvæða til bráðabirgða VIII. í lögum um lífeyrissjóði, en ákvæðið sé undanþága frá meginreglu 11. gr. laganna um að séreignarsparnaður skuli greiddur út fyrst við 60 ára aldur. Eins og áður segi samanstandi lokabónus af tveimur fyrstu iðgöldum sóknaraðila ásamt viðbótarframlagi bankans. Vegna þessa árlega viðbótargjalds varnaraðila, sem sé vörsluaðili séreignarsparnaðarins, sé grundvallarmunur á hefðbundnum séreignarsparnaði og lokabónus. Það sem einnig greini á milli sé að lokabónus falli niður sé séreign flutt úr B.

Varnaraðili kveður forsendur fyrir greiðslu hins árlega viðbótargjalds þær að réttthafi haldi tryggð sinni við sjóðinn til 60 ára aldurs. Þannig telji varnaraðili að forsendur hans fyrir viðbótarframlagi til réttthafa séu brostnar geti réttthafi tekið út lokabónus sinn. Tilgangurinn sé sá að auka tryggð sjóðfélaga með því að minnka líkur á að þeir flytji séreign sína úr sjóðnum en geri þeir það þá renni lokabónusinn til varnaraðila. Vegna þessa sé varnaraðili tilbúinn að greiða árlegt viðbótarframlag og taki þannig á sig kostnað sem honum sé ekki skylt að gera samkvæmt lögum en kveðið sé á um í samningi. Lokabónus B sé þannig hluti af tilteknu tryggðarkerfi sjóðsins og hafi sóknaraðili gengist undir það fyrirkomulag með samningi sínum við A.

Varnaraðili telur að ákvæði til bráðabirgða VIII. í lögum um lífeyrissjóði, um tímabundna útgreiðslu séreignarsparnaðar, eigi ekki við um lokabónus. Ákvæðið hafi fyrst komið inn í lögin með lögum nr. 13/2009 til að koma til móts við þá einstaklinga sem átt hafi í tímabundnum fjárhagsvandráðum eftir efnahagshrunið árið 2008. Heimildarákvæði þetta hafi nú verið framlengt nokkrum sinnum og nú síðast hafi heimild til útgreiðslu verið framlengd til 1. janúar 2014 en óvíst sé hvort framlengt verði frekar. Hafa verði í huga að um sé að ræða undantekningu frá meginreglu laganna um að séreignarsparnaður skuli greiddast út fyrst við 60 ára aldur og sé ákvæðið sett við mjög sérstakar aðstæður og heimildin bundin skilyrðum. Varnaraðili bendir á að vegna þessara sérstöku aðstæðna beri að skýra ákvæðið þröngt þannig að það taki eingöngu til séreignarsparnaðar í þröngum skilningi þess orðs en ekki til sparnaðar þar sem vörsluaðili greiði viðbótarframlag til réttthafa svo sem eigi við um lokabónus sóknaraðila.

Varnaraðili ítrekar að reglur sjóðsins og ákvæði um lokabónus hafi í gegnum tíðina hlotið samþykki fjármálaráðherra að fengnu álitum Fjármálaeftirlitsins, þ.á.m.

eftir setningu ákvæða til bráðabirgða VIII. í lög um lífeyrissjóði, um tímabundna útgreiðslu séreignasparnaðar. Það styðji að mati varnaraðila þá afstöðu að ekki sé um hefðbundinn séreignarsparnað að ræða sem skylt sé að greiða út.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að útgreiðslu lokabónuss sóknaraðila úr séreignarsjóðnum B, sem rekinn er af varnaraðila.

Reglur séreignarsjóðs sóknaraðila hjá varnaraðila, áður A, nú B, hafa verið staðfestar af fjármálaráðuneytinu. Þá staðfesti sóknaraðili í samningi um lífeyrissparnað, dags. 10. apríl 2003, að hlíta reglum þeim sem um samninginn giltu.

Samkvæmt 4. gr. reglna A, dags. 8. júlí 2002, sem í gildi voru þegar sóknaraðili gerði samning um lífeyrissparnað, réðist umsýsluþóknun sjóðsins af rekstrarsamningi sem gerður var á milli sjóðsins og rekstraraðila. Umsýsluþóknun var allt iðgjaldið fyrstu átta mánuðina sem greitt var í sjóðinn. Staðfesti sóknaraðili enn fremur á samningi um lífeyrissparnað að hún gerði sér grein fyrir og samþykkti umsýsluþóknun sem næmi öllu mánaðargjaldinu fyrstu átta mánuðina.

Samkvæmt reglum A, dags. 8. júlí 2002, er lokabónus þríþættur: 1) $\frac{1}{4}$ af umsýsluþóknun fyrstu 8 mánuðina, þ.e. fyrstu 2 mánuðirnir, verða endurgreiddir rétthafa sem lokabónus ef sjóðurinn er greiddur út eftir 60 ára aldur eða við fráfall eða örorku. 2) Á hverju ári til 58 ára aldurs er greitt inn á lokabónus rétthafans árlega sem nemur 0,1% af heildareign hans í sjóðnum. 3) Frá 58 ára aldri fram til 60 ára aldurs (2 ár) er greitt mánaðarlega inn á lokabónus rétthafans sem nemur allri umsýsluþóknun skv. rekstrarsamningi á þeim tíma.

Samkvæmt núgildandi reglum um B, sem hafa verið efnislega sambærilegar frá því sóknaraðili hóf greiðslur í séreignarsjóðinn er lokabónus ávaxtaður samhliða inneign rétthafa. Lokabónus er laus til útgreiðslu við 60 ára aldur við fráfall eða örorku. Lokabónusinn er ekki greiddur út ef rétthafi flytur eign sína fyrir 60 ára aldur en ef rétthafi hættir að greiða í sjóðinn en flytur ekki sjóðinn missir hann ekki rétt til lokabónuss.

Af framangreindum ákvæðum reglna séreignarsjóðs sóknaraðila verður ráðið að lokabónus er ekki hefðbundin innstæða í séreignarsjóðnum en lokabónus samanstendur af umsýsluþóknun sem sóknaraðila bar að greiða ásamt ávöxtun. Þvert á móti getur sóknaraðili fengið lokabónus útgreiddan uppfylli hann ákveðin skilyrði á tilteknu tímamarki. Skilyrði þess að rétthafi geti fengið lokabónus greiddan er að hann sé orðinn 60 ára, við fráfall eða örorku og hafi ekki flutt eign sína úr sjóðnum fyrir 60 ára aldur. Uppfylli hann ekki þessi skilyrði við 60 ára aldur, fráfall eða örorku, getur hann ekki fengið lokabónus útgreiddan. Skilyrði reglna séreignarsjóðs sóknaraðila um útgreiðslu lokabónuss eru ekki fram komin, enda er sóknaraðili ekki orðin 60 ára eða um fráfall eða örorku að ræða.

Í ljósi alls framangreinds á ákvæði til bráðabirgða VIII. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða ekki við um lokabónus B, enda eru skilyrði reglna séreignarsjóðs sóknaraðila um útgreiðslu lokabónuss ekki fram komin. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 13. desember 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2013, föstudaginn 20. desember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 77/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 2. september 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 1. september 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. september 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 9. október 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. október 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 19. nóvember 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 20. desember 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 23. janúar 2008 sótti sóknaraðili um myntvultureikning, nr. X. Tegund myntar voru svissneskir frankar. Áætluð mánaðarleg velta reikningsins var minni en kr. 250.000 á mánuði.

Þann 23. janúar 2008 sótti sóknaraðili um myntvultureikning, nr. Y. Tegund myntar var japönsk jen. Áætluð mánaðarleg velta reikningsins var minni en kr. 250.000.

Þann 24. janúar 2008 var tryggingarbréf nr. Z gefið út af sóknaraðila til F. Gerði sóknaraðili kunnugt að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum hans við F, nú eða síðar, allt að fjárhæð kr. 10.000.000 væri fasteignin að A, sett að veði á 3. veðrétti.

Þann 21. október 2008 var veðið til tryggingar tryggingarbréfi nr. Z flutt af A yfir á B.

Þann 10. júlí 2012 var skuldabréf nr. Þ að fjárhæð kr. 10.345.000, gefið út af sóknaraðila til varnaraðila. Handskrifað hefur verið við undirskrift sóknaraðila: „*Með fyrirvara um hugsanlega betri rétt neytenda/skuldara*“.

Þann 4. janúar 2012 var sóknaraðila sendur endurútreikningur myntvultureiknings nr. Y. Staða fyrir endurútreikning var neikvæð um kr. 10.827.097 og staða eftir endurútreikning var kr. -5.190.320. Fram kom í bréfi varnaraðila að það væri mat bankans að myntvultureikningurinn kvæði á um ólögmæta gengistryggingu. Í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2001 hefði myntvultureikningurinn verið endurútreiknaður, miðað við lægstu óverðtryggðu vexti sem Seðlabanki Íslands birti sbr. 10. gr. sömu laga. Ljóst væri að ekki væri um erlendan myntvultureikning að ræða og því hefði reikningnum verið breytt í íslenskan tékkareikning og hefði hann fengið númerið Æ 0140-26-799001.

Þann 4. janúar 2012 var sóknaraðila sendur sambærilegt bréf vegna myntvultureiknings nr. X. Staða fyrir endurútreikning var neikvæð um kr. 9.193.556 og staða eftir endurútreikning var kr. -5.098.668.

Sóknaraðili óskaði eftir því að myntvultureikningar nr. Y og X yrðu endurreiknaðir sem gengistryggð lán með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012. Varnaraðili svaraði þann 21. ágúst 2013 og sagði það afstöðu bankans að myntvultureikningar bankans væru gild lán í erlendum gjaldmiðli og féllu ekki undir lög nr. 38/2001. Þetta mat byggði á dómi Hæstaréttar í máli nr. 467/2011. Niðurstaðan væri sú að bankinn hefði reiknað myntvultureikningana umfram skyldu en bankinn myndi ekki gera frekari leiðréttingar á þeim endurútreikningi.

Þann 3. september 2012 fór sóknaraðili fram á að varnaraðili skilaði honum til baka hlutum í félaginu C ehf. eða afskrifaði að öðrum kosti skuldir hans við bankann. Varnaraðili svaraði þann 26. september 2012 og benti á að bankinn ætti enga hluti í félaginu og gæti því ekki ráðstafað hlutum í því. Því gæti bankinn ekki orðið við fyrri kröfunni. Ekki væri hægt að verða við seinni kröfunni vegna þess að ekki væri að sjá að fyrir lægju réttmætar ástæður til að skuldir sóknaraðila við bankann yrðu afskrifaðar.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 2. september 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili biður um löglega og sanngjarna leið við lausn á lánamáli.

Sóknaraðili vísar til þess að árið 2000 hafi hann stofnað fyrirtækið C ehf. og lagt mikla vinnu og fórnarkostnað í að byggja það upp. Hafi fyrirtækið átt að vera lífeyrir hans og fjölskyldu hans. Árið 2007 hafi lán C ehf. verið endurskipulögð með ólöglegum erlendum lánum í samráði við starfsmenn varnaraðila sem hafi haft skelfilegar afleiðingar fyrir rekstur fyrirtækisins sem hafi endað þannig að sóknaraðili hafi þurft að gefa hlut sinn í fyrirtækinu árið 2009. Hafi hann þurft að leita á önnur mið til að afla tekna fyrir fjölskyldu sína og heimili.

Bendir sóknaraðili á að við kaup á húsnæði árið 2007 hafi honum verið lánað af varnaraðila brúarlán, myntveltur í svissneskum frönskum og japönskum jenum, kr. 8.000.000 sem hafi verið lagðar inn á reikning hans að ráðleggingu útibússtjóra. Greiða hafi átt niður myntveltunnar með arðgreiðslu frá C ehf.

Sóknaraðili segist í dag standa eftir með óskiljanlegan útreikning varnaraðila á ólöglegum myntveltum upp á c.a. 12 milljónir. Telji varnaraðili skuldirnar löglegar ásamt fleiri skuldum. Þá hafi sóknaraðili engar arðgreiðslur frá fyrirtæki sem átt hafi að vera lífeyrir. Kveðst sóknaraðili hafa leitað eftir sanngjarnri og löglegri lausn frá útibúi án árangurs.

Sóknaraðili segir að hann muni ekki vísa til laga á meðan mál þetta sé fyrir nefnd, enda sé hann ekki lögfræðimenntaður. Muni hann gera það með aðstoð lögfræðings þegar þar að komi.

Sóknaraðili vísar til þess að ekkert greiðslumat hafi farið fram, engar upplýsingar séu á lánaformi, greiða hafi átt myntveltunnar með arðgreiðslum frá fyrirtæki sem ekki sé í eigu sóknaraðila í dag samkvæmt leiðbeiningu starfsmanns varnaraðila, ekkert frumrit tryggingarbréfs finnst á eign hans.

Sóknaraðili bendir á að þegar málið fari fyrir dómstóla muni hann sanna með gögnum og vitnum aðdraganda varnaraðila á myntveltugjörningunum og þvingana hans þegar sóknaraðili hafi þurft að láta sinn hluta C ehf. af hendi. Starfsmenn varnaraðila sem komið hafi að gjörningnum verði gerðir ábyrgir, myntveltugjörningur verði látinn niður falla vegna forsendubrests og ólögmetis. Sóknaraðili muni fá bætur vegna taps á hlut í fyrirtæki.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá. Til vara er þess krafist að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á b- og e-liðum 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Bendir varnaraðili á að í kröfugerð sóknaraðila sé beðið um „löglega og sanngjarna leið við lausn á lánamáli“. Að mati varnaraðila sé kröfugerð sóknaraðila svo óskýr að hún sé ekki tæk til úrskurðar og málsatvik illa upplýst. Engar lagatilvísanir eða málsástæður séu til stuðnings kröfu sóknaraðila og því ómögulegt fyrir varnaraðila að taka til varna í málinu. Einnig sé kröfugerðin það óskýr að úrskurðarnefndin geti ekki orðað niðurstöðu sína í samræmi við hana. Að mati varnaraðila séu því skilyrði ákvæðis 1. málsl. e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina ekki uppfyllt. Þá telur varnaraðili kröfugerð sóknaraðila ekki uppfylla skilyrði b-liðar 6. gr. samþykktu nefndarinnar. Í kvörtuninni komi enda ekki fram hvernig meta megi umrædda kröfugerð til fjár. Sé því ljóst að skilyrðum ákvæðis b-liðar 6. gr. samþykktanna sé ekki fullnægt.

Verði ekki fallist á kröfu varnaraðila um frávísun málsins krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Í kvörtuninni sé rakið að sóknaraðili hafi gefið eftir sinn hlut í fyrirtækinu C ehf. árið 2009. Við kaup á húsnæði árið 2007 hafi hann fengið svokallað brúarlán (myntveltur) hjá varnaraðila að jafnvirði kr. 8.000.000 sem hafi verið lagðar inn á reikning hans. Í dag standi hann eftir með „óskiljanlegan útreikning F af ólöglegum myntveltum/kúlulánum upp á ca. 12 millj. sem [bankinn] segi að séu löglegar ásamt fleiri skuldum en engar arðgreiðslur frá fyrirtæki sem [hafi átt] að vera lífeyrir“. Í kvörtuninni komi jafnframt fram að sóknaraðili hafi leitað eftir „sanngjarnri og löglegru lausn frá útibúi án árangurs“.

Varnaraðili tekur af framangreindu tilefni fram að bankinn hafi ávallt reynt að koma til móts við óskir sóknaraðila. Þannig hafi varnaraðili boðið sóknaraðila að skuldbreyta lánum hans hjá bankanum í samræmi við greiðslugetu hans. Varnaraðili hafi hins vegar ekki getað orðið við þeirri kröfu sóknaraðila að bankinn „skili“ honum til baka hlutum hans í félaginu C ehf. eða afskrifi að öðrum kosti skuldir hans við bankann. Varnaraðili hafi enda aldrei leyst til sín hluti í félaginu og hafi því ekki getað ráðstafað hlutum í því. Varnaraðili hafi á sínum tíma auk þess ekki á nokkurn hátt haft með sölu á hlutum í félaginu að gera fyrir utan að fallast á að aflétta sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila vegna skulda félagsins hjá bankanum gegn frekari

tryggingu frá fyrrverandi viðskiptafélaga sóknaraðila og kaupanda að hlutum sóknaraðila. Varnaraðili fær ekki séð að nokkuð óeðlilegt hafi átt sér stað við lánaferlið sem gæti gefið tilefni til þess að verða við kröfum sóknaraðila. Varnaraðili hafi heldur ekki getað fallist á kröfu sóknaraðila um afskriftir enda liggja ekki fyrir réttmætar ástæður til þess að skuldir sóknaraðila við varnaraðila verði afskrifaðar.

Varnaraðili tekur fram hvað varði athugasemdir sóknaraðila við myntveltulán hjá varnaraðila að í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 467/2011 sé það mat varnaraðila að myntvultureikningar bankans séu gild lán í erlendum gjaldmiðlum og falli því ekki undir lög nr. 38/2001. Í framangreindum dómi hafi Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að yfirdráttur í erlendri mynt væri erlent lán. Eins og fram komi í bréfum varnaraðila til sóknaraðila, dags. 4. janúar 2012, hafi bankinn reiknað myntvultureikninga umfram skyldu og breytt í íslenskan tékkareikning. Þar sem Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu í framangreindum dómi að yfirdráttur í erlendri mynt væri erlent lán hafi bankinn hins vegar ekki gert frekari leiðréttingar á framangreindum endurútreikningi, sbr. bréf bankans til sóknaraðila, dags. 21. ágúst 2013.

V.

Niðurstaða.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðili krefst löglegrar og sanngjarnar leiðar við lausn á lánamáli. Krafa sóknaraðila virðist lúta að myntvultureikningum nr. X og Y og sölu á hlutum í félaginu C ehf. Til stuðnings kröfum sínum reifar sóknaraðili málsatvik eins og þau snúa við honum en segir að hann muni ekki vísa til laga á meðan mál þetta sé fyrir nefnd. Muni hann sanna mál sitt með gögnum og vitnum þegar það fari fyrir dómstóla.

Krafa sóknaraðila að því er varðar greinda myntvultureikninga virðist snúa að ráðleggingum starfsmanna varnaraðila, endurreikningi lánsins, greiðslumati, upplýsingum á lánaformi og frumriti tryggingarbréfs. Ekki er þó útskýrt hvernig umrædd atriði tengjast kröfugerð sóknaraðila um sanngjarna lausn á lánamáli. Verður að telja að mál þetta varðandi myntvultureikninga nr. X og Y sé svo óljóst og illa upplýst að ekki verði hjá því komist að vísa því frá, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðili vísar til þess að lán C ehf. hafi árið 2007 verið endurskipulögð með ólöglegum lánum en gerir annars hvorki grein fyrir því hvort þar er átt við umrædda myntvultureikninga sem stofnaðir voru 2008 eða önnur lán, né því að hvaða leyti umræddar lánveitingar brutu í bága við lög.

Krafa sóknaraðila að því er varðar félagið C ehf. virðist snúa að meintri aðkomu varnaraðila að sölu hluta sóknaraðila í félaginu. Sóknaraðili færir ekki rök fyrir kröfu sinni en varnaraðili kveðst ekki hafa haft með sölu á hlutum í félaginu að gera, fyrir utan að fallast á að aflétta sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila vegna skulda félagsins hjá bankanum gegn frekari tryggingu fyrrverandi viðskiptafélaga sóknaraðila og kaupanda að hlutum sóknaraðila. Verður að telja að mál þetta varðandi félagið C ehf. sé svo óljóst og kröfur sóknaraðila svo illa upplýstar að ekki verði hjá

Því komist að vísa því frá, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 20. desember 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 22. nóvember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 78/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. september 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 3. september 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. september 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 30. september 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. október 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 31. október 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 22. nóvember 2013.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili flutti evrur frá Svíþjóð til Íslands vegna fasteignaviðskipta og lagði EUR 376.000 inn á evrureikning hjá varnaraðila. Síðar voru EUR 188.000 millifærðar af evrureikningi sóknaraðila hjá varnaraðila yfir á evrureikning hjá Seðlabanka Íslands vegna gjaldeyrísútboðs. Hvorugur aðila hefur lagt fram gögn um hvenær þessar færslur á reikninginn fóru fram. Við millifærsluna af reikningi sóknaraðila hjá varnaraðila yfir á evrureikning hjá Seðlabanka Íslands hélt varnaraðili eftir 20% fjármagnstekjuskatti, þ.e. EUR 316, vegna gengishagnaðar. Var sú fjárhæð færð af reikningi sóknaraðila 18. júní 2013 samkvæmt fram lagðri kvittun.

Þann 28. júní 2013 óskaði sóknaraðili eftir leiðréttingu á innheimtu varnaraðila á fjármagnstekjuskatti. Varnaraðili hafnaði leiðréttingunni samdægurs.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 3. september 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum EUR 316 með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2013 til greiðsludags.

Sóknaraðili bendir á að fjárhæðinni hafi ekki verið skipt í íslenskrar krónur við millifærsluna af evrureikningi hjá varnaraðila yfir á evrureikning hjá Seðlabanka Íslands. Þrátt fyrir það hafi varnaraðili haldið eftir fjármagnstekjuskatti af „gengishagnaði“ sem varnaraðili telji að orðið hafi til við millifærsluna. Hafi skatturinn verið þannig reiknaður út að fundinn hafi verið mismunur á (kaup)gengi EUR gagnvart ISK á þeim degi sem evrunar hafi verið millifærðar til Íslands annars vegar og gengi EUR gagnvart ISK á þeim degi sem evrunar hafi verið millifærðar á (evrureikning) Seðlabankans. Þessi munur hafi síðan verið reiknaður sem innlausnarhagnaður og hafi sóknaraðili verið látinn borga 20% af millifærslunni sem innlausnarhagnaður.

Sóknaraðili mótmælir skattlagningunni á þeim grundvelli að enginn gengishagnaður hafi verið til staðar þar sem evrunum hafi ekki verið umbreytt í krónur heldur hafi einungis verið um að ræða millifærslu af einum evrureikningi yfir á annan. Ákvæðið sem varnaraðili hafi byggt á í máli þessu sé að finna í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Sóknaraðili telur að skýra beri ákvæðið svo að einungis beri að færa til tekna gengishagnað við „innlausn“ eins og ákvæðið mæli fyrir um. Með því sé átt við það að erlendum gjaldeyri sé skipt yfir í íslenska mynt eða eftir atvikum aðra mynt, en ekki sé hægt að tala um innlausn á gengishagnaði þegar evrur séu færðar af einum evrureikningi inn á annan. Þessu til stuðnings beri að líta til þess að sóknaraðili hafi verið krafinn um skattinn í evrum en ekki í krónum. Fyrir gjaldtökuna hafi sóknaraðili því átt EUR 188.000 en eftir hana hafi hann einungis átt EUR 187.684. Þar með hafi eign hans í evrum lækkað við það eitt að höfuðstóllinn hafi verið færður af einum reikningi yfir á annan og enginn gengishagnaður verið innleystur.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir afdrátt fjármagnstekjuskatts af gengishagnaði af innlánsreikningi sóknaraðila á lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Vísar varnaraðili til 3. tölul. c-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 og 2. mgr. 8. gr. sömu laga, en sambærilegt ákvæði sé að finna í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1996. Eftir lestur á þessum ákvæðum sé ljóst að gengishagnaður teljist til tekna sem vaxtatekjur. Varnaraðili bendir á að í 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003 sé mælt fyrir um tímamark skattskyldunnar og hvernig skattstofninn myndist.

Varnaraðili vísar til þess að lög nr. 94/1996 mæli fyrir um hverjir séu skyldir til að greiða fjármagnstekjuskatt af tekjum sínum en þar komi fram að allir sem fái vaxtatekjur og arðstekjur séu skyldir til að greiða 20% fjármagnstekjuskatt af þeim tekjum, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Á þessu séu þó ákveðnar undantekningar sem mælt sé fyrir um í 3. mgr. sömu greinar en þar falli sóknaraðili ekki undir.

Varnaraðili bendir á að mælt sé fyrir um skilaskylduna í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 en samkvæmt því ákvæði sé varnaraðili skyldur til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð.

Bendir varnaraðili á að þegar ákvæðinu um gengishagnað á innlánsreikningum hafi verið breytt með lögum nr. 128/2009 hafi varnaraðili andmælt breytingunni ásamt fleiri fjármálastofnunum. Tekið hafi verið tillit til þeirra andmæla að hluta við setningu laga nr. 165/2010 um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld. Síðari breytingin hafi falið í sér að tekjufærsla gengishagnaðar á innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt eigi sér nú stað við úttekt af reikningum í stað þess að breytingin frá 2009 hafi mælt fyrir um að telja ætti áfallinn óinnleystan gengishagnað af innlánsreikningum til tekna. Þrátt fyrir að varnaraðili hafi verið mótfallinn lagabreytingunni breyti það því ekki að skilaskyldan hvíli á varnaraðila sem fara verði að lögum. Af þeim sökum beri varnaraðila að halda eftir hinum umdeilda fjármagnstekjuskatti af gengishagnaði.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að afdrætti varnaraðila á fjármagnstekjuskatti við millifærslu sóknaraðila á evrum frá evrureikningi hjá varnaraðila til evrureiknings hjá Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skal innheimta í staðgreiðslu 20% tekjuskatt til ríkissjóðs af vöxtum og arði eins og nánar er kveðið á um í lögnum. Skyldir til að greiða skatt skv. 1. gr. og sæta innheimtu í staðgreiðslu hans eru allir þeir sem fá vaxtatekjur og arðstekjur, sbr. 1. mgr. 2. gr.

Samkvæmt 3. gr. laganna hvílir skyldan til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamíðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, auk fleiri aðila sem nefndir eru í ákvæðinu. Með þessu fyrirkomulagi hefur fjármálafyrirtækjum í raun verið falið hlutverk innheimtumanns ríkissjóðs. Þegar ágreiningur kemur upp á milli þess sem krafinn er um skattinn og fjármálafyrirtækisins í þessu hlutverki, verður að hafa í huga að eigendur þeirra réttinda sem deilt er um eru annars vegar ríkissjóður og hins vegar viðkomandi fjármagnseigandi, en fjármálafyrirtækið sjálft á ekki sjálft beinan hlut að máli. Vegna þessa hefur í lögum 94/1996 verið markaður farvegur fyrir ágreiningsefni af þessu tagi. Í því ákvæði segir:

Rísi ágreiningur um staðgreiðslu samkvæmt lögum þessum milli skilaskylds og skattskylds aðila getur skattskyldur eða eftir atvikum skilaskyldur aðili kært staðgreiðsluna til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá því að staðgreiðsla átti sér stað.

Þá kemur fram í 3. mgr. ákvæðisins að úrskurði eða ákvörðun Ríkisskattstjóra megi skjóta til yfirskattanefndar.

Af öllu framangreindu leiðir að viðskiptamaður og fjármálafyrirtæki geta ekki svo bindandi sé fyrir ríkissjóð ráðið til lykta ágreiningi um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts. Verður ágreiningi skilaskylds og skattskylds aðila samkvæmt þessum lögum því ekki skotið til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Er því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá nefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 22. nóvember 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 13. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 79/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. september 2013, með ódagsettri kvörtun sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. september 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 15. október 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. október 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 31. október 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. nóvember og 13. desember 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 8. mars 2006 var bílasamningur nr. X um bifreiðina Y gerður. Varnaraðili var nefndur leigusali og sóknaraðili leigutaki. Undir fyrirsögninni var tekið fram að um gengistryggðan samning væri að ræða. Samkvæmt samningnum var leigutími frá 8. mars 2006 til 5. apríl 2012. Samkvæmt 4. gr. samningsins var samningsfjárhæðin kr. 2.008.251. Í sömu grein kom eftirfarandi fram: „*Samningur þessi er gengistryggður og eru allar fjárhæðir bundnar erlendum/innlendum myntum í eftirfarandi hlutföllum og taka mið af þeim á hverjum tíma: USD 15%, JPY 10%, CHF 5%, ISK 50%. Gengi/vísitala gjaldmiðla miðast við útborgunardag samnings. Leigugjald tekur breytingum á gengi og vöxtum skv. 7. gr. samnings þessa.*“

Í 7. gr. samningsins er fjallað um vexti, verðtryggingu, gengistryggingu og stofngjald. Í 1. mgr. 7. gr. kemur fram að í fyrirsögn samningsins sem og í 4. gr. hans komi fram hvort hann sé verðtryggður, óverðtryggður eða gengistryggður. Í 1. másl. 4. mgr. 7. gr. segir að eftirfarandi gildi um gengistryggða samninga: „F [er] heimilt að

endurreikna hina gengistryggðu leigu skv. breytingum sem verða á Libor-vöxtum þess erlenda eða þeirra erlendu gjaldmiðla sem leigan er greidd í.“

Þann 24. mars 2011 skaut sóknaraðili kvörtun varðandi endurútreikning bílasamnings X til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Kröfum sóknaraðila var vísað frá með úrskurði uppkveðnum 10. júní 2011.

Þann 25. ágúst 2011 borgaði sóknaraðili lánið upp.

Þann 18. febrúar 2013 sendi sóknaraðili varnaraðila tölvupóst þar sem hún óskaði eftir að fá upplýsingar um það hver staðan væri á endurútreikningi á lánasamningi nr. X. Svaraði varnaraðili samdægurs á þá leið að fyrirtækið væri með eigið dómsmál í farvatninu sem skera ætti úr um endurútreikning vegna bílasamninga félagsins. Áætlað væri að málið yrði flutt í héraðsdómi Reykjavíkur í apríl og myndi það í kjölfarið fara fyrir Hæstarétt.

Þann 5. júní 2013 sendi sóknaraðili varnaraðila ósk um endurreikning á þeim hluta samnings nr. X sem var verðtryggður í íslenskum krónum. Varnaraðili svaraði erindinu og samþykkti endurgreiðslu ofgreiðslu á umræddum hluta samningsins, sem fólst í mismun á greiðslu verðtryggingar og breytilegra vaxta annars vegar og tilgreindum vöxtum á íslenska hluta fjármögnunarinnar hins vegar. Samþykkt var að endurgreiða ofgreiðslur sem áttu sér stað á fjórum árum fyrir dóm Hæstaréttar, í samræmi við ákvæði laga um fyrningu kröfuréttinda. Ofgreiðsla var kr. 349.121. Þann 22. ágúst 2013 óskaði sóknaraðili eftir skýringum á því að aðeins væru endurgreiddar ofgreiðslur sem áttu sér stað á síðustu fjórum árum fyrir dóm Hæstaréttar.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun mótttekinni 13. september 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Kvörtun sóknaraðila lýtur að endurreikningi bílasamnings nr. X.

Sóknaraðili kveðst ósátt við þá viðskiptahætti sem F hafi viðhaft í þeim viðskiptum sem hún hafi átt við fyrirtækið.

Vísar sóknaraðili til þess að þann 24. apríl 2013 hafi fallið dómur í máli nr. 672/2012. Niðurstaða málsins hafi verið á þá leið að ólöglegt væri að reikna vexti og verðbætur á íslenska hluta bílalánsins. Sá samningur sem hafi verið aðalþræufni í umræddum dómi sé eins og sá samningur sem um ræði í þessu máli. Varnaraðili hafi fallist á að endurgreiða sóknaraðila en kvörtunin beinist að því hversu mikið varnaraðili telji sig þurfa að greiða. Sóknaraðili telur að óskiljanlegt sé hvernig hægt sé að komast að annarri niðurstöðu í hennar tilfelli en í umræddum dómi. Vísar sóknaraðili til 3. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán. Sóknaraðili telur að varnaraðili geti ekki sannað að henni hafi verið ljóst hver lántökukostnaðurinn hafi verið, enda sé um að ræða svipaða skilmála í tilviki sóknaraðila og í umræddum dómi Hæstaréttar.

Vísar sóknaraðili til 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda þar sem fram komi að lögin öðlist gildi 1. janúar 2008. Lögin gildi einvörðungu um þær kröfur sem stofnist eftir gildistöku laganna. Þar sem sú krafa sem um ræði hafi stofnast 8. mars 2006 sé ljóst að um hana gildi lög nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Telur sóknaraðili því rétt að miða við hin síðarnefndu lög við úrlausn þessa máls en ekki hin fyrrnefndu líkt og varnaraðili hafi gert. Hún telur að forkastanlegt sé að ekki sé vísað í rétt lög, en þar sem umþrætt krafa hafi stofnast 8.

mars 2008 [sic] sé ljóst að um hana gildi lög nr. 14/1905. Trúverðugleiki þeirra sem svona vinni teljist ekki til eftirbreytni.

Sóknaraðili bendir á að þann 25. ágúst 2011 hafi hún borgað framangreint lán upp. Slit á fyrningu geti orðið með ýmsum hætti, þar megi m.a. nefna ef skuldari viðurkenni skuld sína við kröfuhafa, sbr. 6. gr. laga nr. 14/1905. Það standi óbreytt í huga sóknaraðila að greiðsla rífi fyrningu. Þegar fyrningu sé slitið hefjist nýr fyrningarfrestur. Finnist sóknaraðila því óskiljanlegt að endurgreiðsla miði við 5. maí 2009 en ekki við 25. ágúst 2007.

Sóknaraðili kveðst jafnframt vilja setja út á endurreikning sem framkvæmdur hafi verið á erlenda hlutanum í byrjun árs 2011. Notast hafi verið við seðlabankavexti en ekki þá vexti sem tilgreindir hafi verið í samningi. Slíkt hafi verið dæmt ólöglegt í máli nr. 50/2012.

Sóknaraðili bendir á að það sé ekki rétt að hún hafi aldrei kvartað yfir því að seðlabankavextir hafi verið notaðir við endurreikning, líkt og sjá megi í máli úrskurðarnefndarinnar nr. 15/2011, þar sem gerð hafi verið aumkunarverð krafa til þess að þessi mál yrðu skoðuð. Þá bendir sóknaraðili á bréf, dagsett 18. febrúar 2011.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Lesi má út úr greinargerð varnaraðila að hann krefjist þess að kröfu sóknaraðila varðandi innlenda hluta lánsins verði hafnað. Þá krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila varðandi erlenda hluta lánsins verði aðallega vísað frá og til vara hafnað.

Varðandi innlendan hluta telur varnaraðili í upphafi rétt að leiðrétta misskilning í kvörtun sóknaraðila um efni dóms Hæstaréttar í máli nr. 672/2012. Niðurstaða málsins hafi ekki verið sú að „ólöglegt væri að reikna vexti eða verðbætur á íslenska hluta bílalánsins“, eins og segi í kvörtuninni. Umrætt dómsmál hafi hvorki snúið að því hvort lánveitingin væri ólögsmæt né að aðilum hafi verið óheimilt að semja á þann hátt sem deilt hafi verið um. Þannig komi hvergi fram í dómnum að um „ólögsmætt lán“ hafi verið að ræða. Ágreiningur í umræddu dómsmáli hafi snúið að túlkun á efni samnings, þ.e. hvort að í því tilviki hefði verið samið um verðtryggingu og breytilega vexti. Stefnandi hafi gert ágreining um þetta efni og við túlkun á samningsskuldbindingunni hafi varnaraðili verið látinn bera hallann af því að skilmálar samningsins hafi ekki verið nógu skýrir varðandi verðtryggingu eða um breytileika vaxta. Hafi Hæstiréttur talið að félaginu hefði ekki í umræddu tilviki tekist að færa fram sönnur á hið gagnstæða á grundvelli skilmála eða annarra gagna, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán. Hins vegar hafi verið um gilt lán að ræða og með föstu vaxtaviðmiði sem tilgreint hafi verið í samningnum.

Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili í fyrirliggjandi máli hafi leitað til félagsins og gert kröfu um endurgreiðslu með vísan til dómsins vegna samnings sem greiddur hafi verið upp á árinu 2011. Eðli máls samkvæmt hafi erindið falið í sér kröfu um endurgreiðslu ofgreidds fjár, sbr. einnig úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 15/2012. Krafa um endurgreiðslu ofgreidds fjár fyrnist á fjórum árum, sbr. 3. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 og reiknist fyrningarfrestur frá þeim degi er greiðslan hafi verið innt af hendi, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna. Sama regla hafi gilt í eldri fyrningalögum, sbr. 5. tölul. 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905. Engin rök standi til þess að viðbótarfyrningarfrestir eigi við í

Þessu máli, frekar en í máli nr. 15/2012, enda sé því ekki haldið fram af hálfu sóknaraðila.

Bendir varnaraðili á að með vísan til framangreinds hafi eldri kröfur en fjögurra ára verið fyrndar og framkvæmd varnaraðila í samræmi við lög.

Varðandi erlenda hluta lánsins vísar varnaraðili til þess að í kvörtun sóknaraðila segi að sóknaraðili vilji „setja út á endurreikning sem framkvæmdur var á erlenda hlutanum í byrjun árs 2011. Notast var við seðlabanka vexti en ekki þá vexti sem tilgreindir voru í samningi. Slíkt var dæmt ólöglegt í máli nr. 50/2012.“

Varnaraðili telur að vísa eigi kvörtuninni frá að þessu leyti þar sem skilyrði 5. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki séu ekki uppfyllt. Þannig hafi sóknaraðili aldrei sett fram kröfu á hendur varnaraðila sem hafi verið hafnað. Í því sambandi megi vísa til tölvupósta, dags. 18. febrúar 2013, 5. júní 2013 og 22. ágúst 2013, þar sem settar séu fram fyrirspurnir um endurreikning en ekki kröfugerð á hendur félaginu.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili setji út á endurreikning varnaraðila á mjög almennum forsendum, þ.e. að notast hafi verið við seðlabankavexti en ekki við vexti þá sem tilgreindir hafi verið í gengistryggða hluta bílasamningsins. Ekki sé að finna nánari tilgreiningu á því hvernig kvörtunarefnið snúi að aðstæðum sóknaraðila og sé því kvörtunin það óljós og illa upplýst að vísa beri henni frá, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr. samþykktta nefndarinnar.

Telji úrskurðarnefndin engu að síður rétt að fjalla um kvörtunina á grunni svo almennra forsendna tekur varnaraðili fram að umræddur endurreikningur hafi verið framkvæmdur á grundvelli 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. einnig dómur Hæstaréttar í máli nr. 471/2010. Þá liggi fyrir skýr dómafordæmi um það að vaxtahæð samnings, sem hafi verið gengistryggður, verði ekki lögð til grundvallar lögskiptum aðila. Þannig segi í dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010: „... fullljóst er að slík vaxtakjör af láninu gátu ekki komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu þess“ enda „bein og órjúfanleg tengsl“ á milli gengistryggingar og vaxtakjara. Síðari dómur vísi til þessa fordæmis og hafi hafnað beitingu vaxtafjárhæðar slíks samnings, sbr. t.d. dómur Hæstaréttar í málum nr. 603/2010 og 663/2010.

Varnaraðili telur rétt að taka fram að við endurreikning varnaraðila á bílasamningi sóknaraðila þann 25. október 2010 hafi myndast inneign hjá honum á veltureikningi, m.v. síðasta greidda gjalddaga fyrir 16. júní 2010, sem hafi verið nýttur til að skuldajafna á móti þegar gjaldföllnum gjalddögum. Þannig hafi sóknaraðili ekki verið krafinn um viðbótargreiðslu við endurreikning.

Eins og áður er fram komið telur varnaraðili ekki ljóst á hvaða grunni sóknaraðili byggji kröfu um endurreikning. Í kvörtun sé t.d. ekki haldið fram að skilyrði undantekningarreglu um svonefnda fullnaðarkvittun eigi við um aðstæður sóknaraðila, en samkvæmt meginreglum kröfuréttar verði skuldari að bera fyrir sig svokallaða fullnaðarkvittun gagnvart kröfuhafa. Engu að síður vill varnaraðili taka fram að þar sem, eftir endurreikning hafi ekki verið gerð viðbótarkrafa á hendur sóknaraðila sé ekki hægt að halda því fram að hann hafi ofgreitt af skuld sinni á lánstímanum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 *in fine*.

Að síðustu vegna tilvísunar í dóm Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 þá telur varnaraðili að dómurinn staðfesti að:

1. Lán sem borið hafi gengistryggingu skuli bera vexti skv. 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga frá lántökudegi til lokadags. Skuldbinding lántakans á hverjum tíma skuli miðast við lánið þannig reiknað.

2. Ógild ákvæði um gengistryggingu í lánasamningi leiði til þess að litið verði með öllu fram hjá ákvæði sammingsins um vaxtahæð og skuldin beri vexti eftir 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga.

3. Ofgreiðsla/vangreiðsla fyrir liðna tíð sé fundin með því að bera saman annars vegar raunverulegar greiðslur sem lántaki hafi innt af hendi og hins vegar þær greiðslur sem lántaka hefði borið að inna af hendi, ef hæð vaxta hefði verið reiknuð eftir 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga frá upphafi, en við þetta mat eigi að miða við umrætt tímabil í heild sinni.

4. Réttur lánveitanda til viðbótargreiðslu fyrir liðna tíð geti mögulega takmarkast af óskráðum undantekningarreglum íslensks kröfuréttar um gildi fullnaðarkvittana, þannig að uppfylltum tilteknum skilyrðum verði vikið frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu þegar vangreitt sé.

5. Réttur lántaka til að ná fram kröfu á lánveitanda vegna ofgreiðslu fyrir liðna tíð ráðist af því hvort að lántaki hafi greitt hærri fjárhæðir samtals á umræddu tímabili en hann hefði gert ef hæð vaxta hefði verið reiknuð eftir 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga frá upphafi.

6. Eftirstöðvar skuldar, eftir að fullnaðarkvittun hafi verið gefin út vegna fyrri afborgana, skuli reikna á grundvelli 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga eins og lánið hefði verið í skilum.

Varnaraðili bendir á að sömu sjónarmið komi fram í samhljóma dómum Hæstaréttar í málum nr. 327/2013 og 328/2013.

Varnaraðili telur með vísan til framangreinds að engin lagastoð sé fyrir hinni óskýru og almennu kröfu sóknaraðila og beri að hafna henni. Önnur niðurstaða myndi leiða til óréttmætrar auðgunar sóknaraðila, enda hafi hann ekki ofgreitt af skuld sinni og sé í raun að krefjast þess að hluti lánsins beri 5% neikvæða raunvexti.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi varnaraðila á bílasamningi sóknaraðila nr. X.

Í upphafi verður vikið að íslenska hluta umrædds bílasamnings. Óumdeilt er að varnaraðili hefur fallist á með sóknaraðila að henni hafi ekki verið ljóst að sá hluti samnings aðila hafi verið verðtryggður og með breytilegum vöxtum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012. Varnaraðili féllst á að endurgreiða sóknaraðila ofgreiðslur sem áttu sér stað á fjórum síðustu árum fyrir dóm Hæstaréttar, í samræmi við ákvæði laga um fyrningu kröfuréttinda.

Telja verður að krafa sóknaraðila sé um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Bílasamningur sóknaraðila var gefinn út þann 8. mars 2006 og greiddi hún upp lánið þann 25. ágúst 2011. Sóknaraðili skaut kvörtun varðandi endurreikning bílasamnings nr. X til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki þann 24. mars 2011. Sóknaraðili skaut kvörtun sinni í máli þessu til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki þann 13. september 2013.

Krafa sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár stofnaðist að hluta til í gildistíð laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda en samkvæmt 28. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda öðluðust þau gildi þann 1. janúar 2008. Lög þau gilda einvörðungu um þær endurgreiðslukröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna.

Samkvæmt lögum nr. 14/1905 gat sóknaraðili m.a. slitið fyrningu með málsókn, sbr. 1. gr. laganna eða því sem jafngildir málsókn, þ.e. þegar yfirvöld hafa endanlegt úrskurðarvald en ekki dómstólar, sbr. 11. gr. laganna, sbr. Hrd. 1957:482. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur ekki slíkt endanlegt úrskurðarvald. Í ljósi þess hefur fyrningu kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár sem stofnaðist í tíð eldri laga ekki verið slitið með málskoti til úrskurðarnefndarinnar og varnaraðili hefur ekki viðurkennt kröfu sóknaraðila, að því leyti sem hann telur hana fyrnda, þ.e. fyrir 24. apríl 2009.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905 telst fyrningarfrestur frá þeim degi er krafa varð gjaldkræf. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila varð gjaldkræf þegar sóknaraðili innti greiðslur samkvæmt samningnum af hendi. Samkvæmt 5. tölul. 3. gr. laganna fyrnist krafa um endurgjald sem maður hefur greitt í rangri ímyndun um skuldbindingu á fjórum árum. Verður því að telja að krafa sóknaraðila um endurgreiðslu vegna greiðslna bílasamnings nr. X fram til 1. janúar 2008 sé fyrnd, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 15/2012.

Sóknaraðili sleit fyrningu kröfu um endurgreiðslu ofgreidds fjár þegar hún skaut máli sínu til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki hið fyrra sinni, 24. mars 2011, sbr. 16. gr. laga nr. 150/2007, enda byggði kvörtunin m.a. á því að hvorki væri minnst á vexti né verðbætur á íslenska hluta lánsins, þ.e. sambærilegum röksemdum og í máli þessu. Skiptir þá ekki máli að kröfum hennar hafi verið vísað frá nefndinni.

Samkvæmt lögum nr. 150/2007 er meginreglan fjögurra ára fyrningarfrestur. Í III. kafla laganna er mælt fyrir um viðbótarfresti. Segir í 10. gr. að hafi kröfuhafi ekki haft uppi kröfu sökum þess að hann skorti nauðsynlega vitneskju um kröfuna eða skuldarann, fyrnist krafa hans aldrei fyrr en einu ári eftir þann dag þegar kröfuhafi fékk eða bar að afla sér slíkrar vitneskju. Í greinargerð sem fylgdi því ákvæði kemur fram sá skilningur að lykilatriði í þessu sambandi sé raunveruleg vitneskja kröfuhafans, en viðbótarfrestur getur einungis komið til ef hann skortir „nauðsynlega vitneskju“ um kröfuna. Krafa sóknaraðila virðist byggja á þeirri röksemdafærslu að hún hafi aldrei skuldbundið sig til að greiða verðbætur. Verður í því ljósi ekki fallist á að hana hafi skort nauðsynlega vitneskju um að krafa um verðbætur væri óréttmæt, þannig að lengja megi fyrningarfrest á grundvelli þessa ákvæðis. Ber því að miða við fjögurra ára fyrningarfrest á allri endurgreiðslukröfu sóknaraðila. Þar sem fyrningu var, eins og áður sagði, slitið þegar sóknaraðili skaut máli sínu til úrskurðarnefndarinnar þann 24. mars 2011 verður að miða við að endurgreiðslukröfur sóknaraðila sem urðu til fyrir 1. janúar 2008, sbr. það sem áður sagði séu fyrndar, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 15/2012.

Í ljósi alls framangreinds og þess að varnaraðili hefur endurgreitt sóknaraðila ofgreiðslur af bílasamningi nr. X sem áttu sér stað á fjórum síðustu árum fyrir dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012, þ.e. frá 24. apríl 2009, ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila ofgreiðslur af bílasamningnum frá 1. janúar 2008 til 24. apríl 2009.

Verður því næst vikið að kröfu sóknaraðila varðandi erlenda hluta lánsins.

Samkvæmt 5. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Í 6. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Í e-lið 6. gr. samþykktanna kemur

fram að nefndin fjalli ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar.

Sóknaraðili byggir kröfu sína varðandi erlenda hluta lánsins á því að notast hafi verið við seðlabankavexti við endurreikning á erlenda hluta lánsins í byrjun árs 2011 en slíkt hafi verið dæmt ólöglegt í máli nr. 50/2012, en á þar að öllum líkindum við dóm Hæstaréttar í máli nr. 50/2013.

Sóknaraðili gerir ekki tilraun til að sýna fram á að málsatvik í máli hennar séu sambærileg við málsatvik í dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 eða færa að öðru leyti fram rök fyrir kröfu sinni. Í ljósi þess verður að telja að mál sóknaraðila sé svo óljóst og illa upplýst að ekki verði hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila varðandi erlenda hluta lánsins frá, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðila, F, ber að endurgreiða sóknaraðila, M ofgreiðslur af bílasamningi nr. X frá 1. janúar 2008 til 24. apríl 2009.

Kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila varðandi erlenda hluta bílasamnings nr. X, er vísað frá.

Reykjavík, 13. desember 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 20. desember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 80/2013**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 18. september 2013, með kvörtun sóknaraðila M, dagsettri 18. september 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. september 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 18. október 2013. Var bréfið sent sóknaraðila M, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. október 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 5. nóvember 2013. Þann dag var einnig óskað eftir því að sóknaraðila N yrði leyfð þátttaka að málinu. Athugasemdir sóknaraðila voru sendar varnaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. nóvember 2013. Athugasemdir bárust frá varnaraðila með bréfi, dagsettu 18. nóvember 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 20. desember 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 3. júní 1997 var veðskuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.100.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Til tryggingar greiðslu skuldabréfsins var fasteignin að B, sett að veði á 4. veðrétti. N samþykkti veðsetninguna sem þinglýstur eigandi.

Þann 2. desember 2004 var gerð yfirlýsing um veðflutning og veðbandslausn. Óskaði A eftir því að fasteignin B yrði leyst úr veðböndum. Veðsetti hann FF til tryggingar skuldinni í þess stað C með 5. veðrétti og uppfærslurétti. Skrifaði N undir sem þinglýstur eigandi.

Þann 4. desember 2008 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins, sem N samþykkti sem þinglýstur eigandi og sem sjálfskuldarábyrgðaraðili.

Þann 3. júlí 2009 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins, sem N samþykkti sem þinglýstur eigandi. Staðfesti hún að hafa kynnt sér efni bréfsins og að hún gerði sér grein fyrir í hverju ábyrgð hennar sem veðleyfisgjafa væri fólgin og teldi hana samrýmast greiðslugetu hennar. Jafnframt hefði hún kynnt sér upplýsingabækling um ábyrgðir og efni gildandi samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Þann 24. júní 2010 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins, sem N samþykkti sem þinglýstur eigandi. Staðfesti N að hafa kynnt sér efni skjalsins auk upphaflegs skuldaskjals og að hún gerði sér grein fyrir í hverju ábyrgð hennar sem eiganda hinnar veðsettu eignar væri fólgin. Ef hún væri ekki skuldari og veðsetningin heyrði undir lög um ábyrgðarmenn nr. 32/2009, samþykkti hún efni þessa bréf með tilvísun til viðfests samnings um lánsveð.

Þann 16. janúar 2012 eignaðist sóknaraðili M fasteignina að C.

Þann 20. ágúst 2012 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd N og óskaði eftir því að ábyrgðaryfirlýsing hennar skv. skuldabréfi nr. X yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili svaraði þann 11. september 2012 og kvaðst myndu fella niður ábyrgð N á umræddu skuldabréfi.

Þann 13. september 2012 var skuldabréfið áritað um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar N.

Þann 28. maí 2013 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst og sagði veð vegna umræddrar ábyrgðarskuldbindingar enn koma fram á veðbandayfirliti. Óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum um það hvenær varnaraðili ætlaði að framfylgja ákvörðun sinni um niðurfellingu umræddrar ábyrgðarskuldbindingar. Þann 28. maí 2013 sendi varnaraðili umboðsmanni tölvupóst og sagði að sjálfskuldarábyrgð N hefði verið felld niður skv. uppgjörssamma, hins vegar hefði lögfræðideild bankans metið veðið gilt. Samdægurs svaraði umboðsmaður og óskaði eftir gögnum og fylgigögnum vegna umræddrar lánveitingar.

Sóknaraðili, M, skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 18. september 2013.

Þann 26. september 2013 var gerð skilmálabreyting á skuldabréfinu og skrifaði N undir f.h. M sem þinglýstur eigandi.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðila sé skylt að standa við samkomulag á milli N og bankans um að aflétta veði af fasteigninni við C. Til vara er þess krafist að umrædd veðsetning sé talin ólögmæt á grundvelli þess að sóknaraðila N hafi aldrei verið kynnt greiðslumat skuldarans, A, þegar hún hafi undirgengist ábyrgðarskuldbindinguna sem falist hafi í því að veita veðleyfi á fasteign sinni við C til tryggingar skuldum A. Til þrautavara er þess krafist að umrædd veðsetning verði talin ólögmæt á grundvelli þess að sóknaraðila N hafi aldrei verið kynnt greiðslumat skuldarans, A, þegar hún hafi undirgengist ábyrgðarskuldbindinguna sem falist hafi í því að veita veðleyfi á fasteign sinni við B, þann 3. júní 1997 til tryggingar skuldum A. Þá krefjast sóknaraðilar endurgreiðslu kærumálskostnaðar sem nemi kr. 25.000, þar sem ágreiningsmálið lúti að lögskiptum sóknaraðila N og varnaraðila.

Til stuðnings aðalkröfu sinni benda sóknaraðilar á að á milli sóknaraðila N og varnaraðila hafi verið komið á samkomulag um að varnaraðili myndi aflétta öllum ábyrgðarskuldbindingum sem sóknaraðili N hafi tekið á sig. Sóknaraðilar bera fyrir

sig meginreglur samninga- og kröfuréttar um loforð, efndir og skuldbindingargildi samninga. Formfrelsi samninga sé eitt megineinkenni samningafrelsisins og skipti engu máli hvort samkomulög séu gerð munnlega, skriflega eða í tölvupóstsamskiptum.

Vísa sóknaraðilar til þess að bankinn hafi verið búinn að samþykkja að aflétta ábyrgðum sóknaraðila N á grundvelli samkomulags sem gert hafi verið við sérfræðing varnaraðila. Slíkt samkomulag geti lögmenn bankans ekki afturkallað nema með skýru samþykki sóknaraðila N, enda ekki á færi lögmanna að breyta samkomulagi sem gert sé á milli sérfræðings bankans og sóknaraðila N án hennar samþykkis.

Sóknaraðili N vill einnig meina að túlka beri samþykki sérfræðings varnaraðila henni í hag, enda hafi samningaviðræðurnar sem fram hafi farið á milli lögfræðings umboðsmanns skuldara og sérfræðings varnaraðila snúist um að aflétta ábyrgðarskuldbindingum sem N hafi undirgengist fyrir son sinn A. Leiki vafi á túlkun samkomulags sem komist hafi á beri að túlka vafaatriði N í hag.

Sóknaraðilar telja það furðu sæta ef ætlun varnaraðila hafi verið að gefa óskýr svör um hvaða ábyrgðarskuldbindingum yrði aflétt, að sérfræðingar og lögmenn varnaraðila beiti brögðum og láti í veðri vaka að fallist sé á kröfur viðskiptamanna um afléttingu ábyrgðarskuldbindinga en beri því seinna við að túlka eigi eitthvað annað úr samskiptunum. Telja sóknaraðilar að þetta sé sérlega ámælisvert og andstætt eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum. Hafi einhverjar takmarkanir átt að vera á afléttingum ábyrgðarskuldbindinga sem sóknaraðili N hafi undirgengist, hefðu sérfræðingar varnaraðila átt að tilgreina strax hvaða takmarkanir væru á afléttingu ábyrgðarskuldbindinganna, enda hafi slíkar yfirlýsingar réttaráhrif sem viðskiptamenn geti byggt rétt sinn á. Af öllum aðilum viðskiptalífsins ætti sérfræðingum hjá fjármálafyrirtækjum að vera það ljóst.

Sóknaraðilar vilja meina að ef starfsmaður varnaraðila hafi farið út fyrir umboð sitt með því að veita vilyrði án heimildar, þá beri varnaraðili hallann af því, enda ekki sóknaraðila N, sem sé á 85. aldursári að bera hallann af tvíræðum yfirlýsingum sérfræðinga varnaraðila. Ekki sé hægt að leggja það á 85 ára konu að vega og meta hvort skipulagsleysi ríki innan varnaraðila hjá viðskipta- og lögfræðimenntuðum sérfræðingum, þegar viðskiptamenn eigi í samskiptum við titlaða sérfræðinga sem vinni að ráðgjöf og lausnum gagnvart viðskiptamönnum. Sóknaraðili N hljóti að teljast grandlaus viðsemjandi gagnvart varnaraðila með vísan til atvika og aðstæðna.

Með vísan til ofangreindra raka telja sóknaraðilar að varnaraðila sé skylt að aflétta veðsetningu af fasteigninni við C á grundvelli samkomulags varnaraðila og sóknaraðila N.

Til stuðnings varakröfu sinni vísa sóknaraðilar til 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sem gert hafi verið þann 1. nóvember 2001. Veðsetningin og lögskipti sóknaraðila N og FF, nú varnaraðila, sem deilt sé um hafi verið framkvæmd þann 2. desember 2004. Ekki sé í samkomulaginu gerður greinarmunur á því hvort um sé að ræða veðflutning eða nýja veðsetningu og hafi varnaraðila mátt vera það bersýnilega ljóst hverjar skyldur bankans hafi verið samkvæmt samkomulaginu.

Sóknaraðilar telja að veðsetningin sem gerð hafi verið 2. desember 2004 sé ný veðsetning og hafi það fyrirkomulag einhliða verið ákveðið af varnaraðila að veðsetja þyrfti fasteignina við C til tryggingar skuldbindingum Þóris, áður en aflétta hafi mátt veðinu á B. Hér sé því ekki um veðflutning að ræða heldur sé stofnað til nýrra

ábyrgðarskuldbindinga. Í yfirlýsingu um veðflutning og veðbandslausn sé skýrt tekið fram að: „Þegar hinni nýju veðsetningu hefur verið þinglýst athugasemdalaust skal afmá hina fyrri úr veðmálabókum.“ Þetta fyrirkomulag hafi verið ákveðið einhliða af varnaraðila og bankanum hafi verið í lófa lagið að krefjast greiðslumats yfir A, eins og þeim hafi borið skylda til.

Sóknaraðilar benda á að í 3. gr. samkomulagsins sé skýrt tekið fram hver sé skylda góðs og gegns fjármálafyrirtækis þegar notast sé við ábyrgðarskuldbindingar þriðja aðila, og sé augljóst af atvikum öllum að ekki hafi verið farið að fyrirætlum samkomulagsins þegar fasteignin að C hafi verið veðsett enda ekkert greiðslumat framkvæmt þá frekar en áður. Á varnaraðila hafi óneitanlega hvílt sú skylda að greiðslumeta A sem skuldara þegar veðsetning til tryggingar skuldbindinga A hafi farið fram. Umrædd skylda til að greiðslumeta skuldara í þágu þriðja aðila sem taki á sig ábyrgðarskuldbindingar, skv. 3. gr. samkomulagsins sé afdráttarlaus og án undantekninga séu fjárskuldbindingar yfir einni milljón króna, sbr. 3. mgr. 3. gr.

Sóknaraðilar telja að veðsetning fasteignarinnar við C sé ólögmæt þar sem varnaraðila hafi láðst að greiðslumeta A þegar veðleyfið hafi verið veitt 2. desember 2004. Dómaframkvæmd Hæstaréttar hafi m.a. staðfest að slíkar ábyrgðarskuldbindingar séu óheimilar að lögum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 163/2005.

Með vísan til ofangreindra raka telja sóknaraðilar að ofangreind veðsetning sé ólögmæt á grundvelli þess að sóknaraðila N hafi ekki verið kynnt greiðslumat skuldarans, A, þegar sóknaraðili N undirgekkst ábyrgðarskuldbindinguna þann 2. desember 2004.

Til stuðnings þrautavarakröfu sinni benda sóknaraðilar á að samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða sem gildi tók 1. maí 1998 og samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sem gildi tók 1. nóvember 2001, kveði á um hver séu eðlileg vinnubrögð hjá fjármálastofnunum gagnvart viðskiptamönnum og séu ekki sett lög af Alþingi heldur sé um að ræða viðmiðunarreglur sem staðfesti eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti (vandaða viðskiptahætti) á milli viðskiptamanna og fjármálafyrirtækja þegar aðstöðumunur sé á viðskiptamanni fjármálafyrirtækis, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Vísa sóknaraðilar til þess að lagastoðin fyrir því að aflétta beri slíkum veðsetningum þegar um lánsveð sé að ræða sé í 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936. Vísa sóknaraðilar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 3/2003 máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðilar byggja á því að ofangreind samkomulög séu ekki í hlutverki settra laga heldur staðfesting á ríkjandi óskráðum vönduðum viðskiptavenjum sem kveði á um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, enda hafi málsaðilinn í dómi Hæstaréttar í máli nr. 3/2003 ekki verið aðili að ofangreindum samkomulögum og að auki hafi veðþolinn gengist í ábyrgð fyrir skuldum sem stofnað hafi verið til fyrir þann tíma er samkomulög um notkun sjálfskuldarábyrgða hafi verið gerð.

Vísa sóknaraðilar til þess að fjármálafyrirtæki hafi alltaf, lögum samkvæmt, þurft að fara eftir eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Meginreglur og viðskiptavenjur séu síðan ævinlega staðfestar í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum, sáttmálum, kjarasamningum, viðmiðunarreglum eða í dómaframkvæmd þó svo að slíkar reglur hafi ekki áður verið skráðar, enda staðfesti Hæstiréttur einungis þau lög sem í gildi hafi verið þegar lögskipti aðilanna í máli nr. 3/2003 hafi farið fram.

Sóknaraðilar benda einnig á að N sé fædd árið 1927 og hafi verið á 70. aldursári þegar upprunaleg ábyrgðarskuldbinding á B hafi verið gerð og 77. aldursári þegar seinni ábyrgðarskuldbindingin hafi farið fram og 85. aldursári þegar leitast hafi verið við að aflétta ábyrgðarskuldbindingum á grundvelli samkomulags með aðstoð lögfræðings umboðsmanns skuldara. Sóknaraðilar benda á að í 8. gr. samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða sem gildi hafi tekið 1. maí 1998 sé skýrt tekið fram að almennt skuli ábyrgðarmenn ekki vera yngri en 20 ára og ekki eldri en 70 ára. Af þeim sökum vilja sóknaraðilar einnig meina að upphafleg veðsetning eignarinnar að B hafi verið ólögmæt og að aflétta beri núverandi veðsetningu með vísan til sérstakra aðstæðna vegna aldurs N, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 3/2003 og RG 1992:797 þar sem deilt hafi verið um skuldbreytingu á gamalli eignarleiguskuld.

Sér til stuðnings benda sóknaraðilar á að til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki hafi fjölmargir leitað til þess að fá úr því skorið hvenær sjálfskuldarábyrgð sé ólögmæt með vísan til 3. gr. samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða. Rétt sé að benda á úrskurði úrskurðarnefndarinnar í málum nr. 2/2009 og 1/2008. Samkvæmt úrskurðarframkvæmd virðist rík skylda vera lögð á lánveitendur að ganga úr skugga um að skuldarar séu greiðslumetnir og að niðurstöður greiðslumatsins séu kynntar ábyrgðarmönnum sé ætlunin að notast við ábyrgðir þriðja aðila. Fyrirgreindir úrskurðir gefi til kynna að lánveitanda sé veittur töluverður sveigjanleiki til að meta greiðslugetu lántaka en lykiltríði sé þó að greiðslumat verði að vera framkvæmt, hvernig sem það sé svo útfært.

Sóknaraðilar telja að tilvísun varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 403/2009 sé órökstudd og verulega vanreifuð. Sóknaraðilar benda á að A sé einstaklingur og það hafi verið N sem gengist hafi í ábyrgð fyrir persónulegum skuldbindingum A en ekki M.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili mótmælir aðalkröfu sóknaraðila á grundvelli þess að ekkert samkomulag hafi komist á um afléttingu veðsetningar. Varnaraðili vísar því á bug að samkomulag hafi komist á um að varnaraðili aflétti lánsveði sem N hafi veitt. Varnaraðili bendir á að veðflutningur sé jafnan gerður að frumkvæði og ósk lántaka og/eða þinglýsts eiganda. Þá bendir varnaraðili á að í tölvupóstsamskiptum hafi sérfræðingur bankans fallist á að fella niður sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila N á láninu. Líkt og sjáist í tölvupósti frá starfsmanni umboðsmanns skuldara, dags. 20. ágúst 2012 kl. 11.10.57 sé óskað eftir „*afriti af lánaskjali og fylgigögnum lánveitingar. Sbr. ... sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsing...*“. Í kjölfarið hafi sérfræðingur bankans svarað að ábyrgð yrði felld niður og hafi í þeim pósti verið átt við sjálfskuldarábyrgð. Það sé ekki fyrr en í tölvupósti, dags. 28. maí 2013, kl. 8.43 þar sem starfsmaður umboðsmanns skuldara minnst á veðsetningu og niðurfellingu hennar. Í ljósi þess að starfsmaður umboðsmanns skuldara hafi óskað eftir afriti af gögnum um sjálfskuldarábyrgð en ekki lánsveð verði að teljast varhugavert að hann túlki sem svo að veðsetning sé felld niður út frá orðalagi sérfræðings bankans. Ekki sé hægt að túlka það svo að með orðinu „ábyrgð“ sé átt við umþrætta veðsetningu. Bendir varnaraðili á að sóknaraðili N hafi ritað undir skilmálabreytingar, dags. 24.

júní 2010, 3. júlí 2009 og 4. desember 2008 bæði sem þinglýstur eigandi og sem sjálfskuldarábyrgðaraðili. Starfsmaður varnaraðila hafi gert mistök við skoðun á gögnum málsins í september 2012 og hafi ranglega talið að N bæri sjálfskuldarábyrgð á láninu og hafi tilkynnt starfsmanni umboðsmanns skuldara um að sú ábyrgð, sjálfskuldarábyrgðin, yrði felld niður, sbr. tölvupóst, dags. 11. september 2012, kl. 9.23.27. Veðskuldabréfið hafi verið áritað um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar, þann 13. september 2012. Ábyrgðaryfirlýsing í formi lánsveðsetningar hafi hvergi verið lýst ógild eða niðurfelld í tölvupóstsamskiptum við starfsmann umboðsmanns skuldara heldur hafi verið um misskilning af hálfu þess starfsmanns að ræða. Varnaraðili beri ekki ábyrgð á rangri túlkun starfsmanns umboðsmanns skuldara. Vert sé að benda á að samkvæmt tölvupósti, dags. 28. maí 2013, kl. 14.12.31, hafi starfsmaður umboðsmanns skuldara ekki fengið gögn um lánveitinguna afhent, þ.m.t. afrit láns skjalsins, þegar tilkynnt hafi verið um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar.

Varnaraðili áréttar að aflétting ábyrgðaryfirlýsingar í formi veðsetningar hafi hvergi verið samþykkt og hvergi hafi því verið lýst yfir að veði yrði aflétt í tölvupóstsamskiptum við starfsmann umboðsmanns skuldara. Um misskilning hafi verið að ræða, starfsmaður varnaraðila hafi ekki samþykkt að aflétta veðsetningu fasteignarinnar að C heldur hafi varnaraðili verið tilbúinn að fella niður sjálfskuldarábyrgð N. Varnaraðili hafnar fullyrðingum sóknaraðila um að samkomulag hafi verið um niðurfellingu ábyrgðarskuldbindingar N í formi lánsveðs þar sem umrædd veðsetning væri umdeilanleg. Varnaraðili hafnar því að slíka túlkun megi leiða af tölvupóstsamskiptunum.

Varnaraðili bendir á að samskipti og svör í tölvupóstskeytunum miðist alfarið við upphaflega beiðni starfsmanns umboðsmanns skuldara þar sem vísað sé til ábyrgðar N og hvergi minnst á lánsveð eða veðsetningu. Varnaraðili bendir á að af fyrstu tölvupóstskeytunum milli starfsmanns umboðsmanns skuldara og sérfræðings varnaraðila frá ágúst og september 2012 sé hvergi hægt að sjá að starfsmaður umboðsmanns skuldara eigi við veðsetningu heldur beri texti tölvuskeytanna í öllum atriðum með sér að verið sé að vísa til sjálfskuldarábyrgðar N þegar minnst sé á „ábyrgð“.

Varnaraðili telur að fyrirspurn starfsmanns umboðsmanns skuldara hafi verið óskýr og vísað til sjálfskuldarábyrgðar í pósti frá 20. ágúst 2012, kl. 11.10.57 þar sem óskað hafi verið eftir „*afriti af lánaskjali og fylgigögnum lánveitingar sbr. ... sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsing...*“. Þegar tekið hafi verið mið af aldri og fjárhagsstöðu N hafi starfsmaður varnaraðila talið rétt að fella niður sjálfskuldarábyrgð hennar sem starfsmaður umboðsmanns skuldara vísi til. Starfsmaður varnaraðila hafi talið fyrir mistök að sjálfskuldarábyrgð væri til staðar enda hafi N undirritað skilmálabreytingar sem sjálfskuldarábyrgðaraðili. Líkt og sjá megi af áritunarstimpli á bakhlið veðskuldabréfsins hafi það verið áritað þann 13. september 2012 um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar N. Fyrirspurn starfsmanns umboðsmanns skuldara hafi verið óljós hvað þetta varði og ljóst sé af hálfu varnaraðila að ef skýrt hefði verið óskað eftir niðurfellingu veðsetningar þá hefði slíkri beiðni verið hafnað.

Varnaraðili hafnar í ljósi framangreinds að samkomulag hafi komist á um að varnaraðili myndi aflétta veði á fasteigninni við C og hafnar þar af leiðandi aðalkröfu sóknaraðila um að varnaraðila verði gert að standa við meint samkomulag.

Varnaraðili mótmælir varakröfu sóknaraðila sem krefst þess að veðsetning C verði talin ólögum vegna þess að N hafi aldrei verið kynnt greiðslumat við veðflutning þann 2. desember 2004. Varnaraðili mótmælir því að þau lögskipti og sú

veðsetning sem deilt sé um séu einskorðuð við þann veðflutning sem átt hafi sér stað í desember 2004 líkt og sóknaraðilar geri í varakröfu sinni.

Varnaraðili bendir á að lánveiting og veðsetning vegna þeirrar lánveitingar hafi farið fram þann 3. júní 1997 og við það tímamark miðist þau lögskipti sem um sé deilt í þessu máli. Á þeim tíma sem sóknaraðili N hafi veitt heimild til veðsetningar eignar sinnar til tryggingar umræddri skuld hafi ekki hvílt skylda á fjármálafyrirtækjum, hvorki að lögum né samkvæmt samkomulagi, til að sýna fram á að ábyrgðarmanni hafi verið kynntar niðurstöður greiðslumats.

Vísa varnaraðilar til þess að veðflutningur hafi verið gerður þann 2. desember 2004. Slíkur veðflutningur fari að jafnaði fram að ósk skuldara í samráði við veðsala. Veðflutningur feli í eðli sínu hvorki í sér breytingu á fjárhagslegri skuldbindingu né nýja og breytta ábyrgðaryfirlýsingu. Hér sé um að ræða veðflutning að ósk viðskiptamanna sem varnaraðili fái ekki séð að geti hafa verið framkvæmdur með öðrum hætti. Röksemdir sóknaraðila um að hér sé ekki um veðflutning að ræða sé mótmælt sem óljósum og tilhæfulausum. Veðflutningurinn sem slíkur sé gerður í einu skjali. Eðli málsins samkvæmt sé rétt að framkvæma slíka þinglýsingu með þeim hætti að þinglýsa á þá eign sem færa eigi veðréttinn á, áður en aflétt sé af þeirri eign sem veðrétturinn eigi að fara úr þinglýsingarbók. Annað verklag gæti leitt til þess að veðskuldabréf bankastofnana yrðu án veðtrygginga vegna mistaka eða atvika sem geri sýslumanni ótækt að færa veðréttinn á þá eign sem veðflutningur tilheyri. Slíkt væri óábyrg framkvæmd af hálfu fjármálafyrirtækis.

Varnaraðili mótmælir því að stofnað hafi verið til nýrrar ábyrgðarskuldbindingar N og ítrekar að hér sé um veðflutning að ræða líkt og efni skjalsins sem sé undirritað 2. desember 2004 beri með sér. Veð í C hafi verið að koma í stað veðsetningar á B, veðflutning á milli eigna í eigu sama aðila. Hverjar ástæður veðflutningsins hafi verið verði sóknaraðilar að upplýsa um, en veðflutningur sé oftast gerður samhliða sölu á þeirri eign sem færa eigi veðsetninguna af. Veðflutningur sem hér hafi farið fram feli því ekki í sér nýja ábyrgðarskuldbindingu þar sem engin breyting verði á þeirri fjárhagslegu skuldbindingu sem N veiti tryggingu fyrir með veðsetningu á eign sinni. Veðflutningurinn breyti hvorki eðli fjárskuldbindingarinnar né auki þá skuldbindingu sem veðið standi til tryggingar fyrir, heldur feli einungis í sér að annað veð sé sett til tryggingar efnda í stað þess upphaflega. Af þessu leiði að hvorki hafi verið ástæða fyrir varnaraðila né skylda til þess að framkvæma greiðslumat við veðflutninginn.

Varnaraðili telur það ekki leiða til ólögmatís eða ógildingar veðsetningarinnar að sóknaraðila N hafi ekki verið kynntar niðurstöður greiðslumats. Veðflutningurinn hafi ekki haft í för með sér skyldu til þess að greiðslumeta og það að sóknaraðila N hafi ekki verið kynnt greiðslumat leiði ekki sjálfkrafa til ógildingar eða ólögmatís umþrættar veðsetningar.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar vísi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 163/2005 til stuðnings máli sínu. Varnaraðili hafnar því að dómurinn eigi við í þessu máli. Í fyrsta lagi hafi atvik í því máli orðið þegar samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi verið í gildi. Í öðru lagi hafi aðstæður þess máls verið með þeim hætti að þegar ábyrgðarmaður hafi gengist í ábyrgð hafi fjárhagur reikningseiganda stefnt í veruleg vandræði líkt og komi fram í niðurstöðum Hæstaréttar. Þær aðstæður séu ekki uppi í þessu máli þar sem hvorki ofangreint samkomulag né samkomulag frá árinu 1998 hafi verið í gildi þegar ábyrgðaryfirlýsing hafi verið gefin. Þess að auki hafi veðskuldabréfið sem hér um ræði verið búið að vera í skilum frá útgáfu þess árið 1997 og hafi skuldbindingin haldið áfram að vera í

skilum til síðla árs 2008 en þá um haustið hafi orðið töluverðar breytingar á fjármálaumhverfi landsins sem hafi haft víðtæk áhrif á skuldbindingar og fjárhag landsmanna almennt. Bendi það til þess að þrátt fyrir að varnaraðila hafi ekki verið skylt að greiðslumeta skuldarann vegna lánveitingarinnar þá hefði niðurstaða greiðslumats að líkindum bent til þess að greiðandi hefði getað greitt skuldbindingar sínar.

Vegna framangreindra röksemda hafnar varnaraðili varakröfu sóknaraðila um ólögmæti umþrættar veðsetningar.

Varnaraðili hafnar þrautavarakröfu sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðilar byggji þrautavarakröfu á því að samkomulag um notkun ábyrgða, bæði frá 1998 og frá 2001, séu ekki lög heldur viðmiðunarreglur og lagastoð fyrir því að aflétta veðsetningunni sé í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Að mati varnaraðila sé kjarni málsins að sökum þess að ekki hafi hvílt skylda á varnaraðila til að kynna ábyrgðaraðila með sannanlegum hætti niðurstöðu greiðslumats skuldara þá verði umþrætt veðsetning ekki felld úr gildi á þeim grundvelli. Varnaraðili vísar til þess að það að sóknaraðila N hafi ekki verið kynntar niðurstöður greiðslumats leiði ekki sjálfkrafa til ógildingar á ábyrgðarskuldbindingu hennar í formi lánsveðsetningar. Varnaraðili mótmælir því að skilyrðum ákvæða 33. gr. og 36. gr. laga nr. 7/1936 sé fullnægt og telur að sóknaraðilar hafi ekki sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja veðsetningunni til hliðar. Varnaraðili bendir á að sé horft heildstætt á öll atvik málsins þá verði veðsetningin ekki talin ólögmæt eða ógildanleg.

Varnaraðili telur ótækt að líta til niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 3/2003 í máli þessu. Varnaraðili telur sóknaraðila taka niðurstöður dómsins úr samhengi. Niðurstaða bæði héraðsdóms og Hæstaréttar hafi fyrst og fremst byggst á því að ábyrgðaraðili hafi verið þroskaskertur og hafi því skort hæfni til að gera sér grein fyrir þeirri skuldbindingu sem hann hafi gengist undir með undirritun sinni. Ekkert hafi komið fram í máli þessu sem bendi til sömu aðstæðna og að sóknaraðilar hafi ekki haft skilning á þeirri skuldbindingu sem felist í því að veita lánsveð til tryggingar fjárhagslegra skuldbindinga annars einstaklings. Verði því að leggja til grundvallar að sóknaraðilar hafi haft fullan skilning á þeirri skuldbindingu sem þeir hafi gengist undir með undirritunum sínum.

Varnaraðili bendir á að lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hafi ekki verið í gildi þegar umþrætt ábyrgðarskuldbinding í formi veðsetningar hafi verið gefin. Jafnframt hafi vinnulag og ferli þegar upphafleg lánveiting og síðari veðflutningur hafi átt sér stað ekki farið gegn ákvæði 19. gr. laganna.

Varnaraðili mótmælir einnig málflutningi sóknaraðila um aldur N. Samkvæmt samkomulaginu frá 1998 sé miðað við að ábyrgðarmaður sé ekki eldri en 70 ára. Varnaraðili bendir einnig á að enginn hámarksviðmiðunaraldur sé gefinn í 8. gr. samkomulagsins frá 2001, en þar komi einungis fram að ábyrgðarmenn séu að lágmarki 20 ára. Í fyrsta lagi hafi ofangreind skjöl ekki verið í gildi þegar lánsveðið hafi verið veitt. Í öðru lagi hafi N verið 69 ára þegar ábyrgðarskuldbinding í formi veðsetningar hafi verið veitt árið 1997. Í þriðja lagi hafi varnaraðila ekki verið skylt að greiðslumeta þegar veðflutningur hafi verið gerður árið 2004 ásamt því að enginn hámarksviðmiðunaraldur hafi verið í gildi á þeim tíma.

Varnaraðili mótmælir jafnframt tilvísun sóknaraðila til norsks dóms RG 1992:797. Varnaraðili telur að niðurstaða máls þessa geti ekki byggt á niðurstöðu erlends dóms heldur þeim lögum og reglum sem í gildi hafi verið þegar ábyrgðarskuldbinding í formi veðsetningar hafi verið veitt við útgáfu skuldabréfsins þann 3. júní 1997. Þar að auki hafi ábyrgðarskuldbinding framangreinds dóms verið ógild á þeim grundvelli að ábyrgðarmanni hafi ekki verið veittar upplýsingar um þá lánveitingu sem hann hafi gengist í ábyrgð vegna en ekki eingöngu vegna aldurs ábyrgðarmanns.

Á grundvelli framangreindra röksemda hafnar varnaraðili þrautavarakröfu sóknaraðila um ólögmati og niðurfellingu umþrættrar veðsetningar.

Varnaraðili ítrekar að sóknaraðili, M, sé lögaðili og sé hann þinglýstur eigandi C. Samkomulag sem sóknaraðilar vísi til um notkun ábyrgða eigi aðeins við í þeim tilvikum er einstaklingur gefi leyfi til að veðsetja fasteign sína fyrir skuldum annars einstaklings, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 403/2009. Eigendur M hafi undirritað fyrir hönd félagsins sem veðsala á skilmálabreytingu skuldabréfsins. Félagið hafi ekki gert athugasemd við veðsetninguna við kaup á fasteigninni né við undirritun skilmálabreytingarinnar. Metur varnaraðili það svo að með undirritun sinni hafi núverandi þinglýstur eigandi staðfest og samþykkt gildi umþrættrar veðsetningar.

Varnaraðili mótmælir kröfum sóknaraðila um endurgreiðslu kærumsáskostnaðar enda sé M lögaðili og upphaflegur kvartandi.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi veðsetningar fasteignar sóknaraðila M að C, með veðskuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Sóknaraðili M eignaðist fasteignina að C með útgáfu afsals þann 16. janúar 2012, sbr. veðbandayfirlit fasteignarinnar. Umþrætt skuldabréf er tryggt með veði í greindri fasteign, sem er því ekki í eigu sóknaraðila N heldur sóknaraðila M. Fyrir nefndina hafa ekki verið lögð gögn sem skýra hvernig hagsmunirnir af því að fá veðsetninguna fellda niður munu koma hvorum sóknaraðila fyrir sig til góða. Þau hafa ákveðið að hafa sameiginlega aðild að málinu og gerir varnaraðili ekki athugasemd við að sóknaraðili N hafi gerst aðili að málinu.

Sóknaraðilar byggja kröfu sína um afléttingu veðsetningar fasteignar sóknaraðila M að C á því að samkomulag hafi stofnast milli starfsmanns umboðsmanns skuldara, f.h. sóknaraðila N og starfsmanns varnaraðila um afléttingu veðsetningarinnar.

Eins og að framan er rakið eignaðist sóknaraðili M fasteignina að C með afsali útgefnu 16. janúar 2012. Þann 20. ágúst 2012 sendi umboðsmaður skuldara tölvupóst f.h. sóknaraðila N og óskaði eftir því að ábyrgðaryfirlýsing hennar skv. skuldabréfi nr. X yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili svaraði og felldi niður ábyrgð hennar. Þann 13. september 2013 var skuldabréfið áritað um niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila N.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að sóknaraðili N var ekki eigandi fasteignarinnar að C þegar umboðsmaður skuldara óskaði eftir því að ábyrgðaryfirlýsing hennar samkvæmt umþrættu skuldabréfi yrði skoðuð. Þar af leiðandi samþykkti varnaraðili ekki í tölvupóstsamskiptum við umboðsmann skuldara, f.h. sóknaraðila N, að aflétta veðsetningu af fasteign sóknaraðila M. Verður það enda

ekki leitt af gögnum málsins að komist hafi á samkomulag með aðilum um að veðsetningu fasteignar sóknaraðila M að C yrði aflétt, heldur að sjálfskuldarábyrgð N yrði aflétt, sem þó var ekki fyrir hendi.

Með vísan til framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna því að komist hafi á samkomulag milli umboðsmanns skuldara fyrir hönd sóknaraðila N og varnaraðila um að aflétta veðsetningu á fasteign sóknaraðila M.

Kröfur sóknaraðila byggja ennfremur á því að varnaraðila hafi borið að kynna sóknaraðila N greiðslumat skuldarans A, sbr. samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998 og samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001.

Sóknaraðili N veðsetti fasteign sína að B til tryggingar skv. skuldabréfi nr. X, útgefnu af A, þann 3. júní 1997. Þegar sóknaraðili veitti leyfi til veðsetningar fasteignarinnar hafði hvorki samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dags. 27. janúar 1998, né samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001, tekið gildi.

Sóknaraðilum hefur ekki tekist að sanna að kynning greiðslumats hafi verið ríkjandi viðskiptavenja áður en samkomulögin tóku gildi þannig að til ógildis veðsetningarinnar leiði. Ekki verður fallist á með sóknaraðilum að dómur Hæstaréttar í máli nr. 3/2003 hafi fordæmisgildi hér eða sýni fram á þá viðskiptavenju, enda skorti veðsala þess máls hæfi til að gera sér grein fyrir einhliða skuldbindingu sem hann undirgekkst með nafnritun á veðskuldabréf.

Var varnaraðila í ljósi framangreinds ekki skylt að greiðslumeta A, útgefanda skuldabréfsins, þegar sóknaraðili N veitti leyfi til veðsetningar fasteignarinnar að B.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dags. 1. nóvember 2001 er undirritað af Samtökum íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Sóknaraðilar byggja á því að varnaraðila hafi verið skylt að meta greiðslugetu A við veðflutning, dags. 2. desember 2004, þegar veð til tryggingar skuldabréfi nr. X var flutt af B yfir á C. Ekki verður fallist á þetta, enda ekkert tilefni til að meta greiðslugeta skuldara þótt veð sé flutt af einni eign á aðra. Þá er til þess að líta að ekki er að sjá að uppfyllt séu skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 þannig að til ógildis veðsetningar fasteignar sóknaraðila M að C leiði, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 322/2013.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila um afléttingu veðsetningar fasteignar sóknaraðila M að C með skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Sóknaraðilar krefjast endurgreiðslu kærumálskostnaðar sem nemur kr. 25.000 þar sem ágreiningsmálið lúti að lögskiptum sóknaraðila N og varnaraðila. Í samræmi við 1. mgr. 15. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er endurgreiðslu málskotsgjalds hafnað, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 120/2012.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M og N, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 20. desember 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 20. desember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 81/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 27. september 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 27. september 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. september 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 31. október 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 31. október 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 22. nóvember 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 20. desember 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 20. desember 2012 sótti sóknaraðili um ítarlegt stöðumat hjá varnaraðila. Á því var greiðslugeta metin Nkr. 2.989. Tiltekið var að ástæður skulda- og greiðsluferfiðleika lántaka væru aðallega gjaldþrot einkahlutafélagsins A ehf. sem var í eigu sóknaraðila en hann væri í sjálfskuldarábyrgð á fjárfestingalánnum félagsins. Einnig lækkun tekna, hækkun á greiðslubyrði lána og rekstrarútgjalda heimilis lántaka árin 2008-2009 og sala á íbúðarhúsnæði lántaka sem hann hafi neyðst til að selja vegna skulda á óhagstæðum tíma, 2009. Fram kom að tekjur sóknaraðila dygðu ekki fyrir eðlilegri framfærslu og húsnæði þegar tekið væri tillit til þess að lántaki ætti fjögur börn sem hann umgengist reglulega. Skuldirnar væru því háar miðað við fjárhag hans og ekki fyrirsjáanlegt að hann hefði getu til að greiða þær niður svo einhverju næmi í næstu framtíð. Í ljósi ofangreinds og að allar eigur sóknaraðila hefðu verið seldar nauðungarsölu eða ráðstafað til kröfuhafa upp í skuldir hans, fór hann þess á leit við lánardrottna að þeir veittu honum fulla eftirgjöf á öllum samningskröfum og að eftirgjöfin tæki gildi um leið og lánardrottinn hefðu lýst samþykki sínu við tillögu lántaka.

Þann 21. desember 2012 óskaði sóknaraðili eftir því við varnaraðila að hann samþykkti umsókn um sértæka skuldaaðlögun og tillögu lántaka um eftirgjöf skulda. Í greinargerð um fjárhagslega stöðu lántaka kom fram að útborguð laun í norskum krónum á mánuði væru 48.000, útgjöld á mánuði væru samtals í norskum kr. 45.011. Tekjuafgangur eftir mánaðarleg útgjöld væri Nkr. 2.989. Í meðfylgjandi greiðslumati kom fram að eignir væru samtals kr. 0 og skuldir væru samtals kr. 204.645.962, við varnaraðila, L, LL, LLL. Sóknaraðili fór þess á leit við lánardrottna sína að þeir veittu honum fulla eftirgjöf á öllum samningskröfum.

Þann 1. júlí 2013 gerði varnaraðili stöðumat á sóknaraðila. Fram kom að heildartekjur væru nú kr. 903.410, einnig á tímabili og eftir tímabil. Framfærsla var kr. -611.023, á tímabili og eftir tímabil var hún kr. -804.174. Greiðslugeta var kr. 292.387, á tímabili og eftir tímabil kr. 99.236. Mánaðarlegar afborganir lána voru kr. -375.088, á tímabili voru þær kr. -374.335 og eftir tímabil kr. -384.427. Eignir voru kr. 0, skuldir kr. -104.190.605, þar af vanskil voru kr. -68.613.283. Eignir umfram skuldir voru kr. -104.190.605. Eftirfarandi kom fram í athugasemdum á stöðumatinu: „Annar kostnaður 305.400 meðlag með börnum einnig þarf hann að greiða fyrrverandi 101.800 á mán. í framfærslu (ekki inn í matinu) meðan hún klárar nám en ekki lengur en þrjú ár. Samkv. skilnaðarsamningi skuldar hann henni líka 3.461.200.- sem er hennar eigin fé sem hún átti í sinni íbúð og M fékk að láni. Lán nr. X er vegna íbúðarhúsnæðis B.“

Þann 9. ágúst 2013 synjaði varnaraðili beiðni sóknaraðila um sértæka skuldaaðlögun. Ástæða synjunarinnar var sú að um væri að ræða óhóflegar skuldbindingar og stór hluti þeirra væri tilkominn vegna fyrirtækjareksturs. Viðskiptavinur væri ekki með búsetu á Íslandi og hefði ekki haft í mörg ár.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 27. september 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili samþykki beiðni hans um skuldaaðlögun og taki að sér hlutverk umsjónaraðila, þ.e. leiði skuldaaðlögunarferlið sbr. 6. gr. samkomulags um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga.

Sóknaraðili telur að rök bankans fyrir synjun á umsókn um sértæka skuldaaðlögun standist ekki. Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt samkomulagi eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga frá 22. desember 2010 sem varnaraðili sé aðili að, sbr. 1. gr. samkomulagsins, beri bankanum sem sé viðskiptabanki sóknaraðila til margra ára og stærsti kröfuhafi, að taka til greina umsóknina og leiðrétta skuldaaðlögunarferlið, sbr. 6. gr. samkomulagsins.

Þá vísar sóknaraðili til laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, einkum 1. gr. og 2. gr. laganna. Bendir sóknaraðili á að í athugasemdum við lagafrumvarpið segi: „Einstaklingar, heimili og fyrirtæki eru í flestum tilvikum þolendur í því umróti sem nú er í efnahagslífinu. Hugsanlega er hægt að segja að allir þessir aðilar hefðu átt að fara varlegar í skuldsetningu, notkun erlends lánsfjár og fjárfestingum. Líta verður hins vegar til þess að þessar ákvarðanir voru teknar við aðrar efnahagsaðstæður og aðrar væntingar en nú eru og ávallt er auðvelt að vera vitur eftir á.“

Sóknaraðili byggir á a-lið 4. mgr. 2. gr. laga nr. 101/2010 um frávík frá skilyrði um lögheimili og búsetu hér á landi, en sóknaraðili kveðst vera tímabundið búsettur erlendis vegna vinnu.

Sóknaraðili mótmælir því að um hafi verið að ræða óhóflegar skuldbindingar, eins og varnaraðili fullyrði án rökstuðnings eða gagna þar um. Skuldir sóknaraðila séu að miklu leyti til komnar vegna ábyrgða hans á fjárfestingalánnum A ehf., sem hafi verið í eigu sóknaraðila. Í greinargerð sóknaraðila komi fram að lántökur félagsins hafi verið til þess að fjármagna kaup félagsins á lóðum og fasteignum á höfuðborgarsvæðinu og að um hafi verið að ræða svokölluð gengislán eða myntkörfulán sem hafi hækkað mjög mikið við hrun krónunnar árið 2008. Einnig hafi tekjur sóknaraðila á sama tíma dregist saman. Hins vegar hafi fjárhagsstaða sóknaraðila, þegar stofnað hafi verið til umræddra skuldbindinga, verið sú að eignir nægðu fyrir skuldum og tekjur fyrir afborgunum enda hafi ákvarðanir varnaraðila um lánveitingar til handa sóknaraðila og einkahlutafélagi hans verið grundvallaðar á góðri fjárhagsstöðu hans. A ehf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 13. apríl 2011 og hafi skiptum lokið 25. janúar 2013 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sbr. auglýsingu skiptastjóra 5. febrúar sama ár. Í skiptameðferð félagsins hafi eignir þess ýmist verið seldar nauðungarsölu eða ráðstafað til kröfuhafa.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðila hefði verið í lófa lagið að óska eftir nýjum gögnum um stöðu lána þegar hann hafi óskað eftir gögnum til að meta fjárhagsstöðu sóknaraðila.

Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili telji að úrræðið hafi í grunninn verið hugsað fyrir almenna launþega og/eða þá sem geti gert skýra grein fyrir tekjum til framtíðar, eigum og skuldum. Sóknaraðili sé almennur launþegi sem hafi hvorki tekjur af eigin atvinnurekstri eða sé í eigin atvinnurekstri og hafi hann að öllu leyti gert skýra grein fyrir tekjum og eignum með því að leggja fram gögn þar um, s.s. launaseðla og skattframtöl. Einnig vísi varnaraðili til þess að misræmi sé á milli skuldayfirlita varnaraðila og sóknaraðila, að ekki sé gerð grein fyrir endurreikningi gengislána eða stöðu veðlána eftir sölu eigna. Sóknaraðili telur ekki við sig að sakast í þeim efnum enda hafi skapast sú venja að endurreikningur gengislána og uppgjör vegna sölu á yfirveðsettum eignum hafi verið á hendi kröfuhafa en ekki skuldara. Endurreikningi gengislána hafi ekki verið lokið þegar sóknaraðili hafi lagt inn umsókn sína en gildistími laga nr. 107/2009 sem úrræðið byggir á hafi verið að renna út, eins og varnaraðila ætti að vera fullkunnugt um. Sóknaraðili hafi lagt fram ítarlega kröfuskrá með skýringum um helstu lánaskilmála ásamt útprentuðum yfirlitum frá lánardrottnum. Sóknaraðili hafi veitt bankanum heimild til að afla upplýsinga hjá öðrum lánardrottnum um fjárhagsstöðu sína, s.s. stöðu lána og annað sem gæti skipt máli við vinnslu umsóknarinnar. Sóknaraðili hafi hlýtt í einu og öllu kröfum varnaraðila við úrvinnslu umsóknarinnar, m.a. útvegað ný gögn um laun og framfærslu. Sóknaraðili hafi því ekki getað annað en dregið þá ályktun að varnaraðili hefði sjálfur kallað eftir nýjum gögnum frá öðrum kröfuhöfum, eins og hann hafi haft heimild til, þar sem ekki hafi verið óskað eftir því við hann að útvega þau.

Sóknaraðili bendir á að með synjuninni hafi fylgt sérstakt eyðublað merkt varnaraðila með fyrirsögninni „Stöðumat“. Samkvæmt stöðumatinu, undir liðnum „Er nú“ hafi greiðslugeta sóknaraðila verið jákvæð um kr. 292.387 og undir liðnum „Á tímabili“ og „Eftir tímabil“ hafi greiðslugeta sóknaraðila í íslenskum krónum verið jákvæð um kr. 99.236. Í greinargerð sóknaraðila komi fram að greiðslugeta hans í norskum krónum hafi verið jákvæð um Nkr. 2.989. Í greinargerð sóknaraðila komi einnig fram að hann hafi ekki bifreið til afnota og að hann sé að vinna að því að bæta

Þar úr, enda eigi hann fjögur börn sem hann hafi reglulega hjá sér og erfitt sé að sjá að hann geti verið án bifreiðar með svo mörg börn. Þegar kostnaði vegna bifreiðar sé bætt við framfærslukostnað fari greiðslugeta sóknaraðila, í norskum krónum úr því að vera jákvæð í það að vera neikvæð um u.þ.b. Nkr. 2.000. Ekki liggi fyrir skýring á þessum mismun greiðslumata sóknaraðila og varnaraðila. Í umræddu stöðumati varnaraðila séu heildarskuldir kr. 104.190.605, en samkvæmt kröfuskrá sem fylgt hafi umsókn sóknaraðila séu heildarskuldir kr. 215.241.419. Samkvæmt stöðumati varnaraðila sé fjöldi krafna 6 sem skiptist þannig: LL 4 kröfur, varnaraðili 1 krafa, LLLL 1 krafa. Í kröfuskrá sóknaraðila sé fjöldi krafna 14 sem skiptist þannig: LL 5 kröfur, varnaraðili 5 kröfur, LLL 3 kröfur, L 1 krafa. Varnaraðili hafi engar skýringar gefið á því hvers vegna svo mikið beri á milli stöðumats bankans annars vegar og kröfuskrá sóknaraðila hins vegar.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili beri fyrir sig að sóknaraðili sé búsettur erlendis og hafi gert um árabíl og geti bankinn því tæpast talist viðskiptabanki sóknaraðila með þá yfirsýn um hagi hans sem teljist nauðsynleg við gerð skuldaaðlögunarsamnings. Sóknaraðili bendir á að hann hafi lagt fram ítarlega greinargerð um hagi sína, umbeðin gögn er varði fjárhag hans og varnaraðili hafi talið þurfa til að hafa nauðsynlega yfirsýn yfir hagi hans. Bendir sóknaraðili á að varnaraðili beri því einnig við að undanþáguákvæði a- eða b- liðar 2. gr. laga nr. 101/2010 eigi ekki við um sóknaraðila. Í athugasemdum við frumvarpið segi um 2. gr.: „Í gildandi lögum um greiðsluaðlögun er gert að skilyrði að umsækjandi eigi lögheimili á Íslandi. Slíkt skilyrði er ekki í frumvarpi þessu þegar leitað er samnings um greiðsluaðlögun, enda er um frjálsta samninga að ræða. Þvert á móti mæla öll rök með því að gera fólki kleift að leita greiðsluaðlögunar sem flutt hefur til útlanda til náms eða í atvinnuleit, m.a. til að tryggja að fólk treysti sér til að flytja aftur til landsins.“ Sóknaraðili bendir á að tilgangur undanþáguákvæðisins sé einmitt sá að gera fólki sem flutt hafi til útlanda vegna náms eða atvinnuleysis kleift að leita greiðsluaðlögunar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að með úrræði um sértæka skuldaaðlögun fallist kröfuhafar einstaklings á eftirgjöf krafna, hlutfallslega lækkun þeirra eða gjaldfrest á þeim samkvæmt sérstökum samningi hlutaðeigandi þar um, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Í 2. gr. er fjallað um markmið sértækra skuldaaðlögunar sem sé að einstaklingar í alvarlegum skuldavanda geti fengið skilvirka og varanlega lausn, þar sem skuldir og eignir séu lagaðar að greiðslugetu, á grundvelli einkaréttarlegs samkomulags lántaka og fjármálastofnana án aðkomu dómstóla. Í 7. gr. komi fram þau gögn sem lántaka og maka hans beri að afhenda áður en beiðni um sértæka skuldaaðlögun sé tekin til meðferðar. Þau gögn sem um ræði séu meðal annars staðfest skattframtöl síðustu þriggja ára, launaseðlar síðustu sex mánaða, upplýsingar um eignir og skyldur og mánaðarlega greiðslubyrði af þeim, þinglýsingarvottorð fasteigna og bifreiða.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðila hafi verið synjað um samning um sértæka skuldaaðlögun á grundvelli óljósra skuldbindinga og búsetu erlendis. Sóknaraðili haldi því hins vegar fram að varnaraðila beri sem viðskiptabanka hans, að

taka beiðni hans til greina og leiða skuldaaðlögunarferlið skv. 6. gr. samkomulagsins. Sóknaraðili vísar sérstaklega til 1. og 2. gr. laga nr. 107/2009.

Varnaraðili hafnar framangreindri túlkun sóknaraðila, einkanlega með vísan til 4. mgr. 5. gr. samkomulagsins. Verði ákvæðið ekki túlkað öðruvísi en svo, að einungis í undantekningartilvikum komist þeir sem hafi tekjur af atvinnurekstri í skuldaaðlögun. Samkomulagið hafi í grunninn verið ætlað sem úrræði fyrir almenna launþega og/eða þá sem geti gert skýra grein fyrir tekjum til framtíðar, eignum og skuldum. Framkvæmdin hafi orðið sú að þeir einir hafi fengið samþykka skuldaaðlögun sem hafi haft óverulegar tekjur af atvinnurekstri eða honum lokið. Varnaraðili telji mikið vanta upp á að skuldastaða sóknaraðila sé ljós, þó ekki sé litið til annars en þess misræmis sem um geti í samantekt varnaraðila á skuldum og yfirliti sóknaraðila. Ekki virðist tekið tillit til verðmætis veðsettra eigna, endurreiknings gengislána og/eða stöðu veðlána eftir innlausn veðhafa. Varnaraðila væri með öllu ókleift að ákvarða skiptingu á milli kröfuhafa sem stæðist á þriggja ára skuldaaðlögunartíma ef fyrir lægi að skuldir einstakra samningsaðila gætu á þeim tíma breyst til hækkunar eða lækkunar, hvað þá ef nýir kröfuhafar kæmu fram. Sé bent á í því sambandi að sóknaraðili telji til ábyrgðir á skuldum LLL en skv. upplýsingum úr hlutafélagaskrá tengist hann því félagi ekki.

Varnaraðili byggir á því að ljóst sé að ekki sé hægt að þvinga fjármálastofnun til þeirrar samningsgerðar við viðskiptavin sem sóknaraðili krefjist. Meginregla samningaréttar um samningsfrelsi gildi. Varnaraðili vísar í því sambandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 455/2011, en þar hafi aðila greint á um hvort farið hafi verið að lögum nr. 107/2009. Hæstiréttur hafi ekki talið sannað að varnaraðili hafi brotið gegn ákvæðum greindra laga, sameiginlegum reglum fjármálafyrirtækja né eigin viðmiðum þegar gjaldþrotaskipta hafi verið krafist. Umrætt dómsmál varði lögaðila en ekki verði séð að önnur sjónarmið gildi um einstaklinga. Þess utan hafi þeir þann kost að sækja um greiðsluaðlögun eða almenna nauðasamninga. Af framangreindu sé bersýnilegt að sóknaraðili hafi ekki sjálfstæðan rétt til þess að varnaraðili gangi til samninga við hann. Kröfu sóknaraðila beri því að hafna.

Hvað búsetu varðar vísar varnaraðili til 19. gr. samkomulagsins, sbr. lög nr. 101/2010 sem leyst hafi af hólmi X. kafla laga um gjaldþrotaskipti sem vísað sé til í greininni og gilda eigi um skuldaaðlögun er varði atvik sem leiði til þess að hafna beri greiðsluaðlögun. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 101/2010 geti þeir einir leitað greiðsluaðlögunar sem eigi lögheimili hér á landi. Ekki verði séð að undanþáguákvæði a- eða b-liðar sömu greinar eigi við um sóknaraðila. Búsetuskilyrðið hafi einkum þá þýðingu gagnvart samkomulaginu að sá sem hafi dvalið langdvölum erlendis hafi að öllu jöfnu stofnað til viðskipta í banka í viðkomandi landi. Þegar frá líði geti sá banki sem hann hafi síðast átt viðskipti við hérlendis tæpast talist viðskiptabanki hans með þá yfirsýn um hagi hans sem ætlast megi til að sé nauðsynleg við gerð skuldaaðlögunarsamnings. Að frátöldu einu skuldabréfi hafi sóknaraðili ekki átt í neinum viðskiptum við varnaraðila svo heitið geti frá því sóknaraðili fluttist búferlum.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila sé skylt að samþykkja umsókn sóknaraðila um sértæka skuldaaðlögun.

Þann 31. október 2009 tóku gildi lög nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Lögin féllu brott 31. desember 2012. Lögin voru því í gildi þegar sóknaraðili skilaði umsókn sinni til varnaraðila. Í 2. gr. laganna var kveðið á um það að í samningi milli kröfuhafa og skuldara um eftirgjöf skulda eða breytingu á skilmálum skuldabréfa og lánasamninga skyldi fyrst og fremst horfa til þess að laga skuldir að greiðslugetu og eignastöðu viðkomandi einstaklings eða heimilis. Skyldi miðað að því að hámarka gagnkvæman ávinning samningsaðila af því að gefa eftir tapaðar kröfur og komast hjá óþarfa kostnaði og óhagræði. Þá var í ákvæðinu heimild fyrir eftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði til að móta með samkomulagi sín á milli samræmdar verklagsreglur um skuldaaðlögun sem giltu tímabundið. Þetta ákvæði lagði hins vegar ekki afdráttarlausu skyldu á kröfuhafa til að gefa eftir kröfur að uppfylltum skilyrðum.

Samtök fjármálafyrirtækja, fyrir hönd aðildarféлага sinna, Íbúðalánasjóður og Landssamtök lífeyrissjóða, fyrir hönd aðildarféлага sinna, Samband íslenskra sparisjóða og slitastjórn SPRON og slitastjórn Frjálsa fjárfestingarbankans gerðu með sér samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga. Reglurnar voru settar með hliðsjón af 2. gr. laga nr. 107/2009, sbr. 1. gr. reglnanna.

Í 22. gr. þessa samkomulags kemur fram ákveðin skuldbinding viðkomandi fjármálafyrirtækja til að fylgja vönduðum viðskiptaháttum, virða jafnræði við framkvæmd samkomulagsins o.fl. Samkomulagið er bindandi fyrir aðila þess og hafa umrædd fyrirtæki því ekki óskorað svigrúm til að synja eða samþykkja samninga á þessu sviði að eigin geðþótta.

Í 19. gr. samkomulagsins kemur fram að ákvæði laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, X. kafla a. laga um gjaldþrotaskipti og laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, er varða atvik sem leiða til þess að hafna beri greiðsluaðlögun, skulu einnig gilda um sértæka skuldaaðlögun eins og við getur átt, sbr. þó 4. mgr. 5. gr. reglnanna. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. geta kröfuhafar samþykkt sértæka skuldaaðlögun þrátt fyrir að skuldir lántaka stafi að miklu leyti frá sjálfstæðum atvinnurekstri sem þeir bera ótakmarkaða ábyrgð á.

Varnaraðili synjaði umsókn sóknaraðila um sértæka skuldaaðlögun þar sem um væri að ræða óhóflegar skuldbindingar og stór hluti þeirra væri tilkominn vegna fyrirtækjareksturs. Þá væri sóknaraðili ekki með búsetu á Íslandi og hefði ekki haft í mörg ár. Fyrir nefndinni kvaðst varnaraðili einnig hafa hafnað umsókninni á grundvelli óljósra skuldbindinga.

Samkvæmt 4. mgr. 2. gr. laga nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga geta þeir einir leitað greiðsluaðlögunar sem eiga lögheimili og búsetu hér á landi. Frá þessu má þó víkja ef: a) sá sem leitar greiðsluaðlögunar er tímabundið búsettur erlendis vegna náms, starfa eða veikinda og hefur áður átt lögheimili og verið búsettur hér á landi í a.m.k. þrjú ár samfleytt enda leiti hann hennar einungis vegna skuldbindinga sem stofnast hafa hér á landi við lánardrottna sem eiga hér heimili. Þannig yrði einstaklingi sem leitaði greiðsluaðlögunar og uppfyllti ekki framangreind skilyrði laga nr. 101/2010 hafnað. Gildir það því einnig um sértæka skuldaaðlögun, sbr. 19. gr. framangreinds samkomulags.

Í greinargerð sóknaraðila um fjárhagslega stöðu lántaka kemur fram að hann hafi verið búsettur í Noregi frá árinu 2009, hafi fengið vinnu hjá norsku ráðgjafafyrirtæki, sé að leita sér að stærra húsnæði og bíl. Virðist sóknaraðili því ekki

tímabundið búsettur erlendis, sbr. a-lið 4. mgr. 2. gr. laga nr. 101/2010. Verður því ekki talið að undanþágan eigi við í tilfalli sóknaraðila. Var varnaraðila þegar af þessari ástæðu heimilt að synja umsókn sóknaraðila um sértæka skuldaaðlögun, sbr. 19. gr. samkomulags um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 101/2010.

Synjun varnaraðila var m.a. rökstudd með því að sóknaraðili væri ekki með búsetu á Íslandi og hefði ekki haft í mörg ár. Er ekki um geðþóttaákvörðun að ræða og ekki sýnt að afstaðan sé á skjön við afstöðu varnaraðila í sambærilegum málum.

Í ljósi framangreinds er ekki hægt að fallast á kröfu sóknaraðila sem felur í sér að varnaraðila verði gert að samþykkja eftirgjöf krafna sinna á grundvelli sértækrar skuldaaðlögunar einstaklinga og taka að sér hlutverk umsjónaraðila sértækrar skuldaaðlögunar. Er kröfu sóknaraðila því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 20. desember 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 24. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 83/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 3. október 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. september 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. október 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 31. október 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 31. október 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 10. og 24. janúar 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 12. mars 2007 gerðu sóknaraðili og FF með sér lánasamning nr. X að jafnvirði kr. 1.500.000 í 50% CHF og 50% JPY. Lánið var endurreiknað samkvæmt lögum nr. 151/2010 og í kjölfar dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011 og 464/2012.

Þann 27. ágúst 2013 var sóknaraðila sent bréf frá varnaraðila með tilkynningu um endurúreikning. Samkvæmt tilkynningunni var lánveitandi tilgreindur varnaraðili og lántaki sóknaraðili. Fram kom að varnaraðili hefði endurreiknað lán sóknaraðila nr. X, sem talið var bera með sér ólögmæta gengistryggingu samkvæmt dómi Hæstaréttar. Samkvæmt niðurstöðum endurútreiknings var fjárskuldbindingin, sem sóknaraðili hafði þegar greitt að fullu, verið of há sem nam kr. 448.785. Fjárhæðinni var ráðstafað inn á yfirdráttarlán sóknaraðila á tékkareikningi nr. Y, innheimtumálsnr. Z. Greiðslu var fyrst ráðstafað til greiðslu kostnaðar (þ.m.t. innheimtukostnaðar ef við ætti) og dráttarvaxta, næst til greiðslu samningsvaxta af gjaldföllum og/eða gjaldfelldum höfuðstólshluta láns, því næst til greiðslu áfallinna samningsvaxta og loks inn á eftirstöðvar höfuðstóls lánsins.

Fyrir liggur bréf til sóknaraðila, staða innheimtumáls nr. Z, viðmiðunardagur 30. október 2013. Kröfueigandi var varnaraðili og skuldari sóknaraðili. Skráð staða máls var „áritun stefnu“ en lýsing kröfu var Y, tékkareikningur stofnaður 10. september 2004, í vanskilum frá 30. apríl 2012, samtals kr. 520.301.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 25. september 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að fá greiddar kr. 448.785, sem hann hafi ofgreitt bankanum. Þetta hafi verið erlent lán sem varnaraðili hafi endurreiknað. Sóknaraðili vísar til þess að bankinn hafi ákveðið að nota fjárhæðina til að greiða inn á ógreidda yfirdráttarheimild. Þessi mál séu hins vegar alveg óskyld og yfirdráttarlánið sé í vissu ferli. Sóknaraðili kveðst ekki geta séð hvernig varnaraðila sé stætt á því að neita að endurgreiða það sem bankinn hafi haft af honum ólöglega. Með þessu sé bankinn í raun að gera það sama og þeir hafi bannað almenningi að gera þegar fyrst hafi komið í ljós að lánin hafi verið ólögleg. Það hafi enginn mátt hætta að borga og því sé þetta tvöfalt siðgæði.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur sóknaraðila ekki hafa fært gild rök fyrir þeirri staðhæfingu að varnaraðili njóti ekki réttar til skuldajafnaðar í skilningi almennra reglna kröfuréttar þar að lútandi. Sóknaraðili eigi gjaldfallna kröfu á hendur varnaraðila og varnaraðili á hendur sóknaraðila. Hvorug krafan sé umdeild og séu þær af sömu rót runnar og hæfar til að mætast. Þannig eigi kröfurnar upptök sín í sama útibúi varnaraðila, nr. R. Varnaraðili hafi tekið við réttindum og skyldum hvað umræddar kröfur varði skv. tilkynningu FME frá 1. desember 2011 (birt í Lögbirtingablaði 5. desember 2011). Áður hafi FF. tekið við sömu réttindum og skyldum FF skv. ákvörðun FME 22. apríl 2010.

Varnaraðili kveður gagnkröfu sína byggja á yfirdráttarskuld á tékkareikningi. Sá reikningur sé nr. Y og hafi verið stofnaður 10. september 2004. Heimild til yfirdráttar hafi verið til staðar í FF löngu fyrir samruna við varnaraðila. Varnaraðili hafi því miður þurft að hefja innheimtu á fleiri skuldum sóknaraðila en ekki þyki ástæða til að tíunda þær hér að svo komnu máli. Varnaraðili áskilur sér allt að einu rétt til að lýsa þeim síðar ef þörf krefji.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort varnaraðila hafi verið heimilt að skuldajafna kröfu vegna yfirdráttarskuldar á tékkareikningi á móti kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Það verður að hafna þeirri málsástæðu varnaraðila að þar sem báðar kröfurnar séu til orðnar í sama útibúi bankans verði þær taldar runnar af sömu rót. Þær rekja hins vegar báðar uppruna sinn til þeirrar sömu aðstöðu að varnaraðili lánaði

sóknaraðila peninga. Það er á hinn bóginn ekki almennt skilyrði skuldajafnaðar að kröfur séu af sömu rót runnar. Það veitir aðeins rýmri rétt til skuldajafnaðar en ella.

Í íslenskum rétti hefur verið talið að það sé almennt óheimilt að skuldajafna peningakröfum sem fjármálafyrirtæki eignast á viðskiptamenn sína við innstæður eða önnur fjárhagsleg réttindi sem viðskiptamaðurinn á í viðkomandi banka eða sparisjóði.

Styðjast þessar takmarkanir öðru fremur við það hlutverk fjármálafyrirtækja að taka að sér vörslur fjármuna fyrir viðskiptamenn sína. Er það almennt ekki samræmanlegt þessu hlutverki að banki gangi að innstæðum eða öðrum fjárhagslegum réttindum til að fullnusta eigin kröfur. Er skuldajafnaðarréttur fjármálafyrirtækja gagnvart viðskiptamönnum almennt verulegum takmörkunum háður. Þessi sjónarmið eiga á hinn bóginn ekki við um kröfu viðskiptamanns um útgreiðslu fjár vegna endurreiknings skuldabréfaláns, á sama tíma og hann skuldar sama banka gjaldfallnar peningakröfur, m.a. vegna skuldabréfalána.

Tekið skal fram að að því marki sem viðskiptamenn eiga skýrar, gjaldfallnar kröfur á hendur fjármálafyrirtæki, geta þeir notað þær til skuldajafnaðar við kröfur sömu fyrirtækja.

Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 24. janúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2013, föstudaginn 20. desember er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 86/2013**:

M
gegn
F og
G

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F og G, hér eftir nefndir varnaraðilar, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 1. október 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 30. september 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. október 2013, var kvörtunin send varnaraðilum og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila G bárust með bréfi dagsettu 4. nóvember 2013. Svör varnaraðila F bárust með bréfi dagsettu 8. nóvember 2013. Voru bréfin send sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. nóvember, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 24. nóvember 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 20. desember 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 8. maí 2013 sótti sóknaraðili um almennt kort, „VISA í +“ hjá varnaraðila F. Um fyrirframgreitt kreditkort er að ræða. Staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér viðskiptaskilmála varnaraðila F og samþykkti þá að öllu leyti. Skuldbatt hann sig til að nota kort sitt í samræmi við þá og hlíta þeim í hvívetna.

27. ágúst, 29. ágúst, 30. ágúst og 31. ágúst 2013 var reynt að skuldfæra kreditkort sóknaraðila fyrir miða „6th Class ticket stake“, EUR 120,30. Um var að ræða færslu vegna þátttöku í þýsku lottóspili, NKL. Færslunni var synjað með þeirri ástæðu að korthafi færi yfir hámark.

Þann 30. ágúst 2013 lagði sóknaraðili kr. 55.000 inn á kreditkortið og kr. 5.000 þann 31. ágúst 2013.

Þann 2. september 2013 voru EUR 120.30 færðar á kreditkort sóknaraðila.

Þann 2. september 2013 var númer sóknaraðila dregið í NKL happdrætti. Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 30. september 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst EUR 470,80.

Sóknaraðili vísar til þess að viðskiptamanni í Þýskalandi hafi verið tjáð að ekki væri innstæða á reikningi sóknaraðila, sem hafi ekki verið rétt þar sem innstæða var á reikningnum þann 31. ágúst síðan 30. ágúst. Ekki hafi verið millifært og því hafi happdrættismiði sóknaraðila orðið ógildur.

Sóknaraðili mótmælir því að um raðgreiðslur hafi verið að ræða. Sóknaraðili hafi haft samband við umboðsmann fyrirtækisins í Þýskalandi til að kanna hversu háa upphæð hann hafi átt að greiða til að vera með. Þegar hann hafi fengið þær upplýsingar hafi hann lagt þá upphæð og rúmlega það inn á kreditkortinu og hafi svo látið vita að innstæða væri fyrir hendi og þeir gætu skuldfært þann dag. Þrátt fyrir að þeir hafi reynt aftur og aftur hafi komið synjun frá G með þeim formerkjum að innstæða væri ekki fyrir hendi. Ekki hafi verið um raðgreiðslu að ræða heldur eingreiðslu og geti umboðsmaður þýska fyrirtækisins ekki skuldfært gjaldið nema með samþykki sóknaraðila í hvert sinn og eftir að sóknaraðili hafi séð til þess að reikningurinn væri í lagi.

Sóknaraðili bendir á að þrátt fyrir að G haldi því fram að um raðgreiðslu hafi verið að ræða og það sé ekki leyfilegt samkvæmt þeirra reglum, þá leyfi þeir úttekt af reikningnum 2. september. Þá hafi það verið orðið of seint fyrir sóknaraðila sem hafi misst af vinningnum.

Sóknaraðili telur að ef varnaraðilar hefðu farið eftir sínum eigin reglum þá hefðu þeir ekki átt að skuldfæra greiðsluna. Sóknaraðili kveðst hafa undir höndum gögn sem sanni að hann hafi lagt inn á reikninginn 30. ágúst og líka gögn sem sanni að aðilarnir í Þýskalandi hafi ítrekað reynt að fá skuldfærsluna í gegn án árangurs.

Sóknaraðili kveðst ekki vera með neina raðgreiðslusamninga í gangi á umþrættu kreditkortinu, enda sé það ekki hægt.

Fer sóknaraðili fram á að varnaraðili G greiði honum tjónið sem hafi orðið fyrir vegna mistakanna. Sóknaraðili kveðst spila upp á vinningshlutfall 1/16. Eins og sjá megi á vinningaskrá hafi komið vinningur upp á 1 milljón á EUR joker á númeri sóknaraðila 2.213.229, en þar sem hann hafi ekki tekið þátt með því að borga 1,75 eða 17 EUR pr. miðanúmer hafi það orðið dýr afleikur. Sóknaraðili kveðst á endanum hafa fengið vinning EUR 461.

IV.

Athugasemdir varnaraðila G.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir í upphafi á að sóknaraðili hafi verið með endurnýjun miðans í boðgreiðslum. Grein 15.2 viðskiptaskilmála F vegna Almenns korts sé svohljóðandi: „*Einstaklingar á aldrinum 16-18 ára geta sótt um að fá útgefið Visa plúskort með samþykki forráðamanns. Óheimilt er að nota plúskort fyrir sjálfvirkar greiðslur.*“ Vísar varnaraðili til þess að algjörlega sé óheimilt að nota fyrirframgreitt

greiðslukort fyrir boðgreiðslur (sjálfvirkar greiðslur). Korthafinn hafi því brotið skilmála kortsins og geti ekki krafði útgefanda eða G um bætur.

Varnaraðili vísar til þess að korthafi sé handhafi fyrirframgreidds Almenns VISA korts frá varnaraðila F. Útgefandi greiðslukortsins sé varnaraðili F sem líkt og öðrum innlendum útgefendum greiðslukorta beri skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og öðrum reglum og leiðbeinandi tilmælum sem Fjármálaeftirlitið hafi gefið út að viðhafa áhættustýringu. Auk þess beri öllum VISA greiðslukortaútgefendum að uppfylla skilyrði VISA Europe um að svik og önnur misnotkun VISA greiðslukorta séu innan skilgreindra marka sem VISA Europe gefi út. Innifalið í útgáfuvinnsluhlutverki G fyrir útgefanda sé að sjá um áhættustýringu vegna misnotkunar greiðslukorta. VISA Europe krefjist þess að allir útgefendur VISA greiðslukorta í Evrópu láti VISA Europe í té skilgreindar breytur fyrir STIP kerfi (e. Stand in Processing) sem sé varakerfi ef, af einhverjum orsökum, greiðslukerfi VISA liggja niðri eða heimildakerfi útgefanda (hér heimildakerfi G). VISA Europe hlaði inn breytunum og noti þegar STIP varaleið verði virk. Skilgreindar breytur fyrir STIP kerfið séu ólíkar á milli fyrirframgreiddra greiðslukorta annars vegar og almennra kreditkorta hins vegar vegna mismunandi áhættustigs fyrir útgefanda. Skilgreind breyta í STIP kerfi fyrir kreditkorthafa sé einhver tiltekin úttektarheimild enda eigi hann lánstraust hjá útgefanda, sbr. úttektarheimild kortsins. Annað gildi um fyrirframgreidd greiðslukort. Úttektarheimild korthafa sé einungis inneign kortsins hverju sinni. Vegna þess sé í samræmi við eðlilega áhættustýringu útgefanda skilgreind breyta fyrir fyrirframgreitt greiðslukort í STIP kerfi að ávallt sé synjað um úttekt, óháð innstæðu. Af þessum sökum geti handhafi fyrirframgreidds greiðslukorts t.d. ekki notað það fyrir sjálfvirkar greiðslur (boðgreiðslur).

Varnaraðili vísar til þess að í því tilviki sem hér sé til endurskoðunar hafi verið stuðst við varaleið STIP þann 31. ágúst 2013 þegar NKL lottó hafi reynt að innheimta í boðgreiðslu, greiðslu að EUR 120,30 af fyrirframgreiddu greiðslukorti korthafans. Vegna þeirra skilgreindu breyta sem STIP kerfið sé bundið þá hafi úttekt korthafa verið synjað þrátt fyrir að í reynd hafi hann átt inneign á korti sínu. Útgefandi og varnaraðili hafi að öllu leyti verið að vinna í samræmi við viðskiptaskilmála kortsins, sbr. grein 15.2, enda geti útgefandi einungis þannig verið með áhættustýringu til að halda svikum og misnotkun í lágmarki eins og honum beri að gera.

V.

Athugasemdir varnaraðila F.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði aðallega vísað frá. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili krefst þess að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, sbr. 5. og 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Samkvæmt 5. gr. er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns. Varnaraðili bendir á að framlögð gögn sanni ekki að sóknaraðili hafi beint kröfum sínum að varnaraðila og þeim verið hafnað.

Vísar varnaraðili til 6. gr. samþykktanna en þar sé kveðið á um hvers konar mál nefndin fjalli ekki um. Samkvæmt e-lið greinarinnar fjalli nefndin ekki um mál sem séu það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Í kröfugerð sóknaraðila segi aðeins „EUR 470,80“. Að mati varnaraðila sé kröfugerð sóknaraðila svo óskýr að hún sé ekki tæk til úrskurðar og málsatvik illa

upplýst. Engar lagatilvísanir eða málsástæður séu til stuðnings kröfu sóknaraðila og því ómögulegt fyrir varnaraðila að taka til varna í málinu. Þá sé hvergi að finna nánari skýringar eða eftir atvikum útreikninga fyrir umræddri fjárhæð. Einnig sé kröfugerðin það óskýr að úrskurðarnefndin geti ekki orðað niðurstöðu sína í samræmi við hana. Að mati varnaraðila séu því skilyrði ákvæðis 1. másl. e-liðar 6. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefndina ekki uppfyllt.

Verði ekki fallist á kröfu um frávísun málsins krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Eins og áður er rakið sé kvörtunin mjög óskýr. Af kvörtuninni virðist mega lesa eftirfarandi: „Viðskiptavinur NKL sjá meðf. bréf. Viðskiptamanni í Þýskalandi var tjáð að ekki var innistæða á reikn. sem var ekki rétt það var innistæða.“ „Næg innistæða var frá 30.8 ... ekki millifært fyrr en 2/10 sem varð til þess að miðinn varð ógildur.“ Undir fyrirsögninni „Athugasemdir (ef einhverjar eru)“ í kvörtuninni segi síðan eftirfarandi: „Ég tel að þar sem fjárhæð á reikningi mínum var til frá 30.8 og NKL sýnir kvittun frá 31.8 og er tjáð að ekki sé innistæða af G.“

Varnaraðili bendir á að með kvörtuninni hafi fylgt afrit af tölvubréfi frá NKL til sóknaraðila, dags. 2. september 2013, þar sem fram komið að fyrirtækið hafi reynt að skuldfæra kreditkort sóknaraðila án árangurs fyrir „6th Class ticket stake“ 31. ágúst kl. 11:41 CET. Í bréfinu komi jafnframt fram að miðanúmer sóknaraðila hafi verið dregið í umræddum útdrætti. Með kvörtuninni hafi einnig fylgt afrit af kvittun fyrir innborgun á kreditkort sóknaraðila. Samkvæmt kvittuninni hafi innborgun að fjárhæð kr. 32.000 verið framkvæmd 27. september 2013. Þá hafi fylgt afrit af tölvubréfi frá varnaraðila til sóknaraðila, dags. 2. september 2013, þar sem fram komi að 31. ágúst hafi korthafi farið yfir hámarksfjárhæð. Jafnframt hafi fylgt með reikningsyfirlit sóknaraðila hjá bankanum. Þar merki sóknaraðili sérstaklega við færslur 30. og 31. ágúst merktar með VISA, fyrri færslan að fjárhæð kr. 55.000 og hin síðari að fjárhæð kr. 5.000. Engar frekari skýringar fylgi með vegna framangreindra færslna.

Varnaraðili telur af ofangreindum tilvitnunum og gögnum málsins að ráða megi að sóknaraðili hafi ætlað sér að vera áskrifandi að happdrættismiða eða lottómiða. Það hafi hins vegar ekki gengið eftir þar sem ekki hafi verið heimild á kreditkort sóknaraðila. Af gögnum málsins verði ekki séð að sóknaraðili hafi sýnt fram á að næg innstæða hafi verið, eða eftir atvikum átt að vera, á kreditkort hans í umrætt sinn. Með kvörtuninni hafi ekki fylgt staðfestingar þess efnis, kvittanir eða annað sem sýni fram á slíkt. Aðeins hafi fylgt kvittun fyrir innborgun á kreditkort sóknaraðila að fjárhæð kr. 32.000 en sú innborgun hafi verið framkvæmd eftir að umrædd skuldfærsla hafi farið árangurslaust fram. Varnaraðili fái því ekki séð að fyrir hendi séu forsendur til að verða við kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að umrætt kreditkort sé svokallað „VISA í +“ kort. Í viðskiptaskilmálum komi fram að VISA plúskort séu fyrirframgreidd kreditkort. Einungis sé hægt að nota kortin að því sem inneign nemi. Ekki sé heimilt né unnt að stofna til skuldar með plúskorti en slíkt geti þó gerst ef t.d. bilun verði í afgreiðslubúnaði, símalínunum, tölvum eða öðrum samskiptabúnaði innanlands sem utan. Í slíkum tilfellum fylgi þær skuldbindingar úttektartímabilum og eindögum kreditkorta og skuli greiddast þá. Þá komi fram að óheimilt sé að nota plúskort fyrir sjálfvirkar greiðslur.

Bendir varnaraðili á að samkvæmt kortaumsókninni hafi sóknaraðili ritað undir yfirlýsingu þess efnis að hann hefði kynnt sér viðskiptaskilmála varnaraðila og samþykkt þá að öllu leyti og skuldbindi sig til að nota kort sitt í samræmi við þá og hlíta þeim í hvívetna. Sóknaraðila hafi því mátt vera ljóst að hann gæti ekki notað

kortið fyrir boðgreiðslur og hafi því ekki getað verið áskrifandi að happdrættismiða NKL.

Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið telur varnaraðili ekki forsendur til að verða við kröfu sóknaraðila.

VI.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að skuldfærslu á fyrirframgreiddu kreditkorti sóknaraðila vegna happdrættisvinnings sem hann varð af, þar sem kreditkort hans var ekki skuldfært fyrir miðakaupunum.

Verður í upphafi fjallað um kröfu sóknaraðila gegn varnaraðila F.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili F kveður sóknaraðila ekki hafa beint kröfum sínum að bankanum og þeim verið hafnað. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sóknaraðili hafi beint kröfu sinni að varnaraðila F. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila gegn varnaraðila F frá, með vísan til 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Því næst verður vikið að kröfu sóknaraðila að því er varðar varnaraðila G.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Í máli þessu krefst sóknaraðili EUR 470,80, sem hann telur sig hafa orðið af í NKL happdrætti, þar sem ekki var skuldfært strax fyrir miðanum. Kröfufjárhæðina virðist sóknaraðili hafa reiknað þannig að hann hafi tekið EUR 960 margfaldað með 3 og svo 0,16 og bætir svo tíu evrum við svo útkoman verður EUR 470,8. Hvorki liggja fyrir skýringar sóknaraðila á þessum útreikningi né staðfesting happdrættisins á fjárhæð vinningsins. Í ljósi þessa verður að telja að mál sóknaraðila sé svo óljóst og illa upplýst að það sé ekki tækt til úrskurðar. Verður því ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila gagnvart varnaraðila G frá, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðilum, F og G, er vísað frá.

Reykjavík, 20. desember 2013.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 10. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 89/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 18. október 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 25. september 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. október 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 18. nóvember 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dagsettu 19. nóvember, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 2. desember 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 10. janúar 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 1. október 2007 sótti sóknaraðili um lán að fjárhæð kr. 10.000.000 í 30% CHF og 70% JPY, tryggt með 2. veðrétti í fasteign hennar að A. Samkvæmt því sem upphaflega var prentað á lánsúmsóknina átti lánið að leggjast inn á reikning nr. X en strikað hefur verið yfir tölustafina Y og skrifað í staðinn Z, eigandi B. Í athugasemdum á lánsúmsókninni kom fram að lánið hefði verið samþykkt af lánanefnd 20. september 2007.

Þann 1. október 2007 var skuldabréf nr. Þ, að fjárhæð CHF 57.056 og JPY 13.130.745 að jafnvirði kr. 10.000.000, gefið út af sóknaraðila til FF. Skuldabréfið var tryggt með 2. veðrétti í fasteign sóknaraðila að A. Upphaflega var gert ráð fyrir því að andvirði lánsins yrði greitt inn á reikning nr. X og skuldfært af sama reikningi. Strikað hefur verið yfir Y og skrifað í staðinn Z, sem sóknaraðili staðfesti með upphafsstöfum sínum.

Þann 4. september 2013 sendi sóknaraðili C, bankastjóra varnaraðila, bréf og óskaði eftir því að fá að semja um uppgjör framangreinds láns með þeim hætti að sóknaraðili greiddi til varnaraðili sem næmi helmingi uppgreiðsluverðmætis lánsins

gegn því að varnaraðili felldi niður helming eftirstöðvanna. Þessari kröfu sinni til stuðnings vísaði sóknaraðili til þess að hún teldi varnaraðila ekki hafa staðið eðlilega að lánveitingunni og þess hversu íþyngjandi greiðslubyrði lánsins væri henni. Bréfi sóknaraðila var svarað af umboðsmanni viðskiptavina varnaraðila, með bréfi dags. 26. júlí 2013, þar sem kröfu um niðurfellingu á helmingi eftirstöðva lánsins var hafnað.

Í máli þessu liggja fyrir launaseðlar sóknaraðila í september, október og nóvember 2007 og skattframtal sóknaraðila 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 25. september 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst lausnar undan kröfu gegn því að hún greiði helming skuldarinnar í eingreiðslu. Kveðst sóknaraðili fara fram á þetta í ljósi þess hvernig staðið hafi verið að lántökunni í upphafi og þeirri staðreynd að í raun hafi ekki verið um að ræða útlán til hennar heldur til fyrirtækis í eigu manns hennar.

Sóknaraðili kvartar undan hegðun varnaraðila við umþrætt útlán. Eiginmaður hennar hafi sótt um lán fyrir fyrirtæki sitt og hafi boðið fram eigin sjálfskuldarábyrgð til tryggingar. Við vinnslu málsins hjá varnaraðila hafi niðurstaðan orðið sú að sóknaraðili (sem engan hlut hafi átt í fyrirtækinu) yrði lántakandi og jafnframt að fasteign hennar yrði sett að veði. Fyrir þessu láni hafi hún hvorki verið greiðslumetin né hafi hún skrifað undir lánsúmsókn. Búið hafi verið að samþykkja lánveitinguna hjá varnaraðila áður en hún hafi verið látin skrifa undir lánsúmsóknina. Lánið hafi verið að fullu greitt til félagsins og reikningur félagsins verið skuldfærður fyrir afborgununum. Um sé að ræða lánveitingu hjá varnaraðila þar sem notast hafi verið við nafn sóknaraðila og fasteign hennar þar sem lánsfjárhæð hafi aldrei komið í hennar hendur. Það verði því að telja ljóst að vinnubrögð bankans við lánveitinguna hafi verið langt frá því að vera í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði eins og segi í 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðili kveðst ósátt við vinnubrögð varnaraðila þegar lántakan hafi átt sér stað. Telur hún sig hafa verið beitta óeðlilegum þrýstingi þegar hún hafi verið látin skrifa undir lánið alveg óviðbúin enda hafi hún aldrei ætlað að verða lántaki. Hún sé ekki síður ósátt við vinnubrögð og afgreiðslu bankans þegar hún hafi lagt fram kvörtun sína. Á endanum hafi hún sent þeim bréf þar sem málavextir hafi verið raktir frá upphafi og hafi farið fram á að þeir kæmu til móts við sig vegna þess hvernig málið hafi verið afgreitt í bankanum í upphafi og hafi boðist til að greiða helming lánsins í eingreiðslu gegn niðurfellingu á láninu hjá þeim. Nú líði að þeim tíma þar sem hún þurfi að hætta að vinna og sé ljóst miðað við útreikninga á lífeyrissjóðsgreiðslum hennar að hún muni ekki geta staðið undir þessum greiðslum í framtíðinni. Svar bankans við bréfi hennar hafi verið mjög dónalegt en þar sé fullyrt að þetta skipti hana engu máli fjárhagslega, sem sé algjörlega úr lausu lofti gripið enda hafi hún lagt fram gögn sem sýnt hafi fram á hverjar framtíðartekjur hennar yrðu og að ekkert sparifé sé lengur til, það hafi allt farið í að greiða af umþrættu láni.

Sóknaraðili kveðst ekki þekkja til þess hvaða venjur tíðkist í F en telur þó að það tíðkist almennt í bankastarfsemi að lánsúmsókn liggi fyrir áður en mál sé lagt fyrir lánanefnd viðkomandi bankastofnunar. Vætanlega hafi lánanefndin þurft að fjalla sérstaklega um „ætlaða beiðni“ sóknaraðila um lánið, sérstaklega í ljósi þess að

hún hafi ekki verið viðskiptavinur bankans. Það hljóti að standa bankanum nær en viðskiptavinum að afla gagna og varðveita gögn sem viðkomi lánveitingum þeirra.

Sóknaraðili bendir á að í svarbréfi umboðsmanns viðskiptavina 26. júlí 2013 sé fullyrt að í október 2008 hafi bankinn greitt inn á reikning sóknaraðila í Landsbankanum um kr. 8.000.000. Sóknaraðili segir þá peninga aldrei hafa farið inn á reikning hennar og hafi hún ekki gefið leyfi fyrir því að þeir færu úr hendi varnaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að fyrst hafi verið ætlunin að ráðstafa láninu inn á reikning D enda hafi hann átt að vera skuldari lánsins og sóknaraðili ábyrgðarmaður. Síðan hafi þessu verið breytt og sóknaraðili sett sem lántaki en láninu ráðstafað inn á reikning B ehf. Bendir sóknaraðili á að í athugasemdum varnaraðila sé fullyrt að þessi breyting hafi verið gerð því bankinn hafi ætlað að greiða andvirði lánsins til sóknaraðila og sóknaraðili hafi sjálf átt að endurgreiða lánið en þar sem hún hafi ekki verið í viðskiptum við bankann hafi reikningur í eigu eiginmanns hennar verið notaður í þessu sambandi. Sóknaraðili mótmælir þessum fullyrðingum og telur þær úr lausu lofti gripnar. Hefði hún ætlað að taka lánið hefði bankinn væntanlega getað greitt andvirði þess inn á reikning hennar í öðrum banka. Hún hefði einnig getað stofnað reikning í bankanum væri það skilyrði fyrir lánveitingunni að lánið yrði skuldfært af reikningi á gjalddaga. Það hefði hún gert ef hún hefði ætlað sér að taka hið umdeilda lán. Einnig geti bankastofnanir sent greiðsluseðla til lántaka sinna sem hægt sé að greiða hvar sem er. Þannig sé skýring bankans lítt trúverðug.

Í ljósi framangreinds telur sóknaraðili að bankanum beri að verða við kröfu hennar um að greiða helming skuldarinnar þar sem bankinn hafi ekki sýnt góða viðskiptahætti skv. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en einnig beri að horfa til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að umþrætt lán hafi verið veitt samkvæmt veðskuldabréfi útgefnu af sóknaraðila til varnaraðila. Hafi sóknaraðili undirritað veðskuldabréfið, lánsúmsókn og greiðsluáætlun þann 1. október 2007. Í undirritaðri lánsúmsókn sé vísað til þess að lánveitingin hafi verið samþykkt af lánanefnd varnaraðila þann 20. september 2007. Sé ekki að finna nein gögn er bendi til annars en að lánið hafi verið veitt með fullu samráði við sóknaraðila. Ekkert liggi fyrir um að lánveitingin hafi átt að vera til annars aðila en sóknaraðila eða að lánveitingin hafi átt að vera á einhverjum öðrum forsendum en hún hafi síðan verið veitt. Varnaraðili mótmælir þeim fullyrðingum sóknaraðila að þar sem lánveitingin hafi verið samþykkt fyrir lánanefnd áður en sóknaraðili hafi sjálf skrifað undir lánsúmsókn, bendi það til þess að sóknaraðili hafi verið þvinguð til lántökunnar. Líkt og sóknaraðili ætti sjálf að þekkja, verandi bankastarfsmaður til margra ára, sé það viðtekin venja í slíkum lánviðskiptum að lántaki undirriti lánsúmsókn á sama tíma og hann undirriti skuldaskjalið sjálf. Telji varnaraðili því ekkert óeðlilegt við það ferli að fengin séu nauðsynleg samþykki fyrir lánafyrirgreiðslum áður en lántaki undirriti lánsúmsókn sem og önnur nauðsynleg skjöl vegna lánveitingarinnar.

Varnaraðili bendir á að á þeim tíma er sóknaraðili hafi fengið umrætt lán hafi ekki verið að finna nein ákvæði í lögum, reglugerðum eða öðrum reglum er lagt hafi þá skyldu á varnaraðila að meta greiðslugetu sóknaraðila áður en til lánveitingarinnar

kæmi. Varnaraðili mótmælir því þeim fullyrðingum sóknaraðila að það að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt bendi til þess að vinnubrögðum varnaraðila við lánveitinguna hafi verið ábótavant.

Vísar varnaraðili til þess að líkt og skuldabréfið og lánsúmsóknin beri með sér þá hafi varnaraðili við gerð skjalanna gert ráð fyrir því að andvirði hins nýja láns yrði ráðstafað inn á tékkareikning í eigu D, nr. X, og að afborganir af láninu skyldu jafnframt skuldfærðar af þeim tékkareikningi. Við undirritun skjalanna hafi þó verið gerð sú breyting á þeim að handskrifað hafi verið inn á bæði veðskuldabréfið og lánsúmsóknina að andvirði lánsins skyldi greitt inn á tékkareikning nr. Z, í eigu B ehf. og að lánið skyldi jafnframt skuldfært af þeim tékkareikningi. Hafi sóknaraðili, sem útgefandi veðskuldabréfsins, og lántaki skv. lánsúmsókn, sett upphafsstafi sína við breytinguna henni til samþykkis. Hafi það þannig upphaflega verið ætlun varnaraðila að andvirði lánsins yrði greitt út til sóknaraðila og að hún skyldi sjálf endurgreiða lánið. Þar sem sóknaraðili hafi ekki sjálf verið í viðskiptum við varnaraðila þá hafi verið gert ráð fyrir því að reikningur í eigu eiginmanns sóknaraðila yrði notaður í þessu sambandi.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um að fá að semja um uppgjör framangreinds láns með þeim hætti að sóknaraðili greiði til varnaraðila sem nemi helmingi uppgreiðsluverðmætis lánsins gegn því að varnaraðili felli niður helming eftirstöðvanna þá telur varnaraðili að öll rök skorti til slíks enda hafi verið staðið eðlilega að lánveitingunni og sóknaraðili síðar notið allra þeirra úrræða sem í boði hafi verið til lækkunar skuldarinnar. Þau úrræði hefðu raunar ekki staðið til boða ef fyrrnefndur lögaðili hefði verið lántaki og sóknaraðili ábyrgðarmaður. Hvorki bráðabirgðaákvæði vaxtalaga nr. 38/2001 né samkomulag um niðurfærslu íbúðalána hafi gert ráð fyrir að lán lögaðila kæmu til álita í því sambandi.

Varnaraðili vísar til þess að hvort sem litið sé til ákvæða 36. gr. laga nr. 7/1936 eða sanningrissjónarmiða almennt þygi ljóst að ekki sé hægt að þvinga varnaraðila til þeirrar eftirgjafar sem krafist sé heldur gildi meginregla samningaréttar um samningsfrelsi. Hafnar varnaraðili því kröfu sóknaraðila um niðurfellingu á helmingi eftirstöðva lánsins.

Varnaraðili vekur athygli á að þrátt fyrir að hið erlenda lán hafi verið á sama lánsformi og form varnaraðila er úrskurðað hafi verið lögmætt lán í erlendum myntum samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 524/2011, þá hafi lán sóknaraðila verið endurreiknað í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. lög nr. 515/2010 [sic]. Hafi niðurfærsla lánsins vegna endurreiknings þann 5. ágúst 2011 numið kr. 16.007.771 sbr. uppgjörskvittun vegna endurreiknings, dags. 21. september 2011. Eins hafi eftirstöðvar lánsins þann 1. nóvember 2011 verið færðar niður um kr. 2.895.986, samkvæmt svokallaðri 110% leið. Líkt og fyrirliggjandi tölvupóstsamskipti milli sóknaraðila og umboðsmanns viðskiptavina varnaraðila beri með sér þá hafi bankinn bent sóknaraðila á það úrræði að leita sér aðstoðar og frekari greiðsluferfiðleikaúrræða hjá Umboðsmanni skuldara sem og á möguleika til skilmálabreytinga á umræddu láni með það að markmiði að létta greiðslubyrði lánsins.

Varnaraðili telur að teknu tilliti til framangreinds að eðlilega hafi verið staðið að lánveitingunni og að varnaraðili hafi ekki á nokkurn hátt brotið gegn sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að skuld sóknaraðila samkvæmt skuldabréfi útgefnu 1. október 2007. Sóknaraðili krefst lausnar undan skuldabréfinu gegn því að hún greiði helming skuldarinnar í eingreiðslu. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Sóknaraðili er útgefandi umþrætts skuldabréfs. Með undirskrift sinni á skuldabréfið skuldbatt sóknaraðili sig samkvæmt skuldabréfinu til efnda samkvæmt því, þ.e. greiðslu þess, sbr. meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi samninga, sbr. einnig úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 192/2012 og 193/2012. Í þessu samhengi skiptir ekki máli að lánið hafi verið samþykkt af lánanefnd áður en lánsúmsókn sóknaraðila var dagsett, enda er sóknaraðili tilgreind umsækjandi á lánsúmsókn og útgefandi skuldabréfsins og skuldbundin samkvæmt því í ljósi framangreinds.

Var sóknaraðila frjálst að ráðstafa lánsfénu og kaus hún að ráðstafa því til inn á reikning B ehf. Leiðir það ekki til ógildis eða niðurfellingar samningsins að lántaki hafi kosið að ráðstafa lánsfé í þágu annars aðila. Þá leiðir það ekki til ógildis eða niðurfellingar skuldabréfa að annar aðili hafi samþykkt að greiða afborganir þess, útgefanda þess til hagsbóta. Hið sama gildir þótt B ehf. greiði ekki afborganirnar.

Ekki verður fallist á með sóknaraðila að skuldabréfið verði ógilt eða niðurfellt á þeim grundvelli að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á sóknaraðila við útgáfu skuldabréfsins. Sóknaraðili hefur ekki fært fram rök fyrir því að það hafi verið falið í sér frávik frá eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum fjármálafyrirtækja, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, að greiðslumeta ekki útgefanda skuldabréfs þegar umþrætt skuldabréf var gefið út, þannig að til ógildis leiði yrði það ekki gert, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Í ljósi alls framangreinds eru ekki forsendur til að fella niður skuldabréf, útgefið 1. október 2007, að fullu eða að hluta. Verður kröfu sóknaraðila því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila F, er hafnað.

Reykjavík, 10. janúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 14. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 90/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 21. október 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 21. október 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. október 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 25. nóvember 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. nóvember 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 2. desember 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 14. mars 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 23. nóvember 2007 var bílasamningur nr. X undirritaður. Varnaraðili var tilgreindur leigusali og sóknaraðili leigutaki. Hið leigða var bifreiðin A og leigutími var frá 20. nóvember 2007 til 5. febrúar 2015. Samningsfjárhæð var kr. 3.503.537. Eftirfarandi ákvæði var í 4. gr. samningsins: „*Samningur þessi er gengistryggður og eru allar fjárhæðir bundnar erlendum/innlendum myntum í eftirfarandi hlutföllum og taka mið af þeim á hverjum tíma: JPY 50% og CHF 50%. Gengi/vísitala gjaldmiðla miðast við útborgunardag samnings. Leigugjald tekur breytingum á gengi og vöxtum skv. 7. gr. samnings þessa.*“

Þann 21. október 2010 barst sóknaraðila endurútreikningur á samningi nr. X í samræmi við dóma Hæstaréttar nr. 153/2010 og 471/2010. Eftirstöðvar samnings fyrir endurútreikning voru tilgreindar kr. 5.742.382 en eftirstöðvar samnings eftir endurútreikning voru kr. 2.575.354. Inneign á veltureikningi var kr. 220.519 og staða samnings m.v. að inneign væri ráðstafað inn á eftirstöðvar var kr. 2.354.834.

Þann 14. febrúar 2011 sendi sóknaraðili varnaraðila tölvupóst og óskaði eftir að koma á framfæri athugasemdum vegna endurreiknings á bílaláni nr. X. Sýndist

sóknaraðila að varnaraðili hefði reiknað Seðlabankavexti frá upphafi samningsins og að hann teldi slíkt ekki standast lög. Ítrekaði sóknaraðili kröfuna með tölvupóstum, dags. 17. mars 2011 og 19. september 2013. Þann 20. september 2013 svaraði varnaraðili og sagði ljóst að samningur sóknaraðila yrði ekki endurreiknaður að nýju.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 21. október 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurreikni að nýju gengistryggðan bílasamning nr. X samkvæmt þeirri uppgjörsaðferð sem Hæstiréttur hafi mótað fyrir sambærileg mál, en sóknaraðili telur að fyrri endurreikningur félagsins standist hvorki lög né dómafordæmi Hæstaréttar.

Sóknaraðili vísar til þess að umþrættur samningur sé gengistryggður og bundinn erlendum myntum í hlutföllunum JPY 50% og CHF 50%. Samningsfjárhæð sé tilgreind í íslenskum krónum 3.503.537. Verði ekki annað séð en að samningurinn falli undir dóma Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggðra neytendalána, enda hafi varnaraðili í reynd viðurkennt ólögmæti samningsins með fyrri endurútreikningi. Samningurinn sé í skilum og hafi ekki verið framseldur þriðja aðila.

Sóknaraðili telur einsýnt að með endurreikningi, dags. 21. október 2010, hafi varnaraðili endurreikað vaxtakröfur sínar með Seðlabankavöxtum afturvirktt allt frá stofndeggi kröfunnar og litið fram hjá gildi fullnaðarkvittana. Þessi uppgjörsaðferð sem Hæstiréttur hafi ítrekað dæmt ólöglega, hafi leitt til umtalsverðrar hækkunar á vöxtum.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila hafi verið óheimilt að endurreikna bílasamning nr. X með Seðlabankavöxtum afturvirktt frá stofndeggi, en í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar megi slík vaxtabreyting einungis gilda til framtíðar, þ.e. frá og með dagsetningu endurreiknings. Varnaraðili skuli án frekari tafa leiðrétt fyrri endurreikning sinn og nú í samræmi við þá uppgjörsaðferð sem Hæstiréttur hafi mótað fyrir sambærileg lán í máli nr. 464/2012. Samkvæmt þeirri uppgjörsaðferð beri að taka þær afborganir af höfuðstól skuldarinnar sem lántaki hafi innt af hendi til og með 21. október 2010, kr. 1.933.659, að frádreginni þeirri upphæð sem varnaraðili hafi endurgreitt lántaka við fyrri endurreikning, kr. 220.519, eða alls kr. 1.713.140 og draga frá upphaflegum höfuðstól sem samkvæmt lánasamningnum hafi verið kr. kr. 3.503.537. Lántaki geri því kröfu um að viðurkennt verði að réttar eftirstöðvar lánasamningsins miðað við 21. október 2010, séu kr. 1.790.397 en ekki kr. 2.575.354, líkt og varnaraðila hafi reiknast til í endurreikningi þeim sem félagið neiti nú að leiðrétt.

Sóknaraðili bendir á að ljóst sé að hin rétta niðurstaða sem fundin sé með þessari uppgjörsaðferð muni leiða til þess að endurreika þurfi þær greiðslur af láninu sem inntar hafi verið af hendi eftir endurreikning, t.d. sé ljóst að vaxtaþáttur greiðslna eftir lagfærðan endurreikning hafi þannig verið mun hærri en hann hafi átt að vera, sökum þess að réttur höfuðstóll lánsins hafi verið umtalsvert lægri en varnaraðila hafi reiknast til. Sóknaraðili geri einnig kröfu til að gjalddagar eftir endurreikning verði endurreiknaðir með þetta í huga, en þar sé einungis gerður ágreiningur um upphæð vaxtaþáttar hvernar greiðslu, sem afleiðu af lækkuðum höfuðstól, en ekki vaxtastig. Komi í ljós við þennan endurreikning að í einhverjum tilvikum hafi réttmæt afborgun í raun verið vangreidd á gjalddaga að hluta eða öllu leyti í eitt skipti eða fleiri, verði

inneign lántaka hjá varnaraðila vegna ofgreiðslu samkvæmt framangreindri kröfu þá ráðstafað til skuldajöfnunar á móti þeim fjárhæðum sem kunni að hafa vantað upp á fullar efndir á hverjum gjalddaga miðað við þá forsendu að útreikningi hefði frá upphafi verið hagað með lögmeðum hætti. Þannig veiti sóknaraðili heimild til skuldajöfnunar endurkröfu sinnar að hluta eða öllu leyti eftir því sem við eigi til þess að sem flestir gjalddagar afborgana geti með slíkum útreikningi talist hafa verið í fullum efndum lögum samkvæmt af hálfu beggja samningsaðila, að svo miklu leyti sem kostur sé.

Komi í ljós að endurreikningi loknum að bílasamningur nr. X sé að fullu uppgreiddur þá gerir sóknaraðili að lokum kröfu um að varnaraðili endurgreiði lántaka það sem ofgreitt hafi verið að viðbættum dráttarvöxtum af peningakröfum í íslenskum krónum eins og þeir hafi verið gefnir út af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, en ella komi ný staða samnings og eftirstöðvar hans fram á fyrsta greiðsluseðli sem varnaraðili gefi út eftir nýjan endurreikning.

Sóknaraðili bendir á að þegar endurreikningur varnaraðila, dags. 21. október 2010, sé skoðaður sjáist að áður en skuldajöfnun eigi sér stað þá hafi varnaraðili hækkað vaxtakröfur tímabilsins afturvirkir úr kr. 480.955 (sem hafi verið sú upphæð sem sóknaraðili hafi raunverulega greitt í vexti á tímabilinu) í kr. 1.267.807.

Að mati sóknaraðila skiptir grundvallarmáli að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 komi ekkert fram um við hvaða tímabil eigi að miða við beitingu Seðlabankavaxta, þ.e. hvort fjármálafyrirtækjunum hafi verið heimilt að endurreikna samninga með Seðlabankavöxtum frá upphafi eður ei. Í dómnum sé einungis sagt að nota eigi Seðlabankavexti en engar frekari leiðbeiningar séu gefnar. Því hafi það alfarið verið eigin túlkun fjármálafyrirtækjanna að þeim væri heimilt að endurreikna lánin með Seðlabankavöxtum frá upphafi. Það samrýmist ekki réttarvitund og lagavenju að heimilt sé að breyta eftir á þegar greiddum vöxtum enda hafi strax risið miklar deilur um þessa túlkun fjármálafyrirtækjanna.

Sóknaraðili kveðst telja framangreinda framkvæmd ólöglega, en rétt sé að taka fram að samkvæmt endurreikningi varnaraðila þá hafi myndast inneign hjá sóknaraðila upp á alls kr. 220.519, sem varnaraðili hafi endurgreitt. Þetta hafi verið vegna þess að þó að félagið hafi afturvirkir hækkað vaxtakröfur sínar þá komi á móti örlítið meiri lækkun á útreiknuðum höfuðstólsgreiðslum tímabilsins (en félaginu hafi verið með öllu óheimilt að ráðstafa þegar greiddum höfuðstólsafborgunum upp í vaxtakröfu sína). Sóknaraðili telur skipta höfuðmáli að þessi endurgreiðsla varnaraðila hafi alls ekki verið lokauppgjör á viðskiptum hans og félagsins fyrir umrætt tímabil, enda hafi endurreikningurinn sem að baki hafi legið byggt á ólögmeðri aðferðarfræði. Hefði „velturéknings“ aðferðinni verið rétt beitt og ekki tekið tillit til óleyfilegra afturvirkra vaxtahækkana, hefði inneign lántaka á velturéikningi eftir endurreikning þannig í raun átt að vera mun hærri.

Sóknaraðili vísar máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 600/2011. Telur hann að dómurinn hafi skýrt fordæmisgildi í máli þessu. Reyndar hafi í dómnum verið um að ræða fasteignalán til lengri tíma en bílasamningur sóknaraðila, en það eigi þó ekki að skipta máli við úrlausnina, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 50/2013, þar sem rétturinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að um bílasamning Plastiðjunnar ættu sömu rök við og í máli nr. 600/2011. Benda megi á að í máli nr. 600/2011 telji Hæstiréttur að vaxtakrafa fyrir liðna tíð upp á kr. 6.585.934 sé umtalsverð í ljósi þess að upphafleg lánsfjárhæð hafi verið kr. 19.200.000, enda sé þetta hlutfall upp á 34%. Í tilfelli lántaka hljóði vaxtakrafa varnaraðila fyrir liðna tíð

upp á kr. 1.267.807 og miðað við upphaflega lánsfjárhæð kr. 3.503.537, sé það hlutfall upp á 36%, sem hljóti sömuleiðis að teljast umtalsvert.

Sóknaraðili telur ennfremur að skilyrði Hæstaréttar vegna notkunar fullnaðarkvittana eigi við í hans tilfalli, líkt og sjáist á endurreikningi varnaraðila, þar sem raungreiðslur lántaka hafi verið taldar upp. Sóknaraðili hafi á tímabilinu greitt alls 28 afborganir af samningnum og hafi álagðir vextir verið greiddir jafnóðum skilvíslega í hverjum mánuði samkvæmt útgefnum greiðslutilkynningum varnaraðila. Félagið hafi enda tekið á móti greiðslum sóknaraðila athugasemda- og fyrirvaralaust, en samkvæmt dómum Hæstaréttar teljist slíkt jafngildi fullnaðarkvittunar. Bendir sóknaraðili á að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 464/2012 árétti Hæstiréttur þetta sjónarmið. Hæstiréttur hafi áréttað þennan skilning í fleiri málum.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi í svipuðum málum beitt fyrir sig þeirri vörn að sambærilegir bílasamningar og samningur sóknaraðila séu kaupleigusamningar og því hafi félaginu ekki borið nein skylda til að endurreikna þá. Þeirri túlkun hafi Hæstiréttur hafnað, sbr. dóm í máli nr. 153/2010

Sóknaraðili vísar til þess að í höfnun sinni á kröfu sóknaraðila vísi varnaraðili í dóm Hæstaréttar í máli nr. 50/2013. Bendir sóknaraðili á að í máli nr. 50/2013 hafi Plastiðjan uppi tvær kröfur, annars vegar að viðurkennt verði að við endurreikning lánsins hafi varnaraðila verið óheimilt að kefja sig um frekari vaxtagreiðslur en þegar hefðu verið inntar af hendi (sem sé sambærileg krafa og sóknaraðili geri nú á hendur varnaraðila) og hins vegar að Landsbankanum yrði gert að standa skil á mismuni þeirra greiðslna sem Plastiðjan innti af hendi og fjárhæðum sem fram komu í endurreikningi vegna þeirra gjalddaga þar sem sá mismunur hafi verið Plastiðjuni í hag. Í dómnum hafi verið tekið undir fyrri kröfu Plastiðjunnar, sem sé sambærileg kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila, og staðfestur sá margáréttaði skilningur Hæstaréttar að lánveitanda hafi ekki verið heimilt að krefja lántaka um viðbótargreiðslur vegna þegar greiddra vaxta aftur í tímann. Að því leyti renni dómur sá sem varnaraðili beri fyrir sig enn styrkari stoðum undir kröfu lántaka hér.

Sóknaraðili bendir á að í dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 hafni Hæstiréttur hins vegar seinni kröfu Plastiðjunnar, um að fá endurgreiddan mismun vegna endurreiknings og þeirra greiðslna sem Plastiðjan hafi innt af hendi fyrir þá gjalddaga sem sá mismunur hafi verið Plastiðjuni í hag, og hafni rétturinn kröfunni á þeirri forsendu að ljóst væri að Plastiðjan hefði ekki að öllu samanlögðu ofgreitt af skuld sinni á því tímabili sem um hafi rætt. Sóknaraðili telur þessa höfnun Hæstaréttar á kröfum Plastiðjunnar í máli nr. 50/2013 ekki hafa neina þýðingu fyrir mál það sem hér um ræði, enda séu málavextir aðrir og lántaki hafi uppi allt aðrar kröfur en Plastiðjan. Í stað þess að krefjast endurgreiðslu vegna „þeirra gjalddaga sem voru stefnanda í hag“ krefjist sóknaraðili þess að viðurkennt verði að varnaraðila hafi verið óheimilt að hækka vaxtakröfur sínar afturvirk og því þurfi að koma til endurreikningur lánsins í heild samkvæmt þeirri uppgjörsaðferð sem Hæstiréttur hafi mótað fyrir sambærileg lán í máli nr. 464/2012. Komi í ljós að því uppgjöri loknu að lánsamningurinn sé enn ekki að fullu uppgreiddur þá krefjist lántaki enngar frekari endurgreiðslu af hálfu varnaraðila, og því eigi þetta dómaförðæmi nr. 50/2013 engan veginn við.

Sóknaraðili bendir á að í svari sínu þann 20. september 2013 minnst varnaraðili ennfremur á lög nr. 151/2010 og segi: „Lög nr. 151/2010 voru sett 22. desember 2010 en þinn endurútreikningur var framkvæmdur 21. október 2010 og því ómögulegt að Árna Páls löggin hafi verið notuð til viðmiðunar.“ Sé félagið með því að draga þá ályktun að þó afturvirkniákvæðið í lögum nr. 151/2010 hafi verið dæmt

ólögmætt þá hafi það ekki í för með sér að endurreikningurinn sem slíkur sé ólögmætur af því hann hafi verið framkvæmdur fyrir setningu laganna og sé því ekki byggður á þeim. Sóknaraðili telur að um sé að ræða hreinar hártoganir sem gangi þvert gegn yfirlýstum vilja Hæstaréttar.

Sóknaraðili vísar til þess að með setningu laga nr. 151/2010 hafi þess verið freistað að festa í lög þá aðferðarfræði sem fjármálafyrirtækin hafi beitt við endurreikninga sína, og þar með eyða þeirri réttaróvissu sem hafi skapast þegar endurreikningum hafi verið mótmælt harðlega. Sá skilningur hafi ávallt verið ríkjandi í íslenskri lagaframkvæmd að afturvirkar breytingar á viðskiptaskilmálum séu ólögmætar nema undir afar ströngum skilyrðum. Þau skilyrði hafi ekki verið talin fyrir hendi hér og með því að lýsa því yfir að umrætt afturvirkniákvæði laga nr. 151/2010 standist hvorki lög né stjórnarskrá sé Hæstiréttur að lýsa því yfir að aðferðarfræðin sem slík sé ólögmæt. Því leysi það varnaraðila ekki undan ábyrgð að endurreikningur félagsins hafi verið framkvæmdur á undan setningu laganna.

Sóknaraðili vísar til dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2302/2012 máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðili telur að skýrt og afdráttarlaust dómafordæmi Hæstaréttar hefji yfir allan vafa að varnaraðila hafi verið óheimilt að endurreikna umrætt bílalán með því að nota Seðlabankavexti afturvirkt frá stofnþegi kröfunnar. Slíkt hafi félaginu einungis verið heimilt að gera til framtíðar, þ.e. frá og með þeim tíma er endurreikningurinn hafi farið fram. Félagið geti því hvorki stuðst við lagaheimildir né dómafordæmi þegar það hækki afturvirkt vaxtakröfur sínar og ráðstafi umtalsverðum hluta af höfuðstólsgreiðslum lántaka árin á undan upp í þessar óheimilu vaxtakröfur og krefji þannig lántaka afturvirkt um talsverða fjárhæð í viðbótarvexti, þegar lántaki hafi allt tímabilið greitt uppsetta vexti skilvíslega og í góðri trú samkvæmt útsendum greiðslutilkynningum félagsins, enda fullnaðarkvittun komið fyrir.

Sóknaraðili telur einnig að rök varnaraðila fyrir höfnun félagsins á beiðni um leiðréttingu fyrri endurreiknings styðjist við dómafordæmi sem alls ekki eigi við um kröfur sóknaraðila, auk þess sem varnaraðili hafi enn ekki svarað efnislega athugasemdum varðandi ólögmæti afturvirkra vaxtakrafna félagsins.

Sóknaraðili vísar í afrit af bréfi sem Landsbankinn hafi sent öðrum viðskiptavini sem hafi verið með gengistryggt bílalán hjá bankanum. Í bréfinu komi fram að Landsbankinn hafi í kjölfar dóma Hæstaréttar ákveðið að endurreikna aftur gengistryggt bílalán viðskiptamanns og leiðrétta fyrri endurreikning, svipað og gerð sé krafa um að varnaraðili geri nú í þessu tilfalli. Sóknaraðili hafi reyndar ekki eintak af bílasamningi Landsbankans undir höndum og gera verði ráð fyrir að orðalag og framsetning sé önnur en í samningi varnaraðila, en eðli samninganna hljóti að teljast hið sama og því fráleitt að halda öðru fram en að sömu grundvallarreglur gildi um hin ólöglega gengistryggðu bílalán fjármálafyrirtækjanna, enda hafi þeim skýringum varnaraðila að „eðlismunur“ sé á samningum félagsins og annarra sambærilegra lánasamninga verið hrundið af dómsvaldinu og vísað frá.

Bendir sóknaraðili á að vísan í umrætt bréf Landsbankans hafi fyrst og fremst þann tilgang að draga fram þá staðreynd að af þeim fjármálafyrirtækjum sem veitt hafi umrædd ólöglega gengistryggð lán, þá virðist varnaraðili eitt þráast við að viðurkenna skýr lagaákvæði og margaréttað dómafordæmi Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur eftirfarandi athugasemdir við athugasemdir varnaraðila við kröfugerð sóknaraðila.

Sóknaraðili telur býsna langt seilst sé því haldið fram að engin „athafnaskylda“ hvíli á varnaraðila til að leiðrétta fyrri endurreikning sinn, fari svo að hann reynist ólögmætur. Teljist umræddur endurreikningur ganga þvert á dómafordæmi Hæstaréttar og aðrar lögskýringar þá hljóti samkvæmt eðli máls og meginreglum laga að hvíla sú skylda á félaginu að leiðrétta ólögmætan fjármálagjöfning sinn.

Sóknaraðili bendir á að lánasamningar séu í eðli sínu tvíhliða samningar milli tveggja aðila og eigi báðir samningsaðilar réttindi og beri sömuleiðis báðir skyldur. Þannig verði t.d. að telja eina af höfuðskyldum fjármálafyrirtækis þá að standa réttilega að innheimtum krafna sinna. Hafi fjármálafyrirtæki brotið þessa skyldu sína sé auðvitað fráleitt að lýsa því yfir að ekki hvíli á því athafnaskylda til að leiðrétta ólögmæta framkvæmd sína.

Bendir sóknaraðili á að í svari varnaraðila sé sérstaklega vísað á frávísun nefndarinnar á kröfu í máli nr. 22/2009, en við lestur þess máls virðist það eiga fátt sameiginlegt með kröfu sóknaraðila. Í máli nr. 22/2009 sé þess þannig krafist að fjármálafyrirtæki geri að því er virðist alveg nýjan lánasamning við kröfuhafa „á réttum forsendum“, sem sé auðvitað óljóst orðalag. Í kröfu sóknaraðila sé því hins vegar aldrei haldið fram að lánasamningur sóknaraðila sem slíkur sé „ólöglegur“ eða „rangur“ og þaðan af síður sé þess krafist að varnaraðili geri nýjan lánasamning eða breyti forsendum samnings á nokkurn hátt. Krafa sóknaraðila sé að endurreikningur varnaraðila hafi verið ólögmætur og að hann beri því að leiðrétta, skv. ítarlega skilgreindu ferli, en ekki sé vikið einu orði að óljósum breytingum eða niðurfellingu á lánasamningnum sem slíkum. Því telji sóknaraðili ljóst að mál það sem varnaraðili beiti fyrir sig hafi ekki fordæmisgildi.

Sóknaraðili hafnar með öllu þeirri staðhæfingu varnaraðila að vísa beri kröfunni frá þar sem hún sé „óljós og óskýr“. Sé fjárfrafa sóknaraðila tilgreind mjög nákvæmlega og upp á skýra og ákveðna krónutölu og í kröfugerðinni rakið nokkuð nákvæmlega hvernig þessi upphæð sé fundin. Reyndar komi fram í málskotinu að verði krafa þessi viðurkennd þá muni það óhjákvæmilega hafa í för með sér að endurreikna verði þær afborganir lánasamningsins sem innar hafi verið af hendi eftir viðmiðunardagsetninguna. Viðurkennir sóknaraðili að hann hafi ekki framkvæmt þá vinnu á þessu stigi máls, enda hljóti það að vera hlutverk viðkomandi fjármálastofnunar að endurreikna og leiðrétta innheimtur sínar, komi í ljós að þær hafi verið byggðar á ólögmætum grunni. Það geti m.ö.o. ekki með nokkru móti talist á ábyrgð lántakenda að leiðrétta ólögmæta lánsútreikninga fjármálastofnana. Hugsanlega vaxi þetta varnaraðila í augum og telji félagið því þessar skyldur sínar bæði óljósar og óskýrar, en því hafni sóknaraðili enda um tiltölulega einfalda útreikninga að ræða sem sérfróðum starfsmönnum fjármálafyrirtækja ætti að vera í lófa lagið að framkvæma hratt og örugglega um leið og réttar forsendur liggi fyrir. Virðist þetta enda ekki hafa vafist fyrir öðrum fjármálastofnunum.

Sóknaraðili áréttar að hann hafi aldrei lýst því yfir að hann telji að samningsvextir eigi almennt að gilda í stað Seðlabankavaxta. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðila hafi verið óheimilt að krefjast afturvirkir mismunar Seðlabanka- og samningsvaxta fyrir tímabilið, en hafi ekki haldið því fram að samningurinn sem slíkur ætti ekki að bera Seðlabankavexti. Biðst sóknaraðili forláts hafi orðaval hans í þessu tilfelli verið óskýrt og treystir því að það komi ekki að sök, enda kröfur að öðru leyti skýrt fram settar og útskýrðar á ítarlegan hátt í kröfugerðinni.

Sóknaraðili vísar til álitsgerðar sem LEX lögmannsstofa hafi unnið fyrir Samtök fjármálafyrirtækja í febrúar 2012, vegna dóms Hæstaréttar í máli nr.

600/2011. Ljóst sé að Samtökum fjármálafyrirtækja hafi verið gerð ítarleg grein fyrir niðurstöðum dómsins og margvíslegum áhrifum hans, þ.m.t. úrslitagildi fullnaðarkvittana að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Varnaraðila, sem sé aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja, ætti því að vera fullkunnugt um þetta atriði.

Sóknaraðili byggir á því að kröfur hans snúi ekki á neinn hátt að endurgreiðslu ofgreidds fjár, líkt og varnaraðili haldi fram. Sóknaraðili sé ekki að krefjast endurgreiðslu sökum ofgreiðslu. Sóknaraðili hafi aldrei lýst yfir þeirri skoðun sinni að hann hafi ofgreitt á tímabilinu sem um ræði og eigi því kröfu á einhvers konar endurgreiðslu vegna þess. Þvert á móti hafi krafa sóknaraðila ætíð verið skýr og sé ekki gerður neinn ágreiningur um þær upphæðir sem greiddar hafi verið af láninu fram að endurreikningi heldur snúi krafan alfarið að kröfu varnaraðila um hækkaða vexti og einhliða afturvirka ráðstöfun félagsins á höfuðstólsgreiðslum sóknaraðila árin þrjú þar á undan upp í kröfu sína. Sem afleiðingu af kröfu sóknaraðila verði þó að endurreikna greiðslur af láninu sem inntar hafi verið hendi eftir endurreikning. Sóknaraðili minnst í eitt skipti í kröfugerð sinni á endurgreiðslu og sé það ef eftir endurreikning lánsins í heild sinni komi í ljós að það sé þegar að fullu greitt og fari sóknaraðili þá fram á að varnaraðili endurgreiði það sem ofgreitt hafi verið í heildina. Sú krafa helgist hins vegar af meginreglum kröfuréttar en ekki fullnaðarkvittunum tímabilsins, öfugt við það sem varnaraðili reyni að halda fram. Ljóst sé að sóknaraðili hafi ekki ofgreitt á fullnaðarkvittanatímabilinu sjálfu.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili fullyrði að sóknaraðili hafi ekki orðið fyrir fjárhagslegri röskun. Eins og sjáist þegar endurreikningur varnaraðila sé skoðaður þá lækki félagið einhliða og afturvirkt höfuðstólsgreiðslur tímabilsins um kr. 1.036.062 og ráðstafi þeirri upphæð í ólögmæta vaxtakröfu sína. Segja megi að þarna sé varnaraðili að hækka höfuðstól lánsins um ríflega eina milljón króna. Að sjálfsögðu beri að hafa í huga kr. 220.519 sem félagið hafi endurgreitt sóknaraðila á grundvelli hins ólögmæta endurreiknings, en á móti komi að reikna megi með því að vaxtagreiðslur og afborganir síðan hafi verið of háar sökum þess að réttur höfuðstóll lánsins hafi átt að vera umtalsvert lægri. Það sé því erfitt að sjá hvernig félagið geti rökstutt að slíkt sé ekki fjárhagsleg röskun, en auðvitað skipti þessi athugasemd félagsins engu máli. Það eigi ekki að skipta máli við mat á lögmæti gerningsins hvort hann valdi fjárhagslegri röskun og þannig sé t.d. þjófnaður alveg jafn ólögmætur sama hvort stolið sé frá auðugum manni eða fátækum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá nefndinni en að öðrum kosti að kvörtun verði synjað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til þess að af 6. samþykktu úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki sé ljóst að nefndin fjalli einungis um fjárkröfur á hendur fjármálafyrirtækjum og þá að uppfylltu því skilyrði að kvörtun sé ekki óljós eða óskýr.

Varnaraðili byggir á því að krafa sóknaraðila sé í eðli sínu krafa um athafnaskyldu á hendur varnaraðila, þ.e. að hann „endurreikni að nýju gengistryggðan bílasamning lántaka“. Engin lagaákvæði styðji að slík athafnaskylda verði lögð á varnaraðila enda sé í kvörtun ekki vísað til lagastoðar fyrir kröfunni. Af þeim sökum beri að vísa kvörtuninni frá, sbr. t.d. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 22/2009.

Varnaraðili vísar til þess að krafa sóknaraðila um framkvæmd athafnaskyldunnar sé óljós og óskýr. Þannig sé í kvörtun vísað til „þeirrar uppgjörsaðferðar sem Hæstiréttur hefur mótað fyrir sambærileg mál“. Í þessu efni verði ekki séð að fyrir liggi ein óumdeild uppgjörsaðferð af hálfu Hæstaréttar, auk þess sem niðurstöður Hæstaréttar taki ávallt mið af málsforræðisreglu einkamálaréttarfars. Einnig megi benda á að kröfur sóknaraðila gangi t.d. þvert á niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 50/2013.

Vísar varnaraðili framangreindu til viðbótar til þess að ekki sé hægt að fallast á að þau mál sem sóknaraðili vísi til teljist sambærileg máli hans. Þannig hafi sóknaraðili fengið endurgreiðslu, en ekki hafi verið gerð krafa á hendur honum um viðbótargreiðslu eftir endurreikning lánsins og geti hann því ekki borið fyrir sig fullnaðarkvittun gegn viðbótarkröfu sem ekki hafi verið gerð. Fullyrðingar sóknaraðila um inntak dóma Hæstaréttar byggja einnig á misskilningi.

Þá telur varnaraðili algerlega óljóst hvernig eigi að öðru leyti að framkvæma endurreikning skv. kröfu sóknaraðila, t.d. hvaða tímaviðmið skuli nota varðandi svokallað „fullnaðarkvittunartímabil“.

Til stuðnings varakröfu telur varnaraðili í upphafi nauðsynlegt að leiðrétta þá röngu fullyrðingu sóknaraðila að lán með gengistryggingu hafi verið „ólögmæt lán“. Þvert á móti hafi verið um lögmæta lánaskuldbindingu að ræða á milli lántaka og lánveitanda. Hæstiréttur hafi hins vegar gert athugasemdir við verðtryggingu lána í íslenskum krónum sem bundin hafi verið þróun gengis gjaldmiðla.

Varnaraðili byggir á því að fyrir liggi skýr dómafordæmi þess efnis að vaxtakjör samnings, sem áður hafi verið gengistryggður, verði ekki lögð til grundvallar lögskiptum aðila. Þannig hafi sagt í grundvallardómi Hæstaréttar um þetta efni í máli nr. 471/2010 að ekki væri hægt að byggja á erlendu vaxtaviðmiði samnings enda „... fullljóst að slík vaxtakjör af láninu gátu ekki komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu þess“ enda „bein og órjúfanleg tengsl“ á milli gengistryggingar og vaxtakjara. Jafnframt segi að óhjákvæmilegt sé að „ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiði til þess að líta verði með öllu fram hjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð“. Síðari dómur hafi vísað til þessa fordæmis og hafnað beitingu upphaflegs vaxtaviðmiðs „gengistryggðs“ samnings. Vísar varnaraðili til dóma Hæstaréttar í málum nr. 604/2010, 603/2010 og 663/2010.

Varnaraðili bendir á að í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 hafi einnig sagt að þar sem ekki yrði litið til vaxtaviðmiðs hins gengistryggða samnings, þá hafi atvik svarað til þess „að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir vextir skyldu vera“. Af þeim ástæðum skyldu vextir miða við 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Rétt sé að taka fram að það vaxtaviðmið feli í sér vísan til lægstu vaxta á íslenskum lánamarkaði.

Varnaraðili vísar til þess að í 3. gr. vaxtalaga, sem dómurinn vísi til, sé tiltekið berum orðum að vexti skuli greiða frá stofnþegi kröfu og til greiðsludags, sbr. 3. gr. vaxtalaga. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að vaxtalögum komi fram að ákvæðið sé „afdráttarlaust“ um það „að vexti skuli greiða frá og með stofnþegi peningakröfu“. Af þessu sé ljóst að sú fullyrðing sóknaraðila að upphafsdagur Seðlabankavaxta sé óljós standist ekki gildandi rétt.

Varnaraðili telur þá fullyrðingu sóknaraðila ekki standast að vöxtum hafi verið breytt eftir á. Hið rétta sé að við það að gengistrygging samnings hafi ekki verið talin heimil, þá hafi fallið niður bæði gengistrygging og vaxtaviðmið hins gengistryggða samnings. Eftir hafi staðið peningakrafa þar sem samið hafi verið um greiðslu vaxta

en vaxtaviðmið skorti og því hafi verið um lögakveðið vaxtaviðmið *ex tunc* að ræða, skv. 4. gr. sbr. 3. gr. vaxtalaga.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili fari fram á að lán hans verði reiknað að nýju á grundvelli reglna kröfuréttar um svonefnda fullnaðarkvittun. Varnaraðili telur misskilnings gæta um kröfuréttarlegt eðli fullnaðarkvittunar. Það sé meginregla í kröfurétti að kröfuhafi sem fengið hafi minna greitt en hann átti rétt til, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangoldið sé. Frá meginreglunni geti verið undantekningar, s.s. regla um fullnaðarkvittun.

Vísar varnaraðili til þess að þannig kunni sú aðstaða að vera uppi þegar kröfuhafi geri kröfu á hendur skuldara um vangoldna greiðslu að skuldari geti komist undan frekari fjárútlátum með því að bera fyrir sig svokallaða fullnaðarkvittun. Þetta sé þó háð vissum skilyrðum og eigi einungis við mjög sérstakar aðstæður. Reglunni um fullnaðarkvittun verði hins vegar einungis beitt gegn kröfu kröfuhafa en ekki sem kröfu skuldara á hendur kröfuhafa, slík kröfugerð skuldara byggji á öðrum lagasjónarmiðum um endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Varnaraðili bendir á að þegar hann hafi endurreiknað lán sóknaraðila í samræmi við gildandi rétt þá hafi niðurstaðan orðið sú að sóknaraðili hafi ofgreitt af láni sínu og hafi fengið endurgreiddar kr. 220.519 eða um 6% af upphaflegu láni. Þannig sé ekki sú staða uppi að sóknaraðili geti borið fyrir sig fullnaðarkvittun þar sem ekki hafi verið gerð krafa á hendur honum um viðbótargreiðslu, heldur þvert á móti hafi sóknaraðili fengið endurgreiðslu.

Þá bendir varnaraðili á til viðbótar að sóknaraðili hafi ekki orðið fyrir röskun á fjárhagslegri stöðu sinni og hafi ekki getað haft réttmætar væntingar um að eftirstöðvar láns til bílakaupa væru hagfeldari en leiddi af lögstu vaxtakjörum á markaði.

Varnaraðili vísar til þess að í þeim dómsmálum sem sóknaraðili vísi til hafi verið fjallað um rétt lánþega til að bera fyrir sig fullnaðarkvittun vegna viðbótarkröfu viðkomandi fjármálafyrirtækja um frekari greiðslur. Hins vegar hafi í engu dómsmáli verið fallist á kröfur lántaka um frekari endurgreiðslur og endurgreiðslukröfu beinlínis verið hafnað, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 50/2013.

Með vísan til framangreinds telur varnaraðili að engin lagarök styðji kröfu sóknaraðila. Ekki hafi verið um viðbótarkröfu að ræða á hendur sóknaraðila og því verði fullnaðarkvittun ekki haldið fram gegn kröfu sem ekki sé fyrir hendi. Önnur niðurstaða væri ekki í samræmi við dómafordæmi og fæli í raun í sér ómerkingu á niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 471/2010. Þessu til viðbótar hafi sóknaraðili ekki orðið fyrir fjárhagslegri röskun og hafi ekki getað haft réttmætar væntingar um að lán hans bæri lægri vexti en þeir lögstu á íslenskum markaði. Í ljósi þess að ekki hafi verið gerð viðbótarkrafa á sóknaraðila og reglan um fullnaðarkvittun eigi ekki við, sé ekki þörf á að meta hvort svo sérstakar aðstæður séu uppi í málinu að reglan um fullnaðarkvittun víki meginreglunni um fullar efnir til hliðar. Varnaraðili áskilur sér rétt til að fjalla um þetta atriði telji úrskurðarnefndin af einhverjum ástæðum að reglan um fullnaðarkvittun eigi við, m.a. í ljósi þess að þau tilvik hafi komið upp á samningstímanum að ekki hafi verið um fullar efnir að ræða miðað við samning aðila.

Varnaraðili byggir á því að í kjölfar svonefndra gengisdóma Hæstaréttar þann 16. júní 2010 og með tilliti til svonefnds vaxtadóms frá 16. september 2010 hafi lögskipti aðila verið færð að gildandi rétti með svonefndum endurreikningi. Við endurreikning hafi verið beitt svonefndri veltureikningsaðferð sem viðurkennd hafi verið í dómaframkvæmd, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 50/2013.

Telur varnaraðili að í kvörtun gæti misskilnings í fullyrðingum um reiknaðferðir. Ástæða sé til að setja fram athugasemdir, þó að kvörtun sé óskýr um þetta efni, engin sýnidæmi sett fram og kröfugerð því gölluð að þessu leyti.

Varnaraðili vísar til þess að varðandi endurreikning almennt þá hafi Hæstiréttur staðfest að rétt sé að nota svonefnda veltureikningsaðferð við endurreikning á gengistryggðum lánum til að finna út of- eða vangreiðslur og höfuðstól. Þannig sé t.d. í dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 fallist á notkun veltureikningsaðferðar og notkun vaxta skv. 4. gr. sbr. 3. gr. vaxtalaga, við útreikning á stöðu láns á milli kröfuhafa og skuldara, en þessi aðferð hafi leitt af fordæmi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010. Í máli nr. 50/2013 hafi jafnframt verið komist að þeirri niðurstöðu að kröfuhafi gæti ekki krafist viðbótargreiðslu úr hendi skuldara vegna þess að undantekningarreglan um fullnaðarkvittun hafi átt við. Hins vegar hafi sérstakri endurkröfu skuldarans verið hafnað.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili vísi sérstaklega til dóms í máli nr. 464/2012, en þar hafi ekki reynt sérstaklega á þær málsástæður sem að ofan greini. Þannig hafi kröfuhafinn ekki andmælt sérstaklega útreikningi skuldara. Varnir kröfuhafa hafi byggt á tilvísun í lög nr. 151/2010 sem ekki hafi getað gilt afturvirkkt, sbr. 72. gr. stjórnarskrá. Þá hafi kröfuhafinn ekki sett fram frekari málsástæður, s.s. um útreikning á grundvelli dóms 471/2010 eða sjónarmið um takmarkaða röskun á fjárhagslegri stöðu og réttmætum væntingum skuldara. Þannig hafi málið fyrst og fremst snúið að því hvort skilyrði fullnaðarkvittunar væru fyrir hendi, en fyrir hafi legið að skuldarinn hafi ekki fengið endurgreitt (öfugt við sóknaraðila) heldur hafi verið gerð viðbótarkrafa um greiðslu á hendur honum. Umrætt mál verði því að lesa með hliðsjón af málsforræðisreglu einkamálaréttarfars sem feli í sér að dómstólar séu bundnir af þeim málsástæðum og gögnum sem aðilar tefli fram hverju sinni. Með vísan til þessa, dóms Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 og að engin viðbótarkrafa sé gerð á hendur sóknaraðila verði ekki litið til máls nr. 464/2012 við úrlausn þessa máls.

Vísar varnaraðili til þess að réttarstaðan sé eftirfarandi varðandi útreikninga, sbr. framangreint og dóma Hæstaréttar í málum nr. 471/2010, 50/2013, 327/2013 og 328/2013. Ögild ákvæði um gengistryggingu í lánasamningi leiði til þess að litið verði með öllu fram hjá ákvæði sammingsins um vaxtahæð og skuldin beri vexti eftir 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga frá lántökudegi til lokadags. Skuldbinding lántakans á hverjum tíma skuli miðast við lánið þannig reiknað. Ofgreiðsla/vangreiðsla fyrir liðna tíð sé fundin með því að bera saman annars vegar raunverulegar greiðslur sem lántaki hafi innt af hendi og hins vegar þær greiðslur sem lántaka hefði borið að inna af hendi, ef hæð vaxta hefði verið reiknuð eftir 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga frá upphafi, en við þetta mat eigi að miða við umrætt tímabil í heild sinni. Réttur lánveitanda til viðbótargreiðslu vegna vangreiðslu geti mögulega takmarkast af óskráðum undantekningarreglum íslensks kröfuréttar um gildi fullnaðarkvittana, þannig að uppfylltum tilteknum skilyrðum verði vikið frá meginreglunni um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu þegar vangreitt sé. Réttur lántaka til að ná fram kröfu á lánveitanda vegna ofgreiðslu ráðist af því hvort að lántaki hafi greitt hærri fjárhæðir samtals á umræddu tímabili en hann hefði gert ef hæð vaxta hefði verið reiknuð eftir 4. gr., sbr. 3. gr. vaxtalaga frá upphafi.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi á bílasamningi nr. X, útgefnum af sóknaraðila til varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfu sóknaraðila verði vísað frá. Virðist hann byggja frávísunarkröfuna á b- og e-liðum 6. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Í máli þessu reynir á það hvort varnaraðili geti eftir almennum reglum kröfuréttar krafist skuldara um viðbótargreiðslur vegna mismunar á umsömdum vöxtum, sem sóknaraðili hefur þegar greitt af umþrættu láni, og þeim vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013.

Í ljósi þessa verður ekki fallist á með varnaraðila að krafa sóknaraðila sé ekki fjárhagsleg. Verður því ekki fallist á að úrskurður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálamálafyrirtæki í máli nr. 22/2009 hafi fordæmisgildi í máli þessu, enda laut sá þáttur málsins sem vísað var frá á grundvelli b-liðar 6. gr. samþykkta fyrir nefndina að því að varnaraðili málsins yrði þvingaður til samningsgerðar við sóknaraðila þess á tilteknum forsendum. Sú er ekki aðstaðan í máli þessu.

Þá verður í ljósi framangreinds ekki fallist á að krafa sóknaraðila sé óljós og óskýr að til frávísunar leiði, enda verður eins og að framan er rakið ráðið hvers sóknaraðili krefst, og varnaraðili hefur miðað málalátbúnað sinn við það.

Óumdeilt er með aðilum að um lán tengt gengi erlendra gjaldmiðla er að ræða.

Í málum Hæstaréttar nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013 reyndi á hvort kröfuhafi gæti eftir almennum reglum kröfuréttar krafist skuldara um viðbótargreiðslur vegna mismunar á umsömdum vöxtum, sem hann hafi þegar greitt af láni í íslenskum krónum með ólögmatu ákvæði um gengisviðmiðun og þeim vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001. Eins og rakið er í fyrrgreindum dómum er meginreglan sú að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til, á kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Frá meginreglunni eru þó undantekningar, m.a. um að fullnaðarkvittun geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að kröfuhafi glati frekari kröfu, en tilkalli hans um viðbótargreiðslu verður af þeim sökum þó einungis hafnað við sérstakar aðstæður. Þau atriði sem líta verður til við mat á því hvort svo standi á eru í fyrsta lagi hvort skuldari hafi verið í góðri trú, það er hafi hvorki vitað né mátt vita að greiðsla hans var ófullnægjandi þegar hann innti hana af hendi. Í öðru lagi hvort sá aðstöðumunur hafi verið á samningsaðilum að það réttlæti að hafna beri viðbótarkröfu. Í þriðja lagi hvorum aðilanum standi nær að bera áhættu af þeim mistökum sem leiða til þess að vangreitt hefur verið. Í því sambandi skiptir einkum máli hvort festa hafi verið komin á framkvæmd samnings, hversu langur tími líði frá því að mistök hafi orðið, hvort samningssambandið sé í eðli sínu einfalt eða flókið og hvert sé umfang viðbótarkröfu. Ekkert eitt þessara atriða getur ráðið úrslitum um það hvort kröfuhafi eigi rétt á viðbótargreiðslum, heldur ræður þar heildarmat á aðstæðum öllum, en því verulegra sem óhagræði skuldarans yrði af viðbótargreiðslu því sterkari eru rökin til að víkja megi frá meginreglunni.

Sóknaraðili byggir á því að hann hafi greitt varnaraðila samkvæmt útsendum greiðslutilkynningum en leggur ekki fram greiðslutilkynningar. Varnaraðili hefur ekki andmælt því að sóknaraðili hafi greitt samkvæmt útsendum greiðslutilkynningum en hefur þó byggt á því að að þau tilvik hafi komið upp á samningstímanum að ekki hafi

verið um fullar efnidir að ræða miðað við samning aðila. Af endurreikningi þeim sem fyrir liggur í máli þessu, dags. 21. október 2010, verður ráðið að sóknaraðili greiddi oftast á gjalddaga lánsins en í mesta lagi þremur dögum síðar. Verður þessum greiðsluhætti jafnað til þess að fyrir liggi fullnaðarkvittun vegna hverrar greiðslu. Aðilar sammings gengu út frá því við hverja greiðslu að útreikningur kröfuhafans á fjárhæð afborgunar og vaxta tæki mið af því að ákvæði um gengistryggingu höfuðstólsins væru gild. Var sóknaraðili því í góðri trú um lögmæti skuldbindingarinnar og þar með að umræddar greiðslur fælu í sér réttar og fullar efnidir af hans hálfu. Þá er ljóst að aðstöðumunur var með sammingsaðilum þar sem varnaraðili var fjármálafyrirtæki sem starfaði á lánamarkaði og bauð viðskiptavinum sínum ýmis kjör, þar með talin lán með gengistryggingu sem reyndust ólögmæt.

Við mat á því hvorum standi nær að bera áhættu af þeim vaxtamun sem myndaðist við endurreikning á skuldbindingu sóknaraðila verður að líta til þess að hann greiddi jafnan í samræmi við greiðslutilkynningar varnaraðila og hafði eins og að framan var rakið 21. október 2010 greitt á 33 gjalddögum lánsins. Var því komin festa á framkvæmd sammingsins. Eins og atvikum var hér háttað verður ekki litið svo á að óeðlilegur dráttur hafi orðið á að kröfuhafinn hefði uppi viðbótarkröfu á hendur áfrýjanda. Sem fjármálafyrirtæki stóð það varnaraðila nær að gæta að því að samningurinn við sóknaraðila væri í samræmi við heimildir laga nr. 38/2001. Um umfang viðbótarkröfunnar er til þess að líta að varnaraðili krafði sóknaraðila um vexti samtals að fjárhæð kr. 1.267.807 fram til 21. október 2010 en sóknaraðili greiddi í raun samtals kr. 480.955 í vexti fram að þeim tíma. Munurinn á þessum fjárhæðum er kr. 786.852 og er sú fjárhæð umtalsverð hvort sem tekið er mið af upphaflegri fjárhæð lánsins eða litið er til hennar sem hlutfalls af greiddum vöxtum.

Þótt ekkert eitt framangreindra atriða geti ráðið úrslitum verður að líta svo á þegar þau eru öll virt í heild að varnaraðili geti ekki krafði áfrýjanda um viðbótargreiðslur vegna þegar greiddra vaxta aftur í tímann. Ákvæði laga nr. 151/2010 sem breyttu lögum nr. 38/2001, geta ekki hagggað þessari niðurstöðu enda er ekki með almennum lögum unnt að hrófla svo að íþyngjandi sé með afturvirkum hætti við réttarreglum um efni skuldbindinga og greiðslu skulda frá því sem gildi þegar til þeirra var stofnað og af þeim greitt, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012 og 50/2013. Samkvæmt öllu ofangreindu verður út af fyrir sig talið að viðskipti aðila séu með þeim hætti að sóknaraðili getið borið fyrir sig gagnvart varnaraðila að hann hafi í höndum ígildi fullnaðarkvittana fyrir greiðslum á tilteknum gjalddögum lánsins og að varnaraðili geti vegna þessa ekki gert frekari kröfur á hendur honum vegna þessara gjalddaga.

Það er hins vegar sérstakt úrlausnarefni í þessu máli, sem aðila greinir á um, hvort fyrrgreind málsástæða sóknaraðila varðandi fullnaðarkvittanir fyrir eldri gjalddögum, skipti máli þótt varnaraðili geri engar frekari fjárkröfur vegna þessara eldri gjalddaga.

Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 50/2013 var fallist á að fullnaðarkvittanir áfrýjanda stæðu því í vegi að stefndi, (lánveitandinn) gæti reist frekari kröfur á reiknuðum vangreiðslum við eldri gjalddaga. Um þá fjárkröfu sem áfrýjandinn reisti á því að hann hefði í raun ofgreitt vexti segir í dómnum:

Í síðari lið dómkrafna áfrýjanda er þess krafist að stefnda verði gert að standa honum skil á mismun annars vegar á greiðslum, sem hann innti í raun af hendi, og hins vegar fjárhæðum, sem fram komu í endurútreikningi á

skuldbindingu hans, vegna þeirra gjalddaga einna sem sá mismunur er áfrýjanda í hag. Um þetta verður á sama hátt og við úrlausn um fyrri hluta dómkrafna áfrýjanda að virða lögskipti hans við [S] á tímabilinu frá 1. mars 2007 til 1. júní 2010 sem eina heild. Af gögnum málsins er ljóst að áfrýjandi hefur ekki að öllu samanlögðu ofgreitt af skuld sinni á þessu tímabili. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki skilyrði til að verða við þessum hluta kröfu hans.

Nefndinni virðist nærtækasti skilningurinn á ofangreindu vera sá, að skuldari sem fær lán sitt endurreiknað til heildarlækkunar án gengistryggingar en með lögmæltum vöxtum, en nýtur auk þess frekari lækkunar á grundvelli fullnaðarkvittana fyrir eldri gjalddögum og losnar þannig undan skyldu til að greiða hækkaðan og endurreiknaðan höfuðstól, geti ekki um leið gert aðra sjálfstæða kröfu um endurreikning á grundvelli lækkunar á lögmæltum vöxtum.

Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 14. mars 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 24. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 91/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 23. október 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 23. október 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. október 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 22. nóvember 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. nóvember, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 24. janúar 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 15. desember 2004 var íbúðalán nr. X, að fjárhæð kr. 4.150.000 gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Fasteign sóknaraðila og B að C, var sett að veði á 5. veðrétti til tryggingar skuldinni. Framangreint lán var nýtt til uppgreiðslu á lánum nr. Y kr. 951.258, útgefið 12. júní 1992, Z kr. 2.639.496, útgefið 6. október 1997, Þ kr. 204.744, Æ kr. 150.000. Fyrstnefndu lánin tvö voru tryggð með veði í fasteign sóknaraðila og B að C.

Þann 15. desember 2004 var íbúðalán nr. Ö, að fjárhæð kr. 22.000.000 gefið út af sóknaraðila og D. Fasteign sóknaraðila og B að C var sett að veði á 5. veðrétti til tryggingar skuldinni.

Þann 20. janúar 2012 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila varðandi ábyrgðarskuldbindingar hans á skuldum A við varnaraðila. Fram kom í bréfinu að þann 7. maí 2010 hafi nauðasamningur til greiðsluaðlögunar skv. lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 vegna A verið staðfestur. Í undanfara greiðsluaðlögunarumleitana hafi varnaraðili lýst kröfu skv. láni nr. X, útgefið 15. desember 2004. Krafan hafi verið tryggð með veði í C. Nauðasamningurinn hafi mælt

fyrir um að skuldari skyldi standa skil á 0% af samningskröfum, þ.m.t. umræddri kröfu, á tilteknu tímabili. Sóknaraðila tilkynntist að hann bæri ábyrgð á eftirstöðvum sem ekki fengjust greiddar hjá aðalskuldara, kr. 5.498.272. Var sóknaraðila bent á að hafa samband við varnaraðila vegna eftirstöðva kröfunnar.

Þann 7. febrúar 2012 staðfesti varnaraðili að greiðslumat vegna lánveitingar nr. X hefði ekki fundist þrátt fyrir leit.

Þann 4. janúar 2013 fór varnaraðili fram á nauðungarsölu á fasteigninni að C, en sóknaraðili var tilgreindur gerðarþoli. Heildarsamtala skuldarinnar var kr. 7.890.678, samkvæmt veðskuldabréfi nr. X.

Þann 21. janúar 2013 barst sóknaraðila tilkynning um nauðungarsölu frá sýslumanninum í Hafnarfirði. Fram kom í bréfi til sóknaraðila að embættinu hefði borist beiðni um nauðungarsölu á eigninni C og að hún yrði tekin fyrir 19. apríl 2013. Varnaraðili er tilgreindur gerðarbeiðandi og skuldabréfið sem að ofan er lýst, útgefið af A er tilgreint sem heimildarskjal til nauðungarsölnunnar.

Þann 17. maí 2013 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila. Óskaði embættið eftir því að ábyrgðaryfirlýsing nr. X yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 4. júní 2013.

Þann 26. júlí 2013 barst sóknaraðila greiðsluáskorun. Lögræðideild varnaraðila var falið að innheimta kröfu skv. veðskuldabréfi nr. X. Heildarfjárhæð kröfunnar var kr. 7.287.385.

Þann 24. september 2013 tilkynnti umboðsmaður skuldara sóknaraðila að varnaraðili teldi ábyrgðarskuldbindingu nr. X gilda.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 23. október 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Undir liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Vísad í gögn*“. Kveðst sóknaraðili kvarta yfir því að ekki fór fram greiðslumat og rökstyður kvörtun sína með eftirfarandi hætti: „*Vísad í gögn*“.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Til þrautavara krefst varnaraðili þess að samþykki sóknaraðila við að veita veð í fasteign sinni skv. skuldabréfi nr. X, verði eingöngu ógilt að því leyti sem samþykkið er umfram stöðu skuldabréfa nr. Y og Z þann 2. desember 2004.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því að kvörtun sóknaraðila sé svo óljós og vanreifðu að hún sé vart tæk til úrskurðar. Í kvörtun sinni geri sóknaraðili engar kröfur heldur vísi í meðfylgjandi gögn. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjalli nefndin ekki um mál sem séu það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Í greinargerð sinni geri sóknaraðili engar kröfur á hendur varnaraðila heldur komi fram í greinargerðinni að kvartað sé yfir því „að ekki fór fram greiðslumat“. Sóknaraðili geri enga kröfu en framsetning málatilbúnaðar hans sé þannig úr garði gerð að hann

virðist óska viðurkenningar á réttmæti þeirrar fullyrðingar að ekki hafi farið fram greiðslumat. Í málinu sé óumdeilt að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat vegna útgáfu skuldabréfsins og því virðist sóknaraðili setja fram lögspurningu í málinu. Telji varnaraðili af þeim sökum að sóknaraðili hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um kvörtun sína og því beri að vísa henni frá.

Varnaraðili vísar til þess að málatilbúnaður sóknaraðila sé jafnframt mjög óljós og óskýr og erfitt sé að ráða af hinum fjölmörgu skjölum málsins á hvaða málsástæðum sóknaraðili byggji málatilbúnað sinn, en slíkt komi óhjákvæmilega niður á vörnum varnaraðila. Verði varnaraðili að öðrum kosti að áætla mögulegar málsástæður sóknaraðila og reyna að verjast þeim. Slíkt stríði gegn öllum meginreglum um skýra og ljósa kröfugerð og málatilbúnað, sbr. m.a. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Því telji varnaraðili að vísa beri málinu frá nefndinni.

Verði ekki fallist á frávísun krefst varnaraðili þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur skort á framkvæmd greiðslumats á lántaka við lántökuna á árinu 2004 ekki gefa tilefni til þess að veðsetning fasteignar sóknaraðila skv. veðskuldabréfi nr. X verði ógilt. Sé krafa sóknaraðila um ógildingu veðsetningarinnar byggð á 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, þó án þess að það sé tekið fram í kvörtun sóknaraðila, bendir varnaraðili á að við mat á því hvort löggerningur skuli ógiltur á grundvelli ákvæðisins þurfi alltaf að framkvæma sanngirnismat. Við slíkt mat þurfi að taka tillit til allra málsatvika og sú staðreynd ein að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt leiði ekki sjálfkrafa til niðurfellingar ábyrgðar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 116/2010.

Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili beri sönnunarbyrðina fyrir því að niðurstaða greiðslumatsins hefði haft áhrif á þá ákvörðun að veðsetja fasteignina. Sóknaraðili hafi ekki á neinn hátt leitt líkur að því að niðurstaða matsins hefði haft áhrif á þá ákvörðun. Telur varnaraðili því að hann hafi ekki gengið gegn markmiðum samkomulagsins og að öll rök skorti fyrir því að fella niður ábyrgð sóknaraðila.

Fallist úrskurðarnefndin ekki á aðal- eða varakröfu varnaraðila gerir varnaraðili þá kröfu til þrautavara að samþykki sóknaraðila að veita veð í fasteign sinni að C, skv. skuldabréfi nr. X, verði eingöngu ógilt að því leyti sem samþykkið er umfram stöðu skuldabréfa nr. Y og Z þann 29. desember 2004.

Varnaraðili bendir á að lánsfjárhæðinni skv. skuldabréfi nr. X hafi að stærstum hluta verið ráðstafað til að greiða upp eldri lánveitingar lántaka, þ.m.t. skuldabréf nr. Y og Z. Sóknaraðili hafi veðsett fasteign sína með 6. og 10. veðrétti þegar skuldabréfin hafi verið gefin út, annars vegar árið 1992 og hins vegar árið 1997. Veðskuldabréf nr. Y hafi verið að höfuðstólsfárhæð kr. 1.000.000 en eftirstöðvar þess þann 29. desember 2004 hafi verið kr. 947.564. Veðskuldabréf nr. Z hafi verið að höfuðstólsfárhæð kr. 2.000.000. Þegar skuldin hafi verið greidd upp þann 29. desember 2004 hafi eftirstöðvar hennar numið kr. 2.660.496.

Varnaraðili vísar til þess að á árunum 1992 og 1997 þegar skuldabréfin hafi verið gefin út og fasteignin veðsett hafi engar reglur gilt um framkvæmd greiðslumats á skuldurum. Almennar reglur kröfu- og veðréttar um ábyrgðir og lánsveð hafi gilt um þau tilvik. Því telji varnaraðili óumdeilt að veðsetning fasteignar sóknaraðila skv. skuldabréfum nr. Y og Z hafi verið gild og hefði staðið óhöggugu þrátt fyrir að ekkert greiðslumat hafi farið fram í tilefni af útgáfu þess, enda ekkert í gögnum málsins sem

bendi til annars. Bendir varnaraðili á dóm Hæstaréttar í máli nr. 139/1997 máli sínu til stuðnings.

Vísar varnaraðili til þess að við útgáfu skuldabréfs nr. X hafi fasteign sóknaraðila verið veðsett til tryggingar á skuldbindingum A, þ.m.t. lánum nr. Y og Z sem hafi verið uppgreiddar með andvirði skuldabréfs nr. X. Í ljósi ofangreinds telur varnaraðili að það sé ekki óheiðarlegt eða ósannjarnt, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936, að bera veðsetningu fasteignar sóknaraðila fyrir sig, að því leyti sem hún sé ekki umfram stöðu lána nr. Y og Z þegar þau hafi verið uppgreidd þann 29. desember 2004. Varnaraðili byggir jafnframt á því að þrátt fyrir að lánin hafi verið greidd upp með andvirði skuldabréfs nr. X þá hafi ekki verið um nýja lánveitingu að ræða heldur hafi aðeins verið um breytingu á formi skuldbindingar A og sóknaraðila við varnaraðila að ræða. Vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 16/2007. Jafnframt bendir varnaraðili á dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012. Sambærilegra sjónarmiða gæti í úrskurðum úrskurðarnefndarinnar í málum nr. 129/2012 og 10/2013.

Loks bendir bankinn á að tilgangur og markmið áður nefnds samkomulags hafi ekki verið að búa til leið fyrir skuldara til að losna undan ábyrgð eða veðsetningu sem stofnað hafi verið til fyrir löngu og þá með réttum hætti. Því telji varnaraðili að ef fallist verði á kröfu sóknaraðila um ógildingu veðsetningar fasteignar hans sé rétt og eðlilegt að hún gangi ekki lengra en svo að veðsetningin verði eingöngu ógilt að því leyti sem samþykkið sé umfram stöðu skuldabréfa nr. Y og Z þann 29. desember 2004.

V.

Niðurstaða.

Í 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns sem ekki verður metin til fjár. Samkvæmt e-lið fjallar nefndin heldur ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Undir liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar kemur eftirfarandi fram: „*Vísad í gögn*“. Kveðst sóknaraðili kvarta yfir því að ekki fór fram greiðslumat og rökstyður kvörtun sína með eftirfarandi hætti: „*Vísad í gögn*“. Í gögnum málsins sem sóknaraðili leggur fram eru tvö skuldabréf, fylgiskjöl með þeim ásamt greiðsluáskorunum og tilkynningu um nauðungarsölu. Þá liggur fyrir að umboðsmaður skuldara óskaði eftir því við varnaraðila fyrir hönd sóknaraðila að umrædd ábyrgðarskuldbinding sóknaraðila yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda.

Með vísan til framangreinds verður ekki af gögnum málsins ráðið hvers sóknaraðili krefst í málinu. Þá hefur hann enga beina fjárkröfu uppi á hendur varnaraðila í máli þessu.

Rétt er að taka fram að á forprentuðu eyðublaði sem kvörtunin er rituð á er sérstaklega tekið fram að undir liðnum „Kröfur“ skuli greina skýrlega hvers er krafist svo sem fjárhæð kröfu [...] viðurkenning á réttindum, lausn undan skyldu eða annað sem gæti átt við, en þrátt fyrir þetta er engin eiginleg krafa sett fram.

Með vísan til framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki með vísan til b- og e-liða 6. gr. samþykktar fyrir nefndina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 24. janúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 10. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 93/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 24. október 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 24. október 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. október 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 22. nóvember 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar, dagsettum 22. nóvember, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 6. desember 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 10. janúar 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 27. desember 2006 var bílasamningur nr. X gefinn út. Varnaraðili var tilgreindur leigusali og sóknaraðili leigutaki. Hið leigða var A. Leigutími var frá 27. desember 2006 til 5. janúar 2013. Samningsfjárhæð var 1.945.582. Eftirfarandi kom fram í 4. gr. samningsins: „*Samningur þessi er gengistryggður og eru allar fjárhæðir bundnar erlendum/innlendum myntum í eftirfarandi hlutföllum og taka mið af þeim á hverjum tíma: JPY 50%, CHF 50%. Gengi/vísitala gjaldmiðla miðast við útborgunardag samnings. Leigugjald tekur breytingum á gengi og vöxtum skv. 7. gr. samnings þessa.*“

Þann 1. október 2010 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila. Í bréfinu kom fram að varnaraðili ynni að endurreikningi og uppgjöri við viðskiptavini vegna bílasamninga sem féllu undir dóma Hæstaréttar í svokölluðum gengistryggingarmálum og þá voru nánari upplýsingar um framkvæmd endurreikningsins í bréfinu.

Þann 25. október 2010 fékk sóknaraðili endurreikning á bílasamningi nr. X, í samræmi við dóma Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 471/2010. Eftirstöðvar samnings fyrir endurreikning voru kr. 2.088.294. Eftirstöðvar samnings eftir endurreikning voru kr. 943.849. Inneign á veltureikningi var kr. 23.811. Staða samnings miðað við að inneign yrði ráðstafað inn á eftirstöðvar var kr. 920.038.

Þann 23. febrúar 2011 barst sóknaraðila riftun eignaleigusamnings, með þriggja daga vörslusviptingarfesti. Samkvæmt riftuninni voru ógreiddar kr. 114.252. Þess var krafist að bifreiðinni yrði skilað þegar í stað til varnaraðila en að öðrum kosti mætti sóknaraðili búast við vörslusviptingu á hans kostnað.

Þann 6. maí 2011 sendi sóknaraðili varnaraðila bréf vegna samnings nr. X. Í bréfinu mótmælti sóknaraðili endurreikningi samningsins. Í fyrsta lagi að varnaraðili hefði heimild til innheimtu á vöxtum fyrir liðinn tíma. Einnig þeirri aðferðarfræði varnaraðila að vaxtareikna endurreiknaða vexti frá upphaflegum gjalddaga þó meint krafa hefði ekki stofnast fyrr en niðurstaða endurreiknings lá fyrir. Þá bæri varnaraðila að útbúa nýjan samning, þar sem hann hefði verið dæmdur andstæður lögum. Lýsti sóknaraðili því yfir að þar til varnaraðili sinnti ítrekuðum beiðnum sóknaraðila um leiðréttingu á skuldastöðu samningsins væri sóknaraðila ómögulegt að áætla hvort og þá hverjar meintar eftirstöðvar skuldarinnar væru og þar með hver hin meinta gjaldfallna krafa væri. Væri lánþega því gert ómögulegt að greiða meintar kröfur fyrr en framangreindum kröfum um leiðréttingu hefði að öllu leyti verið mætt.

Þann 24. nóvember 2011 vörslusvipti varnaraðili bifreið sóknaraðila samkvæmt bílasamningi nr. X.

Þann 29. desember 2011 sendi sóknaraðili Fjármálaeftirlitinu bréf með vísan til eftirlitsskyldu þess og óskaði eftir rökstuddu svari við því hvort eftirlitið teldi varnaraðila fara að lögum við endurreikning á láni hans og hvort varnaraðili hefði staðið rétt að riftun kaupsamnings.

Þann 26. janúar 2012 sendi Fjármálaeftirlitið sóknaraðila bréf þar sem fram kom að Fjármálaeftirlitið vildi koma því á framfæri að engar heimildir væru í lögum til að kæra meint brot á lögum til stofnunarinnar. Á hinn boginn væru allar ábendingar sem bærust stofnuninni metnar og skoðað hvort tilefni væri til nánari athugunar.

Þann 31. janúar 2012 sendi sóknaraðili umboðsmanni skuldara bréf þar sem hann gerði kröfu um að umboðsmaður hlutaðist til um að sóknaraðili fengi afsal af bíl sínum afhent strax. Jafnframt gerði sóknaraðili þá kröfu að ef um inneign væri að ræða að hún yrði þegar greidd til hans en hann hafnaði öllum frekari fjárkröfum af hálfu varnaraðila.

Þann 28. febrúar 2012 sendi sóknaraðili varnaraðila bréf þar sem fram kom að hann hefði ekki mótttekið endurreikning á samningi nr. X í samræmi við ákvæði til bráðabirgða X og XI í lögum nr. 151/2010. Þess var krafist að varnaraðili endurreiknaði lánið þegar í stað með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 og lög nr. 151/2010.

Þann 13. mars 2012 barst sóknaraðila bréf frá umboðsmanni skuldara. Í bréfinu var fjallað um skýrslu Raunvísindastofnunar Háskólans, en þangað hefði umboðsmaður skuldara leitað til að fá hlutlaust og faglegt mat á endurreikningum. Einnig kom fram að eftir skoðun starfsmanns embættis umboðsmanns skuldara væri talið að uppgjör í máli sóknaraðila, þ.m.t. endurreikningur, hafi verið með þeim hætti sem tíðkast hefði.

Þann 18. mars 2012 sendi sóknaraðili varnaraðila bréf þar sem skorað var á varnaraðila að afhenda sóknaraðila bifreiðina án tafar og það sem í henni hafi verið.

Þann 19. mars 2012 skaut sóknaraðili máli til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki en dró kvörtun sína til baka eftir að samkomulag tókst með aðilum sem leiddi m.a. til þess að sóknaraðili fékk afhenta umþrætta bifreið A. Að sögn sóknaraðila fólst samkomulagið í því að honum var afhent bifreiðin gegn því að hann greiddi kr. 100.000 inn á eftirstöðvar, kr. 10.000 mánaðarlega og lokauppgjör færi fram þegar niðurstaða samstarfsnefndar sem ynni samkvæmt undanþágu Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2012 lægi fyrir.

Þann 14. október 2013 krafðist sóknaraðili þess að varnaraðili gengi nú þegar frá uppgjöri og afsali í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar. Þeirri kröfu hafnaði varnaraðili.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 24. október 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess 1) að viðurkennt verði að endurreikningur varnaraðila frá 25. október 2010 sé ógildur og ekki í samræmi við lög, 2) að riftun bílasamnings frá 23. febrúar 2011 á grundvelli útreikninganna frá 25. október 2010 sé ógild og brot á samningnum, 3) að vörslusvipting í skjóli nætur 24. nóvember 2011 verði úrskurðuð ólögleg og bílnum skilað án frekari tafa, 4) að viðurkennt verði að varnaraðila beri að endurreikna lán sóknaraðila í samræmi við lög nr. 151/2010, 5) að varnaraðili beri allan kostnað sem orðið hafi eða kunni að verða vegna tafa á endurreikningum, þar með talið vexti sem kunna að hafa fallið á höfuðstólinn á tímabilinu, 6) að viðurkennt verði að sóknaraðili eigi rétt á bótum vegna vörslusviptingar sem nemi daggjaldi bílaleigubíls kr. 4.000 fyrir hvern sólarhring, 7) að varnaraðili beri allan kostnað sem á bílinn falli á meðan hann sé í vörslu þeirra s.s. tryggingar, bifreiðagjöld og annað sem til kunni að falla og haldi sóknaraðila skaðlausum vegna þessara vanefnda, 8) að varnaraðila beri að endurreikna lánið í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 464/2012 og 9) mótmælir því að dómur Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 hafi nokkuð gildi í þessu máli og óskar eftir því að hann og samskiptamáti varnaraðila eftir samkomulagið verði tekinn með í umfjölluninni.

Til stuðnings kröfu 1) vísar sóknaraðili til þess að það að byggja kröfu á útreikningum sem gerðir hafi verið fyrir gildistöku laga nr. 151/2010 með vísan til dóma Hæstaréttar sé marklaust og hafi ekkert lagalegt gildi hvað varði uppgjör á umþrættum samningi. Þessir útreikningar hafi verið gerðir 25 dögum eftir að varnaraðili hafi tilkynnt sóknaraðila bréflega að öllum innheimtum hafi verið frestað fram yfir gildistöku laga nr. 151/2010 og að þá yrðu sóknaraðila birtir útreikningar. Útreikningar á grundvelli laga nr. 151/2010 hafi enn ekki verið birtir.

Til stuðnings kröfu 2) vísar sóknaraðili til þess að þar sem frestur til að birta endurreikninga samkvæmt lögum nr. 151/2010 hafi ekki verið runninn út og varnaraðili hafi ekki birt neina útreikninga samkvæmt þeim lögum sé riftun samningsins ólögleg og marklaus þar sem ekki hafi verið um vanskil eða aðrar vanefndir á samningnum að ræða.

Sóknaraðili vísar til stuðnings kröfu 3) til framangreindra raka í liðum 1) og 2). Þá sé áréttað að þar sem ekki hafi verið um vanefndir eða vanskil að ræða flokkist aðgerðir Vörslusviptingar undir þjófnað. Vörslusvipting sé ekki heimil án dómsúrskurðar.

Til stuðnings kröfu 4) vísar sóknaraðili til þess að útreikningur varnaraðila frá 25. október 2010 sé ekki byggður á lögum nr. 151/2010 og sé ekki í samræmi við löginn þrátt fyrir að varnaraðili haldi því fram. Þó svo útreikningurinn væri algjörlega samhljóða því sem hefði orðið eftir gildistöku laganna hefði það ekkert gildi. Að byggja útreikninga og kröfugerð á væntanlegum lögum þvert á það sem tilkynnt hafi verið í bréfi 1. sama mánaðar sé brot á lögum og standist ekki viðmið um góða viðskiptahætti.

Sóknaraðili bendir á til stuðnings kröfu 5) að varnaraðili hafi haldið því fram að lög nr. 151/2010 gildi ekki um bílasamninga. Sóknaraðili mótmælir því harðlega og bendir á lokasetningu X ákvæðis: „Ákvæði þetta tekur jafnframt til lánsamninga og eignaleigusamninga sem einstaklingar hafa gert við fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002, vegna kaupa á bifreið til einkanota.“ Það hafi því verið skýr vilji löggjafans að löginn í heild ættu líka við um bílalan.

Til stuðnings krafna 6) og 7) vísar sóknaraðili til þess að þar sem ekki hafi verið staðið við rétt hans til afnota af bifreiðinni geri hann kröfu um að fá bætur vegna þess.

Vísar sóknaraðili til þess til stuðnings kröfu 8) að varnaraðila beri að endurreikna lánið í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 464/2012.

Þá bendir sóknaraðili á til stuðnings kröfu 9) að varnaraðili virði ekki samkomulag og beiti geðþóttaákvörðunum við afgreiðslu mála, augljóslega í þeim tilgangi að tefja mál og til að koma í veg fyrir að úrskurðað sé í þeim.

Sóknaraðili vísar því á bug að kröfum hans hafi ekki verið beint að varnaraðila. Árangurslausar tilraunir hafi verið gerðar til að fá varnaraðila til að standa við bréf sitt frá 1. október 2010, t.d. í bréfi frá 6. maí 2011. Áður en kvörtun frá 19. mars 2012, mál nr. 45, hafi verið lögð fram hafi hún verið afhent varnaraðila á fundi með B. Kvörtunin hafi síðan verið dregin til baka að ósk varnaraðila, með samkomulagi um að sóknaraðili greiddi kr. 100.000 vegna hugsanlegrar skuldar við varnaraðila og að lokauppgjör biði þar til niðurstaða samstarfsnefndar sem vinni samkvæmt undanþágu Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2012 lægi fyrir. Þetta hafi verið staðfest öðru sinni í tölvupósti frá B 2. júlí 2012.

Sóknaraðili bendir á að bréf varnaraðila frá 1. október 2010 og tölvupóstur vegna samkomulags um uppgjör séu bindandi fyrir varnaraðila. Vísar sóknaraðili máli sínu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 303/2012.

Sóknaraðili vísar til þess að eftir dóm Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 hafi varnaraðili birt fréttatilkynningu, dags. 3. júní 2013, um túlkun fyrirtækisins á dómnum. Í fréttatilkynningu varnaraðila, dags. 2. september 2013, hafi komið fram hvernig félagið myndi haga síðari endurreikningum sínum. Útreikningsaðferðin sem virtist grundvallast fyrst og fremst á dómi Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 hafi ekki farið saman við þá reikniáðferð sem leiða hafi mátt af Borgarbyggðardómnum. Í tvígang hafi héraðsdómur svo ekki fallist á málsástæður varnaraðila um að beita annarri útreikningsaðferð. Með vísan til þessara dóma héraðsdóms, í málum nr. E-2302/2012 og E-4602/2011 og samkomulags um uppgjör beri varnaraðila að beita þeirri endurreikningsaðferð sem fram komi í Borgarbyggðarmálinu.

Sóknaraðili telur að varnaraðili sé eina fjármálafyrirtækið sem ekki fari eftir þeim úrskurði í uppgjöri sínu en með vísan til samkomulags aðila telur sóknaraðili að varnaraðila beri að fara eftir sömu reglum og aðrir við uppgjör láns hans.

Kveðst sóknaraðili ekki geta verið í vanskilum á meðan varnaraðili hafi ekki birt honum endurreikning vegna samningsins og því séu allar riftanir varnaraðila á samningnum marklausar.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að kröfum sóknaraðila verði vísað frá en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni vísar varnaraðili til 5., 6. og 7. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili bendir á að það sé skýrt skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi áður hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. samþykktta nefndarinnar. Sóknaraðili geri ekki grein fyrir því í kvörtun sinni hvers eðlis kröfur hans hafi verið gagnvart varnaraðila, hvenær meintum kröfum hafi verið beint að varnaraðila eða hvenær varnaraðili hafi hafnað þeim. Í stað þess listi sóknaraðili upp fjölmargar kröfur sem ýmist hafi aldrei komið inn á borð varnaraðila eða hafi verið leyst úr fyrir löngu. Þegar af þessum ástæðum beri að vísa kröfum sóknaraðila frá nefndinni með vísan til 5. og 6. gr., sbr. 7. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Bendir varnaraðili á að kröfugerð sóknaraðila sé afar óljós og kvörtunin í heild sinni illa upplýst og beri af þeim sökum að vísa málinu frá nefndinni með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktta nefndarinnar. Krafa sóknaraðila sé sett fram í níu töluliðum (í raun 10 þar sem töluliður 5 komi tvisvar sinnum fyrir) og verður fjallað stuttlega um hvern og einn þeirra.

Varnaraðili telur kröfu 1) afar óljósa, illa ígrundaða og í raun óskiljanlega. Beri af þeim sökum að vísa henni frá nefndinni. Varnaraðili byggir á að í bréfi varnaraðila til sóknaraðila, dags. 1. október 2010, sé hvergi að finna yfirlýsingu um að öllum innheimtum verði frestað fram yfir gildistöku laga nr. 151/2010 og enn síður sé þar að finna yfirlýsingu um að allir endurreikningar sem gerðir hafi verið fyrir gildistöku laganna séu ógildir. Í umræddu bréfi hafi eingöngu verið að finna fyrirvara um endanlega útfærslu endurreikninganna þar til lagafrumvarp þess efnis liggja fyrir.

Bendir varnaraðili á að mikill þrýstingur hafi verið á fjármálafyrirtækin á þessum tíma að klára endurreikninga gengistryggðra samninga þrátt fyrir að ákveðið óvissuástand hafi ríkt um útfærslur útreikninga. Endurreikningarnir hafi því verið framkvæmdir í samræmi við niðurstöður dóma Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 471/2010 sem lög nr. 151/2010 hafi svo verið byggð á. Í tilkynningu frá umboðsmanni skuldara sem birst hafi á heimasíðu embættisins þann 15. mars 2011 hafi komið fram að það væri álit umboðsmanns að aðferðarfræði fjármálafyrirtækjanna við endurreikning gengistryggðra samninga væri í samræmi við gildandi lög.

Varnaraðili vísar til þess að þó svo nýr endurreikningur hafi verið gefinn út eftir gildistöku umræddra laga hafi það ekki breytt neinu um niðurstöðu hans. Þetta komi m.a. fram í svarbréfi umboðsmanns skuldara til sóknaraðila, dags. 13. mars 2012. Þegar ljóst hafi verið að endurreikningar fjármálafyrirtækjanna, sem sendir hafi verið til viðskiptavina fyrir gildistöku laga nr. 151/2010, uppfylltu skilyrði laganna hafi ekki þótt ástæða til að senda nýja útreikninga með sömu niðurstöðum til þeirra

viðskiptavina. Slíkt hefði enda tafið áframhaldandi vinnu fjármálafyrirtækjanna við útreikningana.

Varnaraðili kveðst ekki þurfa að fara mörgum orðum um kröfu 2), enda sé umrædd riftun löngu fallin úr gildi. Gefnir hafi verið út greiðsluseðlar frá endurreikningi samningsins og sóknaraðili sé með bifreiðina í sínum vörslum. Beri þegar af þeim ástæðum að vísa kröfu sóknaraðila frá nefndinni.

Telur varnaraðili að enn síður þurfi að fjölyrða um kröfu 3), enda hafi sóknaraðili haft bifreiðina í sínum vörslum frá því í byrjun árs 2012 og beri þegar af þeirri ástæðu að vísa kröfu sóknaraðila frá nefndinni. Varnaraðili bendir þó á að vörslusvipting eigin bifreiðar geti ekki talist þjófnaður. Í 22. gr. samnings aðila komi skýrt fram að skili leigutaki ekki bifreiðinni þrátt fyrir áskorun þar um við riftun samningsins viðurkenni hann með undirskrift sinni á samninginn rétt eiganda til þess að taka til sín bifreiðina á hvaða tíma sem sé og hvar sem til hennar náist, án aðfarargerðar. Sóknaraðili staðfesti umrædda grein með undirritun sinni á samninginn. Jafnframt staðfesti hann að hafa kynnt sér alla skilmála samningsins og hafi ekkert við þá að athuga en þetta komi fram skýrum feitletruðum stöfum fyrir ofan undirskrift sóknaraðila á samninginn. Með lögum nr. 78/2012 um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008, sem tóku gildi þann 5. júlí 2012, hafi hins vegar verið tekið fyrir samningsbundinn rétt gerðarbeiðanda til að taka til sín eign sína án aðfarargerðar en þegar umrædd lög tóku gildi hafi sóknaraðili þegar fengið bifreiðina í sínar vörslur. Þá bendir varnaraðili á að það falli ekki undir málefni nefndarinnar að úrskurða um meintan þjófnað á bifreiðum. Falli slíkar ásakanir undir verksvið lögreglu og beri því að vísa kröfum sóknaraðila frá nefndinni, skv. a-lið 6. gr., sbr. 7. gr. samþykktu nefndarinnar.

Til stuðnings kröfu 4) vísar varnaraðili fyrst og fremst til umfjöllunar um kröfu 1) og ítrekar að samningur aðila hafi verið endurreiknaður í samræmi við lög nr. 151/2010 og dóma Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 471/2010. Sé krafa sóknaraðila því með ólíkindum í ljósi þessa og beri því að vísa henni frá nefndinni.

Varnaraðili vísar einnig til umfjöllunar um kröfu 1) varðandi kröfu 5) og bendir á að endurreikningur hafi legið fyrir frá 25. október 2010 vegna samnings aðila. Því hafi ekki orðið neinar tafir á endurreikningi samningsins og beri því að vísa kröfum sóknaraðila frá nefndinni.

Bendir varnaraðili á að sóknaraðili hafi kosið að hætta að greiða leigugreiðslur samkvæmt samningnum. Í vanskilum séu leigugreiðslur frá því í apríl 2011. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á neina útreikninga um með hvaða öðrum hætti hefði átt að endurreikna samninginn eða hverjar leigugreiðslur samkvæmt samningnum ættu að vera. Þá sé þessi liður kröfugerðarinnar ekki rökstuddur frekar af hálfu sóknaraðila og beri því að vísa málinu frá nefndinni.

Til stuðnings kröfu 6) vísar varnaraðili fyrst og fremst til umfjöllunar um kröfu 3) og ítrekar að bifreiðin hafi verið í vörslum sóknaraðila frá byrjun árs 2012. Varnaraðili hafi haft samningsbundinn rétt til að taka til sín bifreið sína í kjölfar vanskila sóknaraðila á leigugreiðslum samkvæmt samningnum. Þá hafi sóknaraðili aldrei lagt fram slíka bótakröfu fyrir varnaraðila og ekki sýnt fram á það með neinum

hætti að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þessa. Þá falli umrædd krafa vart undir málefni nefndarinnar. Beri þegar af þeim ástæðum að vísa málinu frá nefndinni.

Varnaraðili vísar til umfjöllunar um kröfur 3) og 6) til stuðnings kröfu 7) og ítrekar að bifreiðin hafi verið í vörslum sóknaraðila frá byrjun árs 2012. Beri sóknaraðila því að standa straum af slíkum gjöldum og kostnaði í samræmi við ákvæði samningsins. Beri af þessum ástæðum að vísa kröfu sóknaraðila frá nefndinni.

Varnaraðili telur kröfu 8) lýsa því einna best hversu óljós og illa upplýst kröfugerð sóknaraðila sé í heild sinni. Sóknaraðili geri ýmist kröfu um að samningur hans við varnaraðila verði endurreiknaður í samræmi við ákvæði laga nr. 151/2010 eða á grundvelli frávika frá meginreglum kröfuréttar með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 464/2012.

Varnaraðili bendir á að dómur Hæstaréttar í máli nr. 464/2012, sem varði annað fjármálafyrirtæki en varnaraðila, fjalli um undantekningartilvik frá meginreglum í lögskiptum aðila. Í niðurstöðu dómsins hafi verið rakin sú meginregla kröfuréttar að kröfuhafi sem fengið hafi minna greitt en hann ætti rétt til í lögskiptum aðila, ætti viðbótarkröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt væri. Undantekning frá þeirri reglu væri að fullnaðarkvittun kröfuhafa gæti að vissum skilyrðum uppfylltum valdið því að hann glataði frekari kröfu. Varnaraðili telur að þau skilyrði sem sett hafi verið fram í umræddum dómi eigi ekki við um samning aðila þessa máls enda hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á það með neinum hætti. Sé krafa sóknaraðila því verulega vanreifuð að þessu leyti og beri þegar af þessum ástæðum að vísa málinu frá nefndinni.

Varnaraðili telur kröfu 9) með ólíkindum og að engu hafandi. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 hafi veitt ákveðnar leiðbeiningar um tiltekin atriði er varði gildi fullnaðarkvittana og hafi varnaraðili hafið í kjölfar dómsins undirbúning að endurreikningi sambærilegra samninga og þar hafi verið fjallað um. Samkvæmt niðurstöðu dómsins beri að virða lögskipti aðila sem eina heild. Með vísan til þess hafi ekki verið talin ástæða til að leiðrétta á ný samninga sem hafi verið með eftirstöðvar við fyrri endurreikning, þ.e. samninga sem reiknast hafi í inneign á veltureikningi en ofgreiðsla í þeim tilvikum hafi þegar verið leiðrétt. Samningur sóknaraðila falli undir slíkt tilvik og því hafi ekki verið þörf á að endurreikna samninginn á ný. Varnaraðili hafi gert sóknaraðila grein fyrir þessari niðurstöðu eins og sjá megi í tölvupóstsamskiptum. Þessi niðurstaða henti sóknaraðila ekki og geri hann því umþrætta kröfu um að dómurinn hafi ekki þýðingu í hans máli. Það sé ljóst að fyrrgreindur dómur staðfesti það að sóknaraðili eigi ekki rétt á frekari leiðréttingu á greiðslum samkvæmt samningnum og hafi dómurinn einungis þýðingu fyrir mál sóknaraðila að því leyti.

Varnaraðili bendir á að með vísan til fyrirliggjandi dómafordæma miðist nýir endurreikningar varnaraðila við þá bilasamninga þar sem festa sé komin á framkvæmd samningsins, hann óbreyttur frá upphafi og greiðslur verið í skilum. Megi í þessu sambandi ennfremur benda á nýfallinn dóm Hæstaréttar í máli nr. 337/2013 en í því máli hafi Hæstiréttur talið að ekki hefði myndast slík festa við framkvæmd lánsamnings að unnt væri að víkja frá þeirri meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi hefði átt rétt á viðbótargreiðslu úr hendi skuldara vegna vangoldinna vaxta.

Varnaraðili bendir á að í tilfalli sóknaraðila hafi leigugreiðslur ítrekað verið í vanskilum auk þess sem samþykktar hafi verið skuldbreytingar á samningnum. Sé því

ljóst að ekki hafi verið festa á framkvæmd samningsins. Renni dómur Hæstaréttar í máli nr. 337/2013 frekari stoðum undir þá niðurstöðu að kröfur sóknaraðila uppfylli ekki þau skilyrði sem þurfi að vera fyrir hendi svo unnt sé að víkja frá þeirri meginreglu kröfuréttar um að kröfuhafi sem hafi fengið minna greitt en hann hefði átt rétt til ætti kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt hafi verið.

Þá byggir varnaraðili á því að það sé ekki í verkahring nefndarinnar að fjalla um dóma Hæstaréttar eða samskiptamáta fjármálafyrirtækja og sé því ljóst að vísa beri kröfum sóknaraðila frá nefndinni, sbr. b. lið 6. gr., sbr. 7. gr. samþykktá nefndarinnar.

Af öllu framangreindu telur varnaraðili ljóst að kröfur sóknaraðila séu afar óljósar og illa upplýstar og beri af þeim sökum að vísa máli sóknaraðila í heild sinni frá nefndinni með vísan til e-liðar 6. gr., sbr. 7. gr. samþykktá nefndarinnar. Sé enn fremur ítrekað að ofangreindum kröfum hafi í engum tilvikum verið beint að varnaraðila en það sé eitt af grundvallarskilyrðum fyrir meðferð nefndarinnar, sbr. 5. gr. samþykktá nefndarinnar. Beri því að vísa málinu frá nefndinni.

Verði af einhverjum ástæðum ekki fallist á aðalkröfu varnaraðila um frávísun málsins krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað með vísan til eftirfarandi ástæðna.

Varnaraðili telur engan grundvöll fyrir kröfum sóknaraðila. Varnaraðili vísar fyrst og fremst til fyrri umfjöllunar um kröfugerð sóknaraðila en ítrekar eftirfarandi atriði.

Varnaraðili vísar til þess að endurreikningur frá 25. október 2010 sé í samræmi við ákvæði laga nr. 151/2010 og hafi það m.a. verið staðfest af umboðsmanni skuldara sem hafi eftirlit með framkvæmd endurreikninga í samræmi við löggin. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila um ógildingu endurreikningsins.

Varnaraðili bendir á að riftun sú sem sóknaraðili vísi til í kröfu 2) sé löngu fallin úr gildi og falli krafa sóknaraðila um ógildingu hennar því um sig sjálfa. Í kjölfar samkomulags milli aðila hafi sóknaraðili greitt inn á vanskil sín og hafi fengið bifreiðina í sínar vörslur á ný. Sé því alveg ljóst að fallið hafi verið frá umræddri riftun og hafi krafa sóknaraðila því enga þýðingu. Það skuli þó tekið fram að í 21. gr. samnings aðila sé ákvæði um riftunarheimildir. Þar komi skýrt fram að ef leigutaki inni ekki af hendi tilskildar greiðslur samkvæmt samningnum þá sé varnaraðila heimilt að rifta samningnum. Þar sem sóknaraðili hafi ekki greitt tilskildar leigugreiðslur af samningnum hafi varnaraðila verið heimilt að rifta samningnum. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á annað, hvorki með útreikningum né öðrum aðferðum. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila um að umrædd riftun hafi brotið gegn samningnum.

Vísar varnaraðili til þess að ómögulegt sé að verða við kröfu sóknaraðila um að vörslusvipting verði úrskurðuð ólögleg og bifreiðinni skilað til sóknaraðila án tafar enda sé bifreiðin þegar í vörslum sóknaraðila en hann hafi fengið hana afhenta á ný í byrjun árs 2012. Þetta komi skýrt fram í gögnum málsins og því ljóst að tæp tvö ár séu frá því að varnaraðili hafi í raun orðið við kröfu um afhendingu bifreiðarinnar. Beri af þessum sökum að hafna kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að endurreikningur á samningi aðila hafi legið fyrir frá 25. október 2010 og sé því ekki um neinar tafir á endurreikningi að ræða auk þess sem sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á neinn kostnað sem af meintum töfum hafi hlotist.

Beri því að hafna kröfum sóknaraðila um að varnaraðili beri allan kostnað af meintum tölum við endurreikning samningsins.

Varnaraðili telur kröfu sóknaraðila um rétt til að velja á milli verðtryggðra og óverðtryggðra vaxta að loknum endurreikningi með öllu órökstudda. Sóknaraðili geri ekki grein fyrir á hverju hann byggji umrædda kröfu né hvaða þýðingu hún hafi fyrir mál hans. Þá komi ekki fram við hvaða tímabil sóknaraðili miði, en samningstími sé nú liðinn og eftir standi vanskil sóknaraðila allt frá apríl 2011. Beri því að hafna umræddri kröfu. Þá sé það ítrekað að slíkri kröfu hafi aldrei verið beint að varnaraðila.

Varnaraðili ítrekar að bifreið sóknaraðila sé í vörslum sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni af meintri vörslusviptingu né við hvaða tímabil hann miði. Í raun virðist sóknaraðili miða kröfugerð sína við að bifreiðin sé í vörslum varnaraðila sem sé ekki tilfellið. Beri því að hafna kröfum sóknaraðila.

Telur varnaraðili að krafa sóknaraðila um að varnaraðili beri allan kostnað sem á bilinn falli meðan hann sé í vörslum varnaraðila falli um sjálfa sig, enda bíllinn alls ekki í vörslum varnaraðila. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Hvað kröfu sóknaraðila um að samningurinn verði reiknaður í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 464/2012 vísar varnaraðili til umfjöllunar um lið 8) að framan og þeirrar staðreyndar að mál sóknaraðila uppfylli ekki þau skilyrði sem þurfi að vera fyrir hendi þannig að víkja megi frá meginreglum kröfuréttarins. Sóknaraðili hafi ennfremur ekki sýnt fram á það með neinum hætti að mál hans uppfylli þær kröfur. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Varnaraðili telur í raun óþarfa að fjalla frekar um kröfu 9) enda falli sú krafa ekki undir umfjöllunarefni nefndarinnar. Sé því látið nægja að vísa til framangreindrar umfjöllunar um þann lið og ítrekuð sú krafa að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni eða hafnað.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi bílasamnings nr. X.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Aðilar máls þessa gerðu með sér samkomulag í kjölfarið á kvörtun sóknaraðila til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dags. 19. mars 2012. Skriflegt samkomulag hefur ekki verið lagt fram en í fram lögðum tölvupóstsamskiptum aðila kemur fram að það fólst í því að sóknaraðila var afhent bifreiðin gegn því að hann greiddi kr. 100.000 inn á meintar eftirstöðvar og lokauppgjör færi fram þegar niðurstaða samstarfsnefndar sem ynni samkvæmt undanþágu Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2012 lægi fyrir. Sóknaraðili fékk í kjölfarið afhenta bifreiðina. Þann 14. október 2013 krafðist sóknaraðili þess að varnaraðili gengi þegar frá uppgjóri og afsali í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar. Þeirri kröfu hafnaði varnaraðili.

Aðilar hafa ekki gert nefndinni skýra grein fyrir því hvaða afstöðu þeir hafa til þess skilyrðis samkomulagsins að niðurstaða samstarfsnefndarinnar liggi fyrir. Samstarfsnefndin hefur látið af störfum og undanþáguheimildin til starfsemi hennar er runnin út, en svo fór ekki að hún léti uppi neinar skýrar leiðbeiningar um hvernig

skyldi endurreikna lán, enda komu ekki fram skýrar línur að öllu leyti frá dómstólum á starfstíma hennar.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sóknaraðili hafi borið kröfur 1), 2), 3), 4), 5), 6), 7) aftur upp við varnaraðila eftir að framangreint samkomulag tókst með aðilum. Ekki er nægilegt að sóknaraðili hafi borið kröfur sínar upp við varnaraðila fyrir gerð umrædds samkomulags, enda lauk ágreiningi aðila um umræddar kröfur þá með gerð þess samkomulags. Í ljósi framangreinds verður ekki hjá því komist að vísa kröfum 1) til 7) frá nefndinni með vísan til 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Færa má rök fyrir því að í kröfum 8) og 9) felist að einhverju leyti krafa sóknaraðila sem hann bar upp við varnaraðila, dags. 14. október 2013, og varnaraðili hafnaði þann 15. október 2013.

Sóknaraðili 8) krefst þess að varnaraðila beri að endurreikna lánið í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 464/2012, og 9) mótmælir því að dómur Hæstaréttar í máli nr. 50/2013 hafi nokkuð gildi í þessu máli og óskar eftir því að hann og samskiptamáti varnaraðila eftir samkomulagið verði tekinn með í umfjölluninni.

Sóknaraðili færir ekki önnur rök fyrir kröfu 8) en að varnaraðila beri að fara að dómi Hæstaréttar í máli nr. 464/2012 og fyrir kröfu 9) að varnaraðili virði ekki samkomulag aðila og beiti geðþóttaákvörðunum við afgreiðslu mála.

Í 6. gr. samþykktu nefndarinnar er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um þau mál sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Dómar Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012, 50/2013 og 337/2013 byggja á því að það sé meginregla í kröfurétti að kröfuhafi sem fengið hafi minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum aðila eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Í dómunum er byggt á því að frá meginreglunni séu undantekningar, m.a. um að fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að kröfuhafi glati frekari kröfu, en tilkalli hans um viðbótargreiðslu af þeim sökum verði þó einungis hafnað við sérstakar aðstæður. Þá skiptir umfang viðbótarkröfu máli við matið á því hvort réttur til endurreiknings á grundvelli fullnaðarkvittana sé yfir höfuð fyrir hendi.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvort sóknaraðili hafi undir höndum fullnaðarkvittanir fyrir greiðslum samkvæmt bílasamningi nr. X. Þá liggur ekki fyrir hvort önnur skilyrði sem kveðið er á um að uppfylla verði svo vikið verði frá framangreindri meginreglu, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2011, 464/2012, 50/2013 og 337/2013 séu uppfyllt.

Í ljósi framangreinds er mál sóknaraðila, sbr. kröfur 8) og 9) svo óljóst og illa upplýst að ekki verður hjá því komist að vísa kröfunum frá úrskurðarnefndinni, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Öllum kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 10. janúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 24. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 94/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 24. október 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 24. október 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. október 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 29. nóvember 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. desember 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 6. janúar 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 24. janúar 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 12. júlí 2007 var Bílasamningur X undirritaður, umsókn nr. Y. A var tilgreindur leigutaki og FF leigusali. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. samningnum. Leigumunur samkvæmt samningnum var R. Tilgreint kaupverð var kr. 4.900.000 og samningsverð kr. 4.060.914. Fyrsti gjalddagi var 12. ágúst 2007 og samningstími var til 12. júlí 2014. Mánaðarleg leiga var tilgreind kr. 63.255. Tiltekið var að samningurinn væri 100% verðtryggður með vísitölu neysluverðs 272,4.

Þann 20. nóvember 2008 var gerð yfirlýsing um yfirtöku bílasamnings nr. X gerð, umsókn nr. Z. Í yfirlýsingunni kom fram að A væri núverandi leigutaki samkvæmt samningi útgefnum þann 12. júlí 2007, upphaflega að fjárhæð kr. 4.060.914, í myntkörfunni ISK. Upphaflegur fjöldi gjalddaga var 84 mánuðir með fyrsta gjalddaga þann 12. ágúst 2007. Samningsaðilar þessa samnings væru A sem leigutaki og FF sem leigusali. Var því lýst yfir að sóknaraðili og FF hefðu komust að samkomulagi um að hinn fyrrnefndi yfirtæki frá og með 19. nóvember 2008 allar skuldbindingar fyrri leigutaka og sjálfskuldarábyrgðaraðila hans gagnvart FF

samkvæmt ofangreindum leigusamningi. Hinn nýi leigutaki samþykkti með undirritun sinni á yfirlýsinguna að núgildandi almennir samningsskilmálar FF giltu um samninginn eftir yfirtöku. Í yfirlýsingunni segir einnig að samhliða undirritun hennar riti hinn nýi leigutaki undir núgildandi skilmála sem teldust viðauki við samninginn. Tiltekið er að þann 19. nóvember 2008 var heildarstaða samningsins kr. 4.005.079. Samningurinn var í skilum. Eftir voru 68 afborganir af upphaflegum fjölda gjalddaga. Næsti gjalddagi hins nýja leigutaka vegna bílasamningsins var hinn 12. desember 2008. Hinn nýi leigutaki ábyrgðar- og kaskótryggði bifreiðina hjá tryggingarfélaginu B og skuldbatt sig til að hafa bílinn kaskótryggðan á leigutímanum, sbr. samningsskilmála bílasamnings FF. Sérstakt ákvæði er í þessari sameiginlegu yfirlýsingu um að við yfirtöku leigusamnings var vaxtaálag samningsins endurskoðað af FF og því breytt til hækkunar eða lækkunar samkvæmt vaxtaákvörðun FF á yfirtökudegi. Þannig breyttust vaxtakjör samningsins í samræmi við almenn lánakjör og mat á lánshæfi nýs leigutaka.

Með yfirlýsingu um yfirtöku bílasamnings fylgdu almennir samningsskilmálar bílasamnings FF. Fram kom í 2. gr. skilmálanna að leigutaki skyldi greiða leigugjald sem greint væri frá í lið III á umsömdum gjalddögum, sbr. lið II, svo sem nánar segði í þessari grein. Í 3. mgr. 2. gr. skilmálanna kom fram að væri leigugjald í lið III verðtryggt í íslenskum krónum að hluta eða að öllu leyti gæti það tekið breytingum miðað við breytingar sem yrðu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Fyrir liggur að sóknaraðila bærust greiðsluseðlar frá upphafi þar sem fjárhæð greiðslu er sundurliðuð í afborgun, vexti, verðbætur og innheimtan kostnað.

Þann 30. maí 2011 var gert samkomulag um skuldbreytingu bílasamnings nr. X. Fram kom í samkomulaginu að áfallnar verðbætur væru alls kr. 806.767. Legðust þær við höfuðstól ásamt vanskilum og áföllnum vöxtum, alls kr. 1.038.348. Handskrifaður hefur verið á samkomulagið fyrirvari um vexti og verðtryggingu.

Þann 4. október 2013 kvartaði sóknaraðili yfir áföllnum verðbótum samkvæmt samkomulagi, dags. 30. maí 2011. Þann 10. október 2013 kvað varnaraðili ljóst að samningurinn væri verðtryggður.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 24. október 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að lánveitandi endurgreiði sér þær verðbætur sem hann hefur greitt á tímabilinu 12. desember 2008 til 12. október 2013 að fjárhæð kr. 566.462 auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá gjalddögum til endurgreiðsludags. Auk þess er gerð krafa um að áfallnar og ógreiddar verðbætur frá og með 20. nóvember 2008 falli niður. Til vara krefst sóknaraðili þess að lánveitandi endurgreiði lántaka greiddar verðbætur á tímabilinu 12. desember 2008 til og með 12. febrúar 2011 (síðasti gjalddagi fyrir skuldbreytingu lánsins) að fjárhæð kr. 443.905 auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá gjalddögum til endurgreiðsludags. Auk þess falli niður áfallnar og ógreiddar verðbætur á fyrrgreindu tímabili.

Sóknaraðili vísar til þess að lánveitandi hafi innheimt verðtryggingu á bílasamning aðila, dags. 20. nóvember 2008. Ekki sé kveðið á um verðtryggingu í samningnum (*Yfirlýsing um yfirtöku bílasamnings*) og lántaki hafi ekki verið upplýstur um að upprunalegur samningur bæri verðtryggingu. Vísar sóknaraðili til þess að í samkomulagi um skuldbreytingu bílasamnings, dags. 30. maí 2011, sem

útbúin hafi verið að beiðni lántakanda hafi komið fram að áfallnar verðbætur bættust við höfuðstól lánsins. Lántaki hafi mótmælt með tölvupósti til lánveitanda þann 7. júní enda ekkert í samningi aðila sem gefið hafi til kynna að lánið væri verðtryggt. Lánveitandi hafi svarað því til að þar sem um yfirtöku samnings hafi verið að ræða hefðu skilmálar upprunalegs samnings fullt gildi gagnvart lántaka.

Sóknaraðili telur að lánveitanda sé óheimilt að bera fyrir sig skilmála úr upprunalegum bílasamningi sem ekki hafi verið upplýst um við ákvörðun um yfirtöku lánsins. Lánveitanda hafi verið í lófa lagi að upplýsa lántaka um skilmála lánsins þegar samkomulag um yfirtöku hafi verið gert. Í samkomulaginu komi fram allar helstu upplýsingar um lánið, m.a. vextir, fjöldi greiddra og ógreiddra gjalddaga og greiðsluáætlun en ekkert sem gefi til kynna að lánið beri verðtryggingu. Horfa beri til þess að í lögum sé gerð rík krafa um að fjármálafyrirtæki upplýsi neytendur um skilmála lána. Af þeim sökum geti fjármálafyrirtæki ekki borið fyrir sig skilmála sem lántaka hafi ekki verið kynntur við ákvörðun um lántöku.

Sóknaraðili byggir á því að í yfirlýsingu um yfirtöku bílasamnings sé tiltekið að lánið sé í íslenskum krónum, beri 9,65% breytilega vexti og að gildistími samningsins sé 84 mánuðir. Í 3. mgr. 2. gr. almennra skilmála segi að sé lánið verðtryggt taki það breytingum miðað við vísitölu neysluverðs. Þess sé hvergi getið að um verðtryggt lán sé að ræða og grunnvísitölu samnings hvergi getið. Þá beri greiðsluáætlun ekki með sér að lánið sé verðtryggt.

Sóknaraðili bendir á að hann sé neytandi í skilningi laga og lánveitandi sé fjármálafyrirtæki. Samkvæmt 38. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa geti lánveitandi ekki beitt fyrir sig samningsskilmálum sem neytanda hafi ekki verið kunnugt um þegar samningur hafi verið gerður. Samkvæmt 36. gr. sömu laga beri enn fremur að túlka vafaatriði vegna samningsskilmála sem ekki sé samið sérstaklega um og séu liður í starfsemi annars aðilans neytanda í hag. Lántaki hafi ekki verið í aðstöðu til að semja sérstaklega um skilmála lánsins við yfirtöku en hafi ákveðið að ganga að þeim skilmálum sem boðnir hafi verið með samkomulagi um yfirtöku lánsins, dags. 20. nóvember 2011.

Sóknaraðili vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 672/2012 máli sínu til stuðnings.

Sóknaraðili telur yfir allan vafa hafið að lánveitanda sé óheimilt að bera fyrir sig skilmála sem lántaka hafi ekki verið kynntur við ákvörðun um töku lánsins. Líta beri til þess að lánveitandi hafi samið einhliða yfirlýsingu um yfirtöku lánsins og hafi verið í lófa lagið að tilgreina þar með skýrum hætti að lánið væri verðtryggt, t.d. með því að birta grunnvísitölu samningsins eða með því að hafa afrit af upprunalegum samningi sem hluta af samkomulaginu. Líta beri til aðstöðumunar aðila í þessu samhengi og þess að lántaki hafi eingöngu getað byggt ákvörðun sína á þeim gögnum sem fyrir hann hafi verið lögð við lántökuna.

Sóknaraðili hafnar málatilbúnaði varnaraðila. Sóknaraðili bendir á að í yfirlýsingu um yfirtöku bílasamnings sem lánveitandi hafi samið og sóknaraðili undirritað séu tíundaðir allir þeir skilmálar sem máli gætu skipt við ákvörðun um töku lánsins, þ.m.t. gjaldmiðill samnings, fjárhæð, vaxtahlutfall, lengd samnings, fjöldi gjalddaga, almenn ákvæði og greiðsluáætlun. Eðli máls samkvæmt hafi lántaki mátt ætla að yfirlýsingin innihéldi tæmandi upplýsingar um skilmála lánsins sbr. 5., 6. og 8. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán.

Sóknaraðili byggir á því að horfa beri til þess að yfirlýsing um yfirtöku bílasamnings sé að öllu leyti jafn ítarleg og frumsamningurinn og innihaldi alla

skilmála frumsamningsins að undanskildu ákvæði um verðtryggingu. Samkvæmt framkomnum gögnum sé ekkert sem gefi til kynna að lántaka hafi verið kynntur frumsamningur fyrr en undir lok árs 2012 eftir að hafa ítrekað mótmælt innheimtu verðtryggingar sem ekki hafi verið kveðið á um með skýrum (eða neinum öðrum) hætti í samningi aðila. Lántaki geti ekki verið bundinn af skilmálum sem ekki hafi verið upplýst um við lántökuna og frumsamningurinn geti af þeim sökum ekki talist hluti lánessamningsins.

Sóknaraðili hafnar því að hafa sýnt af sér tómlæti sem leitt gæti til fyrningar kröfunnar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012 og lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Áréttað skuli að lántaki hafi fyrst orðið þess áskynja í maí 2011 (við skuldbreytingu lánsins) að hann kynni að eiga kröfu á hendur lánveitanda vegna innheimtu verðtryggingar sem ekki leiði með skýrum hætti af lánessamningi. Nýlega hafði þá verið fjallað í fjölmiðlum um mál nr. 10/2010 til úrskurðar hjá áfrýjunarnefnd neytendamála. Frá þessum tíma og í kjölfar niðurstöðu dómstóla í sambærilegum málum hafi lántaki með ítrekuðum hætti sent athugasemdir með tölvupósti til lánveitanda og óskað leiðréttingar. Það hafi fyrst verið í október 2013 að umboðsmaður lánveitanda hafi bent sóknaraðila á þann möguleika að skjóta málinu til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Lántaki hafi orðið þess áskynja að með því að kynna þetta úrræði ekki á fyrri stigum málsins kynni lánveitandi að hafa brotið gegn samkomulagi um nefndina sem hann eigi aðild að, dags. 8. júní 2000.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili mótmælir málatilbúnaði sóknaraðila. Samkvæmt framlögðum gögnum hafi sóknaraðili ritað undir yfirlýsingu um yfirtöku bílasamnings 20. nóvember 2008. Í yfirlýsingunni hafi verið vísað til þess að A væri núverandi leigutaki samkvæmt samningi útgefnum þann 12. júlí 2007, upphaflega að fjárhæð kr. 4.060.914 í myntkörfunni ISK. Í bílasamningnum, sem ofangreind yfirlýsing vísi til, komi skilmerkilega fram að samningurinn sé 100% verðtryggður með vísitölu neysluverðs 272,4. Þá segi í áðurnefndri yfirlýsingu um yfirtöku bílasamnings að sóknaraðili og FF hafi komist að samkomulagi um að hinn fyrrnefndi yfirtaki frá og með 19. nóvember 2008 „allar skuldbindingar“ fyrri leigutaka og sjálfskuldarábyrgðaraðila hans gagnvart FF samkvæmt ofangreindum leigusamningi. Hinn nýi leigutaki hafi samþykkt með undirritun sinni á yfirlýsinguna að núgildandi almennir samningsskilmálar FF gildi um samninginn eftir yfirtöku. Samhliða riti hinn nýi leigutaki undir núgildandi skilmála sem teljist viðauki við samninginn. Í 3. mgr. 2. gr. almennra samningsskilmála sé kveðið á um verðtryggingu.

Vísar varnaraðili til þess að þegar um yfirtöku lána sé að ræða sé mjög mikilvægt að kynna sér lánið sem verið sé að taka yfir. Ekki dugi að kynna sér yfirlýsingu um yfirtöku eða viðauka. Við yfirtökur sé jafnan vísað í frumsamning. Eðli málsins samkvæmt séu ekki tíunduð öll atriði frumsamnings þar. Þegar sóknaraðili hafi undirritað yfirlýsingu um yfirtöku bílasamnings hafi hann samþykkt að taka yfir „allar skuldbindingar fyrri leigutaka“ samkvæmt ákvæði í yfirlýsingunni.

Varnaraðili byggir á því að samkvæmt því sem að framan sé rakið sé ljóst að framangreind yfirlýsing hafi aðeins verið staðfesting á því að sóknaraðili hafi tekið yfir bílasamning frá 12. júlí 2007. Sóknaraðili hafi þar með gerst aðili að umræddum

samningi og hafi hann og öll samningsákvæði hans því fullt gildi gagnvart sóknaraðila, þ.m.t. ákvæði III-Leiga um að samningurinn væri 100% verðtryggður með vísitölu neysluverðs 272,4.

Varnaraðili telur ótrúverðuga þá fullyrðingu sóknaraðila að hann hafi ekki verið upplýstur um skilmála lánsins þegar samkomulag um yfirtöku hafi verið gert. Hafi sóknaraðili hagað gerðum sínum á þann hátt að skrifa undir yfirlýsingu um yfirtöku án þess að kynna sér skilmála lánsins verði hann að bera hallann af því, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 669/2010. Sóknaraðila hafi enda verið í lófa lagið að láta ógert að rita nafn sitt án þess að afla nægilegrar vitneskju um skilmála lánsins sem hann hugðist yfirtaka. Þá liggi ekkert fyrir um að starfsmenn FF hafi beitt sóknaraðila þrýstingi til að aðhafast eitthvað sem hann hafi ekki verið fús til.

Hvað varði tilvísun sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 672/2012 telur varnaraðili rétt að geta þess að í því máli hafi aðstaðan verið sú að hvergi hafi komið fram í umþrættum lánessamningi að hann væri verðtryggður að því er varðaði lánshluta í íslenskum krónum. Þá hafi þess hvergi verið getið í samningnum hver væri grunnvísitala hans. Í máli því sem hér sé til umfjöllunar liggi hins vegar fyrir lánessamningur þar sem skýrlega sé tilgreint að samningurinn sé 100% verðtryggður með vísitölu neysluverðs 272,4. Varnaraðili telur framangreindan dóm því ekki fordæmisgefandi í þessu máli.

Bendir varnaraðili á að í kvörtun sóknaraðila sé vísað til þess að samkvæmt 38. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga geti lánveitandi ekki beitt fyrir sig samnings-skilmálum sem neytanda hafi ekki verið kunnugt um þegar samningur hafi verið gerður. Lántaki hafi ekki verið í aðstöðu til að semja sérstaklega um skilmála lánsins við yfirtöku en hafi ákveðið að ganga að þeim skilmálum sem boðnir hafi verið með samkomulagi um yfirtöku lánsins. Af þessu tilefni tekur varnaraðili fram að í 38. gr. laga nr. 7/1936 komi fram að sé gildi samnings eða annars löggernings samkvæmt lögunum komið undir því að sá maður sem löggerningnum sé beint til hafi eigi haft eða mátt hafa vitneskju um tiltekin atvik eða að hann að öðru leyti hafi verið grandlaus og skuli þá á það líta sem hann vissi eða mátti vita á þeirri stund er löggerningurinn hafi komið til vitundar honum. Þegar sérstaklega standi á megi þó einnig líta á þá vitneskju sem hann hafi fengið eða mátt hafa fengið eftir þann tíma en áður en löggerningurinn hafi haft áhrif um ráðstafanir hans.

Varnaraðili byggir á því að ljóst sé að sóknaraðili hafi mátt gera sér grein fyrir því að um verðtryggðan lánessamning hafi verið að ræða enda hafi öll lán með 60 eða fleiri gjalddaga verið verðtryggð á umræddum tíma. Þá hafi sóknaraðili mótttekið greiðsluseðla þar sem greiðslan hafi verið sundurliðuð í afborganir, vexti og verðbætur og vísitala tilgreind. Umræddir greiðsluseðlar hafi verið sendir mánaðarlega, sá fyrsti 12. desember 2008. Sóknaraðili geti því ekki haldið því fram að honum hafi fyrst orðið kunnugt um að lánið hafi verið verðtryggt þegar hann hafi óskað eftir skuldbreytingu bílasamningsins í maí 2011.

Varnaraðili telur rétt að geta þess að hafi sóknaraðili kosið að óska eftir óverðtryggðu láni hafi honum verið í lófa lagið að óska eftir því að skuldbreyta láninu í 59 gjalddaga. Varnaraðili mótmælir því að sóknaraðili hafi ekki verið í aðstöðu til að semja um skilmála lánsins.

Framangreindu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila fallna niður vegna tómlætis af hans hálfu enda hafi sóknaraðili fyrst gert athugasemdir við að áfallnar verðbætur bættust við höfuðstól lánsins með tölvubréfi, dags. 7. júní 2013, eða tæpum fimm árum eftir að hann hafi yfirtekið umrætt bílalán og tæpum 2 árum

eftir að hann fullyrði að hafa verið fyrst kunnugt um að samningurinn væri verðtryggður.

Að öllu framangreindu virtu telur varnaraðili að ekki séu fyrir hendi forsendur til að verða við kröfu sóknaraðila. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort bílasamningur nr. X, sem sóknaraðili yfirtók með yfirlýsingu um yfirtöku bílasamnings, dags. 20. nóvember 2008, sé verðtryggður. Það athugast að fyrir nefndina hefur ekki verið lagt undirritað eintak af tilvitnaðri yfirlýsingu um yfirtökuna. Ágreiningslaust virðist þó að yfirlýsingin var réttilega undirrituð.

Í bílasamningi nr. X sem sóknaraðili yfirtók, sbr. framangreinda yfirlýsingu, kom fram í lið III að samningurinn væri 100% verðtryggður með vísitölu neysluverðs 272,4

Aðilar máls þessa gerðu mér sér framangreinda yfirlýsingu um yfirtöku bílasamnings nr. X. Samkvæmt yfirlýsingunni yfirtók sóknaraðili frá og með 19. nóvember 2008 allar skuldbindingar fyrri leigutaka og sjálfskuldarábyrgðaraðila hans gagnvart FF samkvæmt leigusamningi, dags. 12. júlí 2007. Sóknaraðili samþykkti að nógildandi almennir samningsskilmálar giltu um samninginn eftir yfirtöku. Í 3. mgr. 2. gr. almennu samningsskilmálanna kom fram að væri leigugjald í lið III verðtryggt í íslenskum krónum að hluta eða að öllu leyti gæti það tekið breytingum miðað við breytingar sem yrðu á vísitölu neysluverðs.

Ekki er unnt að líta svo á að yfirtaka á eldri lánsamningi vegna kaupa eins einstaklings á veðsettri eign annars feli fullum fetum í sér nýjan lánsamning í skilningi laga nr. 121/1994, þannig að gæta verði að öllum þeim atriðum sem tilgreind eru í II. kafla laganna með sama hætti og við hefðbundna lánveitingu.

Í ljósi þess að sóknaraðili samþykkti að yfirtaka allar skuldbindingar fyrri leigutaka bílasamnings X, þ.m.t. 100% verðtryggingu samningsins, sbr. yfirlýsingu um yfirtöku bílasamnings nr. X og almenna samningsskilmála, verður að telja að samningurinn sé verðtryggður, enda mátti varnaraðili treysta því að sóknaraðili kynnti sér þá skilmála sem hann samþykkti að yfirtaka, sbr. bílasamning X. Fær það ekki hagg að þessu þótt ekki hafi komið fram á yfirlýsingunni um yfirtöku bílasamnings, dags. 20. nóvember 2008, að samningurinn væri verðtryggður. Verður í þessu samhengi heldur ekki fram hjá því lítið að verðbætur voru skilmerkilega tilgreindar í greiðsluseðlum sem varnaraðili greiddi.

Verður í ljósi þessa ekki fallist á að byggja niðurstöðu málsins á þeirri málsástæðu sóknaraðila að hann hafi ekki vitað af verðtryggingu samningsins eða vísan hans til 38. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Ekki er unnt að fallast á vísan sóknaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 672/2012, enda ræddi þar um samning sem bar ekki með sér að sá hluti hans sem tilgreindur var í íslenskum krónum væri verðtryggður. Af framangreindu verður ráðið að samningur aðila máls þessa bar með sér að hann væri verðtryggður, enda kom fram í samningi þeim sem sóknaraðili yfirtók að hann væri 100% verðtryggður og að grunnvísitala hans væri 272,4.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 24. janúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 7. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 95/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 24. október 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 22. október 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. október 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 11. desember 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. desember 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 27. janúar 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 7. febrúar 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 6. febrúar 2002 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 2.500.000, gefið út af A til FF. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu.

Fyrir liggur ódagsett skjal „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Samkvæmt skjalinu er greiðandi láns að fjárhæð kr. 2.500.000 tilgreindur A. Ábyrgðarmenn eru sóknaraðili og B. Tiltekið var að meira en helmingi lánsfjár yrði varið til greiðslu á skuldum greiðanda eða annarra hjá Sparisjóðnum. Þá kom fram að sjálfskuldarábyrgðarmenn staðfestu með undirritun sinni að hafa fengið og kynnt sér bækling sparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Þá var tekið fram að niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar. Fram kom að jákvæð niðurstaða fæli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efndi skyldur sínar.

Þann 7. júlí 2004 gaf sóknaraðili út skuldabréf nr. Y til FF. Skuldabréfið nýtti hann til uppgreiðslu skuldabréfs nr. X.

Þann 8. ágúst 2013 óskaði sóknaraðili eftir því að sjálfskuldarábyrgð hans yrði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, þar sem ekki hafi verið farið að reglum samkomulags um notkun

ábyrgða á skuldum einstaklinga. Varnaraðili svaraði þann 28. ágúst og kvað ábyrgðina gilda.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 22. október 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Undir liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði til nefndarinnar kom eftirfarandi fram: „Gerð er krafa um að umbjóðandi minn verði leystir [sic] undan ábyrgðum vegna skuldabréfa, eldra bréf nr. X [sic]“. Undir liðnum kvörtun kom eftirfarandi fram: „Undirritaður lögmaður, C hdl., fer með mál þetta fyrir hönd umbjóðanda míns, M. Þess er farið á leit að sjálfskuldarábyrgð umbjóðanda míns á skuldabréfum á nafni aðalskuldara, A, verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga þar sem ekki hafi verið farið að reglum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá 7. nóvember 2001. Umbjóðandi minn hefur gert upp umrætt lán upp [sic] með láni nr. Y. Hann á því kröfu á bankann [sic] sem hann óskar eftir að fá greidda að fjárhæð kr. 2.825.238 auk kostnaðar við vinnu lögmanns.“

Sóknaraðili telur að ekki hafi verið rétt staðið að greiðslumati vegna ábyrgðar hans. Telur hann að slíkir vankantar leysi hann undan ábyrgðum vegna skuldabréfsins. Hann telur að hann hafi verið blekkur af bankanum og að engin gögn séu að baki greiðslumati því sem bankinn segist hafa gert.

Sóknaraðili vísar til þess að í málinu liggja fyrir að sóknaraðili hafi gengist í sjálfskuldarábyrgð vegna skuldabréfa sem A hafi tekið. Í málinu liggja jafnframt fyrir að höfuðstóll skuldabréfanna hafi verið langt yfir kr. 1.000.000. Í ljósi þessa hafi bankanum borið samkvæmt meginreglu 2. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga að greiðslumeta greiðanda nema að undantekningarregla lokamálsliðar 3. mgr. 3. gr. ætti við. Í máli því sem hér um ræði liggja fyrir að undantekningarregla samkomulagsins eigi ekki við þar sem ekki sé um að ræða hjón eða fólk í óvígðri sambúð í skilningi ákvæðisins.

Í ljósi framangreinds telur sóknaraðili að ljóst liggja fyrir með vísan til 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins að bankanum hafi verið skylt að meta greiðslugetu skuldara vegna sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila þar sem höfuðstóll skuldabréfsins hafi numið hærri fjárhæð en kr. 1.000.000. Sú skylda hafi verið óháð því hvort sóknaraðili hefði óskað sérstaklega eftir því að svo yrði ekki gert en þess beri að geta að engin slík yfirlýsing liggja fyrir í málinu. Samkvæmt framangreindu verði varnaraðili því að bera hallann af því að slíkt greiðslumat á skuldara skuldabréfsins hafi ekki farið fram eða verið ófullnægjandi og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir skuldara eftir að hafa kynnt sér greiðslumatið, sbr. 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins. Sóknaraðili telur að hann hafi aldrei séð gögn er varði greiðslumat og ef það hafi á annað borð verið útbúið þá eigi bankinn engin gögn um það.

Sóknaraðili vísar til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 8/2012, 19/2012 og 24/2012, þar sem talið hafi verið rétt að ógilda sjálfskuldarábyrgð ábyrgðaraðila þar sem greiðslumat hafði ekki farið fram, sbr. 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins.

Sóknaraðili byggir á því að fyrir liggja að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat hjá skuldara í kjölfar útgáfu skuldabréfanna sem bankanum hafi borið skylda til að gera í samræmi við 3. gr. samkomulagsins. Það liggja fyrir að sóknaraðila

hafi ekki verið kynnt niðurstaða slíks greiðslumats né hafi verið leitað eftir staðfestingu í samræmi við 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins, enda liggi ekki fyrir greiðslumat í málinu. Þar sem bankinn hafi verið fjármálafyrirtæki og hafi yfir að ráða sérfræðingum á sviði fjármálaþjónustu verði varnaraðili sem nú hafi tekið yfir réttindi og skyldur vegna þess skuldabréfs sem um ræði að bera hallann af málsmeðferð þessari.

Með vísan til alls framangreinds fer sóknaraðili þess á leit við varnaraðila, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa að bankinn víki til hliðar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, enda liggi fyrir að ósanngjarnt sé og andstætt góðri viðskiptavenju að byggja á ábyrgðaryfirlýsingunni.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveðst hafa farið að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga við veitingu láns nr. X. Framkvæmt hafi verið greiðslumat á skuldara, niðurstaða þess hafi bent til þess að skuldari gæti efnt skuldbindingar sínar og niðurstaðan hafi verið kynnt ábyrgðarmönnum. Sú skylda hvíli ekki á fjármálafyrirtækjum að geyma gögn að baki greiðslumati, sbr. niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 141/2012.

Varnaraðili telur framangreinda ábyrgðaryfirlýsingu gilda. Rétt sé að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi hvorki lagagildi né feli það í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á hvort ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Vísað sé til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áður nefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá sé jafnframt vísað til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 10/2011.

Varnaraðili bendir á að í máli því sem hér sé til umfjöllunar liggi fyrir að greiðslumat hafi verið framkvæmt vegna lántöku skuldara. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda veðskuldabréfsins. Í málinu liggi jafnframt fyrir að sóknaraðili hafi undirritað fyrrgreint skuldabréf sem ábyrgðarmaður og skjal undir heitinu „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“. Samkvæmt skjalinu hafi sóknaraðili ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „*Sjálfskuldarábyrgðarmaður/menn staðfesta með undirritun sinni að hann/þeir hafi fengið og kynnt sér bæklingsparisjóðanna um sjálfskuldarábyrgðir. Athygli þess sem gefur veðheimild fyrir skuld greiðanda er sérstaklega vakin á því að heimilt er að ganga að veðinu, við vanskil greiðanda, án þess að áður hafi verið gengið að eignum greiðanda*“. Samkvæmt þessu hafi sóknaraðili kynnt sér efni samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga og upplýsingabækling um sjálfskuldarábyrgðir áður en hann hafi undirritað umrætt veðskuldabréf, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Þá hafi sóknaraðili merkt við reit í skjalinu þar sem fram hafi komið að niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar. Samkvæmt þessu hafi sóknaraðili vitað eða mátt vita að greiðslumat hafi verið gert. Hafi

niðurstaða greiðslumats verið ákvörðunarástæða fyrir því að sóknaraðili hafi samþykkt að gangast í ábyrgð hafi honum borið að kynna sér niðurstöðu matsins.

Hvað sem framangreindu líður telur varnaraðili ótrúverðuga þá fullyrðingu sóknaraðila að hann hafi ekki verið upplýstur um niðurstöðu greiðslumatsins. Hafi sóknaraðili hins vegar hagað gerðum sínum á þann hátt að skrifa undir skuldabréfið og skjal undir heitinu „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ án þess að kynna sér niðurstöðu greiðslumatsins verði hann að bera hallann af því, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 669/2010. Sóknaraðila hafi enda verið í lófa lagið að láta ógert að rita nafn sitt undir skjalið þar sem fram hafi komið að niðurstaða greiðslumats benti til þess að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar án þess að afla nægilegrar vitneskju um greiðslugetu lántaka. Þá liggi ekkert fyrir um að starfsmenn FF hafi beitt sóknaraðila þrýstingi til að aðhafast eitthvað sem hann hafi ekki verið fús til.

Varnaraðili telur að FF hafi farið eftir 3. gr. samkomulagsins, enda liggi fyrir að gert hafi verið greiðslumat vegna lántökunnar. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu lántaka. Þrátt fyrir að greiðslumatið hafi ekki verið undirritað af ábyrgðarmanni geti slíkt ekki leitt til þess að skilyrðum samkomulagsins hafi ekki verið fullnægt enda ekki um formskilyrði að ræða samkvæmt samkomulaginu.

Varnaraðili bendir á að sjálfskuldarábyrgð sú sem deilt sé um í máli þessu hafi fallið niður við útgáfu sóknaraðila á skuldabréfi nr. Y. Verði ábyrgðinni því eðli málsins samkvæmt ekki vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936. Verði hins vegar fallist á með sóknaraðila að skilyrði hefðu verið til að vikja til hliðar ábyrgð hans og því beri að ógilda skuldabréf nr. Y með skírskotun til 36. gr. laga nr. 7/1936 með þeim afleiðingum að sóknaraðili eigi rétt á endurgreiðslu ofgreidds fjár vegna þeirra greiðslna sem hann hafi þegar innt af hendi telur varnaraðili ekki unnt að verða við slíkri kröfu enda sé krafan fyrnd, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Sóknaraðili geti þannig ekki átt rétt til endurgreiðslu á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 heldur aðeins á grundvelli meginreglna um endurgreiðslu ofgreidds fjár. Verði að telja að slík meint krafa hafi stofnast við greiðslu á ábyrgðarskuldbindingunni með útgáfu skuldabréfs nr. Y hinn 7. júlí 2004. Krafan sé því fyrnd samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007.

Varnaraðili telur auk framangreinds kröfu sóknaraðila fallna niður vegna tómlætis af hans hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir skuldabréf nr. X hinn 6. febrúar 2002 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina í ágúst sl. eða rúmum ellefu árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Þá hafi sóknaraðili gefið út skuldabréf nr. Y til greiðslu á ábyrgðarskuldbindingunni. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til dóms Hæstaréttar í máli nr. 575/2012.

Varnaraðili telur að lokum rétt að ítreka að ekki verði talið að sú skylda hafi hvílt á FF og síðar FFF að geyma gögn að baki greiðslumati, sbr. niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 141/2012. Varnaraðili telur að sama skapi ekki unnt að leggja þá skyldur á herðar bankanum að geyma greiðslumat frá árinu 2002, enda hvíli engin lagaskylda á bankanum að geyma gögn eldri en sjö ára.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sjálfskuldarábyrgð þá sem sóknaraðili hafi gengist í til tryggingar á framangreindu skuldabréfi gilda. Þá telur varnaraðili ekki forsendur til að ógilda skuldabréf nr. Y. Beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

Fallist úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki á með sóknaraðila að hann hafi greitt umfram skyldu af skuldabréfi nr. Y vegna meints skorts á greiðslumati við útgáfu bréfs nr. X krefst varnaraðili þess að litið verði til þess að með

ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda FF til Spkef sparisjóðs, dags. 22. apríl 2010, hafi ekki verið mælt fyrir um að kröfur á FF um endurgreiðslu ofgreidds fjár skyldu fluttar til FFF. Varnaraðili telur því ekki unnt að krefja bankann um endurgreiðslu meints ofgreidds fjár sem stofnaðist fyrir 22. apríl 2010. Vísað sé til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 113/2012.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst þess undir liðnum kröfur á kvörtunareyðublaði til nefndarinnar að verða leystur undan ábyrgð á skuldabréfi nr. X og er sú krafa ítrekuð í lok röksemda sóknaraðila á kvörtunareyðublaðinu. Þá krefst hann þess undir liðnum kvörtun á kvörtunareyðublaðinu að fá greiddar kr. 2.825.238, auk kostnaðar við vinnu lögmanns, í ljósi þess að hann hafi gert upp framangreint skuldabréf með láni nr. Y.

Kröfur sóknaraðila eru í ljósi framangreinds ekki eins skýrar og kostur væri þar sem sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X verður eðli máls samkvæmt ekki vikið til hliðar. Var það skuldabréf greitt upp með skuldabréfi nr. Y. Í ljósi þess að hann krefst endurgreiðslu ofgreidds fjár undir liðnum kvörtun á kvörtunareyðublaðinu, verður miðað við þá kröfugerð.

Í ljósi framangreinds lýtur ágreiningur aðila að endurgreiðslu ofgreidds fjár á grundvelli þess að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á skuldabréfi nr. X hafi verið ógildanleg.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Sambandi íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar, en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 er byggt á því sjónarmiði að í framangreindu samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga sé ekki kveðið á um skyldu lánveitanda til að kynna ábyrgðarmanni í öllum tilvikum gögn til grundvallar niðurstöðu greiðslumats eða geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar. Virðist þar m.a. skipta máli hvort ábyrgðarmanni var bent á þann möguleika að kynna sér slík gögn.

Með skjalinu „Til ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga“ var sóknaraðila kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats, en sama orðalag og sama aðferð virðist hafa verið viðhöfð við að benda ábyrgðarmönnum á þann möguleika að kynna sér gögn til grundvallar niðurstöðunni og í umræddu Hæstaréttarmáli. Þá var tilgreint sérstaklega að jákvæð niðurstaða fæli ekki í sér tryggingu fyrir því að skuldari efndi skyldur sínar. Sóknaraðila hefur ekki með vísan til framangreinds, tekist sönnun um að niðurstaða

greiðslumatsins hafi verið röng eða að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt. Verður af þeim ástæðum ekki fallist á vísan sóknaraðila til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 8/2012, 19/2012 og 24/2012, enda hafði í þeim málum ekki verið framkvæmt greiðslumat. Var varnaraðila í ljósi dóms Hæstaréttar í máli nr. 141/2012 ekki skylt að geyma undirgögn til stuðnings matinu svo þau mættu vera aðgengileg síðar.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki talið að forsendur hefðu verið til að ógilda ábyrgð sóknaraðila, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 43/2013. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 7. febrúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 24. janúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 96/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 31. október 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 31. október 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 28. nóvember 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 29. nóvember 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 24. janúar 2013.

II.

Málsatvik.

A hf. og varnaraðili gerðu með sér kaupleigusamning nr. X um bifreiðina O. Samningurinn var tengdur erlendum myntum, þ.e. japönskum jenum og svissneskum frönkum.

Þann 6. maí 2010 var yfirtaka kaupleigusamnings nr. X gerð. Varnaraðili samþykkti að sóknaraðili yrði nýr leigutaki samningsins. Á útgáfudegi yfirtöku voru eftirstöðvar í JPY 1.787.492, kr. 2.469.184 og CHF 18.664,98, kr. 2.162.919. Eftirstöðvar voru ISK 4.632.103 og lokagjald var ISK 200.158.

Þann 6. maí 2010 var eftirfarandi yfirlýsing vegna yfirtöku kaupleigusamnings nr. X undirrituð af fyrri og nýjum leigutaka: „*Vegna réttaróvissu eftir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-7206/2009 frá 12. febrúar 2010 vill F taka fram að ábyrgð á yfirtökunni liggur hjá þeim leigutaka sem er að losna undan samningi sem og þeim aðila sem yfirtekur samninginn, en ekki hjá F. Hefur báðum aðilum verið bent á að leita sér lögfræðilegrar aðstoðar sjái þeir tilefni til slíks. Neðangreindir*

aðilar hafa móttengið ábendingu F og ákveðið að taka á sig fulla ábyrgð á lögskiptum þessum.“

Þann 29. október 2010 gerðu B ehf. og sóknaraðili með sér samkomulag um kaup B á öllu hlutafé í A hf.

Þann 8. maí 2011 undirritaði sóknaraðili eftirfarandi yfirlýsingu um fyrirvara vegna uppgreiðslu og áskilnaðar um betri rétt vegna kaupleigusamnings F nr. Y (áður X): *„Vegna sölu á bifreiðinni O lýsir undirritaður M, sem er leigutaki ofangreindrar bifreiðar skv. samningi upprunalega nr. X, nú númer Y, yfir eftirfarandi: Þar sem samningur X var upprunalega gerður í erlendum myntum var samningurinn endurreiknaður til lækkunar í kjölfar dóma Hæstaréttar og setningar laga nr. 151/2010. Endurgreiðslan/leiðrétting samningsfjárhæðar til lækkunar rann til A hf., sem verið hafði leigutaki bifreiðarinnar á þeim tíma sem endurreikningurinn tók til. Undirritaður var á þeim tíma að fullu eigandi og forráðamaður A hf. en hafði á þessum tímapunkti selt fyrirtækið og telur sig með réttu hafa átt að njóta endurgreiðslunnar inn á samning nr. X, enda ekki gert ráð fyrir í kaupsamningi um reksturinn að nýir eigendur nytu lækkunarinnar, nema af þeim kaupleigusamningum öðrum sem þeir yfirtóku. Þar sem nú stendur til að selja bifreiðina O, verður samningur nr. Y (áður X) greiddur upp. Undirritaður hyggst leita álits Úrskurðarnefndar FME um viðskipti við fjármálafyrirtæki, um réttmæti ráðstöfunar F á endurgreiðslunni til A hf. og vill af því tilefni lýsa yfir öllum fyrirvörum um betri rétt þrátt fyrir uppgreiðslu samningsins og áskilur sér að leita hvers þess réttar sem fær er skv. lögum og/eða leiða kann af úrskurði Úrskurðarnefndar FME, hvort heldur sem er með samningum eða fyrir atbeina dómstóla.“*

Þann 31. maí 2011 var kaupleigusamningur nr. X endurreiknaður í kjölfar setningar laga nr. 151/2010. Annars vegar var samningur vegna tímabilsins þegar A hf. var skuldari, þ.e. frá upphafi og til 6. maí 2010. Hins vegar samningur vegna tímabilsins frá því að sóknaraðili varð skuldari, þ.e. frá 6. maí 2010 og til dagsetningar endurreiknings þann 31. maí 2011.

Þann 8. maí 2012 seldi sóknaraðili C ehf. bifreiðina O fyrir kr. 6.400.000, sem var að fullu greitt með yfirtöku á bílasamningi frá varnaraðila kr. 3.553.351 og greiðslu kr. 2.846.649.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 31. október 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst riftunar endurgreiðslu varnaraðila á endurreikningi/lækkun kaupleigusamnings fyrir leigutaka. Fjárhæð var um 2 milljónir en sóknaraðili kveðst ekki hafa fengið að sjá útreikninga á því sem varnaraðili taldi rétt að greiða fyrri leigutaka. Líta verður svo á, í ljósi greinargerðar sóknaraðila, að í þessu felist krafa um að varnaraðili greiði til sóknaraðila þá fjárhæð sem nemur lækkun samningsins.

Sóknaraðili telur að endurreikningur/lækkun og endurgreiðsla á u.þ.b. kr. 2.000.000 á ólöglegum gengistryggðum kaupleigusamningi nr. X hafi átt að renna til hans í stað fyrri leigutaka þar sem yfirtaka hans á samningnum við kaup á hinu leigða hafi verið með öllum hækkunum vegna gengishruns krónunnar og hafi tryggt fyrri leigutaka skaðleysi. Stökkbreyttur samningur hafi því farið að fullu út úr efnahagsreikningi A hf., og hafi dregist að fullu frá söluverði bifreiðarinnar O er hún hafi verið seld í maí 2011.

Sóknaraðili vísar til þess að hann og kona hans, D hafi átt að fullu fyrirtækið A hf. frá því í október 2005 fram í október 2010. Sóknaraðili hafi rekið fyrirtækið þann tíma og hafi jafnframt verið framkvæmdastjóri þess. Snemma árs 2007 hafi A hf. keypt bifreiðina O sem þá hafi kostað nálægt kr. 7.000.000. Hafi um helmingur kaupverðs verið staðgreiddur en jafnframt hafi verið gerður kaupleigusamningur nr. X við varnaraðila um eftirstöðvar. Þessi samningur hafi verið í erlendum myntum JPY og CHF. Greitt hafi verið af samningnum alla tíð, nema þann tíma sem innheimta af hálfu varnaraðila hafi verið í biðstöðu vegna óvissuástands sem skapast hafi í kjölfar dóms héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. febrúar 2010. Samið hafi verið við varnaraðila um að létta mánaðarlega greiðslubyrði á samningstímanum vegna gengissigs krónunnar og hafi það reynst auðsótt mál. Haldið hafi verið áfram að greiða af kaupleigusamningnum. Greiðslubyrði A hf. hafi því verið svipuð á samningstímanum og stofnað hafi verið til í upphafi og stökkbreyttar eftirstöðvar lánsins vegna falls krónunnar hafi ekki íþyngt rekstrinum nema í efnahagsreikningi sem versnandi skuldastaða. Lánið og stökkbreyttar eftirstöðvar hafi horfið með öllu út úr bókom félagsins við sölu bifreiðarinnar O til sóknaraðila, þar sem kaupleigusamningurinn hafi að fullu verið yfirtekinn af sóknaraðila ásamt gengishækkunum.

Sóknaraðili bendir á að viðskiptabanki A hf. hafi verið L og fjármögnun rekstrarins hafi m.a. verið í erlendum lánnum. Við fall krónunnar og síðan alls fjármálakerfisins 2008 hafi þessi lán stökkbreyst ásamt því að byggingarmarkaðurinn hafi hrunið en A hf. hafi starfað á þeim markaði. L hafi þrýst mjög á lausnir á uppsöfnuðum vanda vegna erlendra lána, sem þá hafi enn ekki verið dæmd ólögmæt. Hafi m.a. verið settar fram kröfur af hálfu bankans um að hlutafé A hf. yrði aukið og andvirðið notað til niðurgreiðslu hinna stökkbreyttu skulda, ellegar myndi bankinn stöðva reksturinn með því að gjaldfella eftirstöðvar og stöðva fyrirgreiðslu. Ennfremur hafi verið settar fram kröfur um að allra annarra leiða yrði leitað til að lækka skuldir A hf. m.a. að bifreiðin O yrði seld eða áhvílandi kaupleigusamningur greiddur upp.

Sóknaraðili vísar til þess að E hafi aðstoðað hann við fjárhagslega endurskipulagningu rekstrarins og við leit að hugsanlegum nýjum hluthöfum eða kaupendum að rekstrinum að hluta eða öllu leyti. Liður í því að liðka fyrir samningnum gagnvart bankanum hafi verið að sóknaraðili samþykkti að kaupa bifreiðina O af A hf. og yfirtaka kaupleigusamninginn eins og hann hafi staðið stökkbreyttur á yfirtökudegi þann 6. maí 2010. Þann 12. febrúar 2010 hafi fallið dómur í héraðsdómi Reykjavíkur í máli E-7206/2009, þar sem gengistrygging fjárskuldbindinga hafi verið dæmd ólögmæt, en enn þá hafi ríkt réttaróvissa í málinu þar sem Hæstiréttur hafi ekki enn fellt sinn dóm. Í öllum samtölum sóknaraðila við tengilið A hf. hjá varnaraðila hafi verið gengið út frá því að lækkaði samningurinn við endurreikning kæmi sóknaraðila, sem kaupanda bifreiðarinnar til góða, enda hafi sóknaraðili bæði verið eigandi A og þ.a.l. bifreiðarinnar að fullu á þessum tímamarki. Að auki hafi falist í yfirtöku sóknaraðila á kaupleigusamningnum að A hf. hafi að fullu orðið skaðlaust af stökkbreyttum samningnum þar sem sóknaraðili hafi greitt að fullu með nýjum kaupleigusamningi og leyst þannig til sín alla hækkunina. Varnaraðili hafi látið málsaðila undirrita yfirlýsingu vegna réttaróvissunnar sem ríkt hafi á þessum tíma þar sem því hafi verið lýst yfir að ábyrgð á yfirtökunni og á því hvoru megin rétturinn lenti lægi hjá málsaðilum en ekki varnaraðila. Eftir sem áður telji sóknaraðili að endurgreiðslan hefði átt að renna til hans en ekki A hf. eins og varnaraðili hafi framkvæmt hana.

Sóknaraðili bendir á að í október 2010 hafi loks tekist að finna nýjan hluthafa, B ehf., sem hafi keypt allt hlutfé í A hf. Kauptilboð sem sent hafi verið E af B ehf., þann 28. október 2010 í tölvupósti hafi verið sett fram með eðlilegum fyrirvörum en L hafi tilkynnt að bankinn samþykkti enga fyrirvara og samningar og greiðslur yrðu að vera fyrirvaralaus ef bankinn ætti að koma að málinu. Þeir samningar hafi tekist en vegna óvissu með endurreikning hjá varnaraðila hafi engin fjárhæð verið tilgreind þar, m.a. hafi sagt í tilboðinu að það væri háð því að varnaraðili samþykkti að færa heildarskuld A hf. niður í 6 milljónir. Í umsögn sóknaraðila um tilboðið sem send hafi verið af E þennan sama dag segi m.a. að varnaraðili hafi á þessum tímapunkti ekki endurreiknað samningana og muni ekki gefa út endanlega fjárhæð samninga en fjárhæðin verði ekki langt frá þeirri fjárhæð sem nefnd sé í tilboðinu. Í samtölum við varnaraðila hafi komið fram að óformlegir endurreikningar hafi bent til þess að m.v. forsendur héraðsdóms yrðu eftirstöðvar sem áhvílandi yrðu á A hf. 6-7 milljónir ef Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms. Inni í þeirri tölu hafi verið framleiðsluvélar og tæki í verksmiðju sem á kaupleigu hafi verið, ásamt annarri af tveimur sendibifreiðum A hf. Sendibifreiðarnar hafi báðar verið á kaupleigu en aðra þeirra hafi varnaraðili samþykkt að taka til baka og leysa A hf. undan eftirstöðvum samnings, sem líklega hafi verið um 1,2 milljónir yfir markaðsverðmæti bifreiðar. Þar hafi nýir eigendur rekstrarins notið góðs af samningum sóknaraðila. Hvergi í þessu ferli hafi verið minnst á O eða hugsanlegar leiðréttingar á áhvílandi lánum á henni, enda hafi hún verið farin út úr rekstrinum um hálfu ári áður og ekki hafi hvarflað að nokkrum aðila að sú leiðrétting lenti ekki hjá sóknaraðila sem þáverandi eiganda bifreiðar og fyrrverandi 100% eiganda A hf. á tímabili umreiknings á grundvelli dóms héraðsdóms.

Sóknaraðili vísar til þess að B ehf. sem keypt hafi allt hlutfé í A hf. hafi nær samstundis vanefnt ákvæði samningsins um kauprétt sóknaraðila á 20% hlutfjár í félaginu, hafi sagt upp ráðningarsamningi án greiðslu launa í uppsagnarfresti, fært rekstur, lager og skuldbindingar við varnaraðila yfir í nýtt félag, A ehf. B ehf./A ehf. hafi síðan mótttekið endurgreiðslur og lækkanir varnaraðila á ólögætum erlendum samningum vegna véla og tækja sem farið hafi inn í hið nýja félagið, en einnig um 2 milljónir sem numið hafi lækkun á þeim samningi um O, sem sóknaraðili hafði yfirtekið um sex mánuðum áður en hlutféð hafi verið selt og meðan félagið hafi enn verið að fullu í eigu sóknaraðila. Það sé fullkomlega óeðlilegt að þessi lækkun renni annað en til sóknaraðila. Umsamda uppsagnarfresti og forgangskröfur þurfi sóknaraðili að sækja með atbeina lögmanna í þrotabú A hf. og reyndar hafi stór hluti þeirra krafna glatast.

Sóknaraðili bendir á að hann hafi selt bifreiðina O vorið 2012 þar sem greiðslubyrði stökkbreytts samnings hafi verið honum of þung og ljóst hafi verið að forsendur um að endurreikningur myndi lækka samninginn hafi brugðist m.v. afgreiðslu varnaraðila. Hafi stökkbreyttur samningur dregist að fullu frá söluverði bifreiðarinnar og megi gera ráð fyrir að samningur hafi verið um 2 milljónum króna of hár. Kaupandi hafi undirritað yfirlýsingu þess efnis að hann ætti ekki kröfu í hugsanlega endurgreiðslu kæmi til endurreiknings. Varnaraðili hafi mótttekið og undirritað yfirlýsingu þess efnis að sóknaraðili gerði fyrirvara við uppgjörið þar sem lækkun skv. endurreikningi hefði runnið til A ehf. og eiganda þess, en ekki sóknaraðila. Varnaraðili hafi bent á úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki en sóknaraðili hafi gert ágreining um þetta og óskað skýringa á því hvers vegna endurgreiðslan hefði runnið til fyrirtækis sem orðið hefði til við kennitölufلاكk, á rústum fyrrverandi samningsaðila varnaraðila, sem að auki hafi verið tryggt skaðleysi

hvað varði hina umdeildu fjárhæð með yfirtöku sóknaraðila á kaupleigusamningnum. Allur málatilbúnaður og sala bifreiðarinnar hafi að auki orðið til fyrir þrýsting frá L á grundvelli ólöglegra lánasamninga, en það sé annað og viðameira mál.

Sóknaraðili ítrekar ósk sína um að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki kveði upp úr um að ráðstöfun varnaraðila á endurreikningi samnings nr. X hafi ekki verið rétt og að lækkun samningsins renni til sóknaraðila, þó nokkuð sé um liðið síðan bifreiðin hafi verið seld. Um allar tölur, umfram það sem fram komi í gögnum, vitna gögn varnaraðila og E sem sóknaraðili kveðst ekki hafa aðgang að.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt reglum kröfuréttar leiði skuldskeyting almennt til þess að upphaflega skuldarasambandinu ljúki og nýtt skuldarasamband stofnist. Um tvö aðgreind kröfuréttarsambönd (og tímabil) sé að ræða og á því eigi að byggja réttaráhrif skuldskeytingar. Þannig verði við skuldskeytingu hvorki til afturvirk réttindi eða skyldur nema kröfuhafi og nýr skuldari semji sérstaklega um slíkt. Með hliðsjón af þessu geti skuldari, s.s. kvartandi, sem tekið hafi yfir lán sem áður hafi borið ólögmæta gengistryggingu, ekki gert kröfu um leiðréttingu vegna eignarhaldstíma fyrri skuldara. Vísa megi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 113/2012 þessu til stuðnings. Þessa meginreglu kröfuréttar sé einnig að finna í 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili fari fram á riftun greiðslu í lögskiptum á milli þriðju aðila, þ.e. varnaraðila og fyrri skuldara. Í kröfurétti sé riftun vanefndaúrræði sem annar aðili samnings grípi til þegar um verulega vanefnd gagnaðila sé að ræða. Ekki verði séð með hvaða lagarökum sóknaraðili geti gert kröfu um riftun á greiðslu í lögskiptum þriðju aðila. Þannig sé sóknaraðili ekki aðili að þeim hagsmunum sem hann geri kröfu um og því bresti efnisleg skilyrði til þeirra málaloka sem hann krefjist. Í þessu efni breyti engu þó að sóknaraðili kunni áður að hafa verið eigandi eða meirihluta hlutafjár fyrri skuldara enda njóti hlutafélög sjálfstæðs aðildarhæfis óháð hluthöfum hverju sinni.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að endurreikningi kaupleigusamnings nr. X, sem upphaflega var gerður á milli A hf. og varnaraðila. Þann 6. maí 2010 tók sóknaraðili yfir réttindi og skyldur fyrri leigutaka á grundvelli samningsins.

Á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar undir liðnum kröfur kemur eftirfarandi fram: „*Krafist er riftunar endurgreiðslu F á endurreikningi/lækkun kaupleigusamnings til fyrri leigutaka. Fjárhæð var um 2 milljónir en undirritaður fékk ekki að sjá útreikninga þar sem F taldi rétt að greiða fyrri leigutaka, sbr. grg.*“ Í meðfylgjandi greinargerð kemur eftirfarandi krafa fram: „*Með bréfi þessu vill undirritaður fara þess á leit við Úrskurðarnefndina að hún taki til umfjöllunar og endurákvörðunar endurgreiðslu F á lækkun kaupleigusamnings nr. X til fyrri leigutaka bifreiðarinnar O A hf., nú A ehf. og endurgreiðslan renni þess í stað til undirritaðs, M en undirritaður keypti bifreiðina af A hf. og samdi við F um yfirtöku allra skuldbindinga A hf. skv. kaupleigusamningnum.*“

Kröfugerð sóknaraðila á kvörtunareyðublaði til nefndarinnar varðar riftun á lögskiptum þriðju aðila. Sóknaraðili er ekki aðili að þeim lögskiptum og getur því ekki krafist riftunar á þeim. Verður kröfu hans þar að lútandi því vísað frá nefndinni á grundvelli aðildarskorts. Tekin verður til umfjöllunar krafa sóknaraðila í meðfylgjandi greinargerð varðandi ráðstöfun endurreiknings varnaraðila á kaupleigusamningi nr. X, enda miðar málatilbúnaður varnaraðila við þá kröfugerð.

Í 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu kemur fram að nú hafi einu sinni eða oft, orðið aðila- eða skuldaraskipti að lánessamningi þar sem um sé að ræða ólögsmæta vexti og/eða verðtryggingu. Skuli þá hver skuldara eiga sjálfstæðan rétt gagnvart kröfuhafa til leiðréttingar á greiðslum þeim sem þeir inntu af hendi vegna lánsins, svo og rétt eða skyldu til leiðréttingar vegna breytinga á höfuðstól lánsins vegna áhrifa gengistryggingar. Réttindi og skyldur hvers og eins aðila skuli miðast við þann tíma sem viðkomandi var skuldari lánessamnings. Sé aðili ekki lengur skuldari láns skuli mismunur vegna greiðslna og leiðrétting höfuðstóls vegna ólögsmætrar verðtryggingar koma til sérstaks uppgjors. Sé aðili enn skuldari skuli mismunur greiðslna færður á höfuðstól láns eða dreginn frá honum.

Ákvæði 7. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 felur í sér reglu varðandi uppgjör lánessamninga þar sem fleiri en einn hafa verið skuldari að láni með ólögsmætum vaxta- og verðtryggingarákvæðum. Miðar reglan eins og áður er komið fram að því að sá skuldari sem orðið hefur fyrir tjóni fái það bætt beint úr hendi lánveitanda. Af því fyrirkomulagi leiðir að skuldari sem hefur yfirtekið lán með ólögsmætri gengistryggingu getur því aðeins gert kröfu um endurgreiðslu eða lækkun höfuðstóls að hann hafi á eignarhaldstíma sínum ofgreitt afborganir eða höfuðstóll láns hans hafi hækkað vegna gengisbreytinga. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir fjártjóni samkvæmt þessari viðmiðun. Þegar af þessari ástæðu verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 113/2012 og 238/2013 og úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 139/2012. Kemur því ekki til skoðunar yfirlýsing sóknaraðila og seljanda frá 6. maí 2010 sem virðist ætlað að undanskilja varnaraðila frá deilum þeirra um ráðstöfun endurgreiðslna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um riftun endurgreiðslu varnaraðila, F, á endurreikningi/lækkun kaupleigusamnings til fyrri leigutaka, er vísað frá.

Kröfu sóknaraðila varðandi ráðstöfun varnaraðila á endurreikningi bílasamnings nr. X er hafnað.

Reykjavík, 24. janúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 14. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 98/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 8. nóvember 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 31. október 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. nóvember 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 13. desember 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. desember 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 8. janúar 2014. Var varnaraðila gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum, með bréfi nefndarinnar, dags. 23. janúar 2014. Athugasemdir bárust með bréfi, dags. 30. janúar 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. febrúar og 14. mars 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 3. september 2007 var erlent myntkórfulán nr. X (nú XX), að fjárhæð kr. 12.000.000 í 30% JPY, 40% EUR og 30% CHF, gefið út af sóknaraðila til FF. Fasteign sóknaraðila að A, var sett að veði á 3. veðrétti til tryggingar greiðslu lánsins.

Þann 3. september 2007 var erlent myntkórfulán nr. Y (nú YY), að fjárhæð kr. 6.500.000 í CHF 50% og JPY 50%, gefið út af sóknaraðila til FF. Fasteign sóknaraðila að A var sett að veði á 4. veðrétti til tryggingar skuldinni. Þá tókst B á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu skuldarinnar.

Þann 29. júní 2011 sótti sóknaraðili um aðlögun fasteignaveðláns í íslenskum krónum að 110% verðmarki eignar miðað við áætlað markaðsverðmæti. Samkvæmt umsókninni var heildarfjárhæð lána sem hvíldu á fasteign sóknaraðila að A kr. 48.600.000, en það voru skuldabréf nr. X að fjárhæð kr. 29.800.000 og Y að fjárhæð kr. 18.800.000.

Fyrir liggur verðmat á fasteign sóknaraðila að A, dags. 9. september 2011, sem fengið var að beiðni varnaraðila. Áætlað markaðsverð eignarinnar var kr. 14.800.000 en fasteignamat var kr. 11.900.000.

Þann 27. september 2011 sótti sóknaraðili um leiðréttingu fasteignaveðláns í íslenskum krónum. Samkvæmt umsókninni var heildarfjárhæð lána sem hvíldu á fasteign sóknaraðila að A kr. 26.262.477, en það voru skuldabréf nr. XX að fjárhæð kr. 15.813.778 og YY að fjárhæð kr. 9.448.669. Markaðsverðmæti eignarinnar var ekki tilgreint á umsókninni. Óskaði sóknaraðili eftir því að ofangreint íbúðalán yrði leiðrétt niður í 110% veðhlutfall miðað við greint markaðsverðmæti eignarinnar.

Fyrir liggur skattframtal sóknaraðila 2011. Eftirstöðvar skulda vegna íbúðahúsnæðis til eigin nota voru að fjárhæð kr. 46.282.538, þ.e. framangreindar skuldir við varnaraðila.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 8. nóvember 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Á kvörtunareyðublaði sóknaraðila til nefndarinnar komu eftirfarandi kröfur fram. Sóknaraðili krefst þess að íbúðalán nr. YY verði fellt niður í samræmi við ákvæði 110% úrræðisins. Þá krefst sóknaraðili þess að íbúðalán nr. XX verði lækkað um kr. 2.156.278. Sóknaraðili krefst þess að við útreikning á stöðu áhvílandi íbúðalána umfram 110% af verðmæti fasteignar hans verði miðað við meðaltal fasteignamats sem var árið 2011 kr. 11.950.000 og verðmats fasteignasala varnaraðila, en sóknaraðila hafði borist það til eyrna að verðmat bankans væri kr. 14.700.000.

Í athugasemdum sóknaraðila, dags. 8. janúar 2014, breytti hann kröfugerð sinni. Sóknaraðili krefst þess aðallega að lán nr. YY verði fellt niður og að lán nr. XX að fjárhæð kr. 16.813.778 verði lækkað um kr. 2.101.278. Þá krefst sóknaraðili þess að miðað verði við meðaltal fasteignamats og verðmats bankans, kr. 14.712.500, við útreikning á áhvílandi íbúðalánum umfram 110% af verðmæti fasteignar og miðast krafan um lækkan lán nr. XX við að fallist verði á þá kröfu. Heildarniðurfærsla yrði því kr. 11.549.977.

Til vara krefst sóknaraðili þess að miðað verði við verðmat bankans við útreikning á áhvílandi íbúðalánum umfram 110% af verðmæti fasteignar, kr. 16.280.000, og að lán nr. YY verði fellt niður og lán nr. XX verði lækkað um kr. 533.778. Heildarniðurfærsla yrði því kr. 9.982.477.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á samkomulagi lánveitenda á íbúðalánamarkaði um aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila. Á íbúð hans að A hvíli tvö lán sem bæði uppfylli ákvæði 110% úrræðisins, sbr. gr. 1.1 um veðhlutfall og gr. 1.2 um skuldir sem falli undir reglur 110% úrræðisins. Engin önnur lán hvíli á íbúðinni.

Sóknaraðili telur að sanngjarnt sé og eðlilegt að miðað verði við meðaltal fasteignamats og verðmats fasteignasala í ljósi þess að verðmatið sé unnið af fasteignasala á vegum kröfuhafans sem hafi hagsmuna að gæta í því að verðmat sé sem mest yfir fasteignamati og sé því ekki um að ræða að lántaki og lánveitandi standi jafnir að vígi.

Sóknaraðili vísar til úrskurða úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 89/2011, 114/2011 og 65/2012. Úrskurðarnefndin hafi í fyrri úrskurðum sínum um ágreining vegna íbúðalána sem uppfylli skilyrði samkomulags

lánveitenda á íbúðalánamarkaði um aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila og tryggð séu með sjálfskuldarábyrgð þriðja aðila komist að þeirri niðurstöðu að þó íbúðalán sé tryggt með sjálfskuldarábyrgð þriðja aðila leiði það ekki til þess að lánið sæti ekki niðurfærslu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara krefst varnaraðili þess að ef fallist verði að einhverju leyti á kröfum sóknaraðila um að færa skuldabréf nr. YY og XX niður í 110% af verðmæti fasteignarinnar að A þá verði við þá leiðréttingu notast við verðmat fasteignasölnunar Eignamiðlunar, dags. 9. september 2011.

Varðandi kröfu sóknaraðila um niðurfellingu láns nr. YY vísar varnaraðili til þess að ekki sé um lagalega bindandi gjörning að ræða, heldur samkomulag á milli tiltekinna aðila sem sé útfærsla á viljayfirlýsingu ríkisstjórnar, Íbúðalánasjóðs, Samtaka fjármálafyrirtæka, Landssamtaka lífeyrissjóða og Dróma frá 3. desember 2010 um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Í viljayfirlýsingunni komi fram að aðgerðir til lækkunar skulda m.a. með 110% leiðinni byggji á heimildum lánveitenda skv. lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Í þeim lögum sé kveðið á um leiðir og viðmið við að ná því markmiði laganna að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins haustið 2008 og að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar. Fyrir einstaklinga og heimili sé sú leið sem mælt sé fyrir um í lögnum hin svokallaða sértæka skuldaaðlögun, en komist hafi verið að sérstöku samkomulagi um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun 22. desember 2010. Samkomulag það sem 110% leiðin byggji á hafi því ekki neinn beinan lagagrundvöll sem sóknaraðili geti byggt á, þrátt fyrir framangreinda tilvísun viljayfirlýsingarinnar. Þá komi ekkert fram í samkomulaginu eða viljayfirlýsingunni um afleiðingar þess ef einn eða fleiri aðilar að samkomulaginu fari með einhverjum hætti út fyrir ákvæði þess við framkvæmd starfa sinna, né heldur hvort og þá með hvaða hætti skuldarar geti byggt rétt á ákvæðum þess. Með vísan til þessa hafnar varnaraðili kröfu sóknaraðila um niðurfærslu veðskuldar skv. skuldabréfi nr. YY niður í 110% veðhlutfall miðað við markaðsvirði fasteignar hans að A.

Verði ekki fallist á framangreinda röksemd varnaraðila um skort á lagalegum grundvelli fyrir kröfu sóknaraðila byggir varnaraðili höfnun sína á kröfum sóknaraðila á því að ákvæði samkomulagsins leiði ekki til þeirrar niðurstöðu að lækka beri skuldir sóknaraðila þegar aðrar tryggingar standi fyrir umræddu láni auk veðs í fasteign sóknaraðila. Markmið samkomulagsins hafi ekki verið það að fella niður skuldir umfram það sem augljóst hafi verið að fengjust greiddar, heldur sé og hafi markmið þess fremur verið að færa skyldi niður skuldir þar sem fyrirliggjandi tryggingar dygðu ekki til að ábyrgjast endurgreiðslu viðkomandi láns.

Varnaraðili vísar til þess að fyrir liggi að B hafi gengist þann 3. september 2007 í sjálfskuldarábyrgð fyrir greiðslu umrædds láns til FF. Með ábyrgðarloforði þessu hafi B gengist í persónulega ábyrgð fyrir greiðslu lánsins og hafi við það stofnast ábyrgðarkrafa FF á hendur honum.

Varnaraðili bendir á að í 1. gr. viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, Íbúðalánasjóðs, Samtaka fjármálafyrirtækja, Landssamtaka lífeyrissjóða og Dróma hf.

frá 3. desember 2010 um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna komi fram vinnuregla og samkvæmt yfirlýsingunni endurspeglir hún það mat að skuldir langt umfram eignir og greiðslugetu séu í höfuðdráttum óinnheimtanlegar. Samkomulagið byggir á þessari yfirlýsingu og komi fram það skilyrði í lið 2.2 samkomulagsins fyrir niðurfellingu skulda að ekki sé veðrymi á öðrum aðfararhæfum eignum. Endurspeglir samkomulagið að þessu leyti fyrrgreint sjónarmið yfirlýsingarinnar. Leiði af þessu að samkomulagið byggir á því sjónarmiði að færa beri niður skuldir umfram 110% af virði fasteignarinnar séu þær ótryggðar og óinnheimtanlegar. Því eigi 110% leiðin ekki við séu líkur á að skuldin innheimtist. B hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir greiðslu lánsins og því standi líkur til þess að skuldin innheimtist. Lán sóknaraðila falli undir skilyrði samkomulagsins um veðhlutfall, það hafi verið stofnað til þeirra vegna fasteignakaupa fyrir árið 2009 og sé fasteignin ætluð til heimilishalds sóknaraðila. Hins vegar sé skilyrðið um að sá hluti lánanna sem sé yfir 110% markaðsverðs fasteignarinnar ótryggður og óinnheimtanlegur ekki uppfyllt.

Varðandi höfnun varnaraðila á þeirri kröfu sóknaraðila að lán nr. XX verði lækkað í samræmi við ákvæði samkomulagsins vísar varnaraðili til ofangreinds rökstuðnings. Byggir samkomulagið á því að fyrst séu þau lán færð niður skv. 110% leiðinni sem séu á öftustu veðréttunum.

Varnaraðili hafnar því að lán XX sem tryggt sé með 2. veðrétti í fasteign sóknaraðila og með sjálfskuldarábyrgð uppfylli skilyrði samkomulagsins. Af því leiði að það verði ekki fært niður í samræmi við 110% leiðina og því komi heldur ekki til greina að færa lán XX niður.

Varnaraðili bendir jafnframt á að krafa sóknaraðila um leiðréttingu skuldabréfs nr. XX sé tölulega vanreifðuð að því leyti að sóknaraðili styðjist við rangt verðmat á eigninni að A.

Fallist úrskurðarnefndin ekki á aðalkröfu varnaraðila telur varnaraðili rétt að færa fram eftirfarandi röksemdir til stuðnings því að við mat á verðmæti fasteignar sóknaraðila eigi ekki að notast við meðaltal fasteignamats á árinu 2011 og verðmats löggilts fasteignasala sem varnaraðili hafi útvegað.

Varnaraðili vísar til þess að í 1.3 lið samkomulagsins komi fram að við mat á verðmæti fasteigna skuli miðað við fasteignamat eða markaðsvirði þeirra, hvort sem sé hærra. Sé í ákvæði ekki heimilt að taka meðaltal fasteignamats og markaðsverðs fasteignarinnar líkt og sóknaraðili krefjist og sé bókstaflega gert ráð fyrir því að notast sé við það viðmið sem hærra sé. Jafnframt geti kröfuhafi kallað eftir verðmati löggilts fasteignasala á sinn kostnað telji hann fasteignamat 2011 ekki gefa rétta mynd. Sé það mat lagt í hendur kröfuhafa, ekki skuldara.

Varnaraðili bendir á að bankinn hafi talið rétt að fara fram á mat löggilts fasteignasala, enda hafi komið í ljós að hann hafi talið verðmat fasteignar sóknaraðila til muna hærra en fasteignamatið. Samkvæmt lið 1.3 beri að fara eftir því. Sé þessi grein sérstaklega sett í samkomulagið þar sem fasteignamat gefi ekki alltaf rétta mynd af verðmæti fasteignar og hafi verið talið rétt með tilliti til hagsmuna kröfuhafa að miða við það verð sem myndast hafi á markaðnum.

Varnaraðili telur að ekki halli á sóknaraðila enda sé tilgangur samkomulagsins ekki sá að skuldari eignist aukinn rétt á kostnað kröfuhafa. Krafa sóknaraðila um notkun einhvers meðaltals milli fasteignamats og verðmats löggilts fasteignasala að viðbætti 10% hækkun eigi sér hvorki stöð í samkomulaginu né öðrum samningum eða réttarreglum.

Varnaraðili bendir á að fullyrðingar sóknaraðila um að fasteignasalan Eignamiðlun starfi á vegum varnaraðila eða dragi taum varnaraðila við verðmöt fasteigna séu algerlega úr lausu lofti gripnar og fái enga stoð í gögnum málsins.

Varnaraðila var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum vegna breyttrar kröfugerðar sóknaraðila.

Varnaraðili gerði ekki sérstakar athugasemdir við breyttar fjárhæðir í aðalkröfu sóknaraðila.

Að því er varakröfu sóknaraðila varðar vísar varnaraðili til þeirra málsástæðna sem reifaðar hafi verið í greinargerð varnaraðila. Þá bendir varnaraðili jafnframt á að það virðist vera tölulegt ósamræmi í varakröfu sóknaraðila að því er varðar verðmæti fasteignarinnar, þ.e. ekki fáist séð hvaðan upplýsingar um verðmæti fasteignarinnar séu sóttar.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort veðskuldabréf sem hvíla á fasteign sóknaraðila að A verði færð niður í 110% af verðmæti fasteignarinnar og við hvaða verðmæti skuli þá miðað.

Varnaraðili vísar til þess að samkomulag lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila sé ekki lagalega bindandi gjörningur. Samkomulag lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila var nánari útfærsla á viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Íbúðalánasjóðs, Samtaka fjármálafyrirtækja, Landssamtaka lífeyrissjóða og Dróma hf. frá 3. desember 2010, sem kvað á um aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila, sbr. inngangur umrædds samkomulags. Aðgerðir til aðlögunar íbúðaskulda að verðmæti veðsettrar eignar og greiðslugetu, sbr. A lið 1. gr. áður nefndrar viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar o.fl. byggðist á heimild í lögum nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Áður nefnt samkomulag, sem Samtök fjármálafyrirtækja stóðu að vegna varnaraðila, á stoð í umræddum lögum. Ekki er annað fram komið en að samtökin hafi haft fulla heimild til að skuldbinda varnaraðila og að samkomulagið feli í sér bindandi ráðstöfun fyrir hans hönd. Verður ekki á það fallist að varnaraðili sé óbundinn af ákvæðum samkomulagsins, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 114/2011.

Samkvæmt samkomulagi lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila býðst heimilum, þar sem áhvílandi veðskuldir eru umfram 110% af verðmæti fasteignar að færa veðskuldir sínar niður að 110% af verðmæti eignar, sbr. 1.1 gr. Samkvæmt 1.2 gr. samkomulagsins má færa niður þær skuldir sem stofnað hefur verið til vegna fasteignakaupa umsækjanda fyrir árið 2009 og hvíla með veði á eign sem ætluð er til heimilishalds lántaka. Um er að ræða skuldir sem uppfylla skilyrði til vaxtabóta, sbr. lög nr. 90/2003 um tekjuskatt og eru að fjárhæð umfram þau veðmörk sem tilgreind eru í gr. 1.1.

Í gr. 2.1 kemur fram að það sé skilyrði niðurfellingar skulda skv. reglum þessum, að lántaki og/eða maki hans séu eigendur hinna veðsettu eigna og greiðendur áhvílandi lána og að eignin sé notuð til heimilishalds lántaka. Þá kemur fram í 2.2 gr. að lántaki skuli upplýsa kröfuhafa um aðrar aðfararhæfar eignir skv. lögum um aðför nr. 90/1989. Sé um engar slíkar eignir að ræða skal lántaki staðfesta það skriflega. Ef veðrymi er á aðfararhæfum eignum lækkar niðurfærsla veðskulda sem því nemur.

Lán nr. XX og YY voru tekin þann 3. september 2007 vegna kaupa sóknaraðila á fasteigninni að A, sbr. skattframtal sóknaraðila árið 2011. Sóknaraðili er eigandi fasteignarinnar og greiðandi hinna áhvílandi lána. Ekki liggur annað fyrir en að eignin sé notuð til heimilishalds sóknaraðila. Þá verður að telja að lánin uppfylli skilyrði til vaxtabóta sbr. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, enda er um að ræða fasteignaveðlán við lánastofnun til a.m.k. tveggja ára, og lánin voru sannanlega til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Ekki verður fallist á með varnaraðila að þar sem skuldabréf nr. YY sé tryggt með ábyrgð þriðja aðila falli það ekki undir samkomulagið, enda er ekki um það atriði fjallað í umræddu samkomulagi. Þvert á móti er skilgreint hvaða skuldir uppfylla skilyrði samkomulagsins eins og fjallað hefur verið um að framan. Umrædd skuld fellur þar undir, eins og áður hefur verið vikið að. Í ljósi þessa verður ekki fallist á túlkun varnaraðila á grein 2.2 í umræddu samkomulagi, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 114/2011.

Í ljósi alls framangreinds ber að fallast á með sóknaraðila að skuldabréf nr. XX og YY uppfylli skilyrði samkomulags lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila.

Samkvæmt 1.3 gr. samkomulagsins skal við mat á verðmæti fasteigna miðað við fasteignamat eða markaðsverð þeirra, hvort sem er hærra. Ef kröfuhafi telur að skráð fasteignamat fyrir 2011 gefi ekki rétta mynd af verðmæti eignarinnar kallar hann eftir verðmæti löggilts fasteignasala á sinn kostnað.

Varnaraðili kallaði eftir verðmæti löggilts fasteignasala á fasteign sóknaraðila að A. Verðmætið er dagsett 9. september 2011. Fasteignamat eignarinnar var kr. 11.900.000 en áætlað markaðsverð eignarinnar var metið kr. 14.800.000.

Verður því í ljósi 1.3 gr. samkomulagsins miðað við markaðsverð eignarinnar, þ.e. verðmat löggilts fasteignasala, dags. 9. september 2011, sem metið var kr. 14.800.000, við beitingu samkomulagsins, en því hafnað að miðað verði við meðaltal verðmats fasteignasala og fasteignamats, enda fær sú túlkun sóknaraðila ekki stoð í samkomulaginu.

Í ljósi framangreinds ber varnaraðila að færa niður veðskuldir sem hvíla á fasteign sóknaraðila að A, niður að 110% af verðmæti fasteignarinnar, miðað við verðmat löggilts fasteignasala, dags. 9. september 2011.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðila, F, er skylt að færa niður veðskuldir nr. YY og XX, sem áhvílandi eru á fasteign sóknaraðila, M, að 110% af verðmæti eignarinnar, miðað við verðmat löggilts fasteignasala, dags. 9. september 2011.

Reykjavík, 14. mars 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

SÉRATKVÆÐI:

Ég er sammála málavaxtalýsingu meirihluta. Hins vegar fellst ég ekki á þá túlkun á samkomulagi lánveitenda á íbúðalánamarkaði um verklagsreglur í þágu yfirveðsettra heimila sem meirihlutinn byggir á niðurstöðu sína. Samkomulagið, sem ekki er lengur í gildi, var ívilnandi fyrir greiðendur húsnæðislána og verður því að fallast á það með varnaaðila að þröng skýring þess eða bókstafleg stenst tæpast. Þvert á móti verði að gefa þeim sem kosta ívilnum nokkuð svigrúm við túlkun þess, enda byggji slík túlkun á málefnalegum grunni. Fjöldi álitamála hefur komið upp við túlkun samkomulagsins eins og málaskrá úrskurðarnefndarinnar vitnar um. Þó svo að ekki séu efni til að rekja einstaka úrskurði, er ljóst að af þeim verður ekki dregin sú ályktun að túlka eigi allan vafa lántakendum í hag. Tekið er undir það sjónarmið varnaaðila, að samkomulaginu verður ekki jafnað til laga. Tilurð þess byggði fyrst og fremst á þeim viðskiptalegu rökum að sterkar líkur væru á því að veðskuldir umfram verðmæti íbúðarhúsnæðis yrðu ekki innheimtar og lagasetning væri ekki raunhæfur kostur vegna eignarréttarsjónarmiða.

Samkomulagið tók til lána einstaklinga sem tekin höfðu verið til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota fyrir ákveðið tímamark. Ekki var talið skipta máli þó greiðendur væru tveir eða jafnvel fleiri, enda hafðu allir haft afnot húsnæðisins. Hins vegar verður ráðið af ákvæðum samkomulagsins að lánveitanda bar ekki skylda til að gefa lánið eftir ef um aðrar tryggingar fyrir láninu var að ræða. Lánsveð er að sönnu eina dæmið um aðrar tryggingar sem nefnt var, en sem fyrr segir er ekki fallist á að það útiloki að litið verði til trygginga af öðru tagi, svo sem ábyrgða, veða í annarri eign lántaka eða veða í lausafé eða peningalegum eignum lántaka eða annarra. Ekki verði heldur litið fram hjá því, að slíkar hliðartryggingar eru oftast látar í té að kröfu lánveitanda sökum takmarkaðs veðpols eignar þegar lánveiting fer fram, svo sem vegna skorts á eigin fé kaupanda og/eða til fjármögnunar endurbóta sem auka verðmæti eignar síðar meir. Tilviljun getur ráðið því hvaða tegund tryggingar verður fyrir valinu.

Þá er til þess að líta, að ef fallist væri á túlkun sóknaraðila, gæti sú staða komið upp, að kröfuhafi sem fjárnám hefði gert í eignum ábyrðaraðila á grundvelli sjálfsskuldarábyrgðar á veðskuldabréfi myndi ekki verða krafinn um niðurfærslu, enda gerir samkomulagið strangt til tekið ekki mun á samnings- og aðfararveði. Uppruni kröfunnar væri allt að einu á sama formi og þeirrar sem hér um ræðir. Það þýddi að innheimtustig réði örlögum kröfunnar, en í samkomulaginu var ekki gert ráð fyrir að það skipti máli enda tilviljunum háð. Lækkun var möguleg svo fremi sem umsækjandi væri enn skráður eigandi eignar og veðkrafan án stuðnings annarra trygginga.

Einnig má færa að því gild rök, að með sjálfskuldarábyrgð einstaklings falli lán út fyrir ramma verklagsreglnanna sökum þess að annar aðilinn í skuldasambandinu var ekki að stofna til skuldbindingarinnar vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Almennt er sjálfskuldarábyrgð talin til jafns við eigin skuldbindingu þess sem hana tekst á hendur. Aðilar samkomulagsins gengust einungis undir að ívilna nánar skilgreindum skuldurum, ábyrgðarmenn geta ekki byggt beinan rétt á samkomulaginu, enda var ekki af þeim tekinn réttur til endurkröfu á hendur aðalskuldara, kæmi til innlausnar þeirra á kröfu veðhafa.

Að samanlögðu tel ég því að hafna eigi kröfu sóknaraðila.

Reykjavík, 14. mars 2014.

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 28. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Oddur Ólason.

Fyrir er tekið **mál nr. 99/2013**:

**M og
N
gegn
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 12. nóvember 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. nóvember 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 10. desember 2013. Var bréfið sent sóknaraðilum, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. desember 2013, og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 23. desember 2013.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 7. og 28. febrúar 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 13. september 2004 var íbúðalán nr. X, að fjárhæð kr. 13.000.000, gefið út af A og B til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Lánið var tryggt með 3. veðrétti í C. Í 2. gr. skuldabréfsins var eftirfarandi ákvæði: „Skuldabréf þetta (að hluta eða í heild) er einungis uppgreiðanlegt fyrir gjalddaga gegn greiðslu þóknunar sem tekur mið af gjaldskrá FF á hverjum tíma, nú 2% af uppgreiðsluvirði. Með uppgreiðsluvirði er átt við þá fjárhæð sem greidd er fyrir umsaminn gjalddaga.“

Þann 23. júní 2009 birti varnaraðili frétt á heimasíðu sinni þar sem fram kom að uppgreiðslugjöld á íbúðalánum yrðu afnumin um óákveðinn tíma frá og með 1. júlí 2009.

Þann 20. desember 2012 birti varnaraðili frétt á heimasíðu sinni um að undanþága frá uppgreiðsluákvæðum rynni út um áramótin. Þá tækju aftur gildi ákvæði lánasamninga sem kvæðu á um uppgreiðslu- og umframgreiðslugjöld.

Þann 8. janúar 2013 var skjalið „Staða láns“ gert og sent A en auka lántaki var tilgreind B. Varðaði skjalið framangreint lán. Samkvæmt skjalinu var elsti ógreiddi gjalddagi lánsins 1. ágúst 2012. Gjaldfallið var kr. 516.455 og ógjaldfallið var kr. 20.811.745. Uppgreiðsluverð var kr. 21.328.209.

Þann 8. janúar 2013 samþykkti varnaraðili skuldaraskipti á framangreindu skuldabréfi. Nýir skuldarar voru sóknaraðilar. Eftirfarandi kom fram á skuldaraskiptunum: „Nýr skuldari lýsir því yfir að hann hafi kynnt sér eftirstöðvar skuldarinnar, öll ákvæði skuldabréfsins/veðskuldabréfsins og að hann undirgangist allar skuldbindingar samkvæmt því. Fyrsti gjalddagi, sem nýr skuldari greiðir, er : **01.02.2013** og fellur skuldbinding fyrri skuldara niður frá og með þeim tíma. Að öðru leyti en að ofan greinir er efni skuldabréfsins/veðskuldabréfsins óbreytt.“

Þann 8. janúar 2013 undirrituðu sóknaraðilar skjalið „Reiknivél - Neytendalán“. Þar kom fram að andvirði skuldabréfs væri kr. 21.166.667 og heildarlántökukostnaður væri kr. 18.166.741. Heildarendurgreiðsla var tilgreind kr. 39.333.408. Samkvæmt skjalinu var ekki um að ræða neinn lántökukostnað. Eftirfarandi yfirlýsing kom fram á skjalinu: „Athugið að um áætlun er að ræða. Áætlunin er byggð á núgildandi vöxtum til loka lánstímans og verðskrá bankans, sem getur tekið breytingum sbr. ákvæði í skuldabréfi. Ekki er gert ráð fyrir útreikningi verðbóta þótt um verðtryggt skuldabréf sé að ræða. Sé skuldabréfið greitt upp fyrir lokagjalddaga á lántakandi rétt á lækkun lánskostnaðar er nemur þeim vöxtum eða öðrum kostnaði sem greiða átti eftir greiðsludag. Séu greiðslur skuldfærðar á reikning með sjálfvirkum hætti á gjalddaga eða greiðslusedill á pappir afþakkaður greiðist lægra tilkynningar- og greiðslugjald.“

Sóknaraðilar hafa innt af hendi nokkrar umframgreiðslur inn á veðskuldabréf nr. X síðan þau gerðust skuldarar og hefur varnaraðili innheimt uppgreiðslugjald af þeim greiðslum.

Þann 30. september 2013 barst sóknaraðila N yfirlit viðskiptamanns, vegna framangreinds láns. Ógjaldfallið var kr. 1.918.739. Samtals inn voru kr. 20.305.185.

Þann 25. október 2013 sendi sóknaraðili M varnaraðila tölvupóst með yfirskriftinni: „Kvörtun vegna uppgreiðslugjalds“. Kvað sóknaraðili M að við skuldaraskipti hafi ekkert bent til þess að uppgreiðslugjald yrði tekið upp aftur. Varnaraðili svaraði þann 6. nóvember 2013 og kvað ákvörðun bankans um uppgreiðslugjald standa óbreytta.

Sóknaraðilar skutu málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 12. nóvember 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðili felli niður uppgreiðslugjald af láni nr. X sem þau yfirtóku við íbúðarkaup þann 8. janúar 2013.

Sóknaraðilar vísa til þess að varnaraðili hafi innheimt uppgreiðslugjald af greiðslum 31. maí 2013 og 30. september 2013, en ekki af greiðslu inn á lánið 31. janúar 2013.

Vísa sóknaraðilar til þess að uppgjör á kaupverði íbúðar þeirra að C hafi byggst á uppgefnu uppgreiðsluverðmæti þeirra lána sem hvílt hafi á íbúðinni. Í yfirliti og greiðsluáætlun neytendaláns varnaraðila hafi ekkert komið fram um að uppgreiðslugjald yrði lagt á. Í yfirlitinu frá 8. janúar 2013 hafi komið fram uppgreiðsluverð kr. 21.328.209, bankinn hafi svo lagt 2% uppgreiðslugjald ofan á

eftirstöðvar frá 15. febrúar 2013 án þess að tilkynna sóknaraðilum um þá ákvörðun. Bankinn hefði átt að láta þetta koma fram í þeim gögnum sem hann hafi sent frá sér við sölu eignarinnar sem hefði þá komið inn í uppgjör kaupverðs. Sóknaraðilar vísa til þess að við yfirtöku lánsins hafi ekki verið tilgreint að afturkölluð hefði verið niðurfelling uppgreiðslugjalds á yfirteknu láni. Hefðu upplýsingar um væntanlegt uppgreiðslugjald legið fyrir við kaup á íbúðinni kveðast sóknaraðilar hafa greitt varnaraðila upp lánið á undan öðrum lánnum sem ekki hafi borið uppgreiðslugjald.

Sóknaraðilar byggja á því að gera verði skýra kröfu til fjármálafyrirtækja um að allur kostnaður við lánveitingar sé tilgreindur en af framangreindu sé ljóst að bankinn hafi ekki gert sóknaraðilum grein fyrir því að uppgreiðslugjald væri á yfirteknum lánnum. Sóknaraðilum hafi ekki verið gert ljóst að niðurfelling uppgreiðslugjalds hefði verið tímabundin aðgerð sem hefði þegar við yfirtöku lánsins verið afturkölluð. Sú krafa verði ekki lögð á sóknaraðila að þau eigi að hafa skoðað heimasíðu bankans langt aftur í tímann til að sjá hvort niðurfelling uppgreiðslugjalds hafi verið afturkölluð, enda ekkert í upplýsingaveitu bankans við greiðslumat eða yfirtöku sem gefið hafi slíkt til kynna. Auk þess sem sóknaraðilar hafi ekki verið í viðskiptum við varnaraðila þegar meint tilkynning hafi átt að vera birt og hafi því enga ástæðu haft til að skoða heimasíðu varnaraðila.

Sóknaraðilar kveðast hafa treyst varnaraðila til að veita réttar upplýsingar varðandi kostnað við lánin þann 8. janúar 2013, daginn sem kaup á fasteigninni hafi átt sér stað.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Kröfu sinni til stuðnings byggir varnaraðili á því að lánveitendum hafi verið og sé heimilt samkvæmt lögum nr. 121/1994 um neytendalán að krefjast umfram- og uppgreiðslugjalds af lántökum þegar greiddar séu umframgreiðslur inn á lán sem beri fasta vexti líkt og lán nr. X sem sóknaraðilar hafi yfirtekið. Varnaraðili bendir á að skuldabréfið hafi verið gefið út 13. september 2004, en í því komi fram að skuldabréfið, að hluta eða í heild, sé einungis uppgreiðanlegt fyrir gjalddaga gegn greiðslu þóknunar sem taki mið af gjaldskrá FF nú 2% af uppgreiðsluvirði þess. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 121/1994, eins og ákvæðið hafi verið hljóðandi þegar samið hafi verið um hið umdeilda uppgreiðslugjald, hafi lántökum verið heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt lánsamningi fyrir þann tíma sem umsaminn hafi verið. Hafi neytandi notfært sér þá heimild hafi hann átt rétt á lækkun á heildarlántökukostnaði sem numið hafi þeim vöxtum og öðrum gjöldum sem greiða hafi átt eftir greiðsludag. Ekki hafi verið hægt að krefjast endurgreiðslu eða lækkunar á gjöldum sem væru óháð því hvenær greiðsla væri innt af hendi. Ekki hafi verið fjallað sérstaklega um uppgreiðslugjald eða bann við slíkri gjalddöku í 16. gr. laganna eða öðrum ákvæðum laganna.

Vísar varnaraðili til þess að í ákvörðun Samkeppnisráðs 7. júní 2005 í máli nr. 19/2005 hafi verið deilt um hvort lánveitendum væri heimilt að leggja á uppgreiðslugjald á samninga um neytendalán. Í ákvörðun Samkeppnisráðs hafi m.a. verið rakin forsaga ákvæðisins og komist að þeirri niðurstöðu að ekkert í lögum um neytendalán bannaði að samið væri um uppgreiðslugjald og þar sem meginreglan væri að sanningsfrelsi ríkti milli aðila væru slík ákvæði heimil. Samkeppnisráð hafi hins

vegar tekið fram að það þyrfti að koma skýrt fram í upphaflegum lánssamningi aðila að greiða skyldi uppgreiðslugjald ef neytandi greiddi lán upp fyrir gjalddaga.

Varnaraðili byggir á því að á hinu yfirtekna veðskuldabréfi nr. X sem sóknaraðilar hafi tekið yfir með undirritun sinni á skuldaraskiptin þann 8. janúar 2013 komi skýrt fram að skuldabréfið sé einungis uppgreiðanlegt fyrir gjalddaga gegn greiðslu þóknunar sem taki mið af gjaldskrá lánveitanda á hverjum tíma, nú 2% af uppgreiðsluvirði. Ákvæði þetta, sem gefi að finna í 2. tölul. skuldabréfsins sé feitletrað og geti vart verið orðað skýrar. Varnaraðili telji því að það sé engum vafa undirorpið að sóknaraðilar hafi séð eða mátt sjá ákvæðið og hafi getað kynnt sér efni þess. Ennfremur komi fram á skuldaraskiptaeyðublaðinu að nýir skuldarar lýsi því yfir að þeir hafi kynnt sér eftirstöðvar skuldarinnar, öll ákvæði veðskuldabréfsins og að þeir undirgangist allar skuldbindingar samkvæmt því. Varnaraðili telji hafið yfir allan vafa að sóknaraðilum hafi verið kunnugt um innheimtu uppgreiðslugjaldsins þegar inntar hafi verið af hendi umframgreiðslur inn á lánið. Stoði ekki fyrir sóknaraðila að bera því við að hafa ekki kynnt sér efni skuldabréfsins, enda hafi þeir staðfest að hafa kynnt sér og samþykkt ákvæði skuldabréfsins.

Varnaraðili bendir jafnframt á að sóknaraðilar geti ekki byggt neinn rétt gagnvart bankanum á tilkynningum hans um að hætta tímabundið að innheimta uppgreiðslugjald. Tilkynning þessi hafi verið birt 23. júní 2009 og afturkölluð með annarri tilkynningu þann 20. desember 2012. Sóknaraðilar höfðu á þeim tímamarki ekki gerst skuldarar lánsins og hafi þessi tímabundna afturköllun engin réttaráhrif haft gagnvart sóknaraðilum, enda hafi þeir ekki verið í skuldarasambandi við varnaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að uppgreiðslugjaldi sem sóknaraðilum var gert að greiða af skuldabréfi nr. X, sem þau yfirtóku með skuldaraskiptum á íbúðaláni, dags. 8. janúar 2013.

Í skuldabréfi nr. X, sem sóknaraðilar yfirtóku, sbr. framangreind skuldaraskipti, var eftirfarandi ákvæði í 2. gr.: „*Skuldabréf þetta (að hluta eða í heild) er einungis uppgreiðanlegt fyrir gjalddaga gegn greiðslu þóknunar sem tekur mið af gjaldskrá FF á hverjum tíma, nú 2% af uppgreiðsluvirði. Með uppgreiðsluvirði er átt við þá fjárhæð sem greidd er fyrir umsaminn gjalddaga.*“

Skuldaraskipti urðu á framangreindu íbúðarláni, dags. 8. janúar 2013, þegar sóknaraðilar urðu nýir skuldarar skuldabréfsins í stað A og B. Samkvæmt yfirlýsingunni um skuldaraskiptin lýstu sóknaraðilar því yfir að þau hefðu kynnt sér öll ákvæði skuldabréfsins og þau undirgengjust allar skuldbindingar samkvæmt því.

Ljóst er að samkvæmt skuldabréfi nr. X sem sóknaraðilar staðfestu að hafa kynnt sér og að þau undirgengust allar skuldbindingar samkvæmt því, sbr. skuldaraskipti, dags. 8. janúar 2013, að uppgreiðslugjald var á skuldabréfinu. Var aðilum í ljósi meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi frjálst að semja um uppgreiðslugjald á skuldabréfinu, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/2005 og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 11/2005, enda kom það skýrt fram í 2. gr. skuldabréfs nr. X. Fær það ekki hagg að þessu þótt varnaraðili hafi tímabundið hætt að innheimta uppgreiðslugjald og aftur hafið innheimtu þess áður en sóknaraðilar yfirtóku skuldabréf nr. X, enda mátti þeim af ákvæðum skuldabréfsins vera ljóst að uppgreiðslugjald væri á skuldabréfinu.

Atvik máls þessa urðu fyrir gildistöku laga nr. 33/2013 um neytendalán og verður niðurstaða þess ekki studd við þau lög. Varnaraðili gætti þess að tilkynna þeim sem þá var skráður lántaki um niðurfellingu þeirrar tímabundnu ráðstöfunar að falla frá uppgreiðslugjaldi. Enda þótt vandaðra hefði verið að geta sérstaklega um uppgreiðslugjaldið og tímabundið hlé á innheimtu þess á yfirliti því sem varnaraðili lét frá sér um stöðu lánsins 8. janúar 2013, er ekki unnt að fallast á að almenn sjónarmið um neytendavernd leiði til þeirrar niðurstöðu að þar með hafi varnaraðili glatað umsaminni kröfu sinni til að taka á ný upp innheimtu gjaldsins. Skiptir í því samhengi miklu, að yfirlitið gaf rétta mynd af stöðu lánsins á þeim degi þegar það var gefið út.

Í ljósi alls framangreinds verður ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M og N, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 28. febrúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Oddur Ólason

Ár 2014, föstudaginn 7. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 100/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. nóvember 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 12. nóvember 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. nóvember 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 12. desember 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. desember 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 20. desember 2013.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 7. febrúar 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 11. febrúar 2008 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð að jafnvirði kr. 8.400.000 í JPY 100%, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á skuldabréfinu.

Þann 29. október 2008, 19. janúar 2009, 8. júní 2009 og 22. febrúar 2010 voru gerðar skilmálabreytingar á framangreindu skuldabréfi, sem sóknaraðili skrifaði m.a. undir.

Þann 10. september 2013 leitaði sóknaraðili til umboðsmanns skuldara til að láta kanna gildi framangreindrar ábyrgðar. Varnaraðili kynnti umboðsmanni skuldara þann 14. október 2013 þá afstöðu sína að ábyrgðin væri gild. Þann 18. október 2013 sendi umboðsmaður skuldara sóknaraðila bréf þar sem þessi afstaða varnaraðila var kynnt.

Þann 31. október 2013 undirritaði útgefandi framangreinds skuldabréfs eftirfarandi yfirlýsingu: „Ég undirritaður A, var árið 2008 þegar að lán X í FF var

tekið, umvafinn skuldum og í mjög miklum vanskilum. Þá átti ég engar bankainnistæður né neitt annað fé nokkurs staðar [sic].“

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 12. nóvember 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að hann verði leystur undan ábyrgð á skuldabréfi A nr. X.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi ekki farið eftir samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sbr. 3. gr. samkomulagsins. Vísar sóknaraðili til þess að ekkert greiðslumat hafi verið gert við útgáfu skuldabréfsins. Þá hafi engar upplýsingar verið gefnar um greiðsluhæfi lántaka eða sóknaraðila bent á það skriflega eða munnlega að hann ætti rétt á því, eins og framangreint samkomulag taki á.

Sóknaraðili bendir á að seint finnist það sem aldrei hafi verið til gert en varnaraðila ætti að vera fullkunnugt um að greiðslumat hafi ekki verið gert. Ætla megi að lánakerfi fjármálastofnana sé það gott að lítið mál ætti að vera að prenta út í það minnsta óundirritað vinnuskjal vegna greiðslumats væri það til.

Sóknaraðili byggir á því að greiðslumat sé forsenda þess að fjármálastofnanir geti stundað hefðbundna og góða viðskiptahætti er snúi að einstaklingsviðskiptum. Lánveitingin sem slík sé það há að ætla mætti að bara starfs- og lánareglur sparisjóðsins myndu kalla eftir því að greiðslumat færi fram.

Sóknaraðili bendir á að fyrirbyggjandi greiðslumat á þeim tíma sem lánið hafi verið veitt sé forsenda þess að meta megi hvort lántaki hafi yfir höfuð haft greiðslugetu til að standa við skuldbindingar sínar. Sparisjóðurinn nefni í tvígang í athugasemdum sínum að sóknaraðila hafi átt að vera greiðslugeta lántaka fullkunnug vegna skyldleika þeirra. Það sé nú frekar ósanngjarnt og ekki góðir viðskiptahættir hjá sparisjóðnum að velja yfir á ábyrgðarmann slælegum vinnubrögðum sínum, að hann eigi að geta sett upp allar forsendur varðandi framfærslu og kostnað í hverjum lið fyrir sig til að meta greiðsluhæfi lántaka, þótt hann sé sonur sóknaraðila. Það sé líka ekki sjálfgefið, frekar undantekning en regla, að foreldrar viti nákvæmlega eigna- og skuldastöðu og tekjuflæði fullorðinna barna sinna.

Sóknaraðili vísar til þess að hann sem starfandi bóndi og núverandi eftirlaunabegi, hafi ekki vitað á hverju tekið væri í samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Telur sóknaraðili að það ætti að vera eingöngu og alfarið á ábyrgð lánveitanda, sem fagaðila, að veita einstaklingum ráðgjöf í viðskiptum sínum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að hann hafi með engu móti vanefnt þær skyldur sem á honum hvíli svo réttlætt geti að sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsing sóknaraðila verði felld úr gildi. Jafnframt sé því alfarið hafnað að beiting 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eigi við í málinu.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga beri fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að það verði ekki

gert. Ekki verði séð af fyrirbyggjandi gögnum málsins að sóknaraðili hafi formlega óskað eftir því að greiðslumat yrði ekki framkvæmt hjá aðalskuldara. Ætla megi að honum hafi verið fullkunnugt um fjárhagsstöðu hans, enda sé aðalskuldari sonur sóknaraðila. Hafi því ekki verið talin nein þörf á því að greiðslumat yrði framkvæmt.

Varnaraðili bendir á að sá formlegi annmarki að sóknaraðili hafi ekki óskað eftir því skriflega að greiðslumat yrði ekki framkvæmt, leiði ekki sjálfkrafa til þess að löggerningurinn verði talinn ógildanlegur á grundvelli ákvæðis 36. gr. laga nr. 7/1936. Með vísan til dómafordæma Hæstaréttar t.a.m. í málum nr. 163/2005, 16/2007, 116/2010 og 343/2012, sé ljóst að nauðsynlegt sé að fram fari heildstætt mat á atvikum máls við mat á því hvort það yrði talið ósanngjarnt í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 fyrir sjóðinn að bera fyrir sig þá sjálfskuldarábyrgð sem sóknaraðili hafi samþykkt. Af ofangreindum dómum sjáist að það ráðist af heildstæðu mati á atvikum máls hverju sinni hvort beita eigi ógildingarreglu 36. gr. laga nr. 7/1936. Vanræksla fjármálastofnunar á að kynna ábyrgðarmanni greiðslumat á skuldara dugi ekki ein og sér til að beita 36. gr. laga nr. 7/1936, heldur þurfi meira að koma til. Af dómunum megi ráða að fjármálastofnun þurfi að hafa verið grandvís um slæma fjárhagsstöðu skuldarans og látið hjá líða að tilkynna ábyrgðarmanni það.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi með fúsum og frjálsum vilja gengist í sjálfskuldarábyrgð á umræddu skuldabréfi og hafni með öllu þeim sjónarmiðum sóknaraðila að efni standi til þess að felld verði úr gildi sjálfskuldarábyrgð hans. Varnaraðili byggir á meginreglu samningaréttar um að samninga skuli halda, pacta sunt servanda, og að sóknaraðili sé þar með bundinn af þeim samningi sem hann hafi gert við varnaraðila að þessu leyti.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi gengist undir ábyrgðina með samkomulagi við varnaraðila, en með því samkomulagi hafi sóknaraðili skuldbundið sig til þess að tryggja réttar efndir á kröfu varnaraðila á hendur skuldara. Ábyrgðaryfirlýsingin sé í reynd loforð ábyrgðarmanns og gildi reglur samningaréttarins því um stofnun þess og skuldbindingargildi, en samkvæmt grundvallarreglum samningaréttarins beri loforðsgjöfum að standa við loforð sín og skuldbindingar.

Vísar varnaraðili til þess að í ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 sé heimild til að víkja samningi, s.s. yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð, til hliðar í heild eða að hluta eða breyta ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við mat á því hvort samningur sé ósanngjarn eða andstæður góðri viðskiptavenju beri að líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerð og atvika sem síðar komu til, sbr. 2. mgr. 36. gr. laganna. Sé dómstólum falið vald til að leggja mat á framangreind atriði.

Varnaraðili telur óhætt að fullyrða að dómstólar hafi einkum í seinni tíð beitt 36. gr. laga nr. 7/1936 með varfærunum hætti og raunar aðeins í algjörum undantekningartilfellum en það sé í fullu samræmi við yfirlýstan tilgang löggjafans með þessu ákvæði laganna.

Varnaraðili vísar til þess að efni sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingarinnar í þessu máli sé hefðbundin í alla staði og skilmálar hennar eðlilegir. Telji varnaraðili að hún verði því ekki felld úr gildi m.v.t. þess að efni hennar sé á einhvern hátt ósanngjarnt í garð sóknaraðila. Þrátt fyrir að talsverður munur sé á stöðu almenns neytanda og fjármálafyrirtækis við samningsgerð geti sá munur einn og sér ekki talist næg ástæða til að ógilda megi samninga þessara aðila, heldur þurfi aðstöðumunurinn að vera slíkur að í reynd séu neytandanum settir afarkostir, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 255/1993 og 3/2003. Af hálfu varnaraðila sé því alfarið hafnað að svo mikill

aðstöðumunur hafi verið á stöðu aðila við útgáfu ábyrgðaryfirlýsingarinnar að réttlætt geti að henni verði vikið til hliðar m.v.t. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varnaraðili byggir á því að þegar sóknaraðili hafi undirritað ábyrgðaryfirlýsinguna hafi engin lög verið í gildi um ábyrgðarmenn eða réttindi þeirra, en núgildandi lög nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn hafi tekið gildi 4. apríl 2009. Engin heildstæð löggjöf hafi því verið í gildi þegar sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð fyrir láni því sem til umfjöllunar sé í máli þessu.

Varnaraðili bendir á að af framangreindu leiði að meta verði hvort og þá hver réttaráhrif tilvitnað samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001 geti haft og jafnframt hvort ástæða sé að lögum til að vikið verði frá framangreindri meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga.

Vísar varnaraðili til þess að samkomulagið sé ólögfest og hafi ekkert sjálfstætt gildi sem réttarheimild. Í samkomulaginu sé hvergi vikið að skuldbindingargildi þess né að beitingu vanefndaúrræða við brotum á því. Aðeins sé um að ræða samkomulag ákveðinna aðila þess efnis að þeir ætli sér að hlíta tilteknum reglum. Ábyrgðaryfirlýsingar verði því ekki felldar úr gildi á grundvelli samkomulagsins, enda hafi það engar ógildingarheimildir að geyma.

Varnaraðili byggir á því að ekki sé unnt að víkja frá fyrrgreindri meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga með vísan til umrædds ólögfests samkomulags. Til að mynda megi vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 131/1999, þar sem komi fram að einungis sé heimilt að víkja frá óskráðri meginreglu sem þessari ef það komi skýrt fram í settum lögum frá Alþingi.

Varnaraðili vísar til þess að í því máli sem hér sé til úrlausnar bendi allt til þess að sóknaraðila hafi verið fullkunnugt um fjárhagsaðstæður lántaka á grundvelli fjölskyldutengsla. Jafnframt virðist sóknaraðili ekki hafa gert kröfu til þess að sérstakt mat yrði framkvæmt á fjárhagsstöðu skuldara. Auk þess megi benda á að sóknaraðili hafi ekki lagt fram neinar haldbærar upplýsingar um að fjárhagsstaða skuldara hafi verið verri en hann hafi mátt vænta eða haldið því fram að niðurstaða greiðslumats hafi ráðið nokkru um ákvörðun hans um að gangast í sjálfskuldarábyrgðina og breyti þar yfirlýsing skuldara, dags. 31. október 2013, engu um.

Varnaraðili telur að nefndin verði að meta á grundvelli alls þess sem fram hafi komið í málinu hvort ástæða sé til að víkja frá meginreglu samninga- og kröfuréttarins um skuldbindingargildi samninga og efndir loforða. Grundvallarreglan sé sú að aðilar samningssambands verði gerðir ábyrgir fyrir gjörðum sínum, þeim beri skylda að virða og efna þá samninga sem þeir stofni til, svo fremi sem ekki séu til staðar lagaskilyrði til að þeim verði vikið til hliðar.

Varnaraðili bendir á að svo fallast megi á kröfu sóknaraðila um að ábyrgðaryfirlýsingunni verði vikið til hliðar verði nefndin að taka til sjálfstæðs mats hvort skilyrðum 36. gr. laga nr. 7/1936 sé fullnægt. Með vísan til þess sem að framan sé rakið mótmælir varnaraðili því alfarið að skilyrðum greinarinnar sé fullnægt með því einu að ekki hafi verið framkvæmt greiðslumat á lántaka í samræmi við samkomulagið frá árinu 2001. Þegar litið sé til allra atvika málsins þá sé útilokað að það eitt að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt geti talist svo alvarlegur annmarki að valdið geti brottfalli sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila.

Með vísan til alls ofangreinds telur varnaraðili að ekkert bendi til annars en að ábyrgðaryfirlýsing sóknaraðila vegna lánsins sé í fullu gildi og sé athugasemdalaus. Með hliðsjón af öllu ofansögðu er ljóst að aðstæður og atvik þessa máls eru ekki með þeim hætti að beiting 36. gr. laga nr. 7/1936 eigi rétt á sér. Því beri að hafna beri kröfum sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Sambandi Íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða. FF var einn þessara sparisjóða. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Ekki liggja fyrir nein gögn um það að varnaraðili hafi metið greiðslugetu A, útgefanda skuldabréfs nr. X. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var varnaraðili skylt að meta greiðslugetu A. Verður varnaraðili að bera hallann af því að greiðslumat fór ekki fram og þar með hver niðurstaða þess hefði orðið og hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir A eftir að hafa kynnt sér matið.

Ekki verður fallist á að fjölskyldutengsl sóknaraðila og A, útgefanda skuldabréfsins, geri það að verkum að sóknaraðili þekki til fjárhagsstöðu A eða að þau hafi slík áhrif á skyldur varnaraðila skv. samkomulaginu til að framkvæma greiðslumat eða á sanngirnismat á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að það ráði úrslitum, sbr. úrskud úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 9/2013 og 50/2013.

Ekki verður séð að málsatvik hér séu sambærileg dómi Hæstaréttar í máli nr. 116/2010 þar sem fyrir lá sérstök yfirlýsing ábyrgðarmanns um að hann hefði gengist í ábyrgðina þótt skuldari hefði ekki staðist greiðslumat. Ekki verður heldur fallist á með varnaraðila að dómur Hæstaréttar í máli nr. 343/2012 hafi fordæmisgildi í máli þessu, þar sem fyrir lá jákvæð niðurstaða greiðslumats og í skýrslu stefnanda málsins fyrir dóminum kom fram að það hefði engu breytt þótt henni hefði verið kynnt efni umrædds greiðslumats áður en hún skrifaði undir skuldabréfið. Þá verður ekki fallist á vísan varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 16/2007, enda var þar um að ræða breytingu á formi skuldbindingar þar sem ábyrgðarmaður hafði áður verið víxilskuldari.

Ekki verður fallist á vísan varnaraðila til dóms Hæstaréttar í máli nr. 3/2003 enda skorti veðsala þess máls hæfi til að gera sér grein fyrir einhliða skuldbindingu sem hann undirgekkst með nafnritun á veðskuldabréf.

Við mat á því hvort víkja beri sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga ber að líta til þess að samkvæmt framansögðu hafði varnaraðili skuldbundið sig til að lána

ekki út peninga til einstaklinga gegn veðsetningum og ábyrgðum 3. manns nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessum meginreglum var ætlað að tryggja að ekki væri farið offari gegn neytendum í því að velta ábyrgðum af lánveitingum af fjármálafyrirtækjum á ábyrgðarmenn. Varnaraðili kaus að virða þessar skuldbindingar að vettugi, við útgáfu umrædds skuldabréfs. Skerti varnaraðili því mjög möguleika sóknaraðila á því að gera sér grein fyrir áhættunni sem hann tókst á hendur með því að gangast í ábyrgð fyrir A.

Í ljósi alls framangreinds verður að telja að ósanngjarnt væri að varnaraðili gæti byggt rétt á umræddri sjálfskuldarábyrgð, sem fengin var án þess að hann stæði við skuldbindingar sínar um hvernig afla skyldi slíkrar sjálfskuldarábyrgðar. Telst því rétt að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila samkvæmt skuldabréfi nr. X, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 99/2012 og 50/2013.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF, er ógild.

Reykjavík, 7. febrúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 28. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 101/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 14. nóvember 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 14. nóvember 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. nóvember 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 17. desember 2013. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. desember 2013, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 7. og 28. febrúar 2013.

II.

Málsatvik.

Þann 26. júní 2006 sótti A um lán að fjárhæð kr. 1.700.000 hjá FF. Sjálfskuldarábyrgðaraðilar voru tilgreind sóknaraðili og B. Staðfesti sóknaraðili með undirskrift sinni að hafa kynnt sér efni bæklinga um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, auk samkomulags um sama efni sem fjármálastofnanir áttu aðild að. Samkvæmt umsókninni var lánið nýtt til að greiða upp heimild X, visaskuld og lán Y.

Þann 26. júní 2006 var skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ undirritað. Í titli skjalsins kemur fram með sama letri og titill skjalsins svofelld athugasemd „Ath. þetta greiðslumat er ekki merkt fullklárað!“ Samkvæmt skjalinu var lántaki að láni að fjárhæð kr. 1.700.000 A. Samkvæmt greiðslumatinu voru útborguð mánaðarlaun lántaka kr. 175.327. Ráðstöfunartekjur samtals voru kr. 175.327 á mánuði. Áætlaður framfærslukostnaður var kr. 66.810 og annar kostnaður að ótalinni greiðslubyrði var kr. 70.000 en áætlaður rekstrarkostnaður bifreiða og áætlaður rekstrarkostnaður fasteigna var tilgreindur kr. 0. Áætluð greiðslugeta án tillits til skulda var tilgreind kr. 38.517. Áætluð greiðslubyrði lána sem ekki voru greidd upp var kr. 0 og áætluð

greiðslugeta væntanlegs láns var kr. 25.695. Áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda var kr. 12.822 á mánuði. Samkvæmt greiðslumatinu átti lántaki engar eignir. Skuldir voru tilgreindar væntanlegt lán kr. 1.700.000. Eignastaða var neikvæð um kr. 1.700.000. Í skjalinu kom fram að framangreindar upplýsingar um skuldir og fjárhagsstöðu greiðanda væru að hluta til frá honum sjálfum komnar. Að því leyti væru forsendur mats á greiðslugetu hans og niðurstöður/ályktanir dregnar af þeim upplýsingum á hans ábyrgð. Þær væru því án ábyrgðar fyrir FF. Sóknaraðili staðfesti að hafa kynnt sér og skilið mat á greiðslugetu greiðanda og samþykkt það sem fullnægjandi fyrir sig. Einnig staðfesti hún að hafa kynnt sér upplýsingabækling FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Þann 26. júní 2006 var skuldabréf nr. Z, að fjárhæð kr. 1.700.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili og B tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð in solidum á láninu. Óskuðu þau eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda og settu upphafsstafi sína við það val. Tekið var fram að ábyrgðaraðili gæti óskað eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda enda væri heildarábyrgðarfjárhæð ábyrgðaraðila vegna greiðanda (útgefanda) gagnvart FF lægri en kr. 1.000.000 eða ábyrgðaraðili maki eða í sambúð með greiðanda. Sóknaraðili staðfesti á ný að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.

Þann 4. júní 2013 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst fyrir hönd sóknaraðila og óskaði eftir því að framangreind ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 6. júní 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 14. nóvember 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að ábyrgðarskuldbinding hennar vegna lánveitingar nr. Z sé ógild og að hún fái endurgreitt allt að kr. 236.840, ásamt vöxtum frá 14. nóvember 2013 til greiðsludags.

Vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafi greiðslumat aðalskuldara aldrei verið fullklárað og kynnt henni sem ábyrgðarmanni. Sé ráð fyrir því gert í 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Henni hafi ekki verið kunnugt um hvað fjárhagsstaða aðalskuldara hafi verið slæm. Með framkomu sinni hafi varnaraðili farið á skjön við ákvæði áður nefnds samkomulags ásamt því að brjóta á neytendarétti hennar sem varinn sé í 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Sóknaraðili bendir á að á skjalinu „Niðurstöður greiðslumats“ komi greinilega fram að greiðslumatið hafi ekki verið fullklárað. Samkvæmt upplýsingum frá aðalskuldara hafi hann m.a. verið með bifreið á þessum tíma en ekki sé gert ráð fyrir rekstrarkostnaði bifreiða í greiðslumatinu. Samkvæmt greiðslumati því sem fyrir liggja hafi niðurstaða verið jákvæð um kr. 12.822 á mánuði. Á þessum tíma hafi verið gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður bifreiðar væri kr. 24.500. Hefði greiðslumatið verið fullklárað og tekið tillit til rekstrarkostnaðar bifreiðar þá hefði niðurstaða þess átt að vera neikvæð um kr. 11.678 á mánuði.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að í málinu liggi fyrir að greiðslumat hafi verið framkvæmt vegna lántöku skuldara. Greiðslumatið hafi verið jákvætt og gefið til kynna fullnægjandi greiðslugetu útgefanda veðskuldabréfsins. Greiðslumatið hafi verið merkt: „Ath. þetta greiðslumat er ekki merkt fullklárað!“. Samkvæmt greiðslumatinu hafi sóknaraðili ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Greiðandi og ábyrgðarmenn hafa fengið afhent, kynnt sér og skilið þetta mat á greiðslugetu greiðanda og samþykkt það sem fullnægjandi fyrir sig. Þeir hafi einnig kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila.“. Sóknaraðili hafi því lýst því yfir að hún væri upplýst um forsendur greiðslumatsins þegar hún hafi gengist í ábyrgð fyrir aðalskuldara.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt áðurnefndu skuldabréfi hafi sóknaraðili ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Með undirritun sinni á skuldabréf þetta staðfesta sjálfskuldarábyrgðaraðilar að þeir hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings FF um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, en FF er aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytendasamtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.“ Á lánsúmsókn aðalskuldara hafi sóknaraðili sömuleiðis ritað undir svohljóðandi yfirlýsingu: „Hef kynnt mér efni bæklings um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, auk samkomulags um sama efni sem fjármálastofnanir eiga aðild að“.

Varnaraðili kveðst ekki geta borið ábyrgð á því hvort þær upplýsingar sem aðalskuldari hafi lagt fram við gerð greiðslumats hafi verið réttar. Í því sambandi bendir bankinn á úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 2/2009. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðili beri sönnunarbyrðina fyrir því að aðalskuldari hafi haft rekstur bifreiðar á þeim tíma sem greiðslumat hafi farið fram. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki sýnt fram á það með neinum hætti.

Varnaraðili telur rétt að taka fram að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi ekki lagagildi og feli ekki í sér ófrávíkjanlegar formreglur sem sjálfkrafa hafi þær afleiðingar að ógilda beri ábyrgðaryfirlýsingu hafi samkomulaginu ekki verið fylgt til hlítar. Það sé afstaða varnaraðila að meta þurfi allar aðstæður við lánveitingu, samning aðila og önnur atriði sem varpað geti ljósi á það hvort ógilda beri ábyrgðina og þá í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sem sé sú lagastoð sem byggja verði á í slíku mati. Sóknaraðili hafi hvorki vísað til né fært fyrir því rök að atvik hafi verið með þeim hætti að þau falli undir 36. gr. laga nr. 7/1936. Varnaraðili vísar til úrskurðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki í máli nr. 131/2012. Jafnframt vísar varnaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 116/2010. Niðurstaða dómsins styrki afstöðu varnaraðila um að skoða þurfi atvik máls og aðstöðu málsaðila í hverju máli fyrir sig sérstaklega í ljósi áðurnefndrar 36. gr. laga nr. 7/1936.

Varnaraðili telur ótrúverðuga þá fullyrðingu sóknaraðila að hún hafi ekki verið upplýst um fjárhagslega stöðu aðalskuldara þegar sóknaraðili hafi gengist í ábyrgð fyrir skuldbindingum hans. Hafi sóknaraðili hagað gerðum sínum á þann hátt að skrifa undir yfirlýsingu um ábyrgð án þess að kynna sér skilmála lánsins og greiðslumat aðalskuldara verði hún að bera hallann af því, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 669/2010. Sóknaraðila hafi enda verið í lófa lagið að láta ógert að rita nafn sitt án þess að afla nægilegrar vitneskju um þessi atriði. Þá liggi ekkert fyrir um að starfsmenn

varnaraðila hafi beitt sóknaraðila þrýstingi til að aðhafast eitthvað sem hún hafi ekki verið fús til.

Þessu til viðbótar telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu framangreindrar ábyrgðarskuldbindingar fallna niður vegna tómlætis af hennar hálfu. Sóknaraðili hafi ritað undir áður nefnda ábyrgðarskuldbindingu 26. júní 2006 og hafi fyrst verið gerðar athugasemdir við ábyrgðina 14. nóvember 2013 eða rúmum sjö árum eftir að sóknaraðili hafi gengist í umrædda ábyrgð. Varnaraðili vísar framangreindu til stuðnings til forsendna héraðsdóms í dómi Hæstaréttar nr. 575/2012.

Varnaraðili telur framangreinda ábyrgðaryfirlýsingu gilda. Í undirritun sóknaraðila á skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmaður felist loforð sem skuldbindi sóknaraðila að lögum. Sönnunarbyrði um að skuldbinding sóknaraðila sé fallin úr gildi eða ógild hvíli á sóknaraðila. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að ósanngjarnt sé af hálfu varnaraðila að bera fyrir sig ábyrgð hans samkvæmt skuldabréfinu, hvað þá að önnur skilyrði 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt. Þegar sóknaraðili hafi undirritað umrætt skuldabréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili hafi falist í því loforð sem skuldbindi sóknaraðila að lögum til að tryggja efndir samkvæmt skuldabréfinu. Að því virtu og þegar framangreind atriði séu metin heildstætt verði ekki talið að sóknaraðili hafi sýnt fram á að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar ábyrgðarskuldbindingu hans á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Með vísan til alls framangreinds telur varnaraðili sjálfskuldarábyrgð þá sem sóknaraðili hafi gengist í til tryggingar á áður nefndu veðskuldabréfi gilda og beri því að hafna kröfu sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. Z og endurgreiðslu ofgreidds fjár.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. FF var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Bendi niðurstaða greiðslumats til þess að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í máli þessu liggur fyrir skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ með athugasemdinni „Ath. þetta greiðslumat er ekki merkt fullklárað!“, undirritað af sóknaraðila, A og B. Fram kom að áætluð greiðslugeta að teknu tilliti til skulda væri

kr. 12.822. Í þessu ljósi leikur vafi á hvort varnaraðili framkvæmdi greiðslumat í umrætt sinn og uppfyllti þannig lágmarksskilyrði 3. gr. samkomulagsins að því leyti.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafi greiðslumat ekki verið fullklárað, en samkvæmt upplýsingum frá skuldara hafi hann verið með bifreið við útgáfu skuldabréfsins en ekki sé gert ráð fyrir því í greiðslumatinu.

Sóknaraðili hefur hvorki fært fram gögn til stuðnings framangreindri fullyrðingu um að útgefandi umþrætts skuldabréfs hafi rekið bifreið við útgáfu skuldabréfsins, né sýnt fram á að lánveitandanum hafi þá mátt vera það ljóst. Verður sóknaraðili að bera hallann af því að ekkert liggur fyrir um þetta.

Af því leiðir að ekkert liggur fyrir um að niðurstaða greiðslumatsins sé röng, þrátt fyrir að fram komi að það hafi ekki verið merkt fullklárað, enda hefur sóknaraðili ekki fært fram rök, önnur en að framan greinir, til stuðnings fullyrðingum sínum um að því hafi verið áfátt. Þá er til þess að líta að á skjalinu er mjög skýrlega tekið fram að greiðslumatið sé ekki merkt fullklárað og að það sé byggt á upplýsingum sem umsækjandi hafi gefið á sína ábyrgð. Er afdráttarlaus sú undirritaða yfirlýsing sóknaraðila að hún hafi talið greiðslumatið fullnægjandi fyrir sig. Við þetta bætist að um leið og sóknaraðili undirritaði sjálft skuldabréfið kaus hún að kvitta sérstaklega við þann valkost að hún óskaði eftir undanþágu frá mati á greiðslugetu greiðanda.

Í ljósi alls framangreinds eru ekki fyrir hendi forsendur í máli þessu til að víkja sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila til hliðar, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Verður kröfu sóknaraðila því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 28. febrúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 28. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 105/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 9. desember 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 9. desember 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. desember 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 3. janúar 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. janúar 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 2. febrúar 2014.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 28. febrúar 2014.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili er eigandi fasteignarinnar A. Á fasteigninni varð tjón af völdum jarðskjálfta 29. maí 2008 sem Viðlagatrygging Íslands náði til.

Þann 15. október 2013 barst sóknaraðila tilkynning um greiðslu tjónabóta vegna A frá Viðlagatryggingu Íslands. Í tilkynningunni kom fram að við vinnslu málsins fyrir úrskurðarnefnd hefði komið í ljós að váttryggingarbætur vegna jarðskjálftatjóns á fasteign sóknaraðila, A, af völdum jarðskjálfta 29. maí 2008, sem stjórn Viðlagatrygginga Íslands úrskurðaði 10. janúar 2012, væru ógreiddar. Ógreiddar váttryggingabætur voru kr. 3.467.424, vextir og dráttarvextir voru kr. 803.621, samtals kr. 4.271.045. Fram kom að í ljósi þess að B og C nytu veðréttinda í eign sóknaraðila, teldust þeir meðváttryggðir skv. 42. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Þann 15. október 2013 var C send tilkynning um greiðslu tjónabóta vegna A. Í bréfinu kom m.a. fram að kysi meðváttryggður að nýta rétt sinn til að tryggja að tjónabætur yrðu notaðar til endurbóta á eigninni væru meðváttryggður og tjónþoli

beðnir um upplýsingar um bankareikning sem þeir gætu einungis farið með sameiginlega innan 20 daga frá dagsetningu bréfsins. Næðist ekki samkomulag um sameiginlegan bankareikning gæti meðváttryggður gert kröfu til þess innan 20 daga frá dagsetningu bréfsins að stofnaður yrði geymslureikningur í eigu tjónþola, þar sem skilyrði Viðlagatryggingar yrðu þau að samþykki meðváttryggða lægi fyrir við útborgun fjárens. Hefði meðváttryggður ekki upplýst Viðlagatryggingu um ákvörðun sína innan 20 daga eða ákvörðun meðváttryggða væri að nýta sér ekki fyrrgreindan rétt sinn yrði litið svo á að hann hefði engar athugasemdir við fyrirhugaða útborgun tjónabóta til tjónþola.

Þann 19. nóvember 2013 geymslugreiddi Viðlagatrygging Íslands váttryggingabætur vegna tjóns á gamla íbúðarhúsinu á A skv. úrskurði stjórnar Viðlagatryggingar 10. janúar 2012. Samkvæmt kröfu meðváttryggða og til þess að tryggja rétt hans voru váttryggingarbæturnar greiddar inn á geymslureikning hjá varnaraðila. Skilyrði fyrir útborgun var að samþykki beggja lægi fyrir.

Þann 20. nóvember 2013 barst sóknaraðila tilkynning um geymslugreiðslu frá Viðlagatryggingu Íslands. Í samræmi við úrskurð stjórnar Viðlagatrygginga um váttryggingarbætur vegna eignarinnar að A stóð Viðlagatrygging Íslands skil á bótageiðslu ásamt vöxtum að fjárhæð kr. 854.079 inn á geymslureikning hjá varnaraðila í samræmi við 48. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og lög nr. 9/1978 um geymslufé.

Þann 28. nóvember 2013 tilkynnti varnaraðili sóknaraðila um geymslugreiðsluna.

Sóknaraðili átti í tölvupóstsamskiptum við C vegna málsins í nóvember og desember 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 9. desember 2013.

Þann 27. desember 2013 framvísaði sóknaraðili samkomulagi milli sín og C þar sem fram kom að hinn síðarnefndi gæfi samþykki sitt fyrir útborgun geymslugreiðslunnar. Sóknaraðili millifærði því út af geymslureikningnum og var reikningurinn eyðilagður í kjölfarið.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða honum tafarlaust peninga af bankareikningi nr. X, að fjárhæð kr. 4.321.503, ásamt vaxtamun á þessum reikningi og dráttarvöxtum, 13% í stað 1,3%, frá 19. nóvember 2013 til greiðsludags. Auk þess krefst sóknaraðili annars kostnaðar sem af ólöglegri meingerð hafi hlotist, m.a. fyrirhöfn við að skrifa bréf til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðili kveður málið snúast um peninga sem hann eigi sannanlega í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar. Um sé að ræða bankareikning nr. X, sem hafi að geyma peninga að fjárhæð kr. 4.321.503, sem bankinn neiti að greiða honum út, en segi þess í stað að um geymslureikning sé að ræða skv. lögum nr. 9/1978. Segi bankinn að sóknaraðili þurfi að semja við C um „eitthvað“.

Sóknaraðili telur að forsendur fyrir geymslugreiðslu séu ekki til staðar, skv. 1. gr. laga nr. 9/1978. Sóknaraðili telur að greiðsla inn á geymslureikning hafi ekki verið nauðsynleg í máli þessu. Þá þurfi að skilgreina nákvæmlega hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að fá peninga greidda út. Það að segja að semja þurfi um „eitthvað“

uppfylli ekki skilyrði laga nr. 9/1978. Sóknaraðili byggir á því að hann sé eigandi þess fjár sem sé inni á umþrættum reikningi, samkvæmt úrskurði stjórnar Viðlagatryggingar Íslands frá 10. janúar 2012.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt kvittun fyrir innborgun á geymslureikning sé skilyrði útborgunar „að samþykki beggja aðila liggi fyrir“. Að öllu óbreyttu verði peningarnir inni á reikningnum í 20 ár og renni svo í ríkissjóð og verði sóknaraðila sem tjónþola aldrei til gagns, þar sem samkomulag náist ekki við meðvátryggðan, C. Búið sé að bjóða C að hluti af upphæðinni, eða hún öll, verði nýtt til greiðslu inn á höfuðstól láns. Því hafi C hafnað.

Sóknaraðili byggir á því að samkvæmt lögum nr. 9/1978 sé bankinn ábyrgur fyrir geymslufé þegar hann hafi tekið við því. Greiðandi geymslufjár sé búinn að losa sig undan ábyrgð með því að greiða það inn á geymslureikning, þ.e.a.s. hann fái banka til að taka við glæpnum.

Sóknaraðili telur tilgang þessarar ákveðnu geymslugreiðslu að greiðandi losni undan því að þurfa að borga hæstu löglegu dráttarvexti sem séu 13%. Í stað þess hafi þessir peningar verið á 1,3% vöxtum í bankanum, sem í dag sé neikvæð ávöxtun. Þannig hafi þessi gjörningur skaðað sóknaraðila fjárhagslega. Skuld sóknaraðila við C beri u.þ.b. 9% vexti, þ.e. 5,1% ásamt verðtryggingu. Þannig telur sóknaraðili að um ólögmæta meingerð af hálfu varnaraðila sé að ræða.

Sóknaraðili telur svarbréf varnaraðila, dags. 28. nóvember 2013, mjög illa ígrundað og óljóst. Virðist starfsfólk varnaraðila ekki bera skynbragð á það til hvaða verka það hafi látið nota sig. Fólk virðist helst halda að það byggi á 42. gr. laga nr. 30/2004 án þess að hafa lesið lagagreinina eða lögskýringargögn með henni, hvað þá myndað sér sjálfstæða skoðun á því hvort þessi lög eigi við í þessu tilfalli. Það hafi þýðingu við túlkun á 42. gr. að uppgreiðsluverðmæti skuldar sóknaraðila við C sé kr. 15 til 16 milljónir áður en aðgerðir ríkisstjórnarinnar komi þar til lækkunar. Brunabótamat veðsettra húseigna á móti láninu séu rúmar 170 milljónir.

Sóknaraðili telur að ekki sé um að ræða geymslugreiðslu í skilningi laga nr. 9/1978 heldur ólögmæta kyrrsetningu eigna hans. Bankar hafi ekki lagaheimild til að kyrrsetja eigur manna heldur sé það vald hjá sýslumönnum.

Í athugasemdum sóknaraðila, dags. 2. febrúar 2014, kemur fram að það sé rétt að C hafi ekki treyst sér lengur til að standa gegn því að sóknaraðili fengi peninga greidda út af umþrættum bankareikningi. Þessir peningar hafi verið endurgreiddir Viðlagatryggingu Íslands. Þeir hafi svo verið greiddir sóknaraðila af Viðlagatryggingu 2. janúar 2014, án vaxta.

Sóknaraðili telur að ástæða þess að C hafi gefið eftir sé sú að málið hafi verið komið til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Eftir standi að sóknaraðili eigi hugsanlega eftir að fá fleiri greiðslur frá sama aðila, þannig að sami leikurinn gæti endurtekið sig. Þess vegna sé nauðsynlegt að skorið sé úr um lögæti aðgerða varnaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að framangreind vinnubrögð varnaraðila séu andstæð 1. gr. laga nr. 9/1978. Það eitt að menn taki lán frá C réttlæti ekki vinnubrögð varnaraðila. Nú sé það svo að ekkert skyldi banka til að lána hverjum sem er, hvaða peningaupphæð sem er. Bankar meti það í hvert sinn hvort lána skuli aðilum eða ekki, á sínum eigin forsendum. Eins skyldi ekkert banka til að taka peninga til geymslugreiðslu á vafasömum forsendum. Það að banki eða bankamenn beri ekki ábyrgð á svona vinnubrögðum sé úreltur 2007 hugsunarháttur. Bankar og bankamenn séu ábyrgir í dag, sbr. fjölmörg mál sérstaks saksóknara.

Sóknaraðili telur mál þetta ójafnan leik. C og Viðlagatrygging Íslands, hvort tveggja ríkisfyrirtæki, með fulltingi varnaraðila, sem enginn veit hver eigi, standi gegn einum einstaklingi. Ljóst megi vera að sóknaraðili hafi orðið að borga 13% dráttarvexti af skuldum sem tilkomnar séu vegna þess að hann hafi ekki fengið þessa peninga til að greiða sínar skuldir m.a. við C. Krafa að fjárhæð kr. 24.000 hafi hækkað í kr. 30.000 við það eitt að fara inn í Motus. Það að setjast ofan á peninga fólks sé vísasta leiðin til að koma því í gjaldþrot.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili tali í sínu svari um dómsmál og Hæstaréttardóma. Þetta séu elítulögfræðingar en ekki sá raunveruleiki sem snúi að almenningi í svona máli. Það að fara dómstólaleiðina taki tíma. Það taki um hálf tónn að koma málinu í gegnum héraðsdóm og 1,5 ár að koma máli í gegnum Hæstarétt. Kostnaðurinn við slíkan málarekstur gæti orðið álíka hár og upphæðin í þessu máli, þ.e. rúmar 4 milljónir króna. Þannig sé svar varnaraðila að þessu leyti í rauninni ekkert annað en útúrsnúningur og raunveruleikaflótti.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi nú þegar fengið að taka út af geymslureikningnum og telur varnaraðili að krafa sóknaraðila hafi fallið niður með því að hann hafi tekið við geymslugreiðslunni frá varnaraðila.

Telur varnaraðili að eftir standi hvort sóknaraðili geti átt kröfu á hendur varnaraðila um mun á innlánsvöxtum geymslureikningsins og dráttarvöxtum á tímabilinu frá því að greiðandi hafi innt geymslugreiðsluna af hendi til varnaraðila þar til sóknaraðili hafi innleyst greiðsluna.

Varnaraðili telur að krafa sóknaraðila sé að þessu leyti með öllu órökstudd og telur þegar af þeirri ástæðu að hafna beri kröfu sóknaraðila. Telji sóknaraðili að ólöglegt skilyrði hafi verið sett fyrir geymslugreiðslunni þá beri honum að beina kröfu sinni áfram að greiðanda kröfunnar en ekki varnaraðila sem vörsluaðila geymslureikningsins. Sé sett ólöglegt skilyrði fyrir geymslugreiðslu sé afleiðingin sú að greiðandi losni ekki undan greiðsluskyldu sinni, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 253/2004.

Varnaraðili hafnar því að með því að taka við geymslugreiðslu þar sem greiðandi kundi að hafa sett skilyrði sem ekki leysi þann ágreining sem leiddi til geymslugreiðslunnar, geti varnaraðili borið ábyrgð á þeim vanskilavöxtum sem greiðandi hafi freistast til að losna undan með því að geymslugreiða. Kröfuhafi geti einfaldlega beint kröfu sinni að greiðandanum, enda hafi hann þá ekki greitt með fullnægjandi hætti, sbr. einnig dóm Hæstaréttar í máli nr. 421/1999, þar sem afleiðing þess að skilyrði geymslugreiðslu voru ekki til staðar hafi orðið sú að greiðandi taldist ekki hafa greitt.

Varnaraðili byggir á því að það sé ekki á ábyrgð bankans að skera úr um gildi skilyrða sem sett séu fyrir geymslugreiðslu, enda væri úrræðið sem slíkt óframkvæmanlegt væri sú túlkun fyrir hendi. Að mati varnaraðila hafi sóknaraðili auk þess með engu móti sýnt fram á með óyggjandi hætti að skilyrði greiðslunnar hafi verið ólöglegt. Vísað hafi verið til ákvæða um váttryggingarsamninga sem fjalli þvert á móti sérstaklega um að aðili í stöðu C teljist meðváttryggður og geti átt óskiptan rétt til tryggingarþóta með váttryggðum. Telur varnaraðili fráleitt að sú skylda geti verið lögð á aðila sem taki við geymslugreiðslum að þeir skeri úr um ágreiningsmál sem

kunni að valda geymslugreiðslu. Enda sé það á ábyrgð greiðanda að setja lögmæt skilyrði fyrir útborgun geymslufjár ætli hann að losna undan greiðsluskyldu sinni.

V.

Niðurstaða.

Sóknaraðili krafðist þess á kvörtunareyðublaði til nefndarinnar að varnaraðila yrði gert að greiða honum út innstæðu á geymslureikningi nr. X, að fjárhæð kr. 4.321.503, ásamt vaxtamun á þessum reikningi og dráttarvöxtum, 13% í stað 1,3%, frá 19. nóvember 2013 til greiðsludags. Auk þess krafðist sóknaraðili málskostnaðar fyrir úrskurðarnefndinni.

Sóknaraðili fékk greitt út af umþrættum reikningi og var reikningurinn eyðilagður í kjölfarið, þann 27. desember 2013.

Í athugasemdum sóknaraðila, dags. 2. febrúar 2014, kom fram að nauðsynlegt væri að fá skorið úr um lögmæti aðgerða varnaraðila, þar sem sóknaraðili ætti hugsanlega eftir að fá frekari greiðslur frá Viðlagatryggingu Íslands.

Í 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár.

Varnaraðila verður eðli máls samkvæmt ekki gert að greiða sóknaraðila innstæðu á reikningi eftir að hún hefur verið honum greidd. Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfu sóknaraðila um að bankanum verði gert að greiða sóknaraðila innstæðu á geymslureikningi nr. X.

Krafa sóknaraðila um mat á lögmæti aðgerða varnaraðila verður ekki metin til fjár eins og hún er fram sett. Verður því ekki hjá því komist að vísa þeirri kröfu sóknaraðila frá nefndinni, með vísan til b-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Með vísan til framangreinds lýtur ágreiningur aðila fyrir nefndinni að því hvort varnaraðila beri að greiða sóknaraðila vaxtamun á geymslureikningi nr. X og 13% vaxta.

Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallar nefndin ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Kröfu sinni til stuðnings vísar sóknaraðili til þess að tilgangur geymslugreiðslunnar hafi verið sá að greiðandi losnaði undan því að borga 13% dráttarvexti.

Sóknaraðili færir annars engin rök fyrir því að varnaraðila beri að standa sóknaraðila skil á umræddum vaxtamun, þvert á móti vísar hann til aðgerða greiðanda, Viðlagatryggingar Íslands, kröfunni til stuðnings. Er með öllu óljóst af hverju varnaraðili ætti að bera ábyrgð á umræddum vaxtamun eða á hvaða grundvelli varnaraðili hefði með réttu getað greitt sóknaraðila út féð fyrr en gert var. Mál sóknaraðila gegn varnaraðila er að þessu leyti óljóst og illa upplýst. Verður því ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila um vaxtamun á geymslureikningi og 13% vöxtum frá nefndinni, með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðili krefst málskostnaðar fyrir úrskurðarnefndinni. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur samkvæmt samþykktum fyrir nefndina enga heimild til að ákvarða sóknaraðila málskostnað í málinu og verður kröfu sóknaraðila þar að lútandi því vísað frá, sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 172/2012.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um að varnaraðili, F, greiði honum innstæðu á reikningi nr. X er hafnað.

Kröfu sóknaraðila um mat á lögmæti aðgerða varnaraðila er vísað frá.

Kröfu sóknaraðila um að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila mun á vöxtum geymslureiknings nr. X og 13% vöxtum er vísað frá.

Kröfu sóknaraðila um málskostnað er vísað frá.

Reykjavík, 28. febrúar 2014.

Haukur Guðmundsson

Geir Arnar Marelsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 14. mars, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Jón Magnússon, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 106/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 10. desember 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 10. desember 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. desember 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 17. janúar 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. janúar 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi, dagsettu 28. janúar 2014.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. febrúar og 14. mars 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 24. júní 2005 var veðskuldabréf í erlendum gjaldmiðlum, nr. X, að fjárhæð USD 17.262, GBP 3.164, CHF 7.357, JPY 626.959 og EUR 19.105, að jafnvirði kr. 3.800.000, gefið út af sóknaraðila til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu.

Þann 29. júní 2005 var kaupnóta nr. X hjá FF dagsett. Samkvæmt henni voru keyptir USD 17.262, kaupgengi 65,11, upphæð í ISK 1.123.929, GBP 3.164, kaupgengi 117,30, upphæð í ISK 371.137, CHF 7.357, kaupgengi 50,65, upphæð í ISK 372.632, JPY 626.959, kaupgengi 5,887, upphæð í ISK 369.091, EUR 19.105, kaupgengi 78,35, upphæð í ISK 1.496.877, heildarlán í íslenskum krónum var kr. 3.733.666, til útborgunar var kr. 3.693.529, þ.e. að teknu tilliti til lántöku- og skjalagerðargjalda.

Þann 30. maí 2013 barst sóknaraðila bréf frá varnaraðila þar sem fram kom að lán sóknaraðila væri löglegt og yrði ekki endurreiknað á grundvelli dóma Hæstaréttar frá 16. febrúar 2012 og 18. október 2012.

Þann 11. ágúst 2013 óskaði sóknaraðili eftir kvittun eða ígildi kvittunar fyrir hverri hreyfingu skuldabréfsins fyrir sig.

Þann 19. ágúst neitaði varnaraðili að senda sóknaraðila bókhaldsgögn en gaf sóknaraðila upplýsingar um það hvernig greiðsluseðlar vegna skuldabréfsins væru útbúnir.

Fyrir liggur endurreikningur sóknaraðila á skuldabréfi nr. X. Samkvæmt útreikningnum var fyrri útreikningur kr. 4.509.431, ný niðurstaða skv. kvittanadómi var kr. 3.053.192 og reiknuð lækkun höfuðstóls var kr. 1.456.239.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 10. desember 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili afhendi honum gögn sem sýni með óyggjandi hætti að framkvæmd bankans á umræddu láni hafi falið í sér þær gjaldeyrishreyfingar sem óhjákvæmilegt er að hafi átt sér stað ef flokkun bankans á umræddu láni er rétt, þ.e. „löglegt lán í erlendum myntum“. Ennfremur að staðfest verði með gögnum að umrætt lán hafi í bókum bankans verið skráð í þeim myntum sem fram komi í lánsskjölum.

Sjái varnaraðili einhverja meinbugi á því að afhenda sóknaraðila umrædd gögn krefst sóknaraðili þess til vara að úrskurðarnefndin fái aðgang að nægilegum gögnum til að hægt verði að staðfesta að umrædd gögn séu til hjá bankanum.

Sóknaraðili kveðst munu leggja fram kröfu á varnaraðila til leiðréttingar á uppgjöri umrædds láns neiti bankinn eða geti ekki lagt fram þau gögn sem um ræði. Um sé að ræða kröfu að fjárhæð kr. 1.469.597.

Sóknaraðili vísar kröfu sinni til stuðnings til þess að hann sé ósáttur við flokkun varnaraðila á umræddu láni sem „löglegu láni í erlendum myntum“. Sóknaraðili hafi á sínum tíma verið með tvö sams konar lán hjá bankanum en í meðförum bankans hafi þessi tvö lán fengið mismunandi flokkun. Byggi sú afstaða varnaraðila á því að eldra láni hafi verið skuldbreytt í gengistryggt lán en lánið sem hér um ræði hafi verið lán sem tekið hafi verið í upphafi sem gengistryggt lán. Enginn geti með góðum rökum borið á móti því að sóknaraðili hafi verið að kaupa sömu vöruna í báðum tilfellum en flokkun bankans byggi á þeim skjölum sem gefin hafi verið út.

Sóknaraðili telur að flokkun sem þessi geti aldrei snúist eingöngu um form skjala heldur hljóti framkvæmd bankans á viðkomandi láni einnig að koma til skoðunar. Eitt af því sem óhjákvæmilega fylgi því að flokka lán sé að í bókum bankans sé staða viðkomandi láns skráð í umræddum myntum. Af því leiði að framkvæma þurfi gjaldeyrishreyfingar í hvert skipti sem afborgun eigi sér stað þar sem afborgun lánsins hafi farið fram í íslenskum krónum. Geti bankinn ekki staðfest að framkvæmd hans á umræddu láni hafi falið í sér gjaldeyrishreyfingar og lánið hafi verið skráð í bókum bankans í viðkomandi myntum telur sóknaraðili óhjákvæmilegt að bankinn breyti flokkun sinni á umræddu láni og endurreikni það miðað við dóma Hæstaréttar í málum nr. 600/2012 [svo] og 464/2012.

Sóknaraðili hafnar þeim röksemdum varnaraðila að krafan sé óljós. Krafan sé ekki óljósari en svo að varnaraðili treysti sér að rekja í svarbréfi sínu af hverju umbeðnar upplýsingar skipti ekki máli við úrlausn þess ágreinings sem að baki kröfunni liggi.

Sóknaraðili bendir á að glögglega megi greina af bréfi varnaraðila frá 19. ágúst 2013 að bankinn geri sér fulla grein fyrir því um hvaða upplýsingar sé að ræða. Í því bréfi sé lýst nokkuð skýrt hvernig verkferlið sé hjá bankanum varðandi meðhöndlun á erlendum lánnum. Krafa sóknaraðila sé að staðfesting fái á því að umrætt lán hafi fengið þá meðhöndlun sem lýst sé í þessu bréfi varnaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að aðilar geti haft sína skoðun á því hvort umrædd gögn hafi mikil eða lítil áhrif á úrlausn endanlegs ágreinings millum aðila, þ.e. hvort umrætt lán hafi verið löglegt erlent lán eða lán ólöglega bundið gengi erlendra gjaldmiðla. Miðað við forsögu málsins skeri dómstólar væntanlega úr um það.

Sóknaraðili hafnar því að ekki sé hægt að meta kröfuna til fjár. Fyrir liggi útreikningur á þeirri kröfu sem sóknaraðili hafi uppi til leiðréttingar umræddu láni. Vissulega sé það svo að svarið við ofangreindri spurningu dugi sennilega ekki eitt og sér til að skera úr um lögmæti þeirrar fjárkröfu sem uppi sé höfð í málinu og örugglega verði það verkefni dómstóla að skera úr um það endanlega en ekki sé deilt um upphæð kröfunnar í máli þessu. Reyndar sé ekki hægt að útiloka að varnaraðili breyti flokkun sinni komi í ljós að bankinn geti ekki orðið við kröfunni um að sýna fram á tilvist umbeðinna gagna og þá endurreikna lánið í framhaldinu.

Sóknaraðili bendir á að í svari varnaraðila sé í nokkrum atriðum fjallað um hið endanlega ágreiningsefni, þ.e. flokkun bankans á umræddu láni og ýmis atriði reifuð sem varnaraðili telji skipta máli við úrlausn þess ágreinings. Sóknaraðili kveðst ekki sjá ástæðu til að fjalla ítarlega um þær röksemdir enda sé þar um að ræða atriði sem séu erindinu sem liggi fyrir úrskurðarnefndinni óviðkomandi á sinn hátt. Það sé engu að síður fróðlegt að sjá hvaða röksemdir bankinn kunni að bera fyrir sig þegar komi að málarekstri fyrir dómstólum og af þeim sökum sé gagnlegt að hafa þessar upplýsingar. Það muni vafalaust nýtast við kröfugerðina þegar þar að komi. Þó séu nokkur atriði í bréfi varnaraðila sem sóknaraðili vilji gera athugasemdir við.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili vísi m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 155/2011 og telji að það mál sýni að umbeðin gögn hafi litla eða enga þýðingu varðandi mat á lögmæti lánsskuldbindinga í erlendum myntum. Í því máli hafi form og efni samninga verið þannig að ekki hafi verið hægt að líta á viðkomandi lán sem erlent lán og hafi þá engu skipt þótt sýnt hafi verið fram á að gjaldeyrisviðskiptin hafi átt sér stað. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en bankinn hafi einmitt beitt þeim rökum fyrir sig að gjaldeyrishreyfingar hafi átt sér stað. Dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé nóg að sýna fram á gjaldeyrishreyfingar til að lán teljist vera löglegt erlent lán. Í umræddu máli hafi ekki verið til umfjöllunar hvort lán geti talist erlent lán án þess að gjaldeyrishreyfingar hafi átt sér stað. Rök varnaraðila haldi því ekki vatni. Tilvísun í þennan dóm hafi því enga merkingu hvað varði úrlausn ágreiningsefnisins. Varnaraðili hafi flokkað umrætt lán sem erlent lán án þess að sýna fram á að nokkrar gjaldeyrishreyfingar hafi átt sér stað og þrátt fyrir margítrekaðar óskir þar að lútandi.

Sóknaraðili telur skjalið „Kaupnóta“ ekki hafa neina merkingu. Skjal þetta sé augljóslega ekki afrit neins sem gefið hafi verið út á þeim tíma sem lánið hafi verið veitt, þ.e. 29. júní 2005. Nægi að nefna að í haus skjalsins sé sóknaraðili skráður með heimilisfang að C sem sé núverandi lögheimili hans. Á þeim tíma sem umrætt lán hafi verið tekið hafi sóknaraðili verið með lögheimili á allt öðrum stað. Ennfremur þyki

sóknaraðila það rýra gildi þessa skjals að það beri yfirskriftina „Kaupnóta“ og þar séu taldar upp upphæðir í erlendum myntum ásamt kaupgengi viðkomandi mynta. Við útgáfu lánsins hafi það átt að vera íslenskrar krónur sem hafi verið keyptar fyrir jafngildisupphæðir í erlendum myntum, frekar en öfugt. Sóknaraðili hafi fengið upphaflegan höfuðstól greiddan út í íslenskum krónum. Þegar greitt hafi verið af láninu hafi hins vegar átt að eiga sér stað kaup á erlendum gjaldeyri í þeim hlutföllum sem komið hafi fram á hverjum greiðsluseðli fyrir sig og þær upphæðir lagðar inn á erlendu skuldbindinguna. Ógerningur sé af þessum sökum að líta á þetta skjal sem nokkurs konar staðfestingu á því að gjaldeyrisviðskipti hafi átt sér stað árið 2005. Þess í stað virðist hafa verið um málamyndagerning að ræða, í besta falli ósannfærandi.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá nefndinni en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til stuðnings aðalkröfu sinni bendir varnaraðili á að í kvörtun sóknaraðila felist krafa um að varnaraðili framvísi ótilgreindum gögnum um gjaldeyrisviðskipti og afhendi sóknaraðila eða úrskurðarnefndinni.

Varnaraðili telur ljóst að krafa sóknaraðili um afhendingu gagna uppfylli ekki skilyrði b-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki þar sem sú krafa verði ekki metin til fjár. Ekki sé um að ræða kröfu um peningagreiðslu eða kröfu sem jafnað verði til beinnar fjárkröfu.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt framsetningu sóknaraðila á kvörtuninni verði ekki séð að hann geri sérstaka fjárkröfu heldur lýsi sóknaraðili því einfaldlega yfir að ef umbeðin gögn verði ekki afhent þá muni hann leggja fram tiltekna fjárkröfu. Geti varnaraðili því ekki séð að í kvörtun sóknaraðila felist beiðni um að í máli þessu verði fjallað um þá kröfu enda áskilji sóknaraðili sér sérstaklega rétt til að gera slíka kröfu síðar. Telur varnaraðili því einsýnt að úrskurðarnefndinni beri eingöngu að líta til þeirrar kröfu sem sóknaraðili hafi raunverulega lagt fram og verði því að vísa kvörtun sóknaraðila frá nefndinni þar sem yfirlýsing um að fjárkrafa kunni síðar að vera lögð fram geti ekki talist krafa sem metin verði til fjár að svo stöddu.

Varnaraðili telur kröfu sóknaraðila af framangreindum sökum einnig svo óljósa og óskýra að málið sé ekki tækt til úrskurðar og beri að vísa kvörtun sóknaraðila frá með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar.

Af framansögðu krefst varnaraðili þess að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni án efnislegrar meðferðar.

Telji úrskurðarnefndin skilyrði til staðar fyrir því að kvörtun sóknaraðila verði tekin til efnislegrar meðferðar krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili bendir á að á kaupnótu skuldabréfs sóknaraðila sé að finna lýsingu á þeim gjaldeyrisviðskiptum sem lýst hafi verið fyrir sóknaraðila í bréfum varnaraðila. Telur varnaraðili ljóst að kaupnótan sé að fullu leyti til staðfestingar á þeirri framkvæmd sem varnaraðili hafi lýst. Hafi sóknaraðili ekki skilgreint nánar eftir hvaða gögnum hann óski og telur varnaraðili að með framlagðri kaupnótu hafi fullnægjandi gögn verið lögð fram til staðfestingar á þeim gjaldeyrisviðskiptum er fram hafi farið við útborgun lánsins.

Varnaraðili vísar til þess að af kvörtun sóknaraðila verði ráðið að krafa um framangreind gögn byggi á því að sóknaraðili telji slík gögn hafa úrslitavald við mat á því hvort umþrætt skuldabréf teljist gilt lán í erlendum myntum eða lán í íslenskum krónum ólöglega bundið gengi erlendra gjaldmiðla. Óháð því hvort nefndin telji efni framlagðrar kaupnótu nægilega staðfesta gjaldeyrisviðskipti eða ekki telur varnaraðili rétt að taka fram að Hæstiréttur hafi talið vægi slíkra gagna lítið. Þvert á móti hafi slík gögn litla sem enga þýðingu við mat á lögmæti lánskuldbindinga í erlendum myntum. Um það megi vísa til dóms Hæstaréttar í máli nr. 155/2011, þar sem hafi verið lögð fram gögn sem sannanlega hafi sýnt fram á gjaldeyrisviðskipti í tengslum við lánveitingu. Í málinu hafi Hæstiréttur hins vegar lítið til þess hvernig lánsfjárhæðin hafi verið tilgreind í samningi aðila og hvernig efndir á aðalskyldum aðila skyldu fara fram. Þar sem eina tilgreining lánsfjárhæðar hafi verið í íslenskum krónum og báðir samningsaðilar skyldu efna aðalskyldur sínar í íslenskum krónum hafi niðurstaða réttarins verið sú að um ólöglega gengistryggt lán væri að ræða. Skipti þá engu máli þótt sýnt hefði verið fram á að raunveruleg gjaldeyrisviðskipti hefðu farið fram.

Varnaraðili byggir á því að af fyrirliggjandi réttarframkvæmd verði ráðið að form og efni samninga skipti mestu máli við mat á því hvort skuldbinding teljist að sönnu í erlendri.

Kröfur sóknaraðila eru að mati varnaraðila óskýrar en ljóst sé að sóknaraðili álíti lán sitt ólöglega gengistryggt andstætt því sem varnaraðili hafi talið. Varnaraðili hafi tilkynnt sóknaraðila að umþrætt lán hans teldist löglegt lán í erlendum myntum, m.a. með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 524/2011. Telji úrskurðarnefndin að taka verði til umfjöllunar þá kröfu sem sóknaraðili lýsi yfir að hann kunni að leggja fram vill varnaraðili áréttta að slíkri kröfu beri að hafna þar sem um sé að ræða lögmætt lán í erlendum myntum.

Varnaraðili vísar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 524/2011, 715/2012, 757/2012 og 3/2013 máli sínu til stuðnings. Í forsendum fyrir niðurstöðu þeirra mála hafi verið vísað til þess að um væri að ræða lánskuldbindingar sem byggðar væru á skuldabréfum, sem eins og önnur viðskiptabréf, hafi að geyma tæmandi lýsingu á þeim réttindum sem þau veiti og takmörkunum sem á þeim kunni að vera. Eigi það einnig við um lán sóknaraðila og hafi önnur gögn sem sóknaraðili hafi ekki tilgreint hver séu og hafi ekki undir höndum, en telji geta haft áhrif við slíkt mat, engin áhrif við mat á lögmæti lánsins þar sem hér sé um viðskiptabréf að ræða.

Varnaraðili bendir á að sé umþrætt skuldabréf sóknaraðila borið saman við forsendur Hæstaréttar í máli nr. 524/2011 megi sjá að öll atriðin sem ráðið hafi úrslitum í málinu eigi við um skuldabréf sóknaraðila. Aukinheldur vísar varnaraðili til dóma Hæstaréttar í málum nr. 446/2013 og 499/2013, en skuldabréf sóknaraðila sé að öllu leyti sambærilegt þeim skuldabréfum sem þar hafi reynt á. Í forsendum beggja dóma sé þeim skuldabréfum sem þar hafi á reynt ítarlega lýst og við einfaldan samanburð sé ljóst að um sé að ræða lánsform sambærilegt umþrættu skuldabréfi.

Af framansögðu telur varnaraðili ljóst að skuldabréf sóknaraðila teljist gilt lán í erlendum myntum og beri af þeim sökum að hafna kröfu sóknaraðila, sem varnaraðili telur sóknaraðila þó ekki hafa borið upp með réttum hætti í máli þessu.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að afhendingu gagna varðandi gjaldeyrisviðskipti í tengslum við skuldabréf nr. X, útgefnu af sóknaraðila til FF.

Í 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er fjallað um þau mál sem nefndin fjallar ekki um. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktanna fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili afhendi sóknaraðila eða úrskurðarnefndinni gögn í tengslum við gjaldeyrisviðskipti í tengslum við skuldabréf nr. X.

Sóknaraðili hefur enga beina fjárkröfu uppi í málinu og telur þvert á móti að röksemdir varnaraðila um flokkun bankans á umþrættu láni sem láni í erlendri mynt sé kvörtun sóknaraðila fyrir nefndinni óviðkomandi. Þá kveðst sóknaraðili munu leggja fram kröfu á hendur varnaraðila til leiðréttingar á uppgjöri umþrætts láns neiti bankinn eða geti ekki lagt fram þau gögn sem ágreiningur aðila lýtur að en um sé að ræða kröfu að fjárhæð kr. 1.469.597. Ekki verður lesið út úr kvörtun sóknaraðila og málatilbúnaði að sóknaraðili krefjist endurreiknings í máli þessu miðað við umræddan útreikning, enda ætlar sóknaraðili að leggja fram þá kröfu síðar, byggt á því hvort hann fái afhent þau gögn sem hann krefst í máli þessu.

Í ljósi framangreinds hefur sóknaraðili enga beina fjárkröfu uppi í málinu og verður krafa sóknaraðila eins og hún er fram sett ekki metin til fjár. Í ljósi þess að krafa sóknaraðila er ekki fjárhagsleg, ber að vísa málinu frá, sbr. b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 14. mars 2014.

Haukur Guðmundsson

Jón Magnússon

Jóhann Tómas Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Unnur Erla Jónsdóttir

Ár 2014, föstudaginn 28. mars er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Haukur Guðmundsson formaður, Geir Arnar Marelsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Unnur Erla Jónsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 107/2013**:

M
gegn
F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 17. desember 2013, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 16. desember 2013. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. desember 2013, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dagsettu 15. janúar 2014. Var bréfið sent sóknaraðila, með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. janúar 2014, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. febrúar, 14. og 28. mars 2014.

II.

Málsatvik.

Þann 12. desember 2007 óskaði A eftir láni að fjárhæð kr. 1.000.000 frá FF með „Lánumsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“. Sóknaraðili skrifaði undir skjalið þann 14. desember 2007. Nýta átti skuldabréfið til að greiða upp ýmsar skuldir vegna framkvæmda við húsið. Gert var ráð fyrir greiðslumati á skjalinu en reitir þess efnis voru fylltir út með kr. 0. Með skjalinu staðfesti sóknaraðili að hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir.

Þann 12. desember 2007 var skjalið „Niðurstöður greiðslumats“ undirritað af A og B, maka hennar. Samkvæmt greiðslumatinu voru ráðstöfunartekjur samtals kr. 354.393, áætluð greiðslugeta án tillits til lána var kr. 118.113 og til ráðstöfunar eftir framfærslu og greiðslu lána á mánuði var kr. 16.771. Eignir samtals voru kr. -146.487 og skuldir samtals voru kr. 21.137.955.

Þann 12. desember 2007 var skuldabréf nr. X, að fjárhæð kr. 1.000.000, gefið út af A til FF. Varnaraðili hefur nú tekið yfir réttindi og skyldur FF skv. skuldabréfinu. Sóknaraðili tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu skuldabréfsins.

Þann 18. desember 2007 skrifaði sóknaraðili á ný undir skjal með yfirskriftinni „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“, sem A hafði skrifað undir 12. desember 2007. Á skjalið var komið greiðslumat. Samkvæmt greiðslumatinu var matsverð eigna alls kr. 0, skuldir alls voru kr. 20.137.955, hrein eign var neikvæð um kr. 20.137.955. Ráðstöfunartekjur fjölskyldu voru mánaðarlega kr. 354.393 og árlega kr. 4.252.716, greiðslubyrði af öðrum lánum var kr. 86.174 mánaðarlega og kr. 1.034.088 árlega, greiðslubyrði af nýju láni var mánaðarlega kr. 15.168 og árlega kr. 182.016, greiðslubyrði samtals var kr. 101.342 mánaðarlega og kr. 1.216.104 árlega og áætlaður framfærslukostnaður og föst útgjöld voru mánaðarlega kr. 193.753 og kr. 2.325.036 árlega. Ráðstöfunartekjur eftir framfærslu og greiðslu lána voru kr. 16.771 mánaðarlega og kr. 201.252 árlega.

Í kafla á lánsúmsókninni sem ber yfirskriftina Undirskriftir ábyrgðarmanna/veðsala og umsækjanda er eftirfarandi texti:

„Ef skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu einstaklings, ber fjármálafyrirtæki samkvæmt „Samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga“ (dags. 1. nóv 2001) að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski skriflega eftir því að það verði ekki gert. Samkvæmt samkomulaginu er þó ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000,-. Þó er hjónum eða fólki í óvígðri sambúð heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats, vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Undirritaðir hafa kynnt sér upplýsingabækling bankans um sjálfskuldarábyrgðir.“

Á umræddri lánsúmsókn hakaði sóknaraðili við að greiðslumat hefði verið framkvæmt og honum kynnt sú niðurstaða að greiðandi gæti efnt skuldbindingar sínar.

Þann 21. febrúar 2011 skrifaði sóknaraðili undir skilmálabreytingu skuldabréfs nr. X.

Þann 7. október 2013 sendi umboðsmaður skuldara varnaraðila tölvupóst og óskaði eftir að framangreind ábyrgðaryfirlýsing yrði skoðuð og rökstudd afstaða tekin til gildis hennar. Varnaraðili kvað ábyrgðina gilda þann 24. október 2013.

Sóknaraðili skaut málinu til nefndarinnar með kvörtun dagsettri 16. desember 2013.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst lausnar undan sjálfskuldarábyrgð á láni nr. X.

Sóknaraðili vísar til þess að á lánsúmsókn sé ekki hakað í reiti er varði greiðslumat. Honum hafi ekki verið kynnt neitt greiðslumat og efast hann um að greiðslumat hafi verið gert.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi gengist í hina umþrættu sjálfskuldarábyrgð með undirritun á skuldabréf útgefið þann 12. desember 2007. Við töku sjálfskuldarábyrgðarinnar hafi varnaraðila borið að fara að samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Varnaraðili vísar til þess að bankinn hafi framkvæmt mat á greiðslugetu lántaka og hafi sóknaraðila verið kynntar niðurstöður þess mats, sbr. undirritun hans á

lánsúmsókn þann 18. desember 2007. Varnaraðili telur einsýnt að með því að kynna sóknaraðila jákvæða niðurstöðu greiðslumatsins hafi varnaraðili uppfyllt skyldur sínar skv. 3. og 4. gr. fyrrnefnds samkomulags.

Varnaraðili telur að það hafi ekki komið að sök að lánsúmsókn með niðurstöðum greiðslumats hafi verið dagsett sex dögum á eftir skuldabréfinu. Það eitt og sér geti ekki leitt til ógildingar ábyrgðarinnar. Líkt og áður hafi verið nefnt þá hafi niðurstöður greiðslumatsins bent til þess að lántaki gæti efnt skuldbindingar sínar miðað við þáverandi fjárhagsstöðu enda hafi greiðslur af láni samkvæmt skuldabréfinu verið í skilum allt fram til nóvember 2013 sem styðji jákvæða niðurstöðu greiðslumatsins. Megi því leiða líkum að því að jafnvel þótt sóknaraðila hefðu verið kynntar niðurstöður matsins og hann skrifað undir niðurstöðurnar sama dag og skuldabréfið þá hefði það ekki leitt til þess að hann hefði síður ákveðið að gangast í umþrætta sjálfskuldarábyrgð.

Að teknu tilliti til framangreinds telur varnaraðili ljóst að gætt hafi verið að ákvæðum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga þegar sóknaraðili hafi gengist í hina umþrætta sjálfskuldarábyrgð. Beri af þeirri ástæðu að hafna kröfu sóknaraðila. Telur varnaraðili einsýnt af framansögðu og framlögðum gögnum að skilyrði fyrir niðurfellingu sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila séu ekki fyrir hendi.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. FF var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í málinu liggur fyrir skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“ þar sem lýst er jákvæðri niðurstöðu greiðslumats en ráðstöfunartekjur eftir framfærslu og greiðslu lána voru mánaðarlega kr. 16.771. Sóknaraðili undirritaði skjalið þann 18. desember 2007. Ljóst er að varnaraðili framkvæmdi greiðslumat í umrætt sinn og uppfyllti þannig skilyrði 3. gr. samkomulagsins að þessu leyti.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til sjálfskuldarábyrgðar er stofnað. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar.

Í 2. mgr. 4. gr. ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í málinu liggur fyrir að dagsetning umrædds skuldabréfs er 12. desember 2007. Gekkst sóknaraðili því í ábyrgðina þann dag. Sóknaraðili undirritaði skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“ með niðurstöðum greiðslumats þann 18. desember 2007. Í 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kemur fram að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina. Varnaraðili uppfyllti því ekki skyldur sínar samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga við útgáfu skuldabréfsins. Þá liggur ekkert fyrir um hvort upplýsingabæklingur um skuldaábyrgðir fylgdi þeim skjölum sem varnaraðila voru afhent til undirritunar. Kröfur sínar styður varnaraðili við að illa hafi verið staðið að lánveitingunni. Hafi honum ekki verið kynnt neitt greiðslumat og efist hann um að það hafi verið framkvæmt.

Við mat á því hvort víkja eigi ábyrgð sóknaraðila til hliðar í ljósi ofangreinds, með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa ber að líta til þess að þann 18. desember 2007 var sóknaraðila kynnt jákvæð niðurstaða greiðslumats. Hefur sóknaraðili enga tilraun gert til að útskýra hvernig dagsetning þeirrar yfirlýsingar hafi skipt máli fyrir ábyrgðarskuldbindingu hans eða haldið því fram að vilji hans hafi staðið til að gangast ekki í ábyrgð vegna niðurstöðu greiðslumatsins.

Í ljósi framangreinds verður ekki séð að orsakatengsl séu á milli dagsetningar umræddra skjala og ábyrgðarinnar sem sóknaraðili gekkst í. Í ljósi þessa verður ekki talið að forsendur séu til að ógilda ábyrgð sóknaraðila með vísan til 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, M, um lausn undan sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF, er hafnað.

Reykjavík, 28. mars 2014.

Haukur Guðmundsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Unnur Erla Jónsdóttir

Sérálit Geirs Arnars Marelssonar og Hildigunnar Hafsteinsdóttur

Ágreiningur aðila lýtur að gildi sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF.

Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga er undirritað af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna. FF var eitt þessara aðildarféлага og leiðir varnaraðili í máli þessu rétt sinn frá því félagi. FF bar að fullnægja þeim skyldum sem á honum hvíldu samkvæmt samkomulaginu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 169/2012.

Umrætt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur m.a. til þess þegar einstaklingur gengst í sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Samkvæmt 3. gr. samkomulagsins er fjármálafyrirtæki skylt að meta greiðslugetu greiðanda nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Fjármálafyrirtæki er þó ávallt skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í málinu liggur fyrir skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“ þar sem lýst er jákvæðri niðurstöðu greiðslumats en ráðstöfunartekjur eftir framfærslu og greiðslu lána voru mánaðarlega kr. 16.771. Sóknaraðili undirritaði skjalið þann 18. desember 2007. Ljóst er að varnaraðili framkvæmdi greiðslumat í umrætt sinn og uppfyllti þannig skilyrði 3. gr. samkomulagsins að þessu leyti.

Í 4. gr. samkomulagsins er fjallað um upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns áður en til sjálfskuldarábyrgðar er stofnað. Í ákvæðinu er í fyrsta lagi kveðið á um það að fjármálafyrirtækjum beri að gefa út upplýsingabækling um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar.

Í 2. mgr. 4. gr. ræðir um hvernig ábyrgðarmaður skal með undirritun sinni staðfesta að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings og staðfesta sérstaklega ef það á við að honum sé kunnugt um að ráðstafa eigi meira en helmingi lánsfjárhæðar til uppgreiðslu eldri lána. Í málinu liggur ekki fyrir að varnaraðili hafi upplýst sóknaraðila um upplýsingabækling um ábyrgðir né að sóknaraðili hafi staðfest að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings. Að þessu leyti hefur varnaraðili ekki getað sýnt fram á að uppfyllt skyldu sína að þessu leyti.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulagsins skal tryggt að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Í málinu liggur fyrir að dagsetning umrædds skuldabréfs er 12. desember 2007. Gekkst sóknaraðili því í ábyrgðina þann dag. Sóknaraðili undirritaði skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“ með niðurstöðum greiðslumats þann 18. desember 2007. Í 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga kemur fram að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina. Varnaraðili uppfyllti því ekki skyldur sínar samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga við útgáfu skuldabréfsins.

Þegar metið er hvort skortur á sönnun þess að sóknaraðili hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir áður en til ábyrgðarinnar var stofnað, eigi að leiða til þess að ábyrgð sóknaraðila verði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 þarf að meta hvort það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera samningsskilmálana fyrir sig. Í 2. mgr. greinarinnar segir að við mat samkvæmt 1. mgr. skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina

og atvika sem síðar komu til. Ljóst er að með því að afhenda sóknaraðila ekki upplýsingabækling um skuldaábyrgðir áður en hann gekkst í ábyrgðina var ekki tryggt að sóknaraðili væri að fullu upplýstur um hvað í því felst að gangast í sjálfskuldarábyrgð. Þá verður að líta til þess að sóknaraðili er einstaklingur, en varnaraðili fjármálafyrirtæki og verður að telja að varnaraðili verði að bera hallann af því að ekki liggi fyrir sönnun á því að fyrirtækið hafi virt ákvæði 1. og 2. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, þegar sóknaraðili gekkst í ábyrgðina. Það verklag varnaraðila að afla fyrst ábyrgðar sóknaraðila og kynna honum seinna upplýsingabækling um ábyrgðir var til þess fallið að sóknaraðili gengist í ábyrgðina. Þetta verklag var í brýnni andstöðu við þær skuldbindingar sem fjármálafyrirtæki, þ.m.t. varnaraðili, höfðu gengist undir með fyrrnefndu samkomulagi. Ekki liggja fyrir gögn um að sóknaraðila hafi verið gefinn kostur á að hætta við að gangast í sjálfskuldarábyrgð vegna umrædds skuldabréfs áður en hann undirritaði skjalið „Lánsúmsókn. Fylgiskjal með skuldabréfi X“ þann 14. desember 2007.

Þegar framangreind atriði og tilgangur samkomulagsins eru metin heildstætt verður að telja að fyrir hendi séu forsendur til að víkja til hliðar sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki nr. 10/2011 og 32/2012.

Í ljósi framangreinds er fallist á með sóknaraðila að ógilda sjálfskuldaábyrgð sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldaábyrgð sóknaraðila, á skuldabréfi nr. X, útgefnu af A til FF er ógild.

Reykjavík, 28. mars 2014.

Geir Arnar Marelsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir